ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 4/2007

Kinnar- og Víknafjöll ásamt

Flateyjardalsheiði austan Dalsár

ÓBYGGÐANEFND

6. júní 2008

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 5
2 MÁLSMEÐFERÐ 6
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 6
2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar 7
2.3 Lýstar kröfur og kynning 8
2.4 Mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár 8
3 KRÖFUGERÐ 11
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 11
3.2 Kröfur Ásu D. Hólmgeirsdóttur o.fl. vegna Knarrareyrar (Eyrar) 11
3.3 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Knarrareyrar 12
3.4 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Grímslands 12
3.5 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Hálsmannatungna 12
3.6 Kröfur Sigríðar Valdimarsdóttur o.fl. vegna Kambsmýra 13
3.7 Kröfur Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra 13
3.8 Kröfur Ástu Pétursdóttur vegna Naustavíkur-Vargsness 14
3.9 Kröfur Þingeyjarsveitar o.fl. vegna Austari-Króka 14
3.10 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna Garðs 15
3.11 Kröfur Benedikts Karlssonar og Friðriku Karlsdóttur vegna Ytri-Hóls 15
3.12 Kröfur Benedikts Karlssonar o.fl. vegna Syðri-Hóls 16
3.13 Kröfur Karls Björnssonar vegna Veisu 16
3.14 Kröfur Flaums ehf. vegna Veisusels 17
3.15 Kröfur Tryggva Stefánssonar vegna Hallgilsstaða 17
3.16 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna 1/2 Fornastaða og Sólvangs 18
3.17 Kröfur Fornhóla ehf. vegna Fornhóla og 1/2 Fornastaða 18
3.18 Kröfur Hermanns R. Herbertssonar og Eddu P. Olsen vegna Sigríðarstaða 19
3.19 Kröfur Láru Sólveigar Svavarsdóttur og Friðríks Steingrímssonar vegna Birkihlíðar 19
3.20 Kröfur Berglindar Bragadóttur o.fl. vegna „óskipts“ lands Landamótssels og Borgartúns 20
3.21 Kröfur Ragnhildar H. Ingólfsdóttur o.fl. vegna Landamóts 20
3.22 Kröfur Hriflubús sf. vegna Halldórsstaða 21
3.23 Kröfur Jóns Hermanns Hjaltasonar vegna Hjaltastaða, Finnsstaða og Finnsstaðadals 21
3.24 Kröfur Kristjáns Ingjalds Tryggvasonar vegna Árlands 22
3.25 Kröfur Tryggva Bergs Jónssonar og Árnýjar Garðarsdóttur vegna Fellssels og Selfells 22
3.26 Kröfur Helga Birgis Schiöth o.fl. vegna Ystafells I, Kolbrúnar Bjarnadóttur og Jónasar Jónssonar vegna Ystafells II og Ólafs Ingólfssonar vegna Hlíðar 23
3.27 Kröfur Kristínar Helgadóttur o.fl. vegna Gvendarstaða 24
3.28 Kröfur Unnar Pétursdóttur og Flosa Gunnarssonar vegna Hrafnsstaða 24
3.29 Kröfur Hálsbús ehf. vegna Háls 25
3.30 Kröfur Brynhildar Þráinsdóttur vegna Torfuness 25
3.31 Kröfur Einars Kristjánssonar o.fl. vegna „óskipts lands“ Ófeigsstaða og Rangár og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi) 26

3.32 Kröfur Átthagafélagsins Eiða ehf. og Baldvins Einarssonar vegna „óskipts lands“ Þóroddsstaðar og Engihlíðar (Þóroddsstaðartorfu) og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi) 26
3.33 Kröfur Margrétar Jónsdóttur vegna Ytri-Leikskálaár 27
3.34 Kröfur Sigurgeirs Jónssonar o.fl. vegna Ártúns, Árteigs, Granastaða I og II (Granastaðatorfu) 27
3.35 Kröfur Kára Karlssonar vegna Nípár 28
3.36 Kröfur Sigurðar Freys Sigurðssonar o.fl. vegna Bjarga 28
3.37 Kröfur Sigurðar Arnars Jónssonar vegna Draflastaðalands á Gönguskarði 29
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 30
4.1 Inngangur 30
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 30
4.3 Vettvangsferð 31
4.4 Skýrslutökur 31
5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA 32
5.1 Landnám 32
5.2 Knarrareyri og Eyrarfjall 34
5.2.1 Almenningar undir Hágöngum 37
5.3 Grímsland 38
5.4 Hálsmannatungur 41
5.5 Kambsmýrar 52
5.6 Kotamýrar 54
5.7 Náttfaravíkur (Naustavík) 61
5.7.1 Þóroddsstaður 67
5.7.2 Grenjaðarstaður 101
5.7.3 Háls 105
5.7.4 Helgastaðir 109
5.7.5 Ljósavatn 113
5.7.6 Munkaþverá 114
5.7.7 Múli 115
5.8 Vargsnes 116
5.9 Austari-Krókar 118
5.10 Garður 120
5.11 Ytri-Hóll 121
5.12 Syðri-Hóll 123
5.13 Veisa 125
5.14 Veisusel 126
5.15 Hallgilsstaðir 128
5.16 Fornastaðir (Fornhólar og Sólvangur) 130
5.17 Sigríðarstaðir 132
5.18 Birkihlíð 133
5.19 Landamótssel 134
5.20 Landamót 135
5.21 Halldórsstaðir 136
5.22 Finnsstaðir 137
5.23 Árland 141
5.24 Fellssel 141
5.25 Ystafell 143
5.26 Gvendarstaðir (Guðmundarstaðir) 145
5.27 Hrafnsstaðir (Hrappsstaðir) 147

5.28 Háls 150
5.29 Torfunes 151
5.30 Ófeigsstaðir 159
5.31 Þóroddsstaður 162
5.31.1 Tjarnahverfi eystra og vestra 176
5.32 Ytri-Leikskálaá (Ytriskál) 178
5.33 Granastaðir 181
5.34 Nípá 184
5.35 Björg 185
5.36 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði 188
5.37 Sel 189
5.38 Afréttir og afréttarnot 193
5.38.1 Fjallskilareglugerðir 193
5.38.2 Almennt 195
5.38.3 Afréttarmál einstakra jarða og landsvæða 202
6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 212
6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6 212
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar 212
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum 212
6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana 213
6.2 Landnám 217
6.3 Knarrareyri og Eyrarfjall 217
6.3.1 Inngangur 217
6.3.2 Sjónarmið aðila 217
6.3.3 Niðurstaða 220
6.4 Grímsland 223
6.4.1 Inngangur 223
6.4.2 Sjónarmið aðila 223
6.4.3 Niðurstaða 225
6.5 Hálsmannatungur 229
6.5.1 Inngangur 229
6.5.2 Sjónarmið aðila 229
6.5.3 Niðurstaða 230
6.6 Kambsmýrar 234
6.6.1 Inngangur 234
6.6.2 Sjónarmið aðila 234
6.6.3 Niðurstaða 236
6.7 Kotamýrar, Naustavík og Vargsnes 240
6.7.1 Inngangur 240
6.7.2 Sjónarmið aðila 240
6.7.3 Niðurstaða 242
6.8 Austari-Krókar, Garður, Syðri- og Ytri-Hóll, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir og Birkihlíð 247
6.8.1 Inngangur 247
6.8.2 Sjónarmið aðila 248
6.8.3 Niðurstaða 249
6.9 Kaldakinn, frá Landamótsseli norður fyrir Björg 253
6.9.1 Inngangur 253
6.9.2 Sjónarmið aðila 254
6.9.3 Niðurstaða 256

6.10 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði 262
6.10.1 Inngangur 262
6.10.2 Sjónarmið aðila 262
6.10.3 Niðurstaða 264
6.11 Tjarnahverfi á Gönguskarði 268
6.11.1 Inngangur 268
6.11.2 Sjónarmið aðila 268
6.11.3 Niðurstaða 269
6.12 Finnsstaðadalur 274
6.12.1 Inngangur 274
6.12.2 Sjónarmið aðila 274
6.12.3 Niðurstaða 275
6.13 Um málskostnað 280
7 ÚRSKURÐARORÐ 281

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 6. júní 2008 er tekið fyrir mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, varaformaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Hulda Árnadóttir og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Hálsbú ehf. vegna Háls.
Flosi Gunnarsson og Unnur Pétursdóttir vegna Hrafnsstaða.
Marteinn Sigurðsson vegna Kvíaból s.
(Friðbjörn Garðarsson hdl.)
Ólafur Ingólfsson vegna Hlíðar.
Alfreð Schiöth o.fl.vegna Yztafells I.
Sigurveig Erlingsdóttir og Kolbrún Bjarnadóttir vegna Yztafells II.
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
Ásta Pétursdóttir og fleiri vegna Bjarga.
Aðalgeir T. Stefánsson og fleiri vegna Knarrareyrar.
Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit vegna Kotamýra.
Ásta Pétursdóttir vegna Naustavíkur-Vargsness.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Þingeyjarsveit og fleiri vegna Austari-Króka.
Kristján Ingjaldur Tryggvason vegna Árlands.
Sigurgeir Jónsson vegna Árteigs.
Ártúnsbú ehf. vegna Ártúns.
Friðrik Steingrímsson og Lára Sólveig Svavarsdóttir vegna Birkihlíðar.
Arnór Benediktsson vegna Borgartúns.
Sigurður Arnar Jónsson vegna Draflastaðarlands á Gönguskarði.
Baldvin Einarsson vegna Engihlíðar.
Árný Garðarsdóttir og Tryggvi Berg Jónssonvegna Fellssels og Selfells.
Jón Hermann Hjaltason vegna Finnsstaða og Hjaltastaða.
Bergsveinn Jónsson og fleiri vegna Fornastaða, Garðs og Sólvangs.
Fornhólar ehf. vegna Fornastaða og Fornhóla.
Ártúnsbú ehf. og fleiri vegna Granastaða I.

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Ártúnsbú ehf. og Sigurgeir Jónsson vegna Granastaða II.
Þingeyjarsveit vegna Grímslands, Hálsmannatungna og Knarrareyrar.
Ásgeir Harðarson og fleiri vegna Gvendarstaða.
Hriflubú sf. vegna Halldórsstaða.
Tryggvi Stefánsson vegna Hallgilsstaða.
Kristján Valdimarsson og fleiri vegna Kambsmýra.
Karen O. Hannesdóttir og fleiri vegna Kross.
Kristbjörg Ingólfsdóttir og fleiri vegna Landamóts.
Benedikt Bragason og fleiri vegna Landamótssels.
Kári Karlsson vegna Nípár.
Einar Kristjánsson og Svanhildur Baldursdóttir vegna Ófeigsstaða.
Baldvin K. Baldvinsson og fleiri vegna Rangár.
Edda Petrína Olsen og Hermann R. Herbertsson vegna Sigríðarstaða.
Benedikt Karlsson og fleiri vegna Syðri-Hóls.
Ingibjörg Jónasdóttir og fleiri vegna Syðri-Leikskálaár.
Brynhildur Þráinsdóttir vegna Torfuness.
Karl Björnsson vegna Veisu.
Flaumur ehf. vegna Veisusels.
Benedikt Karlsson og Friðrika Karlsdóttir vegna Ytri-Hóls.
Margrét Jónsdóttir vegna Ytri Leikskálaár.
Átthagafélagið Eiður ehf. vegna Þóroddsstaðar.
(Sigurður Jónsson hrl.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Austanvert Norðurland tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 15. júní 2006, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á austanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjötta í röðinni hjá óbyggðanefnd, var að vestanverðu afmarkað af suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar. Hér skal þess getið að vesturmörkum svæðisins var breytt, að ósk fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins. Í stað þess að fylgja suðurmörkum Svalbarðsstrandarhrepps og vesturmörkum Þingeyjarsveitar er Fnjóská fylgt frá ósum þar til hún sker vesturmörk Þingeyjarsveitar. Er þeim mörkum fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl.

Að austan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að ármótum við Kreppu. Þaðan er Kreppu fylgt þar til komið er að ármótum við Kverká og hinni síðarnefndu fylgt að upptökum í Brúarjökli.[2] Þaðan er dregin lína til suðvesturs, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs. Þar er hornmark.

Framangreind afmörkun til vesturs endar í Fjórðungakvísl. Að sunnan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar til austurs í punkt við Nýjadal/Jökuldal. Þaðan eftir dalnum, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan úr austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og áfram, inn á Vatnajökul, í Bárðarbungu, hæð 2009 m, þaðan í Svíahnjúk eystri og loks í stefnu á miðja Breiðubungu, þar til kemur að hornmarki við austurmörk. Hornmark þetta kemur fram á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands, sem staðfest var 10. maí 1999, og er þar sem lína dregin frá aðalupptökum Jökulsár á Fjöllum við Dyngjujökul sker línu þá sem liggur á milli miðrar Breiðubungu og Svíahnjúka eystri. Suðurmerki svæðis 6 hjá óbyggðanefnd byggja á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína. Þetta á m.a. við um framangreint hornmark suður- og austurmerkja, en tekið skal fram að austurmerki eru hér að öðru leyti dregin nokkru austar en lína sú á korti Svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands sem áður var nefnd.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var veittur frestur til 15. september 2006 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Grýtubakkahrepps, Svalbarðsstrandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Tjörneshrepps og þeim hluta hins nýja sveitarfélags Norðurþings, sem áður tilheyrði sveitar-

[2] Svokölluð Krepputunga, austan Jökulsár á Fjöllum og vestan Kreppuár, er þannig innan svæðis 6 en hún var á sínum tíma skilin undan svæði 5 hjá óbyggðanefnd, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1998. Sjá nánar í máli nr. 1/2007.

félögunum Húsavíkurkaupstað og Kelduneshreppi, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 15. október 2006 og síðar til 1. nóvember sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á norðanverðu Austurlandi bárust 1. nóvember 2006. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 10. nóvember 2006, og síðan í fleiri blöðum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 12. febrúar 2007. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var fyrst framlengdur til 12. mars og síðan lítillega í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti og bárust síðustu kröfulýsingar í júlí 2007.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík og á Akureyri, frá 20. júní til og með 20. júlí 2007, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 27. júlí 2007. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í 5 hlutum og 6 kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 162 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

2.4 Mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun; mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareyki, mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandafljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs; mál nr. 4/2007,

Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár, og mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár.

Mál nr. 4/2007 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 26.apríl 2007. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipaði í málinu þeir Kristján Torfason formaður, Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var athygli vakin á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á jarðir á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir þessu. Einnig var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Loks var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 11. júní 2007, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til 9. ágúst 2007 til skila á greinargerðum. Formaður gat þess að athygli lögmanna hefði verið vakin á þeim svæðum þar sem engar kröfur, öndverðar við þjóðlendukröfur ríkisins, hefðu borist óbyggðanefnd. Lögmenn voru og minntir á að setja á kort þá punkta sem nefndir væru í kröfulýsingum. Af hálfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. var gerður fyrirvari vegna óskráðra skjala sem til væru samkvæmt upplýsingum frá Árnastofnun og áskildi hann sér rétt til þess að krefjast endurupptöku máls eftir að umrædd skjöl hefðu verið skráð.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2007, voru lagðar fram greinargerðir vegna fjölda jarða. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Þá voru kynntar þær breytingar að í stað Kristjáns tók Karl Axelsson varaformaður óbyggðanefndar við formennsku í þessu máli og Hulda Árnadóttir tók sæti Allans. Engar athugasemdir voru gerðar af því tilefni.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 29. ágúst 2007, voru lögð fram frekari gögn, leitast við að upplýsa málið frekar og undirbúa aðalmeðferð þess.

Aðalmeðferð fór fram dagana 24.-25. september og fólst í vettvangsferð, skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í köflum 4.3. og 4.4. um fyrstnefndu tvö atriðin. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 29. maí 2008 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3 KRÖFUGERÐ[3]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda, sbr. meðfylgjandi kröfukort: Fyrsti punktur á kröfusvæðinu er í Krossöxl, í um 500 metra hæð (1). Þaðan er fylgt um 500 metra hæðarlínu til norðurs í Hrafnstaðaöxl, við Gönguskarð (2), þaðan er haldið til norðurs að upptökum Seljadalsár (2a). Frá þeim punkti er haldið til norðurs í Sperðlagil (2b), en þaðan beina stefnu í Granastaðanípu (3). Úr þeim punkti er haldið í Skessuskál, í austanverðu Skessufjalli (4). Þaðan er farið í norður austan við Skessufjall með Skarðsá í Kotadal (5). Þaðan er fylgt 500 metra hæðarlínu til norðurs í upptök Ytri-Rauðavíkurár (6). Þaðan er haldið í austur til sjávar við Lendingarklett (7). Þaðan er fylgt sjávarborði norður og vestur að punkti á móts við Eyrarvík norðan Hágangna ytri (8). Þaðan er 500 metra hæðarlínu fylgt til suðurs að Stóruskriðu (9). Þaðan er Stóruskriðu fylgt til vesturs að Dalsá (10). Þaðan er farið í Skeiðislæk við merki Austari-Króka (11). Þaðan er farið í 500 metra hæð í Siggu og Viggu (12). Þaðan er fylgt til suðurs 500 metra hæðarlínu vestan í Siggu og Viggu, að Ytri-Uxaskarðsá (13) og þaðan áfram í 500 metra hæð til suðurs að Tungusporði í Gönguskarði að um það bil 500 metra hæðarpunkti (14). Þaðan er fylgt sömu hæð í Grænahnjúk til suðurs að Mjóadal (15). Frá Mjóadal er síðan haldið með brúnum Fornastaðafjalls til vesturs, og síðan suðurs fyrir fjallið allt til upphafspunkts í Krossöxl.

Af hálfu íslenska ríkisins er gerð sú varakrafa að miðað verði við 400 m hæðarlínur eða brúnir Austur- og Vesturheiðar vegna Grímslands, Hálsmannatungna og Kambsmýra.

3.2 Kröfur Ásu D. Hólmgeirsdóttur o.fl. vegna Knarrareyrar (Eyrar)

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Knarrareyrar teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta: Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá. Að vestan ræður Dalsá (1) alla leið til sjávar (2). Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðholu í Haugshorni (3) og þaðan beint upp á hæsta fjallhrygginn (4).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

[3] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna jarðanna Kvíabóls og Syðri Leikskálaár. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.3 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Knarrareyrar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Knarrareyrarlands innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil (1) og úr því bein stefna á fjall upp og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá (2). Að vestan ræður Dalsá (3) alla leið til sjávar. Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðholu (4) í haugshorni (5) og þaðan beint upp á hæsta fjallshrygginn (6).

Afsal, frá 4. júlí 1953, fyrir spildu úr Knarrareyri*:* „Eyrarfjall“ (7), land þetta takmarkast af „Stóruskriðu“ (8) að sunnan „Urðargili“ (9) að norðan „Dalsá“ að vestan og Háfjalli að austan (10).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.4 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Grímslands

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Grímslands innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá (1). Að vestan Dalsá (2). Að norðan ræður Stóraskriða (3), eða Stóruskriðulækur(4). Að austan er fjallsbrúnin(5).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.5 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Hálsmannatungna

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hálsmannatungum innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar:

Að norðan: Ytri-Jökulsá. Að austan: Fjallsbrún. Að sunnan: Syðri-Jökulsá. Að vestan: Dalsá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.6 Kröfur Sigríðar Valdimarsdóttur o.fl. vegna Kambsmýra

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Kambsmýra innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan ræður merkjum Skeiðislækjargil (1) ofan af fjalli og úr því bein stefna á merkivörðu á Miðhólum (2). Að vestan ræður bein lína frá nefndri merkjavörðu norður á miðjan Almannakamb (3), þá Dalsá (4) norður til Syðri-Jökulsár (5) norðan ræður Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp. Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin (6).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.7 Kröfur Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Kotamýra teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að norðan gagnvart Naustavík og Vargsnesi fylgja landamerkin Náttfaralæk frá sjó (1) upp að götum, nú vegi, (2) og þaðan beina línu syðst í Nónfjall (3) og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis upp úr Naustavík (4) og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna (5) og þaðan í hágrjót (6). Að jörðinni að vestan er Grímsland. Landamerkjum þess lýst þannig í landamerkjabréfi dags. 16.1.1885: „Að austan er fjallsbrún.“ Sunnan Grímslands taka við Hálsmannatungur og eru merki þeirra til austurs í eðlilegu framhaldi af mörkum Grímslands og Kotamýra, þ.e. fjallsbrún. Þar fyrir sunnan er jörðin Kambsmýrar. Landamerkjabréf hennar er frá 20. apríl 1885 og segir þar um austurmörk jarðarinnar: „Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Merki Kotamýra liggja samkvæmt þessu í hornpunkt sem markar syðsta punkt jarðarinnar (7). Að sunnan og austan ráða landamerki Bjarga frá 2. september 1891, en þau eru samþykkt af

Kotamýrum. Merki Kotamýra liggja þannig úr framangreindum punkti 7 allt til sjávar (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.8 Kröfur Ástu Pétursdóttur vegna Naustavíkur-Vargsness

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Naustavíkur-Vargsness teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að norðan og vestan gagnvart Knarrareyri eru merkin í Rauðholu í Haugshorni (1)og þaðan beint upp á hæsta fjallhrygginn (2). Að vestan gagnvart Grímslandi er línan dregin um hæsta fjallhrygginn (3). Að sunnan fylgja landamerkin Náttfaralæk (4) frá sjó upp að götum, nú vegi (5), og þaðan beina línu syðst í Nónfjall (6) og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis uppúr Naustavík (7) og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna (8) og þaðan í hágrjót (9).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.9 Kröfur Þingeyjarsveitar o.fl. vegna Austari-Króka

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Austari-Króka innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýrarlandi (1). Merki þar á milli er: Úr vörðu á Ytri-Miðhólum (2) austur skeið (3), beint í Skeiðslæk, þar sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja (4) og í þeim læk austur svonefndan Ytridal (5) og þaðan sömu stefnu á fjall upp. Að austan ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn (6), suður að Uxaskarði (7). Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá (8) Krókland frá Garðssellandi, unz hún rennur í Árbaugsá (9). Þá eru merkin í Árbaugsá þar til Króká (10) rennur í hana að norðan, austur frá bænum Þúfu. Frá þeim ármótum eru þau í Króká út á milli Krókabæjanna (11), og þaðan aðskilur lönd Austari-Króka og Vestari-Króka, bein stefnulína norður eftir Miðhólum (12) í vörðu þá, sem fyrr er nefnd.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.10 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna Garðs

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Garðs innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að utan milli Garðs og Austari-Króka, eru Uxaskarðsá hin ytri (1) svo og Árbaugsá (2). Merkin að neðan eða vestan eru Árbaugsá eða Þverá (3) og svo Fnjóská (4) frá Þverá til Ytri-Hólsmerkja (5). Að sunnan milli Garðs og Ytra-Hóls eru merki beint frá Fnjóská í Sandgil (6), frá því gili um reiðgötur (7), beint í merkistein (8) utan og neðan í Geithól (9), þaðan í miðjan Linghól (10), þaðan í miðjan Sjónarhól (11), þaðan rétt lína yfir Vaðmýri (12) í Hólsá (13), beint undan Vegarlág (14) í Tungusporði (15). Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá (16), svo í Gönguskarðsá (17) og Hólsá (18) fram að Ytri-Hólsmerkjum, sem áður eru talin

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.11 Kröfur Benedikts Karlssonar og Friðriku Karlsdóttur vegna Ytri-Hóls

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Ytri-Hóls innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Garðs, er beint frá Fnjóská og í Sandgil, frá því um reiðgötur í stóran stein utan og vestan við Geithól, frá þeim steini í miðjan Linghól, þaðan í miðjan Sjónarhól, þaðan beina línu og austur á miðja Vaðsmýri og á Hólsá undan vegalág. Merkin að neðan ræður Fnjóská. Merkin á milli Ytra-Hóls og Syðra-Hóls eru beint frá Fnjóská og í vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við gróf og þaðan í Snjóbolla. Landinu fyrir ofan Hólsbrún er óskift til beitar á milli jarðanna Ytra-Hóls og Syðra-Hóls, en til slægna á Ytri-Hóll Grafarmýrarnar utan á hálsinum allt fyrir utan Hafragróf og allar Selbrekkurnar fram í gegn og upp í vörður þær, sem eru á Selbrekkubrúnunum frá Hafragróf fram að öxlinni. Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar Ytri-Hóll og Syðri-Hóll bæði að austan og vestan. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og

austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls."

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.12 Kröfur Benedikts Karlssonar o.fl. vegna Syðri-Hóls

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Syðri-Hóls innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Syðra-Hóls, eru beint frá Fnjóská og á vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gröf og þaðan í Snjóbolla. Að vestan eru merkin í Fnjóská. Að sunnan eru merkin: á milli Böðvarsness og Syðrahóls ræður Fossá merkum frá Fnjóská til fjallsbrúnar. Á milli jarðanna Syðra-Hóls og Ytra-Hóls, er landi óskipt fyrir ofan Hálsbrún til beitar, en til slægna á Syðri-Hóll allar Axlarmýrarnar austur að vörðum á Selbrekkubrúnum og út að vörðum að Hafragróf.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.13 Kröfur Karls Björnssonar vegna Veisu

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Veisusels innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í svonefndum Stóralæk (1). Milli Veisu og Végeirsstaða að norðan, eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur (2). En breidd Veisuland nær frá fjallsbrún (3) ofan að Fnjóská (4).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.14 Kröfur Flaums ehf. vegna Veisusels

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Veisusels innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að utanverðu til móts við Veisu ræður Stórilækur (1) í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum (2) til Fnjóskár (3). Að vestanverðu við Fnjóská suður gegnt Miðrönd á mónum (4), þaðan til móts við Hallgilsstaði í Grundargil (5) í fjallinu beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.15 Kröfur Tryggva Stefánssonar vegna Hallgilsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Hallgilsstaða innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti, sbr. landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði frá 28. mars 1884, þinglesið 18. júní 1884, yngra landamerkjabréf sem er frá 12. desember 1922, afsal hluta lands Hallgilsstaða vegna Sólvangs, dags. 21. júlí 1946, afsal vegna hluta úr landi Veisusels dags. 15. okt. 2001.

„Eldra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“.

Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Yngra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar við Veisuselstún.

Afsalið vegna Sólvangs: Að norðan ræður suðurarmur túngirðingar Hallgilsstaða um svonefndan Grjóthól, þaðan sömu stefnu til háfjalls. Að vestan úr suðurhorni túngirðingar Hallgilsstaða suður vestan farvegar svonefnda merkjalækjar í vörðu á Markabrekku. Að sunnan ráða landamerki milli Fornastaða og Hallgilsstaða.

Afsalið vegna viðbótarlands úr Veisuseli: Að norðan eru merki Hallgilsstaða við Veisu um Stóralæk frá Fnjóská að þjóðvegi. Þaðan í miðjum þjóðvegi á móti Veisuseli og suður Háuskriðulæk og síðan eftir honum á fjall upp. Lína þessi liggur síðan með stefnu Háuskriðulæks að merkjum við Ljósavatnshrepp. Að vestan ræður

Fnjóská merkjum. Veiðiréttur í Fnjóská fylgir með í kaupum þessum. Að öðru leyti ræður eldri landamerkjalýsing jarðanna.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.16 Kröfur Bergsveins Jónssonar o.fl. vegna 1/2 Fornastaða og Sólvangs

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Fornastaða og Sólvangs innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti, sbr. landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði frá 28. mars 1884, þinglesið 18. júní 1884, yngra landamerkjabréf frá 12. desember 1922 og afsal hluta lands Hallgilsstaða vegna Sólvangs dags. 21. júlí 1946:

„Eldra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“. Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.

Yngra bréfið: Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar við Veisuselstún.

Afsalið: „Að norðan ræður suðurarmur túngirðingar Hallgilsstaða (6) um svonefndan Grjóthól (4), þaðan sömu stefnu til háfjalls (5). Að vestan úr suðurhorni túngirðingar Hallgilsstaða (3) suður vestan farvegar svonefnda merkjalækjar í vörðu á Markabrekku. Að sunnan ráða landamerki milli Fornastaða og Hallgilsstaða.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.17 Kröfur Fornhóla ehf. vegna Fornhóla og 1/2 Fornastaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Fornhóla og Fornastaða innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá (1) af

fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegum (2) til Þingmannalækjar (3). Að norðan til móts við Hallgilsstaði ræður Syðragil í fjallinu (4), þaðan bein lína eftir Marbrekkuhólum (5) vestur til Þingmannalækjar, er þá ræður merkjum að vestan til móts við Hálsland.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.18 Kröfur Hermanns R. Herbertssonar og Eddu P. Olsen vegna Sigríðarstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Sigríðarstaða innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður: Merkigil og bein lína úr því í Litlutjarnalæk yfir um stein í Mýrinni. Að sunnan ræður: Litlutjarnalækur, sem út-frá kallast Kambsá og svo bein lína, sem hugsast dregin frá vörðu á Móhorni (1) austur í mitt Sandberg í Kambsstaðalandi (2) og er lína þessi nú afmörkuð með vörðum, svo ræður Þingmannalækur (3). Að vestan ræður: Merkjárgil (4) og lína sem hugsast dregin í Svertsholtsenda (5) og verður hlaðin þar varða er gamla varðan stóð. Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall (6). Sbr. einnig landamerkjabréf dags. 4. ágúst 1935.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.19 Kröfur Láru Sólveigar Svavarsdóttur og Friðríks Steingrímssonar vegna Birkihlíðar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Birkihlíðar innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðanræður norðurarmur girðingar um Litlu-Sigríðarstaði (1) og beint framhald af henni upp í merki jarðarinnar að austan. Á áðurnefndum girðingararmi að norðan, liggja merkin beina línu í vörðu 40 m norðan við vesturenda Fletjugarðs (2). Að vestan er bein lína úr áðurnefndri vörðu í Síkisós (4) og þaðan bein lína austarlega í berg við Kambá (5). Að sunnan: Úr Merkigili (6) í stóran einstakan stein í Mýrinni (7) og bein stefna í Litlutjarnarlæk (8). Sbr. einnig sátt um landamerki milli Kambsstaða og Birkihlíðar dags. 21. nóvember 1968.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.20 Kröfur Berglindar Bragadóttur o.fl. vegna „óskipts“ lands Landamótssels og Borgartúns

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Landamótsseli og Borgartúni innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður merkjum varða, sem stendur niður við braut þá, sem liggur suður neðan vert við holtarætur (1), frá nefndri vörðu, beina stefnu í vörðu, sem stendur í brekkuröðinni sunnanvert við þriðju lág frá Stekkjarlæk (10), og þaðan stefnu í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl (9). Að austan eru merkin frá fyrstnefndri vörðu suður meðfram nefndri braut, stefnu í vörðu sem stendur yzt í Stakholti (2). Þaðan ræður bein stefna í vörðu sem stendur við lækinn Gegni (3), sem ber sunnan vert við bæinn Hryflu. Þaðan ræður Gegnir (4) merkjum suður í Djúpá (5). Að sunnan ræður Djúpá merkjum í Kíl (6), sem er norðvestur af tóptarbroti er stendur ofarlega á Haganum, sunnan Djúpár, frá nefndum Kíl beina stefnu neðst í Merkilæk (7) og eftir honum eru merkin í Merkigróf í Krossöxl og þaðan upp á háfjall (8). Að vestan ráða hágrjót merkjum (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.21 Kröfur Ragnhildar H. Ingólfsdóttur o.fl. vegna Landamóts

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Landamótum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður Rauðilækur (1) frá fjallsbrún til Gegnis (2). Að austan ræður Gegnir merkjum frá Rauðalæk til vörðu, sem stendur í Lækjarbakkanum, sem ber sunnan við bæinn Hryflu (3). Að sunnan, frá nefndri vörðu, beint í vestur í vörðu, sem stendur neðst á Stakholti (4-5). Að vestan frá Stakholtsvörðu (4-5), með holtarótum (6) norður til vörðu sem stendur neðan við holt, sem er sunnan við þriðju lág frá Stekkjarlæk (7) (og vörðu) norðan á Krossöxl (8). Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall (8).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.22 Kröfur Hriflubús sf. vegna Halldórsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Halldórsstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan eru merkin í Gegni (1) út að Merkihól (2), þaðan ráða vörður upp fellið (3), beina stefnu í Merkivörðu (5), þaðan ráða vörður út fellið, hæst út að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða (6). Að norðan eru merkin úr Hornvörðu, eftir vörðunni ofan fellið að vestan, þá taka við vörður ofan mýrina (7) og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna (8) meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri (9) og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás (10) og þar vestur á grjót (11). Að sunnan eru merkin í Rauðalæk (12), neðan frá Gegnir og upp að því, sem hann skiftir sér, og þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur upp á fjallsbrúninni og síðan sjónhending á grjót upp. „Jörðin Halldórsstaðir eiga 1/6 - einn sjötta - part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.23 Kröfur Jóns Hermanns Hjaltasonar vegna Hjaltastaða, Finnsstaða og Finnsstaðadals

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu“ landi Hjaltastaða og Finnsstaða og á „sameiginlegu“ landi á Finnsstaðadal innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður Kinnarfell (1) merkjum þar sem það er hæst suður að vörðu þeirri sem nefnist Hornvarða (2). Að sunnan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan fjallið (3), þá taka við vörður ofan mýrina (4), og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna, meðfram lækjarsprænu (5), sem nær upp að Grásteinsmýri (6), og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás (7) og þar vestur á grjót (8). Að norðan eru merkin í vörðum, sem standa vestan í Kinnarfelli (9) allt ofan að svonefndum Merkihól (10), þaðan ræður garður (11) yfir mýrina ofan í Bollastaðaá (12), þá ræður hún upp fyrir brún á vestur fjallinu (13) og allt þangað til hún liggur í suður, þar sem heitir

Bræðradalur (14) og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals (15). Jörðinni fylgir ennfremur afréttarlandið Finnsstaðadalur (16) að 5/6 hlutum. Takmörk hans eru að sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá (17) að innan, en norðan við ána gil (18) nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.24 Kröfur Kristjáns Ingjalds Tryggvasonar vegna Árlands

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Árlandi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ræður Skjálfandafljót (1) merkjum og sú meginkvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl. Að sunnan austan í Kinnafelli (2) milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur (3) og Umsvalagarður (4) er liggur upp með honum upp að upptökum læksins, þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól (5). Þaðan ræður garðurinn yfir í mýrina ofan í Bollastaðaá (6); Merkihól. Þá ræður hún upp á brún á vesturfjallinu (7), og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur (8) og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal (9). Að norðan og austan í Kinnafelli, ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg, þaðan yfir fellið og niður að Rangá (10). Vestan við Rangá skiptir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst í Heyvallarfit; ofan við fitina ráða vörður (11) upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallargróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp Skollhóla (12) og vestur á háfjall (13). Sbr. einnig afsal frá 5. júlí 1956

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.25 Kröfur Tryggva Bergs Jónssonar og Árnýjar Garðarsdóttur vegna Fellssels og Selfells

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Fellsseli og Selfelli innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi

uppdrætti: Að austan ræður Skjálfandafljót (1) merkjum og sú meginkvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl (2). Að sunnan austan í Kinnafelli (3) milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur og Umsvalagarður er liggur upp með honum upp að upptökum læksins, þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól. Þaðan ræður garðurinn yfir í mýrina ofan í Bollastaðaá; Merkihól. Þá ræður hún upp á brún á vesturfjallinu (4), og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur og taka þá við vörður upp á grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal. Að norðan og austan í Kinnafelli, ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg (5), þaðan yfir fellið og niður að Rangá (6). Vestan við Rangá skiptir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst í Heyvallarfit (7); ofan við fitina ráða vörður (8) upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallargróf (9). Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp Skollhóla (12) og vestur á háfjall (13).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.26 Kröfur Helga Birgis Schiöth o.fl. vegna Ystafells I, Kolbrúnar Bjarnadóttur og Jónasar Jónssonar vegna Ystafells II og Ólafs Ingólfssonar vegna Hlíðar

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Ystafelli I og II og Hlíð innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Ystafell I og II: Frá Rangá (1) til vesturs eftir vörðum upp fjallsrætur beint í krók (2) á Heyvallargróf, úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún (3), þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall (4). Þaðan eftir vatnaskilum gagnvart Finnsstaðadal norður á Vesturfjall í merkjapunkt (5) Ystafells og Hlíðar. Úr honum eftir vörðum norðanvert við Botnamýri í Botnakíl (6) og þaðan eftir Gljúfurá niður í Rangá (7).

Hlíð: Frá Rangá (8) í beinni línu vestur á fjallsbrún (9), og áfram vestur eftir merkjavörðum upp Guðmundarstaðahóla og upp á svonefnt Vesturfjall (10) þar sem komið er í vatnaskil gagnvart Finnsstaðadal. Úr þeim punkti suður eftir vatnaskilum í punkt (5) á mörkum Yztafells. Úr honum eftir vörðum norðanvert við Botnamýri í Botnakíl (6) og þaðan eftir Gljúfurá niður í Rangá (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.27 Kröfur Kristínar Helgadóttur o.fl. vegna Gvendarstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Gvendarstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að austan ráða merkjum milli Hóls og Guðmundarstaða reiðgötur (1) þær, er liggja neðarlega í Kinnarfelli (2) skammt ofan við Rangá (3). Að sunnan skiptir gamall garður (4) löndum fjallinu milli Yztafells og Guðmundarstaða neðan frá Rangá og upp á fjallsbrún (5), þar fyrir vestan ráða merkjavörður (6) upp Guðmundarstaðahól (7) og upp á svonefnt Vesturfjall (8). Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls (9). Að norðan skiftir löndum lækur sá eða gil (10), er liggur ofan fjallið norðan við Guðmundarstaðatungu (11), er lækur sá merkilækur milli Guðmundarstaða og Hrappsstaða, allt neðan frá Rangá og vestur á Selás (12) ofan við Guðmundarstaðamýrar (13), suður frá Hrappstaðaöxl (14). Frá Selás og upp á Vesturfjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.28 Kröfur Unnar Pétursdóttur og Flosa Gunnarssonar vegna Hrafnsstaða

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hrafnsstöðum innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan í gróf þá er liggur af fjalli ofan í ytri Guðmundarstaðaá (1) þaðan ræður áin á móts við garðinn, þaðan réttlínis í garð sem liggur austur frá Rangá (2) og upp í Fell hinum megin við Reiðgötur (3) þaðan réttlínis vestan við miðjan Hálsmel (4) í garð þann sem liggur úr Hrappsstaðavallargarði að utan verðu (5) og ræður garður þessi merkjum milli Hóls og Hrappsstaða. Ræður síðan garðurinn merkjum til fjalls á meðan endist (6) frá garðenda í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) (7) og eftir ánni þar til lækur fellur í hana fyrir neðan Hálssel (8) þaðan réttlínis í hól þann sem stendur við eystra Tjarnarhverfi (9) þaðan óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnanverðu allt í hóla í miðju Gönguskarði (10) og þaðan upp á fjallið og þaðan liggja merkin á móti Finnsstaðadal og Gvendarstöðum á vatnaskilum og ofan í gróf og þaðan í ytri Gvendarstaðaá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.29 Kröfur Hálsbús ehf. vegna Háls

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Hálsi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Grandakíl (1) um merkigarð og merkivörður til Skollahnjúks (2) þaðan áfram sömu stefnu þar til komið er á móts við skriðu í Gönguskarði fyrir vestan Hálssel (3) þaðan í Skriðuna (4) og í stefnu hennar til Gönguskarðsár (4) síðan ræður áin merkjum þar til komið er á móts við Hrappsstaðasel (5) og þaðan yfir Hrappstaðasel í krók á gróf fyrir norðan Garðshornstún (6) þaðan ráða vörður í merkigarð og eftir garðinum í réttri stefnu til Grandakíls (7).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.30 Kröfur Brynhildar Þráinsdóttur vegna Torfuness

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Torfunesi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan nálægt miðsvegar milli Ófeigsstaða, hjáleigu frá Þóroddsstað, og Torfuness, ræður gamall merkjagarður (5) ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá (4), í svonefndan Ófeigsstaðakíl (3), er svo ræður merkjum eins og hann liggur austur eftir Fætinum (6) að vesturendanum á svo nefndum Ófeigsstaðamerkigarði (2) er skilur lönd á milli Hóls í Kinn og Ófeigsstaða austur við Skjálfandafljót (1). Frá austurenda garðs þessa liggur kílfar, sem enn er kallað gamli Rangárfarvegur (7) suðvestur eftir Fætinum og skilur hann lönd að sunnan milli Hóls og Torfuness þar til sá garður kemur í hann að ofan frá Rangá, sem liggur á móti þeim landamerkjagarði, er kemur ofan úr fjallinu vestan Rangár og skilur land á milli Hóls (á trúlega að vera Háls) og Torfuness (8) upp á fjallsbrún. Þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áður nefndu merkjagörðum yfir Seljadal (10) þveran upp á brúnir vesturfjalla (9).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda.

Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.31 Kröfur Einars Kristjánssonar o.fl. vegna „óskipts lands“ Ófeigsstaða og Rangár og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi)

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu landi“ Ófeigsstaða og Rangár auk „sameignarlands“ með Þóroddsstað á Seljadal og Gönguskarði innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að sunnan frá Skjálfandafljóti (1) ræður Merkjagarður milli Hóls og Ófeigsstaða (2) vestur í Ófeigsstaðakíl (3), ræður hann svo norðvestur Fótinn (4) uns komið er gegnt Torfunessmerkjum (5). Greina þar löndin merkjavörður vestur til Rángár (6) í garð vestan árinnar, er síðan ræður merkjum á fjallsbrún (7). Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal (8) þveran upp á há brúnir Vesturfjalla (9). Á Seljadal vestan ár eiga Ófeigsstaðir 1/3 hluta lands milli merkja Torfuness og Syðri Leikskálaá og er sú spilda syðst afmörkuð af vörðum (10). Að austan ræður Skjálfandafljót, syðst meginfljótið en síðan austurkvísl, austan að Staðarbakka (11). Að norðan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka og þaðan eftir vírgirðingu yfir Fótinn (12) í vörðu við brekkurætur (13), þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá. „Sameignarland“ Ófeigsstaða, Rangár og Þóroddsstaðatorfu á Gönguskarði (14).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.32 Kröfur Átthagafélagsins Eiða ehf. og Baldvins Einarssonar vegna „óskipts lands“ Þóroddsstaðar og Engihlíðar (Þóroddsstaðartorfu) og „sameignarlands“ á Gönguskarði (Tjarnahverfi)

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu landi“ Engilhlíðar og Þóroddsstaðar auk „sameignarlands“ með Ófeigsstöðum og Rangá á Seljadal og Gönguskarði innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Að norðan eru merkin í vörðu sem stendur á bakkanum vestan Skjálfandafljóts (1), þaðan stefna syðst í Augnakíl (2) og eftir vörðum upp fjallið vestur í Seljadalsá(3). Þá ræður nefnd á merkjum unz komið er gegnt Sandskarðsgróf (4), en hún ræður merkjum milli Þóroddsstaða að norðan og Syðri-Leikskálaár alla leið vestur í Sperðlagil (5). Að vestan ráða merkjum hágrjótin vestan Seljadals (6), unz landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á

merkjum vísa til. Að austan ræður Skjálfandafljót (7), meginfljótið nyrzt að Staðarbakka (8), þá í miðja kvísl austan Staðarbakka (9) að Ófeigsstaðamerkjum í Bakkanum (10). Að sunnan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka þveran, þaðan í vörðu á Vesturbakka Skjálfandafljóts (11), sem stendur við vírgirðingu (12) þá, sem nú ræður merkjum yfir „Fót“ (13). Þá beint í vörðu sem stendur í holtarótum ofan við mýrina vestan Rangár (14). Þaðan eftir vörðum þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinnar tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Er landareign Þóroddsstaða á þessu svæði nyrðri hlutinn aðgreindur með merkjavörðum (15).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.33 Kröfur Margrétar Jónsdóttur vegna Ytri-Leikskálaár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Ytri-Leikskálaá innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Á milli Granastaða og Ytri-Leikskálaá ræður svokölluð merkiklöpp (1) sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina og úr henni bein stefna vestur í Trantadali í Landheiðarbrún (2) og síðan í Stakhól á Hrossahjalla (3). Úr Stakhól ræður hin sama stefna suðvestur í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls (4). Til austurs úr Merkiklöpp, ræður skurður í Mýrinni (5) að Kýl þeim er fellur út mýrina í Granastaða kvísl (6). Milli Ytri-Leikskálaár og Syðri-Leikskálaár, ræður hin sama stefna í austur í vörðu sem hlaðin er [...] á grundinni fyrir norðan Skálará (7) og þaðan sama stefna suður í áðurnefnda á. Síðan ræður Skálará (8) merkjum suðvestur að Sperlagili (9) og loks Sperlagil á grjót upp (10).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.34 Kröfur Sigurgeirs Jónssonar o.fl. vegna Ártúns, Árteigs, Granastaða I og II (Granastaðatorfu)

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á „óskiptu landi“ landi Ártúns, Árteigs, Granastaða I og II (Granastaðatorfu) innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðanverðu

ræður merkjum í fjallinu móts við Nípárland Níparáin (1) þar til hún fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn Nípá (2). Þaðan ræður bein stefna í hásuður úr fossi neðst í nefndum gljúfrum (3) í utanverða Kiðey í Skjálfandafljóti (4). Að sunnan móti Ytrileikskálaá ræður Merkiklöpp (5), sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina (6), og úr henni bein stefna til suðvesturs í Trantadali (7) í Sandheiðarbrún (8) og svo í Stakhól(9) á Hrossahjalla (10). Úr Stakhól ræður enn sama stefna suðvestur í fjallgarð (11), svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. Til austurs úr Merkiklöpp ræður skurður í mýrinni (12) að kíl (13) þeim, sem fellur út mýrina í Granastaðakíl (14). Ræður kíllinn merkjum að austan móti Syðrileikskálaá út að gömlum garði (15), sem liggur frá kílnum beint til fljóts skammt sunnan við svokallaða Sandá (16). Svo ræður mitt Skjálfandafljót (17) út til áðurgreindra ummerkja. Að vestan ráða Kinnarfjöll (18).

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.35 Kröfur Kára Karlssonar vegna Nípár

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á landi Nípár innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Að norðan ræður Kallsárgil (1) í Gljúfrum (2), úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá (3) þá ræður Nýpá til Fljóts. Að austan ræður Skjálfandafljót (4). Að sunnan ræður merkjum, í fjallinu móts við Granastaðaland (5), Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum (handritað: sunnan við bæinn á Nýpsá, þaðan ræður bein stefna í háaustur úr fossi neðst í nefndum gljúfrum (6)), í utanverða Kiðey (7) í Skjálfandafljóti. Að vestan ræður Purká (8) merkjum

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.36 Kröfur Sigurðar Freys Sigurðssonar o.fl. vegna Bjarga

Þær kröfur eru gerðar að hafnað verði kröfu íslenska ríkisins þess efnis, að hluti lands Kotamýra teljist til þjóðlendu og jafnframt er krafist viðurkenningar á eignarrétti aðila innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta: Að sunnan ræður Kallsárgil (1-2) á gljúfrum, úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nýpá (3); þá ræður Nýpá til

Fljóts (4); að austan ræður mitt Skjálfandafljót; á sjávarsandi er rekamerki (5) þar sem fyrst sér Sellandafjall undan Garðsnúp. Að norðan ræður sjór frá rekamerki að Litlafjörubjargi (6) þá beint í vestur norðan að Litlufjörutorfu (7) til háeygjar (8); þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svíná (9) við ytri endann á Sjómannaklauf (10); að vestan ræður Svíná frá Sjómannaklauf til Jökuls (11) – tilheyrir Björgum allt land innan þessara merkja.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.37 Kröfur Sigurðar Arnars Jónssonar vegna Draflastaðalands á Gönguskarði

Gerð er sú aðalkrafa að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt aðila á Draflastaðalandi innan eftirtalinna merkja með vísan til meðfylgjandi uppdráttar: Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin. Merkin að vestan eru: a. að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-50 ásamt undirskjölum eða samtals 714 skjöl, auk 18 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins í þokkalegu skyggni 24. september 2007, í fylgd með lögmönnum, tilteknum málsaðilum og Hjörleifi Guttormssyni náttúrufræðingi, sem annaðist leiðsögn ásamt heimamönnum.

Haldið var af stað frá Akureyri að morgni en til stóð að skoða kröfusvæði á Flateyjardalsheiði sem liggur bæði í máli 4 og 5/2007. Ekið var að Þverá í Dalsmynni og síðan upp á Flateyjardalsheiði, veg nr. F899. Staðnæmst var hjá Kambsmýrum en þaðan sást til Höfðagils (syðra) og Þvergils. Áfram var haldið og næst numið staðar við Véskvíar hjá Finnbogakambi. Ekið var áfram út Flateyjardalsheiði en skyggni var lítið og lágskýjað þegar komið var á kröfusvæðið vegna Eyvindarár og Knarrareyrar. Þegar utar kom sást í Hágöng ytri og Eyrarfjall að austan. Um hádegisbil var komið að Brettingsstöðum. Mjög var lágskýjað og sást illa í 500 m hæð, en við þá hæðarlínu var kröfulína íslenska ríkisins miðuð. Síðan var sama leið ekin til baka.

Komið var aftur að Þverá og síðan ekið um Dalsmynni og Ljósavatnsskarð út í Kinnina. Ekið var að Yztafelli og síðan upp á Kinnarfell, og horft vestur yfir Kinnarfjöllin. Þaðan sást í Hrafnsstaðaöxl, en sunnan undir henni er Gönguskarð og sunnan þess er Finnsstaðadalur. Þá var ekið ofar í Kinnarfellið, þaðan sem sjá mátti í Skollahnjúk og fleiri kennileiti. Síðan var ekið niður af fellinu út á veg (Kinnarþjóðveg) og í Út-Kinn. Næst var farið að Árteigi og síðan eftir svokölluðum rafstöðvarvegi sem liggur upp Granastaðafjall. Farið var upp í u.þ.b. 320 m hæð yfir sjávarmáli. Þar sást í Granastaðanípu og Skessuskálarfjall. Síðan var ekið niður fjallið aftur og áfram út Kinnina að Björgum. Ekið var út í fjöru þar sem sést í Hágöng Ytri og yfir að Vargsnesi og Naustavík. Síðan var sama leið farin til baka og vettvangsferð lauk um kvöldmatarleytið.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur A. Hólmgeirsson, einn eigenda Knarrareyrar; Hlöðver Pétur Hlöðversson, einn eigenda Bjarga; Sigurgeir Jónsson, eigandi hluta Granastaðatorfunnar; Kristján Ingjaldur Tryggvason, einn eigenda Árlands; Bergsveinn Jónsson, einn eigenda Sólvangs og Garðs; Þórólfur Kristjánsson, einn eigenda Kambsmýra; Tryggvi Stefánsson, Hallgilsstöðum og Þorvaldur Pálsson, ábúandi Fitja á Granastaðatorfu og leigutaki Ytri-Leikskálaár.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt efnisþáttum og síðan tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.[4]

5.1 Landnám

Ýmsir vilja telja Náttfara í Náttfaravík fyrsta landnámsmanninn á Íslandi, en Landnámugerðum ber ekki saman um frásagnir af honum, og raunar eru tvær frásagnir í Sturlubókargerðinni. Náttfari er sagður hafa verið á skipi með Garðari Svavarssyni. Segir Sturlubók fyrst af vist Garðars á Húsavík og eftirveru Náttfara á þessa leið:

> Hann [Garðar] var um vetrinn norðr í Húsavík á Skjálfanda ok gerði þar hús. Um várit, er hann var búinn til hafs, sleit frá honum mann á báti, er hét Náttfari, ok þræl ok ambátt. Hann byggði þar síðan, er heitir Náttfaravík.[5]

Hauksbókartextinn er svohljóðandi:

> Hann [Garðar] kom á fjörð þann, er hann kallaði Skjálfanda; þar skutu þeir báti ok gekk á Náttfari þræll hans; þá slitnaði festrin, ok kom hann í Náttfaravík fyrir útan Skuggabjörg. En Garðarr kom öðrum megin fjarðarins ok var þar um vetrinn; því kallaði hann þar Húsavík. Náttfari var eptir með þræl sinn ok ambátt; því heitir þar Náttfaravík.[6]

Nafnið Skuggabjörg þekkist nú ekki, en mun eiga við kletta sunnan við Náttfaravík.[7]

Í umfjöllun Sturlubókar um landnám í Þingeyjarþingi er síðan þetta:

> Eyvindur kom í Húsavík skipi sínu ok nam Reykjadal upp frá Vestmannsvatni; hann bjó at Helgastöðum er þar heygðr. Náttfari, er með Garðari hafði út farit, eignaði sér áðr Reykjadal ok hafði merkt á viðum, en Eyvindr rak hann á braut ok lét hann hafa Náttfaravík. [8]

Jakob Benediktsson segir þessa frásögn einnig vera í Reykdæla sögu, en þar sé stuðst við forna Landnámugerð, eldri en Sturlubók, og vísar til bókar Jóns Jóhannessonar, „Gerðir Landnámabókar“.[9]

---

[4]Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 46. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.
[5] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 36.
[6] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 35.
[7] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 35.
[8] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 276.
[9] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 277.

Hauksbók Landnámu getur um brottrekstur Náttfara úr Reykjadal, en nefnir ekki, að hann hafi fengið Náttfaravík eftir það.[10]

Velta má vöngum yfir, hvort ítaksréttur Helgastaða, Grenjaðarstaðar og Múla í Náttfaravíkum sé í einhverjum tengslum við hrakning Náttfara úr Reykjadal í víkurnar, því að Eyvindur hinn áðurnefndi bjó á Helgastöðum, Áskell sonur hans var tengdasonur Grenjaðar Hrappssonar landnámsmanns á Grenjaðarstöðum og Hávarður Fjörleifarson í Fellsmúla (síðar Múla) var dóttursonur Eyvindar.[11] Þ.e.a.s. ef sagnir og ættfærslur Landnámabókar eru teknar gildar.

Landnáma segir Þóri snepil Ketilsson brimils landnámsmann í Köldukinn. Eru Sturlubók og Hauksbók nær orðrétt samhljóða um landnámið,[12] en hér er tekinn texti Sturlubókar:

> Þórir nam Kaldakinn á milli Skuggabjarga ok Ljósavatsskarðs; hann nam þar eigi ynði og fór á braut; þá kvað hann þetta:
>
> Hér liggr, kjóla keyrir,/ Kaldakinn of aldr,/ en vit förum heilir,/ Hjalmun-Gautr, á braut.

Þorfinnur máni nam land fyrir neðan Eyjardalsá í Bárðardal og til Landamóts:

> Þorfiðr máni hét maðr, son Áskels torfa; hann nam land fyrir neðan Eyjardalsá til Landamóts ok sumt um Ljósavatnsskarð ok bjó at Öxará.[13]

Sturlubók Landnámu getur landnámsmannsins Þóris Grímssonar gráfeldarmúla, sem numið hafi land um Ljósavatnsskarð. Þetta telur Jakob Benediktsson rangt, Þorfinnur máni hafi einn numið land í Ljósavatnsskarði, en greinin um Þóri hafi verið sett inn á rangan stað í Sturlubók.[14]

Þórir snepill áðurnefndur fór úr Köldukinn í Fnjóskadal eða eins og Sturlubók segir:

> Þórir nam síðan Hnjóskadal allan til Ódeilu ok bjó at Lundi; hann blótaði lundinn.[15]

Orðamunur er í Hauksbók en ekki efnis.[16]

Sturlubók og Hauksbók nefna báðar Loðin öngul, sem fór til Íslands fyrir ofríki Hákonar jarls Grjótgarðssonar og dó í hafi:

> … en Eyvindr son hans nam Flateyjardal upp til Gunnsteina ok blótaði þá. Þar liggr Ódeila á milli ok landnáms Þóris snepils.[17]

---

[10] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 277.
[11] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 274, 276-278, sbr. XVIII. og XIX. ættskrá.
[12] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 270, 271.
[13] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 274.
[14] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 275.
[15] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 270.
[16] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 271.
[17] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 273.

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir ekki vafa á, að Ódeila hafi verið á vatnaskilum sunnan Kambsmýra og Flateyjardalur þá verið talinn svo sem vötn falla norður, en heiðin aðeins hið hæsta milli Króka og Kambsmýra.[18] Og í bókinni „Í strandbyggðum norðan lands og vestan“ segir Valgarður Egilsson:

> Utan við Króka [þ.e. Austarikróka] eru miklir malarhólar í miðjum dal, gamlar ísaldarmenjar, en breið lægðasund með hlíðum beggja vegna. Og nú fer að nálgast vatnaskil norður á Heiðinni. Þar eru víðlendir flatir móar og grundir, kallast þar skeiðið. ... En á Skeiðinu hlýtur að hafa verið Ódeila sú, sem nefnd er í Landnámu enda vita lækir stundum ekki hvort þeir ætla inn til Eyjafjarðar eða út til Skjálfanda.[19]

5.2 Knarrareyri og Eyrarfjall

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar var tekin á tímabilinu 1461-1510. Þar kemur fram um Draflastaði:

> lukti magnus benedictsson kirkjune a draflastodum jordena eyri er liggur j flateyiardaal med ollum rekum firir vtan land þeim sem henni fylgia fyrir. xxx. hundrada og þar til. x. kugillde malnytu ...[20]

Fram kemur í vísitasíum Draflastaðakirkju frá árunum 1687, 1715 og 1748 að kirkjan eigi Eyri á Flateyjardal.[21] Hið sama segir vísitasía kirkjunnar frá 1828 en þar kemur einnig fram að kirkjan eigi allan reka fyrir Eyrarlandi.[22]

Samkvæmt reikningsskap nývígðrar Draflastaðakirkju 26. september 1538, sem var vottaður 2. mars 1540, átti kirkjan jörðina Eyri á Flateyjardal sem var reiknuð 30 hundruð.[23] Hið sama kemur fram í reikningum bændakirkna í Hólabiskupsdæmi 1569.[24]

Fram kemur í vísitasíu Draflastaðakirkju 25. ágúst 1760:

> Hvad Vidvykur Eignum Kyrkiunnar eru þær somu sem fyrre biskupa Visitatiur tiltaka, ad þvi undanteknu, sem Olafs biskups Rognvaldssonar Maldage Eignar kyrkiunne nl. 30 hndr. i heimalande (fyrer utan Jardernar Vegeyrsstade 20 hndr. og Eyre a Flateyardal 10 hndr. ad dyrleika). Greindar Jarder Vegeyrsstade og Eyre alytur herra biskupenn sem bigdar ad fornu ur heimalande, og hid sama sem þau 30 hndr. i heimalande þejr gömlu máldagar kyrkiune ánafna, Þar 1. Þeirra Evangelsku biskupa Visitatiur segia ei

[18] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 273. Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 111.
[19] Árbók Ferðafélags Íslands 2000. Valgarður Egilsson: Í strandbyggðum norðan lands og vestan, bls. 204.
[20] Skjal nr. 2 (201).
[21] Skjöl nr. 2 (148) a-b, (158) a-b og 2 (165) a-b.
[22] Skjal nr. 2 (172) a-b.
[23] Skjal nr. 2 (223).
[24] Skjal nr. 2 (235).

Contrarium, nema ef heita skal þad sem Sal. biskup Haldor i sinni Visitation 1748 umgetur refererande sig þo einasta til Olafs Rognvaldssonar máldaga. 2. Hefur Heimajorden Drablastader med Grimsgerde ætyd tyundast sem bondaeign fyrer 60 hndr. hvad medal annars af þessa herads Syslumanns Seigneur Jons Benedictssonar Jardabook under hans hende og Signete bevisast, hvör hann i Paategning Vottar sie Conforme odrum 2ur Jardabookum, er Velnefndur Sysslumann under höndum hafe af 1695 og 1718. 3° Vottar herra Biskupen, sem nu er Proprietarius þessarar kyrkiu Vegna konu sinnar, med skilrykum Documenter sig bevisa kunna, ad Heimagarduren Draflastader Med Grimsgerde hafe i Arf efter biskup Sal. Einar reiknud Vered Syne hans Sal. Sigurde fyrer 60 hndr. hvad ei munde giört hafa vered, hefde Menn þá þeckt ad Kyrkian ætte 30 hndr. i Heyma lande fyrer utan Vegeyrsstade og Eyre. Á sama hátt hefur hefur herra biskupenum reiknad vered i Mund konu sinnar Drabla stade fyrer 60 hndr. Altsaa uppastendur hann heima Jordena Drablastade Med afbylenu Grimsgerde vera sitt og sinna en ei Kyrkiunnar Gots, enn Eyre og Vegeyrsstade Kyrkiueign til samans 30 hndr. ...[25]

Í lýsingu Þönglabakka- og Flateyjarsókna árið 1839 segir prestur um Eyri:

Jörð þessari tilheyrir mikið og víðlent beitiland til fjalls, ... Rekaland mikið undir þeim hryllilegu Hágöngum. Kemur því að litlum notum sökum mannhættu og örðugleika að koma honum heim eða bjarga honum undan sjó og aldrei er á reka þessa farið nema sjóleiðis. Jarðar ábúandi hefur selanótlögur fyrir landi.[26]

Í vísitasíu Draflastaða frá 1892 kemur fram:

Kirkjunni tilheyra auk þess sem hún á í heimalandi; Kirkjujarðirnar. … og Knarareyri á Flateyjardal … og er landamerkjalýsing fyrir þessum eignum samin og þinglesin.[27]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 hefur m.a. þetta um Eyri:

Engjar eru mjög litlar nálægt bænum, en nokkrar framm á dalnum, og er þángað mjög erfitt og ilt að sækja tvívegis og þrívegis yfir Dalsá, því annað verður ei komist fyrir ógöngu klettum. Úthagarnir eru litlir og hrjóstrugir heim um sig, en góðir og miklir framm á dalnum, en þeirra verður ei notið fyrir ógönguklettum, nema selför sje brúkuð.[28]

Síðar segir sama Jarðabók um Víðivelli í Fnjóskadal:

Víðivallaengi kallast lítill landspartur utarlega á Flateyjardalsheiði austantil við ána, sem þessi jörð á. Þar er lítill heyskapur, sem ekki verður brúkaður

[25] Skjal nr. 2 (169) a-b.
[26] Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 72.
[27] Skjal nr. 2 (179) a-b.
[28] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 68.

fyrir fjarlægðar sakir, og hafa ábúendur því ljeð hann stundum fyrir x álna virði.[29]

Eyri sem var Draflastaðakirkjujörð er sögð 10 hundruð í jarðamatinu 1804. [30]

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um sömu jörð:

Eyri nú talin 10 hndr. ad dýrleika. ... Eingi lítid og láng sókt ... Landid er mikid ad vidáttu i beztalagi til þrifa, en sídur til mjólkur. – Dálítil hlunnindi má telja af geldfjárupprekstri. – Til ókosta er talid: gripagánga litil og lángsókt; ... Þess má geta ad i landi jardar þessarar liggur litill partur millum svonefndra Vídivalla-gilja er tilheyrir jördinni Vidivöllum. ...[31]

Vikið er að eignarhlut Víðivalla í Eyrarlandi í jarðamati 1849-1850:

N° 52 Víduvellir talid 15 hndr. ad dýrleika ... Jörd þessari tilheyrir litill landspartur, i jardarinnar Eyrar landi á Flateÿardal.[32]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Knarrareyrar hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Knarrareyri eru einnig fengnar úr matinu:

Engjar eru fremur grasgefnar, sléttar, en sumpart deiglendar á dreif um bithaga og afrétt. Engjavegur langur og ógreiðfær. ...

Búfjárhagar. Beitland, fyrir allan búfénað, bæði gott og víðlent, fjarri bænum, en sama og ekkert nærri og því erfitt til nytja. ... Fénaðarferð mjög erfið, þar afrétt er á aðra hönd. ... Upprekstrarland fylgir jörðinni fyrir 400-500 fjár. Torfrista er allgóð, en í fjarlægð. Reki nokkur fyrir landi jarðarinnar. Á hún 2/3, en 1/3 er eign landssjóðs. ... Ágangur er mikill af afréttarfé.[33]

Ekkert er minnst á eignarhlut Víðivalla í fasteignamatinu 1916-1918

Landamerkjabréf Knarrareyrar var útbúið 16. apríl 1885. Það var þinglesið 27. maí sama ár. Í því stendur eftirfarandi:

1. Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá.

2. Að vestan ræður Dalsá alla leið til sjávar.

3. Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.[34]

Hannes Friðriksson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda Knarrareyrar. Bréfið var samþykkt af: Stefáni Jónssyni umráðamanni kirkjujarðarinnar Vargsness og Geirf. Tr. Friðfinnssyni sem samþykkti að landamerkjalýsingin væri rétt viðkomandi Grímslandi.

---

[29] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 76.
[30] Skjal nr. 2 (63).
[31] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[32] Skjal nr. 2 (67).
[33] Skjal nr. 2 (71).
[34] Skjal nr. 2 (29).

Eyri fór í eyði árið 1941.[35]

Eyrarfjall, eða sá hluti jarðarinnar, sem var í Hálshreppi, var afsalað Hálshreppi 4. júlí 1953.[36] Mörkum þess er lýst svo í afsalinu:

> Land þetta takmarkast af „Stóruskriðu“ að sunnan „Urðargili“ að norðan „Dalsá“ að vestan og Háfjalli að austan.

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir svo:

> Eyrarfjall var að vísu talið heimaland Eyrar á Flateyjardal en fylgdi þó Hálshreppi eftir hreppaskiptin. Aldrei vita menn til byggðar þar. ... Draflastaðakirkja átti Eyrarfjall.[37]

Þann 20. maí 1975 var kveðinn upp eignardómur í aukadómþingi Þingeyjarsýslu í máli bræðranna Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar gegn krefjanda eignarréttar. Málið var rekið sem eignardómsmál og dómur kveðinn upp í því á grundvelli 220. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála nr. 85/1936. Í dómsorði segir:

> Viðurkenndur er eignarréttur stefnanna (svo), Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar, að jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal í Hálshreppi.[38]

5.2.1 Almenningar undir Hágöngum

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir:

> Almenníngar hafa verið haldnir fyrir einu fjalli, sem kallast Innri Hágöng og liggur inn frá Eyrar eður Draflastaða reka að Staðar reka, en nálægir kunna ekki að undirrjetta greinilega mörk þessa almennings. Rekavon er góð fyrir þessum almenníngi, en festifjara mjög lítil, og tekur jafnótt út þó nokkru skoli upp.[39]

Þóroddsstaðarprestur víkur að þessum almenningi í sóknalýsingu sinni árið 1840:

> Náttfaravíkur kallast land það sem liggur meðfram Skjálfandaflóa að vestan frá Skjálfandafljótsósi hinum forna eður Hurðarbjargshellir til Ófeigshellirs. (Þar norður af eru Náttfaravíkur. Almenningar þar heyra undir Flateyjardal.)[40]

Þetta kemur ekki heim við máldaga Þóroddsstaðar og Munkaþverár (sjá undirkafla um þessa staði í kaflanum um Náttfaravíkur), því að samkvæmt þeim áttu kirkjurnar þar samfellda reka um Náttfaravíkur allt til Mjósyndis (þ.e. Dalsáróss, sbr.

---

[35] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 158.
[36] Skjöl nr. 4 (64) og 29 (4).
[37] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 129-130.
[38] Skjal nr. 11(3).
[39] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 68-69.
[40] Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 86.

lýsingu á eignum Þóroddsstaðarkirkju árið 1599, sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknakaflanum).

Landamerkjabréf Knarrareyrar, sem undirritað er af umráðamanni Vargsness, segir lönd Knarrareyrar og Vargsness liggja saman og ekki er þar minnst á Almenninga.

5.3 Grímsland

Bréf er til um Efstafell/Fremstafell í Kaldakinn, 4. mars 1363. Fram kemur að Efstafell sé selt með ítölum í annarra manna land:

> … ok haalft grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi.[41]

Í bréfi frá 24. maí 1433 kemur fram að systkini tvö selja 24 hundruð í Efstafelli/Fremstafelli í Kinn:

> med aullum þeim gaugnum ok giædum sem henni hefer fylkt at forno ok nyio at til reiknaudo grimstada lande ok afrett aa flateyiardals heide[42]

Hálft Fremstafell var selt 30. nóvember 1485 (10. janúar 1486) með ítölum þ.á m.:

> … afrett ollu gelldfe a flateyiardals heidi og halft grimstada lannd.[43]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er eftirfarandi um Grímsland:

> Grímsland er þar næst fyrir utan [þ.e. Kambsmýrar], það er kallað heimaland Fremstafells í Kinn, og var bygt um fáein <ár> fyrir vel 40 árum, en hvörki áður nje síðan so menn viti.
>
> Dýrleikinn rómast að sje v hndr., en ekki atla menn að kotið hafi tíundast.
>
> Landskuld xxx álnir í landaurum til bóndans á Felli.[44]

Síðan kemur þessi viðbót í lýsingu Fremstafells:

> Fimm hundrða land, aðrir segja tíu hundrða land, er sagt að jörðin eigi á Flateyjardalsheiði austan framm, sem Grímsland heiti, af því hefur ábúandi ekki gagn, með því það liggur í fjarska, en áður hafa þeir fengið eftir þetta land x eður xx álna virði.[45]

Í jarðabók Munkaþverárklausturs frá 1760 kemur fram að eyðibýlið Grímsland á Flateyjardalsheiði tilheyri Fremstafelli. Jörðin sé metin fimm hundruð að dýrleika

[41] Skjal nr. 2 (188).
[42] Skjal nr. 2 (198).
[43] Skjal nr. 2 (213).
[44] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 104.
[45] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 125.

þó aðrir telji dýrleikann 10 hundruð. Landskuld á Grímslandi var 30 álnir og henni fylgdi hálft kúgildi.[46]

Grímsland er talið meðal bæja eða byggðra jarða í lýsingu Laufássóknar árið 1840, en þar segir:

> Grímsland í afréttarlandi út á Flateyjardalsheiði, tilheyrandi Fremstafelli í Köldukinn. Hefur það legið í eyði nærri því nú næstliðin 40 ár, til í fyrra.[47]

Ráðist var í að semja lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklausturs í Hálshreppi og er hún dagsett 1. maí 1878. Í lýsingu Fremstafells segir:

> ... jörð þessari fylgir selland út á Flateyjardalsheiði, er nefnist Grímsland, sem ómögulegt er að nota frá heimajörðinni sökum fjarlægðar, og hefur ýmist verið í eyði eða einhverjir fátæklingar hýrst þar og þá leigt fyrir 30 al. en þar sem nefnt selland liggur í miðri Flateyjardalsheiðar-afrétt, virðist það alveg rangt að hafa þar byggð lengur, heldur leigja það alveg sérstaklega sem afréttarland, og álítst að leigja mætti það fyrir 40 álnir ...[48]

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi athugasemd:

> Þess hefur gleymst að viðgjeta við lýsíngu jarðarinnar Fremstafells hjer að framan, að tjeðri jörð tilheyrir gömul selstaða á svo kallaðri Flateyar dals heiði innan Hálshrepps, sem nú er orðin að bygðu bóli, mót eptirgjaldi til Fremstafells ábúanda, og verður býli þetta, að nafni Grímsland, er hefur sín vissu takmörk, metið í Hálshrepp.[49]

Annars staðar í jarðamatinu stendur:

> Grímsland kallad 5 hundrada land, er liggur undir jördina Fremstafell i Ljósavatnshrepp, en er nú leygt þadan til ábúdar. – Tún er her ekki ad telja, en nokkrar úteingisslægjur nær og fjær; nokkurt landrými, gott til þrifa og málnýtu; stakleg vetrar og vorhardindi, hvorsvegna kot þetta álitst óbyggilegt ad mestu. Ahofn hæfileg er talin 2 malnytukugyldi og 2 hndr. i geldpeningi.[50]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Grímslands hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Grímsland eru einnig fengnar úr matinu:

> Jörðin hefir verið í eyði mjög lengi og hús öll og mannvirki gersamlega horfin. Tún og engi var lítið, en landrými talsvert og kjarngott, nú óhugsandi að hafa landsins önnur not, en sem upprekstrarland, sökum legu sinnar á Flateyjardalsheiði svo nefndri, sem er afar snjóþung og frámunalega harðindasöm, enda allar jarðir þar lagstar í eyði. Sem stendur mun upprekst<r>argjald gefa bruttó 15 krónur. Landið metið Kr. 200.00.[51]

---

[46] Skjal nr. 2 (257).
[47] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 29.
[48] Skjal nr. 2 (256).
[49] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[50] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[51] Skjal nr. 2 (70).

Samkvæmt matinu á Kristján Jónsson í Fremstafelli Grímsland.

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, var útbúið 16. janúar 1885. Það var þinglesið 27. júní sama ár:

> Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá. Að vestan Dalsá. Að norðan ræður Stóraskriða, eða Stóruskriðulækur. Að austan er fjallsbrúnin.

Stephan Stephensen (umboðsmaður) skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Jónssyni. Við nafn hans stendur:

> Ofanskrifuðu samþykkur, það sem snertir landamerki Laufáskirkjujarðarinnar Heiðarhúsa („að vestan Dalsá“) …

Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Pétri Jónssyni (presti á Hálsi). Við nafn hans stendur:

> Þetta samþykki eg fyrir Hálsmannatungur „Að sunnan ræður Ytri-Jökulsá“[52]

Hannes Friðriksson, vegna eiganda Knarrareyrar, samþykkti einnig landamerkjabréfið.

Á það skal bent að Stephan Stephensen skrifaði undir landamerkjabréf Heiðarhúsa, væntanlega vegna Grímslands.

Annað skjal með upplýsingum um landamerki Grímslands er að finna meðal jarðaskjala úr Þingeyjarsýslu. Það er óársett og náskylt landamerkjabréfinu frá 1885 en mun ítarlegra. Þar segir að Grímsland sé landspartur úr Flateyjardalsheiði sem heyri undir klausturjörðina Fremstafell. Eftirfarandi upplýsingar er að finna um landamerkin:

> Næst sunnan við Grímsland á Hálskirkja land, og er hin svokallaða Ytri-Jökulsá merki þar á milli. Að vestan – eða á móti – liggur Heiðarhúsa land, sem Laufáskirkja á, og er Dalsá (áin sem rennur út Flateyjardalsh.) merki þar á milli. Að utan er (Knarar) Eyrarland, og á Stefán yngri Stefansson á Hálsi það land. Merki þar á milli er: Stóruskriðulækur eða Stóraskriða. Að austan er: Fjallsbrúnin merki, og liggur þar að Naustavikur og Vargsnes-land. Þeir bæir eru nyrzt i Koldukinn. Merkin eru öll skýr og ljós.[53]

Virðingargerð var framkvæmd á þjóðjörðinni Fremstafelli 31. október 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu. Þar kemur m.a. fram að Fremstafell er 20,7 hundruð að dýrleika og eyðijörðin Grímsland á Flateyjardalsheiði í Hálshreppi, sem sé byggð með Fremstafelli og hafi ætíð fylgt þeirri jörðu, sé 3,6 hundruð að dýrleika. Virðingarmenn mátu Fremstafell ásamt eyðijörðinni Grímsstöðum á Flateyjardalsheiði, með öllu því er eignunum fylgt hafði og fylgja bæri að undanskilinni notkun vatnsafls í Djúpá og Skjálfandafljóti, til söluverðs á 4,350 kr. Í þeim gögnum sem lögð voru fyrir

[52] Skjal nr. 2 (17) a-b.
[53] Skjal nr. 2 (55).

Stjórnarráðið er ljóst að Fremstafell var selt ásamt Grímslandi sem ávallt hafði fylgt því þó svo að í afsalinu frá 9. október 1915 sé aðeins minnst á Fremstafell.[54]

Grímsland var selt með Fremstafelli árið 1941 samkvæmt yfirlýsingu árið 1953.[55] Síðar eða árið 2001 keypti Hálshreppur landið.[56]

Jón Sigurðsson segir um Grímsland:

> Landið milli Stóruskriðu og Jökulsár nyrðri er nú nefnt Grímsland. Það hefur með vissu verið eign Fremstafells í Kinn síðan um 1400. ... [Vikið er að umsögn Jarðabókar Árna og Páls um byggð þar]. Næsta byggð þar var 1838, ... Tveir bændur bjuggu þar til 1862. Eftir það var jörðin í eyði fram yfir 1870, og höfðu Höfðhverfingar þar selstöðu. ... Fastur búskapur var þarna frá 1875-1893. En eftir það er þar talin húsmennska og eitthvert hokurbú og stundum auðir kofar fram til 1904, að yfirgefið er að fullu og öllu.[57]

Páll G. Jónsson segir nokkuð frá búskap í Grímslandi í bók sinni „Flateyjardalsheiði“ en getur ekki um ártöl.[58]

5.4 Hálsmannatungur

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318 kemur fram að Hálskirkja eigi:

> afriett ä heydi vt. halsmanna Tungur.[59]

Þetta er staðfest í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394[60] og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510.[61]

Í jarðaskjölum Þingeyjarsýslu er að finna mjög skaddað bréf sem er stílað á Odd Ólafsson. Þar er minnst á Hálsmannatungur. Meira er sagt frá þessu máli í kaflanum um Þverá.

Í eignaskrá Hálskirkju sem talin er frá því um 1523 segir að kirkjan eigi „afrétt“ á heiði út (þ.e. Hálsmannatungur).[62]

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Haalse I fnioskadal
>
> Hun aa ... afriett a heidi vt, hallz manna tungur. ...[63]

Upplýsingarnar sem hér hefur verið vísað í er ekki aðeins að finna í máldaga Guðbrands og ýmsum öðrum skjölum heldur einnig í vísitasíum Hálskirkju sem

---

[54] Skjöl nr. 2 (278) og nr. 2 (300).
[55] Skjal nr. 4 (40).
[56] Skjöl nr. 4 (41), 22 (4-5).
[57] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 130.
[58] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 105-106.
[59] Skjal nr. 2 (185).
[60] Skjal nr. 2 (191).
[61] Skjal nr. 2 (203).
[62] Skjal nr. 2 (98) a-b.
[63] Skjal nr. 2 (130) a-b.

skráðar eru í vísitasíubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Jóns Vigfússonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar og Steingríms Jónssonar.[64]

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofannefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunnar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur sem ekki koma Hálsmannatungum við. Í máldaganum er þess getið að Hálskirkja eigi „afrétt" á heiði út, þ.e. svokallaðar Hálsmannatungur. Vitnisburðurinn er þó að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.[65] Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var í 4. maí 1740 því þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.[66]

Um Hálsmannatungur segir í vísitasíu Hálskirkju 29. ágúst 1715:

> Kirkiann á heimaland alt ... afriett á heide ut; Hals manna tungur (Þær helldur heidarlegur Senior Sr Jon Tómasson ad Sieu plátz, sem á flatEýardalssheide er nu kallad almenningur), ...[67]

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Háls:

> Prestagardurenn hefur litla heibiörg, land Koste j Medallage fýrer fenad Vetur og Sumar Reka fiarlægann til gagns, ... AfRiettarpart á flatEýardals heide under prætention.[68]

Í vísitasíu Hálskirkju frá 29. júní 1748, í tíð Halldórs Brynjólfssonar, er minnst á Hálsmannatungur þegar skjöl kirkjunnar eru talin upp:

> 1° Maldage a pappír med 3ur hangande innsiglumm og Vitnis burdur um Maldagann herra Olafs Hialtasonar med einu Hangande innsigle.
>
> ...
>
> 4° 2 vitnisburder a Pergament annar þeirra med Einu, annar med 2 Hang. innsiglumm um Hálsmana Tungur og Einn a papir med 2 hangande innsiglum, þad 3 burt, item interlocutorium af 24 Maij 1743 ahrærandi sama, Nefnel. Hálls mana tungur a Flateiardals Heide. ...[69]

Fram kemur í innfærslu í kirkjustól Hálskirkju frá því um 1748:

---

[64] Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-b, 2 (144) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b og 2 (173) a-b.
[65] Skjal nr. 2 (95).
[66] Skjal nr. 2 (102) a-b.
[67] Skjal nr. 2 (163) a-b.
[68] Skjal nr. 2 (243) a-b.
[69] Skjal nr. 2 (166) a-b.

„III°Innfærest hier til vitnesburder og þess hättar vidvÿkiande Hälsmannatungum huar þær ligge ä Flateÿar dals heide, sem k(ir)kiunnar skiöl nefna, og lÿtur hier ad“

[Síðan koma vitnisburðir Ísaks Brandssonar og Leifs Ásmundssonar og Indriða Árnasonar frá 1591]

„3° hinn þridie vitnesburdur Dat. 1614. Sub. lit. C.

Þ(at) medkenner eg Þorkiell Sigmundsson ättrædur m(ad)ur at alldri at eg er barnfæddur aa Vatnsleisu i Fnióskadal, oc eg hefe hier i sueit uppalest og búid og i Laufäs þijngaa oc höfda huerfe verid nær allan minn alldur, oc þ(at) hef eg vitat og heirt halldit fir full sannindi, ad allt þ(at) land ä millum Jökuls änna aa Flateÿardalsheidi ut sem kallast häls manna tungur: sie oc hafe verid eign Jtölulaus Haals stadar k(ir)kiu i Fnióskadal, oc alldrei hef eg heirt hier nockurn efa ä vera, eg man þ(at) og ad kennimenn fra Haalse lietu Reka þängad Sÿna Peninga, Sira Halldor Benedix Son, Syra Bessi Biornsson oc þ(ei)r brædur Syra Jon & Syra teitur Magnus Sÿnir, & Sÿra Olafur Tomasson, Nu sÿdaan hann kom t(il) Haals, þ(ei)r hafa & leift þ(ei)m m(önn)um at Reka, sem þess hafa bedest af þ(ei)m oc hier epteir mä eg sueria ef þurfa þiker ä sunnudagen næstan fir Thorläks m(ess)o umm Sumarid Anno 1614.

Þat medkennunst vid Arne Geirmundsson Tomas Sigurdsson & Halldor Tomasson ad vier vorum þar vidstadder j k(ir)kiunnj ä Hälse j fnióskadal med ödrum gódum m(onn)um ä Sunnudagen næstan fir Thorläks m(ess)o um sumared 1614. ad Þorkell Sigmundsson gaf Syra olafe Tomassÿne med handsölum So lätandj Vitnesburd sem hier firer ofann skrifadur stendur, og til sannenda hier umm Setium Vier Vor Jnncigle fir Nedann þetta Vitnesburdar bref, Skrifad ä sama deige og äre sem Stad sem firr Seiger.

(L. S.) (L. S.)

Þesser þrÿr hier Nærst firer framannskrifader Vitnesburder eru so äsigkomner sä firste er ä kalfsskinne med Einu óskiertu Vaxinsigle annar er & ä Membrana med tueimur hangandj Vax Jnsiglum þridie er ä Papÿr Med 2ur hriadum hangandj Vax Jnsiglum ä [E]enrj Reim.

aller eru Vitnesburder þesser, til þÿnga auglÿster 24. Maij 1743.[70]

4° lÿtur hier ad manntals þÿngs Act geingen ad Haalse j Fnióskadal þann 24 Maii 1743. Sub. Lit. D. “ [Væntanlega hið sama og kemur fram í skjali nr. 2 (109) a-b en sá texti fylgir hér á eftir].

Háls var vísiteraður af prófasti 3. október 1751. Í vísitasíunni segir:

4°. Adur mentionerud Document eru þesse epterfylgiande ...

[70] Skjal nr. 2 (180) a-b. Halldór Benediktsson hélt Háls fyrir 1540 er Bessi Björnsson tók við staðnum og hélt til um 1544, en á eftir honum hélt Jón Magnússon staðinn fram til 1553 er Teitur Magnússon tók við en hann er farinn þaðan fyrir 1577. Ólafur Tómasson hélt staðinn frá 1577-1628, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 296-297. Skjal nr. 2 (108) a-b (uppskrift séra Sigurðar Árnasonar á lögfestu Ólafs Tómassonar og vitnisburðunum 1591 og 1614).

> II°. Um Hálsmannatungur á Flateyardals heide 1°. Jsáks brandssonar Vitne, de dato 1591 med einu hangande Jnnsigle, 2°. tveggia Manna Vitne á Pergament med 2ur hangande Jnnsiglum under Sama dato. 3°. Þriggia Manna Vitne á Pappír med 2ur hangande Jnnsiglum og einu burtkomnu um Vitnisburd Þorkels Sigmundssonar Sama efne áhrærande dat. 1614. 4°. Aftal fyrer Rette her á Háls Þinge þann 24 Maji 1743 um greindt afrettar Jtak med vidfestum bilager – Þesse Skilrýke noterud Lit. A B-C.D.[71]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Draflastaði:

> Ítök kirkjunnar eru þessi: ... Hálfar Lambatúngur, liggja á millum Jökulsánna austan fram á sömu heiði. Hálfur Lángimór á sömu heiði fyrir vestan ána. Engin not hafa nú ábúendur þessra afrjettarlanda, nema mjög fáa lambatolla af Kambsmýrum og Lambatúngum.[72]

Hér mun átt við Hálsmannatungur.

Ekki virðist Hálsstaður hafa nýtt þetta land mikið, því að í Jarðabók Árna og Páls segir í umfjöllun um ítakaeignir kirkjunnar:

> Afrjettarland á Flateyjardalsheiði, sem máldaginn kallar Hálsmannatungur. Enginn veit nú hvar sá afrjettur er, og aldrei hefur staðurinn hans notið, svo menn viti.[73]

Guðmundur Skíðason prestur á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð gamlan máldaga Hálskirkju á Hólum. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla (Gamalíels) Ólafssonar á Þóroddsstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608. Þar segir að Hálskirkja eigi „afrétt“ á heiði út, þ.e. Hálsmannatungur.[74]

Leifur Ásmundsson og Indriði Árnason gáfu út vitnisburðarbréf að bón séra Ólafs Tómassonar á Hálsi í Fnjóskadal 20. apríl 1591. Þeir voru báðir barnfæddir í Fnjóskadal og höfðu dvalið þar alla sína tíð og sögðust hafa vitað, heyrt og haldið fyrir full sannindi að:

> ... land þat allt aa mille jokuls aanna aa flateyiar dals heide wt sem kallazt hals manna tungur sie og hafe verid eign j tolulaus hals stadar kirkiu j fnioska dal, og alldrei hofum vid heyrt hier nockurn efa aa vera og slykt hid sama hafa ockar forfedur sagt og borid ockur vngum aaheyrande. hefur og þesse jtala fylld verid jafnann j ockar minne, af hals stadar kirkiu formonnum. suo leinge sem huer þeirra hefur stadinn halldid.[75]

---

[71] Skjal nr. 2 (247) a-b.
[72] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 72.
[73] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 91.
[74] Skjal nr. 2 (99) a-b.
[75] Skjal nr. 2 (96) a-b.

Ísak Brandsson, 77 ára að aldri, sem var barnfæddur í Fnjóskadal og hafði mestan hluta ævi sinnar dvalið þar, sagðist aldrei hafa heyrt nein tvímæli eða vafa leika á því að:

> ... þad land a mille jokuls anna allt vt a flateyiardalz heide, huert ed kallad er hals manna tungr, være ei eda verid hefde eign hals stadar kirkju j fnióskadal med öllu jtölu laust. Slÿkt hid sama bar brandr heitinn fader minn. hafa & þeir prestar sem j mÿnu minne hafa þann hals stad halldit þessa sÿna jtölu ad lambarekstre & odrum skylldum arliga uppfyllt, & þeim mönnum lofad þangad ad reka er þess hafa bedist af þeim ...[76]

Vitnisburðurinn var bréfaður að Hálsi í Fnjóskadal 20. apríl 1591.

Í kirkjustól Háls kemur fram að vitnisburðirnir frá 1591 hafi verið lesnir á þingi 1743 og vitnað er til þinghalds sama ár.

Í óársettri lögfestu séra Tómasar Ólafssonar fyrir Hálsstað lögfestir hann m.a. „afrétt“ á heiði út, Hálsmannatungur en ekki er minnst á það í óársettri lögfestu föður hans séra Ólafs Tómassonar fyrir Hálsstað sem er að finna á sama blaði. Hvorug lögfestan ber merki þess að hafa verið lesin upp á þingi eða við kirkju en lögfesta séra Ólafs virðist hafa verið lesin 1629, 1630 og 1631 þó að ekki sé getið við hvaða tækifæri.[77]

Séra Þorgrímur Jónsson lögfesti Hálsstað á manntalsþingi 8. júní 1724, land, reka og ítök til ummerkja þar á meðal land á Flateyjardalsheiði á millum Jökulsánna sem kallast Hálsmannatungur. Hann fyrirbauð alla óleyfða notkun á téðu landi og ítökum meðan þau eftir lögum ei aftur gangi annars lagði hann sektir þar við eftir lögum. Inntaks lögfestunnar er að öðru leyti ekki getið en fram kemur að hún hafi verið uppáskrifuð.[78]

Þorgrímur prestur lögfesti aftur Hálskirkjueignir 6. júní 1725. Þar segir um Hálsmannatungur:

> So og lögfeste eg afriett ä Flateyardals Heide ut, sem er allt land þad er liggur ä millum Jökuls änna, og kallast Hals manna Tungur, effter þeim skiölum og Documentis er eg þar fyrer Hefe, og eg bÿst vid effter lögum under mitt Beneficium ad Hallda, þar til þesse Jtök undann Stadnumm gänga ef Nockur þad Riettlega atelur.[79]

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.

---

[76] Skjal nr. 2 (97) a-b.

[77] Skjal nr. 2 (100) a-b. Ólafur Tómasson var prestur á Hálsi 1577-1628 en Tómas Ólafsson var aðstoðarprestur séra Ólafs föður síns en tók við Hálsi 1628 og hélt til 1656, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297.

[78] Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.

[79] Skjal nr. 2 (110) a-b.

Þorgrímur Jónsson Hálsprestur lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar enn 21. maí 1726. Þar á meðal:

> ... afriett ä Flateiardals Heide ut, Sem er allt Land þad, er liggur ä millum Jökulsänna, og kallast Hälsmanna tungur ...[80]

Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi í Fnjóskadal.

Jón Þorgrímsson prestur lögfesti Hálsstað 7. apríl 1744 en sú lögfesta er ólík fyrri lögfestum að því leyti að aukið hefur verið við hana. Það er gert í krafti dóms sem Jón Benediktsson sýslumaður kvað upp 4. maí 1740 en svo virðist sem að falsbréf frá 25. júlí 1506 hafi verið lagt fram í málinu og tekið gilt. Um Hálmannatungur segir í lögfestunni:

> ... afriett ä Heide út Haalsmannatungur, Sem er effter út þrickelegum Documentis Kÿrkiunnar, allt Land ä Millum Jöckulsanna ä FlatEÿardals Heide út, er Riettenum, ä Nærstlidnu Haalz Manntalz þÿnge Virtest hættu laust ad Nÿta Og brúka firer Prestenn Vegna Haals Beneficii effter frammlögdum Documenter þä j Stad.[81]

Lögfestan var lesin upp samdægurs að aflokinni guðsþjónustu við Hálskirkju og við lok guðsþjónustu við Draflastaðakirkju tólfta sama mánaðar. Einnig var hún lesin upp á manntalsþingi að Hálsi 28. apríl 1744 og á sama stað 29. apríl 1752.

Lögfesta séra Jóns fyrir Hálsstað frá 18. maí 1745 er efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 að undanskilinni eftirfarandi viðbót:

> Sömuleidis firer bÿd eg Einkanlegast Afriettarland Kÿrkiunnar ä Flateÿardals heide Millum Jökuls änna, Einum og Sierhuörium, Nefnelegast þo Abÿlis Manne Þuerär Vid Fnióskadal edur Nockrum af hanns hälfu, Nema Mitt kome þar leife til ...[82]

Lögfestan var lesin samdægurs fyrir manntalsþingi á Hálsi og aftur á sama stað 14. apríl 1746.

Raunar má ætla að ágreiningur um Hálsmannatungur hafi verið byrjaður nokkru fyrr, samanber það sem segir framar í þessum kafla í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 að afréttarpartur á Flateyjardalsheiði sé undir „prætention“

Jón prestur Þorgrímsson á Hálsi skrifaði Oddi Ólafssyni lögréttumanni á Þverá í Dalsmynni bréf 21. maí 1743. Efni bréfsins varðar þrætuland milli Jökulsánna á Flateyjardalsheiði sem hann taldi tilheyra Hálskirkju samkvæmt skjölum hennar og segist hann ekki munu sleppa því undan kirkjunni svo lengi sem dómur hnekki ekki

---

[80] Skjal nr. 2 (101) a-b.

[81] Skjal nr. 2 (102) a-b. Sami prestur lögfesti Hálsstað á ný 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. Skjal nr. 2 (103) a-b – Skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfesta voru lesnar upp oftar en einu sinni.

[82] Skjal nr. 2 (103) a-b.

skilríkjum hans. Hann hafi hins vegar orðið þess áskynja síðastliðið sumar að Oddur vildi eigna umboðs- og ábýlisjörðu sinni Þverá í Fnjóskadal allt ofannefnt land eða nokkurn hluta þess. Þar sem eignartilkall Ólafs stangist á við eignarheimildir Hálskirkju þá sé ekki um annað að ræða en láta dómstóla skera úr um hvort sé réttara. Hann minnir því Ólaf á loforð hans um að mæta á manntalsþingi að Hálsi 24. maí næstkomandi með öll sín skilríki til þess að fá úrskurð í málinu fyrir dómi.[83]

Þeir séra Jón og Oddur mættu á þingi á Hálsi 24. maí 1743 og lagði Jón ofannefnt bréf fyrir réttinn. Oddur lagði fram innlegg þar sem hann fór fram á að málið yrði ekki tekið fyrir nú og að beðið yrði með allar vitnaleiðslur varðandi landið milli Jökulsánna á Flateyjardalsheiði sem hann segir að hafi í langan tíma legið undir Þverá og Draflastaði. Ástæðan var elliburðir hans og það að hann hefði engin fyrirmæli fengið frá húsbónda sínum Bjarna Péturssyni. Hann bað því um að málið yrði tekið fyrir eftir næstkomandi alþing og lofaði að vera búinn, fyrir þann tíma, að leita svars hjá húsbónda sínum um hvernig hann vildi láta taka á því.

Því næst spurði séra Jón Odd hvort hann hafi ekki sjálfur notað og leyft öðrum að nota umrætt þrætuland síðastliðið sumar þrátt fyrir að prestur hafi síðastliðið vor í návist Odds lögfest umrætt land Hálskirkju. Oddur játar að hafa notað landið því að hann hafi ekki betur vitað en sér væri það óhætt því að það tilheyrði leigu- og ábýlisjörðu sinni Þverá til helminga móti Draflastöðum. Hálsprestur krafðist þess að eignarheimildir kirkju hans væru lesnar upp fyrir réttinum.[84]

Þeir Vigfús Pétursson á Hömrum í Reykjadal og Eyjólfur Tómasson á Vatnsleysu í Fnjóskadal, sem votta að ofangreind skjöl séu rétt skrifuð upp, sögðust aðspurðir hafa með leyfi séra Þorgríms heitins Jónssonar rekið lömb sín í áðurgreint land milli Jökulsánna á Flateyjardalsheiði árið 1723, sama ár og þeir staðfestu afritin.

Með skjölum sínum og vitnisburðum taldi séra Jón sig hafa sýnt fram á að Hálsmannatungur, þ.e. allt land milli Jökulsánna á Flateyjardalsheiði liggjandi fyrir innan Grímsland en fyrir utan Kambsmýrarland, tilheyrðu Hálskirkju. Þrátt fyrir að Oddur Ólafsson hafi haft tvö ár til þess að ráðfæra sig við húsbónda sinn, Bjarna Pétursson á Skarði á Skarðsströnd, hefði hann engin gögn lagt fram til þess að hnekkja eignarheimildum Hálskirkju. Engu að síður hefði hann notað landið leyfislaust árið 1742 en ekki 1741 er hann lögfesti það þó að séra Jón hafi ekki komist að því fyrr en síðastliðið haust í lambaréttum. Hann segist þó tilbúinn að horfa í

[83] Skjal nr. 2 (109) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (180) a-b.

[84] Skjölin sem lesin voru upp og eru ekki nefnd hér eru vitnisburður Ólafs biskups Hjaltasonar um máldaga Hálskirkju frá 21. október 1565, sbr. ÍF XIV, bls. 422, þriggja presta vitnisburður frá 1506, sbr. Skjal nr. 2 (95), afrit af máldögum Auðunar rauða biskups frá 1318, Péturs Nikulássonar biskups frá 1394 og Ólafs Hjaltasonar biskups frá 1461-1510, sbr. ÍF II, bls. 439, ÍF III, bls. 572, ÍF V, bls. 298, vitnisburðir Ísaks Brandssonar, Leifs Ásmundssonar og Indriða Árnasonar allir frá 20. apríl 1591, sbr. Skjal nr. 2 (96) a-b – Skjal nr. 2 (97) , og óársett lögfesta Ólafs Tómassonar upplesin 1629-1631, sbr. Skjal nr. 2 (100) a-b. Afrit af þessum skjölum voru gerð af Vigfúsi Péturssyni á Hömrum í Reykjadal og Eyjólfi Tómassyni á Vatnsleysu í Fnjóskadal 11. september 1723. Einnig fylgdi með lögfesta séra Þorgríms Jónssonar fyrir Hálsstað frá 6. júní 1725.

gegnum fingur sér varðandi þessa aðtekt Odds, þótt hún sé ólögleg, vegna vinsamlegrar framkomu hans. En þar sem hann viti ekki til þess að hefð séra Þorgríms Jónssonar, forvera síns og föður, á landinu milli Jökulsánna á Flateyjardalsheiði sé lögformlega kærð, auk þess sem ekkert hafi komið fram sem kynni að veikja hefð séra Þorgríms, þá vænist hann þess að hafa óraskanlega hefð á landinu fyrir hönd Hálsstaðar sem skjöl kirkjunnar sýni að nái aftur um 208 ár og máldagabréfin frá 1312 til 1739.

Þar sem svo sterk og forn hefð sé á þessu landi þá spyr hann réttinn hvort hann eigi að láta það af hendi vegna óreglulegrar notkunar og án þess að nokkur skjöl séu fyrir hendi sem sýni að umrætt land tilheyri Þverá að öllu leyti. Að endingu biður séra Jón réttinn um úrskurð sem sýni að Hálsmannatungur milli Jökulsánna á Flateyjarheiði sé óraskanleg eign Hálsstaðar.

Rétturinn ákvað að þar sem eigandi Þverár væri fjarverandi þá væri réttast að bíða með að fella dóm í málinu. Oddur og séra Jón komust því að samkomulagi um að Oddur gerði Bjarna Pétursyni á Skarði viðvart og útvegaði endanlegt svar hans upp á málefnið fyrir lok ágústmánaðar. Þangað til virtist réttinum þó hættulaust að séra Jón notaði umþrætt land vegna Hálsstaðar í krafti framlagðra skjala.[85]

Í jarðaskjölum Þingeyjarsýslu er að finna mjög skaddað bréf sem er stílað á Odd Ólafsson. Ekki er lengur hægt að sjá hvenær bréfið var skrifað en fullvíst má telja að það sé skrifað í beinu framhaldi af framannefndum atburðum og í seinasta lagi rétt fyrir 29. október 1750 en þá var Oddur borinn til grafar. Nafn þess sem skrifar hefur einnig tapast en sjá má af bréfinu að hann hefur líkast til verið umboðsmaður Bjarna Pétursonar á Skarði á Skarðsströnd. Hann getur þess að hafa fengið bréf frá Bjarna, sem hann sendir Oddi, en í því minnist hann á landsreit nokkurn á Flateyjardalsheiði sem hann kallar Lambatungur. Þær telur Bjarni tilheyra jörðu sinni Þverá í Dalsmynni að hálfu til móts við Draflastaðakirkju. Bréfritari heldur áfram og segir:

> ... Nu mun ydur kunigt ad Halsprestar Eigna [svo, réttara væri: vegna] Halsstadarkirkiu Eygna sier landzreit a somu heidi (eg meyna) so kalladar Halsmannatungur, j hvern landz reit presturenn Sal. sira Þorgrymur Jonsson leifde nockrum bændum lamba uppRekstra fyrer [skjal skert, tilgáta afritara: nokkrum, en plássið virðist of lítið til að það gangi upp] árum. Skilldest mier þa so sem Lambatungur þessar skilldu vera þessar Halzmannatungur þar ohægt være ad upp[götva edur a]ætla hvar þær annarz være þar i þui landz platze og hyggur landsete muni a [skjal skert]umm fortallde mier þetta edur nafns landplatsins umm breiting huerrar iardar kirkiu eg epter innzigludumm skiolum og maldogumm eigna halfar þessar Lambatungur. Eg meina epter skiölum a motz vid þuerarmenn at þuer[armenn epter] skiolum og maldogum

[85] Skjal nr. 2 (110) a-b.

> Eyg[na sier] nordur til Sal. Indr[ida] Flouentssonar [versific]eradar copiur [skjal skert][86]

Bréfritari sagðist hafa heyrt að séra Jón, sonur ofangreinds séra Þorgríms, sé farinn að endurnýja þrætuna. Þess vegna vilji Bjarni á Skarði að bréfritari fái sér öll þau skjöl er hann kynni að hafa fyrir Þverá fyrir utan það sem hann hafi ávikið en öll þau skjöl séu hjá Bjarna Indriðasyni á Draflastöðum. Þar geti Oddur nálgast þau og nýtt sér til þess að sýna að Þverármenn hafi, eftir innsigluðum skjölum, verið eignaðar umræddar Lambatungur að hálfu sem hafi fylgt jörðinni óátalið í langan tíma. Fleira segist bréfritari ekki hafa í höndunum fyrir jörðinni. Hann biður Odd þó um að aðgæta eftirfarandi atriði:

> 1° Um nafn landsplátsins, því þér (kannske) eignid ydar ábýli ekkert af Hálsmannatungum 2° Um datum á mínum skjölum og því presturenn hefur sínu eptirkalli til ástædu 3° Um vissu og fjölda innsiglanna á hvorumtveggja documentanna h[já] yður segja mínar Copiur áðurtaldar, sem þér hafid uppá að byggja [skjal skert, áframhald illæsilegt og samhengislaust] ...[87]

Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744. Henni var þó mótmælt er hún var lesin upp fyrir manntalsþingi á Ljósavatni 2. júní 1830 af eiganda Draflastaða sem frambar að kirkjan þar ætti hálfar Hálsmannatungur til móts við Hálsmenn.[88]

Þann 2. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir kirkjujörðina Háls en þinglýst þann 16. sama mánaðar. Þar koma fram eftirfarandi upplýsingar um Hálsmannatungur:

> Afrétt fylgir Beneficis á Flateyardalsheiði. Hálsmannatungur - Landamerki þeirra eru:
>
> Að norðan: Ytri-Jökulsá
>
> Að austan: Fjallsbrún
>
> Að sunnan: Syðri-Jökulsá

---

[86] Skjal nr. 2 (58). Fylgt er uppskrift Jóns Þorkelssonar og Hannesar Þorsteinssonar eftir illa förnu forriti sem einnig fylgir með. Viðtakandi bréfsins er vafalaust Oddur Ólafsson lögréttumaður (um 1676-skömmu fyrir 29. október 1750) en hann bjó að Þverá í Dalsmynni, sbr. Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, bls. 400; Indriði Indriðason, *Ættir Austfirðinga* I, bls. 17. Bjarni Pétursson ríki (1681-1768) bjó á Skarði á Skarðsströnd frá um 1705-1748 og á Staðarhóli 1748-1756, en fluttist þá aftur að Skarði og bjó þar til dauðadags. Bjarni var fæddur á Þverá í Dalsmynni og hefur eflaust átt jörðina, sjá Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 188. Umræddur séra Þorgrímur Jónsson (1687-17. febrúar 1739) var prestur á Hálsi í Fnjóskadal og séra Jón sonur hans (1714-1798) vígðist aðstoðarprestur hans 30. september 1736 og fékk brauðið við fráfall föður síns. Hann mun hafa átt í langvinnum deilum um skóglendi Hálsstaðar, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 312 og V, bls. 136. Indriði Flóventsson (f. um 1650) var hreppstjóri og bjó á Draflastöðum, sonur hans hét Bjarni (f. um 1680), sbr. *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 354.

[87] Skjal nr. 2 (58).

[88] Skjal nr. 2 (107) a-b.

Að vestan: Dalsá.[89]

Pétur Jónsson, prestur á Hálsi skrifaði undir landamerkjalýsingu „afréttarinnar“. Lýsingin var samþykkt af; Geirf. Tr. Friðfinnssyni vegna Grímslands, Magnúsi Jónssyni fyrir Heiðarhús og Karli Friðrikssyni vegna Kambsmýra.

Þórhallur Bjarnarson biskup skrifaði prófasti í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi 25. janúar 1910 og svaraði spurningu hans um hversu háa leigu skyldi taka fyrir svonefndar Lambatungur sem væru ítak frá Hálskirkju í Fnjóskadal á Flateyjardalsheiði. Biskup svaraði því til að í síðasta mati væru Hálsmannatungur „afréttarpartur“ taldar öðrum leigðar og væru þær og Lambatungur eitt og hið sama enda væri eftirgjaldið jafn hátt.[90]

Hreppstjóri Hálshrepps skrifaði sýslumanni Þingeyjarsýslu þann 16. nóvember 1914 og sendi honum afgjaldaskrá kirkjueigna í hreppnum fyrir árið. Hann gat þess að þetta væri líkast til í síðasta skipti sem hann sendi frá sér slíka afgjaldaskrá þar sem ábúendur Birningsstaða og Kambsstaða hafi fengið leyfi til að kaupa jarðir sínar. Að vísu stæði þá eftir sú landspilda á Flateyjardalsheiði sem Hálsmannatungur nefnist en ekki hafi tekist að leigja þær út nema sum ár síðan hann tók við umsjá kirkjueigna. Enda sé ekki við öðru að búast eftir að öll byggð lagðist niður á Flateyjardalsheiði. Eftir að það gerðist sé umræddur landskiki ekki notaður til annars en upprekstrar en þar í kring séu „afréttarlönd“ yfirdrifin. Eins og horfi við með eyðijarðirnar á Flateyjardalsheiði gerir hreppstjóri sér engar vonir um að Hálsmannatungur muni gefa landssjóði nokkrar tekjur í framtíðinni. Hann hafi hins vegar borið það upp við hreppsnefnd Hálshrepps hvort hún hefði ekki áhuga á að kaupa þennan landskika og telur það ekki ólíklegt ef verðið verði á bilinu 50-75 krónur. Ekkert formlegt tilboð liggi þó fyrir enda hafi fasteign hreppsins þar í kring, Kambsmýrar og Almenningur, engar tekjur gefið af sér í fleiri ár og því sé skiljanlegt að hreppsmenn sýni ekki ákafan áhuga að auka landeign sína á svæðinu. Hreppstjóri var þó ekki vonlaus um að hreppurinn kynni að kaupa fyrir áðurnefnt verð enda sé vilji hreppsbúa að hafa umráð yfir sem mestu af „afréttinni“. Hreppstjóri spyr hvort sýslumaður sé samþykkur sölunni og hvort hann sé til í að koma erindinu áleiðis. Hann telur óþarft að láta fara fram virðingu á Hálsmannatungum, þrátt fyrir að lögin kveði á um það, enda þekki sýslumaður aðstöðu og ásigkomulag eyðijarðanna á Flateyjardalsheiði nógu vel til þess að geta verið með eða móti sölunni. Að endingu getur hann þess að ástæður hans fyrir að mæla með sölunni séu þær að það sé landssjóði fyrir bestu og langeðlilegast og heillavænlegast sé að „afréttarspilda“ þessi sé í umsjá og eigu hreppsfélagsins sem hún liggi í.

Sýslumaður skrifaði Stjórnarráðinu 24. nóvember 1914 og mælti með því að hreppnum yrðu seldar Hálsmannatungur fyrir 50-75 krónur. Hann sagðist ókunnugur

[89] Skjal nr. 2 (23).
[90] Skjal nr. 2 (284).

þessum „afréttarlöndum“ og vissi því ekki hversu mikið verðmæti landspildunnar væri í raun og veru. Hins vegar væri honum fullljóst að litlar líkur væru á því að eyðijarðirnar umhverfis spilduna á Flateyjardalsheiði byggðust að nýju og enn þá minni líkur á því að kirkjujarðasjóður fengi nokkrar tekjur af landinu, a.m.k. fyrst um sinn. Einnig væri hann sammála því að eðlilegast væri að þetta „afréttarland“ yrði eign Hálshrepps líkt og eyðijörðin Kambsmýrar. Hann taldi ónauðsynlegt að leggja í þau umsvif og kostnað sem fylgdu virðingargerð og mælti loks með því að Hálshreppi yrði selt landið fyrir 75 krónur. Stjórnarráðið skrifaði sýslumanni 11. febrúar 1915 og tilkynnti að það væri fúst til að selja Hálsmannatungur fyrir 75 krónur.[91]

Hreppsnefnd Hálshrepps skrifaði hreppstjóra 6. ágúst 1915 og tilkynnti honum að hreppsnefndin hefði tekið málið fyrir á fundi og komist að þeirri niðurstöðu að hreppinum væri ekki þörf á að kaupa Hálsmannatungur. Ástæðan væri sú að þær yrðu ekki notaðar til annars en upprekstrar- og „afréttarlönd“ hreppsins væru yfirdrifin. Hins vegar hafi nefndin verið sammála um að eðlilegast væri að hreppurinn hefði eignarumráð yfir landspildunni því að þannig stæði hann best að vígi með að geta haft einhver not af henni fyrr eða síðar. Hreppurinn væri þó ekki tilbúinn til þess að bjóða meira í hana en 50 krónur.

Hreppstjóri tilkynnti sýslumanni niðurstöðu hreppsnefndar með bréfi 27. júlí 1915. Í því mælti hann með að salan færi fram þar sem um lítið og nytjarýrt land væri að ræða og litlar líkur á því að hægt væri að leigja það út. Sýslumaður tilkynnti Stjórnarráðinu þetta með bréfi 6. ágúst 1915 en skrifað hefur verið á bréfið í Stjórnarráðinu að óþarfi sé að slá af verðinu þó svo að hreppsnefndin reyni að prútta. Stjórnarráðið bað sýslumann, í bréfi frá 2. febrúar 1916, að tilkynna hreppsnefndinni að verðið fyrir Hálsmannatungur væri 75 krónur og það yrði ekki lækkað.[92]

Að sögn Jóhanns Skaptasonar árið 1969 eru Hálsmannatungur afréttarland Fnjóskdæla.[93] Er allvíða sagt að landið sé eign Hálshrepps, en ekki hefur fundist afsal, sem staðfestir það.

Um Hálsmannatungur segir Jón Sigurðsson í Yztafelli í bókinni „Suður-Þingeyjarsýsla“:[94]

> Svo nefnist landið milli Jökulsánna, sem báðar koma úr háfjallaskálum með jökulfönnum nálægt 1000 m yfir sjó. ... Hálsmannatungur eru frítt land og engjar góðar með nautgæfum heyjum. Bezti hluti tungnanna heitir Lambagrænur. Þar vildi Baðstofu-Jón helzt byggja, en fékk fullt afsvar hjá Hálspresti. En Hálskirkja hefur átt land þetta frá ómunatíð, og eru þar engar byggðarsagnir.

[91] Skjal nr. 2 (282).
[92] Skjal nr. 2 (283).
[93] Árbók Ferðafélags Íslands 1969. Jóhann Skaptason: Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar, bls. 83.
[94] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 130.

5.5 Kambsmýrar

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Draflastaði:

> Ítök kirkjunnar eru þessi: Selstöðu á Gönguskarði á Þrengíngaseli, og hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár. Kambsmýrar á Flateyjardalsheiði austan framm milli Jökulsár og gömlu rjetta. Á þessu landsplássi hefur hjáleiga bygð verið, og skrifast hún í hjáleigna röðunni. Hálfar Lambatúngur, liggja á millum Jökulsánna austan fram á sömu heiði. ... Engin not hafa nú ábúendur þessra afrjettarlanda, nema mjög fáa lambatolla af Kambsmýrum og Lambatúngum.[95]
>
> ...
>
> Kambsmýrar, eyðihjáleiga, Bygð í afrjettarlandi út á Flateyardalsheiði hjer um fyrir 50 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.
>
> Dýrleikinn óviss því kotið tíundaðist ekki.
>
> ...
>
> Útigángur er oftast enginn fyrir fannlögum, og efast menn því að þetta kot muni aftur byggjast, annars er landið gott og grösugt.[96]

Draflastaðir voru vísiteraðir af prófasti 5. október 1751. Í vísitasíunni segir:

> 4°. Um Eigner Kyrkiunnar frammkemur her ej annad, enn nærsta Biskups Visitatia Hr. Halldórs Brinjólfssonar af 29 Junii 1748 ...
>
> ... Enn hvert Lamba tollar af Kambsmýra Landi á flateýardalsheide, heyra Kyrkiunne eda Jördunne til, þar um frammkemur eckert eptertakanlegt hier i stad.[97]

Erlendur Jónsson prófastur seldi, eftir umboði Gísla Magnússonar biskups, Draflastaði, 60 hundruð að dýrleika, með hjáleigunni Grímsgerði ásamt Kambsmýri og meðfylgjandi kúgildi. Gjörningurinn fór fram 29. júní 1773 og keypti Árni Hallgrímsson jarðirnar fyrir þrjú stórhundruð ríkisdali specie.[98]

Á alþingi 1798 var lesið upp afsalsbréf Guðrúnar Þórarinsdóttur frá 19. febrúar 1796 fyrir jörðinni Kambsmýri, fimm hundruð að dýrleika, til Sigurðar Bjarnasonar fyrir 30 ríkisdali courant.[99]

Lögfesta fyrir Kambsmýrum var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 25. maí 1804 og átalin af Jóni Þorkelssyni eigandi Austarikróka. Hvorki inntaks lögfestu né mótmæla er getið.[100]

---

[95] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 72.
[96] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 73.
[97] Skjal nr. 2 (248) a-b.
[98] Skjal nr. 2 (295).
[99] Skjal nr. 2 (2 (297).
[100] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.29).

Á manntalsþingi á Hálsi 17. maí 1818 lét ónafngreindur prestur lesa upp lögfestu fyrir eignarjörð sinni Kambsmýrum. Inntak lögfestunnar kemur hins vegar ekki fram.[101]

Sauðaþjófnaðarmál bræðranna Jóns og Rafns Þorsteinssona var tekið fyrir í aukarétti á Hálsi 16. og 18. júní 1831. Þeir bræður, synir Oddnýjar Rafnsdóttur ekkju á Kambsmýrum, játuðu að hafa á síðastliðnu sumri, nokkru eftir fráfærur eða í sláttarbyrjun, handsamað þrjú aðkomulömb á kvíunum á Kambsmýrum, borið þau inn í fjárhús og afmarkað þau undir mark móður sinnar. Af því búnu ráku þeir lömbin út í „afréttina“ í hverri kotið lá. Hin afmörkuðu lömb tilheyrðu bændunum á Garði og Breiðaból sem sögðust hvorki hafa fengið Kambsmýramæðginunum lömb síðastliðið sumar né gemlinga í vetur.[102]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Kambsmýrar sögð 5 hundruð. Árstekjur af afréttarleigu eru einn ríkisdalur. [103]

Fjallað er um Kambsmýrar í jarðamatinu 1849-1850. Þar kemur m.a. fram:

> Kambsmyrar. talin 5 hndr. ad dyrleika. ... Uteingi og landvidd mikil ad ummáli; landskostir til þrifa og málnytu i betralagi; utheyskapur bædi á þurru og votu töluverdur, ... dalitil not af fjallagrösum til heimilisbrúkunar. ...[104]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Kambsmýra hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Kambsmýrar eru einnig fengnar úr matinu:

> Jörð þessi sem hefir verið í eyði til langs tíma, og hús þar og mannvirki niðurfallin, liggur innantil á Flateyjardalsheiði. Er þar afar snjóþungt, vorharðindasamt og illviðragjarnt. Landrými er geysimikið og sumarland hið bezta. Slægjur líka fjarska víðlendar og allgrasgefnar, samfeldir mýraflákar, mólendi og hálfdeigjur, nokkuð eflaust véltækt. Undanfarið hefur landið verið notað til upprekstrar og slægna, en tiltölulega lítið, þar eð upprekstrarlönd eru allmikil umhverfis, en erfitt um heyskap sökum fjarlægðar, vegleysu og enda vangæfra þurka. Landið metið Kr. 800.00[105]

Samkvæmt matinu á og notar Valdimar Valdimarsson í Böðvarsnesi Kambsmýrar.

Landamerkjabréf fyrir Kambsmýrar var útbúið þann 20. apríl 1885 og þinglýst 27. maí sama ár. Þar stendur:

> Að sunnan ræður merkjum Skeiðislækjargil ofan af fjalli og úr því bein stefna á Merkivörðu á Miðhólum. Að vestan ræður bein lína [strikað yfir, stefna] frá nefndri merkivörðu norður á miðjan Almannakamb, þá Dalsá norður til Syðri-

[101] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.43).
[102] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6. án nr.).
[103] Skjal nr. 2 (63).
[104] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[105] Skjal nr. 2 (70).

> Jökulsár. Að norðan ræður Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp. Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.[106]

Karl E. Friðriksson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd Hólmfríðar Halldórsdóttur. Það var samþykkt af: Hannesi Friðrikssyni fyrir hönd eiganda Austarikróka, Pétri Jónssyni fyrir hönd Hálskirkjulands og Birni Bjarnasyni fyrir hönd Vestarikróka.

Kambsmýrar komust um skeið í eigu Hálshrepps, en voru seldar bónda í Böðvarsnesi árið 1916.[107]

Í umfjöllun Jóns Sigurðssonar í bókinni „Suður-Þingeyjarsýsla“ er vitnað til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um byggð og byggðarmöguleika. Einnig kemur fram, að byggð hafi verið komin þar á árið 1806. Megi ætla, að þar hafi verið oftast búið til ársins 1896. Jörðin var í eyði 1896-1918, en í byggð 1918-1929. Síðan var stundum sumarvist í Kambsmýrum við heyöflun og jafnvel selför. Var selstöðunni ekki að fullu lokið fyrr en skömmu fyrir 1940.[108]

5.6 Kotamýrar

Fram kemur í kvörtunarbréfi séra Odds Bjarnasonar á Þóroddsstað skrifuðu á alþingi 6. júlí 1673 að Björn Magnússon hafi byggt eða byggja látið út úr landi Náttfaravíkur jörðina Kotamýrar sem hann segist ekki vita betur en sé land Þóroddsstaðar. Í bréfi séra Eiríks Þorleifssonar sem hélt Þóroddsstað á 19. öld kemur fram að ráða megi af kvörtunarbréfinu og byggingarbréfi sem sé líklega frá 1638, að:

> Heila landed mót Vestre Hafe Vered þad sem Svíná Heldur framm til Fialla afrettar land Výkum til Heirande, Og so Vel Halded Þóroddsstadar Kyrkiu eign sem Hitt Landstikked frá Svínáróse, Og Náttfara læk til Ofeigshellirs, Jafnvel þótt lykur Dragest [yfirstrikað: til] ad þvi, ad þetta Hafe sá lands partur Vered, sem i fyrstu Hafe giefenn vered til Stadanna i Reikiadal fyrer afréttar land, enn Hafe þó Öndverd lega fyrer Siálfra þeirra Hyrdu Og af skipta leise frá þeim Horfed til Þoroddsstadar, unns Hann þad aptur Miste til Skridu Eyganda i tyd Sr. Gunnlaugs Jons sonar.[109]

Land þetta, sem hafi verið í byggð í meira en 100 ár, hafi með gjöf Jóns Benediktssonar sýslumanns á dánarbeði orðið fasteign fátækra í Reykjadal. Hann efast þó um að Rauðaskriða hafi með löglegum hætti:

---

[106] Skjal nr. 2 (28) a-b.
[107] Skjal nr. 28 (4).
[108] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 132.
[109] Skjal nr. 2 (77). Oddur Bjarnason hélt Þóroddsstað á árunum 1665-1677/78 en séra Gunnlaugur 1660-1665, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Umræddur Björn Magnússon er líkast til samnefndur sýslumaður og klausturhaldari á Munkaþverá 1662-1695, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 235-236. Skriða sú sem talað er um er líkast til Rauðaskriða í Aðaldælahreppi.

> ... ad komest á lande þvi i Öndverdu Haft eptir Orækum máldaga, þvi lysa gamlar lóg festur Hér, sem yfergrípa Heila Kotaland fyrer Vestann Ána, Og Siálfann bænn þar med, Hvórium bádir þeir Fedgar Og þá eigendur Kotalands Lögmadur Benedict af 22 Maí, 1726. Hefir þynglyst á Liósavatne og Prótócolerad á kiærulaust, Og Sómu leides Sonur Hanns Syslumadur Jon n<o>ckrum sinnum i afa Myns Sira Sæmundar Sál. tyd, Og Mót mælte þeim alls ecke.[110]

E. Þorleifsson og Pétur Jónsson votta að bréf Odds sé rétt skrifað eftir frumritinu á Þóroddsstað 4. ágúst 1828. Fjórir menn votta svo að rétt sé skrifað eftir skjölum Þóroddsstaðarkirkju en sá vitnisburður er ódagsettur.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er eftirfarandi:

> Kotamyre kallast eyðikot utantil við Svíná í áðursögðum afrjett [Náttfaravíkum]. Bygt hjer um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðarkirkju og hinna staðanna sem hjer eiga ítök [Grenjaðarstaðar og Múla]. Bygðin varaði fáein ár, því kýtingur var um kotið.
>
> Landskuld meinast að verið hafi 40 álnir í landaurum. ...
>
> Aftur má hjer byggja sem áður segir um Naustavík, þó hjer sje miður til sjávarafla komið.[111]

Í erfðaskrá Jóns Benediktssonar sýslumanns, sem dagsett er 25. september 1775, ánafnar hann fátækum, guðsvoluðum þurfamönnum sem bornir og barnfæddir eru í Reykjadalshreppi Kotamýrar, hjáleigu eða heimaland Rauðaskriðu og 10 hundruð að dýrleika, ásamt landi á Hurðarbaki en að fráskildum reka.[112]

Lögfesta fyrir Kotamýrum var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 11. maí 1810 Inntak lögfestunnar er ekki getið en fram kemur að enginn hafi mótmælt henni.[113]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 5. júní 1816 var lesin upp lögfesta Gísla Jónssonar hreppstjóra á Breiðumýri, fyrir Kotamýrum sem sé fátækraeign Helgastaðahrepps. Inntaks er hins vegar ekki getið.[114]

Lögfesta fyrir kristfjárjörðinni Kotamýrum, fátækraeign Helgastaðahrepps, var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828. Inntak lögfestunnar er hins vegar ekki getið.[115] Á sama manntalsþingi var lesin upp lögfesta séra Eiríks Þorleifssonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio, heimalöndum þess auk lands- og

---

[110] Skjal nr. 2 (77). Jón Benediktsson sýslumaður í Þingeyjarþingi andaðist í Rauðaskriðu 1. maí 1776, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 59. Séra Sæmundur Jónsson hélt Þóroddsstað 1748-1784 og sonarsonur hans séra Eiríkur Þorleifsson 1826-1842, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299.
[111] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 111.
[112] Skjal nr. 2 (287).
[113] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.31).
[114] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.41).
[115] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.45).

rekaítökum en hann taldi að sum þeirra væri flestum mönnum ókunn. Inntak lögfestunnar er ekki getið en Jakob Pétursson hreppstjóri Helgastaðahrepps mótmælti lögfestunni því að hann taldi að hún gengi upp á Kotamýraland, suður fyrir garð þann sem liggi fyrir utan Náttfaralæk.[116]

Jakob Pétursson hreppstjóri var einn af þeim sem mótmælti lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar, fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls, vegna Kotamýra fátækraeignar. Inntaks lögfestunnar, sem lesin var upp á manntalsþingi á Helgastöðum 4. júní 1832, er ekki getið.[117]

Lögfesta fyrir jörðinni Björgum frá árinu 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855. Inntaks er ekki getið en sýslumaður sá ástæðu til þess að geyma fátækraeigninni Kotamýrum allan sinn rétt til löglegra mótmæla því að lögfestan lýsi landeign Bjarga að Svíná.[118]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 23. maí 1856 var lesin upp lögfesta Kotamýra, fátækraeign Helgastaðahrepps, sem dagsett var 25. maí 1822 og þinglesin þremur dögum síðar. Inntaks lögfestunnar er ekki getið en henni var mótmælt af Jóni Einarssyni, ábúanda Bjarga, með tilliti til landeignar Kotamýra á Hurðarbaki til Purkár.[119] Sömuleiðis var þá lesin upp óstaðfest afskrift af lögfestu Bjargalands frá 1679 sem var mótmælt af J. Péturssyni umráðamanni Kotamýra að því leyti sem hún stangaðist á við lögfestu Kotamýra.[120]

Tveir menn votta um vitnisburð Magnúsar Þorvaldssonar sem svarinn var á Þóroddsstað 10. maí 1821. Þar segir Magnús að frá því hann muni fyrst eftir sér, þ.e. í um 40 ár, hafi selanætur verið lagðar fyrir norðan Svíná sem sumir kalli Kotafjöru. Eigendur nótanna og þeir sem hafa lagt þær hafi ætíð fengið leyfi til þess hjá Þóroddsstaðarpresti og greitt honum, en ekki eiganda Kotamýra, ákveðið gjald fyrir. Þessu til frekari staðfestu greinir hann frá því að bræðurnir Sveinn og Jón á Kotamýrum lögðu eitt sinn selanætur sínar fyrir innan Svíná (sem nú er kölluð Purká) með leyfi sýslumannsins Jóns Benediktssonar á Rauðaskriðu. Næturnar sáu þeir aldrei aftur en Magnús segir að þeir hefðu aldrei ráðist í þessa framkvæmd ef sýslumaður, sem var húsbóndi þeirra, hefði haft nokkurn rétt til að leigja þeim nótlög fyrir utan umrædda á.[121]

Þrír menn votta að vitnisburður Magnúsar sáluga, sem var í Naustavík, áhrærandi lagningu selanóta og afgjald þar af fyrir norðan Svíná sé réttur. Mennirnir segjast hafa heyrt og vitað þetta í mörg ár, þ.e. Einar Erlendsson á Björgum í 34 ár, Jón Einarsson á sama bæ í jafn mörg ár, Jón Sturluson á Nýpuá í 30 ár, Þorvaldur Magnússon á Kaldbak í 40 ár, Sören Jónsson á Geirbjarnarstöðum í 35 ár og Hjalti

[116] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).
[117] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.50).
[118] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.57).
[119] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.61).
[120] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.62).
[121] Skjal nr. 2 (77).

Illugason á Granastöðum í 31 ár. Umræddur vitnisburðurinn var bréfaður 20. desember 1820.[122]

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað var mjög ósáttur við að Þóroddsstaður ætti ekki Kotamýrar. Hann samdi 30. janúar 1829 athugasemdir við það sem það sem hann kallaði munnsögn Margrétar, en prestur hafði undir höndum afrit af kaupbréfi Margrétar nokkurrar frá því um 1500 er hún seldi Rauðaskriðu. Hún mun hafa sagt kaupvottum til landamerkja og eigna jarðanna en þeir skrifað frásögn hennar niður síðar eins og bréf þeirra vitnar til um. Í máli hennar segir um eignir Rauðaskriðu:

> Sagde þrátt nefnd Margriet, ad Skrida ætte af Riett á Hurdarbake, og þar allann Reka, Fyrer þvi af Riettar Lande ...[123]

Prestur segir að ljóslega komi fram að rekinn sé fyrir öllu landi en nái þó ekki lengra suður en til Galtahellis. Af því er ljóst að landið í vestanverðu fjallstaglinu hafi ekki heldur náð lengra suður því að annars hefði rekinn átt að ná til Litlufjöru suður. Það hafi hins vegar aldrei verið tilfellið heldur hafi forvaði Galtahellis verið rekamark Rauðaskriðu að sunnan frá fyrstu tíð. Hann heldur áfram og segir þessi:

> ... tvi tekenn Orda tiltæke Margrétar; *og þar*, og aptur, *Fyrer þvi lande*, Syna lióslega land Vógstenn i fiallenu ad Vestan, sem allur grase gróenn á þeirre tíd, Hefur Vered nógur fyrir fiár af Rétt frá Skridu ...[124]

Prestur segir jafnframt að mögulegt sé að kaupvottarnir hafi misheyrt orð Margrétar og hún sagt Urðarbak en ekki Hurðarbak. Urðarbak sé hins vegar réttnefni því að fyrir meiri hluta rekans liggi urð sem beri heitið Stóraurð en af henni hefði rekinn mátt taka nafnið Urðarreki. Í þeim fjallshala að austan sem liggi fyrir rekanum hafi aldrei graslendi verið heldur aðeins meitilberg og urð allt á brún upp þannig að fjallsheitið hafi af því með réttu mátt kallast Urðarhali en aldrei Hurð. Einnig bendir séra Eiríkur á að Margrét eigni Rauðaskriðu allan reka þó að Grenjaðarstaður eigi þar ¼ hluta í hval. Það sýni að Margrét gæti hafa haft rangt fyrir sér í fleiri atriðum en þessu og sömuleiðis sé ekki að sjá að Margrét hafi kallað til votta til þess að sanna orð sín og því sé kaupbréfið byggt á vottlausri sögn Margrétar sem geti ekki jafngilt óhnekkjanlegum máldaga.

Hann heldur áfram og segir að Björn Magnússon eigandi Rauðaskriðu hafi fyrstur manna eignað sér land vestan Svínár, vestur frá nefndum fjallshala á árunum 1654-1665 og hafi þá byggt þar kotið. Síðan hafi Benedikt Þorsteinsson lögmaður útvegað sér vitnisburði um að sú bygging hefði ekki verið ákærð og að eigandi Rauðaskriðu hafi tekið landskuld af kotinu. Jón sýslumaður, sonur Benedikts, muni

[122] Skjal nr. 2 (77).
[123] Skjal nr. 2 (78) a-b.
[124] Skjal nr. 2 (78) a-b.

svo hafa sagt séra Sæmundi Jónssyni, afa séra Eiríks, og látið það víðar út berast að í máldaga Rauðskriðu stæði:

Skrida á allt þad land sem ad Hurd hilur.[125]

Hann hafi því gegn betri vitund breytt orðum Margrétar og eignað sér alla framdali mót vestri og þ.á m. hið forna Helgastaðasel sem sýni enn þann dag í dag þá afstöðu hvar „afrétt“ staðanna í Reykjadal hafi til forna verið. Það komi því ekki á óvart að hann á dánarbeði sínu gæfi fátækum þetta illa fengna land til þess að friða samviskuna.

Einnig getur séra Eiríkur þess að Jakob Pétursson, sem sé búinn að vera hreppstjóri í um 11 ár, hafi helgað sína hreppstjórn með því að lögfesta og brúka Austurdal suður frá Skriðureka og Skarðsmýrar suður í gegn. Síðan hafi hann lögfest og boðið upp land Þóroddsstaðar og fjörugögn fyrir norðan Svínárós til brúkunar.

Umsögn sína endar séra Eiríkur með því að segja að hann hafi sýnt fram á hvernig kot hafi verið byggð og menn síðan smám saman fært sig upp á skaftið með rangri sögn og tálskrift í formi lögfesta sem byggðar voru á ásælni en engum rétti. Hann segir að ofangreindar upplýsingar varðandi máldaga Rauðuskriðu séu að mestu leyti skrifaðar eftir Jóni Jónssyni bónda á Rauðaskriðu. Þær séu þó einnig sumpart samhljóða vitnisburði Þóroddsstaðarskjala einkum varðandi þann tíma er séra Gunnlaugur Jónsson hélt staðinn[126] en í hans tíð gekk hvað mest undan staðnum og kirkjunni, hvorttveggja eignarland og lausir aurar.[127]

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkur. Þar lýsti hann gremju sinni yfir því hversu illa forverar hans hefðu varið eignir kirkjunnar og ekki komið í veg fyrir að ítölur kæmist á land kirkjunnar.

Vildi Eiríkur meina að Kotamýrar hefðu verið hluti af því landi en sýndist torvelt að ná þeim aftur undir kirkju sína en Björn Magnússon eigandi Rauðaskriðu byggði þær úr eyði og eignaði Rauðaskriðu sem hjábýli í tíð séra Gunnlaugs Jónssonar sem var ekki maður til þess að hindra það. Eftirmaður hans, séra Oddur Bjarnason, klagaði þetta á alþingi 1673 fyrir biskupi og landfógeta Jóhanni Klein. Þeir hefðu úrskurðað landið Þóroddsstað og séra Oddur notað það fyrir „afréttarfé“ eftir sem áður og við það hefði kotið farið aftur í eyði. Það hefði því aldrei komist nein veruleg hefð á kotið undan Þóroddsstað fyrr en að sýslumanni Jóni Benediktssyni látnum en á banasæng sinni hafi hann gefið fátækum í Reykjadal áð. Það gerðist í tíð séra Sæmundar Jónssonar, afa séra Eiríks, en að hans sögn grátbað Halldóra systir hans, ekkja Jóns sýslumanns, að svipta ekki látinn eiginmann sinn ærunni fyrir tiltækið. Eiríkur segist ekki muna hverjir voru til heimilis á Þóroddsstað á þessum

[125] Skjal nr. 2 (78) a-b.
[126] Gunnlaugur Jónsson hélt Þóroddsstað á árunum 1660-1665, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298.
[127] Skjal nr. 2 (78) a-b.

tíma, aðrir en foreldrar hans sálugir, enda var hann barn að aldri og þeir líkast til allir fallnir frá. Hitt mundi hann að opinberlega var um þetta rætt svo að viðstaddir heimilismenn hafi getað heyrt um það talað. Við það hafi staðið síðan. Þótt faðir hans sálugi, séra Þorleifur Sæmundsson, hafi ekki kært það til þings þá hafi hann lýst því á þingi að tiltækið væri ólögmætt en sýslumaður hafi ekkert gert í því frekar. Hins vegar megi ljóslega sjá á jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að þar séu Kotamýrar ekki taldar með hjábýlum Rauðaskriðu heldur Þóroddsstaðar eins og von var. Einnig sýni jarðabók Skúla Magnússonar landfógeta berlega að hvorki Benedikt lögmaður né sonur hans Jón sýslumaður hafi þorað opinberlega að telja Kotamýrar með hjábýlum Rauðaskriðu eða sem eign sína. En staðfestir máldagar sýni að Rauðaskriða hafi aldrei átt svo mikið sem þverfótarbreidd í því landi heldur aðeins Þóroddsstaður sem hafi leigt kotslandið öðrum m.a. undir „afréttarfé“.

Frá því að Björns Magnússon byggði Kotamýrar hafi ákærur staðið upp á þær frá feðgunum Benedikt og Jóni. Eiríkur prestur hefur eftir Sören Jónssyni að faðir hans Jón Árnason hafi, þegar hann var vinnumaður hjá Jóni sýslumanni, heyrt sýslumann formæla þeim forna landamerkjagarði milli Naustavíkur og Kotamýra. En afstaða landamerkjagarðsins olli því að honum tókst ekki að klófesta landið út að þeim garði ásamt verstöðu Náttfaravíkur sem að fornu hafi verið lendingarstaður kotsins. Menn hafi þó fært sig upp á skaftið og í tíð forvera séra Eiríks reynt að ná landinu út í garð þennan og verstöðunni með. Hann vonaðist til þess að það yrði til þess að kotið yrði aftur fært undir Þóroddsstað en ekki sé enn komin 100 ára hefð fátækra á landinu. Ef samin yrði bænarskrá til konungs um málið þá myndi hann eflaust telja að kirknafénu hafi verið stolið handa fátækum. Hann segir ef Jón Kristjánsson verði aðstoðarprestur sinn og fái staðinn eftir sig muni faðir hans tæpast geta styrkt hann til þess að það gerðist. Fái séra Þorsteinn á Hálsi, viðtakandi bréfsins, hins vegar staðinn þá skuli hann líta á bréfið sem hugvekju skrifaða í vinsemdarskyni.[128]

Kotamýrar ber á góma í greinargerð séra Eiríks Þorleifssonar um Náttfaravíkur, frá 11. desember 1840, og vísast því á umfjöllun í Þóroddsstaðarhlutanum í Náttfaravíknakaflanum.

Eiríkur Þorleifsson skráði í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 að Kotamýrarból væri eyðihjáleiga Þóroddsstaðar. Einnig stendur:

> … Jtolurnar, sem maldagar nefna fyrir austan fliót og á Flióts Sandi millum ósanna, hafa verit endurgialds Jtölur eptir ingeingnum Samningum, [úti á blaðjaðri er bætt við: n. b. og sennilega vísað niður en þar er skert og verður fyrsta orðið alls ekki lesið með vissu: fyri? fiár rekstr í vykna afrétt fyri

[128] Skjal nr. 2 (111) a-b. Jón Kristjánsson varð aðstoðarprestur á Þóroddsstað 17. júlí 1836 og fékk staðinn eftir séra Eirík Þorleifsson, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299. Faðir séra Jóns Kristjánssonar var Kristján Jónsson dannebrogsmaður og umboðsmaður á Illugastöðum, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 212-213.

> Kotamýra landi og fleira] og þær allar hafa við komandi Staðir fyrir laungu siðan undir sig tekið, og þar með þeim Skiptum siálfir svo uppsagt at þeir framar ekki hafa rétt til, eptir nokkru í landi at lýsa hiá þessum Stað í Máldaga skini. …[129]

Kotamýrar (Kotamýri) teljast tilheyra fátækum í Helgastaðahreppi, gefnar af Jóni Benediktssyni heitnum sýslumanni, samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að jörðin sé sögð 10 hundruð og að þar fóðrist sex sauðir. Árstekjur af afréttarleigu eru einn ríkisdalur. Í jarðamatinu er einnig minnst á að skriður skemmi úthaga.[130]

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Kotamýrar:

> Kotamýrar kristsfjárjörð talin 10 hndr. að dýrleika. ... Eingi nokkuð að víðáttu, bæði þurru og votu, fremur reitíngslegt, sæmilega heygott. Landrými sæmilegt; gjeldfjárupprekstur til hagræðis; allgóð málnyta ... Þræta er hjer á landshluta nokkrum milli Bjarga, um hvað seinna verður gjetið. ...[131]

Einnig er minnst á að

> Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álýtst nægur afrjettur handa 100 lömbum. [132]

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki eyðijarðarinnar Kotamýrar. Eftirfarandi upplýsingar um Kotamýri eru einnig fengnar úr matinu:

> Jörð þessi, sem hefir verið í eyði síðan 1909, liggur í dalverpi upp til fjalla, afar afskekkt. Engjar litlar mjög og tún fallið í órækt. Landrými nokkurt og landskostir góðir, en afar snjóþungt. Hús eru niðurfallin og hafa eigendur leigt nytjar landsins undanfarin ár fyrir 15-20 krónur.[133]

Þann 23. maí 1890 var landamerkjaþræta Bjarga og Kotamýra tekin fyrir í aukarétti Þingeyjarsýslu. Eftir að málsaðilar höfðu tekist nokkuð á fyrir réttinum, m.a. með vitnaleiðslum, komu þeir sér saman um að málinu skyldi frestað meðan þeir reyndu til þrautar að ná sáttum sín á milli.[134] Virðist það hafa tekist, því að umboðsmaður Kotamýra skrifaði undir landamerkjabréf Bjarga árið 1891.

Um Helgastaði á Kotadal segir Jón Sigurðsson í Yztafelli:

> Innarlega á Kotadal, og skammt frá jökli, heita Framdalsmóar. Þar segja sagnir, að verið hafi 8 bæir og heil kirkjusókn. Ekki sést þó djarfa þar til rústa nema á einum stað, og nefnist þar Helgastaðir, og er ekki öðrum stöðum nafn

[129] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[130] Skjal nr. 2 (61).
[131] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[132] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[133] Skjal nr. 2 (68).
[134] Skjal nr. 2 (3).

gefið. Ekki eru þarna meiri rústir en svara mætti vænum heygarði. Heyjja mætti þarna sem svarar 30 heyhestum.[135]

Eftir að byggð þeirri lauk, sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, munu Kotamýrar hafa legið í eyði til ársins 1787. Eftir það var byggðin samfelld (eða nær því) til ársins 1910. Engin byggð hefur verið þar síðan.[136]

Eiríkur Þorleifsson talar um Helgastaðasel, sem Kotamenn kalli nú Helgastaði, og vitnar til nokkurra nafngreindra manna í greinargerð sinni 11. desember 1840.[137] Sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknakaflanum.

Landamerkjum Kotamýra og Naustavíkur er lýst í skjali frá árinu 2007. Sjá Naustavík.

5.7 Náttfaravíkur (Naustavík)

Eins og sagt var í umfjöllun um landnám eru ýmsar sagnir af Náttfara í Náttfaravík í Landnámu. Bæði Sturlubók og Hauksbók segja Náttfara hafa verið með Garðari Svavarssyni í Íslandsferð hans. Í Sturlubók er þetta:

> Um várit, er hann [Garðar] var búinn til hafs, sleit frá honum mann á báti, er hét Náttfari, ok þræl ok ambátt. Hann byggði þar síðan, er heitir Náttfaravík.[138]

Hauksbók segir Náttfara hafa komið í Náttfaravík fyrir utan Skuggabjörg þegar skipsbátur Garðars slitnaði frá skipinu. Síðar segir:

> Náttfari var eptir með þræl sinn ok ambátt; því heitir þar Náttfaravík.[139]

Sturlubók segir síðar m.a. um landnám í Reykjadal:

> Náttfari, er með Garðari hafði út farit, eignaði sér áðr Reykjadal ok hafði merkt á viðum, en Eyvindr rak hann á braut ok lét hann hafa Náttfaravík. [140]

Jakob Benediktsson segir þessa frásögn einnig vera í Reykdæla sögu, en þar sé stuðst við forna Landnámugerð, eldri en Sturlubók, og vísar til bókar Jóns Jóhannessonar, „Gerðir Landnámabókar“[141]

Í landnámskaflanum eru einnig vangaveltur um réttindi staðanna, Helgastaða, Grenjaðarstaða og Múla í Náttfaravíkum og hugsanleg tengsl þeirra við landnámsmenn.

Elsta heimild, sem fundist hefur um Náttfaravíkur í Íslenzku fornbréfasafni, er í skrá um landamerki Hafralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða í Þingeyjarsýslu sem talin er frá því um 1263. Þar segir að Garður í Aðaldal eigi:

---

[135] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 180.
[136] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 179-180.
[137] Skjal nr. 2 (74) a-b.
[138] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 36.
[139] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 35.
[140] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 276.
[141] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 277.

... gelldfiar Rextur i kalfagrufur j vikur sem þarf ...[142]

Ekki verður séð að minnst sé á þennan rétt í beinum tengslum við Garð annars staðar, enda hefur ekki verið leitað sérstaklega að skjölum varðandi Garð. Hins vegar víkur Eiríkur Þorleifsson að þessu á nokkrum stöðum í skrifum sínum, sem oft verður vitnað til hér á eftir.

Allnokkrir kirkjustaðir áttu réttindi í Náttfaravíkum, Grenjaðarstaður í Aðaldal og Helgastaðir í Reykjadal áttu þar „afrétt“ og Grenjaðarstaður önnur ítök að auki, Múli í Aðaldal átti þar „rekstur gömlu fé“, Þóroddsstaður átti þar samkvæmt máldögum reka og gerði að auki kröfur um eignarhald á Náttfaravíkum, sem virðist hafa verið viðurkennt a.m.k. að nokkru leyti, Háls- og Ljósavatnskirkjur áttu þar rekaítök svo og Munkaþverárklaustur og Ljósavatnskirkja „geldfjárrekstur“ að auki. Bera máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups frá árinu 1318 vitni um réttindi allra þessara kirkna. Sömuleiðis er getið um þau í máldögum Péturs Nikulássonar biskups frá 1394 og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461-1510, nema reki Ljósavatnskirkju er ekki nefndur í Pétursmáldögum og Ljósavatn er ekki í máldagabók Ólafs, en hins vegar er þar talað um Ljósvetningareka sem Hálsmenn eigi í.

Til þess að fá sem gleggsta yfirsýn yfir þessi ítök og réttindi einstakra staða hefur verið brugðið á það ráð að fjalla um hvern kirkjustað fyrir sig og síðan þær jarðir sem byggðust í Náttfaravíkum, Kotamýrar, Naustavík og Vargsnes, en alltaf verður einhver skörun þar á milli.

Um rekaréttindi í Náttfaravíkum er þess að geta að Hálskirkja átti reka milli Hvanndala og Svínár (síðar Purkár), Munkaþverárklaustur reka frá Ófeigshelli til Svínár og frá Ófeigshelli til Mjósyndis og í skjölum Þóroddsstaðar er líka talað um reka út frá Ófeigshelli til Mjósyndis. Mjósyndi var samkvæmt uppskriftum Skúla Tómassonar og Eiríks Þorleifssonar af skýrslu um eignir Þóroddsstaðar frá 1599 hið sama og Dalsárós. Í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er talað um Eyrarreka sem hluta af Náttfaravíknarekum.

Oft kom upp ágreiningur um réttindi í Náttfaravíkum og tengdust þau fyrst og fremst Þóroddsstað en prestar þar töldu Náttfaravíkur heimaland Þóroddsstaðar. Mest er til af skjölum og skjalauppskriftum frá dögum Eiríks Þorleifssonar, sem hélt Þóroddsstað 1827-1843, en hann var prestssonur frá Þóroddsstað.[143] Þorleifur Sæmundsson, faðir Eiríks, var aðstoðarprestur og síðar prestur á Þóroddsstað 1774-1808[144] og Sæmundur Jónsson, afi Eiríks, var þar prestur 1747-1784.[145] Átti Eiríkur í ýmsum deilum, svo sem við Múlaprest vegna landamerkja Múlajarðanna Syðri-Leikskálaár og Geirbjarnarstaða og við Hálsprest vegna ítaka Hálskirkju. Einnig vildi

[142] Skjal nr. 2 (301). Í öðru handriti stendur: „Kálfagrafer“.
[143] Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár I, bls. 427.
[144] Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár V, bls. 187.
[145] Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár IV, bls. 383-384.

Eiríkur meina að Kotamýrar tilheyrðu í rauninni Þóroddsstað. Skrifaði hann allmikið um þessi mál, sem tekið verður upp hér á eftir í undirkafla um Þóroddsstað og köflum um Kotamýrar og Vargsnes. Er þar þó um ýmsa skörun að ræða.

Til er vitnisburður og staðfesting Ólafs biskups Hjaltasonar á ítakarétti Granastaða í Hólastaðarjörð, 2. september 1561, 29. júlí 1597. Ólafur segir að hann hafi 8. maí 1561 séð nær 114 ára gamalt bréf með heilum og ósködduðum innsiglum og þar hafi m.a. komið fram:

> ad jordin Granastader ætti afrett j Nat[t]faravikur aullum gelldfenadi. þar j mot skylldu Granastadamenn hallda vpp rettum gomlvm sem retta skylldi fie a haustin.[146]

Ekki hafa komið fram frekari upplýsingar um þetta ítak Granastaða í Náttfaravíkum.

Árið 1580 var dæmt um réttindi Helgastaða í Náttfaravíkum. Er um það fjallað í undirkafla um Þóroddsstað hér á eftir. Þar er einnig dómur um réttindi Grenjaðarstaðar árið 1597 og sömuleiðis álit Guðbrands biskups Þorlákssonar vegna réttinda Grenjaðarstaðar og Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum 1613, þar sem hann segist ekki kunna betur að skilja en kirkja á Stað eigi land og reka fyrir Náttfaravíkum hátt og lágt og Náttfaravíkur sé honum sagðar að kallist land allt milli Ófeigshellis og lækjar þess, sem kallist Svínalækur ef hann minni rétt.

Til eru tvær efnislega samhljóða skýrslur um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá árinu 1599, þar sem segir að Þóroddsstaðar heimalandi fylgi frá aldaöðli allur miðhluti Náttfaravíkna með öllum landsleigugögnum og gæðum til fjalls og fjöru milli Svínár og Ófeigshellis. Um þær er fjallað í undirkaflanum um Þóroddsstað hér á eftir.

Á Helgastaðaþingi árið 1639 báðu Jón Gissurarson prófastur í Múla og séra Guðmundur Bjarnason á Grenjaðarstað um að dæmt yrði um hvort að þeir mættu ekki halda þeim rekum, afréttum og ítökum sem væru eign kirkna þeirra samkvæmt máldögum. Dómur var ekki kveðinn strax upp í málinu, því talið var að fleiri þyrftu að vera viðstaddir, en stuttu eftir að beiðni Jóns og Guðmundar kom fram sendu Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðarson frá sér tilkynningu þar sem fram kom að þeim þætti þetta réttlát krafa.[147] Má líta til þessa með tilliti til þess að kirkjurnar í Múla og Grenjaðarstað áttu ítök í Náttfaravíkum.

Ljóst er að byggð hefur verið í Náttfaravíkum fyrir 1670 að óvilja Helgastaðaprests, sbr. lögfestu hans árið 1669.[148] Sjá undirkaflann um Helgastaði hér á eftir.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 stendur eftirfarandi:

---

[146] Skjal nr. 2 (228).
[147] Skjal nr. 2 (250) a-b.
[148] Skjal nr. 2 (118) a-b.

Náttfara Vijkur, kallast almennilega Vijkur, heitir eitt landspláss eður afrjettarland út frá Björgum og þeirrar jarðar landi millum Svínár og Ófeigshellirs.

Eigandi þessa lands Staður í Kinn, fyrir utan það sem aðrir staðir eiga hingað ítök í þennan afrjett.

Rekavon er í betra lagi fyrir þessum afrjett, en hepnast misjafnt, því festifjara er lítil, og á Múnkaþverár klaustur og Grenjaðarstaður ítök í þessum reka eftir máldögum.

...

Upprekstur hefur ekki brúkast í þennan afrjett í lánga tíma, nema einstöku sinnum af Staðarkirkju sóknarmönnum eður fáeinum austan yfir fljótið, og var þá afrjettartollur lítill og óákveðinn.

Naustavijk heitir eyðikot í þessum afrjett, bygt fyrir manna minni, en hefur nú í eyði legið næstu 5 ár.

Dýrleikinn óviss, því kotið tíundaðist ekki.

Eigandinn beneficium Staður í Kinn ut supra.

Landskuld var hæðst 1x álnir, oftast minni, xl álnir og stundum xxx álnir. Betalaðist í landaurum heim til staðarins.

Að auk áðursagðrar landskuldar galt ábúandi, þegar að hann hafði nokkurn peníng töluverðan, til Grenjaðarstaðar xl álnir og til Múla xxx álnir fyrir beit í afrjettinum, því staðirnir eiga híngað geldfjár upprekstur, en ekki vita menn hvörsu lengi þetta gjald stóð.

...

Verstöður hafa verið þrjár, ein hjer í heimalendingunni, önnur í Skálavík þar út frá, þriðja í Rauðuvík þar fyrir utan ...

Vertollur var lóðarfiskur ... og tók staðarhaldarinn helmíng þessra lóðarfiska, en annan helmíng presturinn á Grenjaðarstað, sem til hans kallaði sinnar kirkju vegna. Að fornu er sagt að Staðarprestur hafi notið þeirra allra, og hafi þá skipin gengið færri.

...

Aftur má byggja, þó heyskapur sje lítill, vildu staðarhaldararnir að Múla og Grenjaðarstað það samþykkja, en þeir ömuðust heldur við þessari bygð, og þótti hún ekki vera að lögum í afrjettinum.[149]

Naustavík er meðal hjáleigna Þóroddsstaðar samkvæmt jarðamatinu 1804. Þar má hafa þrjá vetrargamla sauði. Einnig kemur fram í matinu að jörðin hefur nokkrar

[149] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 109-110.

tekjur af sjávarfangi, þ.e. selveiði sem gefur 8 kúta lýsis og þorskveiði á sumrin, en hún er ætluð 2 vættir í hlut. [150]

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 var eftirfarandi skráð:

> Undir þetta Beneficium liggia Hiáleigurnar Ofeigstadir med 1u Kúgilde og 80u ál. Landskuld og Torfunes dto med 1u Kúgilde, og 50 al. Landsk. samt Náttfaravÿk med 60 ál. Landsk. og engu Kugÿlde.[151]

Þorvaldur Magnússon bréfaði vitnisburð um landeign Naustavíkur, kirkjujarðar Þóroddsstaðarkirkju, að Kaldbak 21. apríl 1822. Þar segir hann að Naustavík hafi notað:

> ... áfrju laust allt land fyrer Nordan læk þann er Nattfara lækur Var Kalladur i þaug 40 ár er eg til þess visse, enn þó á Seinustu árum er eg þar Var, brúkade Kotamÿra ábúande lytenn Part fyrer Nordann Nefndann læk, lyklega med leife Stadar prests ...[152]

Þorsteinn Bergþórsson vottar 12. maí 1822 á Granastöðum að vitnisburður Þorvalds sé sannur og órækur að svo miklu leyti sem hann þekki til en hann hafði verið 22 ár í Naustavík. Loks var það vitnisburður Sigurðar Þorsteinssonar á Kotamýrum sem einnig var bréfaður 12. maí 1822. Þar segir hann að ofangreindir vitnisburðir séu sannir og að í þau rúmu 20 ár, sem hann hafi verið á Kotamýrum, hafi hann aldrei slegið ofangreindan landskækil, sem sé bæði vesæll og afraksturslítill, án leyfis Þóroddsstaðarprests sem hafi leigt honum hann fyrir bón fyrrverandi húsbónda síns Gísla heitins Jónssonar klausturhaldara.[153]

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur:

> Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Eingi lítið og reitíngslegt fremur ógrasgjefið, en allvel heygott, vegna afstöðu þess verður aðflutníngur heis örðugur. Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frían upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið, sljett, fremur ógrasgjefið, en líklegt til ræktunar; fóðrar ½ kú; að öðruleiti er lýsíngin á eingi og úthaga hin sama og á Naustavík. ...[154]

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 er hreppstjóri Ljósavatnshrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Naustavíkur. Þinglesin landamerki finnast ekki, en land óskipt við Vargsnes, að öðru en túni og engjum. Eftirfarandi upplýsingar um Naustavík eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar: Þó heyskapur líka sóttur í fjarlægð, til fjalls, reitingslegur.

---

[150] Skjal nr. 2 (61).
[151] Skjal nr. 2 (176) a-b.
[152] Skjal nr. 2 (77).
[153] Skjal nr. 2 (77).
[154] Skjal nr. 2 (65) a-b.

> Búfjárhagar: Land víðlent og kjarngott. Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. Heimaland notað til upprekstrar, eptir sveitarsamþykkt.[155]

Nöfn ábúenda í Naustavík eru þekkt, frá því um móðuharðindi og til ársins 1938, þegar jörðin fór í eyði. Raunar var þar búið fardagaárið 1940-1941, en ekki lengur.[156]

Virðing á kirkjujörðinni Naustavík ásamt eyðibýlinu Vargsnesi var framkvæmd 3. júlí 1918 vegna áformaðrar sölu. Virðingarmennirnir segja að tún jarðarinnar sé ekki véltækt sökum þess að það liggi í allmiklum halla og sé mjög grýtt. Ekki er mögulegt að stækka túnið því að sunnanverðu eru gil og grjótskriður, að ofan stórgrýttir hávaðar til fjalls, að norðan mýrlendi og að neðan sjór. Engjarnar eru að mestu hallfleyttar, blautar mýrar og hálfdeigjur í einu lagi norður frá túninu og eru þær óaðgengilegar heyvinnuvélum vegna þess hversu illfært þar er og sökum halla landsins auk þess sem hætt er við grjóthruni úr snarbröttum fjallakömbum og urðarskriðum. Auk aðalengisins í „Víkinni“ sjálfri eru slægjur nokkrar utar og ofar í fjallinu. Gripahagar eru fremur litlir og lélegir í giljum og hvilftum milli Naustavíkur og eyðibýlisins Kotamýra. Vetrarbeit er sögð stopul eftir komu fyrstu haustsnjóa. Nokkra útbeit mætti þó hafa ef beitarhús væru höfð í fjallinu þar sem þau voru til skamms tíma. En þaðan mætti ná til þess hluta landsins sem er hvað jarðsælastur en ekki hægt að nota að heiman vegna langræðis og bratta. Mór, sem ávallt var tekin upp í fjallinu, er nú genginn til þurrðar. Fremur lélegur mór hefur hins vegar fundist milli Naustavíkur og Kotamýra og er hann tekinn árlega. Eyðibýlið Vargsnes var í byggð á árunum 1843-1904. Það var ysti bær í Náttfaravíkum og telst hjáleiga frá Naustavík án sérstaks dýrleika en land er óskipt milli jarðanna nema tún og engjar. Þess er getið að ábúandi Naustavíkur hafi haft Vargsnes á leigu undanfarin ár og noti hann túnblett og engjareitur til upprekstrar fyrir sjálfan sig og leigi þar að auki hreppsbúum „afréttarland“.[157]

„Kirkjujörðin“ Naustavík með Vargsnesi, 23,5 hndr. með húsum og öllum gögnum og gæðum, var seld af ráðherra 10. maí 1922.[158] Bjargabóndi eignaðist jarðirnar í makaskiptum árið 1954 og var þá gerður samningur til 80 ára um leigu á upprekstri í landið til bænda á Granastöðum I og II, Ártúni og Nípá.[159]

Landi í Naustavík lýsir Jón Sigurðsson í Yztafelli svo:

> Landið er vítt og vel gróið til fjallsins, engjar allmiklar, hagar góðir og fjörubeit, og landkjarni mikill. ... Í skjölum frá 15. og 16. öld sést, að Naustavík hefur þá öðruhvoru verið í eyði. En rústir fjögurra eyðibýla, rétt í kringum túnið, sýna, að hér hefur einhvern tíma verið höfuðból með fjórum hjáleigum. Rústirnar líta út sem samaldra og eru mjög fornlegar, með

[155] Skjal nr. 2 (68).
[156] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 178-179.
[157] Skjal nr. 2 (276).
[158] Skjöl nr. 2 (276) og nr. 13 (5).
[159] Skjöl nr. 9 (5-6).

aðgreindum girtum túnum. Einnig sjást þar sérstakar girðingar, aðgreindar frá eyðibýlarústunum, sem sennilega gætu verið akurgerði.[160]

Árið 2007, 13. mars, voru skráð landamerki Naustavíkur/Vargsness og Kotamýra. Stóðu að því fulltrúar eigenda Naustavíkur/Vargsness og bræður tveir, Sigtryggur (f. 1924) og Sigurjón (f. 1928) Kristjánssynir, fæddir í Naustavík og uppalnir þar til ársins 1938:

> Heimildum Nau<s>tavíkurbræðra ber fyllilega saman við alkunn merki [yfirstrikað: merki] Naustavíkur/Vargsness lands að norðan, enda voru það hreppamörk, eða nánar Haugsker í sjó, þaðan í Ófeigshelli í Haugshorni og eftir Haugsgili til hábungu Hágangna. Ber þessu saman við landamerkjabréf Knarrareyra<r>, þó þar sé knappar lýst og notað örnefnið Rauðhola í stað Ófeigshellis.
>
> Ágreiningslaus er<u> merki þessara jarða að vestan, þ.e. á hæðstu grjótum sem skilja að Náttfaravíkur og Flateyjardal.
>
> Landamerki milli Naustavíkur/Vargsness og Kotamýra, fylgja Náttfaralæk frá sjó upp að götum, nú vegi og þaðan beina línu syðst í Nónfjall og þaðan norður og upp á hrygg sunnan dalverpis upp úr Naustavík og eftir háhryggnum uppeftir svo langt sem nær og síðan beina stefnu í hyrnu sem skilur að Naustavíkur- og Kotabotna og þaðan í hágrjót. Sjá uppdrátt á bakhlið.
>
> Bræður mundu ótrúlega glöggt öll kennileiti í Náttfaravíkum og studdu mjög vel fyrrgreind landamerki með kunnum örnefnum.[161]

5.7.1 Þóroddsstaður

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups árið 1318 segir að Þóroddsstaðarkirkja eigi reka:

> j vijk wt þridiungur af Tolftungi alls huals. sijdann skal þridiungur alls huals til þessara kyrkiu. Aull trie skemre enn. xx. feta. Tueir hlutir hins stærra vidar …[162]

Máldagi Péturs Nikulássonar frá 1394 segir Þóroddsstaðarkirkju eiga:

> Reki j vijk vt. þridiungur af tolftungi alls huals til þessar kyrkiu. aull trie skemri enn. xx. feta. Tueyr hluter hins stærra vidar vt fra Ofeygshelli til miosyndis halfur attungur hualreka og vidar j flutningu millum Osahals. halfur attungur huals og vidar huort sem er fluttur eda rekinn.[163]

---

[160] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 177-178.
[161] Skjal nr. 12 (2).
[162] Skjal nr. 2 (185).
[163] Skjal nr. 2 (191).

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árunum 1461-1510 er að mestu samhljóða:

> Reki j vik vt þridiungr af tolftungi allz huals. sidan skal þridivngr allz huals til þessar kirkiu. aull tre skemre en. xx. feta tueir hluter hins stærra vidar. vt fra ofeigshelli til miosyndis halfr attungr hualreka oc vidar ok j flutningum.[164]

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Stad I Kinn
>
> Hun a allt heima land, ... Reki I vÿk vt, þridiungur af tolftungi allz huals, Sÿdan skal þridiungr allz huals til þessarar kirkiu, öll trie skiemri enn 20 feta tueir hlutir hinz stærra vidar, vt fra ofeigs helli, til miosyndis, haalfur aattungr hualreka og vidar, og I flutningum, millum ösa, haalfur flutningur huals og vidar, huort sem er fluttur eda rekinn, vestur fraa Biarnar aa til Sennungar vÿkur, haalfur aattungur hualz og vidar, huort sem er fluttur eda Rekinn, torf skurdur I Bergstada landj 4 tolf fedmingar, vidum I Stadarhollt Anno christi 1471: ...[165]

Skoðunargerð á Staðarkirkju 26. febrúar 1686 sem er í vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, er þessu samhljóða, hvað rekaréttindin varðar.[166]

Vísitasía Jóns biskups Vigfússonar á Stað í Kinn 11. ágúst 1687 er ekki alveg samhljóða:

> Enn Maldaga Book Su Sem fir [Strikað yfir, af] er anefnd I þessare visitatiu og herra Thorlakur er fyrerskrifadur helldur ad til þessarar kyrkiu Liggie heimaland, ... reki I Vijkum Vt, af oskiptum hual tolftungur alls hvals, Sijdann Skal Þridiungur alls huals til þeirrar kyrkiu leggiast, Trie tuttugu feta, og þadann af Skiemra, Tueir hluter hins Stærra Vidar, Vt fra ofeigs Heller til miósindis, halfur attungur hualreka, Vida og flutninga, millum ósa. Enn halfur attungur huals og vidar huort sem er fluttur eda rekenn, Vestur fra Biarnaraa til Semmingar Vijkur halfur áttungur huals og Vida, Huort sem er fluttur eda rekenn. ... Hier ad auke frammlagde nu presturenn Sr Jón Þorgrijms Son, dóm Sal. Herra Gudbrands med 3 hangandj Insiglum Vidvijkiandi Gagnsmunum af NáttfaraVijkum. ...[167]

Árið 1597 var á prestastefnu á Helgastöðum í Reykjadal dæmt að Grenjaðarstaðarkirkja ætti auk annarra ítaka, sem stæðu í máldögum, eftirfarandi ítölu í Náttfaravíkum: Hálft fiskiver, þ.e. hálfa lóðarfiska og lóðarlykkjur af hákarlsafla og viðun að helmingi eða eldiviðartak, skálastöðu og skips, sem að fornu verið hafði, allt til móts við Staðarkirkju í Kinn. Bar Grenjaðarstaðarprestur fyrir sig meira en 200 ára gamlan máldaga, gamalla manna vitnisburði og langt hefðarhald forvera sinna. Dómur

---

[164] Skjal nr. 2 (201).
[165] Skjal nr. 2 (129) a-b.
[166] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[167] Skjal nr. 2 (147) a-b.

þessi var staðfestur af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og fimm mönnum öðrum 17. febrúar 1601.[168] Guðbrandur átti eftir að komast að annarri skoðun árið 1613, sjá hér síðar.

Í Þóroddsstaðarskjölum er skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju 1599 í uppskrift séra Eiríks Þorleifssonar með athugasemdum hans:

> ... Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna med öllumm Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs ... Reke í víkumm mille Svínár-óss og Ofeigs Hellirs, á þar Grenjadarstadur 3, Múkaþverá 4, enn Þóroddstadur 5 tólftu parta alls Hvals ítölulausa, þar á Þverár klaustur þridjung Stórvida, þeirra trjáa sem meire eru enn 10 álna, enn Þóroddstadur á þar öll 10. álna tré og þadann af Smærre tiltölulaus annarstadar ad og óskérdta 2/3 parta allra stórvida útfrá Ófeigs Hellir til Mjósyndis edur dalsáróss, allur 16de partur Hvalreka og vidar, og flutnínga, Mille Miósyndis og Bjarnarárósa sömuleidis allur 16 partur Hvals og vida, hvört sem er fluttur eda rekenn, og enn nú hálfur áttunde þad er allur hinn 16de partur hvals og vida hvort sem er rekinn eda fluttur vestur frá Bjarnara til Senníngar – edur Deilu-víkur, allt í Hafra giá vestur, liggur vík sú, epter Grítubakka kyrkju Máldaga, frá austannverdu urdarness horne útfrá Kadalsstödumm í Hvalvatnsfyrde til forvada vestan vid Hafragiá, sem er takmark midle Kadalstada og Wíkur-reka á Flateyardal.[169]

Ennfremur segir að fyrir viðun í Staðarholti í Garðslandi fái Garður geldingarekstur í Kálfagrafir í víkum út. Þeir votta ennfremur að póstur, sem tekinn er úr úrskurði Jóhanns Pétursonar Klein landfógeta og Gísla Þorlákssonar biskups um Náttfaravíkur á alþingi 1673 og fylgir með, sé réttilega afritaður.

Samhljóða skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðar er varðveitt í afriti séra Skúla Tómassonar af uppskrift dags 21. mars 1831 og staðfestri af E(iríki) Þorleifssyni, Pétri Jónssyni og Sigurði Benediktssyni hreppstjóra. Hún ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843.[170] Neðan við þá skýrslu er tilfærður póstur úr úrskurði Jóhanns Pétursonar Klein og Gísla biskups Þorlákssonar á alþingi 1673 vegna klögunar séra Odds Bjarnasonar á Þóroddsstað. Í annarri grein úrskurðar síns komust þeir að þeirri niðurstöðu eftir auglýstum skjölum að „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum væri allt land til fjalls og fjöru milli Svínár og Ófeigshellis.

(Samkvæmt sóknarlýsingu Þóroddsstaða- og Ljósavatnssókna árið 1840 er Ófeigshellir undir Hágöngum.[171] Einnig er rétt að vekja eftirtekt á því, að Mjósyndi, sem talað er um í máldögum, er sagt vera Dalsárós á Flateyjardal í áðurnefndri skýrslu frá árinu 1599).

---

[168] Skjal 2(303).
[169] Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamla Ólafssyni.
[170] Skjal nr. 2 (90) a-b.
[171] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 83.

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir varðandi Seljadal og Víkur (Náttfaravíkur) með meiru, ársett af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Ekkert kemur þar fram hver hinn ákærði sé, en ætla má að um prest á Þóroddsstað sé að ræða, þá væntanlega Illuga Helgason. Ákæruliðirnir varðandi Náttfaravíkur eru:

> …
>
> 3. Hann first hefur leýftt og tollad výkr so örtröd hefur ordid ad og p(en)ingar þar f(yrir) hollda þarfnest
>
> 4 Hann þ(ad) afrettar land Nu að bygd giorer og giort her j 3 edur 4 Aa[r] [Síðan kemur texti sem strikað hefur verið yfir og því ekki skrifaður upp]
>
> 5 Hann Nu f(yrir) býdur þ(ar) itölu mönnum sýna peninga þangad láta etc.
>
> 6 Hans formælings og okiennemannsslig O edla j brefum
>
> 8 Hann bydr insetia afréttar pening etc.!
>
> 9 Þar ma eý bygd vera þvi þær saler setiast sudur j hejdur þ(ad)ann
>
> 10 verdur eý þ(ess) vitijad þar mega lyk rotna ografinn[172]

Árið 1640 lofaði séra Illugi Helgason á Þóroddsstað að hætta allri byggingu í Náttfaravíkum svo lengi sem hann héldi staðinn. Þetta gerði hann eftir boði og áminningu Þorláks biskups Skúlasonar til þess að jafna ágreining sem staðið hafði þar um. Hann lofaði séra Jóni Gissurarsyni í Múla að halda þetta loforð að því tilskildu að hann leyfði þeim, sem séra Illugi hafði byggt þar, að vera þar áfram til næstu fardaga og lofuðu að ónáða ekki „afréttarmanninn“. Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðsson sýslumenn í Þingeyjarsýslu votta að séra Jón í Múla hafi óskað álits þeirra um þessa skuldbindingu séra Illuga, hvort lög og réttur skylduðu hann til þess að halda hana og aftaka alla byggð í Náttfaravíkum, „afrétt“ kirknanna. Sýslumennirnir upplýsa að séra Jón hefði áður klagað þetta mál fyrir þeim og að þeir geti ekki annað ályktað eftir lögmálinu en að séra Illugi sé skyldugur að láta af þeim nýjungum og bólfestu í fyrrnefndum Náttfaravíkum. Vottorð þeirra er skrifað á Helgastaðaþingstað 13. ágúst 1640. Skjalið er svohljóðandi:

> Mekienne Eg Sr. Jlluge Helga Son, ad eg aldeilis lofa, ad Afsla fullkom lega allre biggÿngu af nättfaravÿk, hiedan J fra, og So leinge Sem effter þetta verd rädande, Ad hafa þennann Stad J Kinn, So þar giörest eÿ Þrætu Efne Af framar meÿr, helldur Eflest fridseme, Effter Bode og Aminnÿngu Biskupsinz Herra Thorläkz Skula Sonar. Þessu lofa Eg Prestenum Sr. Jone Gÿssurssÿne, uppa tru og æru ad hallda, og tilskil hann leife minna vegna þeim sem þar nu Eru, ad þeir meige þar vid hÿrast, til næstu fardaga Af homum ohindrader, og lofa Eg fÿrer þa um þennann tÿma af fyrerbioda þeim, ad göra afriettar manne nockurn baga. …

[172] Skjal nr. 2 (249) a-b.

> Med kiennum vid Þorbergur Hrolfz Son og Hrolfur Sigurdz Son, ad Sr. Jon GissurSon hefur b[e]dest Alitz um þessa forplictan Sr. Jlluga Sem hier fÿrer ofan skrifud stendur, hvort ad lög og riettur skillda hann til hana ad hallda, og bigd alldeiliz af ad taka J þessum nättfaravÿkum, Kirknanna Afriett, hvar um Sr. Jon hefur og eÿrnenn fÿrre, firer ockur klagad. Kunnum vid eckj effter lögmälenu annad ad alichta, Enn Sr. Jlluge skilldest til, ad läta af þeim nÿungum, og ból festu J fÿrnefndum vÿkum, og hafa riettelega hloted, J Sinne for plichtan lögmälenu ad hlÿda. vÿkiande eÿrnenn þessare ockar alicktan til lögmannsinz herra Magnusar Biörnssonar.[173]

Skúli Þorláksson prestur á Grenjaðarstað kom fyrir prestastefnu á Helgastöðum 12. september 1660 og kærði hálfa lóðarfiska og skálastöðu í Náttfaravíkum sem honum þótti tilheyra Grenjaðarstað eftir máldaga kirkjunnar og dómi Guðbrands biskups frá 1601. Hann lét einnig lesa upp bréf séra Bjarna Gamlasonar þar sem hann eignar kirkju á Grenjaðarstað þessa hálfa lóðarfiska í Náttfaravíkum. Gunnlaugur Jónsson prestur á Þóroddsstað lagði ekki fram nein skjöl kirkju sinnar sem kynni að hrinda skjölum Grenjaðarstaðarkirkju þrátt fyrir kröfu biskups þar að lútandi. Því var dæmt að séra Skúli mætti í krafti skjala kirkju sinnar taka að sér hálfa lóðarfiska og skálastöðu í Náttfaravíkum til móts við kirkjuna á Þóroddsstað.[174]

Gísli biskup Þorláksson skipaði, 15. ágúst 1665, Grenjaðarstaðakirkju hálfa lóðarfiska til móts við kirkjuna á Þóroddsstað þangað til að annað kæmi í ljós. Skipun sína byggði hann á dómi Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1601 og eigin áliti þar á byggðu frá 12. september 1660. Fram kemur ef Þóroddsstaðarprestur neiti að hlýða skipuninni þá skuli hann sektast eftir lögum.[175]

Þóroddsstaður var vísiteraður af prófasti 7. október 1705. Í vísitasíunni stendur:

> 5° Effterspurde Prófasturenn vmm Kirkiunnar Stól, og framm lagde Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson 1) Dóm Her. Gudbrands vmm Náttfaravýkur Med þremur innsiglumm. 2) Vitnesburd Gunnsteinns Stullasonar vmm lódarfiska J Náttfaravýkumm med tueymur Jnnsiglum 3) Vitnesburd Olafs prests Thomassonar med einu innsigle 4) Vitnesburd Einars Runólfs Sonar med einu Jnnsigle, alla Viduýkiannde Náttfaravýkumm, A pergamennt 5° Kirkiunnar Máldaga A pergamennt Rotenn med einu Jnnsigle 6) Copiu Af Máldagabók Thorláks Biskups Vnnderskrifada, Vmm landeýgn kirkiunnar, Reka og Skóg. 7) VppSkrift Kirkiunnar og Stadarenns, giorda af Sal. Prófastenumm Sr. Skula Thorlákssine Anno 1677 11 Julij. 8) frammvýsade Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson vppskrifud bref og Skilrýke

[173] Skjal nr. 2 (116).
[174] Skjal nr. 2 (292). Bjarni Gamalíelsson hélt Grenjaðarstað 1595-1635, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 304.
[175] Skjal nr. 2 (293).

> Stadarkirkiu af Sr. Jlluga Helgasine, enn Vnnderskriffud af tueýmur Mönnumm. Sturla Arnasine, og halldore Torfasine, og tiáer Sig ecke kunna ad giöra Meýre Skil A Kirkiustólnumm.[176]

Minnst er á í reikningum kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi, er ná yfir tímabilið febrúar 1723–febrúar 1724, að Þóroddsstaðarprestur segist gera reikning fyrir lóðargjaldi af Náttfaravíkum 5 álnir.[177]

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Þóroddsstað í Kinn:

> Prestagardurenn hefur Sæmeliga heibiörg, ... land nóg umm Sumur, og góða haga gagnligann Reka Nockud fiarlægann, Skóg gagnlýtenn, Afriett j Náttfara Vjkumm, fiskatoll ad helminge þar af 3ur Skipum.[178]

Aðspurðir m.a. um vogrek svöruðu þingmenn, á manntalsþingi á Ljósavatni 18. júní 1738, því til að vogrek hefði borið upp á kirkjureka Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum árið áður.[179] Á sama manntalsþingi gáfu íbúar Ljósavatnshrepps vitnisburð sinn um ærlega umgengni Þórðar Jónssonar á Litlulaugum bæði í uppvexti hans í hreppnum sem og við sjó í Náttfaravíkum.[180]

Úttekt var gerð á Þóroddsstað þann 23. júlí 1748. Í henni kom m.a. fram:

> Epter spurde Uttektarmadurenn hvert Kyrkiunne og Beneficio filgde nockur Skiöl og Document, og frammvísade Æru Verdigur Sr. Sæmundur Jonsson 5 Kalfskins Bref, eitt þeirra daterad 1580 med þremur Jnnsiglum ad mestu heilum, en 4um afbrotnum, sem er álit Hr. Gudbrands B(isku)ps um Eigner þessa Beneficii i Víkum ut, annad er Vitnisburdur um Máldaga utskrifft StadarKyrkiu af Hóla DómKyrkiu-Bockum under tveggia Manna Jnnsiglum, annad þeirra heillt hitt i burtu, daterad 1599. Þridia er Vitnisburdur Einars Runolfssonar med heilu Jnnsigle 1567 um lodarfiska tekiur Stadar Presta í Nattfara Víkum - fiórda Vitnisburdur Gunnsteins Stullasonar og Þorgríms Þolleifssonar med 2ur heilum Jnnsiglum um Sama efne, dat. 1601. fimta er Vitnisburdur Olafs Prests Thomassonar um hid sama med heilu Jnnsigle 1604. Eirnenn frammvísadest hier á pappir umþeinking Hr. Gudbrandz um Stadar eigner i Víkum dat. 1613. med hans Eigenn underskrifft. [Síðan eru taldar visitazíur og úttekt]. Auk þessa framm koma hier Vitnesburder ymsra Manna um Máldaga og eigner Stadar Kyrkiu med gamallre hönd á Pappír í qvartforme a 12 blödum. ...[181]

Meðal þess sem minnst er á í eignaúttekt Þóroddsstaðarkirkju frá 1748 er:

…

[176] Skjal nr. 2 (237) a-b.
[177] Skjal nr. 2 (244) a-b.
[178] Skjal nr. 2 (242) a-b.
[179] Skjal nr. 2 (262) a-b.
[180] Skjal nr. 2 (263) a-b.
[181] Skjal nr. 2 (245) a-b.

> Ödrum Landeignar og Reka Jtökum sem mäldagenn nafngreiner be helldur Beneficium Enn Nu, Nema hvad längsam legur Ägreiningur Hefur Verid og Er enn Nu ä millum Grenjadar stadar og Þorodd stadar Presta um Lódar fiska tekiu i Nattfaravÿkum, ...[182]

Náttfaravíkur eru innifaldar í lögfestu séra Sæmundur Jónsson fyrir löndum Þóroddsstaðarkirkju frá 6. júní 1761. Þar segir:

> ... So eirnenn lög feste eg Allt land i Nattfara vÿkum til Fialls og Fiöru med öllum þeim Rekum Veideskap, Hlunnendum og giædum til lands og Siäfar sem þvj lande filger og filgt hefur, og Þorodd stadar Kÿrkia er framast ad eigande ordenn frä allda ödle, og ej er med lögum frä henne geinged, ad undann teknum þeim Jtökum sem adrer menn edur Kÿrkiur þar med rettu eiga.
>
> Endelega lögfeste eg þar sama stadar allar Búder alla búdar tolla lódar fiska og lódar lickiur, Jtem Halfann ättung, Hvalreka og Vidar utfrä OfeigsHeller til miósindes, og i flutningum millum Ósa Halfann ättung Hvals og Vidar, Hvert sem er Fluttur edur rekenn, So og Vestur frä Biarnarä til Senningar vÿkur, Halfann ättung Hvals og Vidar, Hvert sem er fluttur edur rekenn ...[183]

Þeir séra Sæmundur Jónsson á Þóroddsstað og séra Hannes Scheving á Helgastöðum gerðu með sér samning um nýtingu „Náttfaravíkurafréttar“ 15. maí 1786. Þar segir að séra Sæmundur megi nota „afréttina“ á sama hátt og hann hafði gert fram til þessa í krafti þeirra skjala sem hann hafði í höndum. En séra Hannes skyldi hafa fríland í „afréttinni“ fyrir eigin „afréttarfé“ og tveggja annarra manna í krafti máldaga Helgastaðakirkju. Samningurinn skyldi gilda jafn lengi og þeir lifðu svo lengi sem að ekkert kæmi fram sem myndi draga úr trúverðugleika skjala þeirra.[184] Hafði Hannes lögfest „afrétt“ Helgastaða í Náttfaravíkum stuttu áður (sjá kaflann um Helgastaði).

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 eftirfarandi skráð:

> Undir þetta Beneficium liggia … Náttfaravÿk med 60 ál. Landsk. og engu Kugÿlde.[185]

Tveir menn votta um vitnisburð Magnúsar Þorvaldssonar sem svarinn var á Þóroddsstað 10. maí 1821. Þar segir Magnús að frá því hann muni fyrst eftir sér, þ.e. í um 40 ár, hafi selanætur verið lagðar fyrir norðan Svíná sem sumir kalli Kotafjöru. Eigendur nótanna og þeir, sem hafi lagt þær, hafi ætíð fengið leyfi til þess hjá Þóroddsstaðarpresti og greitt honum, en ekki eiganda Kotamýra, ákveðið gjald fyrir. Þessu til frekari staðfestu greinir hann frá því að bræðurnir Sveinn og Jón á Kotamýrum lögðu eitt sinn selanætur sínar fyrir innan Svíná (sem nú er kölluð Purká)

---

[182] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[183] Skjal nr. 2 (72) a-b.
[184] Skjal nr. 2 (127) a-b.
[185] Skjal nr. 2 (176) a-b.

með leyfi sýslumannsins Jóns Benediktssonar á Rauðaskriðu. Næturnar sáu þeir aldrei aftur en Magnús segir að þeir hefðu aldrei ráðist í þessa framkvæmd ef sýslumaður, sem var húsbóndi þeirra, hefði haft nokkurn rétt til að leigja þeim nótlög fyrir utan umrædda á.[186]

Þrír menn votta að vitnisburður Magnúsar sáluga, sem var í Naustavík, áhrærandi lagningu selanóta og afgjald þar af fyrir norðan Svíná sé réttur. Mennirnir segjast hafa heyrt og vitað þetta í mörg ár, þ.e. Einar Erlendsson á Björgum í 34 ár, Jón Einarsson á sama bæ í jafn mörg ár, Jón Sturluson á Nípá í 30 ár, Þorvaldur Magnússon á Kaldbak í 40 ár, Sören Jónsson á Geirbjarnarstöðum í 35 ár og Hjalti Illugason á Granastöðum í 31 ár. Umræddur vitnisburður var bréfaður 20. desember 1820.[187]

Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarkirkju frá 12. maí 1828 segir um Náttfaravíkur:

> ... Lögfeste eg allt Land til fialls og fiöru, Med öllum Landsleigugögnum og giædum í öllum Midparte [-a í parte, ofan línu] Náttfara víkna, nordann frá Ófeigs hellir á Haugshorni, Sudur til Svínáróss, og þadann frá til Náttfaralækiar, sem þadann af Rædur Landa Merkium ad Sunnan og í Nefndu takmarki. Lögfestist sofelldur Reki af óskiptum Qval 12ti partur alls Qvals, sídan skal eptir authorizerudum Máldögum þridiungur eins úrReiknadur öllum Qval ad fráteknum skurdar Manna launum, til Þóroddsstadar Kyrkiu leggiast, þegar þá Greniadarstadur skillde hafa eins úr-reiknadann fiórda part, og Múkaþverár klaustur Sömuleidis sinn Qvalreka þridiung í þessu takmarki; þá er Qvalrekanum uppskipt. af triárekanum í tiedu takmarki, Lögfestast öll trie 20u feta og þadann af Smærre, tveir 3iu partar hins stærra Vidar, þegar fyrrnefnt klaustur á nú þridiung þeirra stórvida, sem Meira eru enn 10u alna, þá er og Uppskipt triárekanum, Út frá Ófeigshellir til Miósundis edur Nausta Óss hiá Eiri á Flateíardal. Lögfestest hálfur 8de þad er 16de partur Qvalreka, Vida og flutninga, frá Miósundis Óse til Biarnar-ár Oss, og svo 16de partur qvals og vida hvört sem er fluttur eda Rekinn, vestur frá Biarnar á til Hafragiár í Senningar vík, enn þá hálfur 8de edur 16de partur Qvals og Vida, hvört sem fluttur er eda Rekinn.[188]

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi 16. maí 1828 og var henni að nokkru leyti mótmælt af umráðamönnum Kotamýralands og eigenda Skriðu í Aðaldal. Ekki er þó getið nánar hvað fólst í umræddum mótmælum.

Séra Eiríkur Þorleifsson skrifaði Steingrími Jónssyni biskupi 11. september 1828 og aftur 2. febrúar 1829 og sendi honum m.a. afrit af skjölum er vörðuðu eignarheimildir kirkjunnar og athugasemdir hans við sum þeirra. Tilgangurinn var að gera skjölin aðgengileg í skjalasafni stiftisins svo að háyfirvöldin gætu annaðhvort

[186] Skjal nr. 2 (77).
[187] Skjal nr. 2 (77).
[188] Skjal nr. 2 (75) a-b.

komist að niðurstöðu í málinu eða þá biskup byggði á þeim bænarskrá til konungs fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju um að fjárhaldsmenn hennar mættu njóta eigna hennar innan tilnefndra takmarka ítölu- og ákærulaust til lands og sjávar fyrir annarra tilkalli. Sömuleiðis rekaítölunnar frá Ófeigshelli út um Flateyjardal auk alls sem henni með réttu tilheyrði. Að lokum óskaði prestur eftir staðfestum afskriftum af máldögum Hálskirkju sem hann þurfi nauðsynlega á að halda. Aftur skrifaði prestur 11. september 1829 og rak eftir svari.

Biskup svaraði bréfinu 17. október 1829 og tilkynnti séra Eiríki að hin innsendu skjöl hefðu verið lögð upp í skjalasafni stiftisins en stiftsyfirvöld gætu ekki byggt úrskurð á þeim einum því að þau sýni aðeins eina hlið málsins og jafnframt minnir hann á tilskipun frá 11. júlí 1800 sem banni að leggja á úrskurði í málum einstaklinga og málum sem séu líkleg til þess að fara fyrir dómstóla. Var það ein ástæða þess að biskupi fannst ekki við hæfi að semja bænaskrá fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju. Biskup getur bréfa Þóroddsstaðarprests til Gríms Jónssonar amtmanns um rekaskipti í Náttfaravíkum og segist biskup hafa sent amtmanni, að bón hans, staðfest afrit af máldaga Hálskirkju með tilliti til rekaréttindanna. Með því telur biskup ósk séra Eiríks um afrit af máldögum Hálskirkju uppfyllta. Loks getur hann þess að hafa tilkynnt amtmanni að nauðsynlegt væri að gera uppdrátt af umþráttuðum rekafjörum ef hann í svo mikilli fjarlægð frá þeim ætti að geta myndað sér skoðun í deilu viðkomandi kirkna sem báðar beita fyrir sig máldögum sínum.[189]

Eins og fram kemur hér á undan lét séra Eiríkur Þorleifsson skrifa upp allmikið af skjölum varðandi Náttfaravíkur frá ýmsum tímum árið 1828. Einnig skrifaði hann inn í kirkjustóla Þóroddsstaðar ýmsar hugleiðingar sínar varðandi réttindamál Þóroddsstaðar. Rétt þykir að halda þessum skjölum séra Eiríks sem sérstökum flokki, svo að þau verði skoðuð í samhengi en vísað til þeirra í tímaröð.

Meðal skjalanna, sem Eiríkur lét skrifa upp árið 1828 eru: 1) Vitnisburður séra Einars Hallssonar um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum 1560 lagður fram vegna dóms 1580, 2) vitnisburður Einars Runólfssonar 1561 um lóðarfiskatekju lagður fram vegna sama dóms, 3) dómsályktun Guðbrands Þorlákssonar um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum vegna deilu við Helgastaðaprest, 4) afrit af máldögum 1399 og 1471, staðfestu 1599, 5) vitnisburður Gunnsteins Sturlusonar um lóðarfiska 1601, 6) vitnisburður séra Ólafs Tómassonar um lóðarfiska 1604, 7) vitnisburður séra Ólafs Tómassonar um ágreining Grenjaðarstaðar- og Þóroddsstaðarpresta um lóðarfiska 1613, 8) vitnisburður Jóns Þórarinssonar um sama 1613, 9) ályktun Guðbrands Þorlákssonar um eignir Þóroddsstaðar og Grenjaðarstaðar í Víkum 1601, 10) vitnisburður séra Odds Jónssonar um sama 1614, 11) umfjöllun um byggingarbréf fyrir Víkum 1638, 12) svokölluð eiginhandarskjöl séra Illuga Helgasonar 1644 um Þóroddsstaðarkirkju o.fl., 13) vitnisburður fjögurra manna um lóðarfiska 1665, 14) úr

[189] Skjal nr. 2 (73) a-b. Grímur Jónsson var amtmaður í Norður- og Austuramti 1824-1833 og 1841-1849, sbr. Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö* I, bls. 39.

klögun séra Odds Bjarnasonar yfir séra Gunnlaugi Jónssyni 1673, 15) vitnisburður Magnúsar Þorvaldssonar um nótlög utan Svínár 1820, 16) þrír vitnisburðir um landeign Naustavíkur.

Guðbrandur Þorláksson biskup kallaði saman sex presta á Helgastöðum í Reykjadal föstudaginn fyrir krossmessu á hausti 1580 [9. september] til þess að greiða úr deilu séra Sigfúsar Guðmundssonar á Þóroddsstað og séra Halldórs Benediktssonar á Helgastöðum um Náttfaravíkur. Prestarnir sex lögðust yfir máldaga kirknanna og eftir lestur Helgastaðamáldaga gátu þeir ekki séð:

> ... ad Helgastadur ætti í greindumm Vjkumm, utann afriettar Gaungu fyrir alla þá penjnga sem í afrétt mættu ad lögumm vera, og Helgastada Prestur og Kyrkjann þar ættu ...[190]

Þeir báðu séra Halldór að framvísa þeim skjölum sem hann hefði til að styðja sinn máldaga en hann kvaðst engin slík skjöl undir höndum hafa. Því næst skoðuðu þeir máldaga Þóroddsstaðar en þar kom fram:

> Ad Kyrkjan þar ætti i opt nefndum vjkumm öll 20u Fóta Trie, og þadan af smærri, eru þad þá leigulida gögn, sem lands drottni til heyra hafi han eingumm ad leigu seldt.[191]

Prestarnir spurðu séra Sigfús hvort hann hefði einhver skjöl til að styrkja framburð máldagans og framvísaði hann tveimur vitnisburðum ráðvandra manna. Annar var prestur, sem haldið hafði Stað í Kinn (Þóroddsstað) og vafalaust títtnefndar Náttfaravíkur, eða Víkur eins og þær voru kallaðar, en hinn hafði alist upp þar í sveit og lengst af róið til sjávar í Víkum en til Staðar hefðu allir lóðarfiskar goldnir verið og leyfi fengið hjá Staðarpresti án nokkurs ágreinings. Prestarnir álitu vitnisburðina skilvísa og mynduga og þar sem engin skjöl stönguðust á við þá ályktuðu þeir og gerðu út um téðan ágreining með svohljóðandi niðurstöðu:

> Ad Helgastada Kyrkja ætti ad eins, og ätt hefdi haga og heimila Beyt þar i Vjkumm Fyrir Alla þa gripi frá Helgastödum sem í Af-riett meiga ad Lögumm vera í sinn tjma en ecki par meira. Enn Stad í Kinn og hanns Kyrkju, til sögdumm Vér og eignudumm Wijkurnar til fialls og fiöru, og til allra giæda, svo sem lands drottni og eignar Manni á Jördu sinni, ad undan teknumm þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ättu í greindumm vjkumm.[192]

Guðbrandur biskup samþykkti þessa niðurstöðu og setti innsigli sitt undir gjörningsbréfið sem var skrifað að Múla í Aðaldal 19. desember 1580.

Þeir vitnisburðir sem séra Sigfús á Þóroddsstað framvísaði voru annars vegar vitnisburður séra Einars Hallssonar sem gefinn var út á Öxará í Bárðardal 16. apríl

---

[190] Skjal nr. 2 (77).
[191] Skjal nr. 2 (77).
[192] Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (174) a-b.

1560. Þar segist hann svo lengi sem hann minnast kunni og hinir elstu menn í Norðursveitum hafi tjáð honum þá hafi hann heyrt og hyggi satt að:

> ... ad Stadur í Kinn eigi, og ad öndverdu Átt Hafi náttfaravjkur, sem liggia út Frá Stad, ad þeirri óslitinni fialls Hljd sem Stadur stendur undir ad Mörgumm þeim adhnjgandi Gögnumm, sem ej í minn Vitnisburd ad svo prófudu setja læt. Hielt eg Stad í kinn og þar Med sagdar Vjkur, svo ómakslaust, sem siálfan Stadinn Heima, svo ljka þeir Prestar, sem fyrir Mig vóru og eptir komu, vissumm Hvörki nie Heyrdumm ad Stædur ætti ej Vafalaust Nattfaravjkur, ad undan teknumm þeim í tölumm er Stadirnir í Reikjadal þar eiga skildu eptir sjnum Máldögumm, Enn eji veit eg þar Sannleika á, eda Hvad í Stadinn er komid. Svo er mér og ej ókunnugt Hvörja Uppsprettu ad áklögum þeirra Helgastadar Manna Hefur þartil, ad eigna Helgastadar Kyrkju greindar Vjkur; þvj eg var þá í Presta stefnu, er Sr. Teitur Magnús Son Benificator Helgastadar, Enn Þjnga prestur Sr. Péturs i Múla Hóf upp til kall med ad stod Sr. Péturs til þessara Vjkna, Hvad öllumm óvart kom, Enn þó Sr. Magnús Klerkur frá Stad veitti nockurt Forsvar, þá stodadi Hann þad eji, og fyrir nockurs mót þróa sakir, var ábóti Helgi og vestann Prestarnir, enn ej vér Nordannad til kalladir ad semja millumm Stadanna umm nefndar Vjkur, En Hvad þeir Hafa þar umm samid, skrifad, eda innsiglad, veit eg alls ekki, þvj Fyrir víst var þar umm einginn Dómur geinginn eda uppsagdur, nie af Biskupi Jóni úr skurdadur í þad sama sinn, og ej Higg eg ad Stadur í kinn eigi nú sjdur sagdar Vjkur enn Ádur ...[193]

Þessi texti er tekinn úr uppskriftinni frá 1828 en aðeins er ritháttarmunur frá þeim, sem prentað er í Íslenzku fornbréfasafni.

Einar prestur segist treysta minni sínu og samvisku nægilega vel til þess að sanna vitnisburð sinn með eiði.

Hins vegar var það vitnisburður Einars Runólfssonar sem gefinn var út á Þóroddsstað sunnudaginn fyrir Andrésarmessu 1567 [23. nóvember]. Í honum segir Einar:

> Svo felldan vitnisburd ber eg Einar Runolfsson ad þad eg fyrsta minnast kann nu i minne elle þar sem eg olst upp i Reykiadal og Kinn. heyrde eg eingvann efa ä þvi ad Stadur i Kinn ætte Nättfaravikur ut. og ätt hefde æfinnlega. og ad hann hefde þar staded med ogleymdu nafne Vargsnese. Ofeigshellir þar ut frä. og Ofeigsstader fyrer sunnann stadenn heima. Var eg til siöar i Vijkum ä skipe Þorarens heitens Steindorssonar ä Laugum. voru af hanns skipe til

[193] Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (178) a-b. Séra Einar Hallsson hélt Þóroddsstað frá því fyrir 1530 að því talið er en lét af embætti fyrir 1551, séra Teitur Magnússon fékk Helgastaði fyrir 1528 og tók Háls í Fnjóskadal fyrir 1544 og sleppti 1553. Óljóst er nákvæmlega hvenær séra Pétur hélt Múla en það var fyrir 1551 og á sama tíma og séra Teitur hélt Helgastaði. Ekkert er hins vegar kunnugt um séra Magnús á Þóroddsstað nema hvað að hann var eftirmaður séra Einars og hefur látið af embætti fyrir 1551, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297-298 og 306-307. Umræddur Helgi ábóti er líklega Helgi Höskuldsson á Þingeyrum 1516-1550, sbr. *Saga biskupsstólanna*, bls. 858 og Jón Arason biskup var tekinn af lífi 7. nóvember 1550, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 41.

> Stadar aller lodarfiskar golldner. og leyfe teked. So og hiä Þorkele heitnum Magnussyne ä Granastødum slijkt hid sama til Stadar aller lodarfiskar golldner. bæde af hanns skipe og hvøriu ødru sem ad gieck til siös i vijkum. hvad mier alkunnugt var þvi eg var leinge hiä Þorkele heitnum. Og til sannenda hier umm veite eg og set mitt jnnsigle fyrer nedann þennann minn vitnesburd. Skrifadur og utgefenn ä Stad i Kinn. sunnudagenn næstann fyrer Andresmessu Anno 1567.[194]

Hér er valin útgáfa í Íslenzku fornbréfasafni, er þar aðeins ritháttarmunur frá uppskriftinni 1828.[195]

Tveir menn votta samdægurs að vitnisburður Gunnsteins Sturlusonar sem svarinn var á Þóroddsstað 3. febrúar 1601 sé rétt hafður eftir honum. Í umræddum vitnisburði segist Gunnsteinn vera fæddur á Björgum í Kinn og hafa dvalið í sveitinni í 28 ár. Þeir Þóroddsstaðarprestar, sem hann mundi frá þessum árum, voru Jón Jónsson Helgfellingur, Magnús Einarsson og Sigurður Þorsteinsson. Hann segist aldrei hafa heyrt annað né vitað á þeim tíma en að lóðarfiskar allir af öllum þeim skipum sem reru til sjávar úr Náttfaravíkum væru goldnir Þóroddsstaðarpresti.[196] Með vitnisburðarbréfi skrifuðu á Hálsi í Fnjóskadal 9. júlí 1604 vottar séra Ólafur Tómasson að hafa verið viðstaddur að Þóroddsstað 3. febrúar 1601 og heyrt á fyrrgreindan vitnisburð Gunnsteins Sturlusonar.[197]

Í vitnisburði séra Ólafs Tómassonar sem bréfaður var á Þóroddsstað fimmtudaginn í hvítasunnu 1613 segist hann hafa verið viðstaddur um haustið á Helgastöðum þegar séra Bjarni á Grenjaðarstað og séra Sigfús á Þóroddsstað töluðust við. Þeir hafi rætt um þá hálfu lóðarfiska í Náttfaravíkum en séra Ólafur segist ekki hafa heyrt neinn dóm um það ganga. Hann segist ennfremur hafa heyrt séra Sigfús segja:

> ... ad Herra Gudbrandur skylde vid sig Ráda umm þá Hálfa lódar fyska á Medann Sa. Sigfús Være Rádande yfir Stadar Kyrkiu enn ecke leingur þá syn Vid miste.[198]

Í vitnisburði Jóns Þórarinssonar sem gefin var út á Þóroddsstað sjötta sunnudag eftir trinitatis 1613 segist hann hafa verið viðstaddur í kirkjunni á Helgastöðum um haustið þegar séra Bjarni Gamlason og séra Sigfús Guðmundsson áttu málum að skipta um lóðargjaldið í Náttfaravíkum. Hann segir að m.a. hafi verið ámálgað að vottar séra Bjarna skyldu sverja vitnisburð sinn áður en endanleg sátt yrði gerð milli prestanna um þá hálfu lóðarfiska sem séra Bjarni gerði tilkall til og var ágreiningsefni þeirra. Jón segir að Þorgeir Pétursson hafi einnig verið viðstaddur en

---

[194] Skjal nr. 2 (232).
[195] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.
[196] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.
[197] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b. Ólafur var prestur á Hálsi 1577-1628, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297.
[198] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b.

man ekki eftir að séð Tómas Þorkelsson þar. Umræddur Þorgeir hafi bannað honum og öðrum þar viðstöddum að sverja nokkurn eið um það sem þar hefði fram farið og hann vissi ekki til þess að nokkur hafi gert það.[199] [Um þennan vitnisburð skrifar séra Eiríkur Þorleifsson hugleiðingu, sem tekin verður upp hér á eftir].

Í bréfi til séra Þorsteins Illugasonar prófasts í Múla frá 3. ágúst 1613 biður Guðbrandur biskup Þorláksson hann um að setja niður ágreining séra Bjarna Gamalíelssonar á Grenjaðarstað og séra Illuga Helgasonar á Þóroddsstað um Náttfaravíkur. Biskup segist hafa kynnt sér málið, borið saman máldaga kirknanna og yfirvegað það betur en áður er sama deilumál var tekið til athugunar á Helgastöðum. Hann viðurkennir að sú niðurstaða sem þá fékkst í málið hafi e.t.v. ekki verið nægilega vel ígrunduð. Guðbrandur útskýrir sína afstöðu til málsins með eftirfarandi hætti:

> ... eg kann ecke betur ad skilia, enn Kirkia á Stad eige Land Og Reka fyrer Náttfaravíkum hátt og lágt, enn þad Múkaþvera Og so adrar Kyrkiur eigna sier, sé eignar i tak i þad land, Hvórt þad er i Reka edur afrettenne.
>
> 2, Náttfaravíkur er Mier sagt ad Kallest land allt Mille Ofeigshellirs og lækiar þess sem Kallast Svínalækur, ef Mig rett Minner.
>
> 3, J þessu takmarke skulu vera 5 Víkur þar Menn Hafa firr Meir haft Skipa upp sátur, og skulu enn siást Naust Og tófter þar Siómanna búder Hafa staded.
>
> 4, Og skilst Mier þessar Víkur Mune Vera þad sem i Máldaga Kallast ból, bæli edur bigd, Höfud ból Kallast stædsta bigd, biggt ból þar Menn eru edur búa.
>
> 5, Nú Nefnir í Máldagnum Midból Og Ytstabool, þar fyrer skilst Mier hid sama vera Hvort þar stendur, Víkur, þar Menn Hafa Skipa uppsátur Haft eda ból, og so sem sú ytsta Vík nefnest ytsta bool, þvi má þá su sidsta ecke lyka Kallast sidsta ból, enn su Vikenn sem er i Midiu Midból, þar 2 Víkurnar eru út frá, enn tvær Sudur frá; þvi Hvad má annad Med riettu Kallast Midból, enn sú Vík eda Veide stada sem er i Midiu, Hvóriu Nafne sem nú Heitir hún, Og kann eg ecke Greniastada Máldaga Ödruvíse ad skilia enn so: ad Greniastada Kyrkia eigie Fiórdung Hvalreka fyrer Öllumm þeim bólum edur Víkum, Og Öll Flutning fyrer Ytstu Vík, enn i Mid bóle, þad Held eg þá Vík edur Veidestódu, sem i Midiunne er, Og 2 bólenn siást út frá, Önnur tvó Sudur frá, þar Held eg Greniadarstada Kyrkia eigie Hálfa Flutninga, Fyskever ad Helminge (eda lódar fysk so sem Menn Hafa Nú skiled Þad) lyka Vidun eda elde Vidar tak ad Helminge. Eige Greniadarst. Kyrkia þetta, þá Held eg Hún

[199] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b. Bjarni Gamalíelsson hélt Grenjaðarstað 1596-1635 en Sigfús Guðmundsson Þóroddsstað 1554-22. desember 1597, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298 og 304. Umræddur samfundur á Helgastöðum hlýtur því að hafa átt sér stað á bilinu 1596-1597.

eigie þad fyrer þaug Skip sem i þessu Midbóle gánga, enn ecke i Hinum bólunum edur Víkunum.

Þar Og Fyrer Skála

Bögulega talad, Og ecke veit eg Hvór sa skále er, enn bevysest þad med Sannindum, ad þar Heite skála ból eda Skála výk Önnur enn sú Midvík eda Midból, þá mun Riettast ad þad sie under sama skilmála Og Meiningu. Umm Vitnes burd þeirra Þorkiels Og Thómasar, þar Held eg Of frekt bored og i mót máldögum ad Greniadarst. Kyrkia eige Hálfa lód, Hvad er þad annad enn alt Hálft land til Fialls og Fióru! Þad er á móte Helgastada samþikt Anno 1580. 2, Eru þeir Vitnes burder Oskyrer, Meine þeir umm allar Náttfaravíkur, þær 5. er ádur greiner, þá er þad berl. rángt, enn Meine þeir Midbool, þá er þad ecke utann eitt, Og má þvi þad ecke Kallast Víkur, edur Vykum.

3, J þridia læge, Hafe Annar Hvór þeirra Þorgeir af sagt ad sveria eptir synum Frammburde, þá Held eg þann Vitnes burd ecke Mindugann. 4, Umm Hefd Síra Sigurdar kann eg ecke ad tala Margt, Og Held eg þad Of frekt bored, ad Sa. Fúse Hafe ecke átaled eda umm talad, Og Med þvi þeirra Vitnes burder Veik<i>ast i einu, þá vil eg Síra Biarne Halde þeim ecke Fram; Jeg seige fyrer Mig, Hafe ecke annad Frammkomed á Helgast. af Hende Greniadarst. Kyrkiu enn þeir, Anno 1597. Þá tek eg aptur Myna Samþickt, Og bid eg Síra Biarna ad taka mitt Jnnsigle þar i frá, Nema þvi eins ad Önnur Skiól Og skilryke Kome framm, þaug Mindugre eru enn þessir Vitnes burder.

Sitt Hvórt er, allar Výkur Mille Ofeigshellirs Og læker, eda Midból /: Midvikenn, Hún er ein, Hinar 5. Og fyrer þessar greiner, Og þad Annad ad Sera Fúse Heitenn á Stad kom Nú ecke framm Anno 1597. med þá fyrre samþickt sem giórdest 1580, Né þá gamallra Manna Vitnes burde sem þá Komu framm, þá er þad Rád mitt ad Þier med fleirum gódum Mónnumm setied þetta Nidur Med þeim Prestum, i þann máta ad Annad Hvórt Hafe Síra Biarne Hálfa lódar fyska Og Hálfa Vidun fyrer þeirre Veide stódu sem med Riettu Hefir Vered i Midiumm þeim Náttfaravikum, Og ádur greiner, af þeim skipum þar gánga, enn ecke Annar stadar; Ellegar hann Hafe sitt Skip frj alleina Hvar þar geingur i þeim Víkum. Skylde Eg Dóm á leggia, þá Dæmde eg þad firra, en sie þad Vinsaml. Nidursleiged, á Samþicke eg þad seirna.[200]

Biskup segist treysta séra Þorsteini til þess að skera úr um þetta og hafi sér ekki verið greint rétt frá eða hann misskilið eitthvað varðandi þessi fimm ból eða víkur þá neyðist prófastur til að taka nokkra góða menn með sér í vettvangsferð og athuga staðhætti í Náttfaravíkum.

Þessi umþenking biskups er einnig innfærð í kirkjustól Þóroddsstaðar en þar er þetta niðurlag:

[200] Skjal nr. 2 (77). Sjá einnig skjal nr. 2 (174) a-b.

> Sr. Magnus seiger mier ad þær Vÿkur sieu iij sem eg Helld þeir Hafa kallad ädur Ból, og Hvert sem þær siäst iij eda v, þä kiemur og lender i einum stad, Su sem i midiunne er Hun hefur þä kallast midból, Hveriu Nafne sem nu Heiter Hun
>
> Sie þar nu su Vÿk sem Nefnest Skäla Vÿk, þa er ecke frä þvj þad sie su Vÿk, sem Ska [hér er langt orðabil, sem gæti bent til þess, að eitthvað torlæst hafi verið í forriti] Hefur vered kalladur, Og i þeim tveimur er eg ecke langt frä ad Greniast. eige þetta Jtak, en Vÿst Ecke annar stadar; Nema flut. fÿrer ÿstabóle. Jeg kann hier Ecke ödru viis ad Skinia Nie Skrifa.[201]

Oddur Jónsson prestur gaf út vitnisburð á Ljósavatni um hausið 1614 að viðstöddum þeim séra Jóni Magnússyni og Jóni Þórarinssyni. Þar segist hann hafa frétt að nafn hans væri að finna undir Helgastaðasamþykkt milli Þóroddsstaðar og Grenjaðarstaðar varðandi Náttfaravíkur. Hann segist hins vegar aldrei hafa verið kallaður til þess að vera viðstaddur slíka samþykkt, aldrei samþykkt neitt um þennan ágreining og aldrei sett innsigli sitt undir slíkan vitnisburð.[202]

Í máldaga séra Illuga Helgasonar fyrir Þóroddsstaðarkirkju frá 1644 segir um Náttfaravíkur:

> Nú er ad skrifa umm Reka ítókenn sem liggia i Náttfaravíkum Og út umm Flatejar Dal, Hvad alt samann Máldagarner báder Skyrast Herma, sem Hier fyrer framann skrifader standa, so eg kann þar aungva liósare grein á ad gióra, enn eg Hefe epter þeim Coperad, sem Og Eirnenn i tóluna i Biargalande, Og Higg eg Nú Mune Mest alt upp taled þad sem eg Minnast kann um Kyrkiunnar Og Stadarenns eign Hier Heima, epter filger umm Torfunes Og Náttfaravíkur.[203]

Eldri máldagar kirkjunnar sem séra Illugi minnist hér á hafa ekki verið látnir fylgja með í þessari uppskrift og því er ekki hægt að segja til um frá hvaða ári þeir voru. Máldaga séra Illuga til staðfestu settu þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason nöfn sín.

Fjórir menn votta að hafa verið í Víkum í Skálavík 30. júní 1665 er séra Oddur Bjarnason krafðist lóðarfiska af sjómönnum þar. Hann brýndi fyrir þeim að ef samviska þeirra segði þeim til um að einhver annar en hann ætti rétt á umræddum lóðarfiskum þá skyldu þeir afhenda honum þá. En þar sem að sjómennirnir vissu að lóðarfiskarnir tilheyrðu Þóroddsstaðarpresti þá afhentu þeir séra Oddi þá.[204]

Í bréfspósti dagsettum á alþingi 6. júlí 1673 tíundar séra Oddur Bjarnason það sem gengið hafði undan Þóroddsstaðarkirkju í embættistíð forvera hans séra Gunnlaugs Jónssonar. Þar kemur fram að í Náttfaravíkum sé genginn undan kirkjunni

---

[201] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[202] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (178) a-b. Oddur Jónsson var prestur á Lundarbrekku frá 1572-1625, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 300.
[203] Skjal nr. 2 (77).
[204] Skjal nr. 2 (77). Sjá skjal nr. 2 (174) a-b.

meiri hluti gagnsamra lóðatolla og hálfir búðartollar. Einnig hafi Björn Magnússon byggt eða látið byggja út land við Náttfaravík, nefnilega Kotamýrar sem hann viti ekki betur en að sé land Þóroddsstaðar. [Að þessum bréfspósti víkja bæði Skúli Tómasson og Eiríkur Þorleifsson varðandi eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599, sjá hér síðar]. E. Þorleifsson og Pétur Jónsson votta að rétt sé skrifað eftir frumritinu á Þóroddsstað 4. ágúst 1828. Fjórir menn votta svo að rétt sé skrifað eftir skjölum Þóroddsstaðarkirkju en sá vitnisburður er ódagsettur.

Í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 er að finna athugasemd frá séra Eiríki Þorleifssyni varðandi vitnisburð Jóns Þórarinssonar frá 1613:

> á siðast nefndann vitnisburð vikur urskurður Biskups Herra Guðbrands af 1613 og allir syna þeir ásamt, hve veil og ræk at se Samþíkkt su sem Sr. B Gamla Son skapaði Grenjaðar Stað fyrir hálfum Nattfara vykum. i sameiningu með þeim vitnisburðum er sami Biskup ágrundaði dóm sin af 1580. um Kotamyri synir Klagan Sr. Odds Biarna Sonar at þá Biörn Magnuss Son eygnadi Skridu þá Jörd, hafi eingin maður annað vitað enn það at Staður ætti þat land með réttu, og at Skriðu Eýgendur alldrej hafi opinberlega þorat at eygna Skriðu nefnda Jörð, syna Konúnglegar Jarðabækur, því Jarðabokin af 1702 Assessors Arna Magnussonar og Páls lögmanns Widalins synir berlega at fyrst skrifaður máldagi hafi á þíngstefnunni eptir þeirra skriflegri kröfu framvysaður og afhendtur verit, þvi su Jarðabók fylgir svo náqvæmt elldsta Maldaganum í tilliti þessa Staðar hiábóla á hans, nefnilega Staðarins, torfu, eður heimalandi, því þá hann hefur önnur hiábyli nefnt, og siðast Naustavyk öde Jord, bætir hann við þessum orðum: „Vassnees og Kotamyre tvende öde Jörder hér í Egnen“, þat er rétt utlaggt hér (nefnilega) á Staðarins eýgnartorfu eður heima landi, og enn þá, at Syslu maður Jón Benedicts son ekki hafi þorað í opinberum Skrifum at eygna sér, sem Eyganda Skriðu Kotamyrar, synir Jarðabok landfogeta Skúla Magnuss Sonar, sem kennd, er við árit 1760, skömmu fyrir Syslumansins dauðatið, á hvörri hann testamenteraði slíka Sálugiöf Fátækum i Reikiadal þá hann af ollu hefur útseð, at Skriða alldrej mundi þvi landi haldit geta.[205]

Í beinu framhaldi af bréfspósti Odds Bjarnasonar 6. júlí 1673 virðist koma bréf séra Eiríks Þorleifssonar en hann segir að fyrrgreint byggingarbréf (sem er ekki tilgreint nánar, e.t.v. er það frá árinu 1638) og klögunarbréf séra Odds sýni að með vissu megi ráða að:

> Heila landed mót Vestre Hafe Vered þad sem Svíná Heldur framm til Fialla afrettar land Výkum til Heirande, Og so Vel Halded Þóroddsstadar Kyrkiu eign sem Hitt Landstikked frá Svínáróse, Og Náttfara læk til Ofeigshellirs, Jafnvel þótt lykur Dragest [yfirstrikað: til] ad þvi, ad þetta Hafe sá lands partur Vered, sem i fyrstu Hafe giefenn vered til Stadanna i Reikiadal fyrer afréttar land, enn Hafe þó Öndverd lega fyrer Siálfra þeirra Hyrdu Og af

[205] Skjal nr. 2 (178) a-b.

skipta leise frá þeim Horfed til Þoroddsstadar, unns Hann þad aptur Miste til Skridu Eyganda i tyd Sr. Gunnlaugs Jons sonar.[206]

Umrætt land hafi verið byggt í meira en 100 ár og sé nú orðið fasteign fátækra í Reykjadal eftir að Jóns Benediktsson gaf það á banasæng sinni. Hann telur þó að Rauðaskriða:

> ... Naumlega hafe löglega ad komest á lande þvi i Öndverdu Haft eptir Orækum máldaga, þvi lysa gamlar lóg festur Hér, sem yfergrípa Heila Kotaland fyrer Vestann Ána, Og Siálfann bæenn þar med, Hvórium bádir þeir Fedgar Og þá eigendur Kotalands Lögmadur Benedict af 22 Maí, 1726. Hefir þynglyst á Liósavatne og Prótócolerad á kiærulaust, Og Sómu leides Sonur Hanns Syslumadur Jon n<o>ckrum sinnum i afa Myns Sira Sæmundar Sál. tyd, Og Mót mælte þeim alls ecke.[207]

Afrit Eiríks Þorleifssonar prests úr gamalli máldagabók Norðursýslu á Grenjaðarstað og ályktanir Eiríks um Náttfaravík er að finna í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

> Ur gamallri norður Sýslu Kyrkna Máldagabok, sem liggur á Grenjaðar Stað að líkindum eptir Sigurð prest Jóns Son Biskups AraSonar, Staðar Kyrkiu Máldagi
>
> Kyrkia á Stað i Kinn helguð Maríu og Nicolao á allt Heimaland, og OfeigStaði Torfunes, Tiarnahverfi hið eystra og vestra, hálfshundraðs skógur í Mánafelli, Reki í Wyk út, þriðjungur af tólftúngi alls Hvals, Síðan skal þriðiungur alls Hvals til þessarar Kyrkiu, Øll skemri Tök enn tuttugu Feta, tveir hlutir hins stærra viðar og í Flutningum öllum, milli Ósa hálfur attungur Hvals og viðar hvört sem er rekin eða fluttur, Torfskurður i Bergstaðaland fiórir tólf Feðmingar, Siðan (þetta orð hefur rángskrifast af Endurritara í staðin fyrir Viðun) í Staðarholti. – [Síðan virðast koma athugasemdir og hugleiðingar séra Eiríks]: Þessi máldaga afskrift berest samanvið origínalin á Grenjaðarstað sem Presturin er skyldugur at sýna svo siást mégi og lagast ef smáorð í vantar eða bókstaf, eða sé nokkru aukið
>
> At ofannskrifat Máldagabrot sé eptir aungann anan enn Sr. Sigurð, synir Eptir maður hans Sr. Biarni GamlaSon, er ut feingnu?? Biskups Skrifara til Prófasts Sr. Þorsteins Illugasonar tók fyrir til Samanburðar, þessa Staðar, og Reikiadals Staða Máldaga, sem han frá sinum Formani Sr. Sigurði hefur hiá sér haft, og af þeim Samanburði leitast hann við at syna fyrstur allra þat, at

[206] Skjal nr. 2 (77). Oddur Bjarnason hélt Þóroddsstað á árunum 1665-1677/78 en séra Gunnlaugur 1660-1665, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Umræddur Björn Magnússon er líkast til samnefndur sýslumaður og klausturhaldari á Munkaþverá 1662-1695, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 235-236. Skriða sú sem talað er um er líkast til Rauðaskriða í Aðaldælahreppi.

[207] Skjal nr. 2 (77). Jón Benediktsson sýslumaður í Þingeyjarþingi andaðist í Rauðaskriðu 1. maí 1776, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 59. Séra Sæmundur Jónsson hélt Þóroddsstað 1748-1784 og sonarsonur hans séra Eiríkur Þorleifsson 1826-1842, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299.

Reikiadals Staðir mundu eyga landit allt eða mest allt, enn Þóroddstaður litit í því eður ekkert.

Enn ekki að síður mætti sýnast at Sr. Sigurður hafi vitat at landit i vykum vera einn part af heimalandi Þóroddstaðar Kyrkiu, og þvi hafi hann með þessa Maldaga orðatiltæki Öll Tök viliað syna þat kyrkia hér enn aungvir aðrir ættu þar allar lands drottna leigu tekiur á Fiöru, og þat i Flutningum öllum, sem landi eins og landsdrottni einum tilkemur að lögum at eyga

[Sat]ta Samningur Sr Biarna við Sr Illhuga eptir Biskups Skrifit af 1613, er svohlioðandi sem her eptir skrifat sýnir,

Eg vil í nafni Drottins öllum hugmóð og óvild afslá, og allri á klögun, enn þó með soddan Skil mála Sem nú eptir fylgir:

Fyrst að Eg Kyrkjunnar vegna, haldi Fiorðungi úr Hvalreka fyrir öllum náttfaravykum, kunni að landi að bera, Eg vil og halda öllum Flutningum fyrir Itstaból, en fyrir Miðból hálfum af Hvölum og viðum, eptir hlióðan Maldaga Kyrkiunnar á Greniaðstoðum, og eptir dómi og urskurði Hr. Guðbrands Þorlakssonar, sem hann sendi til Múla í Firra Sumar, og hefur síðan endurníat með Bréfum sínum nu i vetur. -

Annar Skilmáli er þessi: Að eg vil mitt Skip hálft eða heilt sé friálst og áfgialds laust til Staðarkyrkiu, i þeirri veiðistöðu, sem nú kallast Skálavyk, hvar menn hafa til haldið í nærstu 80 ár, hafi friálsann Skála, hiall og fiskigarða, líka eldivið til að sióða fyrir Siómenn, eða þurka þeirra Föt. Gre.st.
1614 Biarni Gamla Son

Til Sr. Illhuga Helgasonar

Athugasemdir

a) Þessi Samningur synir auglióslega at þá slíkur Frekiu maður sem Sr. Biarni var, ekki lýsir í honum eptir afrétt í [hér kemur orð ofan línu, sem ekki verður lesið, má gizka á: bóla] vykum at hún hafi þar alldrej fyrir hans daga frá Gr.st. kölluð verit og at hann síðar hafi eptir Samanburð máldaganna, sem eru í siálfum sér ógreinilegir [hér er einhver blekklessa við ó-ið, svo e.t.v. hefur átt að strika það út], og nefna samhlióða í náttfaravyk, teigt þá nefning af hatri við sr. Illhuga út ýfir heila landit, [yfirstrikað: þá] þó teds Stadar máldagar syna at afréttar Jtalann hafi takmörkuð verit í vissu Platsi, þar sem hvalreka tiltalann se fyrir heila landinu, afrettin alltsvo á dölum sem liggia til aðal náttfaravykur, og hafa af henni nafn fengit.

b) eins og þeir fornaldar vitnisburðir sem Dómurin af 1580 grundar sig á, svo sýnir og framanskrifaður máldagi með orðatiltækinu öll Tok, eður allar Tekiur, bædi að Sr. Sigurður hafi goldit lóðarfiska til Staðar og 2 hluti af Flutningum eins og aðrir eptir eldsta Máldaganum, hvors orð hér eru brúkuð, og hann altsvo Sr. Sigurði þekktur [hér hefur verið skotið inn orðum undirstrikuðum: er sinir, sem virðast merkingarlaus] og Samningur þessi synir at Sr. Biarni þorir þar ekki segia at Grenjadstadur hafi

[yfirstrikað: þar] i vykum nokkurs notið í þaug 80 ár sem þá lifandi vitni hafa getað um borit, þó hann Sr. Biarni heimti at Eyga þar bæði Flutning og friálst útræði.[208]

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans einhvern tíma á tímabilinu 1832-1834. Þar stendur:

Þareð miög margt af áriðandi Fornalda Sk<i>ölum þessarar Kyrkiu er sumpart giörsamlega tapað, enn sumt, það nefnilega af þvi ennþá til verandi, sem ei hefr verið innfært hér að framann liggur við töpun, þess vegna in færist hér i hugleiðing af Prófasts Skipan hér að framan dateraðri að Laufasi þann 15da Des 1749 eptir fýlgiandi Máldaga Skrá er og ásamt öðru innfærast þarf varúðar vegna í þann orskamt [torlæst í forriti] upp rettanlega nía KyrkiuStól af þeim sem auðnast að upp byria hann, hvört það væri Eg, eður annar maður

Kyrkian á Þóroddstöðum i Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssurshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. 1 Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri; þessari Kyrkiu tilheirir og Reki í Vykum út, af óskiptum Hvali 5 tólftu partar alls Hvals, öll Skemri tök enn 20 Feta, öll Tré 20 Feta og þadann af Skémri, tveir þridiupartar hins Stærra vidar, og i Flutningum öllum.

Millum ósa hálfur Attúngur Hvals og vidar, hvört sem er fluttur eda rekin, út frá ófeigs hellir til Miósyndis hálfur Áttúngr Hvals og triáreka og i Flutningu, Sömuleidis, vestur frá Biarnará til Senningarvykur, sem liggur frá urðarness tá austur til Forvaða við Hafra giá, Hálfur Áttúngr Hvals og viðar hvört Sem er rekinn eða Fluttur, Hálfs Hundraðs Skógur i Mánafelli, Mótorfsskurður i Bergstaðalandi 4ir tólf Feðmíngar, vidun i Stadarholti í Garðs landi í Adaldal, Skógur allur í Felli fyrir nedan götur.

…

að ofanskrifuð Máldaga Skrá sé rétt samhlióða þessa Staðar Kýrkiu Máldögum yfir höfuð samannteknum eða lesnum og samanbornum við annara Stiptana Máldaga, sem og konúnglegar Jarðabækur Árna og Skúla Magnuss sona. vitnar

E Thorleifson

n. b. götu, Hátún, Hnausa, Geitagerði, Finnsbæ, nefna hvörki Maldagar né Jarðabækur alltsvo hafa þaug Hiabyli alldrej lögbyli verið.

Hiáteiknanir við framanskrifaðann Máldaga og Jardabóka útdrátt.

1) að Fornalda Skýrsla eður Máldagi fyrir Heimalandi þessa Staðar segir það vera … og allt bú land i Výkum milli Hvanndala og Svinár undantekningar

[208] Skjal nr. 2 (178) a-b.

laust, eg eins undantekningarlausir eru allir Máldagar áhrærandi rekan inn frá ófeigs hellir til Flióts óss, eða Galta fialls hellirs i hið minsta sagt.

2) að ej hafi verið hér fleiri enn 11u býgðir Bæir i Sókninni þá Auðun Biskup visiteraði hér árið 1318 sýnir sá Máldagi og þar á meðal af hiábylum þessa Staðar einungis ÓfeigStaðir og Torfunes, öllum öðrum þá óbyggðum hiábylum og Jörðum So samsleingir sá Máldagi við heimalandið siálft [hér kemur viðbót utan af spássíu: sem þessa Staðar jtölulausri Eygn] án þess að nefna þaug sér i lagi, og téðs Máldaga, eða Sr. Stulla þess, sem þá var hér Prestur, ógreinilegu frásogn um þessa Staðar Eygnir, hafa yngri tiða Byskupar eptir skrifað. Þó synir sá Máldagi saman borin við önnur Skiöl her að þessa Staðar menn hafa þá brúkað landið i vykum sem Heimaland, einkum til Selveiða þegar þá verandi Kyrkiu [yfirstrikað, Kyrkiu] bækur hér, eða meðal þeirra su allra helgasta guð spialla bokin, sem i Páfadóme var átrunaðar goð voru hér á Selskinn skrifaðar, sem sem lýsir slíkri gnægð Selskinna hér á þeirri tið, að menn hafa leitast við að tilsniða þaug og hag nyta til sem flestra hluta, annars nefnir Máldaginn hér þaug Kúa rað, að Kálf Skin nóg hefði til reiða mátt i bækur ella, og berlega segir og synir Máldagi þessi það, að öll lands leigu gögn i triárekanum hafi þá legið undir þennann Stað og af endur gialds Jtölum frá öðrum Stöðum hingað synir Jnnlandið? [torlæst í forriti] siálft þessa Staðar E[ygendom] [út á spássíu er bætt við: n.b. samanborinn við önnur Skiöl, sem sýna landið i vykum þessa Staðar einungis Eygn á öllum Páfadóms öldum yfir höfuð] enn sterkari upplysingar, af öðrum maldogum þessa staðar Eýgnar rétt a landinu ýfir það heila tekið leifir ekki blað þetta hér að framfæra.[209]

Eiríkur Þorleifsson skráði eftirfarandi í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Aðrar áriðandi Skyrslur eru infærðar i þann firri Kyrkiustól, fleyrstar allar sem Eg nú fæ mynnst, Jarðabókin af 1760 telur Þóroddstaða Bújörð 25 hundruð að dírleika og henni fylgiandi öll hin sömu hiából sem i þeim fýrsta Máldaga eru nefnd a nafn, og af hvörium nú er 3 býggð, nefnilega Naustavyk með 60 alna landskuld og 6t úngi vöðu Sels veiða i Eptirlag úr landtogs nótlögum, þar á og med réttu að vera þat Kýgyldi, sem nú er á Staðnum, og i nærstliðins árs Spesifikation talit með túnsendakoti. [síðan eru talin upp býli bæði byggð og óbyggð] Gata, Hatun, Hnausar og Túnsendakot, hafa og, þó hvörki Máldagar né Jarðabækur géti þess, verit byggð einhvörn tíma í Gamladaga, sömuleiðis Skálavyk; Ytra – og – Syðra Samtýni og Finns bær i vykum, … Wargsnes i výkum væri enn þá býggilegt enn Naustavyk ma ei missa þat ella býggdist hun ej, þvi landit er þar svo af sér geingit vorðið, Kotamýrabol og land er Kyrkiunni ránglega frákomit einsog yfirlýst er í nærstliðins árs Spesifikation, og fleyra, og eru nu talin öll þau hiából er þessum Stað hafa fylgt at fornu, svo vel óbyggð sem byggð Byli nu.

[209] Skjal nr. 2 (177) a-b.

> Jtolurnar, sem maldagar nefna fyrir austan fliót og á Flióts Sandi millum ósanna, hafa verit endurgialds Jtölur eptir ingeingnum Samningum, [úti á blaðjaðri er bætt við: n. b. og sennilega vísað niður en þar er skert og verður fyrsta orðið alls ekki lesið með vissu: fyri? fiár rekstr í vykna afrétt fyri Kotamýra landi og fleira] og þær allar hafa við komandi Staðir fyrir laungu siðan undir sig tekið, og þar með þeim Skiptum siálfir svo uppsagt at þeir framar ekki hafa rétt til, eptir nokkru í landi at lýsa hiá þessum Stað í Máldaga skini.
>
> Jtölurnar á náttfara vykur almenningum, og ytst á Flatejar dal í Vykur reka hafa þessa Staðar Prestar ekki feingit, alltsvo er tilhlyðilegt at auk þeirra Skiala sem Capellan minn Sr. Jón innfærði hér að framan eptir fydimeruðum afskriftum, séu og hér fyrir aptan inn færð önnur er syna hvað fráleitlega hafi til forna farit um Eygnir þessa Stadar. Þess vegna infærist her eptir sem fylgir: …[210]

Í afriti séra Eiríks Þorleifssonar á óársettum máldaga Þóroddsstaðar eftir bréfi í kirkjustól kirkjunnar segir:

> Þessi er Máldagi Kyrkjunnar ad Þóróddstödum í Kinn, þá Ingimundur Prestur Einarsson Fóstri Gudmundar Biskups Góda var þar á Stadnum, ad: Kÿrkjan á Þoroddstödum í Kinn, er helgud Marju og Nicolao; Til Kÿrkju þessarar liggur allt heimaland, hvarí ad eru þessi hjábýli: Stadarbakki, Loddastadir, Gissurshús, Ofeigstadir, Torfunes, Argerdis- Selför edur Tjarna-hverfi hid eÿstra og hid vestra, Naustavík, Vargsnes, Kotamýri; Reki í Víkum út, af óskiptum Hvali, fimm tolftu partar alls Hvals, öll skemri Tök enn tuttugu Feta, öll Tré 20 Feta og þadan af skémri, tveir þridju partar hins stærra Vidar, og í Flutníngum öllum; milli Osa-háls, hálfur áttúngur Hvals og Vidar, hvurt sem rekinn er eda fluttur; út frá Ofeigshellir til Mjosÿndis hálfur áttúngur Hvals og Vidar-Reka og í Flutníngu; ...[211]

Við máldagann gerir séra Eiríkur þær athugasemdir að máldagi Ólafs Rögnvaldssonar bæti við orðunum:

> ... vestur fra Biarnará til Senningarvykur hálfur áttungur Hvals og vidar hvört sem er rekin eda fluttur.[212]

Þetta máldagaspor eins og séra Eiríkur kallar það var skrifað inn í kirkjubókina aftan við önnur skjöl því forritið var orðið gamalt og slitið. Hann segir að máldaginn hafi ekki:

> ... frá Hólum feingist, nema Máldaga Útskrift, er sídar má sýnast at af þessu hafi útdrégin verit epter þat at Jtala var ákomin i siálfu Kota landinu, (vegna þess at þat var þá eydi bóla land ordit) Milli Hvandala og Svinár fra

[210] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[211] Skjal nr. 2 (79) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (175) a-b. Ingimundur Þorgeirsson hélt Þóroddsstað 1177-1179, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*; bls. 298.
[212] Skjal nr. 2 (79) a-b.

> Liósavatne og Hálsi) þegar sá Samningur, allra fyrst fór at breitast i Reka til tölu, þvi sá maldagi sýnir, at þá hafi sér i lagi verit farit at skipta 1num 12t únge af þessa Stadar reka parti Hvals alls i Výkum, af hvörium Audunnar Máldagi, er adrir Biskupar sidann hafa eptir skrifat, syner at 2r/3iu Partar hafi burtlátnir verit ...[213]

Að hans mati er augljóst að máldaginn, í frumriti eða afriti, hafi verið lagður fyrir Árna Magnússon. Í jarðabók hans séu nefnilega talin upp sömu hjábýlin að undanskildum þeim sem óbyggð hafi verið á tímum Ingimundar prests en voru þó til forna byggð í heimalandinu, þ.e. Gata, Hátún, Hnausar, Geitagerði, Samtún og Skálavík. Þar eru ítrekuð orð máldagans um heimalandið og hjábólin í því þegar hann síðast nefnir:

> ... Naustavyk óde Jord, og ségir sidan „Watsnæs (rettara Vargsnes) og Kotamyre tvende ode Jorder her i egnen“ edur i heimalandinu, i Þoroddstadar Eygnar landi.[214]

Máldaginn sýni ennfremur að enginn ítala Þóroddsstaðar hafi þá verið komin á fljótsós Hálsreka eða þeim langa sandtanga sem fljótsósinn hafi myndað frá Hraunshorni fyrir aðal sandinum og vestur undir björgin en við þau hafir hann fyrst runnið út til sjávar. En Ljósavatnsrekinn liggi fyrir háls- eða tangaplássinu. Þetta segir hann sýna að Kotalandið í Víkum hafi þá verið byggt milli Hvanndala og Svínár en eftir að hjábýlin hafi öll í farið í eyði hafi verið farið að óska eftir því að fá að reka fé í landið á sumardag. Við þeirri ósk hafi verið orðið og Ljósavatns og Hálsmenn greitt sjöttung af reka sjöttungi fyrir rekstur í Kotalandið. Þetta fyrirkomulagi hafi þó ekki verið lengi við lýði því að báðir staðirnir áttu hægari „afrétt“ og landið byggðist við og við. Þeir hafi því kosið áðurnefnda tiltölu í Víkurrekanum fyrir jafna tiltölu úr sínum reka við þær endurgjaldsítölur sem Reykjadalsstaðirnir létu árlega ganga þangað af meginsandinum í afréttarleiguna frá sér. En máldaginn sýni að það hafi skeð áður en hjábýlin fóru í eyði.

Af þessu öllu saman telur séra Eiríkur ljóst að Grenjaðarstaðarmáldagar séu settir saman meðan hjábýlin voru í byggð því að þeirra sé ekki getið sem eyðibóla heldur sem byggðra bóla á þeim tíma sem þau urðu til. Honum sýnist að landinu sé greinilega sundurdeilt, „afrétt“ sé nefnd á vissum parti, síðan séu nefndar tvær ítölur og sé önnur þeirra fyrir öllu landinu. En í því sé nefnt Ystaból og Miðból eða Ystibær og Miðbær en séra Eiríkur telur að ból þýði það sama og bær eða býli.[215]

Eiríkur Þorleifsson hafði meira að segja um málefni sem tengdust hinum óársetta máldaga Þóroddsstaðarkirkju. Hugleiðingar sínar skráði hann í opnu í kirkjustól Þóroddsstaðar sem hefur orðið auð við innfærslu prófastsvísitasíu árið 1804. Fyrst kemur texti sem er nánast samhljóða fyrstu línunum í óársetta

[213] Skjal nr. 2 (79) a-b.
[214] Skjal nr. 2 (79) a-b.
[215] Skjal nr. 2 (79) a-b.

máldaganum (skjali nr. 2 (79) a-b) en síðan koma ályktanir Eiríks um ítök í Náttfaravíkum. Þ.e. ítök fimm kirkjustaða og Garðs í Aðaldal í Náttfaravíkur og gagnkvæm ítök eða réttindi Þóroddsstaðar. Þóroddsstaður eigi hjá Reykjadalsstöðum (Grenjaðarstað, Helgastöðum og Múla) ítölur, sem svarað hafi árlegum afréttartolli til Þóroddsstaðar fyrir fjárrekstur þeirra í Víknaafrétt, og hið sama hjá Garði í Aðaldal, Ljósavatni og Hálsi fyrir fjárrekstur í búfjárhaga hjábýlanna, Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra, milli Svínár og Hvanndala, eftir að þau fóru í eyði.

„Afréttin“ hafi í „gamla daga“ ekki álitist ala öllu fleira hagagöngufé en frá Reykjadalsstöðunum:

> … og hefur hun þa verid brúkuð á austanverðum náttfaravykur dölum endilaungum til vesturdals ár milli sióar og Jökla, enn upprekstur þángað úr siálfri náttfaravýk þegar Fé var á Sió þángað flutt utani bakrángafiall, eður upp nátt fara vykur Skarð á Siálfa dalina, ella hefur sú af rétt á hvanndölum verið.

Þessar ítölur taldi prestur niður fallnar, þar sem Reykjadalsstaðir (þá á hann við Grenjaðarstað og Múla) hefðu tekið undir sig ítölur Þóroddsstaðar í rekum á Fljótssandi og endurgjald Helgastaða, skógur í Mánafelli, löngu eytt og hafi ítakið því fallið niður eða eins og segir í ályktun séra Eiríks:

> … hvörn skóg Helgastaða menn hafa i ond verdu keipt fyrir hálft hundrað til þess að hans árlegu nytiar héðan árlega skyldu borga HelgaStaðar afrettartoll, og að HelgaStaðar afréttar Jtala hafi þa með öllu niður lagst sýna fornallda vitniss burðir haalldraðra ráð vöndustu manna (og það svo leingi að 100 ára öldum hefur skipt, uns prestar síðar er ekkert af þessu vissu hófu að niu að kalla til afréttar fyrir ekkért þegar sú þekking var alldeilis töpuð að þeir vissu það hvar eða hvar i vykum su sana afrett þa væri.

Segir Eiríkur staðfesta máldaga Háls, Ljósavatns og Garðs sýna, að „afréttin“:

> hafi slett ekki verið i þeim parti milli hvandala og Svinar endilángrar …

Ennfremur að Reykjadalsstaðir hafi aldrei átt „afrétt“ í Kálfagrafaparti. Það staðfesti Helgastaðamáldagar, og Grenjaðarstaðarmáldagar skilji þá „afrétt“ frá bóla- eða býlalöndum, þar sem þeir eignuðu sér aðrar ítölur. Þetta staðfesti vitnisburðir Einars Hallssonar og Einars Runólfssonar, og sá fyrri sýni, að á dögum Jóns biskups Arasonar hefði öllum komið á óvart tilkall Reykjadalsstaða til „afréttar“ í hjábýlalandinu milli Svínár og Hvanndala.[216]

Í tilraun sinni til að komast til botns í því hver ætti réttmætt tilkall til Náttfaravíkna samdi séra Eiríkur Þorleifsson gríðarlanga greinargerð sem er dagsett 11. desember 1840. Hann greinir þar frá því að máldagar Grenjaðarstaðarkirkju, sem nefni „afrétt“ í Náttfaravíkum og í beinu framhaldi hvalítak fyrir alla Náttfaravík, sýni ljóslega að í elstu tíð hafi hluti landsins verið byggt og ekki verið kallað

[216] Skjal nr. 2 (175) a-b.

„afréttarland“. Það sem máldagarnir kalli ból, þ.e. Ystaból og Miðból, telur hann að eigi að skilja sem bæi því að annars hefðu máldagarnir talað um vermannaból. En landið hafi af sýnilegum merkjum og bæjaheitum verið byggt er þessi gjöf var gefin úr „afréttinni“ og byggðarlandinu forna, sem hafi aflagst eða verið komið í eyði þegar í tíð Auðunar biskups. Nefnilega Vargsnes hjá ystu lendingu og Samtún hjá mið lendingu en fyrir Syðstaból eða Naustavík hafi Grenjaðarstaður aldrei átt neitt.

Svo virðist sem þegar máldagar Múlakirkju geti þeirrar fornu „afréttar“ staðanna í Reykjadal þá vísi þeir til réttrar afstöðu vestur af Fljótssandi. Það komi heim og saman við hið til forna á Vesturdal eða fyrir vestan Svíná kallaða Helgastaðasel sem Kotamenn kalli nú bæði Helgastaði og annað prestssetrið þrátt fyrir það að engin merki séu sjáanleg um að þar hafi nokkurn tíma staðið bær og þaðan af síður kirkja eða grafreitur ólíkt Ytra-Samtúni. Því enn séu menn á lífi, Þorsteinn Bergsson, Jón Sturlason og Guðmundur Pétursson, sem hafi heyrt að þar hafi Helgastaðasel staðið til forna. Þeir tveir fyrstnefndu hafi komið á staðinn og segja augljóst að þar hafi aldrei bær staðið heldur lítil og mjög forn selstaða.

Hann segir að máldagar þessir hagi orðum eins og aðrir máldagar sem eigni sér lönd og reka fyrir löndum eða ítölur í löndum og rekum fyrir eða beint undir sömu löndum. Ekki sé hægt að mótmæla því enda segi Landnáma berum orðum að landnám Þóris hafi verið fyrir innan Skuggbjörgin öll og sé einungis Kinnin milli Skuggabjarga og Ljósavatnsskarðs við takmörk Landamóts því að þangað hafi að framan Ljósavatnsskarð verið numið. Af þessu megi því ljóst vera að Skuggabjargaparturinn yfir þvert landið austur frá Skjálfandafljótsósi og til vestara fjallgarðs á Náttfaravíkur „afréttardölum“ hafi tilheyrt Náttfaravíkum til forna. Nánar tiltekið innan frá Fljótsósi og út að Svínárósi sem við Galtafjallshorn í aðal Náttfaravík til sjávar fellur skammt fyrir sunnan hinn forna „afréttar-“ eða byggðarlands vörslugarð.

Af þessu megi sjá að bæði máldagar Grenjaðarstaðar og Múla noti sams konar orðalag þegar þeir nefna „afréttargeldfjárs“ tiltölu sína í Náttfaravík. Hann telur þar rétt að orði komist því aðal Náttfaravíkin, eftir hverri sú heila síða hafi tekið nafn sitt, og lendingarfjörur hennar beggja vegna Svínáróss liggi sunnan við hinn forna byggðarlands vörslugarð. „Afréttarpartur“ staðanna, sem ekki sé hægt að sanna að hafi nokkurn tíma náð svo langt út vestan við Svíná, heldur Kálfagrafaparturinn sem ystur var í „afréttinni“ og ætíð fylgdi landi býlanna meðan þau voru í byggð, sá svokallaði partur liggi fyrir lendingafjöru Náttfaravíkur. Af ofanskrifuðu og máldögum Grenjaðarstaða megi sanna að eftir að þeir geta „afréttarinnar“ í Náttfaravík breyti þeir strax orðalaginu og eigni Grenjaðarstað hvalreka tiltölu fyrir allri Náttfaravík. En hægt sé að sanna að engir máldagar bregði fyrir sig svo ólíku orðalagi þegar þeir tali um einn og sama hlutinn. Hér komi máldagar Helgastaða til bjargar en þeir sýni ljóslega að umrædd „afrétt“ þessa þriggja staða sé sameignarland þar sem Helgastaðir eigi alla grasnyt sem landið í fornaldarblóma sínum sýndist geta framfært fleira fé en tiltekið var að hinir staðirnir skyldu á þeirri tíð eiga. Það sanni að

þessi „afrétt“ hafi verið þar og hennar sé einungis að leita þar sem land Náttfaravíkur nái hvergi að sjó. Að öðrum kosti hefðu Helgastaðir átt allan bitþarann með bithaganum, móvið allan og allt sjávarúthald eða lóðarfisk vermanna í verstöðuvíkunum þar og allan reiða fyrir landi þar. Máldagarnir eigni hins vegar Helgastöðum nú ekkert landsleigugagn sem til sjávar nái. „Afréttarinnar“ sé því annað hvort að leita á Náttfaravíkurdal fram frá Illagili fyrir vestan Svíná eða þá úti á Hvanndölum.

Eiríkur vill meina að hægt sé að fá fulla vissu fyrir því að þeir máldagar, sem lýsi tiltölu Grenjaðarstaðar til hvals fyrir allri Náttfaravík, án þess að geta örnefna, meini alla sjávarsíðuna til „bríkur annes út“. Sjálf lögun landsins mæli svo með því að sannast myndi hvað dómendur dæmdu þar um ef réttur uppdráttur væri gerður af landinu þaðan og inn til Litlufjöru. En nú komi til máldagar sem innan þessara höfuðtakmarka nefni líka önnur kennimerki eftir stærð þeirra tiltölu, t.d. Munkaþverár sem lýsi því að eign klaustursins sé milli Svínáróss og Ófeigshellis. Þóroddsstaðarmáldagar sýni hins vegar að Munkaþverá eigi ekki trjáreka í Víkum og það sama eigi við um hvalrekann þegar máldagar Grenjaðarstaðar komi í sameignarrekafélagið á þessum parti. Í máldögum klaustursins segir: „Um alla Náttfara vyk frá Svina til Ófeigshellirs“. Það sanni hins vegar ekki að sjávarsíðan fyrir utan og innan þessi örnefni hafi ekki líka verið kennd við Náttfaravíkur. Enda sé þetta alllangur partur sem átt var við í daglegu máli þegar sjómenn sögðust ætla að ferðast út í Vík eða út í Víkur af því að bátslendingar- og sjávarúthaldsfjörur hófust fyrst við Svíná. Svíná nefni staðfestir máldagar í Náttfarvík en ekki við hana, einnig í Víkum en ekki við Víkur. Því noti Munkaþverárklaustursmáldagar orðalagið um alla Náttfaravík meðan máldagar Þóroddsstaðar orði það á eðlilegri hátt, þ.e. ekki sem heilt land heldur sem hluta úr landi.

Þóroddsstaðarprestur segist hafa sýnt fram á eftirfarandi atriði annars staðar:

a) Háls hafi til forna aldrei dirfst að eigna sér tilkall til hvals- og trjáviðarreka milli Svínár og Ófeigshellis.

b) Hvílíkt ósanninda tálskrif það sé sem eigni Hálsi sjöttung alls reka sem fyrst eigi að takast af þvert á móti vitnisburði máldaga Þóroddsstaðar sem ljóslega segi að eignarhluti Þóroddsstaðar sé:

> ... alls Hvals þad er af ollum Hvalreka og i triárekanum égi hann, öll tre skemri enn 20 feta, og 20 Feta fullra enn óskérdta 2 þridiunga alls stærri vidar ...

Samkvæmt því eigi klaustrið einn þriðja part rekans óskertan.

c) Hálsmáldagar hafi aldrei til varúðar verið við Þóroddsstaðarskjöl því að engin ítala hafi þaðan frá fornri tíð í Víkum krafin verið fyrr en séra Jón Þorgrímsson tók upp á því. Hans bréf hafi síðan verið að finna við Þóroddsstað og sýni þau best sjálf hversu réttmætt hans tilkall sé í samanburði við máldaga.

d) Að orð máldaganna séu ljós og sýni að þessi tiltala sé nefnd í Náttfaravík, þ.e. í sjálfu landinu en ekki í reka né öðru en um réttan skilning orðalags þeirra fæst við skoðun Ljósavatnsmáldaga.

e) Hann hafi sýnt á háum stöðum að Þóroddsstaðarmáldagar ávísi rétt hvalskipti milli reka hlutaðeigenda í Víkum, þ.e. að Þóroddsstaður eigi fyrstu vættina af hverjum tólf, svo skuli halda áfram að vega fjórar vættir í þann köst, síðan klaustrinu fjórar vættir í annan köst, svo Grenjaðarstað þrjár vættir og byrja svo aftur á Þóroddsstað. Samkvæmt því hefði Þóroddsstaður átt að fá 50 vættir í sinn hlut af hvalnum sem rak fyrir utan Svíná 1780 en klaustrið 40 vættir og Grenjaðarstaður 30. En séra Jón hafi eignað sér undir réttinda yfirskini sjöttung með nú augljósri lygi í opinberu bréfi um eignarrétt í rekum milli Svínár og Hvanndalaár, jafnvel hinar ytri frá Hálsi sem fyrst ætti úr að skipta rekum þessum bæði af hval og trjávið. Þetta átti að vera gert í krafti máldaganna til þess að sýna fram á réttmætan málstað í bréfinu frá 1780 en fráleitt orðalag máldaganna sem þar er tilfært sýni að séra Jón hafi ekki treyst sér að sækja það á hendur réttum eigendum ef þeir hefðu viljað halda. Þrátt fyrir þetta hafi honum tekist að vefja málið fyrir Sigurði Oddssyni á Ljósavatni sem átti ekkert tilkall þar í. Hann segir að þau ungu skjöl, sem finnist á Hálsi og séu ósamhljóða skinnmáldögum, séu runnin undan rifjum séra Jóns og orðin til í því þrætumáli sem hann átti í við Sigurð. Þetta megi sjá af því að enginn af þeim eldri biskupum hafi séð þessi skjöl á Hálsi og innfært þau sem máldaga fyrr en núverandi biskup gerði það vegna þess að hann fann það ekki sem máldaga við biskupsskjalasafnið en þaðan hafi hann sent amtinu staðfest afrit af hinum réttu máldögum.

Krafa Jóns árið 1780 var samþykkt þannig að af 120 vættum var honum eftir lýsingu bréfsins skipt 20 vættum þótt hann ætti ekkert að fá fyrr en hann útvegaði staðfest afrit máldagans sem hann aldrei gerði. Grenjaðarstaður fékk af 100 25 og síðast klaustrið 25 af þeim 75 sem eftir voru. Þannig missti Grenjaðarstaður 5 en klaustrið 15 vættir en Þóroddsstaður náði sínum 50 vættum svo að Háls hefði enga hefð til hluta hans í hval. Hann bendir á að eftir skiptin hafi Lárus heitinn Scheving klausturhaldari komið til Þóroddsstaðar og verið bálvondur yfir þeim og því ættu þau nú að álítast ófrjáls aðtekt og þjófsgjöf frá opinberum aðilum til Hálsmanna. Það sé óforsvaranlegt samkvæmt vitnisburði máldaga að ætla að Háls eigi nokkurn rétt til þess eins og amtið hafi úrskurðað í málinu 10. nóvember 1829. Skjöl Þóroddsstaðar sanni að hefðarlýsing séra Jóns geti allt eins verið röng en þau beri með sér og geti þess hvergi að þessi ítala í rekanum milli Svínár og Hvanndala hafi þekkst til forna og í raun ekki fyrr enn séra Jón tók upp á því þrátt fyrir að séra Ólafur Tómasson á Hálsi hafi verið mjög héraðsríkur á sinni tíð og sonur hans séra Gamalíel hafi haldið Þóroddsstað.[217]

[217] Ólafur Tómasson hélt Háls 1577-1628 og Gamalíel sonur hans Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297-298.

Séra Eiríkur segir að máldagi Garðs í Aðaldal sé langelstur allra höfuðmáldaga og sé eldri en Auðunar máldagar. Þar komi fram að Garður eigi

> ... afrettar gaungu fýrir sitt afrettarfé i Kalfagrafa Partinum sem ytstur var i Náttfaravykna fornu afrétt, og lá fyrir Nattfara vykur afrettardals meginn á svinar vestur sidu og fýrir Nattfaravykur lendingar fiöru til afrettar gards ute, vill augliosslega sýna ad a þeirri tid þá han saminn var hafi ytra landid býggt verid og haft her sina afrett, enn stadirnir i Reikiadal hafi átt sína samEygnar afrétt þar fýrir framann á Náttfaravykur afréttar dölum, i hvörri alls aungvir menn adrir hafa svo mikid sem eina þúfu fyrir afrettar fé med réttu átt ...[218]

Hann bendir á þó að landkostir virðist litlir nú fyrir svo margt fé þá hafi landið verið mun gróðursælla áður fyrr því að nú sé svo mikið af því blásið upp í blámel, skriður og grjót. Sömuleiðis hafi landið verið gróið kjarnmiklu grasi hátt og lágt og að féð hafi komist út í Kálfagrafapartinn og einnig í ytra landið þótt garður hafi hlíft landinu þá hafi hann varla náð svo hátt til fjalls að ekki mætti komast fyrir hann með tíð og tíma. Einnig hafi féð komist inn í „afréttarfjöll“ Granastaða og jafnvel fram á Seljadal. Hann telur að staðirnir í Reykjadal hafi til forna ekki nýtt sér reglulega umrædda „afrétt“ á framanverðum Náttfaravíkurdölum og því hafi verið uppi talsverð óvissa um þeirra rétta eignarland. Einkum og sér í lagi með hliðsjón af Þóroddsstaðarmönnum sem virðist hafa eignað sér alla vestanverða „afréttardali“ Náttfaravíkur, þ.e. af vestur fjallabrún til Svínár niður og svo langt sem hún ráði fram til jökla. Aðallega vegna þess að landamerki fornra og nýrra skjala Þóroddsstaðar, sem fái staðfestingu af staðfestum máldögum Hálsstaðar, séu líkt og máldagarnir undantekningarlaust um endilanga Svíná. Engu að síður hafi landið verið notað nógu oft af Reykjadalsstöðunum til þess að þeir vissu hvar „afrétt“ þeirra var forðum. Þetta megi sjá á sáttasamningsbréfi séra Illuga Helgasonar er hann skrifaði séra Bjarna Gamlasyni á Grenjaðarstað 1614 sem sýni notkun í heilan mannsaldur eða 80 ár. Eiríkur telur þó að séra Bjarni hefði ekki hikað við að gera tilkall til „afréttarinnar“ líkt hann gerði tilkall til verstöðuvíka landsins hefði hann treyst sér til þess og ekki vitað að Grenjaðarstaðar „afréttarítölu“ var þar hvergi að vænta. Þetta sýni bann séra Illuga frá 1638 þar sem fram komi að flestir, sem rekið hafi í Víkur með leyfi Þóroddsstaðarprests, hafi aldrei rekið „afréttarreksturinn“ lengra en út fyrir Svíná, ýmist í fjöruna fyrir sunnan „afréttargarðinn“ eða á dalina áður en Kotamýrabýlið var byggt í Kálfagrafapartinum. En nú sé aðeins eftir af Kálfagrafapartinum sá landstrimill er sjá megi milli „afréttargarðs“ og Galtafjallsenda eða Svínárós við áðurnefnt horn og Náttfaralækjar til fjallgarðs upp. En í þessum landstrimli eigi Garður í Aðaldal „afréttarítölu“ fyrir fé sitt, þ.e. aðeins í Þóroddsstaðarlandi en ekki landi hinna sem að fornu ráku ætíð fé sitt yfir Náttfaravíkurskarð og hleyptu því aðeins yfir ána í sameignarparta sína og skildu oft við það austan við téða á. Því eins

[218] Skjal nr. 2 (74) a-b.

og bréf séra Bjarna sanni yfir 80 ár, sanni innsiglaðir vitnisburðir í dómi Guðbrands biskups frá 1580 ekki aðeins að í tíð máldaga Ólafs biskups hafi Þóroddsstaður átt verstöðuvíkalandið allt til fjalls og fjöru, heldur sanni vitnisburður séra Einars Hallssonar enn lengra aftur, þ.e. til daga Péturs biskups. Þar komi fram að fyrstu deilur út af verstöðuvíkunum hafi verið runnar undan rifjum Helgastaðaprests í tíð biskups Jóns Arasonar. Sú deila hafi komið öllum á óvart, jafnt eldri sem yngri mönnum, og allra elstu menn hafi hvorki vitað til né heyrt allra elstu menn í sínu ungdæmi halda öðru fram en að Þóroddsstaður hefði átt allt verstöðuvíknalandið sem vitnisburðurinn sanni fram á daga Péturs biskups. Þeir hrekkir, sem beitt var í málinu, sanni enn betur að Reykjadalsprestar hafi séð hvað allir myndu bera um þetta atriði og hvað prestar norðanlands myndu dæma í því máli. Því létu þeir reyna á hvort ekki myndi betur ganga ef ókunnugir prestar yrðu kallaðir til en ljóst er að ekki hefur það skilað þeim tilætluðum árangri því að Helgi ábóti, sem átti að dæma í málinu, sá að tilkallið var óréttmætt og setti því deiluna niður.

Af máldögunum megi ráða að byggð hafi að mestu lagst af í Víkum í tíð Auðunar biskups og að byggðarlandið hafi verið notað frá Þóroddsstað sem „afrétt“ er fylgdi heimalandinu. Á þeirri tíð muni hafa þótt gott að eiga göngufé í Víkum og þar sem Ljósavatn fylgdi tíðast Þóroddsstað frá upphafi þá sé sennilegt að Þóroddsstaðarprestar hafi lénað Ljósvetningum sjöttungs umráð í landinu til geldfjárgöngu gegn gjaldi. Nú eða þá að Þóroddsstaðarprestar hafi sjálfir lénað Hálsmönnum þriðjung þar af og að þessi samningur hafi verið kominn á þegar í tíð Auðunar biskups og því verið innfærður í máldaga. Það sé alls ekki ólíklegt því að á Hálsi hafi þá verið svo mikið húsatimbur að fá sem gagnast hafi bæði Ljósvetningum og Þóroddsstaðarprestum. Vitnisburður séra Einars Hallssonar virðist líka benda til þess að hann hafi vitað að viss ítala til geldfjárgöngu hafi fyrir rétt endurgjald verið lénað í verstöðuvíkunum, t.d. Garði í Aðaldal, upp af verstöðu þeirri sem lá fyrir „afréttinni“ fornu en viðun í Staðarholti borgaði það og Ljósvetningum sjöttungs umráð á heila landinu sem Reykjadalsstaðirnir áttu ekkert í. Staðfestir máldagar Hálskirkju sýni ljóslega takmörk landsins frá norðri til suðurs sem sé:

> ... milli Qvandala (edur rettara sagt á millum Jnnraqvandals) og Svínár, [yfirstrikað: nefnilega] þad er frá hædstu brún og middiki Hágángna fialls í millum innra Qvanndals og Hágaung[u?] lágar á sunnanv[erdu] fiallinu, edur af Há fiallinu beint nedan Ófeigshellir [í inn?]ra Haugshorni til Svinár undanntekningar laust allt svo endilángrar, í það minsta til Jllagils, þángad sem Kálfagrafa Parturinn forni nádi sem ad gamallra manna sögn til heirdi ytra landinu þar til kot þad var býggt er i afrettinni fornu stendur nú ...[219]

Orðalag í þessum staðfestu máldögum og í fornum og nýjum skjölum Þóroddsstaðar bendi til þess að Þóroddsstaður eigi alla Náttfaravíkurdali þeim megin

[219] Skjal nr. 2 (74) a-b.

Svínár fram í gegn. Þessir staðfestu máldagar, sem séu jafn gamlir og máldagar Reykjadalsstaðanna, þ.e. úr tíð Auðunar biskups, tiltaki Þóroddsstaðarland með skýrum takmörkum til fjalls á báðar síður þar sem Garður í Aðaldal, Ljósavatn og Háls hafi ítölu notið á þeirri tíð. Máldagar Grenjaðarstaðar sýni njótendunum ljóslega að „afrétt“ staðanna sé á ákveðnum stað sem máldagar Helgastaða upplýsi að staðirnir þrír eigi saman út af fyrir sig. Þessi „afrétt“ staðanna sé, samanborið við höfuðmáldaga Þóroddsstaðar og forna hefð sem teygi sig aftur fyrir elstu höfuðmáldaga, ekki þar sem landið nær til sjávar en orðalag Grenjaðarstaðamáldaga virðist hvað þetta varðar vera samhljóða Helgastaðamáldaga og það myndu Grenjaðarstaðarprestar sjá ef þeir horfðu rétt á.

En nú virðist allt stefna í að landið verði með ofríki ranglega haft af Þóroddsstað líkt og þegar séra Bjarni Gamlason útbjó falsvitni til rangs dóms. Þess var krafist að sá dómur yrði rifinn og honum eytt en það hafi ekki enn þá gerst. Séra Eiríkur mótmælir því öllum þeim skjölum Reykjadalsstaðanna sem varði umrædda „afrétt“ í Víkum og séu runnin undan rifjum séra Bjarna ásamt yngri skjölum sem af þeim séu leidd. Hann krefst þess að þau verði gerð ógild og þeim eytt svo að þau komi ekki til með að villa um fyrir aðfluttum prestum sem viti ekki betur en að skjölin, sem upphaflega urðu til af ásælni og ágirni, séu réttmæt.

Næst snýr séra Eiríkur sér að kaupbréfi Skriðu sem hann segir að sé einungis byggt á sögn Margrétar um að Skriða ætti „afrétt“ fyrir sjálfa sig á Hurðarbaki. Ekki sé ljóst að átt sé við allt landið heldur aðeins landið fyrir rekanum í vestanverðu fjallinu sem þá hafi allt verið gróið kjarnmiklu grasi. Kotamýramenn segi að grasgeirar þeir, sem þar sé enn að sjá en fari nú þverrandi, séu enn í dag miklu betri en landið vestan við ána og vel megi vera að með Hurðarbaki sé átt við urðarbak. Margrét hafi því misheyrt á tal gamalla karla um að fjallið upp yfir rekanum hafi fyrrum verið kallað Urðarhali. Þar sem að orðin séu svo lík og Urðarhali réttnefni þurfi að sýna fram á fleiri trúverðug fornskjöl en einungis þetta eina kaupbréf þar sem Hurðarbak komi fyrir. Hvað sem því líður þá sýni máldagar Munkaþverár að reki Þóroddsstaðar nái úr Svínárósi til Ófeigshellis og Hálsmáldagar að sami reki sé milli Hvanndala og endilangrar Svínár. Þetta sýni jafnframt klagan séra Odds á alþingi um byggingu Kotamýra af Birni Magnússyni eiganda Skriðu að á þeirri tíð hafi enginn maður vitað annað en að Þóroddsstaður ætti með réttu þetta land eins og Hálsmáldagar sanna sé lagður réttur skilningur í þá. Þrátt fyrir að þessi bygging hafi hvorki verið kærð af stöðunum í Reykjadal né Þóroddsstað, en séra Oddur sleppti skömmu síðar brauðinu og fór til Möðruvallaklausturs, þá hafi óánægjan yfir þessu verið mikil. Því hafi m.a. verið lýst að Skriða ætti ekki með réttu land þeim megin Svínár því að annars hefði Benedikt lögmaður ekki leitað vitnis um það sem sanni þó ekki meira en ofannefnd klagan. Þ.e.a.s. að Björn Magnússon eigandi Skriðu hafi látið byggja þetta kot, að eigendur Skriðu og engir aðrir hafi tekið landskuld af því og að byggingin hafi ekki verið kærð til þings.

Hann segir að enn séu á lífi menn eins og Stefán Hallsson, uppalinn á Kotamýrum, sem heyrt hafi það nefnt að Kálfagrafirnar sjálfar hafi kallaðar verið í og undir fjallbugtinni upp frá bænum á Kotamýrum og út og suður.[220] Einnig hafi gamlir menn sagt að Skriðuland fyrir austan ána hafi ekki náð lengra suður en í Sjómannaklauf og Björn hafi eignað sér í Illagil hinum megin vegna hversu líkt það var. Menn hefðu því rekið á framdalinn eins og áður allt þar til Jón sýslumaður lögfesti hann allan undir Skriðu jafnt að austan sem vestan. Þá jafnt sem nú hafi verið deilt um land þetta og sýslumaður vitað innst inni að Skriða ætti ekki landið með réttu. Í erfiðri banalegu gaf hann jörðina fátækum í sömu sveit, sem hann vissi að voru réttir eigendur, til þess að lina þungann af þessari byrði. Síðan hafi landið verið í eigu fátækra og nú vanti aðeins 30 ár upp á að kotið, sem byggt var í embættistíð séra Gunnlaugs Jónssonar, verði 200 ára. Reykjadalsstaðir hafi því sannanlega ekki þeirra sameignar „afrétt“ átt svo að hún sé þeim ekki fyrir fullt og allt töpuð en hennar sé ómótmælanlega ekki að leita fyrr en á Hvanndölum. Það sýni bæði Grenjaðarstaðarmáldagar, sem haldi fram ítölulýsingum sínum þar frá norðri og suður eftir, og Helgastaðamáldagar sem berlega sýni að „afrétt“ staðanna sé hvergi þar sem Helgastaðir hafi í hennar skyni getað náð til fjörugagna.

Séra Eiríkur segir að sjá megi á máldaga Auðunar biskups frá 1318 að jarðirnar Ófeigsstaðir, Torfunes og Gönguskarðslandið séu ekki heimaland Þóroddsstaðar heldur lönd sem kirkjan hafi fengið að gjöf. Hann telur að leiða megi líkur að því að annaðhvort hafi sá Ófeigur, sem Ófeigsstaðir séu kenndir við, fyrst búið í Víkum og átt allt land utan frá Ófeigshelli og inn í Hvanndal til Svínár áður en hann byggði Ófeigsstaði eða hann hafi eignast land þetta síðar og lagt það að lögum undir Ófeigsstaði. Ófeigur hafi þá einnig tekið af lögbyggð þar og að ytra takmarkið á landeign hans í Víkum, þ.e. Ófeigshellir, hafi líkt og Ófeigsstaðir þegið nafn sitt af honum. Sá partur hafi síðan fylgt Ófeigsstöðum þangað til að þeir með öllu landi þar og hér urðu eign Þóroddsstaðar. Þetta telur séra Eiríkur vera ástæðu þess að séra Sturla, sem greindi Auðuni biskupi frá eignum staðarins, hafi ekki nefnt umræddar víkur sérstaklega því að hann hafi álitið það sem annað Ófeigsstaðaland sem hann segði allt saman undantekningarlaust tilheyrði Þóroddsstaðarkirkju. Það staðfestist ennfremur þegar kemur að rekanum en samkvæmt máldaganum á Þóroddsstaður öll álnarlöng kefli og smærri tiltölulaust. Þau kefli, segir hann, tilheyri ómótmælanlega hverri jörð og séu eign landsdrottins samkvæmt lögum, sem séu enn í gildi,[221] og eftir

[220] Stefán Hallsson (1. júní 1790-3. mars 1862) fæddur á Reykjum en fór ungur í fóstur til Sigurðar Þorsteinssonar á Kotamýrum. Hann var bóndi í Tungugerði á Tjörnesi 1816-1817, Kvíslarhóli 1817-1821, hann flutti að Naustavík 1830 og þaðan inn í Fjörður en árið 1844 flutti hann með séra Magnúsi Sigurðssyni suður í Borgarfjörð en er komin aftur 1860 og er þá vinnumaður á Héðinshöfða, sbr. Indriði Indriðason og Brynjar Halldórsson, *Ættir Þingeyinga* XIV, bls. 41.

[221] Í Jónsbók segir: „Ef maður kaupir reka af landi manns að lögmáli réttu og skilja þeir það eigi gjör en svo, þá á landeigandi af fjöru þeirri álnarlöng kefli öll og þaðan af smæri.“, sbr. *Jónsbók. Lögbók Íslendinga. Hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578*, bls. 200.

öllum máldögum. En þar sem máldaginn undanskilur hvort tveggja 20 feta tré og 2/3 hluta af tólftung í hvalreka, sem tilheyri þó Þóroddsstað, sýnir það að þetta hafi verið lénað einhverjum, líkast til Hálsi. Þessi 2/3 hluti af tólftungi svari til þess að Hálsmenn hafi þriðjungs not haft af sjöttungs léni Ljósvetninga í landinu sem Þóroddsstaður lénaði þeim. Hafi Þóroddsstaðarprestar í velvildarskyni lénað þeim samskonar hlut af hvalrekanum auk allra 20 feta trjáa gegn því að fá timbur úr Hálsskógi eins og vitnisburður séra Einars Hallssonar staðfesti. Hálsmáldagar gátu með sama rétti nefnt sjöttung saman við Ljósvetninga hér þó að þeir hefðu ekki hálf not heldur þriðjungs not. Séra Eiríkur telur þó líklegast að Þóroddsstaðarmenn hafi hvort tveggja lénað Ljósvetningum tvo hluti af ofannefndum sjöttung úr landi í Víkum milli Hvanndala og Svínár til geldfjárgöngu og Hálsmönnum, en ekki Ljósvetningum, þriðjungs not öll af sama sjöttungi í landi þessu ásamt ofannefndum rekahlunnindum. Að ofangreindum ástæðum sé því ekkert að marka þó að séra Sturla hafi næstum gleymt að minnast á ítölu Þóroddsstaðar út frá Ófeigshelli.

Hvað máldaga Péturs biskups og Ólafs biskups varðar hefur séra Eiríkur ekkert að athuga nema hvað að sjá megi á máldaga Ólafs biskups að kirkjunni hafi áskotnast ítalan frá Bjarnará til Senningarvíkur. Af máldaga Jóns biskups Arasonar fyrir Ljósavatni megi sjá að sjöttungi Ljósavatns í Víkum hafi verið skilað Þóroddsstað aftur. Yngri máldagar Þóroddsstaðar sýni það sama hvað Hálsstað varðar og sérstaklega þriðjung hans af sjöttungi hvalreka sem og 20 feta tré úr trjárekanum sem Hálsmönnum virðist hafa verið lént af reka í Víkum frá Þóroddsstað gegn einhverju í staðinn. Þessir máldagar sýni þó ljóslega að sá samningur sé ekki lengur í gildi. Máldagarnir, sem eru miklu eldri en Sigurðarregistur, voru árið 1580 viðurkenndir sem órækir og gamlir er Guðbrandur biskup dæmdi þá gilda. Í dómnum tilfæri biskup orð máldaganna um öll tré 20 feta og þaðan af skemmri, en dómnum verði ekki hnekkt vegna þess, því að allir staðfestir máldagar geti Þóroddsstaðar, sem landsdrottni og eignarmanni téðrar lóðar og lands tilheyri að lögum öll álnarkefli og öll sönn landsleigugögn til lands og sjávar.[222]

Eiríkur Þorleifsson skráði í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 að Naustavík og Vargsnes væru hjáleigur Þóroddsstaðar. Fyrra býlið sagði hann í byggð en ekki hið síðara. Einnig kemur fram hjá honum að Staðarprestar hafi ekki fengið ítölur í Náttfaravíkur almenningum og í Víkurreka yst á Flateyjardal. Meira er sagt um málið í kaflanum um Þóroddsstað.[223]

Ágreiningur um rekaítök Háls í Fnjóskadal í Náttfaravíkum stóð alllengi (sjá kaflann um Háls hér á eftir). Hér á eftir verður tekið upp það, sem varðveitt er í Þóroddsstaðarskjölum:

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkur. Þar sagðist hann gramur

[222] Skjal nr. 2 (74) a-b.
[223] Skjal nr. 2 (178) a-b.

yfir því hversu illa forverar hans hafi varið eignir kirkjunnar og ekki komið í veg fyrir að ítölur kæmist á land kirkjunnar. Ítölur þessar telur hann svo fráleitar að allir réttir máldagar, sumir með berum orðum en aðrir með samanburði, sýni veruleg ósannindi. Þar með vill hann telja tilkall Hálsstaðar til sjöttungs reka í Víkum (Náttfaravíkum) sem skuli fyrst takast af. Ekki eingöngu staðfestir máldagar Þóroddsstaðarkirkju heldur einnig máldagar Hálskirkju sýni berlega að það sé ósatt. Borið saman við Ljósavatnsmáldaga megi sjá að Ljósvetningum hafi verið fenginn sjöttungs hlutur í búfjárhaga hjábýla Þóroddsstaðar milli Hvanndala og Svínár til geldfjárgöngu á sumardag og bátsuppsátur í Náttfaravík við Svíná. Þessi hjábýli, þ.e. Kotamýri, Naustavík, Samtýni, Skálavík og Vargnes, hafi þá öll legið í eyði. Í staðinn hafi Þóroddsstaður fengið 16 part alls hvals- og trjáreka á Ljósavatnsreka og líka alla flutninga uppflutta á sama reka. Þóroddsstaðarprestur segir að þessi staður hafi sama hlutfall haft annars staðar á Fljótssandi, sem í máldögum og í daglegu tali kallist í millum ósa, hjá Grenjaðar- og Múlastöðum. Það ítak eins og máldagarnir sýni að það hafi verið hefur á þeirra tíðar rekaárum þótt nægilegt árlegt endurgjald fyrir:

> ... allra hér nefndra Stada lientu endur gialds Jtolur, svo vel Liósavatns i bufiár Haga, sem hinna i afréttarlandi fyrir sunnann Sviná, nefndum Skiptum hafa nú fyrir laungu sidan allir þessir Stadir upp sagt siálfir, med þvj ad taka undir sig nefndt Endurgiald, er Liosvetningum serilagi hefur erfidt þókt til fullnustu einungis af sínum Parti ad svara, og hafa þvj feingid Hálsmanna Samþikki til þess, ad þad til Jafnadar og svo mætti takast af þeirra Parti, enn þeir skyldu þar á móti hafa Jöfn not vid Liósvetninga af þeirra endurgialds itolu hiá Býla landi þessa Stadar milli Hvandala og Svinár, þessar Sönnur liggia bædi i hlutarins nátturu sem nefndra Stada Máldaga samann burdi vid sömu tidar máldaga hér, er og sýna innbýrdis samanbornir, ad nefnd ítala frá Liosavatni og Hálsi i ádurtedu hiá býla landi, hefur verid stöpul, liklega sökum bædi þess, ad landid hafi stundum býgt verid, edur og hins, ad þá bádir sídarst nefndir Stadir áttu sér öllu hægri afrétt, hafi þeir medan þessi Stadur naut hiá þeim ádur nefndrar Endur gialds Jtölu, heldur tilkosid sér 2/3iu parta af 12túngi Rekahval og öll þaug tré, sem þessi Stadur einnsaman átti leingst i Rekanum nefnilega þau sem voru réttra 20 feta edur 10 ál., enn þad Pergaments Skial á Hálsi, hvört ad lysir eptir reka 6ungi hvals og vidar i Výkum er fyrst skuli af takast, verdur bædi af öllum Máldögum, og sér i lagi þess undir skrift áhrærandi Sr. Ólaf Thómasson, eptir hvörn og liggia vitnisburdir her á Stadnum sannad ad vera falskt svo og hafa nefndir Stadir þessa stadar Jtölu hiá sér, undir sig tekid, eins og hinir adrir, og skiptum þessum þar med upp sagt á bádar sidur ...[224]

[224] Skjal nr. 2 (111) a-b.

Þóroddsstaðarprestur er þeirrar skoðunar að hlutaðeigendur hafi verið í fullum rétti með að segja upp ítölunum en ekki megi taka þær upp að nýju án samþykkis staðarmanna þó svo að hið forna og ónýta endurgjald væri goldið fyrir.[225]

Síðan kemur umfjöllun um Kotamýrar (sjá kaflann um Kotamýrar).

Þorsteinn aðstoðarprestur á Hálsi skrifaði séra Eiríki á Þóroddsstað 20. desember 1839 um Náttfaravíkur. Því bréfi svarar hann 11. janúar 1840 og ræðir sátt sem þeir séra Eiríkur og séra Sigurður á Hálsi höfðu gert með sér. Hann segist ekki kannast við að vera skyldugur öðrum en séra Sigurði þann tíma sem hann var honum samtíða og hafði umráð Þóroddsstaðar eins lengi og sættin ber með sér. Hann segir að eftirlátsemi sín við séra Sigurð hafi sumpart verið bróðernissamningur en sumpart tollur fyrir frekyrði sín við hann en ætti alls ekki að skoðast sem máldagi. Það geti heldur ekki staðist þar sem hann um leið afsalaði undan sér og Hálsi sama tilkalli í klausturrekann milli Svínár og Ófeigshellis. En það sé einmitt í sama rekarúmi og Grímur Jónsson amtmaður skipaði viðkomandi klausturhöldurum bréflega að inntala rekarétt frá Hálsi ítölulaust undir klaustrið.

Séra Eiríkur segist ekki vita til þess að Hálsstaður hafi fyrir rekanum staðfesta máldaga heldur aðeins eitt stakt skjal sem sé að vísu skrifað á skinn og innsiglað en yfirgnæfandi líkur séu á því að það sé falsbréf. Því til stuðnings megi benda á að það eigi að vera skrifað 1312, þ.e. áður en Auðunar máldagi frá 1318 var bréfaður en samt hafi bréfinu ekki verið framvísað við máldagagerðina 1318. Umrætt bréf á alla tíð að hafa verið geymt á Hólum en þrátt fyrir það hafi enginn Hólabiskup fært það inn í máldagabækur sínar. Það á að hafa fundist á Hólum árið 1506 af séra Ólafi Tómassyni en hann var prestur á Hálsi við lok 16. og upphaf 17. aldar eins og vitnisburður frá 1604 og 1613 sýni glögglega. Hann á að hafa fundið það 1506 en samt sé þess ekki getið í dómi Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1580 né álykturn hans frá 1613. Hann segir að fáir munu trúa því að bréfið hafi komið að Hálsi 1506 en svo dulist þar í svo langan tíma.

Hann bendir á að séra Sigurður hafi ekki lagt fram nein gömul skjöl við sættina heldur aðeins eina lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar og óstaðfest afrit af lögfestu eignaðri séra Ólafi Tómassyni með hendi séra Jóns. Það sanni í raun ekki mikið og ef tilkall sé gert í rekaplássið þá snerti það ekki einungis hagsmuni Þóroddsstaðar heldur einnig klaustursins og Grenjaðarstaðar og yrði að vinnast með lögum þó vitnisburður máldaganna gefi tæpast færi á því.[226]

Aftur svarar séra Eiríkur bréfi séra Þorsteins á Hálsi 17. febrúar 1840. Þar segir hann að í síðasta bréfi sínu hafi komið fram að gildistími samnings þeirra séra

---

[225] Skjal nr. 2 (111) a-b. Jón Kristjánsson varð aðstoðarprestur á Þóroddsstað 17. júlí 1836 og fékk staðinn eftir séra Eirík Þorleifsson, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299. Faðir séra Jóns Kristjánssonar var Kristján Jónsson dannebrogsmaður og umboðsmaður á Illugastöðum, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 212-213.

[226] Skjal nr. 2 (112) a-b. Jón Þorgrímsson hélt Háls 1739-1795, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297.

Sigurðar miðaðist við embættistíð þeirra en ekki eftirmenn hans á Hálsi. Háls geri tilkall til rekaeignar milli Svínár og Ófeigshellis sem þrír aðilar hafi staðfesta og óræka máldaga fyrir. Hinn mesti vafi leiki hins vegar á þessu tilkalli og mun meiri en hann gat um í síðasta bréfi sínu. Það segi sig hins vegar sjálft að hann geti hvorki bannað séra Sigurði að fá Þorsteini, aðstoðarpresti sínum, umræddan þræturekapart til afnota meðan hann haldi Þóroddsstað né séra Þorsteini að njóta hans. Hann vill hins vegar fá að kaupa hann eftir sannsýnu mati vilji hann eða þurfi hann þess og hyggist þeir selja áskilur hann sér forkaupsrétt.[227]

Aðstoðarprestar Þóroddsstaðar og Hálsstaðar, þeir Jón Kristjánsson og Þorsteinn Pálsson, gerðu með sér samkomulag um hlut Háls í reka í Náttfaravíkum. Samkomulagið frá 1. júní 1841 er svohljóðandi:

> ... með því Háls kirkja eígnar sér Sjöttúng Viðreka fyrir Þoroddstaða kirkjujarðarlandi Naustavík, - skuli nauðúngarlaust fá útskiptan Sjöttúng úr Helmíngi Vogreks þess, sem á Naustavíkur fjörur uppbarst nærstliðinn Vetur, með svo feldu móti að Helft sú verði mín Eígn; þvínæst að Prestinum Síra Eíríkji Þorleífssyni sé það ekki mótfallið, og loksins að hans Háæruverðugheítum Herra Biskupinum virðist eí ráðlegra að Domstólar skéri úr þessu umtalsefni milli áminstra kirkna ...[228]

Til vitnis um samþykki sitt á ofangreindu samkomulagi hefur séra Eiríkur sett nafn sitt undir það.

Sigurður Sigurðsson umboðsmaður Þóroddsstaðar skrifaði stjórnarráðinu 2. apríl 1920. Þóroddsstaður hafði verið lagt niður sem prestssetur og því vildi hann vita hvort jörðinni ætti að fylgja öll, eða sum, þau ítök sem henni fylgdu áður sem prestssetur, hvort þau ættu að fylgja hinu nýja prestssetri á Vatnsenda eða þá prestakallinu. Meðal þeirra ítaka, sem hann nefndi, var trjáviðarreki fyrir Náttfaravíkum og upprekstrarland í Náttfaravíkum.

Sigurður umboðsmaður skrifaði sýslumanni 2. september 1920 og svaraði spurningum hans um notkun ítakanna undanfarið, þýðingu þeirra fyrir búskap á Þóroddsstað og um afnot og leiguréttindi þeirra. Hann svaraði því til að notkun ítakanna hafi verið nokkuð mismunandi en þau hafi venjulega verið notuð af hinum þjónandi presti þegar hann sjálfur hafi rekið búskap á Þóroddsstað. Annars hafi þau verið leigð ýmsum en ætíð þá verið ráðstafað af prestinum sjálfum eða umráðamanni prestakallsins. Þýðingu ítakanna fyrir búskapinn taldi hann ekki sérlega mikla því að heimajörðin sjálf ætti nægan „afrétt“ fyrir sig. Það væri helst rekahlunnindi sem hefði hvað mesta þýðingu þegar reki fengist. Um afnot og leiguréttindi sagði hann að prófastur hefði leigt bónda í sveitinni öll ítökin að undanskyldu ítakinu á Gönguskarði sem ekki yrði tekin afstaða til fyrr en það málefni, sem hér um ræddi, yrði til lykta leitt.

---

[227] Skjal nr. 2 (113) a-b.
[228] Skjal nr. 2 (114) a-b.

Sýslumaður skrifaði stjórnarráðinu um þetta 27. september 1920. Sjálfur taldi hann enga ástæðu til þess að ítökin fylgdu Þóroddsstað áfram og áleit réttast að sá prestur, sem fengi veitingu fyrir prestakallinu, nyti ítakanna. Hins vegar gæti komið til greina að þau yrðu seld Ljósavatnshreppi (upprekstrarlandið) eða jarðeigendum, nema rekaítakið sem hann taldi sjálfsagt að yrði látið fylgja hinu nýja prestakalli. Stjórnarráðið skrifað sýslumanni 18. janúar 1921 og tilkynnti honum að umrædd ítök skyldu framvegis fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðarprestakalls, Vatnsenda.[229]

Í bréfi og greinargerð prests á Vatnsenda í Þóroddsstaðaprestakalli til Biskupsskrifstofunnar 1. febrúar 1954 segir um ítök Þóroddsstaðarkirkju:

> Reki í Vík út (Náttfaravík) þriðjungur af tólftungi alls hvals síðan þriðjungur alls hvals. Öll tré skemmri en 20 fet. Tveir hlutar hins stærri viðar.

Eftirfarandi texta hefur svo verið bætt inn handskrifuðum:

> Deila hefur staðið um þetta ítak milli prests, og eiganda Naustavíkur. Stjórnarráðið úrskurðað presti í vil, en eigendur mótmæltu.[230]

Hinn 4. maí 1954 ritaði Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsti ítökum Laufáskirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Þar segir um ítökin:

> 2. <u>Þóroddsstaðarkirkja</u>
>
> a. Reki í Vík út (Náttfaravík) þriðjungur af tólftungi alls hvals, síðan þriðjungur alls hvals. Öll tré skemmri en 20 fet. Tveir hlutir hins stærra viðar.
> […]
>
> Það er og metið presti til tekna í brauðamatsgjörð 15. apríl 1920.
>
> c. Afréttarland í Náttfaravíkum..[231]

5.7.2 Grenjaðarstaður

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar kemur fram að Grenjaðarstaðarkirkja eigi:

> afriett j nattfara vijk halfu fiorda hundrade sauda. ... þridiung j Reka firi alla nattfaravijk. oc aull fluttning fyrer ysta Bol. En fyrer midbol half. oc so vidum oc fiskuer ad helmingi. oc so fyrer skala Reka a sandi.xij. hundrud fadma med aullum fridendum.[232]

Sama er í máldögum Péturs Nikulássonar 1394 um „sauðaafréttina“. Hins vegar eru breytingar varðandi rekann:

---

[229] Skjal nr. 2 (285).
[230] Skjal nr. 2(319).
[231] Skjal nr. 2(320).
[232] Skjal nr. 2 (183).

fiordvng or hvalreka firir alla nattfaravik oc avll flvtning firir yztabol. en firir midbol half oc suo vidvm. fiskver ath helmingi þar oc suo fiskiskala.[233]

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er nokkurn veginn samhljóða Pétursmáldögum, svo og Sigurðarregistur 1525.[234]

Samkvæmt afhendingarskrá Grenjaðarstaðar, 29. maí 1391 (27. febrúar 1393) á kirkjan:

afriett i nattfaravijk halfu fiorda hundrade sauda ... þridiungur ur hvalreka firir alla nattfaravijk og òll flutning firir istabol. enn firir Midbol half og so vidun og fiskever ad helminge þar og so firir Skaalä.[235]

Í visitasíu á Helgastöðum 1429 kemur fram að kirkjan eigi:

afrett j nattfaravik. ok ær þar jtala af græniadarstadh oc mulastadh.[236]

Í Þóroddsstaðarhluta Náttfaravíknakaflans er vikið að deilum Grenjaðarstaðarprests við Þóroddsstaðarprest vegna ítaka í Náttfaravík og skjölum þar að lútandi frá árunum 1597, 1613 og 1614 og vísast til þess.[237]

Grenjaðarstaðarkirkju voru dæmdir hálfir lóðarfiskar og skálastaða í Náttfaravíkum til móts við Þóroddsstaðarkirkju á prestastefnu á Helgastöðum 12. september 1660.[238] Sömuleiðis skipaði Gísli biskup Þorláksson, 15. ágúst 1665, á grundvelli dóms Guðbrands biskups Þorlákssonar 1601 og dómnum 1660 Grenjaðarstaðarkirkju hálfa lóðarfiska til móts við kirkjuna á Þóroddsstað þangað til annað kæmi í ljós.[239] Sjá einnig undirkaflann um Þóroddsstað varðandi þetta.

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstað, Múla og Helgastöðum um að hann sjái til þess að ekki sé byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Þar sem séra Jón á Stað (líkast til Jón Þorgrímsson á Þóroddsstað) hafi neitað Magnúsi hér eftir um þá búð sem hann hafði léð honum, skipstöðu og eldiviðartak þá bannar sýslumaður öllum, hér í sveit sem annars staðar, að ljá Magnúsi nokkuð sem hann kunni í „afrétt“ annarra við að lifa þeim og öðrum auk peninga þeirra í „afréttinni“ til baga. Sýslumaður bannar Magnúsi, sem í nokkur ár hefur haldið sér uppi í nefndri „afrétt“, og öllum öðrum að setja niður byggð í eða beita „afréttina“ og minnir á hvernig tekið sé á því samkvæmt Jónsbók.[240]

Í sundurliðunarreikningi Grenjaðarstaðar frá 1724 og 1725 kemur fram að kirkjan eigi:

---

[233] Skjal nr. 2 (191).
[234] Skjöl nr. 2 (202) og nr. 2 (220).
[235] Skjal nr. 2 (193).
[236] Skjal nr. 2 (145).
[237] Skjöl nr. 2(303), 2 (162) a-b og 2 (77). Sjá skjöl nr. 2 (178) a-b og 2 (174) a-b.
[238] Skjal nr. 2 (292). Bjarni Gamalíelsson hélt Grenjaðarstað 1595-1635, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 304.
[239] Skjal nr. 2 (293).
[240] Skjal nr. 2 (260) a-b.

> Afrjett fyrir gelldfje í Náttfaravíkum, item hálfa Lód þar og Lódarfisks gialld ad helfmíngi, sem nú er alls af þremur Skipum ...[241]

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Grenjaðarstað:

> Prestagardurenn hefur heibiörg góda og mikla, ... afriett fýrer gielldfe j Náttfara Víkumm, item hálfa lód þar og lódar fisks gialld ad helminge, sem Nú er allz af þremur Skipum, ...[242]

Í útdrætti úr úttekt á Grenjaðarstaðarkirkju 1742 kemur eftirfarandi fram:

> Extract um Kirkiuna ad Greniadarstad Af Uttektar skrife sama Beneficii daterudu þann 12ta Junii Anno 1742 og Vidimerudu af Profastenum i ÞingEyarþinge Sr Þorleife Skaptasyne. ...
>
> En framar Extraheradur Sömu Uttekt og Afhending Greniadarstadar. Hier uppá voru Profastenum Sr Birne afhendt Skiöl kirkiunnar þesse
>
> ...
>
> 3° 3 bref á Pergament Áhrærande Náttfaravýkur, 2 af þeim med 1 Insigle, en þad 3ia med 4. ...[243]

Lögfesta séra Þórðar Guðmundssonar fyrir ítökum Grenjaðarstaðarkirkju út í Náttfaravíkum og Þóroddsstaðarkirkjusókn var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 8. júní 1736. Það sem Grenjaðarstaðaprestur lögfesti var:

> 1° Fiskever ij öllumm Vijkunumm ad helminge móts vid Stadar kyriuku [svo]. 2° Skálastödu og skipa ad helminge. 3° Elldevidartak fyrer skip sem þar Róa, Og so ad helminge móts vid Þóroddstada kyrkiu ...[244]

Skrifað var á lögfestuna, sem var dagsett 24. maí sama ár, að hún hafi verið lesin upp fyrir réttinum.

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað hafði mótmælt henni.[245]

Í umfjölluninni um Helgastaðakirkju í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590–1616[246], sem er að finna í undirkaflanum um Helgastaði, og vísitasíum Helgastaðakirkju frá 1631[247], 1672[248], 1687[249], 1702[250], 1715[251], 1748[252] og 1828[253] er

---

[241] Skjal nr. 2 (81).
[242] Skjal nr. 2 (239) a-b.
[243] Skjal nr. 2 (164) a-b.
[244] Skjal nr. 2 (261) a-b.
[245] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.56). Um prestana sjá, Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299, 305, 306 og 308.
[246] Skjal nr. 2 (131) a-b.
[247] Skjal nr. 2 (137) a-b.
[248] Skjal nr. 2 (138) a-b.
[249] Skjal nr. 2 (145) a-b.
[250] Skjal nr. 2 (156) a-b.

minnst á afnotarétt (ítölu) Grenjaðarstaðar af afrétt í Náttfaravíkum. Sömu sögu er að segja um vísitasíu Helgastaðakirkju frá 1694. Þar segir:

> ... Kyrkian á allt heima land og Jördena Hamra Landsk. 100 al. og Selfor i Hörgsdal, ÞingEy hálfa og Þyngstad ummframm, afriett i Náttfara Výk, og er ítala frá Greniastad og Múlastad ...[254]

Biskuparnir Þorlákur Skúlason og Jón Vigfússon fjalla í Grenjaðarstaðarvísitasíum sínum á árunum 1631 og 1687 almennt um ítök kirkjunnar og vísa til fornra máldaga um réttindi hennar.[255]

Í biskupavísitasíum 1694 og 1702 er Grenjaðarstaðarkirkja sögð eiga fjórðung úr hvalreka fyrir allri Náttfaravík.[256]

Fram kemur í vísitasíu Grenjaðarstaðarkirkju frá 1715:

> Anno eodem d. 20 Augustj [1715] In ordinaria Visitatione VelEdla herra Biskupsenss Herra Steins Jonssonar var kirkiann ad Greniadarstad i AdalReikiadal, Sem helgud er med Gude hinum h. Marteine Biskupe, álitenn og uppskrifud, ...
>
> Þesse eru Heimalönd Kirkiunnar, Nu óbigd; geitafell, ... afriett i náttfara výk halfu fiórda hundrade Sauda, helming ... Þesser eru Rekar Kirkiunnar. Fiórdungur ur hvalreka fyrer alla náttfaravýk ...[257]

Meðal þess sem minnst er á í eignaúttekt Þóroddsstaðarkirkju frá 1748 er:

> … Ödrum Landeignar og Reka Jtökum sem mäldagenn nafngreiner be helldur Beneficium Enn Nu, Nema hvad längsam legur Ägreiningur Hefur Verid og Er enn Nu ä millum Grenjadar stadar og Þorodd stadar Presta um Lódar fiska tekiu i Nattfaravÿkum, ...[258]

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 er Grenjaðarstaðarprestur umsjónarmaður samnefndrar jarðar. Eftirfarandi upplýsingar um Grenjaðarstað eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar: ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og einnig í Náttfaravíkum.
>
> Jörðin er talin eiga þessi ítök: ... Afrétt í Náttfaravík, áðurnefnda.[259]

Í greinargerð prests á Grenjaðarstöðum Biskupsskrifstofunnar 31. mars 1954 segir:

---

[251] Skjal nr. 2 (160) a-b.
[252] Skjal nr. 2 (168) a-b.
[253] Skjal nr. 2 (170) a-b.
[254] Skjal nr. 2 (152) a-b.
[255] Skjöl nr. 2 (134) a-b og 2 (146) a-b.
[256] Skjöl nr. 2 (150) a-b og 2 (155) a-b.
[257] Skjal nr. 2 (162) a-b.
[258] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[259] Skjal nr. 2 (69).

6. Afrétt í Náttfaravík hálfu fjórða hundraði sauða.

Neðan við þetta er handskrifað:

Ónotað a.m.k. í öld.[260]

5.7.3 Háls

Varðveitt er vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar, Jóns Gottskálkssonar og Ólafs Tómassonar sem gert var á Hólum í Hjaltadal 25. júlí 1506. Þar segjast ofannefndir prestar hafa séð máldaga Hálskirkju í Fnjóskadal frá árinu 1312 sem þeir skrifuðu orðrétt upp. Máldagi þessi er að mestu samhljóða máldaga Auðunar rauða frá 1318 en þar eru að finna nokkrar viðbætur, t.d. að kirkjan fengi fyrst sjöttung sinn af Ljósavatnsreka. Í máldaganum segir að Hálskirkja eigi sjöttung í reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svínár. Vitnisburðurinn er þó að öllum líkindum falsbréf því að engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir frá þessum tíma. Hann var þó lesinn á héraðsþingi á Hálsi 3. maí 1740 og á manntalsþingi á sama stað 24. maí 1743.[261] Af lögfestu séra Jóns Þorgrímssonar fyrir Hálsstað frá 7. apríl 1744 má sjá að fyrrnefnt falsbréf hefur verið lagt fram í máli sem dæmt var í 4. maí 1740 því þar hafa viðaukar falsbréfsins skilað sér inn í lögfestuna í krafti fyrrnefnds dóms.[262]

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar eru frá 1318. Þar kemur fram að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvetninga:

j nattfaravijk. millum huanndala är oc suijnär.[263]

Hið sama kemur fram í máldaga Péturs Nikulássonar 1394 og máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461-1510.[264]

Í máldaga Hálsstaðar, sem líkast til er frá árinu 1523, kemur fram að kirkjan eigi sjöttung við Ljósvetninga í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár.[265]

Samkvæmt máldaga Hálskirkju 21. september 1565 fylgja staðnum rekar:

siettungr vid Liosvetninga j Nattfaravijkum j millum Hvandala og Svijnär.[266]

Sama kemur fram í gömlum máldaga Hálskirkju sem séra Guðmundur Skíðason á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október 1581 hafa séð á Hólum í Hjaltadal.[267] Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla Ólafssonar á Þóroddstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608.

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

---

[260] Skjal nr. 2(318).
[261] Skjal nr. 2 (95).
[262] Skjal nr. 2 (102) a-b.
[263] Skjal nr. 2 (185).
[264] Skjöl nr. 2 (191) og 2 (203).
[265] Skjal nr. 2 (98) a-b.
[266] Skjal nr. 2 (231).
[267] Skjal nr. 2 (99) a-b.

Kyrkia a Haalse I fnioskadal

Hun aa ... Reka a fliótz sandi, siettungur bædi hualreka og vidreka, fra fliotz ose, nær til midz sandz, siettungur vid liosvetninga, I naattfara vÿk, millum Huamz dala og Svinár, ...[268]

Í vísitasíum Hálskirkju í Fnjóskadal sem skráðar eru í vísitasíubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Jóns Vigfússonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar er ítrekað að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvetninga í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár.[269]

Ólafur Tómasson prestur á Hálsstað lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar með óársettri lögfestu sem virðist hafa verið lesin upp 1629, 1630 og 1631. Vottar að lögfestunni voru þeir Finnur og Jón Ívarssynir en engar áteiknanir eru um upplestur hennar. Þar lögfestir séra Ólafur:

... siettung vidreka oc Hual reka j ollum náttfara vÿkum fra suÿnä oc vestur at Huandolum.[270]

Á sama blaði er óársett lögfesta séra Tómasar Ólafssonar á Hálsi en í henni er samhljóða klausa og í lögfestu séra Ólafs um Náttfaravíkur. Ekki hefur verið skrifað á lögfestuna að hún hafi verið lesin upp, hvorki á þingi né við kirkju.[271]

Í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar fyrir Hálsstað frá 6. júní 1725 lögfestir hann sjöttung reka í Náttfaravíkum milli Svínár og Hvanndala. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.[272] Þorgrímur lögfesti Hálsstað einnig 21. maí 1726 eftir öllum þeim skjölum sem hann hafði fyrir sér. Þar segir m.a. um eignir og ítök staðarins:

Reke ä fliióts sande nordur, Siöttungur bæde Hual reka og vidreka, frá fliióts óse, nær til mids sands Siöttungur vid Liósvetninga, So og i nättfara vykum, i midlum Suinär og Huanndala ...[273]

Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi.

Jón Þorgrímsson prestur lögfesti Hálsstað 7. apríl 1744 en sú lögfesta er ólík fyrri lögfestum að því leyti að aukið hefur verið við hana. Það er gert í krafti dóms sem Jón Benediktsson sýslumaður kvað upp 4. maí 1740 en svo virðist sem að falsbréf frá 25. júlí 1506 hafi verið lagt fram í málinu og tekið gilt. Um Náttfaravíkur segir í lögfestunni:

---

[268] Skjal nr. 2 (130) a-b.
[269] Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-, 2 (144) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b, 2 (163) a-b og 2 (173) a-b.
[270] Skjal nr. 2 (100) a-b. Ólafur Tómasson var prestur á Hálsi 1577-1628, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297.
[271] Skjal nr. 2 (100) a-b. Tómas Ólafsson var aðstoðarprestur séra Ólafs föður síns en hann tók við Hálsi 1628 og hélt til 1656, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 297.
[272] Skjal nr. 2 (110) a-b.
[273] Skjal nr. 2 (101) a-b.

> So og Siettung hualz og Vidar j Nättfara Vÿkum, Millumm Huanndala og Suinär, Og skal allur Sä Siettungur first aftakast ...[274]

Er það þessi viðauki sem Eiríkur Þorleifsson víkur m.a. að í umfjöllun sinni um Náttfaravíkur (sjá undirkaflann um Þóroddsstað). Lögfestan var lesin upp samdægurs að aflokinni guðsþjónustu við Hálskirkju, og við lok guðsþjónustu við Draflastaðakirkju tólfta sama mánaðar. Einnig var hún lesin upp á manntalsþingi að Hálsi 28. apríl 1744 og á sama stað 29. apríl 1752.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Hálskirkju eiga sjöttung hval- og trjáreka um allar Náttfaravíkur milli Svínár og Hvanndala, en staðurinn hafi ekki not þeirra ítaka svo að menn viti.[275]

Háls var vísiteraður af prófasti 14. júní 1714. Í vísitasíunni er minnst á deilu Háls og Þóroddsstaðar um reka í Náttfaravík:

> Enn framar Effter spurde Profasturenn, hvert ad Nochud være þad, Sem heidurlegur Sokna Presturenn Sr. Þorgrýmur, So sem Embættess verk, hefde vid Sig ad tala? So sem k(ir)kiunne og hennar ornamentis, Beneficio og Hanns til heirandi documentis, Jnnstædu, edur Sier hveriu þvi odru, Sem Nefnast kinne, vid vikiande. Andsvarar Presturenn, ad Hann Sie Med allt þetta vel for nægdur, ad þvi einu undann teknu, ad Misklid tilfalle Nockur umm reka Mork Kirkiunnar Millumm Stadar halld arans á Stad i Kinn, Sem Nu Sie fader Sinn, og Sýn, þ(ad) Nattfara výkna reka, vidvikur. Andsvarar Profastur, ad Presturenn Skule hafa og hallda effter skiölum Kirkiunnar, og Sýnu Collations brefe, öllu þvi, Sem Kirkiu þessare, edur Stadnumm til heire Med riettu, og ad Hann Skule forsvara þad med Lögumm fyrer áseilne allra Manna, lyka eirnenn Födur Sýns: Vitande þad, ad Konunglegt Logmál fyrer biode, þad Nochud fragange Kirkiunne, er henne ber ad hallda med riettu. Lýser Profasturenn framm logdumm Skiölumm Hals Kirkiu, Sem effter Hr. Stifft befalnýngs Mannsens fullmegtugs befalnýngu, Sieu Sier ásamt herlegheitumm Stadanna i þessare Syslu fyrer Sioner færd, af Sal. Sr. Jóne Þorvalldssyne, þad ár 1711. Í Hveriumm augliosslega Sie ad Siá hvad Hals Kirkiu tilkome i Nattfara výkumm: Og Sínde Nú Profasturenn Prestenum Sr. Þorgrýme þad, So Hann las þad. ...[276]

Fram kemur í prófastsvísitasíu Háls frá 1781:

---

[274] Skjal nr. 2 (102) a-b. Sami prestur lögfesti Hálsstað á ný 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. Skjal nr. 2 (103) a-b – Skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfesta voru lesnar upp aftur oftar en einu sinni. Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er einnig efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 og því verður innihald hennar ekki birt.

[275] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 91.

[276] Skjal nr. 2 (238) a-b.

c) frä Kjrkjunne er geingenn effter dome Syslu Manns Sr. Vigfusar Jonssonar, Hálfur Siöttungur Reka i Nattfaravykum mote Hefdar og Eigenndoms Rette, er vjtne Eidsvarenn utvÿsa, hvad til Hä yfer Valldanna aliktunar stendur[277]

Jóni Arnórssyni sýslumanni í Snæfellssýslu var falið að reka mál séra Jóns Þorgrímssonar á Hálsi vegna hvalreka. Á alþingi 17. júlí 1782 lagði hann fram stefnu þar sem Vigfúsi Jónssyni sýslumanni í Þingeyjarsýslu og meðdómsmönnum hans var gert að verja dóm sem þeir höfðu látið ganga á Ljósavatni 21.-22. maí 1781 áhrærandi rekaréttindi Hálskirkju í Náttfaravíkum. Einnig var Sigurði Oddssyni eiganda Ljósavatns stefnt til þess að verja gjörðir sínar í héraði. Þar sem enginn hinna stefndu var mættur var málinu frestað til 20. sama mánaðar.

Ekkert var því til fyrirstöðu að taka málið fyrir 20. júlí 1782. Fram kemur hjá Jóni Arnórssyni að með dómnum 21.-22. maí 1781 hafi kirkjunni að Ljósavatni verið dæmdur til eignar að helmingi við Háls sjöttungur hvala og viða sem reka á land í Náttfaravíkum milli Hvanndala og Svínár. Einnig var séra Jóni Þorgrímssyni gert að greiða Sigurði Oddssyni, Ljósavatnskirkju vegna, helming af sjöttungi þess hvals sem upp bar í Náttfaravíkum 1780. Jón lagði fram gögn í málinu og krafðist þess að því yrði vísað heim í hérað til nánari rannsóknar. Magnús Gíslason, verjandi Sigurðar Oddssonar, sagði að ljóst væri af vitnisburðum í málinu hvar rekaplássið væri, þ.e. á milli Hvanndala og Svínár, og krafðist þess að endanlegur dómur yrði kveðinn upp.

Þann 22. júlí 1782 kvað Stefán Þórarinsson varalögmaður upp dóm í málinu. Þar kemur fram að til þess að hægt sé að álykta með vissu í málinu vanti ákveðin gögn. Fyrst nefnir hann uppdrátt af svæðinu sem myndi upplýsa þá máldagapósta sem innfærðir séu í héraðsdóminn og því eigi málspartarnir að láta gera slíkan uppdrátt og vera báðir viðstaddir gerð hans. Inn á uppdráttinn eigi að færa nöfn, mið og takmörk við sjávarsíðuna sem komi fram í máldögunum. Sérstaklega eigi að koma fram hvort Keranes og Gniparhús, sem vísitasía Ólafs biskups Rögnvaldssonar á Þverárstað nefni og héraðsdómurinn sé að mestu leyti byggður á, sjáist úr Náttfaravíkum eða ekki. Hvort svonefndur Eyrarreki, sem sama vísitasía nefnir, liggi í Náttfaravíkum eða ekki. Einnig hverjir Gunnsteinn og Þorljótur, sem sama vísitasía nefni, hafi verið og hvort þeir hafi verið ábúendur Háls eða ekki. Í öðru lagi taldi hann mikilvægt hvort ekki mætti leiða fram gögn eða vitni um að Ljósavatnskirkju eða Ljósvetningum tilheyri eða hafi tilheyrt 5/6 hlutar af öllum reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svínár. Hvort Ljósvetningar, sem máldagarnir nefna, og Ljósavatnskirkja séu eitt og hið sama. Einnig hvort nokkrir aðrir en eigendur Háls- og Ljósavatnskirkna eigi rekatilkall innan nefndra takmarka í hinni eiginlegu Náttfaravík. Loks beri að athuga hvort máldagar Ljósavatnskirkju innihaldi ekki frekari upplýsingar um rekaréttindi hennar sem gætu hjálpað við að skilja þá útdrætti úr máldaga Hálskirkju sem sé að finna í héraðsdómnum. Í þriðja og síðasta lagi bendir Stefán á að þar sem séra Jón á

[277] Skjal nr. 2 (181) a-b.

Hálsi geti sýnt fram á 100 ára hefð upp á sjöttung reka í Náttfaravík þá eigi, eftir 16. lið embættisbréfs biskupa, málið fyrst að koma undir álit stiftamtmanns og biskups áður en að hægt sé að dæma í því á alþingi. Málinu var því vísað frá og þess getið að dómurinn frá 1781 ætti ekki að koma Hálskirkju til skaða.

Á alþingi 1783 var lesin upp samningur milli þeirra séra Gunnlaugs Gunnlaugssonar og Sigurðar Oddssonar um hvalrekamálið sem komið hafði fyrir alþingi árið áður. Samningurinn var dagsettur 23. maí 1783 og kvað á um að hvalrekamálið væri fráfallið og dautt. Sáttargjörðinni fylgdi samþykki séra Jóns Þorgrímssonar, dagsett 23. júní 1783, um að eigandi Háls héldi rekanum í Náttfaravíkum. Einnig hafði L.A. Thodal stiftamtmaður samþykkt sáttargjörðina með sinni uppáskrift 17. júlí 1783.[278]

Eiríkur Þorleifsson Þóroddsstaðarprestur skrifaði Þorsteini Pálssyni aðstoðarpresti á Hálsi 30. janúar 1836 m.a. um Náttfaravíkur. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í þeim hluta Náttfaravíknakaflans sem fjallar um Þóroddsstað.[279] Þar er einnig vikið að frekari bréfaskiptum þeirra á milli og samkomulagi aðstoðarpresta á Þóroddsstað og Hálsi 1. júní 1841 um hluta Háls í reka í Náttfaravíkum.[280]

Þann 2. júní 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir kirkjujörðina Háls. Því var þinglýst þann 16. sama mánaðar. Þar segir um reka kirkjunnar:

> (~~Kirkjan á reka … svo og sjöttung hvals og viðar í Náttfaravíkum millum Hvannsdals og Svínár (Purkós) … Teigur fylgir staðnum norður í Kinn í Finnstaðalandi. Kirkjan á Hálsi á lambseldi um allann Fnjóskadal~~.)

Á spássíunni við hlið hinnar yfirstrikuðu ítakalýsingar stendur að þessum ítökum [þeim yfirstrikuðu] hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5.1953 og séu því niður fallin. Undir skrifar J. Skaptason.[281]

5.7.4 Helgastaðir

Máldagar Auðunar rauða eru frá 1318. Þar segir að Helgastaðakirkja eigi:

> afriett j nattfara wijk. og er þar jtala fra Greniadarstad oc Mwlastad[282]

Sama kemur fram í máldögum Péturs Nikulássonar 1394[283] og vísitasíu á Helgastöðum árið 1429.[284]

Dæmt var í máli Helgastaða- og Þóroddsstaðarpresta um Náttfaravíknaafrétt árið 1580, sjá undirkafla um Þóroddsstað í Náttfaravíknakaflanum.

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

---

[278] Skjal nr. 2(296).
[279] Skjal nr. 2 (111) a-b.
[280] Skjöl nr. 2 (112) a-b, 2 (113) a-b og 2 (114) a-b.
[281] Skjal nr. 2 (23).
[282] Skjal nr. 2 (185).
[283] Skjal nr. 2 (191).
[284] Skjal nr. 2 (145).

Kyrkian a Helgastodum

Hun a allt heimaland og selför I horks dal, þyngfor haalfa og þyngstad vmfram, afriett I naattfara vÿk, og er Itala fraa greniastad z mulastad.[285]

Það sem sagt er um afréttinn í Náttfaravíkum, Grenjaðarstað og Múlastað í útdrættinum úr máldagabók Guðbrands er endurtekið í vísitasíum Helgastaðakirkju 1631[286], 1672[287], 1686[288], 1687[289], 1694[290], 1702[291], 1715[292], 1748[293] og 1828.[294]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir við Helgastaði:

Upprekstur fyrir allan afrjettarpeníng staðarins í Náttfaravíkur hefur áður brúkast, nú ekki.[295]

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Helgastaði:

Prestagardurenn hefur litla Heibiörg, ... afriett j Náttfaravýkumm, ...[296]

Helgastaðir voru vísiteraðir af prófasti 21. júlí 1751. Þá kvaðst prestur ekkert gagn hafa af Náttfaravíknaítakinu.[297]

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstöðum, Múla og Helgastöðum um að hann sæi til þess að ekki væri byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Nánari umfjöllun um þetta er að finna í þeim hluta Náttfaravíkurkaflans sem fjallar um Þóroddsstað.[298]

Gísli Jónsson prestur á Helgastöðum bað sýslumann, á manntalsþingi að Helgastöðum 16. maí 1705, um að sjá til þess að „afrétt“ í Náttfaravíkum væri opin og liðug þeim sem þangað rækju fé sitt, naut eða sauðfé. Ennfremur að því yrði ekki grandað þar af mönnum eða að nokkur setti bústað sinn í „afréttinni“.[299]

Bjarni Jónsson prestur á Helgastöðum í Reykjadal lögfesti ítök og eignir kirkju sinnar 3. júní 1638. Í lögfestunni kemur m.a. fram:

... Hórdalsz land framm a heide, afrett J nattfaravÿkur ...[300]

Gísli Jónsson prestur á Helgastöðum lögfesti 13. júní 1669 „afrétt“ kirkjunnar í Náttfaravíkum eftir því sem kirkjumáldagi og skjöl hennar greindu. Hann bannaði öllum að byggja, selja á leigu, slá eða yrkja umrætt land án síns leyfis. Jafnframt bað

[285] Skjal nr. 2 (131) a-b.
[286] Skjal nr. 2 (137) a-b.
[287] Skjal nr. 2 (138) a-b.
[288] Skjal nr. 2 (141) a-b.
[289] Skjal nr. 2 (145) a-b.
[290] Skjal nr. 2 (152) a-b.
[291] Skjal nr. 2 (156) a-b.
[292] Skjal nr. 2 (160) a-b.
[293] Skjal nr. 2 (168) a-b.
[294] Skjal nr. 2 (170) a-b.
[295] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 178.
[296] Skjal nr. 2 (241) a-b.
[297] Skjal nr. 2 (246) a-b.
[298] Skjal nr. 2 (260) a-b.
[299] Skjal nr. 2 (259) a-b.
[300] Skjal nr. 2 (115) a-b.

hann þá sem næstir byggju „afréttinni“ að vera hvorki meinsamir við gripi sína sem villtust í land þeirra né að reka þá í annarra manna lönd heldur reka féð aftur í „afréttina“ eins og 53. kafli Jónsbókar kvæði á um. Einnig taldi hann nauðsynlegt að rifja upp fyrir þeim, sem í Náttfaravíkum eflt hafi byggð, hvernig 46. kafli landsleigubálks hljóði en þar komi fram að aðeins þeim, sem ítölu eigi í „afrétt“, skuli heimilt að reka málnytu sína þangað. Þetta biður hann þá að hafa í huga og svo að Helgastaðakirkju sé að því leyti enginn óréttur gjörður. Neðan við lögfestuna skrifar Gísli samdægurs að séra Oddur Bjarnason á Þóroddsstað hafi útskýrt sér til málsbóta að hann hafi ekki byggt Náttfaravíkur í trássi né óvilja heldur hafi hann trúað sögu leiguliða síns um samþykki Helgastaðaprests. Vegna vinsamlegrar framkomu séra Odds í sinn garð þá leyfi hann þeim, sem í Náttfaravíkum búi, að vera þar út árið allt til næstkomandi fardaga svo lengi sem þeir greiði fyrir gripum sínum frekar en hitt.[301]

Í lögfestu séra Gísla Jónssonar fyrir Helgastaðaprestakalli sem lesin var 20. júní 1669 fyrir söfnuðinum á Helgastöðum kemur fram að lögfest sé m.a. „afrétt“ í Náttfaravíkum.[302]

Hannes Lauritsson Scheving lögfesti 4. maí 1786 „afrétt“ Helgastaða í Náttfaravíkum sem Grenjaðarstaður og Múlastaður áttu ítölu í. Í kjölfarið fylgja hefðbundnar lögfestuformúlur og er þeim, sem kynnu að mótmæla lögfestunni, stefnt til þess að mæta fyrir rétti í Náttfaravík með fimm nátta fresti. Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir manntalsþingsréttinum að Ljósavatni og mótmælti séra Þorleifur Sæmundsson henni fyrir hönd föður síns séra Sæmundar Jónssonar á Þóroddsstað. Vegna anna sá Björn Tómasson sýslumaður sér ekki fært að mæta á tilsettum tíma til Náttfaravíkna og frestaði því málinu fram í ágúst.[303] Mun því hafa lokið með þeim hætti að séra Sæmundur Jónsson á Þóroddsstað og séra Hannes Scheving á Helgastöðum gerðu með sér samning um nýtingu „Náttfaravíkurafréttar“ 15. maí 1786.[304] Sjá kaflann um Þóroddsstað.

Jón Stefánsson prestur á Helgastöðum lögfesti 2. maí 1812 „afrétt“ kirkju sinnar í Náttfaravíkum þar sem Grenjaðarstaður og Múli áttu einnig ítölu í. Lögfestan

---

[301] Skjal nr. 2 (118) a-b.

[302] Skjal nr. 2 (117). Það sama kemur fram í lögfestu séra Gísla sem lesin var á uppstigningardag 1707, sbr. Skjal nr. 2 (119). Í lögfestu séra Ólafs Jónssonar kemur það sama fram nema bætt er við „sem hingað til“ en hún var lesin upp á Helgastaðaþingi 7. júní 1715, við Helgastaðakirkju 2. júlí 1716, 18. júní 1719, 13. júlí 1721, 6, maí 1723, á Helgastaðaþingi 13. maí 1730 og við Helgastaðakirkju 24. júní 1733, sbr. Skjal nr. 2 (120). Lögfesta séra Ólafs Jónssonar frá 19. júní 1740 er samhljóða þeirri frá 7. júní 1715 hvað Náttfaravíkur varðar en hún var lesin upp við Helgastaðakirkju 11. júní 1741 og 10. júní 1742, sbr. Skjal nr. 2 (121). Lögfesta séra Jóns Jónssonar fyrir Helgastöðum frá 9. júní 1764 er samhljóða lögfestu séra Ólafs frá 7. júní 1715 en hún var lesin við Helgastaðakirkju 10. júní 1764, á Helgastaðaþingi 8. maí 1765, 3. júní 1767, 21. júní 1769 og við Helgastaðakirkju 7. apríl 1771, sbr. Skjal nr. 2 (122). Lögfesta séra Hannesar Lárussonar Scheving frá 22. júní 1782 var lesin á Helgastaðaþingi samdægurs en þar var lögfest afrétt í Náttfaravíkur, sbr. Skjal nr. 2 (123). Í lögfestu séra Þorsteins Erlendssonar Hjálmarsens fyrir Helgastöðum frá 17. maí 1828 segist hann lögfesta á ný afrétt Helgastaða í Náttfaravíkum, en lögfestan var lesin á Skútustaðaþingi 28. maí og á Helgastöðum 30. maí sama ár, sbr. Skjal nr. 2 (124).

[303] Skjal nr. 2 (126) a-b.

[304] Skjal nr. 2 (127) a-b.

var lesin upp fyrir manntalsþingsrétti á Ljósavatni 5. maí sama ár og mótmælti Þóroddsstaðarprestur, séra Einar Hjaltason, því að séra Jón leyfði öðrum að reka geldfé í umrætt „afréttarland“. Hann mætti einungis reka þangað eigið fé eða svo mikla ítölu sem Helgastaðakirkja kynni að eiga eftir löggildum máldögum.[305]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns Jónasonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað mótmælti henni.[306]

Í lögfestu séra Jörgens Kröyer fyrir eignum og ítökum Helgastaða frá 17. júní 1867 er ekki minnst á Náttfaravíkur.[307]

Sýslumaður Þingeyjarsýslu skrifaði stjórnarráðinu 20. júní 1911 um umsjón með kirkjujörðum Grenjaðarstaðar- og Helgastaðaprestakalla. Stjórnarráðið svaraði 25. september sama ár og greindi m.a. frá því að upprekstrarréttur Helgastaðaprests í Náttfaravíkum ætti framvegis að fylgja Helgastöðum.[308]

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 var hreppstjóri Reykdælahrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Helgastaða. Eftirfarandi upplýsingar um Helgastaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar: Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar og afrétt í Náttfaravíkum.[309]

Í landamerkjabréfi Helgastaða í Reykjadal sem var þinglýst 25. júní 1927 stendur:

1. (~~Helgastaðir eiga Þingey hálfa og þingstað að auki (og frían upprekstur í Náttfaravíkur. Fossselsbóndi skal hafa fría beit fyrir gripi sína í landi Helgastaða vestan Fljótsheiðar. (NB. ekki sauðfje))~~.

Friðrik Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna Helgastaða. Það var samþykkt af; Hólmgeiri Björnssyni vegna Fosssels og Jóni Kr. Eyjólfssyni vegna Hamra.

Á spássíunni við hlið hinnar yfirstrikuðu ítakalýsingar kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20.5.1953 og sé því niðurfallið. Undir þetta skrifar J. Skaptason.

---

[305] Skjal nr. 2 (128) a-b. Sbr. einnig skjal nr. 2, (A.6.37).
[306] Sbr. skjal nr. 2 (A.6 56). Um prestana sjá, Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299, 305, 306 og 308.
[307] Skjal nr. 2 (125).
[308] Skjal nr. 2 (305).
[309] Skjal nr. 2 (69).

5.7.5 Ljósavatn

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Hálskirkja eigi sjöttung reka við Ljósvetninga:

> j nattfaravijk. millum huanndala är oc suijnär.[310]

Auk þess segir máldagi árið 1380 að Ljósavatnskirkja eigi:

> skaalaagierd oc skipstodu j vijkum vid svijninn gielldfiaar rekstur j naattfaaraa vijkur vmm sumaar.[311]

Jóni Arnórssyni sýslumanni í Snæfellssýslu var falið að reka mál séra Jóns Þorgrímssonar á Hálsi vegna hvalreka. Á alþingi 17. júlí 1782 lagði hann fram stefnu þar sem Vigfúsi Jónssyni sýslumanni í Þingeyjarsýslu og meðdómsmönnum hans var gert að verja dóm sem þeir höfðu látið ganga á Ljósavatni 21.-22. maí 1781 áhrærandi rekaréttindi Hálskirkju í Náttfaravíkum. Einnig var Sigurði Oddssyni eiganda Ljósavatns stefnt til þess að verja gjörðir sínar í héraði.[312] Nánari umfjöllun um þetta er að finna í Hálshluta Náttfaravíkurkaflans.

Í vísitasíu Ljósavatnskirkju frá 1828 kemur fram að kirkjan eigi geldfjárrekstur í Náttfaravík um sumar samkvæmt máldaga Loga Jónssonar frá 1480.[313]

Í vísitasíu Ljósavatnskirkju árið 1828 kemur m.a. fram að kirkjan eigi 30 hundruð í heimalandi og að tvö gömul skjöl geymi upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar. Samkvæmt því síðara (frá 1530) á Ljósavatn töluverð réttindi í Náttfaravíkum.

> Þeim gódu mönnum sem þetta bréf siá edur heyra sendum ver prestar Sra Teitur Magnússon Sr Einar Hallsson, Jón Ólafsson, Þorolfur Jónsson qvediu Guds og sína, kunnugt giörandi ad ver sáum og yfirlásum svo skrifadann máldaga Liósavatns ord eptir ord sem hér eptir stendur: Anno Domini MCCCCLXXX reiknadist svo gots og itök Liósavatns bædi kirkjunnar og bærins þa Logi Jónsson [leiðrétt úr, Jóhnsson] var. ... Skálagiörd og Skipstödu í Vikum vid Svíná, géldfjárrekstur í Náttfara víkur um sumar; ... til sanninnda hér um setium ver undirskrifadir prestar vor Insigli fyrir þetta inscripta bréf, hvört skrifad var í Skridu i Reykjadal þridja dag Páska árum eptir Guds burd 1530.[314]

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Ljósavatn en að land sé óskipt milli Ljósavatns og Holtakots. Eftirfarandi upplýsingar um Ljósavatn eru úr sama mati:

---

[310] Skjal nr. 2 (185).
[311] Skjal nr. 2 (189).
[312] Skjal nr. 2 (296).
[313] Skjal nr. 2 (86) a-b.
[314] Skjal nr. 2 (307) a-b.

> Búfjárhagar: Land víðáttumikið, skjólasamt og fremur kjarngott. ... Upprekstur, fyrir fé, í Náttfaravíkum og reka ítak, hvorttveggja lítils virði.[315]

Í bréfi og greinargerð prests á Vatnsenda í Þóroddsstaðaprestakalli til Biskupsskrifstofunnar 1. febrúar 1954 segir:

> Um ítök Ljósavatnskirkju er það að segja að þau tilheyra kirkjunni ekki lengur, heldur jörðinni Ljósavatni. Þégar kirkjan var afhent eða seld söfnuðinum (um aldamótin) voru ítökin undanskilin.[316]

5.7.6 Munkaþverá

Í máldögum Auðunar rauða frá 1318 kemur fram að Munkaþverárklaustur eigi:

> so ad aullu vm Liosvetninga Reka. Vm alla nättfaravik fra Ofeygzhelle til Suijnär þridiungur hualreka oc vidreka. þeirra Trie er meire eru. enn. x. alna. fra ofeygzhelle til miosyndis .iij attunga bæde j hualreka oc vidreka oc flutningar.[317]

Í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510 er minnst á tengsl Þóroddsstaðar-, Grenjaðarstaðar-, Múla- og Hálskirkna við Náttfaravíkur.[318] Þar kemur einnig fram hvað Munkaþverárklaustur eigi:

> j liosvetningaReka eiga halsmenn siettung. sidan a þuerár stadr halfann Reka vidar ok flutningar. Um alla nattfaravik fra svináá til ofeigshellis þridiung hualreka ok storvida þeirra tria er meira eru en .x. alna. fra ofeigshelle til suinalækiar vid miosynde þria attunga bæde hvalreka ok vidreka ok flutningar. ... Um alla nattfaravik sem fyr seger. oc skal af naustot hinne eystri rettsynes kidiastapi yfer titlingasker. þat heiter eyrarreki til þess er keranes framan vert liggr vit gniparhusum. J þessum reka eigu halsmenn siettung. en sidan hafa liosuetningar haft þat (at) helminge uit gunstein oc þorliot. Þa er settbergsklettur kemur fram sem fyst ma sia vndan skridnafelle þat heiter mannareki. þenna reka halfan hafdi joreidr heiman. enn halfan tokv þær þorey j erfd epter fodur sin oc fylgde þetta ecke liosavatne.[319]

Sigurðarregistur frá 1525 er þessu samhljóða.[320]

Þórður Björnsson sýslumaður bar upp fyrirspurn, á manntalsþingi á Ljósavatni 15. maí 1819, frá Kristjáni Jónssyni á Illugastöðum umboðsmanni Munkaþverárklausturs- og Norðursýslujarða. Hann spurði um hverjir hefðu umsjón með eða leigðu rekaítök Munkaþverárklausturs innan hreppsins, sér í lagi Náttfaravíkum og út með vesturströnd Skjálfandafjarðar og hvort nokkuð hefði borið

---

[315] Skjal nr. 2 (306).
[316] Skjal nr. 2(319).
[317] Skjal nr. 2 (187).
[318] Skjöl nr. 2 (201), nr. 2 (202) og nr. 2 (203).
[319] Skjal nr. 2 (204).
[320] Skjal nr. 2 (219).

upp á þessa reka. Þingmenn svöruðu seinni spurningunni neitandi en hvað hina fyrri varðar sögðust þeir ekki vita hver hefði umsjón með rekunum né hver leigði þá en tekið var fram að bændurnir í Naustavík og þeir, sem búi á ystu bæjunum í hreppnum, séu ekki til staðar á þinginu.[321]

Á manntalsþingi að Ljósavatni 11. maí 1835 voru boðin upp þau rekaítök Munkaþverárklausturs sem lágu innan þingsóknarinnar en þ.á m. var öll Náttfaravík frá Svíná út að Ófeigshelli þriðjungur úr öllum trjám stærri en 10 álnir. Hlutskarpastur var J. Pétursson umboðsmaður sem bauð sex fiska fyrir ársleigu.[322]

Viðarrekaítök Munkaþverárklausturs, m.a. um alla Náttfaravík frá Svíná út að Ófeigshelli voru boðin upp til fimm ára á manntalsþingi á Ljósavatni 15. júní 1860.[323]

Ófeigshellir er samkvæmt sóknalýsingu Þóroddsstaða- og Ljósavatnssókna árið 1840 undir Hágöngum.[324]

5.7.7 Múli

Að sögn máldaga Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 á Múlakirkja rekstur á:

> Gomlu fie j nattfaravijk clxxx.[325]

Sama kemur fram í máldögum Péturs Nikulássonar 1394, máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 til 1510 og Sigurðarregistri frá 1525 og sömuleiðis í máldaga Múlakirkju 8. september 1563.[326]

Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia mariæ ad Mula, hun a ... Lambarekstur a Hvamz Heyde, gomlu fie j nattfaravykur, ...[327]

Í vísitasíu Múlakirkju frá 1694 er texti sem er nánast samhljóða því sem kemur fram í vísitasíubók Þorláks.[328] Hið sama má segja um vísitasíu Múlakirkju frá 1715.[329]

Í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725 segir um Múla:

> Prestagardurenn hefur heibiörg, bæde góda og Mikla, ... gielldfiár Rekstur j Náttfaravýkur fýrer 1 hndr. 80 gielldings, Reka, og Rekaparta allmarga, þá bestu j fiarlægd, ...[330]

Gísli Einarsson prestur í Múla lögfesti þann 6. júní 1693:

---

[321] Skjal nr. 2 (273) a-b.
[322] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.53).
[323] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.64, sjá einnig A.6.67 uppboð rekaítaka m.a. um alla Náttfaravík frá 12. júní 1879 á Ljósavatni).
[324] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 83.
[325] Skjal nr. 2 (184).
[326] Skjöl nr. 2 (191), nr. 2 (202), nr. 2 (221) og nr. 2 (230).
[327] Skjal nr. 2 (135) a-b.
[328] Skjal nr. 2 (151) a-b.
[329] Skjal nr. 2 (161) a-b.
[330] Skjal nr. 2 (240) a-b.

> ... Eign Och Jtak J Nattfaravÿkum Och Stadar Kyrchiu Sókn liggiande Sem ehr hundrad och attatÿger gamal fiár ganga logfeste eg Aadur nefnt Mula Kÿrchiu Jtak med holltum og haga och ollum Lands nÿtium ehr greindu Jtakie eiga ad fÿlgia och fÿlgt hafa ad fornu och Nÿu til Ummmerchia þeirra ehr adrer menn eiga J Moote firrsagdre Mula Kyrchiu eign.[331]

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstöðum, Múla og Helgastöðum um að hann sjái til þess að ekki sé byggt í „afrétt" þeirra Náttfaravíkum.[332] (Sjá undirkafla um Þóroddsstað).

Í sundurliðuðum reikningi séra Skúla Tómassonar yfir Múlaprestakall frá 1. júlí 1839 kemur m.a. eftirfarandi fram:

> GeldfjársRekstur i Nattfaravykur, handa 180 Saudum, er fyrirbodenn, frá Þóroddstad.[333]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855 var lesin upp lögfesta séra Sigurðar Grímssonar á Helgastöðum, séra Skúla Tómassonar í Múla og séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað fyrir Náttfaravíkum. Inntaks hennar er ekki getið en fram kemur að séra Jón Kristjánsson á Þóroddsstað mótmælti henni.[334]

5.8 Vargsnes

Vargsnes er nefnt í vitnisburði frá árinu 1567 um að Staður í Kinn eigi Náttfaravíkur og lóðarfiskar teknir en samhengið er óljóst.[335] Verður því ekkert sagt um byggð þar út frá þeim vitnisburði.

Í ódagsettri umfjöllun séra Eiríks Þorleifssonar um byggingarbréf séra Illuga Helgasonar fyrir Víkum frá árinu 1638 segir hann að í einni afskrift komi fram að Vatnsnes hafi þá verið í byggð. Af vitnisburði Einars Runólfssonar frá 1567 megi sjá að Vatnsnes þetta sé þar með réttu kallað Vargsnes. En þess sé getið í sömu andrá og Ófeigsstaða en báðar jarðirnar séu án nokkurs vafa eign Þóroddsstaðar. Vargsnes hafi líkast til frá fornu fari verið þjóðkunnugt lögbýli í Náttfaravík. Byggingarbréfið sýni að árið 1638 hafi tvö önnur lögbýli verið í Náttfaravíkum, nefnilega Skálavík og Naustavík. Séra Eiríkur heldur því fram að sá garður sem liggi:

> ... fyrer Nordan Náttfaralæk umm þvert frá Sió til fialls upp af adalvíkenni þeirra ynstu Og stædstu sem veru lega er Vid Náttfara kend til þessa Dags Og adal Náttfaravik Kóllud af Hvörre Heile armurenn edur fiardar sydann tekur Nafn, ad sá gardur ytrekast Hier Med Hafe vorslu gardur fyrer afett vered,

[331] Skjal nr. 2 (93) a-b.
[332] Skjal nr. 2 (260) a-b.
[333] Skjal nr. 2 (94) a-b.
[334] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.56). Um prestana sjá, Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 299, 305, 306 og 308.
[335] Skjal nr. 2 (232).

enn alls ecke landa Merkia gardur, þar þvi Kóllunar nafne Hefir á þeirre týd alls ecke Hneckt Vered sem þiód kunnumm Hlut.[336]

Í umfjöllun sinni lætur séra Eiríkur fylgja smá bút úr umræddu byggingarbréfi frá 1638 þar sem segir:

Fyrst Þordur vill ei leingur i Wykum vera, þá á Steingrímur (á Vargsnese) ad hafa þá kofa sem i Skálavík eru, Og Samtíninn bæde til slægna og beitar, Og utann af Naustavík, þad sem Þorkell gietur ei yfer komest. Skipa eg Steingríme ad inn setia þá peninga sem i Wykur rekast ólóglega og i forbode Mÿnu, Hvór sem þá aa, til urslagiálda eptir lógum, utann þeir Halde uppe Vorslugardenum eptir þvi sem laugenn skipa.[337]

Þetta byggingarbréf segir séra Eiríkur sýna að:

... allur landsens Mid Hlute Hafe til ádur Nefndrar tydar vered biggt land Þorodds Stad til Heirande framann úr Fyrrnd ásamt lands parte af afrétt fyrer sunnann Nefndan vórslu gard til Svjnár óss og Náttfaralækiar sem þar Hiá Fellur til Sióar, vid Hvórn ad Skipa uppsátur Og út ræde til Fyskefánga Hefir brúkad Vered framann úr Fyrnd til þessa Dags alt ad ádur Nefndum Áróse, so sem i þeirre ynstu Veide stódu ...[338]

Þar hafi allt lóðargjald frá fornu fari tilheyrt Þóroddsstað eins og annars staðar í Náttfaravíkum eins og ofangreindir vitnisburðir beri með sér.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir:

Vassnes heitir eyðibúð skamt inn frá verstöðunni Rauðuvík, sem bygðist um fáein ár og fylgdi þessari búð lítil eða engin grasnyt, nema hafi hjer verið nokkrar ær.

Búðarleiga var engin áskilin, galtst og engin.

Skip átti búðarmaðurinn sem hann fleytti, og lifði mestan part á þeim afla, sem hann fjekk á bátinn.[339]

Um Naustavík með Vargsnesi segir í jarðamati 1849-1850:

N° 54 Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frían upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið.; að öðruleiti er lýsíngin á eingi og úthaga hinsama og á Naustavík .[340]

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 var hreppstjóri Ljósavatnshrepps umsjónarmaður kirkjujarðarinnar Vargsness. Jörðin hafði verið í eyði síðan árið 1904, en nytjar hennar nú leigðar ábúanda Naustavíkur fyrir 20 króna árgjald. Þinglesin

[336] Skjal nr. 2 (77).
[337] Skjal nr. 2 (77).
[338] Skjal nr. 2 (77).
[339] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 110-111.
[340] Skjal nr. 2 (65).

landamerki fundust ekki, en land óskipt við Naustavík að öðru en túni og engjum. Eftirfarandi upplýsingar um Vargsnes eru einnig fengnar úr matinu:

> Jörðin liggur austanvert í Víknafjöllum, vestan fram með Skjálfanda. Landrými mikið. Landkostir góðir. Landið notað undanfarið fyrir afrétt. Hús öll fyrir löngu niðurfallin.[341]

Hvað varðar aðrar upplýsingar er bent á kaflann um Náttfaravíkur (Naustavík).

Eyðibýlið Vargnes var selt ásamt Naustavík 10. maí 1922. Í virðingargerð sem gerð var 3. júlí 1918 vegna fyrirhugaðrar sölu kemur fram að jörðin hafi verið í byggð á árunum 1843-1904. Jörðin sem sé ysti bær í Náttfaravíkum teljist hjáleiga Naustavíkur og sé land þeirra óskipt að frátöldu túni og engjum. Jafnframt kemur fram að ábúandi Naustavíkur hafi haft Vargsnes á leigu undanfarin ár og notað túnblett og engjareitur til upprekstrar fyrir sjálfan sig og leigt þar að auki hreppsbúum „afréttarland“.[342]

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir m.a. um Vargsnes í bókinni „Suður-Þingeyjarsýsla“, að í Rauðavík, rétt fyrir norðan Vargsnesbæ, sjáist fyrir 18 verbúðum fornum. Hið nyrsta af Vargsneslandi sé „afréttur“ kallaður. Landkostir hafi verið annálaðir á Vargsnesi, sauðir svo feitir, að með fádæmum þótti og sama gilti um málnytu, en lítið gefið af heyjum flesta vetur, bæði verið jarðsælt á landkjarna og fjörubeit. Ekki sé vitað um byggð aðra en þá, sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar, fyrr en árið 1843 og byggðin verið samfelld til 1904. Síðan var búið þar á árunum 1920-1933, þegar býlið fór endanlega í eyði.[343]

Landamerki jarðanna Vargsness og Naustavíkur voru skráð árið 2007. Sjá kaflann um Náttfaravíkur (Naustavík). Þá skal þess getið að umráðamaður kirkjujarðarinnar Vargsness (Þóroddsstaðarprestur) skrifaði undir landamerkjabréf Eyrar/Knarrareyrar á Flateyjardal.[344]

5.9 Austari-Krókar

Krókar í Fnjóskadal í Draflastaðaþingum 30 hndr. voru lagðir í kaupmála, 12. nóvember 1467.[345]

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan árið 1508 kemur fram meðal jarðagóss fyrir norðan:

> oc atta .c. j krokum.[346]

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var grastekja bjargleg í Stórukrókum og úthagarnir miklir og góðir.[347]

---

[341] Skjal nr. 2 (68).
[342] Skjal nr. 2 (276).
[343] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 176-177.
[344] Skjal nr. 2 (29).
[345] Skjal nr. 2 (208).
[346] Skjal nr. 2 (214).

Á manntalsþingi að Hálsi 27. maí 1721 var lesin upp og uppáskrifuð lögfesta Lárusar Schevings sýslumanns, frá 22. apríl 1720, fyrir fjórum hundruðum í Austari Krókum sem Halldór Jónsson áður átti. Grími Ásmundssyni, ábúanda jarðarinnar, var sagt að rétta sig eftir þessari lögfestu og gjalda engum öðrum en Scheving sýslumanni landskuld af þessum fjórum hundruðum því að innfærsludómurinn, sem um þetta mál hefði gengið, væri orðinn in appellabilis og hefði allareiðu yfirstaðið sin fatalia.[348]

Sjálfseignarjörðin Eystrikrókar, sem að hálfu er í eigu ábúanda, er sögð 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. [349]

Jón Þorkelsson eigandi Austarikróka mótmælti lögfestu fyrir Kambsmýrum sem var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi 25. maí 1804. Hvorki inntaks lögfestu né mótmæla er getið.[350]

Fjallað er um Austarikróka í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Austarikrókar talin 20 hndr. ad dýrleika. ... Landrými og afnot til þrifa og málnytu í betra medallagi, og sumarhagar godir fyrir allann búfenad - ...[351]

Landamerkjabréf fyrir Austarikróka var útbúið þann 28. mars 1885 og þinglýst 27. maí sama ár. Þar stendur eftirfarandi:

> Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýralandi. Merki þar á milli eru: úr vörðu á Ytri-Miðhólum austur skeið, beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp. Að austan ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn, suður að Uxaskarði. Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá, Krókaland frá Garðssellandi, unz hún rennur í Árbaugsá. Þá eru merkin í Árbaugsá þar til Krókaá rennur í hana að norðan, austur frá bænum Þúfu. Frá þeim ármótum eru þau í Króká út á milli Krókabæanna, og þaðan aðskilur lönd Austari-Króka og Vestari-Króka, bein stefnulína norður eftir Miðhólum í vörðu þá, sem fyr er nefnd.[352]

Friðrik Gottskálksson, eigandi jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: B. Bjarnasyni fyrir hönd eiganda Vestarikróka, Gísla Ásmundssyni fyrir hönd eigenda Garðs og Karli E. Friðrikssyni vegna eiganda Kambsmýra.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Austarikróka hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Austarikróka eru einnig fengnar úr matinu:

---

[347] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 103.
[348] Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.
[349] Skjal nr. 2 (63).
[350] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.29).
[351] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[352] Skjal nr. 2 (2) a-b.

> Búfjárhagar. Landið mjög víðáttumikið og kjarngott. Sumarbeit ágæt fyrir allan búpening, en afar snjóþungt og engin vetrarbeit. Vorhart mjög og fjárgeymsla erfið. Jörðin hefur upprekstrarland fyrir sig, en lítið meira. ... Jörðin liggur afskekkt við afrétt í fremur óþurkasömu plássi. ... Mikill ágangur afréttarfjár gerir skaða þar allt er ógirt.[353]

Hálfir Austarikrókar voru afsalaðir Hálshreppi 18. janúar 1951.[354]

Jón Sigurðsson segir Austarikróka fornbýli, getið þegar á 15. öld, og muni hafa verið í stöðugri byggð til 1946, þegar jörðin lagðist í eyði, og ættir fastar í ábúð.[355]

5.10 Garður

Elsta heimild, sem fundist hefur um Garð í Fnjóskadal er að jörðin var gefin 2. maí 1562.[356]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir m.a. um Garð:

> … Grasatekja bjargleg fyrir heimilið.
>
> Engið liggur nokkuð upp undir Gönguskarði, og er þángað nokkuð erfitt að sækja. Úthagarnir góðir og miklir.[357]

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Garður sé sögð 30 hundruð. Einnig stendur þar að árstekjur af afréttarleigu séu 64 skildingar og að skriður skemmi úthaga. [358]

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Garð:

> Gardur talin 30 hndr. ad fornum dyrleika. ... Eingja vidatta er i meiralagi, bædi á votu og þurru, en slitrótt og ad meira parti langsokt, ... Landrymi er i betralagi, og afnot þess til mjólkur og þrifa i medallagi. ... Til okosta telst: ... snjóflód og skriduföll til mikils skada. - ...[359]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Garðs hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Garð eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar fremur grasgefnar og greiðfærar. Víðattumiklar á dreif um landið. Sumar nærtækar fremur, en sumar langsóttar og þangað erfiður vegur og vondur. ...

---

[353] Skjal nr. 2 (70).
[354] Skjöl nr. 4 (66) og 14 (5).
[355] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 133.
[356] Skjal nr. 2 (229).
[357] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 102.
[358] Skjal nr. 2 (63).
[359] Skjal nr. 2 (67) a-b.

> Búfjárhagar: Landrými mikið og kjarngott. Sumarhagar mjög góðir fyrir allan búfénað. ... Upprekstrarland fyrir jörðina sjálfa, en lítið meira. ... Afréttarfé gerir usla töluverðan, þar eð girðingu vantar.[360]

Landamerkjabréf Garðs var útbúið þann 2. janúar 1884 og þinglesið 4. júní 1886. Þar kemur fram:

> 1. Merkin að utan milli Garðs og Austarikróka, eru Uxaskarðsá hin Ytri og svo Árbaugsá.
>
> 2. Merkin að neðan eða vestan eru Árbaugsá eða Þverá og svo Fnjóská frá Þverá til Ytrihólsmerkja.
>
> 3. Að sunnan milli Garðs og Ytrahóls eru merki beint frá Fnjóská í Sandgil, frá því gili um reiðgötur, beint í merkistein utan og neðan í Geithól, þaðan í miðjan Línghól, þaðan í miðjan Sjónarhól, þaðan rétt lína yfir Vaðmýri í Hólsá, beint undan Vegarlág í Tungusporði.
>
> 4. Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo í Gönguskarðsá og Hólsá, fram að Ytrihólsmerkjunum, sem áður eru talin.[361]

Gísli Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eiganda. Það var samþykkt af: Hannesi Friðrikssyni eiganda Austarikróka, Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytrahóls. Hannes Friðriksson og Björn Bjarnarson samþykktu bréfið sem umboðsmenn eiganda Draflastaða vegna kirkjulandsins á Gönguskarði og Gísli Ásmundsson vegna Þverárlandseignar.

Jón Sigurðsson í Yztafelli hefur þetta um land Garðs:

> Jörðin á alla tunguna norður innan árbugsins [á Fnjóská] og mikið land bak við Garðsfell, austan Hólsár, hið vestasta af Gönguskarði og hlíðina norður frá því að Krókalandi. Þar er engi mikið og meira en heima, og heitir þar Selland. Garður er mikil útbeitarjörð og hátt metin að fornu.[362]

Garður fór í eyði árið 1961.[363]

5.11 Ytri-Hóll

Hóll (Ytrihóll) m.m. var goldinn eiginkonu í stað málajarða, sem eiginmaður hafði selt, 10. janúar 1445 (7. september 1446).[364]

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan 1508 kemur fram að meðal jarðagóss fyrir norðan sé: „holar tvennir“. Óvíst að hér sé átt við Hólana í Fnjóskadal.[365]

---

[360] Skjal nr. 2 (70).
[361] Skjal nr. 2 (15) a-b.
[362] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 169.
[363] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 158.
[364] Skjal nr. 2 (199).
[365] Skjal nr. 2 (214).

Lýsing kosta og ókosta Ytrahóls í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 á við báða Hólana, Ytri og Syðri, sem þá voru hvor um sig 15 hundruð.. Þar segir m.a.:

> Grasatekja bjargleg fyrir heimilið.
>
> ... Slægjur eru og nokkrar á Hólsdal, og liggur hann oft undir snjó framm á sumar, og er sá heyskapur því svipull og erfiður til að sækja. Úthagarnir eru grösugir og búgóðir.[366]

Á manntalsþingi að Hálsi 23. maí 1788 var auglýst útvegun Sigurðar Árnasonar sem nýbýlings til eyðijarðarinnar Ytrahóls gegn peningastyrk.[367]

Jörðin Ytrihóll er sögð 10 hundruð í jarðamatinu 1804. Einnig kemur þar fram að skriður skemmi úthaga.[368]

Í jarðamatinu 1849-1850 er umsögn um Ytrahól. Þar stendur:

> Itrihóll firrmeir talin 10 hndr. ad dyrleika - ... Eingja vídátta er nokkur, en i slitríngi. – Landrymi i betralagi, og gott til þrifa og mjólkur. ...[369]

Landamerkjabréf Ytrahóls var útbúið þann 16. maí 1886 og þinglýst 4. júní sama ár. Þar kemur fram:

> 1. Merkin að norðan á milli Ytrahóls og Garðs er beint frá Fnjóská og í Sandgil, frá því, um reiðgötur í stóran stein utan og vestan við Geithól, frá þeim steini í miðjan Linghól, þaðan í miðjan sjónarhól, þaðan beina línu og austur á miðja Vaðsmýri og á Hólsá undan vegalág.
>
> 2. Merkin að neðan ræður Fnjóská.
>
> 3. Merkin á milli Ytrahóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og í vörðu á Undirmós [strikað yfir, mýri] brekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við gróf og þaðan í Snjóbolla.
>
> 4. Landinu fyrir ofan Hólsbrún er óskift til beitar á milli jarðanna Ytrahóls og Syðrahóls, en til slægna á Ytrihóll Grafarmýrarnar utan á hálsinum allt fyrir utan Hafragróf og allar Selbrekkurnar fram í gegn og upp í vörður þær, sem eru á Selbrekkubrúnunum frá Hafragróf fram að öxlinni.
>
> Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar Ytri-Hóll og Syðri-Hóll bæði að austan og vestan. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.[370]

Eigendur jarðarinnar, þau Jón Jónsson og Guðný Sigurðardóttir, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðlaugi Kristjánssyni eiganda Syðrahóls, Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðs, Hannesi Friðrikssyni og Birni Bjarnarsyni

---

[366] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 102.
[367] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.16).
[368] Skjal nr. 2 (63).
[369] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[370] Skjal nr. 2 (48) a-b.

vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði og Kristjáni Kristjánssyni [væntanlega á Finnsstöðum] eiganda Finnsstaðadals.

Eigendur Ytrahóls skrifuðu undir landamerkjabréf Finnsstaða árið 1886. Sjá Finnsstaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ytrahóls hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Ytrahól eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar snögglendar hálfdeigjur á víð og dreif um landið, sumpart all langsóttar og engjavegur ógreiðfær. ...
>
> Búfjárhagar: Landrými mikið og kjarnaland. Sumarbeit ágæt fyrir allan búfénað, en snjóþungt og því lítil vetrarbeit. Fjárgeymsla erfið. ... Upprekstrarland fylgir, sem jörðinni nægir.[371]

Að sögn Jóns Sigurðssonar í Yztafelli á Ytrihóll mikið fjalllendi. Síðan segir hann:

> Ofan við bæinn er lágur háls og skammt að fara yfir á Hólsdal. Á jörðin þar mikið land á mótum afréttardala. Ármótin þar efra eru litlu einu hærra yfir sjó en Hólsbærinn. Þar er engi mikið og sauðland, og voru þar stundum beitarhús áður fyrr.[372]

5.12 Syðri-Hóll

Í skrá og reikningsskap Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan árið 1508 kemur fram að jarðagóss fyrir norðan sé: „holar tvennir“. Óvíst að hér sé átt við Hólana í Fnjóskadal.[373]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá1712 segir um Syðrahól:

> Þessi bær er bygður fyrst fyrir um 50 árum í Ytra Hóls landi, sem þá hjet Hóll, skamt fyrir sunnan túnið, og er nú haldinn helmíngur allrar jarðarinnar, og er túninu einasta skift á milli bæjanna, en engi og úthögum óskift.[374]

Lýsing kosta og ókosta Ytrahóls í Jarðabók Árna og Páls á við báða Hólana, Ytri og Syðri sem hvor um sig voru 15 hundruð að dýrleika, grasatekja var bjargleg fyrir heimilið, slægur voru nokkrar á Hólsdal og úthagar grösugir og búgóðir.[375]

Á manntalsþingi að Hálsi 23. maí 1788 var auglýst útvegun Sigurðar Bessasonar sem nýbýlings til eyðijarðarinnar Syðrahóls gegn peningastyrk.[376]

Sjálfseignarjörðin Syðrihóll, sem sögð er 10 hundruð, hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.[377]

---

[371] Skjal nr. 2 (70).
[372] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 168.
[373] Skjal nr. 2 (214).
[374] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 101.
[375] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 102.
[376] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.16).
[377] Skjal nr. 2 (63).

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna umsögn um Syðrahól. Þar stendur:

> Sidrihóll 10 hndr. ad dyrleika. – ... Eingi er nær og fjær á votu og þurru, slitrótt ... Landrými sæmilegt, og i betralagi til mjólkur og þrifa. ...[378]

Landamerkjabréf Syðrahóls var útbúið þann 16. maí 1886 og þinglesið 4. júní sama ár. Þar stendur:

> 1. Merkin að norðan á milli Ytra-Hóls og Syðrahóls eru beint frá Fnjóská og á vörðu á Undirmósbrekku, þaðan í vörðu á Veituholti, þaðan í vörðu sunnan við Gröf og þaðan í Snjóbolla.
>
> 2. Að vestan eru merkin í Fnjóská.
>
> 3. Að sunnan eru merkin: á milli Böðvarsness og Syðrahóls ræður Fossá merkjum frá Fnjóska til fjallsbrúnar.
>
> 4. Á milli jarðanna Syðra-Hóls og Ytra-Hóls, er landi óskift fyrir ofan Hálsbrún til beitar, en til slægna á Syðri-Hóll allar Axlarmýrarnar austur að vörðum á Selbrekkubrúnum og út að vörðum við Hafragróf.
>
> 5. Hólsdalinn eiga báðar jarðirnar í sameign, bæði að austan og vestan, Syðrihóll og Ytrihóll. Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum. Að austan ræður fjallsbrún fram að Gili sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan eru merkin Mjóadalsá og fram til fjalls að framan.[379]

Guðlaugur Kristjánsson, jarðareigandi, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytrahóls, Hannesi Friðrikssyni og Birni Bjarnarsyni vegna eiganda Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði, Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðslands, Kristínu Sigurðardóttur vegna eigenda Böðvarsness, Kristjáni Kristjánssyni [væntanlega á Finnsstöðum] eiganda Finnsstaðadals.

Eigandi Syðrahóls skrifaði undir landamerkjabréf Finnsstaða árið 1886. Sjá kaflann um Finnsstaði.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Syðrahóls hafi verið þinglesin 1886. Eftirfarandi upplýsingar um Syðrahól, sem þá var nýttur með Ytrahóli eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar fremur snögglendar hálfdeigjur og móar, sum part þýft. Liggja á víð og dreif um landið, sumt til fjalls. Engjavegur því misjafn, og sumpart ógreiðfær. ...

[378] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[379] Skjal nr. 2 (39).

> Búfjárhagar: Landrými mikið en liggur fjarri meginið. Sumarhagar góðir fyrir allar skepnur, en gripahagar nokkuð langsóttir. ... Fjárgeymsla erfið. ... Upprekstrarland hefur jörðin fyrir sig.[380]

Jón Sigurðsson í Yztafelli hefur eftirfarandi um Syðrahól:

> Syðrihóll var byggður úr landi Hóls um 1660, og fengu þá bæði bæjanöfnin forskeytin. Landi jarðanna var eigi skipt. Syðrihóll fór í eyði eftir Bóluna, en þar var þó samfelld byggð síðan nálega 200 ár.[381]

Syðrihóll fór í eyði árið 1971.[382]

5.13 Veisa

Veisa er nefnd í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld.[383]

Veisa var látin í jarðaskiptum 6. apríl 1532.[384]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir jörðina 30 hundruð síðan selið var frá, úthaga í minna lagi en nokkurn veginn bjarglega, grösuga neðarlega, en hrjóstruga til fjallsins.[385]

Manntalsþing að Hálsi 30. maí 1722. Oddur Ólafsson lögréttumaður bauð Veisu til ábúðar á manntalsþingi að Hálsi 30. maí 1722 en enginn af þingsóknarmönnunum hafði áhuga vegna merkilegrar spillingar jarðarinnar.[386]

Sjálfseignarjörðin Veisa er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að skriður ógni úthaga. [387]

Minnst er á Veisu í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Veisa 20 hndr. ad fornum dyrleika. ... Til okosta er talid litid land, og lelegt til þrifa og málnytu; uppblástur á land ad ofan. ...[388]

Landamerkjabréf jarðarinnar Veisu var útbúið þann 30. nóvember 1886. Það var þinglesið 11. júní 1887. Þar segir:

> Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í svonefndum Stóralæk. Milli Veisu og Vegeirsstaða að norðan, eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur. En breidd Veisulands nær frá fjallsbrún ofan að Fnjóská. (~~Vegeirsstaðir eiga rétt til stórgripagöngu í Veisulandi~~).[389]

---

[380] Skjal nr. 2 (70).
[381] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 169. Með bólunni er væntanlega átt við Stórubólu 1707-1709.
[382] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 158.
[383] Íslenzk fornrit X. Ljósvetninga saga Reykdæla saga ok Víga-Skútu, bls. XLVI-L, 63.
[384] Skjal nr. 2 (222).
[385] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 99.
[386] Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.
[387] Skjal nr. 2 (63).
[388] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[389] Skjal nr. 2 (41) a-b.

Guðmundur Hjaltason, eigandi Veisu, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Stefáni Stefánssyni ráðanda Végeirsstaða og Jóni Austmann eiganda Veisusels.

Á spássíunni við yfirstrikaða textann kemur fram að ítakinu hafi ekki verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. '53 og sé því niður fallið. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Veisu hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland fremur þröngt. Sumarhagar dágóðir. ... Fjárgeymsla heldur hæg.[390]

Nýtt landamerkjabréf fyrir Veisu var útbúið 3. nóvember 1944. Þar stendur:

> Milli Veisu og Veisusels að sunnan eru merkin í Stóralæk, í Ytri Kvísl, Milli Veisu og Végeirsstaða að norðan eru merkin í læk, sem líka er nefndur Stórilækur. Báðir þessir lækir renna í Fnjóská og ráða merkjum.
>
> Breidd Veisulands er frá fjallsbrún niður að Fnjóská.
>
> Beitartak Végeirsstaða, til stórgripagöngu í Veisulandi, er niður fallið.[391]

Ólafur Tryggvason, eigandi Veisu, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Karli Kr. Arngrímssyni [eiganda Végeirsstaða] og Gunnlaugi Jónssyni Veisuseli.

Þessi landamerki Veisu og Veisusels munu hafa verið þinglesin 3. nóvember 1944.[392]

5.14 Veisusel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir árið 1712 um Veisusel, sem sumir kalla Skollagerði og var 10 hundruð að dýrleika:

> Partur af Veisu.
>
> Bygð hjer um fyrir 50 árum á selstæði heimajarðarinnar, sem menn atla að sje fornt eyðiból, með því hjer er girðing um völlinn, og reiknast þetta býli fjórðúngur allrar jarðarinnar, afdeilt að öllum landsnytjum.[393]

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að sjálfseignarjörðin Veisusel sé sögð 10 hundruð og að skriður ógni úthaga hennar. [394]

Veisusel er samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 talið:

---

[390] Skjal nr. 2 (70).
[391] Skjal nr. 2 (42) a-b.
[392] Skjal nr. 4 (101).
[393] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 98.
[394] Skjal nr. 2 (63).

> 10 hndr. ad dýrleika. ... Landsnÿtjar til mjólkur þrifa og vetrarbeitar i minnalagi. – Til okosta telst litid land og liggr allt undir áföllum af snjóflodum, grjot og leÿrskridum ...[395]

Í matinu stendur einnig:

> Þrætulands er ennframar ad geta, sem er stykki nokkurt milli jardanna Hallgilstada og Veisusels, er nota má bædi til slægna og beitar, og álíst þenna þrætupart hæfilegt ad meta til 5 rd. árlegs ágoda, hvorri jördinni sem hann tilfellur.[396]

Landamerkjabréf fyrir Veisusel var útbúið 28. mars 1884 og þinglýst 18. júní sama ár. Þar stendur eftirfarandi:

> Að utanverðu til móts við Veisu ræður Stórilækur í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan verðu við Fnjóská suður gegnt Miðrönd á mónum, þaðan til móts við Hallgilsstaði í Grundargil [leiðrétt m. öðru bleki, e.tv. úr Gvendargil] í fjallinu beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.[397]

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða, Elínu Bjarnadóttur ábúanda Veisusels og Sigurgeiri Jónssyni ábúanda Veisu.

Síðar hefur verið bætt við að ítakinu hafi verið lýst samkvæmt áskorun 20. maí 1953. J. S. skrifar undir það.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Veisusels hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Veisusel eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland ekki vel rúmt en gott. Sumarhagar gripa dágóðir. ... Fjárgeymsla hæg.[398]

Nýtt landamerkjabréf fyrir Veisusel var útbúið þann 14. desember 1922. Þar kemur fram:

> Að norðan til móts við Veisu ræður Stórilækur og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár. Að vestan ræður Fnjóská gegnt Miðrönd og þaðan gegnt Hallgilsstöðum í Grundargil í fjallinu, beint á fjall upp. Samt tilheyra Hallgilsstöðum allar slæjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.[399]

Gunnlaugur Jónsson, ábúandi Veisusels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jens Kr. Buck ábúanda og eiganda Veisu og Róberti Bárðdal

---

[395] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[396] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[397] Skjal nr. 2 (43) a-b.
[398] Skjal nr. 2 (70).
[399] Skjal nr. 2 (44) a-b.

ábúanda Hallgilsstaða. Engar upplýsingar um þinglestur eru færðar í landamerkjabókina.

Á spássíunni við landamerkjalýsinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst 6. janúar 1954. J. Skaptason skrifar undir þetta.

Ný landamerki Veisu og Veisusels munu hafa verið þinglesin 3. nóvember 1944.[400] Sjá Veisu.

Spilda úr landi Veisusels var seld Hallgilsstaðabónda 15. október 2001. Landamerki breyttust samkvæmt því:

> að norðan eru merki Hallgilsstaða við Veisu um Stóralæk frá Fnjóská að þjóðvegi. Þaðan í miðjum þjóðvegi á móti Veisuseli og suður að Háuskriðulæk og síðan eftir honum á fjall upp. Lína þessi liggur síðan með stefnu Háuskriðulæks að merkjum við Ljósavatnshrepp.
>
> Að vestan ræður Fnjóská merkjum.
>
> Veiðiréttur í Fnjóská fylgir með í kaupum þessum.
>
> Að öðru leiti ræður eldri merkjalýsing jarðanna.[401]

5.15 Hallgilsstaðir

Vitnisburðir voru gefnir um jarðakaup Brynjólfs Magnússonar, sem keypti Hallgilsstaði, 19. og 27. október 1483. Þá sagði seljandi, Helgi Sigurðsson:

> landamerki ä jordune ut at jllu kelldu fyrir sunan skollagerde ok sudur at merkigili ok ofan j iardarkross fyrir nedan ok sionhending j halgilsstadaklauf. ok sudr j þingmannalæk er gatan liggur vt j.[402]

Hallgilsstaðir, 36 hundruð að dýrleika, voru látnir í jarðaskiptum 26. nóvember 1569.[403]

Jón Þorgrímsson prestur á Hálsi í Fnjóskadal lögfesti eignarjörð sína Hallgilsstaði þann 6. maí 1760 á manntalsþingi að Hálsi. Þar í segir hann:

> … lögfeste eg tiedrar Jardar, hús og tún, Tödur og Eingiar, hollt og haga, Skóg og afriett, Vötn og Veidestade, og allar landz Nitiar til fialls og läglendes, Sem þeirre Jördu eiga ad filgia, og filgt hafa ad fornu og N[yu til ummmer]kia þeirra er adrar Jarder i móte Eiga effter [ski]lvÿsre Skiala útvÿsan, sem Endelegre Dóms äl[yktan] afsagdre ad Hallgilstödum 1748. þann 5ta Augusti, Rædur landa Merkium ad utanverdu Illukielda er liggur firer Sunan Weisusel, og Sudur ad Merkegile edur Sidragilenu firer Sunnann Hallgilstade Sÿdann Markbrecka ofann til Reidgatna Sem liggia Millum

[400] Skjal nr. 4 (101).
[401] Skjal nr. 25 (5).
[402] Skjal nr. 2 (212).
[403] Skjal nr. 2 (234).

> Hallgilstada og Fornastada, Enn frá Markbrecku Enda Vestare bein Siónhending vid Hallgilstada Klauf og ofann j Þÿngmannalæk.[404]

Séra Jón bannaði sérhverjum að nýta sér ofangreint landsvæði á nokkurn hátt án síns leyfis. Lögfestan skyldi standa í tólf mánuði eða svo lengi sem henni væri ekki hrundið með löglegum hætti.

Lesin var upp lögfesta hreppstjórans Kristjáns Jónssonar fyrir Hallgilsstöðum á manntalsþingi á Hálsi 27. maí 1829. Inntaks lögfestunnar er hins vegar ekki getið.[405]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir dýrleika Hallgilsstaða 36 hndr., grasatekju litla, úthaga víðlenda og heilnæma fyrir sauðfé en graslitla fyrir stórgripi.[406]

Skriðuföll ógna úthaga sjálfseignarjarðarinnar Hallgeirsstaða (Hallgilsstaða) sem sögð er 20 hundruð. Þetta kemur fram í jarðamatinu 1804.[407]

Í jarðamatinu 1849-1850 segir um Hallgilsstaði:

> Hallgilstadir 20 hndr. ad dýrleika. ... Landsnÿtjar til vetrarbeitar og þrifa i betralagi, einnig málnyta i medallagi. ...[408]

Í matinu stendur einnig:

> Þrætulands er ennframar ad geta, sem er stykki nokkurt milli jardanna Hallgilstada og Veisusels, er nota má bædi til slægna og beitar, og álíst þenna þrætupart hæfilegt ad meta til 5 rd. árlegs ágoda, hvorri jördinni sem hann tilfellur.[409]

Landamerkjabréf Hallgilsstaða var útbúið þann 28. mars 1884 og þinglesið 18. júní sama ár. Þar stendur:

> Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil í fjallinu og bein lína vestur frá því, eftir „Markbrekkuhólum“ til „Þingmannalækjar“. Að vestan ræður lækurinn til móts við Hálsland, þar til hann fellur í Fnjóská, ræður svo mið Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp.
>
> Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slægjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.[410]

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni ábúanda Fornastaða, Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða og Elínu Bjarnadóttur ábúanda Veisusels.

---

[404] Skjal nr. 2 (56) a-b. Jón Benediktsson sýslumaður vottar að lögfestan hafi verið lesin á manntalsþingi 6. maí 1760.
[405] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.48).
[406] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 96-97.
[407] Skjal nr. 2 (63).
[408] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[409] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[410] Skjal nr. 2 (20) a-b.

Aftan við landamerkjalýsinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst samkvæmt áskorun 20. 5. ´53 þann 6. janúar 1954. J. S. skrifar undir þetta.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hallgilsstaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Hallgilsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar á dreif um landið og fremur langsóttar: Fjalllendislágar, mýrarblettir og hálfdeigjur, heldur ógreiðfærar. Engjavegur slæmur. ...
>
> Búfjárhagar. Beitland víðáttumikið og gott sauðland. Kvistlendi mjög mikið. Gripahagar ekki viðfeldnir. ... Fjárgeymsla allerfið. ... Jörðinni tilheyrir nú allar slægjur úr þrætulandi, sem var milli Hallgilsstaða og Veisusels.[411]

Nýtt landamerkjabréf fyrir Hallgilsstaði var útbúið þann 12. desember 1922 og þinglýst 1923. Þar stendur:

> Að sunnan til móts við Fornastaði ræður Syðragil og bein lína eftir Marksbrekkuhólum til Þingmannalækjar. Að vestan ræður lækurinn til móts við Háls, þar til hann fellur í Fnjóská, en hún ræður til þess gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel, til fjalls upp. Auk þess tilheyra Hallgilsstöðum allar slæjur utan við Miðrönd og Grundargil til næsta lækjar sunnan við Veisuselstún.[412]

Róbert Bárðdal, eigandi Hallgilsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni eiganda Fornastaða og Gunnlaugi Jónssyni ábúanda Veisusels.

Á spássíunni við landamerkjalýsinguna kemur fram að ítakinu hafi verið lýst 6. janúar 1954. J. Skaptason skrifar undir þetta.

5.16 Fornastaðir (Fornhólar og Sólvangur)

Fornastaða er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld. Þá bjó þar Þorvarður Höskuldsson, Þorgeirssonar Ljósvetningagoða.[413]

Fornastaðir eru taldir upp í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.[414]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Fornastaði 20 hndr. að dýrleika og Hólastólsjörð, úthaga næga fyrir sauðfé en haglitla fyrir stórgripi.[415]

Fornastaðir tilheyra hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804. Einnig kemur fram að þeir séu sagðir 20 hundruð og að skriðuföll og landbrot ógni úthaga og beitilandi. [416]

---

[411] Skjal nr. 2 (70).
[412] Skjal nr. 2 (21) a-b.
[413] Íslenzk fornrit X. Ljósvetninga saga Reykdæla saga ok Víga-Skútu, bls. XLVI-L, 62.
[414] Skjal nr. 2 (200).
[415] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 95-97
[416] Skjal nr. 2 (63).

Um Fornastaði segir í jarðamatinu 1849-1850:

> Fornastadir 20 hndr. ad dýrleika. ... Land er hér gott til þrifa en sidur til malnytu. – Med okostum má telja: uppblástur á landi, ...[417]

Landamerkjabréf Fornastaða var útbúið 28. mars 1884 og þinglesið 18. júní sama ár. Þar kemur fram:

> Að sunnan til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegum til Þingmannalækjar. Að norðan til móts við Hallgilsstaði ræður Syðragil í fjallinu, þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum, vestur til Þingmannalækjar, er þá ræður merkjum að vestan til móts við Hálsland.[418]

Sigurður Guðnason skrifaði undir landamerkjabréfið sem umboðsmaður Jóns Austmanns. Það var samþykkt af: Skúla Kristjánssyni ábúanda Sigríðarstaða, Jóni Jónssyni ábúanda Fornastaða og Kristjáni Ingjaldssyni ábúanda Hallgilsstaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Fornastaða hafi verið þinglesin 1884. Eftirfarandi upplýsingar um Fornastaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Engjar fremur snögglendar á dreif um landið. ... Meginið þurt: grundir, hálfdeigjur og fjalllendislágar. Engið nokkuð langsótt sumt. ...
>
> Búfjárhagar: Beitland víðáttumikið, kjarngott og viðfeldið fyrir sauðfé. Gripahagar sæmilegir. ... Fjárgeymsla eigi erfið eptir stærð landsins. ... Ágangur mikill á engi af nágranna gripum og hestum ferðamanna.[419]

Nýbýlið Fornhólar var stofnað árið 1948 á helmingi Fornastaða, austurhluta. Árið 1980 var Fornastöðum skipt milli Fornhóla og Sólvangs. Fengu Fornhólar allt tún Fornastaða og helming óræktaðs lands, en helmingur úthagans lagðist til Sólvangs.[420] Var skrifað undir afsöl til eigenda þeirra jarða 27. september 1981,[421] en gengið frá landamerkjum Fornhóla og Sólvangs með gerningi 17. september s.á. svohljóðandi:

> Frá bugðu á Þingmannalæk, austan Fnjóskadalsvegar, ræður girðing allt að fjallsrótum Fornastaðafjalls. (sjá ljósmynd í vörzlu Landnáms ríkisins) Í fjallinu eru ekki ákveðin merki, en þar skiptist landið til helminga milli jarðanna.[422]

---

[417] Skjal nr. 2 (67) a-b.
[418] Skjal nr. 2 (13) a-b.
[419] Skjal nr. 2 (70).
[420] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 113. Skjal nr. 4 (36) a.
[421] Skjöl nr. 20 (8 og 9).
[422] Skjal nr. 20 (10).

5.17 Sigríðarstaðir

Samkvæmt máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510) tilheyrðu Sigríðarstaðir Munkaþverárklaustri.[423]

Svohljóðandi vitnisburður gaf Jón Ásmundsson Einari ábóta um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna (Stórutjarna) 14. ágúst 1468:

> ath greindr ion uisse ei annath sannara en sigridarstader i liosavazskarde ætte alla iord mille merkia aanna. ok svo uisse hann hafa uerith haft ok halldit. svo ei sidur sagdiz fyrr nefdur ion áásmundzson hafa verit hia þa er gamli bonde Marteinsson selde magnuse oddasyne iordena vestri tiarner er liggur i liosavazskarde ok reiknade hennar iardar eign ecki leingra austr en ath þeim stora læk sem utan geingr epter skardeno ok sudur fellur i liosavatn. en hvorki reiknade gamle bonde iardar eign ok aungvar adrar itaulur yfer vmm lækenn i hlidena tilheyra iordunne vestrum tiornum.[424]

Samkvæmt lista yfir Munkaþverárklaustursjarðir í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 tilheyra Sigríðarstaðir klaustrinu.[425]

Arngrímur Andrésson ábúandi klausturjarðarinnar Sigríðarstaða skrifað kóngi 24. júlí 1838 og óskaði eftir að fá ábýlisjörð sína keypta fyrir 800 ríkisdali. Hann hafði búið á jörðinni í 50 ár og gengist fyrir miklum jarða- og húsabótum sem hann útlistar samviskusamlega. Hann getur þess að allt hafi verið í niðurníðslu þegar hann tók við jörðinni, þ.e. bæði hús, tún og engi. Þar sem jörðin liggi við alfaraveg og mikill umgangur af fólki og hestum þá þurfti hann að hlaða garð til þess að verja túnið sem ferðamenn fóru þvert yfir. Jörðin (20 hundruð að dýrleika) var seld hæstbjóðanda á opinberu uppboði 19. maí 1840 og varð Björn Jónsson í Lundi hlutskarpastur með boð upp á 910 ríkisdali. Konungsúrskurður um söluna er dagsettur 31. mars 1841. Takmarka er hvergi getið í skjölum varðandi söluna.[426]

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 var dýrleiki Sigríðarstaða 20 hndr., jörðin konungseign, úthagar víðlendir og búgóðir.[427]

Munkaþverárklaustursjörðin Sigríðarstaðir er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota og sé undirlögð skriðum og snjóflóðum. [428]

Minnst er á Sigríðarstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

> Sigridarstadir 20 hndr. ad dýrleika - ... Landvídd i betralagi, en til þrifa og málnytu i gódu medallagi. ...[429]

---

[423] Skjal nr. 2 (207).
[424] Skjal nr. 2 (209).
[425] Skjal nr. 2 (132) a-b.
[426] Skjal nr. 2 (299) a-b.
[427] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 94-95
[428] Skjal nr. 2 (63).
[429] Skjal nr. 2 (67) a-b.

Landamerkjabréf fyrir Sigríðarstaði var útbúið þann 15. október 1886. Því var þinglýst 6. júní 1888. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að austan ræður: Merkigil og bein lína úr því í Litlutjarnalæk yfir um stein í Mýrinni. Að sunnan ræður: Litlutjarnalækur, sem útfrá kallast Kambsá og svo bein lína, sem hugsast dregin frá vörðu á Móhorni austur í mitt Sandberg í Kambstaðalandi og er lína þessi nú afmörkuð með vörðum, svo ræður Þingmannalækur. Að vestan ræður: Merkjárgil og lína sem hugsast dregin í Svartsholtsenda og verður hlaðin þar varða er gamla varðan stóð. Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall. [430]

Skúli Kristjánsson, eigandi og umráðamaður Sigríðarstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Pétri Jónssyni presti að Hálsi fyrir land Háls og kirkjujarðanna Birningsstaða og Kambsstaða, Stephan Stephensen umboðsmanni sem samþykkti vegna Munkaþverárklaustursjarðarinnar Litlutjarna í Ljósavatnshreppi og Jóhanni [Einarssyni] á Víðivöllum sem skrifaði undir fyrir hönd Helgu Austmann eiganda jarðarinnar Fornastaða.

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Sigríðarstaða hafi verið þinglesin 1888. Eftirfarandi upplýsingar um Sigríðarstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland, víðlent, kjarngott og viðfeldið. Sumarbeit góð fyrir allan búfénað. ... Fjárgeymsla erfið.[431]

Árið 1927 afsalaði Sigríðarstaðabóndi Skógrækt ríkisins skóglendi á jörðinni, Sigríðarstaðaskógi, með skóglausum geira inni í skóginum, en hélt skógargeirum, sem sköguðu út úr skóginum.[432]

5.18 Birkihlíð

Nýbýlið Birkihlíð var stofnað árið 1934 úr austanverðu landi Sigríðarstaða.[433]

Landamerkjabréf var samið í Birkihlíð 4. ágúst 1935 og þinglesið á manntalsþingi næsta ár:

> Að norðan ræður norðurarmur girðingar um Litlu-Sigríðarstaði, og beint framhald af henni, upp á merki jarðarinnar að austan. Á áðurnefndum girðingararmi að norðan, liggja merkin beina línu í vörðu 40 metr. norðan við vesturenda Fletjugarðs.
>
> Að vestan, er bein lína úr áðurnefndri vörðu í Síkisós, og þaðan bein lína austarlega í Berg við Kambsá.

[430] Skjal nr. 2 (38) a-b.
[431] Skjal nr. 2 (70).
[432] Skjal nr. 4 (23).
[433] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 115.

Að sunnan: Úr Merkigili í stóran einstakan stein í Mýrinni, og bein stefna í Litlutjarnalæk.[434]

Undir bréfið skrifa í viðurvist tveggja votta: Bragi Ingjaldsson (í Birkihlíð), Róbert Bárðdal (á Sigríðarstöðum), Hermann Tryggvason (á Kambsstöðum) og Einar Sigurbjörnsson (á Litlutjörnum).[435]

5.19 Landamótssel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (frá 1712) segir Landamótssel byggt fyrir manna minni, afdeilt aðeins að túni og engjum og reiknast þriðjungur jarðarinnar Landamóts.[436]

Sjálfseignarjörðin Landmótssel er sögð 6 hundruð í jarðamatinu 1804.[437]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Landamótssels, sem eigi séu talin vel glögg, hafi verið þinglesin 1901. Eftirfarandi upplýsingar um Landamótssel eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland fremur létt fyrir allan búfénað. Gripahagar þó allgóðir. Þrönglent, næðingasamt. ... Fjárgeymsla hæg. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.[438]

Landamerkjabréf fyrir Landamótssel var útbúið þann 18. maí 1901. Því var þinglýst tveimur dögum síðar. Í því koma eftirfarandi upplýsingar fram:

> Að norðan ræður merkjum varða, sem stendur niður við braut þá, sem liggur suður neðan vert við holtarætur; frá nefndri vörðu, beina stefnu í vörðu, sem stendur í brekkuröðinni sunnan vert við þriðju lág frá Stekkjarlæk, og þaðan stefnu í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl.
>
> Að austan eru merkin frá fyrstnefndri vörðu suður meðfram nefndri braut, stefnu í vörðu sem stendur yzt og [strikað yfir: neðst] í „Stakholti“. Þaðan ræður bein stefna í vörðu – sem stendur við lækinn „Gegni“ – sem ber sunnan vert við bæinn Hryflu. Þaðan ræður Gegnir merkjum suður í Djúpá.
>
> Að sunnan ræður Djúpá merkjum í kíl, sem er norðvestur af tóptarbroti er stendur ofarlega í Haganum, sunnan Djúpár, frá nefndum kíl, beina stefnu neðst í Merkilæk og eftir honum eru merkin í Merkigróf í Krossöxl og þaðan upp á háfjall.
>
> Að vestan ráða hágrjót merkjum.[439]

---

[434] Skjal nr. 2 (206).
[435] Heimilisföng eru skráð samkvæmt sóknarmannatali Háls árið 1935. Skjalasöfn presta og prófasta. Háls BC/7.
[436] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 128.
[437] Skjal nr. 2 (61).
[438] Skjal nr. 2 (68).
[439] Skjal nr. 2 (33).

Helga Jónsdóttir, eigandi Landamótssels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Sig. Sigurðssyni eiganda Landamóts, G. Ásmundssyni ábúanda Fremstafells, Birni Jóhannssyni eiganda Ljósavatns og Sigurjóni Jónssyni ábúanda Kross.

Landamótsseli var skipt árið 1947. Fékk Borgartún helming lands, en ekki hafði verið gengið formlega frá þeirri skiptingu um 1985.[440] Byggingarbréf fyrir þessum helmingi Landamótssels var gefið út síðla árs 1951.[441] Samkvæmt byggingarbréfinu og skiptayfirlýsingu árið 1999 eru engjar og bithagi Landamótssels óskipt með Borgartúni.[442]

5.20 Landamót

Landamót er nefnt í Landnámu sem norðurtakmark í landnámi Þorfinns mána.[443]

Bæjar á Landamóti er getið í Ljósvetninga sögu, sem Björn Sigfússon telur frá miðri 13. öld.[444]

Þau Björn Benediktsson og Sólveig Þorgrímsdóttir áttu með sér jarðakaup á Einarsstöðum í Kræklingahlíð þann 3. október 1608. Þá seldi Solveig Birni jörðina Landamót í Kinn, 20 hundruð að dýrleika, með eftirfarandi landamerkjum:

> Fyrir sunnan ræður landamerkjum grofin fyrir utan Kross, til fjalls upp í steininn hálfrauða, en neðra suður í ána sem rennur úr Ljósavatni. So og á Landamót alla botna ofan frá ánni. Í Gegnir í þann neðsta farveg læk(j)arins. En að utan ræður lækjargilið í fjallinu sem næst er Halldórustöðum og so ofan í lækinn Gegnir. Reiknaði Solveig Þorgrímsdóttir skógarhögg í Barnafellslandi og 20 sauða göngu í Flatey um sumar, en Fell aptur mánaðar hestagöngu í Landamó(t)s land um vetur.[445]

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir Landamót með Landamótsseli 20 hndr. að dýrleika, en heimajörðina reiknast 13 hndr, 40 álnir. Úthaga næga.[446]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 er sjálfseignarjörðin Landamót sögð 14 hundruð. Einnig kemur fram að skriður skemmi úthaga.[447]

Fjallað er um jörðina Landamót í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Landamót 20 hndr. að dýrleika ásamt Landamótsseli. ... landlítið og lítil málnyta. ...[448]

---

[440] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 200.
[441] Skjal nr. 32 (6).
[442] Skjöl nr. 4 (73) og nr. 32 (7).
[443] Íslenzk fornrit I. Íslendingabók Landnámabók, bls. 274.
[444] Íslenzk fornrit X. Ljósvetninga saga Reykdæla saga ok Víga-Skútu, bls. XLVI-L, 50.
[445] Skjal nr. 2 (59). Skjal þetta var upphaflega skrifað á skinn og var með einu heilu hangandi innsigli, en afskrift sú sem hér er farið eftir er gerð eftir afskrift sem þeir Magnús Þorvaldsson og Gísli Magnússon gerðu að Grenjaðarstað 20. maí 1728.
[446] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 127-128.
[447] Skjal nr. 2 (61).

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Landamóts hafi verið þinglesin 1901. Eftirfarandi upplýsingar um Landamót eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Land fremur þröngt. Sumar og vetrarbeit fyrir sauðfé og gripi sæmilega kjarngóð. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.[449]

Landamerkjabréf fyrir Landamót var útbúið þann 12. júní 1897. Það var þinglesið 20. maí 1901. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að norðan ræður Rauðilækur frá fjallsbrún til Gegnis“
>
> Að austan ræður Gegnir merkjum, frá Rauðalæk til vörðu, sem stendur á lækjarbakkanum, sem ber sunnan við bæinn Hryflu.
>
> Að sunnan, frá nefndri vörðu, beint í vestur í vörðu, sem stendur neðst á „Stakholti“.
>
> Að vestan frá Stakholtsvörðu, með holtarótum norður til vörðu sem stendur neðan við holt, sem er sunnan við þriðju lág frá Stekkjarlæk (og vörðu) norðan á Krossöxl.
>
> Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall.[450]

Geirf. Tr. Friðfinnsson, eigandi Landamóts, skrifaði undir bréfið. Sömuleiðis eigendur Halldórsstaða eigendur Halldórsstaða þeir Sigurður, Friðfinnur Sigurðsson og Kristján Sigurðssynir. Það var samþykkt af: Jóni Jónssyni umboðsmanni landsjóðsjarðarinnar Fremstafells og Jóni Kristjánssyni eiganda Landamótssels.

Landamót er sagt eiga allvíðlent fjalllendi.[451] Seint á 19. öld var spilda norðan af Landamótslandi seld til Halldórsstaða.[452]

5.21 Halldórsstaðir

Í afsalsbréfi fyrir Efstafelli/Fremstafelli, 4. mars 1363, er m.a. minnst á ítölu:

> haalfs manadar eng j halltoru stada jörd.[453]

Í afsalsbréfi fyrir hluta í Efstafelli/Fremstafelli (24. maí 1433), 24 hundruðum, kemur fram að í kaupunum fylgi m.a. hálfsmánaðarengi í Halldórustaðajörð.[454]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir Halldórsstaði 10 hundruð, grasatekju varla teljandi og landþröngt mjög.[455]

Sjálfseignarjörðin Halldórsstaðir er sögð 8 hundruð í jarðamatinu 1804.[456]

---

[448] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[449] Skjal nr. 2 (68).
[450] Skjal nr. 2 (32) a-b.
[451] Byggðir og bú, bls. 298.
[452] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 194.
[453] Skjal nr. 2 (188).
[454] Skjal nr. 2 (198).
[455] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 127
[456] Skjal nr. 2 (61).

Meðal þeirra jarða sem minnst er á í jarðamatinu 1849-1850 eru Halldórsstaðir. Í umfjölluninni kemur m.a. fram:

> Haldórstaður 8 hndr. að dýrleika. ... land mjög lítið útbeit eingin á vetrum.[457]

Samkvæmt fasteignamatinu 1916-1918 voru landamerki Halldórsstaða þinglesin 1890. Eftirfarandi upplýsingar um Halldórsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Landþröngt fremur, en all skjólasamt. Gripahagar heldur litlir. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Auk þess fylgir 1/6 af svo nefndum Finnstaðadal, en af honum fást engar tekjur.[458]

Landamerkjabréf fyrir Halldórsstaði var útbúið þann 20. maí 1885. Því var þinglýst 28. maí sama ár. Í því stendur eftirfarandi:

> Að austan eru merkin í Gegnir út að Merkihól; þaðan ráða vörður upp Fellið, beina [strikað yfir, leið] stefnu í Merkivörðu, þaðan ráða vörður út fellið hæðst út að vorðu þeirri sem nefnist Hornvarða.
>
> Að norðan eru merkin úr Hornvörðu eftir vörðum ofan Fellið að vestan, þá taka við vörður ofan mýrina og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.
>
> Að sunnan eru merkin í Rauðalæk, neðan frá Gegnir og upp að því, sem hann skiftir sér, og þaðan beina stefnu í vörðu, sem stendur uppá fjallsbrúninni og síðan sjónhending á grjót upp.
>
> Jörðin Halldórsstaðir eiga 1/6 – einn sjötta – part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal.[459]

Gísli Jónasson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Kristjáni Kristjánssyni vegna Finnsstaðalands að norðan, Jónasi Jóhannessyni vegna Landamóts að sunnan og Stephani Stephensen vegna Fremstafells.

Að sögn Jóns Sigurðssonar í Yztafelli var jörðin áður mjög lítil. Seint á 19. öld keyptu Halldórsstaðabændur 1/6 hluta Finnsstaðalands og Finnsstaðadals og spildu norðan af Landamóti.[460]

5.22 Finnsstaðir

Máldagar Auðunar biskups rauða eru frá 1318. Þar kemur fram í umfjöllun um Hálskirkju að:

> Teygur fylgir j kinn nordur vt fra finnz stodum.[461]

---

[457] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[458] Skjal nr. 2 (68).
[459] Skjal nr. 2 (19) a-b.
[460] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 196. Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 194.

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá1394.[462]

Máldagar Ljósavatnskirkju frá 1380[463] og 1390[464] geta um mánaðarteig í Finnsstaðajörð.

Finnsstaðir eru nefndir í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.[465]

Fram kemur í máldaga Hálskirkju sem er líklega frá árinu 1523 að henni fylgi teigur í Kinn norður út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða.[466]

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Haalse I fnioskadal
>
> ... teigur fylgier I kinn Nordur, vtfraa finnstödum, og þÿvi teigur Innan garda, afriett a heidi vt, hallz manna tungur. ...[467]

Upplýsingarnar sem hér hefur verið vísað í er ekki aðeins að finna í máldagabók Guðbrands og ýmsum öðrum skjölum heldur einnig í vísitasíum Hálskirkju sem skráðar eru í vísitasíubækur Þorláks Skúlasonar, Gísla Þorlákssonar, Einars Þorsteinssonar, Björns Þorleifssonar, Steins Jónssonar og Steingríms Jónssonar.[468]

Guðmundur Skíðason prestur á Bægisá segist í vitnisburði frá 25. október hafa séð gamlan máldaga Hálskirkju á Hólum. Sá vitnisburður hefur varðveist í afskrift séra Gamla Ólafssonar á Þóroddsstað og tveggja annarra manna sem gerð var á Hóli í Kinn 12. júní 1608. Þar segir að Hálskirkju fylgi teigur norður í Kinn út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða.[469]

Þorgrímur Jónsson prestur á Hálsi lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 6. júní 1725. En þ.á m. var teigur í Kinn norður út frá Finnsstöðum og þýfiteigur innan garða. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Hálsi samdægurs og svo aftur á sama stað 24. maí 1743.[470]

Í lögfestu séra Þorgríms Jónssonar fyrir kirkju sinni frá 21. maí 1726 kemur fram að Hálsstaður eigi teig í Kinn, norður út frá Finnsstöðum og þýfiteig innan garða. Lögfestan var lesin upp samdægurs fyrir réttinum á Hálsi í Fnjóskadal.[471]

---

[461] Skjal nr. 2 (185).
[462] Skjal nr. 2 (191).
[463] Skjal nr. 2 (189)
[464] Skjal nr. 2 (190).
[465] Skjal nr. 2 (200).
[466] Skjal nr. 2 (98) a-b.
[467] Skjal nr. 2 (130) a-b.
[468] Skjöl nr. 2 (133) a-b, 2 (139) a-b, 2 (153) a-b, 2 (154) a-b, 2 (163) a-b og 2 (173) a-b.
[469] Skjal nr. 2 (99) a-b.
[470] Skjal nr. 2 (110) a-b.
[471] Skjal nr. 2 (101) a-b. Eftirmaður séra Þorgríms, Jón Þorgrímsson, lögfesti Hálsstað á ný 7. apríl 1744, 18. maí 1745, 7. júní 1770, 3. júní 1779 og 4. október 1782 en þær lögfestur eru efnislega samhljóða lögfestunni frá 7. apríl 1744 og því er innihalds þeirra ekki getið, sbr. Skjal nr. 2 (103) a-b – Skjal nr. 2 (106). Flestar þessara lögfestna voru lesnar upp aftur oftar en einu sinni. Lögfesta séra Sigurðar Árnasonar fyrir Hálsstað frá 1. júní 1830 er einnig efnislega samhljóða þeirri frá 7. apríl 1744 og því verður innihald hennar ekki birt.

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir grasatekju litla á Finnsstöðum, úthaga góða og mikla en um Finnsstaðadal segir:

> Finnstaðadalur kallast eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítil<eg>a til hestagöngu á sumrin.[472]

Finnsstaðir, sem tilheyra hinum aflagða Hólastól, eru samkvæmt jarðamatinu 1804 sagðir 12 hundruð.[473]

Í jarðamatinu 1849-1850 er fjallað um Finnsstaði. Þar stendur m.a.:

> Finnstaðir 12 hndr. að dýrleika. ... Landrými og málnyta í meðallagi. Utbeit lítil. ...[474]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Finnsstaða hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar um Finnsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland sæmilega rúmt og meðallagi kjarngott. Gripahagar góðir. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Auk þess 5/6 af svo nefndum Finnstaðadal.[475]

Á 19. öld var sjöttungur Finnsstaðalands sem og Finnsstaðadals keyptur undir Halldórsstaði.[476]

Landamerkjabréf fyrir Finnsstaði var útbúið þann 5. apríl 1886. Því var þinglýst 13. júní 1887. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að austan ræður Kinnarfell merkjum þar sem það er hæst suður að vörðu þeirri, sem nefnist Hornvarða.
>
> Að sunnan eru merkin ur Hornvörðu eftir vörðum ofan Fellið, þá taka við vörður ofan mýrina, og liggja þær, er kemur upp í vesturbrekkuna, meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri, og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.
>
> Að norðan eru merkin í vörður, sem standa vestan í Kinnarfelli allt ofan að svonefndum „Merkihól“ Þaðan ræður garður yfir mýrina ofan í Bollastaðaá, þá ræður hún upp fyrir brún á vestur Fjallinu og allt þangað til hún liggur í suður, þar sem heitir Bræðradalur og taka þá við vörður upp á grjót.
>
> Að vestan ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals.
>
> Jörðunni fylgir ennfremur afréttarlandið Finnsstaðadalur að 5/6 hlutum. Takmörk hans eru sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.[477]

---

[472] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 126.
[473] Skjal nr. 2 (61).
[474] Skjal nr. 2 (65).
[475] Skjal nr. 2 (68).
[476] Byggðir og bú, bls. 297. Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 194.
[477] Skjal nr. 2 (10) a-b.

Kristján Kristjánsson, eigandi jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóhannesi Jóhannessyni eiganda Fellssels, Guðlaugi Kristjánssyni eiganda Syðrahóls, Jóni Jónssyni og Guðnýju Sigurðardóttur eigendum Ytrahóls, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ eiganda Barnafells og Sigurði Sigurðssyni eiganda Halldórsstaða. Sigurður handsalaði undirskrift sína.

Þann 18. mars 1950 skiptu löglegir úttektarmenn Ljósavatnshrepps, þeir Baldur Baldvinsson oddviti og Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri, að beiðni Halldóru Sigurbjarnardóttur eiganda þriðjungs Finnsstaða, úr þeirri jörð eign hennar af túni og engjum. Þetta hafði verið samþykkt af Kristni Árnasyni og Sigríði Árnadóttur sem áttu sinn þriðjunginn hvort af jörðinni. Í landamerkjabréfinu kemur einnig fram að eigendur jarðarinnar áskilji sér rétt til þess að endurskoða landamerkjagerðina að 10 árum liðnum eða fyrr ef þurfa þyki. Landamerkin voru ákveðin sem hér segir:

> Tún: Afmarkast af Bæjarlæk að norðan. Að austan þjóðvegur. Að sunnan og að [að, skrifað ofan við] vestan túngirðing.
>
> Engjar: Spilda um 800 m. breið og 1500 m. löng, afmarkast að sunnan af landamerkjagirðingu, milli Finnsstaða og Halldórsstaða. Að norðan af Þríholtslæk. Að vestan og austan engjagirðingar. Bithagi utan engjagirðinga, sem er mjög víðlendur og góður, er óskiptur.
>
> Jörðinni fylgir afréttarland, hin svokallaði Finnsstaðadalur, einnig óskiptur.[478]

Sigríður Árnadóttir, Kristinn Árnason, Halldóra Sigurbjarnardóttir, Baldur Baldvinsson og Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri skrifuðu undir landamerkjabréfið.

Breytingar urðu á Finnsstaðalandi á síðari hluta 20. aldar.[479] Stuttu eftir miðbik hennar, nánar tiltekið þann 22. desember 1951, voru aftur gerðar breytingar á landamerkjum Finnsstaða. Þá gerðu úttektarmenn Ljósavatnshrepps landamerkjaskrá fyrir nýbýli sem Hjalti Kristjánsson á Finnsstöðum hugðist reisa á þriðjungi gömlu jarðarinnar. Samkvæmt landamerkjaskránni var jörðinni Finnsstöðum skipt í þrjár jafnar spildur frá norðri til suðurs og var hver þeirra tæpir 700 metrar á breidd. Syðsti hluti jarðarinnar nefnist Finnsstaðir I, sá næsti Finnsstaðir II og nyrsti hlutinn, sem var óbyggður, nefnist Finnsstaðir III. Einnig kemur fram í landamerkjaskránni að heimilt væri að endurskoða hana eftir 10 ár til samræmis við önnur skipti gömlu jarðarinnar.

Landamerki nýbýlisins Finnsstaða II eru sem hér segir:

> Að austan, hábrún Kinnarfells. Að vestan landamerki Fnjóskdæla. Að sunnan landamerki Finnsstaða I afmarkað með vörðum. Að norðan landamerki Finnsstaða III, líka afmarkað með vörðum.
>
> Afréttarland gömlu jarðarinnar, 5/6 af Finnsstaðadal, fylgir nýbýli þessu að einum þriðja.[480]

---

[478] Skjal nr. 2 (11).
[479] Skjal nr. 4 (29).
[480] Skjal nr. 2 (12) a-b.

Eigendur Finnsstaða þau Kristinn Árnason, Sigríður Árnadóttir og Halldóra Sigurbjarnardóttir skrifuðu undir bréfið.

Nýbýlið Hjaltastaðir var stofnað á helmingi Finnsstaða árið 1955, en landi ekki skipt. Síðan hafa Finnsstaðir verið í eyði en nýttir frá Hjaltastöðum. Finnsstaðadalur, „afréttarland“, var að 5/6 hlutum í eigu Finnsstaða/Hjaltastaða.[481]

Árið 1976 var kveðinn upp eignardómur vegna Finnsstaða I, en skiptagerð eftir fyrri eiganda hafði ekki verið þinglýst. Kom þá fram Einar Kristjánsson frá Finnsstöðum, ábúandi á Ófeigsstöðum, og gerði tilkall til upprekstrar- og beitarréttar á Finnsstaðadal tilheyrandi Finnsstöðum I. Var eignarréttur málshefjenda til Finnsstaða I viðurkenndur:

> … að undanskyldum upprakstrar- [svo] og beitarrétti á Finnstaðadal, tilheyrandi Finnsstöðum I sem er eign Einars Kristjánssonar.[482]

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir um Finnsstaði:

> Finnssstaðir eiga afréttardal langan, Finnsstaðadal, sem gengur til norðvesturs í háfjallið gegnt Yztafelli, og falla vötn af honum til Fnjóskár. Vestan við dalsmynnið, á 600-700 metra hæð, eru nú ber grjót, nema smátorfur við einn lækjarbotn. Þar heitir Finnsstaðasel, og eru tættur sýnilegar. Ekki eru aðrar tættur jafn hátt í byggðarfjöllum, svo vitað sé. Þarna hefur hlotið að vera gróið land, er selið var byggt.[483]

5.23 Árland

Árland var stofnað árið 1957 og fékk syðsta þriðjung hins forna Fellsselslands, ca. 430 m breiða spildu frá suðri til norðurs, sem nær frá hágrjótum Kinnarfjalla að Skjálfandafljóti.[484]

5.24 Fellssel

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, árið 1712, að Fellssel, hjáleiga Ystafells, sé byggð fyrir manna minni á selstæði jarðarinnar, afdeilt einasta að túni.[485]

Fyrir aukarétti á Ljósavatni 28. júlí 1813 var haldin rannsókn vegna viðurkenningar Jóns Jónssonar, búandi á hluta úr Fremstafelli, um að hafa afmarkað uppi á „afréttarfjalli“ kind sem tilheyrði Bjarna Jónssyni í Fellsseli. Við yfirheyrslur segist Jón í Fremstafelli hafi rekið ásamt Jóni, syni Halldórs sambýlismanns síns, fáeinar kindur sem tilheyrðu þeim báðum upp á fjall til „afréttargöngu“. Lömbin hafi verið orðin þreytt er komið var upp á fjallið og því hafi Jón Halldórsson gætt þeirra við Gljúfurárbotna meðan hann hafi fylgt eldri kindunum upp á Finnsstaðadal. Að því

[481] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 193.
[482] Skjal nr. 2 (302). Skjal nr. 4 (30) a.
[483] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 196.
[484] Byggðir og bú, bls. 293, 294. Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 192. Skjal nr. 4 (119).
[485] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 123-124.

loknu hafi lömbin verið rekin út í svokallaðar Hálsgrænur. Jón Halldórsson greinir eins frá í yfirheyrslum yfir honum en minnist reyndar ekki á hvert lömbin hafi verið rekin.[486]

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Fellssel sé hjáleiga Ystafells og sé talið 6 hundruð. Lækur ber möl á úthaga.[487]

Fellssel er talið með Ystafelli í jarðamati 1849-1850:

> Ytzafell með Fel<l>sseli 20 hndr. að dýrleika. ... eingi víðlendt, meirpart á þurru, sumt í fjall að sækja, ... Landrými meðallagi en ljelegt til þrifa. ... Hjáleigan hefur ... að öðru er lýsíngin sem á heima jörðinni. ...[488]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Fellssels hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Fellssel eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Landrými nokkurt, en sumt fjarri. Kjarngott í meðallagi. Beitland allgott fyrir allan fénað, en snjóþungt. Fjárgeymsla í meðallagi hæg. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar.[489]

Landamerkjabréf fyrir Fellssel er frá 28. maí 1885. Það var þinglesið sama dag. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að austan ræður Skjálfandafljót merkjum og sú megin kvísl þess, er fellur norðaustur úr Grænhyl.
>
> Að sunnan austan í Kinnarfelli milli Barnafells og Fellssels ræður Umsvalalækur og Umsvalagarður er liggur upp með honum upp að upptökum læksins. Þá taka við vörður upp fellið og yfir það gagnvart garði þeim, sem liggur upp fellið að vestan upp í Merkihól, þaðan ræður garðurinn yfir mýrina ofan í Bollastaða á; þá ræður hún upp á Brún á vesturfjallinu, og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur, og taka þá við vörður uppá grjót.
>
> Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.
>
> Að norðan, austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg, þaðan yfir fellið og niður að Rangá Vestan við Rangá skiftir gamall garður merkjum milli jarðanna syðst á Heyvallarfit; ofan við fitina ráða vörður upp fjallsræturnar beint í krók einn á Heyvallagróf [leiðrétt úr, Heiðvallafit] gróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp skollhóla og vestur á háfjall.[490]

---

[486] Skjal nr. 2 (271) a-b.
[487] Skjal nr. 2 (61).
[488] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[489] Skjal nr. 2 (68).
[490] Skjal nr. 2 (9) a-b.

Jóhannes Jóhannesson, eigandi Fellssels, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðbjörgu Aradóttur eiganda Ystafells, Kristjáni Kristjánssyni eiganda Finnsstaða og Kristjáni Jónssyni eiganda Barnafells. Fyrir aftan þessar undirskriftir vottar B. Sveinsson sýslumaður að Lárus Eysteinsson prestur á Helgastöðum hafi samþykkt landamerkjaskrána með áteiknun þann 8. febrúar 1884. (Væntanlega hefur það verið vegna lands austan Skjálfandafljóts).

Land frá Fellsseli var lagt til tveggja býla, Árlands og Selfells. Skiptist Fellssel þannig í þrjá hluta. Selfell, sem aldrei mun hafa verið endanlega skilið frá Fellsseli, er annar þriðjungur Fellsselslands, eða miðhluti þess.[491]

Um Fellssel segir Jón Sigurðsson:

> Þetta er forn selstaða frá Yztafelli og virðist eftir fornum skjölum að dæma ekki í byggð fyrir 1500. Síðan fylgdi það sem hjáleiga, og var landi ekki skipt fyrr en seint á 19. öld, og hlaut þá Fellssel afmældan syðsta þriðjung alls landsins, frá háfjalli að fljóti.[492]

5.25 Ystafell

Fell/Ystafell er nefnt í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.[493]

Fell er nefnt í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.[494]

Neðstafell er nefnt í jarðaskrá Hólastóls frá árinu 1550.[495]

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 var grasatekja varla teljandi í Ystafelli. Engið spilltist af viðarvexti og smálækjum, sem báru á það leir og grjót. Það væri og mjög slitrótt og erfitt til að sækja hátt í fjallinu. Úthagarnir voru bjarglegir.[496]

Ystafell, sem tilheyrir hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804, er sagt 14 hundruð.[497]

Umfjöllun um Ystafell er að finna í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Ytzafell með Fel<l>sseli 20 hndr. að dýrleika. ... eingi víðlendt, meirpart á þurru, sumt í fjall að sækja, ... Landrými meðallagi en ljelegt til þrifa. ... Hjáleigan hefur ... að öðru er lýsíngin sem á heima jörðinni. ...[498]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ystafells hafi verið þinglesin 1885. Eftirfarandi upplýsingar um Ystafell eru einnig fengnar úr matinu:

---

[491] Byggðir og bú, bls. 293. Skjöl nr. 4 (118) og 4 (119).
[492] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 194
[493] Skjal nr. 2 (200).
[494] Skjal nr. 2 (205).
[495] Skjal nr. 2 (224)
[496] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 123.
[497] Skjal nr. 2 (61).
[498] Skjal nr. 2 (65) a-b.

> Búfjárhagar: Landrými all mikið. Fremur kjarngott. Skjólasamt. Beitland gott fyrir allan búfénað. ... Fjárgeymsla í erfiðara lagi. ... Jörðin á rétt til upprekstrar í afrétt sveitarinnar. Fossar margir í lítilli þverá móti bænum.[499]

Landamerkjabréf fyrir Ystafell er frá 27. maí 1885. Því var þinglýst degi síðar. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að austan ræður Skjálfandafljót eða sú meginkvísl þess, er fellur í norðaustur úr Grænhyl. Að norðan, austan í Kinnarfelli ræður merkjum milli Hóls og Yztafells gamall garður; liggur hann rétt norðan við Spangarsel, og nær neðan frá fljótinu og uppá brún fellsins. Vestan í fellinu ráða vörður merkjunum milli jarða þessara frá fellsbrúninni og niður að Rangá. Gagnvart vörðum þessum skiftir gamall garður löndum í fjallinu milli Guðmundarstaða og Yztafells neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún; þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahóla og uppá svonefnt Vesturfjall. Að sunnan austan í Kinnarfelli, ráða vörður merkjum milli Yztafells og Fellssels; liggja þær upp hlíðina frá fljótinu og upp á brún, rétt norðan við Setberg; þaðan yfir fellið og niður að Rangá. Vestan við Rangá skiftir gamall garður löndum milli jarðanna syðst á Heyvallarfit; ofan við fitina ráða vörður upp fjallsræturnar, beint í krók einn á Heyvallargróf; úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall.
>
> Að vestan ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inná Finnsstaðadal.[500]

Guðbjörg Aradóttir, eigandi og ábúandi Ystafells, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Hans Kristjánssyni eig. og ábúanda ½ Hóls, Kristjáni Kristjánssyni eiganda og ábúanda Finnsstaða , Helgu Jónsdóttur ábúanda á Gvendarstöðum, Sigurði Jónssyni eiganda 1/7 úr Hóli, Jóhannesi Jóhannessyni eiganda Fellssels og Stefáni Jónssyni fyrir hönd Kelduneshrepps sem eiganda 5/14 úr Hóli. Fyrir aftan þessar undirskriftir vottar B. Sveinsson að Lárus Eysteinsson prestur á Helgastöðum hafi samþykkt frumrit landamerkjaskrárinnar með áteiknun þann 8. febrúar 1884. (Væntanlega vegna lands austan Skjálfandafljóts).

Í virðingargerð á hluta Yztafells árið 1889 segir, að landrými sé nægilegt, með því að jörðinni tilheyri tvær grösugar fjallshlíðar beggja vegna í dal þeim, sem hún liggi í. Land þetta sé að miklu leyti viðarland, jarðsælt og þrifið.[501] Áþekk lýsing er í virðingargerð á hálfri jörðinni árið 1894.[502]

Árið 1931 var stofnað nýbýlið Hlíð í landi Ystafells.[503] Fékk það allt land, sem Ystafell átti til forna norðan Gljúfurár og vestan Rangár upp að Botnakíl og nokkra

[499] Skjal nr. 2 (68).
[500] Skjal nr. 2 (50) a-b.
[501] Skjal nr. 8 (8).
[502] Skjal nr. 8 (9).
[503] Skjal nr. 4 (107).

spildu vestur til hágrjóta.[504] Er landamerkjum Hlíðar lýst þannig í yfirlýsingu Ystafellsbænda um kaupin, dagsettri 26. ágúst 1950.

> Að austan ræður Rangá, Að norðan landamerki, sem gilt hafa og samkvæmt landamerkjabréfi milli Yztafells og Gvendarstaða Að sunnan ræður Gljúfurá uppað Botnakíl og frá nefndum Bot<n>akíl eftir vörðum norðan vert við Botn<m>ýri og beint vestur í grjót.[505]

Úttektarmenn voru komnir saman að Ystafelli 7. ágúst 1951 til þess að skipta landi jarðarinnar. Viðstaddir voru einnig eigendur og ábúendur Ystafells bræðurnir Jón og Marteinn Sigurðssynir. Landaskiptin virðast aðallega felast í skiptingu á túni beggja vegna Rangár og skiptingu á landi til ræktunar austan Rangár en þar sem það virðist ekki varða ágreiningssvæði þessa máls verður ekki fjallað frekar um það. Reyndar er fjallað um engjaskipti vestan Rangár en fram kemur að samkomulag bræðranna þar að lútandi skuli haldast óbreytt og var það ekki fært inn á uppdrátt sem fylgdi málsskjölunum. Loks er þess getið að báðir aðilar hafi rétt til upprekstrarleiða upp í Fellið af þjóðveginum sunnan Máríugerðis. Undir lokin segir:

> Annað land jarðarinnar, en það sem uppdrættir á málsskj[ölum] N° 7 og 8 ná yfir, er óskipt sameign í þeim hlutföllum er afsal dags. 6. mai 1926 tilgreinir.[506]

Lagt hefur verið fram brot úr dagbók Ystafellsbónda árið 1915 og kemur þar fram, að þá hefur verið slegið uppi á Kinnarfjalli.[507]

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir í bókinni „Suður-Þingeyjarsýsla“, að land Yztafell sé allt að 10 km. frá austri til vesturs. Vesturmörk séu á hágrjótum, 800 m yfir sjó. Frá 700-600 m hæð hefjist gróðurland, hallandi niður á byggðarbrúnir, með ásum og mýragróðri.[508]

5.26 Gvendarstaðir (Guðmundarstaðir)

Samkvæmt viðauka, sem talinn er frá því um 1300, við máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar, sem eru frá 1318 á Möðruvallakirkja í Eyjafirði hest:

> er þorgils af Gudmundarstodum gaf i Testamentum sitt[509]

Í máldögunum kemur einnig fram að Munkaþverárklaustur eigi Guðmundarstaði í Kinn.[510]

Guðmundarstaðir eru nefndir í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.[511]

---

[504] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 187.
[505] Skjal nr. 8 (7).
[506] Skjal nr. 4 (112).
[507] Skjal nr. 8 (13) b.
[508] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 192.
[509] Skjal nr. 2 (186).
[510] Skjal nr. 2 (187).
[511] Skjal nr. 2 (200).

Á manntalsþingi á Ljósavatni 13. maí 1794 var lesin upp lögfesta séra Scheving fyrir Guðmundarstöðum. Samkvæmt henni fóru landamerkin inn fyrir landamerki Hóls og því lét séra Jón Sigurðsson á Garði lesa lögfestu fyrir Hóli. Inntaks hvorugrar lögfestunnar er getið.[512]

Þann 1. október 1794 var sýslumaður mættur að Hóli í Kinn til þess að gaumgæfa landamerki Hóls og stólsjarðarinnar Gvendarstaða með reglulegri áreið, athugun skjala og yfirheyrslu vitna. Ástæðan var sú að misskilningur var uppi um notkun og eign áðurnefndra jarða.[513] Málinu var frestað en var aftur tekið fyrir að Hóli 12. maí 1795 en þá var komist að svohljóðandi niðurstöðu um landamerkin:

> Landa merkia gardur milli Gvendarst. og Hrappst. sem kjemr ad vestann, og nær litinn Spöl austur fyrer þær venjul. Reid gotur, millum Hols og Fells, á hédann af og so ad vera Landamerki mille Gvendarstada og Hóls, soleidis: ad Gvendarst. Land nái til Austrs eins lángt upp sunnan vid sama Gard og hans Endi Austr frá Reidgötum, enn þadann sje Sjónhending beint til Sudurs I Landa merkja Gardinn mille Fells og Hols. Landid upp frá sokalladar Búngr heiri til Jördunni Holi, þó meiga Hólsmenn ecke meina Gvendarst. Á búendum ad hafa land þad til bejtar ásamt sier umm vetr, fyrir litinn [upphaflega skrifað, betaling en strikað yfir síðustu fjóra stafina, e.t.v. á að lesa úr restinni: be<i>tar] toll, sem sje Eirir á ári hvöriu.[514]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 sagði grasatekju varla teljandi á Gvendarstöðum en úthaga bjarglega. Jörðin var sögð 20 hundruð að dýrleika.[515]

Guðmundarstaðir sem tilheyra hinum aflagða Hólastól samkvæmt jarðamatinu 1804 eru sagðir 20 hundruð.[516]

Minnst er á Gvendarstaði (Guðmundarstaði) í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Gvendarstaðir 20 hndr. að dýrleika. ... Landrými í meðallagi og nokkur útbeit.[517]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Gvendarstaða (Guðmundarstaða) hafi verið þinglesin 1889. Eftirfarandi upplýsingar um Gvendarstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland sæmilega rúmt. Kjarngott fremur. ... Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðin á nægilegt upprekstrarland fyrir sig.[518]

Landamerkjabréf fyrir Guðmundarstaði var útbúið þann 18. maí 1889. Því var þinglýst 24. maí sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

---

[512] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.20).
[513] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.21).
[514] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.22).
[515] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 122.
[516] Skjal nr. 2 (61).
[517] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[518] Skjal nr. 2 (68).

Að austan ráða merkjum, milli Hóls og Guðmundarstaða reiðgötur þær er liggja neðarlega í Kinnarfelli skamt ofanvið Rangá.

Að sunnan skiftir gamall garður landinu í fjallinu milli Yztafells og Guðmundarstaða neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún, þar fyrir vestan ráða merkjavorður upp Guðmundarstaðahól og upp á svonefnt Vesturfjall.

Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls.

Að norðan skiftir landinu lækur sá eða gil er liggur ofan fjallið norðan við Guðmundarstaðatungu, er lækur sá merki lækur milli Guðmundarstaða og Hrappstaða, allt neðan frá Rangá og vestur á Selás ofan við Guðmundarstaða mýrar, suður frá Hrappstaðaöxl; Fra Selás og upp á vestur fjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.[519]

Jónas Jónsson, ábúandi, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Guðbjörgu Árnadóttur eiganda og ábúanda Ystafells, Sigurði Jónssyni eiganda 1/7 úr Hóli, Hans Kristjánssyni ábúanda 6/7 úr Hóli og eiganda hálfrar jarðarinnar og Jóhannesi Friðbjarnarsyni ábúanda Hrappsstaða.

Að sögn Jóns Sigurðssonar eiga Gvendarstaðir mikið land og gott ofar fjallabrúnum. Þar er selstaða forn, og var þar áður mikið heyjað.[520] Lagður hefur verið fram útdráttur úr dagbókum Gvendarstaðabónda frá árunum 1909, 1912 og 1919. Kemur fram, að á þeim árum hefur verið heyjað uppi í fjallinu fyrir ofan bæinn.[521]

5.27 Hrafnsstaðir (Hrappsstaðir)

Hrafnsstaðir í Fúlukinn voru seldir í jarðaskiptum, 20. júlí 1405.[522]

Gottskálk Nikulásson Hólabiskup arfleiddi Hólakirkju að Hrafnsstöðum 30 hundruðum, 6. júní 1520.[523]

Hrafnsstaðir eru taldir meðal jarða, sem Jón Arason seldi 1. september 1552.[524]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er sagt, að dýrleiki Hrafnsstaða sé 20 hundruð., grastekja mjög lítil og varla teljandi og úthagar mjög litlir og spretti lítt til fjallsins fyrir fannlögum.[525]

Lönd jarðanna Hóls og Hrafnsstaða liggja saman og þurftu því að njóta sameiginlegrar beitar að vissu leyti hvor af annarri, sumar jafnt sem vetur, nema hvað ábúandi Hrafnsstaða gat ekki verið án nautabeitar um sumartímann yfir sláttinn. Af þessum sökum og til þess að forðast ágreining var gerður samningur um gagnkvæma beit milli jarðanna að Hálsi 28. september 1745. Jón Þorgrímsson prestur á Hálsi

[519] Skjal nr. 2 (18) a-b.
[520] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 191-192.
[521] Skjal nr. 8 (13).
[522] Skjal nr. 2 (192).
[523] Skjal nr. 2 (216).
[524] Skjal nr. 2 (226).
[525] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 121-122.

samdi, fyrir hönd leiguliða síns á Hrafnsstöðum, við Hallgrím Björnsson hreppstjóra á Hóli um eftirfarandi atriði:

> Ad Presturenn Vegna leiglendings Sÿns, hönum ad Meina lausu, lætur effter firer Sinn Part frÿ beit firer Pening Hools Manns ä öllum þeim Tÿmum, Sem Eingiar eru eÿ vardar; Þar ä mót lofar Abÿlis Madur Hools Velnefndur Monsr. Hallgrÿmur ad Rafnstada äbilis [äbilis, ofan línu] Madur, Meige frÿ firer utann betaling, edur ummkostnad, Nióta beitar og gagns Muna þar til firer Naut Pening Sinn j Hólslande, Einkanlegast, firer landkú, þä sem landz drottenn läte Jördunne filgia So Vel sem firer Hross edur Penings beit, ad öllu þuj leite hönum Sie Meinalaust …[526]

Samningurinn skyldi standa svo lengi sem ofangreindir aðilar ættu nokkuð saman við hvorn annan að sælda.

Björn Tómasson sýslumaður var staddur að Hrappsstöðum 22. júlí 1795 ásamt sex bændum úr sveitinni til að meta þau spjöll sem jörðin hafði orðið fyrir. Indriði Jónsson, eigandi jarðarinnar, hafði óskað eftir því til þess að fá dýrleikann og tíundargjaldið lækkuð í réttu hlutfallið við rýrnun landsgæða. Annar þeirra, sem átti hagsmuna að gæta varðandi tíundargjald, var mættur á staðinn, nefnilega hreppstjórinn en presturinn sendi sýslumanni bréf. Í því sagði hann að honum þætti ekki ósanngjarnt að jörðin yrði lækkuð í mati vegna niðurníðslu túns og engja en þar sem ekki hafi orðið mikill skaði af jarðföllnum skriðum né landbroti samþykkti hann aðeins tímabundna lækkun því að með tíma væri hægt að bæta skaðann. Því næst var riðið á landið og komust menn að eftirfarandi niðurstöðu:

> 1) Selstödu Land vestr á Gaunguskardi i hvörju Fé hefr árlega haft og nitkad verid fyrrum, er sidann einkanl. i þejm almennu Skjemdum, er Lönd og Jarder i þeim seinustu Hardindis árum lidu, ordid med öllu ónit, Grasvegrenn upprættr, og i Stadinn komid Grjót Sandr og Leir ár frá ári, og allteins finst so kalladr Reppstadadalr á sig kominn.
>
> ....[527]

Í kjölfar áreiðarinnar var ákveðið að lækka dýrleika Hrappstaða úr 20 hundruð í 13 hundruð. Fram kemur að við niðursetninguna hafi bæði verið tekið tillit til skaða þess sem jörðin hafi orðið fyrir og dýrleika annarra jarða í sömu sveit.

Á manntalsþingi á Helgastöðum 3. maí 1841 var lesið upp bann Gísla Rafnssonar í Fremstafelli, frá 29. sama mánaðar, við því að byggja nýlendu eða hafa nokkur afnot af eignarjörðu hans Hrappsstöðum eða innan takmarka jarðarinnar. Þessu mótmælti Jakob hreppstjóri.[528]

---

[526] Skjal nr. 2 (57) a-b.
[527] Skjal nr. 2 (267) a-b.
[528] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.55).

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Hrappsstaðir séu sjálfseignarjörð og sögð 13 hundruð. [529]

Fjallað er um Hrappsstaði í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur:

> Hrappstaður 13 hndr. að dýrleika. .... land fremur lítið, og málnyta í lakara lagi, nokkur útbeit. ...[530]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Hrappsstaða (Hrafnsstaða) hafi verið þinglesin 1897. Eftirfarandi upplýsingar um Hrappsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitlandið sumar og vetur í betra lagi, þó eigi víðlent. ... Landið mest nærri. Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðin hefir sérstakt upprekstrarland, nægilegt fyrir sig.[531]

Þann 15. september 1890 var útbúið landamerkjabréf fyrir Hrappsstaði. Því var þinglýst 29. júní 1897:

> Að sunnanverðu í gróf þá er liggur af fjalli ofan í ytri Guðmundarstaða á og svo rétt línis í garð þann sem liggur austur frá Rangá upp í Fell hinum megin við reiðgötur Liggja síðan landamerkin réttlínis vestan vert við miðjan Hálsmel út í garð þann sem liggur úr Hrappstaða vallargarði að utan verðu í Rangá er svo sá ytri Hrappstaða vallargarður landa merki millum Hóls og Hrappstaða, úr hverjum garði liggur garður upp til fjalls. Eiga svo Hrappstaðir land á fjalli beint vestur frá þessum garði í á þá er rennur af gönguskarði til norðurs og allt flata skarðið að norðanverðu, í læk þann sem rennur til austurs fyrir neðan Hálssel, síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu (þar nú á öld liggur almannavegur um) allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði með selstöðu og Hrappstaðadal ofan í gróf þá er aður um getur og er milli [og er milli, tvítekið] Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi.[532]

B. Sveinsson, eigandi Hrappsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Arasyni og Ludvig Knudsen þeir samþykktu fyrir hönd Þóroddsstaðarkirkju, Jónasi Jónssyni hann handsalaði fyrir Gvendarstaði, Kristjáni Jónssyni á Úlfsbæ hann handsalaði fyrir Garðshorn sem átti land móti Hrappsstöðum að norðanverðu ofan við Reiðgötu til fjalls og Hans Kristjánssyni eiganda Hóls.

Hrafnsstaðir eiga hina bröttu vesturhlíð Kinnardals og mikið land ofar brúnum að sögn Jóns Sigurðssonar, sem segir þar áður talið aðalengi jarðarinnar og suðurhlíð

---

[529] Skjal nr. 2 (61).
[530] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[531] Skjal nr. 2 (68).
[532] Skjal nr. 2 (27) a-b.

Gönguskarðs, austanverða, tilheyra Hrafnsstöðum. Þar heiti Hrafnsstaðadalur og Hrafnsstaðasel.[533]

5.28 Háls

Háls er nefndur í jarða- og kúgildaskrá Hólastóls 1449.[534] Hann er einnig nefndur í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.[535]

Eigendur Háls áttu í miklum ágreiningi við Þóroddsstaðarprest og Hólabiskup um land það, sem prestur og biskup töldu vera Torfunes í upphafi 17. aldar. Sjá umfjöllun undir Torfunesi.

Frá árinu 1613 er varðveitt frásögn Guðbrands biskups um þær jarðir sem biskuparnir Jón Arason og Ólafur Hjaltason höfðu látið ganga undan Hólakirkju. Þar segir biskup að eftir að hann hófst handa, eftir konungsboði, við að ná aftur þeim jörðum undir Hóladómkirkju, sem óréttilega hefði gengið undan henni, hafi hann orðið fyrir miklu aðkasti og ámæli. Sérstaklega hafi hann fundið fyrir þessu frá niðjum Jóns biskups eftir að hann tók til að áhræra Háls í Kinn og Á í Kræklingahlíð og nefnir hann bræðurna Jón og Magnús Björnssyni sérstaklega til sögunnar.[536]

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Fram kemur að kirkjan leigi Hálsi selstöðu í Gönguskarði. Meira er fjallað um þetta í köflum um Þóroddsstað og sel.[537]

Sjálfseignarjörðin Háls er sögð 20 hundruð í jarðamatinu 1804.[538]

Finna má umfjöllun um Háls í jarðamatinu 1849-1850. Þar segir:

> Háls 20 hndr. að dýrleika. ... Landið mjög lítið og ljett og vesöl málnyta og eingin útbeit. ....[539]

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Háls og þeim hafi ekki verið lýst. Eftirfarandi upplýsingar um Háls eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland fremur þröngt og skjólalítið. Gripabeit dágóð en sauðfjárbeit fremur léleg og snjóþungt. Landið, fyrir það mesta, nærri. Fjárgeymsla í meðallagi. ... Sérstakt upprekstrarland fylgir jörðinni, nægilegt fyrir hana. Landamerki þess eigi ágreiningslaus.[540]

Þann 28. júní [1897] var útbúin lögfesta fyrir Háls-landareign í Ljósavatnshreppi. Hún var þinglesin með fylgiskjölum 29. júní 1897. Þar segir:

---

[533] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 191.
[534] Skjal nr. 2 (200).
[535] Skjal nr. 2 (205).
[536] Skjal nr. 2 (294). Jón og Magnús voru synir séra Björns Jónssonar biskups Arasonar, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* I, bls. 223-224.
[537] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[538] Skjal nr. 2 (61).
[539] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[540] Skjal nr. 2 (68).

Með bréfi þessu lögfesti eg undirritaður Sigurður Árnason eigandi og ábúandi að jörðinni Hálsi í Ljósavatnshreppi landeign nefndrar jarðar sem er með þessum um merkjum. Að norðan ræður garður sem [strikað yfir, er með] liggur frá Grandakíl (gamla Rangárfarveg) upp til fjalls – þaðan þvert yfir fjall beina línu eptir merkjavörðum til Skolla hnjúks.

Að austan ræður merkjum aður nefndur Grandakíll.

Að sunnan ræður garður sá er liggur upp myri frá Rangá. Þegar garðinn þrýtur ráða vörður merkjum í krók á gróf þeirri er liggur rétt norðan við Garðshornstún, þá þvert upp fjall yfir Hrappsstaðaoxl til Gönguskarðsár, þá ræður Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur.

Að vestan ræður grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.

Þessi landeign áður nefndrar jarðar með ofan töldum ummerkjum banna eg og óheimila öllum að nota, eða nota láta án leyfis eiganda og ábúanda jarðarinnar Háls í Ljósavatnshreppi.[541]

Sigurður Árnason skrifaði undir lögfestuna. Kristján Jónsson á Úlfsbæ, sem síðasti seljandi jarðarinnar, mótmælti lögfestunni hvað landamerki Garðshorns varðaði.

Jón Sigurðsson segir Háls eiga land allt upp á Gönguskarð og fornt selstæði þar. Þó sé fjalllendið heima heldur rýrt og þröngt.[542]

5.29 Torfunes

Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar eru frá 1318. Þar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes.[543] Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394[544] og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).[545]

Gamli (Gamalíel) Ólafsson prestur á Þóroddsstað skrifaði Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og klagaði yfir því að jörðin Torfunes sem nefnd er í máldaga kirkjunnar væri horfin undan henni. Í bréfi biskups frá 2. mars 1601 kemur fram að séra Gamli viti ekki hvernig hann eigi að snúa sér í málinu því að engin skjöl séu fyrir hendi um hvernig landið væri frá kirkjunni komið. Biskup þóttist merkja að séra Sigfús heitinn Guðmundsson hefði týnt jörðinni úr kirkjunnar eign og hefð en þagað yfir því. Hann hafi þó lögfest landið með nafni en ekki viljað klaga eða reyna að endurheimta það með nokkrum hætti síðan Guðbrandur tók við biskupsembætti. Guðbrandur getur þess að síðast, er hann vísiteraði Þóroddsstað, hafi hann riðið um land það sem kirkjunni

[541] Skjal nr. 2 (22) a-b.
[542] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 188.
[543] Skjal nr. 2 (185).
[544] Skjal nr. 2 (191).
[545] Skjal nr. 2 (201).

tilheyrði suður frá sér. Þar hafi hann séð tvö eyðikot með girðingum og landamerkjum. Það fyrsta hafi verið Ófeigsstaðir og suður af því hafi verið annað kot sem hafði verið byggð jörð en Hálsmenn eigni sér nú og kalli Litlaháls. Biskup bendir á að í reikningsbók Gottskálks biskups og Jóns biskups megi sjá að Háls er 20 hundruð að dýrleika og að Jón hafi selt hana frá kirkjunni fyrir 20 hundruð í fríðum peningum.

Biskup bendir á að ljós landamerki séu milli Háls og þessa kots sem nú sé eignað Hálsi og hann telji að sé eign Þóroddsstaðar þótt það hafi nú fengið annað nafn. Einnig að séra Sigfús hafi látið jörðina týnast undan kirkjunni án þess að klaga það eða geta þess að nokkru og að hvorki sjáist né finnist nokkurt annað kot sem byggt hafi verið og kunni að hafa tilheyrt Þóroddsstað. Að öllu þessu samanteknu skipaði hann séra Gamla á Þóroddsstað að stefna einhverjum eignarmanni Háls fyrir lög og ná umræddu landi, sem biskup telur vera Torfunes, aftur undir kirkjuna. Biskup fól jafnframt umboðsmanni sínum séra Þorsteini Illugasyni að vera séra Gamla innan handar í þessu máli.[546]

Því greinir máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Stad I Kinn
>
> ...
>
> So og hefur sÿra Sigfus, laated þad eÿdikot Torfunes, tÿnast vndan kirkiunnj, og vr Reikningi og of miog sied I giegnum fÿngur, med þui maaga folki sÿnu a haalse. So mönnum virdist su eydiJord nu kominn vnder haalz og hef eg skipad, og so er honum bÿfalad, ad klaga þad aptur.[547]

Vegna þessa máls hafa verið teknir ýmsir vitnisburðir um eignir Þóroddsstaðar, sem skráðir eru í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Helgi Þórisson vottaði og prestarnir Þorsteinn Illugason í Múla og Ólafur Tómasson á Hálsi báru honum vitni:

> Svofeldan Vitnisburð ber Eg Helgi ÞórirsSon at Eg bió i Kinn á Geirbiarnar stoðum i 10 ár, þá Sr. Sigfus heitin Guðmundsson hieldt Stað i Kinn og samfeld 13 ár átta Eg Kyrkju Sokn til Staðar, heirða Eg at Sigfus Prestr logfesti Staðin, og Kyrkiunar Eýgn með Jtölum, ÓfeigStaði, Torfunes Tiarnahverfin eystra og vestra á GaunguSkarði, lika lögfesti hann allann Skog i Felli fyrir neðan Reiðgötur, han lögfesti og Skogar Jtölur fyrir neðan Skriðunúp [hér kemur orð innan sviga sem upphaflega hefur verið: í Skriðuhverfe, en breytt í Skriðunúp] i Staðarholti til Eldiviðar, og aðra Skógar Jtölu i mánafelli, heirda Eg sagt, at þá Sr. Sigfus heitin Guðmunds son kom til

[546] Skjal nr. 2 (289). Sigfús Guðmundsson hélt Þóroddsstað 1554-1597 og tók séra Gamalíel Ólafsson við af honum og hélt staðinn 1599-1608, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Guðbrandur Þorláksson var biskup á Hólum 1571-1627, sbr. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* II, bls. 114-115.
[547] Skjal nr. 2 (129) a-b.

Staðar, hefði Magnus Jóns son, sem þá átti Háls, fært Sigfúsa Presti Álftar Egg af Gaunguskarði, og sagt hönum að hann ætti þaug, Sömuleiðis var Eg i Ferð með Sr. Sigfúsa, þá hann reið um þat land frameptir, sem er á milli Háls og OfeigStaða, varð honum talað til um Háls, og sem hann kom nærri þeim garði, sem liggur beint upp og ofan á milli Háls og litla Háls, sem þá var svo kallaður, syndi hann mer garðinn, og mælti þess háttar orðum: vanskoðat er sagði hann, hvört Staður á ekki land utann að þessum garði, en þat varir svo meðan þat er, framar sagði han at Magnús Jónssonn sem þá bió á Hálsi, hefði upp býgt þaug hús, sem þar standa á þeim hól, enn alldrej heirða Eg þess geteð, at Torfunes væri anars staðar, hvorki útfrá, uppfrá, nie suður frá Stað, og til sanninda her um, set Eg mitt Jnsigli fyrir þennan minn vitnisburð, hvör skrifaður var að Höfða i Höfðahverfi þann 26ta dag Martii, árum eftir Guðs burð 1601

…

Anno 1611 um kynning þess Sáluga mans Helga Þórirs sonar hvör eð buandi var á Kyrkjunnar Jörð i Múla, um nokkur samfeld ár, og var hann mér hlyðin og skilsamur og ekki var hann óráðvandur að minni vitund til merkis skrifa Eg her undir mitt nafn með egin hendi Þorsteinn IllugaSon

Það með kénist Eg Olafur Prestr Thómass son, at Helgi Þóris son ólst hér upp i Fnioskadal, til þess hann var fullorðinn maður, og eigi vissa Eg til hans annað, enn það sem erlegt var til orða og verka, og ei hef Eg heirt honum heldur annað borið siðan, og til sannenda her um er þetta min Egin hönd Olafur Thomass son[548]

Ívar Bergþórsson vottaði og Oddur Jónsson og Ólafur Tómasson prestar báru honum vitni:

Það meðkenni Eg Ivar Bergþors Son, með þvi öllum er skyldt Sannleikanum vitni at bera, og Eg er til þessa krafður, að Eg var heimilismaður Sr. Sigfúsa heitins Guðmunds Sonar á Stað i Kinn 4r ár samfleitt, vissi Eg vel og heirði að Sr Sigfús heitin lögfesti optar enn einu sinni Torfunes, og tiarna hverfin bæði í gaunguskarði, alldrej heirða Eg Sr. Sigfúsa heitin þat seigia, at Torfunes væri fyrir handan Rángá, enn þat Nes, sem er fyrir sunnann ÓfeigsStaða Landa merkiagarð, veit Eg fyrir full Sanindi, at firr skrifaður Staðar Prestur Sigfus Guðmunds son hussbondi minn hieldt Torfunes vera, þar, sem kill gengur fyrir sunnan og ofan nesit, enn Rángá rétt að sunnan, og þessum eða þvi likum orðum heirða Eg hann mæla: Núvel! Þat hefur sinn mata hvar Torfunes er, þvi maður kémur eptir mig, og jafnan lögfesti hann áðurskrifat Torfunes með Stað; Sömuleiðis vissa Eg at Þorkell Magnuss Son magur Sr. Sigfusa heitins, hafði til láns af opt nefndum Sigfúsa Presti Selstöðu i tiarnahverfi á gaunguSkarði, þegar han bió á Hálsi i Kinn. allan Skóg fram i felli þessu mégin Fliióts, fyrir neðan reiðgötur, út i gegn og suður

[548] Skjal nr. 2 (178) a-b.

i gegn, eygnaði hann Staðar Kyrkiu, svo og skógar Jtölu i Mánafelli, og aðra Jtölu fyrir neðan Skriðunúp í Staðarholti til Eldiviðar, og til Sanninda hier um, set Eg fyrir neðan minn vitnisburð mitt Jnnsigli, giefin og skrifaður á Sigurðarstoðum i Bárðardal þan 13d<a> dag Juli 16[síðustu tölurnar ólæsilegar]

…

Það meðkenist Eg Oddur prestur Jóns son, að Ivar Bergþórs son hefur verit hér i minni þingá 30 ár, og hef Eg ekkert vitað vm þann mann annað, enn hann hafi verit duglegur og ráðvandur maður i orðum og giörðum! og til Sannenda hier um skrifa Eg mitt nafn hier fyrir neðan þessa mina meðkenníng, hvör eð skrifuð var á Eyardalsá i Barðardal 26ta dag Februarij 1611 Oddur Prestur Jóns son.

…

Það meðkénest Eg Olafur Prestur Thómass son, að Eg var þar viðstaddur í Kyrkiu garðinum á Liósavatni þann 5ta Dag maji at Ivar Bergþors son handsalaði svolátandi vitnisburð, sem á þessu Blaði skrifaður stendur; svo veit Eg ej annað sannara, enn sa Ivar sé ráðvandur dandis mann! og til Sanninda hér um, set Eg mina hönd og nafn fyrir neðan þessa mina meðkenning Ólafur Thomass son[549]

Í bréfi, dagsettu í apríl 1611, til þeirra sýslumannsbræðra í Þingeyjarsýslu, Þorbergs og Sigurðar Hrólfssona, rekur Guðbrandur biskup á eftir því að þeir kveði upp endanlegan dóm í máli Þóroddsstaðarprests og Bjarna á Hálsi og bræðra hans um Torfunes.[550] Guðbrandur biskup greinir frá því í bréfi, frá 14. desember 1611, að Björn Benediktsson sýslumaður á Munkaþverá hafi lagt í sitt vald hálfa eyðijörðina Torfunes sem hann þóttist eiga. Torfunes tilheyri hins vegar Þóroddsstað þótt jörðin hafi týnst undan kirkjunni og því skipar hann jörðina aftur undir kirkjuna og séra Illuga Helgasyni til frjáls forræðis. Biskup greinir frá því að prestur skuli taka að sér umrætt eyðikot í næstu fardögum þrátt fyrir að synir Þorkels neiti að láta hinn helminginn af hendi. Jafnframt hótar biskup að halda máli sínu um að endurheimta Háls undir dómkirkjuna til streitu, láti þeir jarðarhelminginn ekki góðfúslega af hendi.[551]

Svo virðist sem að Hálsmenn hafi ekki látið Torfunes af hendi því að á alþingi 28. júní 1611 spurði Jón Sigurðsson lögmaður Gísla Þórðarson lögmann, Jurin Daniel umboðsmann yfir öllu Íslandi og lögréttu hvort hann hafi gerst brotlegur í embætti sínu. Ástæðan var sú að hann hefði ekki látið dóm ganga í Viðvík síðastliðið vor um mál er Guðbrandur biskup hafði látið stefna Bjarna Þorkelssyni varðandi jörðina Háls

[549] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[550] Skjal nr. 2 (290).
[551] Skjal nr. 2 (291). Illugi Helgason hét Þóroddsstað 1608-1652, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298.

í Kinn. Jurin Danielsson fógeti kom á sáttum milli Guðbrands biskups og Jóns lögmanns og er sáttargerðin dagsett 7. ágúst 1611 á Hólum. Í fjórðu grein hennar kemur m.a. fram að lögmaður lofi að láta dóm ganga um Háls í Kinn þegar það mál komi með réttum hætti fyrir sig hvort sem það yrði með dómi eða stefnu.

Á grundvelli þessa hefur Guðbrandur biskup úrskurðað um Torfunes en í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840-1905 er eftirfarandi:

> Úrskurður og Skipan Herra Guðbrands Biskups af dato þess 13da Decembris 1611
>
> Kunugt giöri eg Guðbrandur Þorláksson Superintendens Hóla Stictis goðum mönum með þessu minu opnu Bréfi, að með þvi Bóndin Biörn Benedicts Son hefur lagt i mitt vald þann helming i eiði Jörðini Torfunesi, sem Staðar Kyrkia hefur leingi mist og þarfnast með órettu, og nefndur Biörn þóktist eyga, þar fyrir skipa eg nefnda Eyði Jörð Torfunes aptur undir Kyrkiuna á Stað i Kin Sr Illuga til friáls Forræðis, so sem aðrar eygnir Staðar kyrkiu, og skal hann að nærstu Fardögum taka að ser þetta Eyðikot, en ef þeir Bræður Synir Þorkels vilia standa fyrir þessari hálfri Jörðu, og láta hana ekki lausa, þá skipa eg þo samt Sr Illuga at taka þat land að ser, en þeir skulu þá búast við þvi, að eg legg ekki niður þá Klögun Sem eg hefi uppbyriað Domkyrkiunar vegna, uppa þan helfming Sem þeim Bræðrum viðkémur i Hálsi, enn vilji þeir liúflega leggja af þetta land, svo sem Bóndin Biorn hefur nu giort, þá hefir eg lofað að lata þá Jorð áklögunarlausa, ella vist ekki! og til Sanninda hierum, þrikki eg minu Innsigli a þetta Bref, skrifað á Holum þann 13da Dag Dec. Anno 1611
>
> Guðbrandur ÞorlaksSon á Holum med E. H.
>
> …
>
> Meðkennumst við Olafur OlafsSon og Magnus SigfússSon, at við voru þar hiá, sáum og heirðum, þá Biarni ÞorkelsSon gaf qvitt og fri i Biskups vald, allt þat tiltal, sem hann Biarni ætti, eða eyga mætti, til þess eyðikots sem kallast Torfunes, enn Hálsmenn kalla Minnaháls, sem leingi hefur ágreiningur um verit svo mikið eða lítið sem hans Parti svarar, þat skyldi nu her eptir vera fri Eygn Staðar Kyrkiu, átölulaus, af sér og sínum Erfingium, fór þessi giorningur fram með Handsolum þeirra a milli á Holum í Hialtadal þann 26ta Junij Anno 1612 og til Staðfestu hier um, skrifum við okkar nöfn hér undir með Egin hendi.
>
> Olafur OlafsSon með Egin hendi Magnus SigfussSon með Egin hendi
>
> …
>
> Það meðkennumst við Olafur Jons son og Snorri Jóns son, með þessu okkar opnu Bréfi, at við vorum í hiá sáum og heirðum, þá Magnus Þorkels son gaf qvitt og frj, og i Biskupsvald, allt þat tiltal, sem Magnus Þorkels son ætti eða eyga mætti til þess eyði Kots, sem kallast Torfunes, enn Hálsmenn kalla Minnaháls, sá[?] sem ágreiningur hefur leingi um verit svo mikið sem hans

parti svarar, þat skyldi nu vera frí Eýgn Staðar Kyrkiu, átölulaus af sér, og sínum Erfingjum, fór þessi giörníngur fram með handsölum þeirra á milli á Grenjaðar Stað i aðalreik<i>adal þann 25a Julij Anno 1612 og til Staðfestu her um skrifum við okkar nofn með egin hendi

Snorri JonsSon með Egin hendi Olafur Jons Son[552]

Minnst er á að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes í umfjöllun um kirkjuna í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.[553] Einnig er minnst á þetta í umfjöllun um Staðarkirkju í vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631[554], eignaskrá Staðarkirkju frá 1686, en í henni líkt og kemur fram í kaflanum um Þóroddsstað er minnst á að Torfunes sé heimaland[555] og vísitasíu Staðarkirkju frá 1687.[556] Eignarhalds Staðarkirkju á Torfunesi er einnig getið í eignaskrá Þóroddsstaðarkirkju frá 1694 og í vísitasíum hennar 1702, 1715, 1748 og 1828.[557]

Í Þóroddsstaðarskjölum er skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð sögð skrifuð 1599 af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skýrslum. Þar segir að Ófeigsstaðir og Torfunes liggi undir kirkjuna. Land þeirra sé skýrlega afmarkað merkigörðum á báðar hliðar og liggi milli:

... Þoroddstadar og Stóra Háls landeigna, nedann frá gamla Rángár Farveg til Fjalls og svo vestur umm Seljadal þverann uppá vestur fiöll, fylger Ofeigstödumm Selstada á Seljadal yfir frá Ófeigstada hnjúk, enn Torfunese fylger Selstada í grænumm vid Gaunguskards minne.[558]

Samhljóða er afskrift séra Skúla Tómassonar í Múla af uppskrift, sem er staðfest 21. mars 1831 af E(iríki) Þorleifssyni, Pétri Jónssyni og Sigurði Benediktssyni hreppstjóra. Afskrift Skúla ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843. Þar kemur fram að Ófeigsstaðir og Torfunes fylgi kirkjunni:

Til Þoroddstada Kjrkju liggia Jardirnar Ofeigstadir og Torfunes, med öllu landi innann Merkigarda, sem þær Jardir hvör fyrir sig hafa skjra á bádar Sjdur, liggur land þejrra milli Þoroddstadar og StóraHáls landEigna, Nedan frá Gamla RángárFarveg til Fjalls, og so vestur um Seliadal þverann, uppá vestur Fjöll ...[559]

Þar segir ennfremur að Torfunesi fylgi selstaða í Grænum við Gönguskarðsmynni.

---

[552] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[553] Skjal nr. 2 (129) a-b.
[554] Skjal nr. 2 (136) a-b.
[555] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[556] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[557] Skjöl nr. 2 (149) a-b, nr. 2 (157) a-b, nr. 2 (159) a-b, nr. 2 (167) a-b og nr. 2 (171) a-b.
[558] Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamla Ólafssyni.
[559] Skjal nr. 2 (90) a-b.

Fram kemur í máldaga Þóroddsstaðar sem séra Illugi Helgason skrifaði árið 1644 að Ófeigsstaðir og Torfuness hafi ljósa landamerkjagarða á báðar síður og því sé óþarfi að þræta um land þeirra. Máldaganum til staðfestu settu þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason nöfn sín.[560]

Afrit Eiríks Þorleifssonar prests úr gamalli máldagabók Norðursýslu á Grenjaðarstað er að finna í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840 – 1905. Fram kemur að Þóroddsstaðarkirkja eigi Torfunes. Meira um þetta í kaflanum um Þóroddsstað.[561]

Til er vitnisburður um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696 þar sem vikið er að mörkum Torfuness:

> … Kÿrkiann ä Stad i Kinn ætte ecke óslited land ä millum Skialfanda fliótz og Rángár, utann frä Ärenda og framm i þann Gard, sem liggur Austann frä fÿrrnefndu fliote og Vestur i gamla Rängär far Veg, Hvad þä var so kallad, Rædur þä Annar Gardur þadann frä Vestur i móte þeim Garde sem liggur i fiallenu Og Skilur lönd ä mille Stóra Häls og Torfuness sem er heimaland Stadar Kÿrkiu, og munu þad Nÿmæle Vjrdast meiga vilie Nockrer þessum Landamerkium Raska Nu ä þessum tïmum …[562]

Nánar er sagt frá vitnisburðinum í kaflanum um Þóroddsstað.

Torfunes er sagt heimaland Þóroddsstaðarkirkju í úttekt hennar 1748.[563]

Í lögfestu séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstað frá 6. júní 1761 eru landamerki heimalandsins og kirkjujarðanna tilfærð sem ein heild. Landamerki Torfuness koma því ekki skýrt fram nema hvað varðar mörkin við Háls en um þau segir:

> ... ad Sunnann frä garde þeim sem liggur Vestur frä Flióte i þad Kÿlfar sem ad fornu Hefur Kallad Vered gamle Rängär Farvegur, Rædur þä sä Farvegur Effter sem hann liggur til Sudurs og Sudvesturs Framm effter Fætenum þar til sä gardur Kiemur i Hann ad ofann frä Ränga, sem liggur rett Vestur i móte þeim landamerkia garde, er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Häls og Torfuness.[564]

Að öðru leyti vísast í fyrrnefnda lögfestu í umfjöllun um Þóroddsstað.

Þegar Þóroddsstaður var afhentur árið 1809 var eftirfarandi skráð:

> Undir þetta Beneficium liggia Hiáleigurnar … Torfunes dto med 1u Kúgilde, og 50 al. Landsk. ...[565]

Torfunes er getið á meðal kirkjujarða Þóroddsstaðar í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar frá 12. maí 1828. Þegar hann lögfestir Seljadal þá getur hann garðs sem

---

[560] Skjal nr. 2 (77).
[561] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[562] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[563] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[564] Skjal nr. 2 (72) a-b.
[565] Skjal nr. 2 (176) a-b.

skilur Háls og Torfunes og liggur til fjalls. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828.[566]

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans eftir 1832 en fyrir 1834. Þar kemur fram að Torfunes sé hjáleiga Þóroddsstaðar. Eiríkur skráði hið sama í kirkjustól Þóroddsstaðarkirkju 1840-1905. Meira er sagt um málin í kaflanum um Þóroddsstað.[567]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 sagði jörðina heimaland Þóroddsstaðar eins og Ófeigsstaði, úrskipt aðeins að túni og engjum.[568]

Torfunes er hjáleiga Þóroddsstaðar og hefur kjarrskóg til eigin nota samkvæmt jarðamatinu 1804.[569]

Torfunes er ekki metið í jarðamatinu 1849-1850. Þar segir um landið:

> Land bæði lítið og ljett; eingin útbeit; vesöl málnyta. ...[570]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Torfuness hafi verið þinglesin 1908. Eftirfarandi upplýsingar um Torfunes eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Beitland þröngt, og skjóllítið. Gripabeit góð, en sauðfjárbeit fremur léleg, og snjóþungt. Landið nærri. Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðinni fylgir sérstakt afréttarland, nægilegt fyrir hana.[571]

Vegna fyrirhugaðrar sölu á kirkjujörðinni Torfunesi var hún virt til söluverðs þann 11. júlí 1908. Þar segir m.a. að bærinn og túnið liggi neðst við rætur Kinnarfjalls örskammt vestan við Rangá. Engjarnar eru að mestu vestan Rangár á alla vegu út frá túninu. Þær eru sæmilega grasgefnar, hálfdeigjur, mólendi og fjallsgeirar. Sumarhagar eru góðir og hentugir. Vetrarríki er sagt vera í meira lagi.[572]

Landamerkjabréf Torfuness var útbúið 1. apríl 1908. Það var þinglesið á manntalsþingi sama ár. Landamerkin eru svohljóðandi:

> Að norðan nálægt miðsvegar milli Ófeigsstaða, hjáleigu frá Þóroddsstað, og Torfuness ræður gamall merkigarður ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá; þá ræður bein lína úr honum, austur yfir Rangá í svonefndan Ófeigsstaðakíl, er svo ræður merkjum eins og hann liggur austur eftir Fætinum að vesturendanum á svonefndum Ófeigsstaðamerkigarði, er skilur lönd á milli Hóls í Kinn og Ófeigsstaða austur við Skjálfandafljót. Frá austurenda garðs þessa liggur kílfar, sem enn er kallað gamli Rangárfarvegur suðvestur [leiðrétt úr, suðaustur] eftir Fætinum og skilur hann lönd að sunnan milli Hóls og Torfuness þar til sá garður kemur í hann að ofan frá Rangá, sem liggur á móti þeim landamerkjagarði, er kemur ofan úr fjallinu, vestan Rangár og skilur

[566] Skjal nr. 2 (75) a-b.
[567] Skjöl nr. 2 (177) og nr. 2 (178).
[568] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 118.
[569] Skjal nr. 2 (61).
[570] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[571] Skjal nr. 2 (68).
[572] Skjal nr. 2 (279).

> land á milli Hals og Torfuness upp á fjallsbrún; þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áðurnefndu merkjagöðum yfir Seljadal þveran upp á brúnir vesturfjalla.[573]

Fram kemur að landamerkin séu gerð eftir fornum skjölum og skilríkjum. Undir bréfið skrifa eftirtaldir menn nöfn sín til samþykkis landamerkjunum: Jón Arason umráðamaður Þóroddsstaðarprestsseturs og hjáleigunnar Ófeigsstaða, Einar Sigurgeirsson ábúandi Torfuness, Baldvin Baldvinsson eigandi og ábúandi Háls, Sigurður Jónsson eigandi 1/7 Hóls og Hans Kristjánsson eigandi og ábúandi 6/7 Hóls.

Virðingargerð Torfuness, sem var samin 11. júlí 1908, var lögð fram í aukarétti á Húsavík 25. janúar 1909.[574] Við sama tækifæri var lagt fram afrit af landamerkjabréfi Torfuness frá 1. apríl 1908.

Ekkert varð af sölu Torfunes í þetta skiptið en önnur virðingargerð var framkvæmd 20. október 1915. Þar kemur m.a. fram að Torfunes hafi nú hrein og uppgerð landamerki. Ennfremur segir:

> Bærinn og túnið liggur neðst við Kinnarfjall. Landeignin er mest í fjallshlíðinni og svo sljettlendið, báðum megin Rangár. Einnig fylgir jörðinni nokkurt land vestur á Seljadal, eptir framhaldi merkjalínanna að norðan og sunnan. Landeignin er fremur lítil en allvel gróin neðan við fjallsbrún. Sumarhagar mega heita góðir, það sem þeir ná til, en vetrarríki er vanalega mikið.[575]

Engjar jarðarinnar eru sagðar breytilegar; mýrlendi, hálfdeigjur, móar og fjallsgeirar. Torfunes var selt Vilhjálmi Friðlaugssyni og er afsalið dagsett 30. maí 1916.[576]

5.30 Ófeigsstaðir

Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eig Ófeigsstaði.[577] Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394[578] og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).[579]

Ófeigsstaðir, í eyði, eru eign Þóroddsstaðarkirkju skv. vísitasíu 1431.[580]

Til er í tveimur afritum skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð frá 1599. Þar segir að Ófeigsstaðir og Torfunes liggi undir kirkjuna. Land þeirra sé skýrlega afmarkað merkigörðum á báðar hliðar og liggi milli Þóroddsstaðar

[573] Skjal nr. 2 (40) a–b.
[574] Skjal nr. 2 (279).
[575] Skjal nr. 2 (281).
[576] Skjal nr. 4 (98).
[577] Skjal nr. 2 (185).
[578] Skjal nr. 2 (191).
[579] Skjal nr. 2 (201).
[580] Skjal nr. 2 (197).

og Stóraháls landeigna neðan frá gamla Rangárfarvegi til fjalls og svo vestur um Seljadal þveran upp á vesturfjöll. Ennfremur segir þar:[581]

> ... fylger Ofeigstödumm Selstada á Seljadal yfir frá Ófeigstada hnjúk, …

Guðbrandur biskup Þorláksson getur þess í bréfi til Þóroddsstaðarprests, 2. mars 1601, að hann hafi síðast er hann vísiteraði Þóroddsstað riðið um land það sem kirkjunni tilheyrði suður frá sér. Þar hafi hann séð tvö eyðikot með girðingum og landamerkjum og hafi annað þeirra nefnt verið Ófeigsstaðir eftir gömlu nafni. Nánar er fjallað um málið í kaflanum um Torfunes.[582]

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Þar kemur fram að kirkjan eigi Ófeigsstaði. Meira er fjallað um þetta í kaflanum um Torfunes.[583]

Í máldaga Þóroddsstaðar, sem bréfaður var af séra Illuga Helgasyni árið 1644 er í lýsingu á staðháttum á Gönguskarði komið inn á landamerki Ófeigsstaða. Þar segir:

> Tiarna Hverfed eistra Og Vestra sem Máldagenn Nefner er Selfór á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæena ligg<i>ande) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard ...[584]

Jafnframt er þess getið að Ófeigsstaðir og Torfunes hafi ljósa landamerkjagarða á báðar síður og því sé engin þörf að þræta um land þeirra. Þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason setja nöfn sín undir máldagann honum til staðfestu.

Minnst er á að Þóroddsstaðarkirkja eigi Ófeigsstaði í umfjöllun um kirkjuna í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616.[585] Einnig er minnst á þetta í umfjöllun um Staðarkirkju í vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631[586], eignaskrá Staðarkirkju frá 1686, en í henni líkt og kemur fram í kaflanum um Þóroddsstað er minnst á að Ófeigsstaðir séu heimaland[587] og vísitasíu Staðarkirkju frá 1687. Eignarhalds Staðarkirkju á Ófeigsstöðum er einnig getið í eignaskrá kirkjunnar frá 1694 og í vísitasíum hennar frá 1702, 1715, 1748 og 1828.[588]

---

[581] Skjöl nr. 2 (76) a-b og nr. 2 (90) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamla Ólafssyni.
[582] Skjal nr. 2 (289).
[583] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[584] Skjal nr. 2 (77).
[585] Skjal nr. 2 (129) a-b.
[586] Skjal nr. 2 (136) a-b.
[587] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[588] Skjöl nr. 2 (149) a-b, 2 (157) a-b, 2 (159) a-b, 2 (167) a-b og 2 (171) a-b.

Ófeigsstaðir eru sagðir heimaland Þóroddsstaðarkirkju í úttekt á henni frá 1748.[589]

Í lögfestu séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstað frá 6. júní 1761 eru landamerki heimalandsins og kirkjujarðanna tilfærð sem ein heild. Landamerki Ófeigsstaða koma því ekki skýrlega fram en annars vísast á umrædda lögfestu.[590]

Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 var eftirfarandi skráð:

> Undir þetta Beneficium liggia Hiáleigurnar Ofeigstadir med 1u Kúgilde og 80u ál. Landskuld …[591]

Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar frá 12. maí 1828 eru Ófeigsstaðir taldir meðal kirkjujarða Þóroddsstaðar. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828.[592]

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 voru Ófeigsstaðir heimaland Þóroddsstaðar, aðeins úrskipt túni og engjum, en úthögum ekki.[593]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Ófeigsstaðir ein hjáleigna Þóroddsstaðar. Einnig kemur þar fram að jörðin hafi kjarrskóg til eigin nota.[594]

Ófeigsstaðir voru ekki metnir samkvæmt jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur einnig:

> ... land lítið og ljett; málnyta í meðallagi. ...[595]

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Ófeigsstaði en þau hafi verið ákveðin með landaskiptagerð 21/5 1915. Eftirfarandi upplýsingar um Ófeigsstaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Sumarbeit d-ágóð fyrir allan búpening. Landþröngt, skjólalítið og snjóþungt. ... Fjárgeymsla í meðallagi. ... Jörðinni fylgir upprekstrarland nægilegt fyrir hana.[596]

Virðingargerð var framkvæmd þann 20. október 1915 á kirkjujörðinni Ófeigsstöðum. Þar kemur m.a. fram að Ófeigsstaðir hafi nú hrein landamerki gagnvart Torfunesi að sunnan og Þóroddsstað að norðan en landaskipti gagnvart Þóroddsstað fóru fram 20. maí 1915. Við umrædd landaskipti bættist 80 faðma breið landræma við Ófeigsstaði frá Þóroddsstað eftir þeim notkunarmerkjum sem gilt höfðu síðustu árin. Í virðingargerðinni segir ennfremur:

> Bærinn og túnið er neðst við rætur Kinnarfjalls og liggur landeignin mest frá austri til vesturs: frá Skjálfandafljóti og allt á fjallið upp. Á Seljadal, vestur, er

[589] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[590] Skjal nr. 2 (72) a-b.
[591] Skjal nr. 2 (176) a-b.
[592] Skjal nr. 2 (75) a-b.
[593] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 117.
[594] Skjal nr. 2 (61).
[595] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[596] Skjal nr. 2 (68).

og landeign 1/3 á móts við Þóroddsstað. Landeignin er fremur lítil en allvel gróin.[597]

Sumarhagar eru taldir fremur góðir en vetrarríki er að sögn vanalega mikið. Ófeigsstaðir voru seldir Baldvin Baldvinssyni og er afsalið dagsett 30. maí 1916.

Landamerkjabréf fyrir Ófeigsstaði var útbúið í maí 1919. Það var þinglesið þá um vorið. Í því stendur eftirfarandi:

> Að sunnan frá Skjálfandafljóti ræður Merkjagarður milli Hóls og Ófeigsstaða vestur í Ófeigsstaðakíl, ræður hann svo norð vestur Fótinn uns komið er gegnt Torfunessmerkjum. Greina þar löndin merkjavörður vestur til Rangár í garð vestan árinnar, er síðan ræður merkjum á fjallsbrún. Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal þveran upp á há brúnir Vesturfjalla. Á Seljadal vestan ár eiga Ófeigsstaðir 1/3 lands milli merkja Torfuness og Syðri Leikskálaá og er sú spilda syðst afmörkuð vörðum.
>
> Að austan ræður Skjálfandafljót, syðst meginfljótið en síðan austurkvísl, austan við Staðarbakka.
>
> Að norðan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka og þaðan eftir Vírgirðingu yfir Fótinn í vorðu við brekkurrætur Þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá.[598]

Baldvin Baldvinsson, eigandi Ófeigsstaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Friðgeiri Kristjánssyni ábúanda Þóroddsstaðar, Vilhjálmi Friðlaugssyni eiganda Torfuness, Hans Kristjánssyni eiganda Hóls og Sig(urði) Sigurðssyni umráðamanni Þóroddsstaðar.

Ófeigsstaðir voru afsalaðir ábúanda 30. maí 1916.[599]

Nýbýlið Rangá var stofnað á þriðjungi Ófeigsstaða árið 1946. Síðar fékk Rangá helming lands gömlu Ófeigsstaða, norðurhluta landsins.[600]

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir Ófeigsstaði hafa hlotið mikið land og orðið vænsta jörð við landskipti frá Þóroddsstað og eiga land þvert vestur frá fljóti til háfjalla vestan Seljadals. Þar á dalnum heiti Ófeigsstaðasel.[601]

5.31 Þóroddsstaður

Í máldögum Auðunar rauða frá 1318 kemur fram að til Þóroddsstaðarkirkju liggi allt heimaland[602]

---

[597] Skjal nr. 2 (280).
[598] Skjal nr. 2 (37).
[599] Skjal nr. 4 (86).
[600] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 174, 175. Skjal nr. 4 (87).
[601] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 187.
[602] Skjal nr. 2 (185).

Þetta er ítrekað í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394[603] og Ólafs Rögnvaldssonar sem teknir voru saman árið 1461 og á næstu áratugum (1461-1510).[604]

Í þessum áðurnefndu máldögum kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra. Heimildir um Tjarnahverfi hafa verið dregnar saman í sérstakan undirkafla hér á eftir.

Skúli Tómasson skrifaði upp skýrslu um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599. Þrír menn votta að uppskriftin sé rétt skrifuð eftir fornaldarskjölum að Finnsstöðum 21. mars 1831 en uppskriftin ber með sér að hafa verið send biskupi 10. febrúar 1843. Í skýrslunni segir varðandi eignir og landamerki Þóroddsstaðar að kirkjan eigi:

> ... allt Hejmaland, ad þessum [yfirstrikað: Ummerkjum] takmörkum: Midur Stóri Vothamar er landaskylrúm ad Nordann, enn Ofeigstada merkigardur ad Sunnann, frá Skiálfanda Fljóti, og Vestur um Seliadal þverann, til hædstu Brúnar vesturfjalla. ... Þorroddstadar Hejmalande fylgir ogso fra Alda Ödli allur midhluti Náttfara vykna, med öllum landslejgugögnum og Gjædum, til Fialls og Fjöru, milli Svinár og Ofeigshellirs. Til Þoroddstada Kjrkju liggia Jardirnar Ofeigstadir og Torfunes, med öllu landi innann Merkigarda, sem þær Jardir hvör fyrir sig hafa skjra á bádar Sjdur, liggur land þejrra milli Þoroddstadar og StóraHáls landEigna, Nedan frá Gamla RángárFarveg til Fjalls, og so vestur um Seliadal þverann, uppá vestur Fjöll; fylgir Ofeigstödum Selstada á Seliadal, yfir frá Ofeigstada Hnjúk; Enn Torfunesi fylgir Selstada i grænum, vid Gaunguskards Mynni. Her ad auk á Kirkiann á Þóroddstad Gaunguskard allt ad austan, og Selstödu þar; [síðan kemur lýsingin á mörkum Tjarnahverfa, sjá kaflann um þau]...[605]

Sambærileg afskrift er til frá séra Eiríki Þorleifssyni, með sömu vottum og skýrslan sögð skrifuð 1599 af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skjölum.[606]

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Stad I Kinn
>
> Hun a allt heima land, og þar til Ofeigs stadi, torfunes, og tiarna huerfi hid eÿstra og vestra, haalfs hundradz skögur I Manaf: Reki I vÿk vt, þridiungur af tolftungi allz huals, Sÿdan skal þridiungr allz huals til þessarar kirkiu, öll trie skiemri enn 20 feta tueir hlutir hinz stærra vidar, vt fra ofeigs helli, til miosyndis, haalfur aattungr hualreka og vidar, og I flutningum, millum ösa, haalfur flutningur huals og vidar, huort sem er fluttur eda rekinn, vestur fraa Biarnar aa til Sennungar vÿkur, haalfur aattungur hualz og vidar, huort sem er

[603] Skjal nr. 2 (191).
[604] Skjal nr. 2 (201).
[605] Skjal nr. 2 (90) a-b. Gamalíel Ólafsson hélt Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298.
[606] Skjal nr. 2 (76) a-b. Sbr. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamla Ólafssyni.

fluttur eda Rekinn, torf skurdur I Bergstada landj 4 tolf fedmingar, vidum I Stadarhollt Anno christi 1471. ...[607]

Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685 - 1687 segir svo:

Anno 1686 þann 26 februarij Manadar Skodud og Vppskrifud kyrkian ad Stad I Kinn med Synum ornamentis, eignum kuikum og daudum og ehr So a Sig komed sem hier Stendur Sierhuort. ... Þesse heima lond Nu bigd a Stadurenn, torfu Nes og Ofeigstader, gialdast syner 10 aurar af huoriu. [sleppt er rekaupptalningu, sem kemur í Náttfaravíknakafla], torfskurd I bergstada Lande 4 12 fedmyngar. Vidan I Stadar hollte, Tiarna huorfe Eystra og Vestra halfs hundradz, Skögur I Manafelle. ...[608]

Í vísitasíu Jóns biskups Vigfússonar á Stað í Kinn 11. ágúst 1687 segir:

Enn Maldaga Book Su Sem fir [Strikað yfir, af] er anefnd I þessare visitatiu og herra Thorlakur er fyrerskrifadur helldur ad til þessarar kyrkiu Liggie heimaland, ofeigstader Torfunes Tiarnahuerfe Eistra og Vestra, hals hundradz Skogur I manafelli, [sleppt er rekaupptalningu, sem kemur í Náttfaravíknakafla], Torfskurdur I Bergstada Landj, 4 tolf fedmingar, Vidan i Stadarhollt, Skógur j fellj fyrer nedann Götur. ... Hier ad auke frammlagde nu presturenn Sr Jón Þorgrijms Son, dóm Sal. Herra Gudbrands med 3 hangandj Insiglum Vidvijkiandi Gagnsmunum af NáttfaraVijkum. ...[609]

Samkvæmt eignaskrá Staðar í Kinn frá 1694 á kirkjan:

... allt heimaland, og þar til Ófeigs Stade og Torfunes, og Tiarnahuerfi hid Eystra og Vestra ...[610]

Hið sama kemur fram í vísitasíum Staðarkirkju frá árunum 1702, 1715, 1748 og 1828.[611]

Þóroddsstaður var vísiteraður af prófasti 7. október 1705. Í vísitasíunni stendur:

5° Effterspurde Prófasturenn vmm Kirkiunnar Stól, og framm lagde Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson 1) Dóm Her. Gudbrands vmm Náttfaravýkur Med þremur innsiglumm. 2) Vitnesburd Gunnsteinns Stullasonar vmm lódarfiska J Náttfaravýkumm med tueymur Jnnsiglum 3) Vitnesburd Olafs prests Thomassonar med einu innsigle 4) Vitnesburd Einars Runólfs Sonar med einu Jnnsigle, alla Viduýkiannde Náttfaravýkumm, A pergamennt 5° Kirkiunnar Máldaga A pergamennt Rotenn med einu Jnnsigle 6) Copiu Af Máldagabók Thorláks Biskups Vnnderskrifada, Vmm landeýgn kirkiunnar, Reka og Skóg. 7) VppSkrift Kirkiunnar og Stadarenns, giorda af Sal. Prófastenumm Sr. Skula Thorlákssine Anno 1677 11 Julij. 8)

[607] Skjal nr. 2 (129) a-b.
[608] Skjal nr. 2 (140) a-b.
[609] Skjal nr. 2 (147) a-b.
[610] Skjal nr. 2 (149) a-b.
[611] Skjöl nr. 2 (157) a-b, 2 (159) a-b, 2 (167) a-b og 2 (171) a-b.

> frammvýsade Heidurlegur Sr. Jón Thorgrýmsson vppskrifud bref og Skilrýke Stadarkirkiu af Sr. Jlluga Helgasine, enn Vnnderskriffud af tueýmur Mönnumm. Sturla Arnasine, og halldore Torfasine, og tiáer Sig ecke kunna ad giöra Meýre Skil A Kirkiustólnumm.[612]

Úttekt var gerð á Þóroddsstað þann 23. júlí 1748. Í henni kom eftirfarandi fram varðandi skjöl:

> Epter spurde Uttektarmadurenn hvert Kyrkiunne og Beneficio filgde nockur Skiöl og Document, og frammvísade Æru Verdigur Sr. Sæmundur Jonsson 5 Kalfskins Bref, eitt þeirra daterad 1580 med þremur Jnnsiglum ad mestu heilum, en 4um afbrotnum, sem er álit Hr. Gudbrands B(isku)ps um Eigner þessa Beneficii i Víkum ut, annad er Vitnisburdur um Máldaga utskrifft StadarKyrkiu af Hóla DómKyrkiu-Bockum under tveggia Manna Jnnsiglum, annad þeirra heillt hitt i burtu, daterad 1599. Þridia er Vitnisburdur Einars Runolfssonar med heilu Jnnsigle 1567 um lodarfiska tekiur Stadar Presta í Nattfara Víkum - fiórda Vitnisburdur Gunnsteins Stullasonar og Þorgríms Þolleifssonar med 2ur heilum Jnnsiglum um Sama efne, dat. 1601. fimta er Vitnisburdur Olafs Prests Thomassonar um hid sama med heilu Jnnsigle 1604. Eirnenn frammvísadest hier á pappir umþeinking Hr. Gudbrandz um Stadar eigner i Víkum dat. 1613. med hans Eigenn underskrifft. [Síðan eru taldar visitazíur og úttekt]. Auk þessa framm koma hier Vitnesburder ymsra Manna um Máldaga og eigner Stadar Kyrkiu med gamallre hönd á Pappír í qvartforme a 12 blödum. ...[613]

Afrit af vitnisburðum frá því í byrjun 17. aldar, um eignir Þóroddsstaðar, eru skráð í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905. Hefur það væntanlega verið gert vegna deilna um Torfunes (sjá þar). Þarna er vikið að Gönguskarði og Tjarnahverfum og selstöðu.

Helgi Þórisson vottaði og prestarnir Þorsteinn Illugason í Múla og Ólafur Tómasson á Hálsi báru honum vitni:

> Svofeldan Vitnisburð ber Eg Helgi ÞórirsSon at Eg bió i Kinn á Geirbiarnar stoðum i 10 ár, þá Sr. Sigfus heitin Guðmundsson hieldt Stað i Kinn og samfeld 13 ár átta Eg Kyrkju Sokn til Staðar, heirða Eg at Sigfus Prestr logfesti Staðin, og Kyrkiunar Eýgn með Jtölum, ÓfeigStaði, Torfunes Tiarnahverfin eystra og vestra á GaunguSkarði, … heirda Eg sagt, at þá Sr. Sigfus heitin Guðmunds son kom til Staðar, hefði Magnus Jóns son, sem þá átti Háls, fært Sigfúsa Presti Álftar Egg af Gaunguskarði, og sagt hönum að hann ætti þaug, [hér er fellt úr það sem lýtur að Torfunesi og Hálsi] og til sanninda her um, set Eg mitt Jnsigli fyrir þennan minn vitnisburð, hvör

[612] Skjal nr. 2 (237) a-b.
[613] Skjal nr. 2 (245) a-b.

skrifaður var að Höfða i Höfðahverfi þann 26ta dag Martii, árum eftir Guðs burð 1601[614]

Um vitnisburði Helga, sjá Torfunes.

Ívar Bergþórsson vottaði og Oddur Jónsson og Ólafur Tómasson prestar báru honum vitni:

Það meðkenni Eg Ivar Bergþors Son, með þvi öllum er skyldt Sannleikanum vitni at bera, og Eg er til þessa krafður, að Eg var heimilismaður Sr. Sigfúsa heitins Guðmunds Sonar á Stað i Kinn 4r ár samfleitt, … Sömuleiðis vissa Eg at Þorkell Magnuss Son magur Sr. Sigfusa heitins, hafði til láns af opt nefndum Sigfúsa Presti Selstöðu i tiarnahverfi á gaunguSkarði, þegar han bió á Hálsi i Kinn. … og til Sanninda hier um, set Eg fyrir neðan minn vitnisburð mitt Jnnsigli, giefin og skrifaður á Sigurðarstoðum i Bárðardal þan 13d<a> dag Juli 16[síðustu tölurnar ólæsilegar].[615]

Þorbjörg Jónsdóttir gaf vitnisburð um selstöðu á Gönguskarði:

Svofeldan vitnisburð ber Eg Þorbiorg Jónsdóttir, að Eg átti heima á Hálsi i Kinn hiá Þorkeli Magnuss syni og Eg var Selraðskona hans á gaunguskarði, og eigi vissi Eg annad né heirði en að nefndur Þorkell hefði þá Selfor til láns af Siera Sigfúsa á Stað, o[g] þá Ingibiorg dótt<ir> Sr. Sigfusa kona Þorkels andaðist, var [Eg] á Hálsi, og kom Eg út til Staðar með Þorkieli hússbónda min[um] á Sunudagin i Fardögum, og heirða Eg Sigfusa Prest tala við Þorkel Magnuss son, at hann hefði nú i 15 ar lieð honum Þorkeli þá Selför á gaunguskarði, með nokkrum fleiri orðum, sem Eg ekki vil setia i þennan vitnisburð, og það sagðist Sr. Sigfús giört hafa hennar vegna, sem þa var i mold komin. her eptir má Eg svérja ef þurfa þikir!

…

Þat meðkennum við undirskrifaðir, að við heirðum Þorbiörgu jonsdóttir bera svo látandi vitnis burð, sem hér fyrir ofan skrifaður stendur og til Sannenda herum eru okkar nöfn her undir sett arit 1611 Hallur Þórarins Son og Jon BiörnsSo*n*[616]

Máldagi Þóroddsstaðar var bréfaður af séra Illuga Helgasyni árið 1644. Þar er fjallað um Tjarnahverfi, sjá undirkaflann um Tjarnahverfi. Segir Illugi það fasteign Staðarkirkju sem hann viti um:

Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard; þvi Kotenn bæde Ofeigstader og Torfunes hafa liósa landa Merkia garda á bádar Sydur, so ad eingenn þórf er ad þræta umm þeirra land. ....[617]

[614] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[615] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[616] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[617] Skjal nr. 2 (77).

Þeir Sturli Árnason og Halldór Torfason settu nöfn sín undir máldagann og vottuðu með því að séra Illugi hafi farið satt og rétt með.

Til er svohljóðandi vitnisburður um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696:

> Þad er gódum mönnum kunnugt og vitannlegt ad vid under skrifader menn vorum börn fædder ä Stad i Kinn og þar uppalder til full tiida manns alldurs Ära svo og framm veiges þar Heimeles faster Jnn til þess ad Vid Vorum komner ä fertugs Alldur og Hejrdum Vid Alldrej Ägreining eda efa seme af Nockrum manne ad Kÿrkiann ä Stad i Kinn ætte ecke óslited land ä millum Skialfanda fliótz og Rángár, utann frä Ärenda og framm i þann Gard, sem liggur Austann frä fÿrrnefndu fliote og Vestur i gamla Rängär far Veg, Hvad þä var so kallad, Rædur þä Annar Gardur þadann frä Vestur i móte þeim Garde sem liggur i fiallenu Og Skilur lönd ä mille Stóra Häls og Torfuness sem er heimaland Stadar Kÿrkiu, og munu þad Nÿmæle Vjrdast meiga vilie Nockrer þessum Landamerkium Raska Nu ä þessum tïmum, og þessum Vitness burdar ordum til frekare stad feste Skrifum Vid ockar Nöfn ä þetta Vitness burdar blad ad Itrafialle i Adalreikiadal Hvert ut var giefed þann 7 dag Junji þess ärs 1696.
>
> Helge Jllugason m E H. Jon Illugason m E H.[618]

Lögfesta séra Jóns Þorleifssonar í Múla fyrir Syðri-Leikskálaá frá 21. apríl 1749 tilfærir eftirfarandi mörk milli hennar og Þóroddsstaðar:

> J þridiu grein ä Leikskäla AA Sydre, land uppä Seliadal, allt frä Leikskäla är gile, framm i Sandskard J þann læk sem rennur utann undir Diupa dal, þar sem kalladur er Längemelur, rædur so lækur sä úr Sandskarde og ofann i ä, og þvert vestur i Sperdlagil.[619]

Sæmundur Jónsson prestur á Þóroddsstað lögfesti land kirkju sinnar 6. júní 1761 til eftirfarandi takmarka:

> Lög feste eg allt Heimaland þessarar Þoroddstadar Kÿrkiu, Ófeig stade, Torfunes, Stadarfót, og Stadarbacka med þessum landamerkium ad Sunnann frä garde þeim sem liggur Vestur frä Flióte i þad Kÿlfar sem ad fornu Hefur Kallad Vered gamle Rängär Farvegur, Rædur þä sä Farvegur Effter sem hann liggur til Sudurs og Sudvesturs Framm effter Fætenum þar til sä gardur Kiemur i Hann ad ofann frä Ränga, sem liggur rett Vestur i móte þeim landamerkia garde, er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Häls og Torfuness.
>
> …
>
> Enn ad utann verdu eru Landamerke /: So kallader / Vothamrar, giegnt ur þeim ä bädar sÿdur til Vesturs allt uppä Seliadal, Enn til Austurs ofann i Fliót;

[618] Skjal nr. 2 (174) a-b.
[619] Skjal nr. 2 (86) a-b.

Sömuleidess lög feste eg Seliadal og Gaunguskard allt Jnn ad Þreingslum – Nema þau Jtök sem adrer menn med Rettu ä þvj eiga; ...[620]

Lögfestan var lesin á manntalsþingi að Ljósavatni 8. júní 1761 og aftur á sama stað 8. maí 1762, 13. maí 1763, 5. júní 1764 og 17. maí 1765.

Lesin var upp lögfesta séra Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio á manntalsþingi á Ljósavatni 3. maí 1785.[621] Væntanlega hefur það verið sú sama og 1761.

Í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905 eru skráðir vitnisburðir um landamerki Þóroddsstaðar og Geirbjarnarstaða frá árunum 1770 og 1794.

Í vitnisburðinum frá 1770 segir:

Vitanlegt giörist hér með, at fýrir tveimur árum nærstliðnum, var Eg tyu?? ár á Geirbiarnar Stoðum búandi voru um sagðan tima minnar þar veru landamerki kölluð og haldin á millum Þóroddstaðar og Geirbiarnarstaða svokallaðir vot hamrar, þeir sem neðst standa i Fiallinu, og siáanlega alltið á Sumardag votir eru, gekk Fé mitt yduglega suður fyrir þessi landamerki, svo og slæddust á stundum Kindur að framan frá Þoroddstað ut fýrir (þessi merki) þaug hvað allt af gékk, frá upp hafi til enda á báðar siður, milli min og Prestsins Sr. Sæmundar án alls ágreinígs méð mestu Friðsemj! Þessu til Staðfestu er mitt undir skrifað nafn að Finnstöðum þan 21 Júli 1770. Wigfus PetursSon[622]

Vitnisburðurinn 1794 miðar við miðja Vothamra:

Hér með vitna Eg undir skrifaður, þat Jeg af Forverium minum heirt hefi, og siálfur um 12 ára tima tilvissi, haldit var um landamerki milli Þoroddsstaðar og Geirbiarnarstaða, í miðia vothamra, rettlinis til efstu Fiallsbrunar og Flióts að svo kölluðum landkyls enda, og þetta án als ágreinings blífanlegt til Staðfestu mitt undirskrifað nafn á Tiörn í Aðalreikiadal dag 6ta Septembris 1794 Thorkell Vigfúss Son

N. b. Minn Sæli afi for að Geirbiarnarstoðum eptir Wigfus og var þar þaug 2 ár sem hans firr nefndur vitnisburður umgetur liðin frá þvi hann þaðan for að Finstoðum, enn eptir minn sæla afa fór Andres þángað, og vildi endilega eyga svo lángt sem minn sálugi afi hafði slegit, sem Beneficiatus Staðar uppá hans land, þaug 2 ár sem hann bió á Geirbiarnarstoðum og eptir hönum hefur liklega mágur hans Sören upptekið at kalla þrætupart þat landstikki sem er á milli vothamra og Stóruskriðu

allt her nu infært að framan, er orðrétt útskrifat sumpart af einstökum Fidimeruðum afskriftum enn meiri part af Fidimeruðu Skiala Safni, frá 1644

[620] Skjal nr. 2 (72) a-b.
[621] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.14).
[622] Skjal nr. 2 (178) a-b.

> með 2gia Manna viðrs<i>on?? auk afskrifara, og samanburði við original Skiölin, vitnar Eg E ThorleifSon pt. Prestur til ÞóroddStaðar og Liósavatns.[623]

Lögfesta fyrir Þóroddsstaðarbeneficio var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 24. maí 1804. Inntaks er ekki getið en fram kemur að lögfestan hafi verið óáfrýjuð.[624] Nákvæmlega það sama átti sér stað á sama stað 11. maí 1810.[625] Lesin var upp lögfesta séra Einars Hjaltasonar fyrir Þóroddsstaðarbeneficio á manntalsþingi á Ljósavatni 29. maí 1811 og aftur á sama stað 5. maí 1812. Inntaks hvorugrar lögfestunnar kemur fram.[626] Aftur var lesin upp lögfesta fyrir Þóroddsstað á manntalsþingi á Ljósavatni 12. maí 1813.[627] Lögfesta séra Einars Hjaltasonar fyrir Þóroddsstaðar beneficio var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 28. maí 1822.[628]

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað lögfesti eignir og ítök kirkju sinnar 12. maí 1828. Í lögfestunni segir:

> Lögfeste eg Allt Þóroddsstadar Kyrkiu Heimaland og Ófeigsstade og Torfunes, stadarfót og stadarbacka, sem nú er Eija í Fliótinu; fyrer Vestann hann Lögfestist allt fliót Med allre Veide, enn til [til, ofan línu] austurs Hálfqvísl og allt fliót hállft ad Sunnan og Nordann, fyrer Kyrkiu Jardanna og stadarens heima Lande, til Jafns Vid þá Menn [þá Menn, tvítekið] sem Lönd Eiga ad Austann ...[629]

Síðan segir:

> Sömuleidis lögfeste eg Gaungu Skard allt, Inn í Midþreingsli, og þadann frá ad samföstu ítölulausu Lande, Lögfestist Seliadalur Allur til Nordurs, þar til komid er geingt Midpúnte Ytstu Vothamra, þá beinleidis um þvert allt austur í Fliót, Enn ad sunnann Rædur gardur frá flióte, svo gamall árfarvegur, Uns í Hann kiemur annar gardur sem loks liggur til fialls og skilur lönd milli stóra Háls og Torfuness, og Rædur sá stefnu til brúnar, og svo þvert Vestur á Dal.[630]

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1828. Þá mótmælti Jakob Pétursson hreppstjóri Helgastaðahrepps lögfestunni því að hann taldi að hún gengi upp á Kotamýraland, suður fyrir garð þann sem liggur fyrir utan Náttfaralæk.[631]

Lögfesta séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls var lesin upp á manntalsþingi á Helgastöðum 4. júní 1832. Inntak lögfestunnar kemur ekki fram en henni var mótmælt af staðarhöldurum

---

[623] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[624] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.27).
[625] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.30).
[626] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.33. og A.6.36).
[627] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.38).
[628] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.44).
[629] Skjal nr. 2 (75) a-b.
[630] Skjal nr. 2 (75) a-b.
[631] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.46).

Grenjaðarstaðar og Helgastaða ásamt Jakobi Pétursyni hreppstjóra vegna Kotamýrar fátækraeignar.[632]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 13. júní 1832 var lögfestu séra Eiríks að nokkru leyti mótmælt af Jóni Jónssyni fyrir hönd Draflastaðakirkju.[633] Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað mótmælti lögfestu séra Skúla Tómassonar í Múla fyrir Syðri-Leifsskálaá sem lesin var upp á manntalsþingi 30. maí 1837. Inntaks hennar er ekki getið en hann mótmælti því að hún tileinkaði Leifskálaá landið milli Sandskarðsgrófar og garðs þess sem sé fyrir framan Leifskálaársel.[634]

Eiríkur Þorleifsson prestur á Þóroddsstað skrifar Steingrími Jónssyni biskupi 11. september 1828 og aftur 2. febrúar 1829 og sendi honum m.a. afrit af skjölum er vörðuðu eignarheimildir kirkjunnar og athugasemdir hans við sum þeirra.[635] Virðist málið fyrst og fremst snúast um Náttfaravíkur og verða útdrættir úr bréfum Eiríks og svari biskups teknir upp þar.

Eiríkur Þorleifsson skráði minnisgrein um Þóroddsstað og eignir hans einhvern tíma á árabilinu 1832-1834. Þar stendur:

> Þareð miög margt af áriðandi Fornalda Sk<i>ölum þessarar Kyrkiu er sumpart giörsamlega tapað, enn sumt, það nefnilega af þvi ennþá til verandi, sem ei hefr verið innfært hér að framann liggur við töpun, þess vegna in færist hér i hugleiðing af Prófasts Skipan hér að framan dateraðri að Laufasi þann 15da Des 1749 eptir fýlgiandi Máldaga Skrá er og ásamt öðru innfærast þarf varúðar vegna í þann orskamt [þetta orð er torlæst] upp rettanlega nía KyrkiuStól af þeim sem auðnast að upp byria hann, hvört það væri Eg, eður annar maður
>
> Kyrkian á Þóroddstöðum i Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssurshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. 1 Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri;
>
> …
>
> að ofanskrifuð Máldaga Skrá sé rétt samhlióða þessa Staðar Kýrkiu Máldögum yfir höfuð samannteknum eða lesnum og samanbornum við annara Stiptana Máldaga, sem og konúnglegar Jarðabækur Árna og Skúla Magnuss sona. vitnar
>
> E Thorleifson
>
> n. b. götu, Hátún, Hnausa, Geitagerði, Finnsbæ, nefna hvörki Maldagar né Jarðabækur alltsvo hafa þaug Hiabyli alldrej lögbyli verið.

[632] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.50).
[633] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.51).
[634] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.54).
[635] Skjal nr. 2 (73) a-b.

Hiáteiknanir við framanskrifaðann Máldaga og Jardabóka útdrátt.

að Fornalda Skýrsla eður Máldagi fyrir Heimalandi þessa Staðar segir það vera frá merkigarði útfrá Hálsi til miðs Stóra vot hamars, önnur Skiöl ségia landkils enda eður uppsprettu á Pollalæk (kýli) milli miðsflióts og mið Fialla fýrir vestan Seliadal, og frá hans mynni gaungu Skarð allt milli Fialla brúna Há hriggs og Þreinginga, og allt bú land i Výkum milli Hvanndala og Svinár undantekningar laust, eg eins undantekningarlausir eru allir Máldagar áhrærandi rekan inn frá ófeigs hellir til Flióts óss, eða Galta fialls hellirs i hið minsta sagt.

að ej hafi verið hér fleiri enn 11u býgðir Bæir i Sókninni þá Auðun Biskup visiteraði hér árið 1318 sýnir sá Máldagi og þar á meðal af hiábylum þessa Staðar einungis ÓfeigStaðir og Torfunes, öllum öðrum þá óbyggðum hiábylum og Jörðum So samsleingir sá Máldagi við heimalandið siálft [hér kemur viðbót utan af spássíu: sem þessa Staðar jtölulausri Eygn] án þess að nefna þaug sér i lagi, og téðs Máldaga, eða Sr. Stulla þess, sem þá var hér Prestur, ógreinilegu frásogn um þessa Staðar Eygnir, hafa yngri tiða Byskupar eptir skrifað. [Síðan koma athugasemdir varðandi Náttfaravíkur].[636]

Eiríkur Þorleifsson skráði eftirfarandi í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840–1905:

Aðrar áriðandi Skyrslur eru infærðar i þann firri Kyrkiustól, fleyrstar allar sem Eg nú fæ mynnst, Jarðabókin af 1760 telur Þórddstaða Bújörð 25 hundruð að dírleika og henni fylgiandi öll hin sömu hiából sem i þeim fýrsta Máldaga eru nefnd a nafn, og af hvörium nú er 3 býggð, nefnilega Naustavyk með 60 alna landskuld og 6túngi vöðu Sels veiða i Eptirlag úr landtogs nótlögum, þar á og med réttu að vera þat Kýgyldi, sem nú er á Staðnum, og i nærstliðins árs Spesifikation talit með túnsendakoti. ÓfeigStaðir, að réttu með 60 álna, enn uppfærðir til 80 álna landskuldar, fýrir Hagbeitar og Heiskapar hlunindi i siálfu Staðarins landi, þar er og eitt Kugildi fylgiandi Torfunes heilt eður allt spesifiserat með 60 alna landskuld og einu Kúgildi; Staðarbakki er óbyggilegur þvi þan landstrimil, á hvörium Kotið stóð, er i öndverðu var á fastur Ofeigstaða og Staðar landi hefur Fliótit svo brótit fra meginlandinu hér, at Strimill sá er at kalla vorðin á austur síðu þess, Loddastaða Bær með öllu burtbrotin af Fliótinu, Gissurs hús eru þrisvar, svo skiöl um hafist, eýdd af Snióflóðum, Gata, Hatun, Hnausar og Túnsendakot, hafa og, þó hvörki Máldagar né Jarðabækur géti þess, verit byggð einhvörn tíma í Gamladaga, sömuleiðis Skálavyk; Ytra – og – Syðra Samtýni og Finns bær i vykum, Tuns endaKotit hefir Eg bygt er þat núna með 30 álna landskuld, þángat er og i nærst liðins ár Spesifikatión raðstafað þat eina Kugildi, sem á Staðnum hefur nú nokkra Stund verit, Wargsnes i výkum væri enn þá býggilegt enn Naustavyk ma ei missa þat ella býggdist hun ej, þvi landit er þar svo af sér geingit vorðið, Kotamýrabol og land er Kyrkiunni ránglega frákomit einsog

[636] Skjal nr. 2 (177) a-b.

> yfirlýst er í nærstliðins árs Spesifikation, og fleyra, og eru nu talin öll þau hiából er þessum Stað hafa fylgt at fornu, svo vel óbyggð sem byggð Byli nu[637]

Í afriti séra Eiríks Þorleifssonar af óársettum máldaga Þóroddsstaðar eftir bréfi í kirkjustól kirkjunnar segir:

> Þessi er Máldagi Kyrkjunnar ad Þóróddstödum í Kinn, þá Ingimundur Prestur Einarsson Fóstri Gudmundar Biskups Góda var þar á Stadnum, ad: Kÿrkjan á Þoroddstödum í Kinn, er helgud Marju og Nicolao; Til Kÿrkju þessarar liggur allt heimaland, hvarí ad eru þessi hjábýli: Stadarbakki, Loddastadir, Gissurshús, Ofeigstadir, Torfunes, Argerdis- Selför edur Tjarna-hverfi hid eÿstra og hid vestra, Naustavík, Vargsnes, Kotamýri;...[638]

Skúli Tómasson prestur í Múla skrifaði biskupi 4. febrúar 1842 vegna deilu hans við séra Eirík Þorleifsson á Þóroddsstað. Þar segir hann að sjá megi með samanburði við jarðabók amtsins frá 1832 og máldaga stiftanna gerðum eftir fornum skjölum og máldögum kirkjunnar að eitt og annað hefur breyst í afskriftum máldaganna í gegnum tíðina. Í fyrsta lagi bendir hann á að í því afriti af eignum Þóroddsstaðar, sem sent hafi verið biskup, segi:

> ... ad Nordann, Ur Midjum Stóra Vothamri ...[639]

Þessa takmarks sé hins vegar ekki getið í þeim þremur máldagaafritum sem hann hafi séð og lætur fylgja með bréfi sínu til biskups. Hann neitar því hins vegar ekki að merkin milli jarðanna kunni að vera við Vothamra sem séu dálítið klettabelti neðarlega í fjallinu og sagður góður spölur á lengd er liggur út og suður. Hann segist hafa séð tvær lögfestur forvera séra Eiríks, aðra en þá síðustu, sem taki öðruvísi til orða og segi út að eða við Vothamra en séra Eiríkur vilji hins vegar teygja þetta út í miðja Vothamra. En við það missi Geirbjarnarstaðabóndi gott stararslægjustykki sem nái frá syðri enda alls Vothamarsins og út að miðju hans neðan undir fjallsbrekkunni og fram undir sjálfan fljótsbakkann. Hann bendir því á ef einungis það afrit, sem séra Eiríkur hafi sent biskupi, taki svo til orða en frumrit máldaga og kálfskinnsskjala Þóroddsstaðarkirkju geti þess ekki og lögfestur forvera séra Eiríks segi aðeins út að eða við Vothamar þá verði að ætla að hann hafi of frekt til orða tekið.

Í öðru lagi getur hann þess að eftir að séra Eiríkur tók við Þóroddsstað hafi komið upp þræta um „afréttarlandið“ á Seljadal sem liggur vestan undir svokölluðu Staðarfjalli sem er milli Þóroddsstaðar og Geirbjarnarstaða. Syðri-Leikskálaá, sem stendur fast við mynni Seljadals og enda hans, eigi hvort tveggja selstöðu og nokkurt land fram eftir dalnum vestanverðum. Múlaprestur segist ekki vita til þess að deila hafi áður risið upp milli Syðri-Leikskálaár og Þóroddsstaðar fyrr en í tíð séra Eiríks.

---

[637] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[638] Skjal nr. 2 (79) a-b. Sjá einnig skjal nr. 2 (175) a-b. Ingimundur Þorgeirsson hélt Þóroddsstað 1177-1179. sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*; bls. 298.
[639] Skjal nr. 2 (91) a-b.

Því til sönnunar lætur hann fylgja með bréfi sínu þrjár lögfestur fyrir Syðri-Leikskálaá eina með sínu nafni undir en hinar tvær með nöfnum forvera hans, séra Þórarins Jónssonar og séra Jóns Þorleifssonar. Lögfestur forvera hans beri með sér að umrætt land hafi verið óátalið í þeirra embættistíð. Hins vegar þegar hann lögfesti Syðri-Leiksskálaá 1837 þá hafi séra Eiríkur mótmælt henni og tiltekið garð fyrir framan Leikskálaársel sem enginn núlifandi maður kannaðist við. Til þess að komast að hinu sanna í málinu riðu þeir séra Skúli og séra Jón Kristjánsson, eftirmaður séra Eiríks á Þóroddsstað, með tveimur mönnum fram um dalinn í leit að garðinum. Hann fannst þó ekki á veginum frá Leikskálaárseli fast fram í Sandskarð eins og lögfestan frá 1749 sýni og ætíð var óátalin. Í skjalasafni séra Eiríks hafi hann hins vegar fundið minnisatriði hans um téðan garð en þann póst megi lesa aftan við máldagann sem sé auðkenndur með qq. Það sé því enginn von til þess að þessi garður sjáist nú hafi hann nokkurn tíma verið til þar sem hann var hvorki sýnilegur né nefndur á nafn 1644. Það sé því vandséð á hverju séra Eiríkur byggi mótmæli þau sem hann lét færa inn í lögfestuna fyrir Syðri-Leikskálaá frá 30. maí 1837.

Loks tilfærir séra Skúli fyrrnefndan póst séra Eiríks sem hljóðar svo:

> Þessvegna verdur su bejnasta Stefna, ad vera takmark her, austann frá Skjálfanda Fljóti, og Vestur um Seliadal þverann ...[640]

Um þetta segir séra Skúli að þeim öllum hafi komið saman um þegar þeir riðu á dalinn síðastliðið sumar að væri tekin bein stefna frá syðri enda stóra Vothamars að austan úr miðmorgunsstað til miðaftansstaðar þá mundi stefnan upp á þennan grundvöll frá háaustri til hávesturs í Sandskarð einmitt nást rétt. Einmitt eins og viðgengist hafði áður en séra Eiríkur kom til Þóroddsstaðar.

Biskup Íslands skrifaði Þingeyjarprófasti 12. september 1843 og greindi honum frá úrskurði sínum í landamerkjaþrætu Múla- og Þóroddsstaðarpresta. Þar kemur fram að í þrjú ár eða síðan 2. febrúar 1840 er séra Skúli bar málið fyrst upp við hann hafi verið landamerkjaþræta milli Þóroddsstaðar og Múlakirkjujarðanna Geirbjarnarstaða og Syðri-Leikskálaár. Biskup rekur gang málsins og bréfaskipti sín við prestanna en úrskurðar síðan og víkur þar að Seljadal:

> Efter ad eg hefi yfervegad þessa Landamerkia Þrætu, af beggia Alfu, get eg ej ödru Komist nær, enn ad Skjölinn frá Þoroddstödum, hljóti ad hafa mejra Gilde, enn þau frá Múla, og Urskurda þessvegna hér med: ad Þoroddstada Prestakalli Skuli tilheira þeir umþrættu landspartar soleidis: ad Landamerki milli Þoroddstada og nefndra Jarda, Geirbiarnastada og Sidri Leifskalár, skuli vera Midur Stóri Vothamar, og gegnt úr hönum a bádar Sydur, til austurs ofann i Fliot, enn til Vesturs allt uppá Seliadal, ad Sömu Stefnu ljnu, i

[640] Skjal nr. 2 (91) a-b.

> Gardinn, Sem liggur Skamt fra Leifskalarseli (hvört heldur hann finst fyrir Nordann þad, eda Sunnan) tilheiri Seliadalur allur Þoroddstödum. ...[641]

Loks eru talin upp frumskjöl sem sendast prestunum aftur en allmörg þeirra virðast hafa glatast, einkum varðandi Þóroddsstað.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712 voru ítök staðarins að finna í máldaga kirkjunnar og þau væru ekki undan henni gengin. Grasatekja var bjargleg fyrir heimilið og úthagar góðir og miklir.[642]

Prestssetrið Staður eða Þóroddsstaður er sagt 25 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804. Árstekjur af afréttarleigu eru einn ríkisdalur. [643]

Í jarðamatinu 1849-1850 stendur m.a.:

> Þóroddsstaður áður talin 25 hndr. að dýrleika. ... Þar er landrými bæði heima og til afrjettar. ...[644]

Fram kemur í fasteignamatinu 1916-1918 að ekki finnist þinglesin landamerki fyrir Þóroddsstað. Síðan er nefnt að landamerki hafi verið útbúin milli Staðar og Ófeigsstaða árið 1915. Eftirfarandi upplýsingar um Þóroddsstað eru úr sama mati:

> Búfjárhagar. Land er mjög víðlent og allkjarngott, en liggur sumt fjarri, svo sem á Seljadal. Gripahagar góðir á sumrum. ... Fjárgeymsla fremur erfið. Jörðinni fylgir afréttur: Seljadalur vestan ár. Meira en nægur fyrir jörðina. Á afreitt [svo í forriti] þeirri má heyskap hafa, en erfitt mjög. ... Jörðin er talin eiga ýmis ítök hér og þar, svo sem: Land ítak á Gönguskarði. Skógarítak í Hóls og Ystafellskógi; rekaítak í Náttfaravíkum og upprekstur. ...[645]

Landamerkjabréf fyrir Þóroddsstað var útbúið þann 10. apríl 1923. Því var þinglýst 1. júlí 1925. Þar kemur eftirfarandi fram:

> 1. Að norðan eru merkin í vörðu sem stendur á bakkanum vestan Skjálfandafljóts, þaðan stefna syðst í Augnakíl og eftir vörðum upp fjallið vestur í Seljadalsá. Þá ræður nefnd á merkjum uns komið er gegnt Sandskarðsgróf, en hún ræður merkjum milli Þóroddstaða að norðan og Syðri Leikskálaár alla leið vestur í Sperðlagil.
>
> 2. Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.
>
> 3. Að austan ræður Skjálfandafljót, Meginfljótið nyrðst að Staðarbakka, þá í miðja kvísl austan Staðarbakka að Ófeigsstaðamerkjum í Bakkanum.
>
> 4. Að sunnan eru merkin eftir vörðum yfir Staðarbakka þveran, þaðan í vörðu á Vesturbakka Skjálfandafljóts, sem stendur við vírgirðingu þá, sem nú ræður merkjum yfir „Fót“. Þá beint í vörðu sem stendur í holtarótum ofan við

[641] Skjal nr. 2 (92) a-b.
[642] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 116.
[643] Skjal nr. 2 (61).
[644] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[645] Skjal nr. 2 (68).

Mýrina vestan Rangár. Þaðan eftir vörðum þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinnar tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leikskálaár að norðan. Er lan<d>eign Þóroddsstaða á þessu svæði nyrðri hlutinn aðgreindur með Mer<k>javörðum.[646]

Landamerkjabréfið var samþykkt af: Sig. Sigurðssyni umráðamanni Þóroddsstaðar og Syðri-Leikskálaár, Baldvin Baldvinssyni eiganda Ófeigsstaða, Friðgeiri Kristjánssyni ábúanda Þóroddsstaðar, Þórði Stefánssyni eiganda Geirbjarnarstaða, Hjálmari Kristjánssyni eiganda Húsabakka og Friðfinni Sigurðssyni eiganda Rauðuskriðu.

Þann 30. ágúst 1947 voru úttektarmennirnir, Baldur Baldvinsson og Sig(urður) Geirfinnsson, beðnir um að ákveða landamerki jarðarhluta Eiðs Arngrímssonar bónda sem bjó á helmingi Þóroddsstaðar. Þau voru ákveðin þannig:

1. Tún: Frá Bæjarlæk að sunnan norður að túni Staðarholts.

2. Mýri vestan Rangár:

Merki að sunnan: Staðartröð.

Að norðan: Bein lína úr Hestakíl við Rangá vestur á aðalveginn í þverskurð í túni.

Að vestan: akvegurinn.

Að austan: Rangá.

3. Staðarfótur:

Að sunnan landamerki Engihlíðar að norðan.

Að norðan: Landamerki Staðarholts og auk þess allbreið sneið í Fótartánni, norðan Staðarholtsengja, afmörkuð með vörðum á bökkum Skjálfandafljóts, og Rangár.

Að austan: Skjálfandafljót.

Að vestan: Rángá.

4. Norðurmýri

Engjastykki milli fjalls og Skjálfandafljóts, 1000 m. á breidd, frá norðri til suðurs afmarkað með vörðum.

5. Staðarbakki:

Engi þar er óskipt milli ábúenda gamla Þóroddsstaðar, er svarar til þess að þessi jarðarhluti eigi þar 5/12 engja.

6. Beitiland er óskipt.[647]

[646] Skjal nr. 2 (51) a-b.
[647] Skjal nr. 2 (52) a-b.

Í svari prestsins á Vatnsenda við fyrirspurn til biskupsstofunnar í Reykjavík um ítök kirkna, dags. 1. febrúar 1954, tilgreinir hann m.a. „afréttarland á Gönguskarði á Kinnarfjalli.“ Jafnframt kemur fram að hann hafi ekki notið umræddra ítaka á nokkurn hátt þau 25 ár sem hann hafi verið þar prestur.[648] Hinn 4. maí árið 1954 ritar Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsir „Afréttarlandi á Gönguskarði“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum.[649]

Nýbýlið Engihlíð var stofnað árið 1946 á fjórðungi Þóroddsstaðar. Síðar, árið 1975, var hluti Engihlíðar keyptur af ríkinu.[650] Endurlandskipti voru gerð milli Engihlíðar og Þóroddsstaðar 10. desember 1987 og skiptin miðuð við, að Engihlíð fengi 5/12 lands en Þóroddsstaður 7/12. Skiptin virðast miðuð við land neðan þáverandi hagagirðingar, enda segir í c) lið:

> Staðarbakki og annað óskipt land jarðanna og hlunnindi skulu vera óskipt sameign jarðanna í hlutföllunum:
>
> Engihlíð 5/12
>
> Þóroddsstaður 7/12[651]

Í framhaldi af landskiptunum voru Engihlíð afsalaðir 2/10 hlutar jarðarinnar Þóroddsstaðar 10. júní 1988.[652]

Þóroddsstaður er sagður af Jóni Sigurðssyni eiga mikið fjallendi uppi í Seljadal og Gönguskarði. Staðarselið forna sé að vestanverðu á Seljadal, og sjáist þar miklar rústir.[653]

5.31.1 Tjarnahverfi eystra og vestra

Máldagar Auðunar rauða Þorbergssonar biskups eru frá 1318. Þar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi:

> Tiarnahuerfe hid eystra og vestra.[654]

Í máldögum Péturs Nikulássonar frá 1394 [655] og Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461-1510 [656] segir að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra.

Til er í tveimur afritum skýrsla yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju eftir máldögum og hefð frá 1599. Þar er mörkum Tjarnahverfa lýst. (Tekin uppskrift Skúla Tómassonar um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599 gerðri 21. mars 1831 en uppskrift

---

[648] Skjal nr. 2 (319)
[649] Skjal nr. 2 (320)
[650] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 172 og 173.
[651] Skjal nr. 18 (6).
[652] Skjal nr. 18 (7).
[653] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 185.
[654] Skjal nr. 2 (185).
[655] Skjal nr. 2 (191).
[656] Skjal nr. 2 (201).

komin frá Eiríki Þorleifssyni á Þóroddsstað er samhljóða en þar er máldagaskýrslan sögð skrifuð af prestunum Ólafi Tómassyni og Gamla Ólafssyni eftir fornum skýrslum):

> ... Her ad auk á Kirkiann á Þóroddstad Gaunguskard allt ad austan, og Selstödu þar; Hejtir þad land Austara og Vestara Tiarnahverfi; skal madur fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadur þadann allt þad land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjdann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndejlinginn i Þrejngslinn Eystri. ...[657]

Máldagabók Guðbrands Þorlákssonar 1590-1616 greinir frá eftirfarandi:

> Kyrkia a Stad I Kinn
>
> Hun a allt heima land, og þar til Ofeigs stadi, torfunes, og tiarna huerfi hid eÿstra og vestra, ...[658]

Tjarnahverfi og selstaða þar er nefnd í vitnisburðum sem sennilega hafa verið teknir vegna deilna um Torfunes um 1611. Sjá kaflana um Torfunes og Þóroddsstað.

Máldagi Þóroddsstaðar var bréfaður af séra Illuga Helgasyni árið 1644. Þar kemur fram að:

> Tiarna Hverfed eistra Og Vestra sem Máldagenn Nefner er Selfór á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæena ligg<i>ande) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn, alt ut under Vothamra Og sudur i Ofeigstada landa Merkia gard; þvi Kotenn bæde Ofeigstader og Torfunes hafa liósa landa Merkia garda á bádar Sydur, so ad eingenn þórf er ad þræta umm þeirra land. ....[659]

Í kirkjuskoðun árið 1686 og biskupsvísitasíu Staðarkirkju frá 1687 sem er að finna í kaflanum um Þóroddsstað kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja eigi Tjarnahverfi eystra og vestra.[660] Einnig er minnst á að Staðarkirkja eigi Tjarnahverfi hið eystra og vestra í eignaskrá kirkjunnar frá 1694 og í vísitasíum hennar frá 1702[661], 1715[662], 1748[663] og 1828.[664]

---

[657] Skjal nr. 2 (90) a-b. Gamalíel Ólafsson hélt Þóroddsstað 1599-1608, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta*, bls. 298. Sbr. skjal nr. 2 (76) a-b og. skjal nr. 2 (178) a-b, gamla máldagaskýrslu skrifaða 1599 af séra Ólafi Tómassyni og séra Gamla Ólafssyni.
[658] Skjal nr. 2 (129) a-b.
[659] Skjal nr. 2 (77).
[660] Skjöl nr. 2 (140) a-b og nr. 2 (147) a-b.
[661] Skjöl nr. 2 (149) a-b og nr. 2 (157) a-b.
[662] Skjal nr. 2 (159) a-b.
[663] Skjal nr. 2 (167) a-b.
[664] Skjal nr. 2 (171) a-b.

5.32 Ytri-Leikskálaá (Ytriskál)

Tvennir Leikskálar voru lagðir í kaupmála, 23. apríl 1427 (7. janúar 1428). Voru þeir með Björgum í Kinn reiknaðir 50 hundruð.[665]

Leikskáli er nefndur í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.[666]

Í landamerkjavitnisburði Tómasar Þorkelssonar um mörk Granastaða og Syðri-Leikskálaár frá 11. nóvember 1580 segir að faðir hans hafði sagt:

> ... Leikskala aa Sydri ætti óslitit land fyr nedann þa ä Sem fellur framann af Selia Dal Og ut i þann gard sem þa saust merki til ad uæri útuit Sandabrotinn Sem köllut er Seyra ...[667]

Tómas segir ennfremur þegar faðir hans skipti Granastöðum og Syðri-Leikskálaá á milli barna sinna þá hafi hann sagt að Ytri-Leikskálaá ætti hvorki land né ítölu ofan yfir ána.

Kolbeinn Sölvason vitnaði um landamerki Leikskálaánna um miðja 17. öld. Í vitnisburðinum segir:

> Er þad first ad greina ad Salugi Syra Þorsteinn Jlluga Son Bigdj Mier Mvlakirkiu Jord Sydri LeikskálaA: Og til Sagdi Landamerki A Milli LeikskalaAnna þa A er þar rennvr J Millvm eptir þvi Sem hun hefdi ad fornngilldu rvnnid, og f(yrir) Sig hefdi Adur halldit verit af Sýnum fodur, þvi tilsagdi hann mier ad Jrkia þa hólma er kallast Landbrot og allann footinn vtý sand A Jtem Selstodv A Selia Dal: …[668]

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir á Ytri-Leikskálaá hvannatekju litla í ógönguklettum, sem eigi verði sótt fyrir utan mannhættu, einnig að úthagar séu nægir.[669]

Samkvæmt lögfestu séra Jóns Þorleifssonar í Múla fyrir Syðri-Leikskálaá frá 21. apríl 1749 eru mörkin milli hennar og Ytri-Leikskálaár svohljóðandi:

> Fyrst mille Leikskäla AAnna, ä su sem þar rennur ä mille, efftir þvi sem hun hefur ad fornu runned, So Jtre Leikskäla AA, ä ecke par austur yfir þann forna farveg, ...[670]

Lögfestan, sem Múlaprestur sagði byggða á skjölum og innsigluðum bréfum, var lesin samdægurs fyrir manntalsþingsrétti á Ljósavatni. Sama lögfesta var lesin á manntalsþingum á Ljósavatni 8. maí 1751, 26. apríl 1752 og 5. maí 1760.

Lesin var upp lögfesta fyrir jörðinni Ytri-Leikskálaá á manntalsþingi á Ljósavatni 2. júní 1830. Inntaks hennar er hins vegar ekki getið.[671]

---

[665] Skjal nr. 2 (194).
[666] Skjal nr. 2 (205).
[667] Skjal nr. 2 (82) a-b.
[668] Skjal nr. 2 (252) a-b.
[669] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 114.
[670] Skjal nr. 2 (86) a-b.

Oddný Eyjólfsdóttir bjó á Syðri-Leikskálaá í um tíu ár, á Ytri-Leikskálaá í um sjö ár og á Nípá í um fimm ár. Í vitnisburði hennar um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár (frá 1753) segir hún að eftir því sem formenn hennar sögðu henni voru mörkin:

> ... ä millum Nefndra Jarda leifskaala aanna, Nefnelega ad Sunnann og ofann verdu nidur til gliufra, rædur AA su, er almennelega hefur kallast leifskaala AA, enn þadann skähallt, rædur sa gamle og forne farvegur Ut austur, og ofannverdt vid þær fornu reidgötur sem liggia fyrir ofann þann gamla og Sidri leifskäla är Steck, beinleidis uti länghólma. Enn út frä sier hefur Itri leifskaalä vered eignad i Svarthamar (og ödru Nafne Merkeklöpp) og þadann austur frä rettsinis, i þann nu kallada Nÿa farveg sem nefnd AA giört hafde fyrir farande, enn ädur rede gömul killda frä Hamrenum nidur i þann forna landa merkia og Aar farveg, sem ädur umm getur; enn upp frä þeim Svart hamre vottar fyrer Garde, er liggur uppä Bruun, liggia so landamerkenn i Trantadal, og þadann uppi Grästein, so i Starkhól og uppi Nÿpu; sömuleidis alla fialls Hlid þar sudur frä, og i þau gil, Sem köllud eru Sperdlagil og Kollufiall.[672]

Oddný segist ekki hafa vitað til þess að nein tvímæli eða ágreiningur hafi leikið á ofangreindum landamerkjum meðan hún bjó í nágrenninu og allra síst er hún bjó á Syðri-Leikskálaá. Það hafi ekki verið fyrr en síðar er hún bjó á Ytri-Leikskálaá að bóndinn þar Þorsteinn Guðmundsson (nú í Flatey) fór að deila um landamerkin sem hana minnir að hafi verið um 1739 eða á hennar fimmtugasta aldursári. En hún sé nú á sínu 64. aldursári. Hún segist hafa notið ókeypis heytaks í því takmarki sem Þorsteinn deildi um þau sjö ár er hún bjó á Ytri-Leikskálaá. Oddný lofaði að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til styrkingar en hann var bréfaður á Jarlsstöðum 3. mars 1753.

Steinunn Jónsdóttir var borin og barnfædd í Kinnarhreppi og hafði allt sitt líf og búskapartíð dvalið í hreppnum að undanskildum fimm árum af þeim 63 sem hún hafði lifað. Þau Eiríkur Bjarnason bjuggu í fimm ár á Syðri-Leikskálaá og eitt ár var hún til heimilis að Björgum. Samkvæmt formönnum sínum og öðrum kunnugum og skilríkum mönnum höfðu landamerki milli Ytri- og Syðri-Leikskálaár allan þann tíma verið haldin þannig:

> Nefnelega ad sunnann og ofannverdu AA Sú sem heiter Leifskäla Ä, Epter þvi sem hún hefur ad fornu Runned, og So Skähallt ofarlega af Skridunne útj Kÿl þann sem liggur fÿrer Vestann Reidgötur þær Er liggia Beinleidis útj Länghólma ...[673]

Steinunn sagðist reiðubúinn að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til staðfestu en hann var bréfaður í Sýrnesi 20. júní 1763.

---

[671] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.49).
[672] Skjal nr. 2 (83) a-b.
[673] Skjal nr. 2 (84) a-b.

Bjarni Eiríksson, sonur Steinunnar, kom að Syðri-Leikskálaá með foreldrum sínum 15 ára gamall en þar voru þau í fimm ár, svo eitt ár á Björgum en því næst var hann vinnupiltur á Granastöðum í tvö ár. Hann segir að allan þann tíma hafi landamerki milli Syðri- og Ytri-Leikskálaár af frómum og kunnugum mönnum verið:

> ... halldenn ad Sunnann og ofann Verdu Leifskäla Ā Epter þvi sem hún hefur ad Fornu Runned, og so nockud skähallt frä skridu höfdenu útj Kÿl þann er liggur fÿrer ofann þær fornu Reidgötur Er gänga beinleides útj Langhólma ...[674]

Bjarni sagðist tilbúinn að sverja sannleikseið vitnisburði sínum til staðfestu en hann var bréfaður í Múla 21. júní 1763.

Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir Ytri-Leikskálaá 10 hundruð að dýrleika, hvannatekju litla í ógönguklettum, sem ekki yrði sótt nema með mannhættu, úthaga næga.[675]

Sjálfseignarjörðin Ytri-Laufskálaá [Leikskálaá] er sögð 12 hundruð í jarðamatinu 1804. Þar kemur einnig fram að landbrot skemmi úthaga. [676]

Minnst er á Ytri–Leikskálaá í jarðamatinu 1849-1850. Þar stendur m.a.:

> Ytri Leikskálaá 12 hndr. að dýrleika. ... landrými mikið, gott til þrifa, ljelegt til málnytu. ...[677]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Ytri-Leikskálaár hafi verið þinglesin 1897. Eftirfarandi upplýsingar um Ytri-Leikskálaá eru úr sama mati:

> Búfjárhagar. Land í meðallagi rúmt, og kjarngott. Sauðfjárbeit í betra lagi, sumar og vetur. ... Fjárgeymsla ekki hæg. Afrétt sveitarinnar notast eigi sökum fjarlægðar.[678]

Landamerkjabréf fyrir Ytri-Leikskálaá var útbúið þann 11. júní 1897. Það var þinglesið 29. júní sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Á milli Granastaða og ytri leikskálaá ræður svokölluð merkiklöpp sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina og úr henni bein stefna vestur í Trantadali í Landheiðarbrún og síðan í Stakhól á Hrossahjalla. Úr Stakhól ræður hin sama stefna suðvestur í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls.
>
> Til austurs úr merki klöpp, ræður skurður í mýrinni að kýl þeim er fellur ut mýrina í Granastaða kvísl. Milli Ytri-Leikskalaár og Syðri-Leikskálaár, ræður hin sama stefna í austur í vorðu sem hlaðin er á gömlu toptarbroti, syðst og austast í Langhólma. Úr þessari vörðu ræður bein stefna í suður í vörðu þá sem hlaðin er á grundinni fyrir norðan Skálará og þaðan sama stefna suður í

[674] Skjal nr. 2 (85) a-b.
[675] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 114.
[676] Skjal nr. 2 (61).
[677] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[678] Skjal nr. 2 (68).

áður nefnda á. Síðan ræður Skálará merkjum suðvestur að Sperlagili og loks Sperlagil á grjót upp.[679]

Páll H. Jónsson, umráðamaður Ytri-Leikskálaár, og Ludvig Knudsen, prestur á Þóroddsstað, skrifuðu undir bréfið. (Ludvig væntanlega vegna Syðri-Leikskálaár, sem þá var orðin Þóroddsstaðarjörð). Það var samþykkt af Baldvin Sigurðssyni ábúanda á Granastöðum. Við undirskrift hans stendur að því er ábúð hans á Granastöðum snerti séu merki þessi samkvæm því sem standi í byggingarbréfi hans sem hann hafi í höndum frá umboðsmanni Jóni Sigurðssyni heitnum frá Gautlöndum.

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir klerk á Þóroddsstað hafa fengið eiganda Ytriskálar til þess að skipta við sig á afréttarlandi og engi, þannig að kirkjujörðin Syðriskál fékk aðalengi hinnar ytri.[680] Ekki kemur fram hjá Jóni, hvenær þetta á að hafa gerst.

5.33 Granastaðir

Granastaðir eru nefndir í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461.[681]

Vitnisburður er til um sölu á hálfum Granastöðum fyrir sex málnytukúgildi og fjögur geldfjárkúgildi, og 2½ hundrað í sömu jörð fyrir 2½ kúgildi í fríðum peningum, 29. maí 1481 og 17. apríl 1482.[682]

Granastaðir með öllu því, sem þeirri jörð á með lögum að fylgja, virðast taldir 20 hundruð í jarðaskiptabréfi 2. október 1558.[683]

Faðir Tómasar Þorkelssonar átti Syðri-Leikskálaá og Granastaði og því var leitast eftir vitnisburði hans um landamerki jarðanna. Í vitnisburðinum sem bréfaður var í Múla 11. nóvember 1580 segir að faðir hans hafi sagt að:

> ... Leikskala aa Sydri ætti óslitit land fyr nedann þa ä Sem fellur framann af Selia Dal Og ut i þann gard sem þa saust merki til ad uæri útuit Sandabrotinn Sem köllut er Seyra ...[684]

Í vitnisburði Steinunnar Jónsdóttur um landamerki milli Ytri- og Syðri-Leikskálaár, frá 20. júní 1763, bar hún um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár og svo Granastaða en það nær ekki til ágreiningssvæðis máls þessa.[685]

Umsókn Sigurðar Gunnarssonar á Ljósavatni um makaskipti á konungsjörðinni Öxará og jörðum hans Neðribæ, Parti og Hálsi var hafnað. Hann sótti um aftur þann 21. september 1861 og bauð nú makaskipti á Öxará fyrir jarðirnar Neðribæ og Granastaði. Sigurður sneri sér til Jakobs Pétursonar umboðsmanns

---

679 Skjal nr. 2 (49) a-b.
680 Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 183.
681 Skjal nr. 2 (205).
682 Skjal nr. 2 (210).
683 Skjal nr. 2 (233).
684 Skjal nr. 2 (82) a-b.
685 Skjal nr. 2 (84) a-b.

Norðursýslujarða og bað hann um álit sitt á bænarskrá hans til konungs. Bréf umboðsmanns, sem er stílað á amtmann, er dagsett 24. september 1861 og þar kemur m.a. þetta fram:

> Eg er vel kunnugur báðum jörðunum Axará og Granastöðum og átti þá síðarnefndu jörð í mörg ár sjálfur, þótti mér hún af öllum kringumstæðum vera ein með bestu jörðum í Ljósavatnshreppi bæði vegna landrýmis, landgjæða, túnstærðar (þó sumt af því væri þýft) og afraksturs þess, eingjar eru þar nægar og ekki sjónarlegt að þeirri jörð géti nokkurntíma aptur farið hvorki af skriðum eða sandfoki. Ábúandinn hefur líka ljeð gjeldfjár upprekstur í land sitt, auk þess að hann brúkar það sem afrétt fyrir sitt eigið.[686]

Dómsmálaráðherra Danmerkur skrifaði amtmanni, í norður- og austuramti, 27. mars 1862 og greindi frá heimild konungs til makaskipta á Öxará og jörðunum Granastöðum og Neðribæ á Flatey. Dómsmálaráðuneytið tilkynnti endurskoðunarskrifstofu stjórnarinnar um að makaskiptin hefðu farið fram 26. ágúst 1863.[687]

Að sögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 voru Granastaðir 20 hndr. að dýrleika, úthagar bjarglegir.[688]

Sjálfseignarjörðin Granastaðir er sögð 20 hundruð samkvæmt jarðamatinu 1804.[689]

Í jarðamatinu 1849-1850 er umfjöllun um Granastaði. Þar stendur m.a.:

> Granastaður 20 hndr. að dýrleika. ... Eingja víðátta mikil bæði til fjal<l>s og flötum mýrum; ... landrými mikið sæmilegt til þrifa og málnytu. Utbeit stopul; ...[690]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Granastaða hafi verið þinglesin 1888. Eftirfarandi upplýsingar um Granastaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar. Land víðáttumikið, en fremur lítið um skjól. Sumarbeit góð fyrir allan búpening. ... Fjárgeymsla erfið. ... Heimalandið er notað til upprekstrar fyrir jörðina, eptir sveitarsamþykkt.[691]

Landamerkjabréf fyrir Granastaði var útbúið þann 24. maí 1886. Því var þinglýst 7. júní 1888. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Að norðan verðu ræður merkjum í fjallinu móts við Nyparland Nýpáin þar til hun fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn á Nýpá. Þaðan ræður bein stefna í há austur úr fossi neðst í nefndum gljúfrum í utanverða Kiðey í Skjalfandafljóti. Að sunnan moti Ytri leikskalá á ræður Merki klöpp, sem

---

686 Skjal nr. 2 (298).
687 Skjal nr. 2 (288).
688 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 113.
689 Skjal nr. 2 (61).
690 Skjal nr. 2 (65) a-b.
691 Skjal nr. 2 (68).

stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina, og úr henni bein stefna til suðvesturs í Trantadali í Sandheiðarbrún og svo í Stakhól á Hrossa hjalla. Úr Stakhól ræður enn sama stefna suðvestur í fjallgarð, svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. Til austurs úr Merki klöpp ræður skurður í mýrinn að kýl þeim sem fellur ut mýrina í Granastaða kvíls [svo]. Ræður kyllin merkjum að austan móti Syðri leikskálaá útað gomlum garði sem liggur frá kýlnum beint til fljóts, skammt sunnan við svokallaða Sandá. Svo ræður mitt Skjálfandafljót úttil aðurgreindra ummerkja. að Vestan ráða Kinnarfjöll.[692]

Jón Sigurðsson, umboðsmaður, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: B. Kristjánssyni sem samþykkti merkin milli Granastaða og Múlakirkjujarðarinnar Syðri-Leikskálaár -, Jóni Benediktssyni umráðamanni Ytri-Leikskálaár, Kristjáni Jónssyni vegna Nípár.

Virðingargerð var framkvæmd á þjóðjörðinni Granastöðum 3. nóvember 1914 vegna fyrirhugaðrar sölu. Í virðingunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Bærinn Granastaðir stendur í Útkinn, neðan við Kinnarfjöll og er landeignin mest í fjallshlíðinni og svo nokkurt sljettlendi neðan við, austur að Skjálfandafljóti. Landslag og gróður er talsvert breytilegt. Í fjallinu nokkurir melar en annars vanalegur hlíðagróður, lynggróður og nokkuð af grasgeirum. Á sljettlendinu eru mýraflákar og sund, vatnabakkar og nokkuð af kvistgróðri. Skógur er enginn til. Landkostir eru fremur góðir, í efri hlíðum, en rýrari hið neðra.

Ennfremur segir að engjarnar séu mestmegnis niðri á sléttunni en sumpart í fjallshlíðinni. Sumarhagar eru taldir sæmilega góðir en vetrarbeit oftast lítil enda snjóþyngsli tíðust að vetrarlagi. Stjórnarráðið seldi Páli Jónssyni Granastaði ári síðar og er afsalið dagsett 14. september 1915.[693]

Granastöðum var skipt í nokkur býli: Granastaði I og II, Ártún, Árteig og Fitjar. Landi Granastaða I hefur verið skipt milli Ártúns, Árteigs og Fitja. Fjalllendi mun óskipt milli býlanna.[694]

Landamerkjaskrá fyrir nýbýli sem byggt var á hálfri jörðinni Granastöðum II var útbúin 5. desember 1948. Í henni stendur:

1. Túnmerki:

Að austan: Bein lína úr steinbyggðu íbúðarhúsi nýbýlisins, norður í vörðu á vallargarði, sem liggur frá austri til vesturs, norðan við aðaltúnið.

Að sunnan: Bæjarlækur.

Að vestan: Lína úr vörðu við Bæjarlæk, norður í vörðu sem hlaðin er í vallargarð að norðan

[692] Skjal nr. 2 (16) a-b.
[693] Skjal nr. 2 (277).
[694] Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985, bls. 165-169. Skjöl nr. 4 (38), 4 (39) a-d.

Að norðan: Vallargarður.

2. Engjamerki.

a) Sunnan túngirðingar. Áveituengi milli Torfár og Ytri – Skálamerkja, 200 metra spilda, frá norðri til suðurs, sem afmarkast af Syðri – Skálamerkjum að austan, en fjallsrótum að vestan

b) „Sandabrot“ ¼ áveituengis milli Sandabrotakíls og Syðri – Skálamerkja afmarkast vörðum.

c) Granastaðaeyja. Að nokkru áveituengi. Eign nýbýlisins í eyjunni er ¼ landsins. Að nokkru leyti afmarkað vörðum, en stíflugarði að norðan.

Beitiland jarðarinnar er óskipt í landi hinna fornu Granastaða.

Vegna stórfelldrar framræslu lands og fyrirhugaðrar ræktunar á Granastöðum, skal heimilt að endurskoða landamerkjaskrá þessa að 5 árum liðnum og breyta henni þá, ef þörf gerist til samræmis við gerðar umbætur.[695]

Vilhelm Pálsson ábúandi Granastaða og Jón Pálsson ábúandi nýbýlis á Granastöðum voru samþykkir landamerkjaskránni. Sigurður Geirfinnsson hreppstjóri og Baldur Baldvinsson úttektarmaður skrifuðu einnig undir skrána.

5.34 Nípá

Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar er frá því um 1461. Þar kemur fram að rekamark Munkaþverárklausturs í Náttfaravíkum miðast við Nípárhús.[696]

Nípá er nefnd í Hólastólsjarðaskrá 1550.[697]

Nípá er talin 12 hundruð í jarðaskrá 1. september 1552.[698]

Eftir að hafa boðið Nípá í Kinn árangurslaust til ábúðar á manntalsþingi á Ljósavatni 5. maí 1710 lögfesti umboðsmaður Hóladómkirkju jörðina. Hann gerði það sama á manntalsþingi á sama stað 8. maí 1711 en í hvorugt skiptið var minnst á inntak lögfestunnar.[699]

Á manntalsþingi á Ljósavatni 16. maí 1789 var þess getið að eyðijörðin Nípá gæti byggst með peningastyrk.[700]

Að sögn Jarðabókar Árna og Páls frá 1712 var Nípá 4 hndr að dýrleika, úthagar mjög litlir og hrjóstrugir fyrir stórgripi.[701]

Fram kemur í jarðamatinu 1804 að Nípá sem tilheyri hinum aflagða Hólastól sé sögð 5 hundruð.[702]

---

[695] Skjal nr. 2 (304).
[696] Skjal nr. 2 (204).
[697] Skjal nr. 2 (224).
[698] Skjal nr. 2 (226).
[699] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.7).
[700] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.19).
[701] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 112-113.
[702] Skjal nr. 2 (61).

Samkvæmt jarðamatinu 1849-1850 er Nípá 5 hundruð að dýrleika. Þar segir ennfremur að:

> ... Land mjög lítið og víða uppblásið í mela. ...[703]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Nípár, sem ágreiningur er talinn standa um, hafi verið þinglesin 1901. Í sama mati er sagt:

> Búfjárhagar: Land fremur þröngt en kjarngott, nærtækt, skjólalítið og snjóþungt. Sumarbeit góð fyrir sauðfé, og vetrarbeit, þegar til hennar nær. ... Afrétt sveitarinnar eigi notuð sökum fjarlægðar.[704]

Landamerkjabréf Nípár var innfært í landamerkjabók Þingeyjarsýslu 21. febrúar 1901 en var þinglýst 20. maí 1901:

> Að norðan ræður Kollsárgil í Gljúfrum. Úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá þá ræður Nýpá til Fljóts.
>
> Að austan ræður Skjálfandafljót.
>
> Að sunnan ræður merkjum í fjallinu móts við Granastaðaland, Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum, sunnan við bæinn á Nýpá, þaðan ræður bein stefna í háaustur, úr fossi neðst í nefndum Gljúfrum í utanverða Kiðey í Skjálfandafljóti.
>
> Að vestan ræður Purká merkjum[705]

Jónas Jóhannesson, eigandi hálfrar Nípár, og Kristján Jónsson, eigandi hálfrar Nípár, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af: Jóni Ólafssyni vegna Granastaða og Haraldi Sigurjónssyni vegna Bjarga.

5.35 Björg

Björg voru lögð í kaupmála, 23. apríl 1427 (7. janúar 1428). Þau voru með tvennum Leikskálum reiknuð 50 hundruð.[706]

Björg eru nefnd í skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461 (bænhús uppi).[707]

Í erfðaskrá Páls Brandssonar árið 1494 voru hálf Björg í Kinn lögð Einarsstaðakirkju upp í skuld fyrir 10 hundruð.[708]

Björg eru sögð eign Einarsstaðakirkju í jarðaskiptum 6. maí 1536.[709]

Í vísitasíum Staðar (Þóroddsstaðar) í Kinn 1631 og 1687 kemur fram að Staðarkirkja eigi ítölu í Bjargalandi.[710]

---

[703] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[704] Skjal nr. 2 (68).
[705] Skjal nr. 2 (36) a-b.
[706] Skjal nr. 2 (194).
[707] Skjal nr. 2 (205).
[708] Sjá skjal nr. 2 (Skjalaflokkur B.1 og B.5., Ísl. fbrs. VII, 232-234).
[709] Sjá skjal nr. 2 (Skjalaflokkur B.1 og B.5., Ísl. fbrs. XI, 115-116).

Lögfesta fyrir jörðinni Björgum frá árinu 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 19. maí 1855. Inntaks er ekki getið en sýslumaður sá ástæðu til þess að geyma fátækraeigninni Kotamýrum allan sinn rétt til löglegra mótmæla því lögfestan lýsi landeign Bjarga að Svíná.[711] Óstaðfest afskrift af lögfestu Bjargalands frá 1679 var lesin upp á manntalsþingi á Ljósavatni 23. maí 1856 og mótmælt af J. Pétursyni umráðamanni Kotamýra að því leyti sem hún stangaðist á við lögfestu Kotamýra sem lesin var upp á sama þingi. Inntaks lögfestu var ekki getið.[712] Á sama manntalsþingi mótmælti Jón Einarsson, ábúandi Bjarga, lögfestu sem lesin var upp fyrir Kotamýrar, dagsettri 25. maí 1822 og þinglesinni þremur dögum síðar, með tilliti til landeignar Kotamýrar á Hurðarbaki til Purkár.[713]

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 er m.a. þetta um Björg:

> Úthagarnir eru nokkurneginn bjarglegir en spillast þó af skriðum til fjallsins og grjóthruni undir bjarginu.
>
> Hætt er kvikfje að hrapa fyrir björg á vetur.[714]

Í rannsókn vegna sauðaþjófnaðar sem fram fór fyrir aukarétti á Garði í Aðaldal 17. október 1811 kemur fram í yfirheyrslu yfir Flóvent Þorsteinssyni vinnumanni á Breiðumýri að hann hafi farið síðastliðið haust í geldfjárgöngur í Kotaland við Náttfaravíkur og í Bjargafjall.[715]

Fyrir lögreglurétti á Björgum 15. ágúst 1893 fór fram rannsókn á meintri óráðvendni Jóns Kristjánssonar á Björgum. Í framburði Jóns segir m.a. að sambýlismaður hans á Björgum, Friðbjörn Jónsson, hafi veitt sér margskonar yfirgang og nefnir sem dæmi að hann hafi tekið upprekstur í fjallland sem tilheyri Björgum og ætíð einn tekið tollinn nema í eitt ár.[716] Lögrégluréttur inn var settur aftur á sama stað degi síðar og í yfirheyrslu Friðbjörns Jónssonar kom fram að hann hafi að vísu nokkrum sinnum samið við menn um upprekstur og þeir greitt honum fyrir en Jón hafi aldrei gengið eftir sínum hluta af upprekstrartollinum.[717]

Samkvæmt jarðamatinu 1804 eru Björg, sem eru að hluta til í eigu Einarsstaðakirkju, sögð 20 hundruð. Í matinu kemur einnig fram að skriður skemmi úthaga.[718]

Í kaflanum um jörðina Björg í jarðamatinu 1849-1850 kemur eftirfarandi fram:

---

[710] Skjal nr. 2 (136) a-b.
[711] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.57).
[712] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.62).
[713] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.61).
[714] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 112.
[715] Skjal nr. 2 (270) a-b.
[716] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.72).
[717] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.73).
[718] Skjal nr. 2 (61).

Björg 20 hndr. að dýrleika. .... Landrými er þar nokkurt, og allgóð málnyta. ... Okostir: ... grjót hrun á fjenað úr björgunum, fjenaðar ferð hættuleg fyrir menn og skjepnur. ...[719]

Einnig er minnst á að:

Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álýtst nægur afrjettur handa 100 lömbum. [720]

Í fasteignamatinu 1916-1918 er staðfest að landamerki Bjarga hafi verið þinglesin 1891. Eftirfarandi upplýsingar um Björg eru einnig fengnar úr matinu:

Búfjárhagar. Sumarhagar góðir fyrir allan búpening. ... Land nokkuð mikið, en illt til nytja. Fjallshlíð geysibrött og sumpart gróðurlítil. ... Afrétt fylgir, nægilegt fyrir jörðina. ... Og fjárhættur í fjallinu sökum bratta og kletta, einkum á haustin er svell leggur.[721]

Þann 23. maí 1890 var landamerkjaþræta Bjarga og Kotamýra tekin fyrir í aukarétti Þingeyjarsýslu. Eftir að málsaðilar höfðu tekist nokkuð á um málið á þeim vettvangi, m.a. með vitnaleiðslum, komu þeir sér saman um að málinu skyldi frestað meðan þeir reyndu til þrautar að ná sáttum sín í milli.[722] Sú sáttagerð hefur ekki komið fram, en benda má á að umboðsmaður Kotamýra samþykkti landamerkjabréf Bjarga.

Landamerkjabréf Bjarga var útbúið 2. september 1891. Það var þinglesið 28. maí sama ár. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að sunnan ræður Kallsárgil á gljúfrum; úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nýpá; þá ræður Nýpá til Fljóts; að austan ræður mitt Skjálfandafljót; á sjóarsandi er rekamerki þar, sem fyrst sjer Sellandafjall undan Garðsnúp. Að norðan ræður sjór frá rekamerki að Litlufjörubjargi þá beint í vestur norðan að Litlufjörutorfu til háeggjar; þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannaklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannaklauf til Jökuls –, tilheyrir Björgum allt land innan þessara merkja.[723]

Haraldur Sigurjónsson, eigandi og umráðamaður, skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af: B. Kristjánssyni umráðamanni Sands, Friðjóni Jónssyni umboðsmanni fyrir Kotamýrar og Kristjáni Jónssyni eiganda Nípár.

Ábúandi Bjarga keypti hluta Einarsstaðakirkju í jörðinni árið 1927.[724]

Bjargalandi í Bakranga lýsir Jón Sigurðsson í Yztafelli þannig:

Hamrar ógengir og hengiflug eru frá hæstu bungu Bakrangans. Utar eru þó hagar í fjallinu yfir hömrum, þar heitir Litlufjörutorfa, og er þangað illgeng leið og aðeins vestan yfir háegg fjallsins. Sumarhagar eru miklir í fjallinu,

[719] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[720] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[721] Skjal nr. 2 (68).
[722] Skjal nr. 2 (3).
[723] Skjal nr. 2 (4) a-b.
[724] Skjal nr. 4 (25) a-b.

snarbröttu og giljum gröfnu, ofan klettanna. Þetta land verður Bjargabóndinn að smala, þó Ógöngufjall nefnist.[725]

5.36 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði

Elsta kunna heimild um réttindi Draflastaðakirkju á Gönguskarði er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 en þar segir í umfjöllun um Draflastaði:

> Ítök kirkjunnar eru þessi: Selstöðu á Gönguskarði á Þrengíngaseli, og hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár.[726]

Við prófastsvísitasíu á Draflastöðum árið 1735 kom fram að engin skjöl hafi verið í höndum prests eða kirkjubónda.[727]

Jón Jónsson mótmælti að nokkru leyti lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarprestakalls vegna Draflastaðakirkju, sem lesin var upp á manntalsþingi á Ljósavatni 13. júní 1832. Inntaks lögfestunnar er ekki getið eða hverju í henni Jón var að mótmæla.[728]

Fram kemur í vísitasíu Draflastaða frá 1892:

> Kirkjunni tilheyra … og landspartur á Gaunguskarði, og er landamerkjalýsing fyrir þessum eignum samin og þinglesin.[729]

Landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði var útbúið 15. maí 1886. Það var þinglesið 4. júní sama ár:

> 1. Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.
>
> 2. Merkin að vestan eru: a. Að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum. b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.[730]

Hannes Friðriksson og Björn Bjarnarson skrifuðu undir í umboði eiganda. Bréfið var samþykkt af: Gísla Ásmundssyni vegna eiganda Garðslands, Jóni Jónssyni vegna eiganda Ytrahóls, Kristjáni Kristjánssyni vegna eiganda Syðrihóls og sem eiganda Finnsstaða og Stefáni Jónssyni presti en hann samþykkti vegna Þóroddsstaðarkirkju.

Í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerki Draflastaða hafi verið þinglesin 1887. Eftirfarandi upplýsingar um Draflastaði eru einnig fengnar úr matinu:

> Búfjárhagar: Jörðin á landsítak á Gönguskarði.[731]

---

[725] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 180.
[726] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI b., bls. 72.
[727] Hliðsjónarskjal.
[728] Sbr. skjal nr. 2 (A.6.51).
[729] Skjal nr. 2 (179) a-b.
[730] Skjal nr. 2 (7).
[731] Skjal nr. 2 (70).

5.37 Sel

Lagt hefur verið fram skjal um sel o.fl. í Kinnarfjalli, útdráttur úr „Menningarminjum í Aðaldal, Kinn og Bárðardal“. Þar eru nefnd ýmis seljaörnefni eða tengd seljum, svo sem á Nípá, Granastöðum, Ytri-Leikskálaá, Þóroddsstað, Hrafnsstöðum, Gvendarstöðum og Finnsstöðum. Einnig ýmis örnefni, sem geta tengst hjásetu.[732] Þær upplýsingar verða ekki raktar sérstaklega hér.

Í lýsingu Þóroddsstaðarsóknar árið 1840 er þessi umsögn um sel:

> 17. Finnsstaðir eiga selstöðu í Gljúfrárdögum, Hrappsstaðir og Háls inn á Gönguskarði, Ófeigsstaðir og Þóroddsstaðir á Seljadal. Öll eru sel þessi fyrir löngu aflögð. Seljadalur og mestur hluti Gönguskarðs tilheyrir Þóroddsstöðum. Sömuleiðis er það af fornskjölum að ráða að allt Víknaland hafi þar undir heyrt, þó nú séu Kotamýrar frátaldar.[733]

Jón Sigurðsson í Yztafelli segir í umfjöllun um Finnsstaði að vestan við dalsmynnið á Finnsstaðadal, í 600-700, metra hæð, heiti Finnsstaðasel, og séu tættur sýnilegar.[734] Sjá kaflann um Finnsstaði.

Jón Sigurðsson segir einnig að selstaða forn sé ofan fjallabrúnum á Gvendarstöðum.[735]

Hrafnsstaðir/Hrappsstaðir áttu selstöðuland vestur á Gönguskarði, sbr. áreið 22. júlí 1795.[736] Að sögn Jóns Sigurðssonar eiga Hrafnsstaðir suðurhlíð Gönguskarðs austanverða og heiti þar Hrafnsstaðadalur og Hrafnsstaðsel.[737] Sjá kaflann um Hrafnsstaði.

Þá segir Jón Sigurðsson Háls í Kinn eiga land allt upp á Gönguskarð og fornt selstæði þar.[738] Er Hálssel nefnt í landamerkjabréfi Hrafnsstaða og selstaða sem Hrafnsstaðir eiga á Gönguskarði.[739] Einnig er Hálssel nefnt í lögfestu Háls árið 1897.[740] Sjá kaflann um Háls hér að framan.

Torfunesi fylgdi selstaða í Grænum við Gönguskarðsmynni samkvæmt skýrslu um eignir Þóroddsstaðar frá 1599.[741] Í sömu skýrslu er sagt að Ófeigsstöðum fylgi selstaða á Seljadal yfir frá Ófeigsstaðahnjúk.[742] Jón Sigurðsson í Yztafelli getur Ófeigsstaðasels á Seljadal.[743] Sjá kafla um þessar jarðir.

---

[732] Skjal nr. 8 (10).
[733] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 92.
[734] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 196.
[735] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 191-192.
[736] Skjal nr. 2 (267) a-b.
[737] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 191.
[738] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 188.
[739] Skjal nr. 2 (27) a-b.
[740] Skjal nr. 2 (22) a-b.
[741] Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.
[742] Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.
[743] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 187.

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar (1633-1662) virðast á einni síðu taldir upp ýmsir ákæruliðir varðandi Seljadal með meiru, ársettir af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Ekkert kemur þar fram hver hinn ákærði er, en ætla má að um prest á Þóroddsstað sé að ræða, þá væntanlega Illuga Helgason. Kært er yfir því að hann geri Seljadal að afrétt svo að eigi verði selstöður brúkaðar.[744]

Þóroddsstaður átti samkvæmt eignaskýrslu 1599 Gönguskarð allt og selstöðu þar, heiti það Austara- og Vestara-Tjarnahverfi.[745] Kemur það einnig fram í vitnisburðum frá því um 1611.[746] Sama kemur fram í tveimur vitnisburðum frá því fyrir og um 1611[747] og í máldaga bréfuðum 1644.[748] Eiríkur Þorleifsson prestur hefur á árunum 1832-1834 fært í kirkjustól Þóroddsstaðar eftirfarandi, sem hann segist hafa tekið upp úr máldagaskrá, án þess að vísa nánar til heimildarinnar:

> Kyrkian á Þóroddstöðum i Kinn er helguð Mariu og Nicolao, til þessarar Kyrkiu liggur allt Heimaland, hvar i að eru þessi Hiábýli: Staðarbakki, LoddaStaðir, Gyssurshús, ÓfeigStaðir, Torfunes, Árgerðis Land tiarnahverfi hið eýstra og hið vestra, (nb. 1 Forntiða Skial segir svo Árgerðis Sel á gaunguskarði) Naustavyk, Wargsnes, Kotamyri, …[749]

Árgerði eða Árgerðissel sést ekki nefnt annars staðar.

Jón Sigurðsson vísar til sels Þóroddsstaðar á Seljadal vestanverðum og séu þar miklar rústir.[750] Um selstöður Þóroddsstaðar er fjallað í köflunum um Þóroddsstað og Tjarnahverfi.

Syðri-Leikskálaá mun hafa átt selstöðu á Seljadal. Er þess getið í ódagsettum og óundirrituðum vitnisburði Kolbeins Sölvasonar um landamerki Leikskálaánna. Vitnisburðurinn er í bréfabók Jóns Gissurarsonar frá árunum 1633-1662:

> Medkienne eg Kolbeinn Sölva Son, tilkvaddur Og krafdur Sannleikann ad Seigia, huad Mier var Bigtt & eg yrkti þaug Ar eg Bio a Sydre LeikskálaA: Er þad first ad greina ad Salugi Syra Þorsteinn Jlluga Son Bigdj Mier Mvlakirkiu Jord Sydri LeikskálaA: Og til Sagdi Landamerki … Jtem Selstodv A Selia Dal.[751]

Þá er eftirfarandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 um Syðri-Leikskálaá:

> Úthagarnir eru nægir, en liggja í fjarska þeir sem bestir eru, og þyrfti því að brúka selför á dalinn, sem ábúandinn fær ei við komið sakir fólkfæðu.[752]

---

[744] Skjal nr. 2 (249).
[745] Skjöl nr. 2 (76) a-b og 2 (90) a-b.
[746] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[747] Skjal nr. 2 (178) a-b.
[748] Skjal nr. 2 (77).
[749] Skjal nr. 2 (177).
[750] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 185.
[751] Skjal nr. 2 (252).
[752] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 115.

Syðri-Leikskálaá átti selstöðu og nokkurt land fram eftir Seljadal vestanverðum að sögn Skúla Tómassonar í Múla árið 1842.[753]

Um Kotamýrar segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712:

> Kotamýri. Eyðikot utantil við Svíná í áðursögðum afrjett. Bygt hér um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múnkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðar kirkju og hinna staðanna sem hér eiga ítök.[754]

Eiríkur Þorleifsson nefnir tvisvar Helgastaðasel á framdölum Náttfaravíkur, sem menn kalli nú Helgastaði.[755] Sjá að öðru leyti kaflann um Kotamýrar.

Um Eyri/Knarrareyri á Flateyjardal segir Jarðabók Árna og Páls frá 1712:

> Úthagarnir eru litlir og hrjóstrugir heim um sig, en góðir og miklir framm á dalnum, en þeirra verður ei notið fyrir ógönguklettum, nema selför sé brúkuð.[756]

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi athugasemd:

> Þess hefur gleymst að viðgjeta við lýsíngu jarðarinnar Fremstafells hjer að framan, að tjeðri jörð tilheyrir gömul selstaða á svo kallaðri Flateyar dals heiði innan Hálshrepps, sem nú er orðin að bygðu bóli, mót eptirgjaldi til Fremstafells ábúanda, og verður býli þetta, að nafni Grímsland, er hefur sín vissu takmörk, metið í Hálshrepp.

Jarðamatið 1849-1850 segir Fremstafelli tilheyri gömul selstaða á Flateyjardalsheiði, Grímsland, sem sé orðið að byggðu bóli.[757] Jón Sigurðsson segir að Höfðhverfingar hafi haft selstöðu í Grímsland eftir 1862.[758] Sjá kaflann um Grímsland.

Upplýsingar um selland Laufáskirkju hafa verið skráðar á mál 5/2007 en teknar hér með til öryggis, því að ekki er enn ljóst, hvar þetta selland hefur verið, sbr. það sem greinargerð 1782 og lögfestur 1798 og 1818, sem vitnað verður til hér á eftir, segja um Krókaland og Krókafjall. En Jón Sigurðsson frá Yztafelli segir í bók sinni „Suður-Þingeyjarsýsla“, þar sem fjallað erum Austarikróka:

> Þarna er mikið, víðlent og grasgefið engi, og á jörðin hlíðar og láglendi allt suður að Uxaskarði; nefnist það Krókafjall.[759]

Þessar tilvísanir vekja upp spurningu um, hvort selstaðan hafi verið í landi Austarikróka frekar en í Höfðagiljalandinu eða landi Vestarikróka.

---

[753] Skjal nr. 2 (91) a-b.
[754] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 111.
[755] Skjöl nr. 2 (74) a-b og nr. 2 (78) a-b.
[756] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 68.
[757] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[758] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 130.
[759] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 133.

Í fjölmörgum heimildum er vikið að selstöðu Laufáss á Flateyjardalsheiði. Í Auðunarmáldaga árið 1318 segir, að Laufáskirkja eigi.

> selfor ä flateyardals heydi. iiij kum. oc so margar ær oc geytur. sem sa vill er a stad byr. vm. vj. vikur[760]

Máldagar Péturs Nikulássonar frá 1394 geta um þessa selför, en þá hafa bæst við tvö hross.[761] Það er endurtekið í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461-1510) og Sigurðarregistri 1525.[762] Síðan er selstöðunnar víða getið:

Geir Markússon gerði skilagrein á tekjum Laufásstaðar 2. september 1730, þar er selstaðan á Flateyjardalsheiði tiltekin.[763] „Selland“ á Flateyjardalsheiði var lögfest með Laufásprestakalli í lögfestum prestanna Jóns Magnússonar (eftir 1637), Markúsar Geirssonar (1678, 1681, 1682), Þorsteins Geirssonar (1686, 1687, 1688), Geirs Markússonar (1710, 1713, 1726, 1727, 1728, 1729, 1732, 1736), Stefáns Einarssonar (1751, 1762, 1763, 1765), Jóns Vídalíns (1764) Jóns Egilssonar (1770), Stefáns Halldórssonar og Gunnars Gunnarssonar (1840 og 1841).[764] (Stefán Einarsson og eftirmenn hans tala um selland eða selför). Selfararinnar er einnig getið við Laufás í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.[765]

Ekkert er minnst á, hvar á Flateyjardalsheiði selstaða þessi hefur verið fyrr en í greinargerð um Laufásprestakall árið 1782 er selstaðan sögð í Krókalandi.[766] Hið sama segir Gunnar Hallgrímsson í lögfestu sinni fyrir Laufásstað 9. júní 1818.[767]

Ennfremur segir í lögfestu Hannesar Schevings fyrir Laufásstað 2. maí 1798:

> Selland edur Selför á Flatejardals Heide edur Króka Fialle.[768]

Gunnar Gunnarsson segir í lýsingu Laufássóknar árið 1839:

> Ítök kirkjunnar eru ennþá þau sömu sem máldagar biskupanna Auðunar, Ólafs, Péturs og Sigurðar registur henni tileinka, nefnilega:
>
> 1. Selför í Flateyjardalsheiði fjórum kúm og tveimur hrossum, og svo mörgum ám og geitum sem sá vill er á stað býr, um sex vikur. Mjög langt er samt síðan að selför þessi hefur verið héðan notuð, líklega vegna vegalengdar.[769]

Jón Sigurðsson í Yztafelli nefnir Selland í landi Garðs í Fnjóskadal, sjá kaflann um Garð.

---

[760] Skjal nr. 2 (312).
[761] Skjal nr. 2 (313).
[762] Skjöl nr. 2 (314) og 2(315).
[763] Skjal nr. 2 (308) a-b.
[764] Skjöl nr. 2 (68, 69, 70, 71, 72, 73, 74, 75, 78, 79).
[765] Skjal nr. 2 (231).
[766] Skjal nr. 2 (309) a-b.
[767] Skjal nr. 2 (311).
[768] Skjal nr. 2. (310).
[769] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 32.

Meðal ítaka Draflastaðakirkju, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 nefnir, er selstaða á Þrengingaseli á Gönguskarði. Sjá kaflann um Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði.

5.38 Afréttir og afréttarnot

5.38.1 Fjallskilareglugerðir

Elsta fjallskilareglugerð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduneshrepp í Norður-Þingeyjarsýslu, er frá árinu 1893 og tók gildi 1. janúar 1894.[770]

Var þá svæðinu öllu skipt í þrjú fjallskilafélög: 1. Svæðið milli Jökulsár og Skjálfandafljóts. 2. Svæðið vestan Skjálfandafljóts og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd. 3. Svæðið vestan Skjálfandafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag gat skipst í deildir eftir því sem hagar, fjöll og vatnsföll deildu. (1. gr.).

Allt land skiptist í „afréttir“ og heimalönd. Hreppsnefndir í hverjum hreppi ákváðu, hvað skyldu vera „afréttir“ og takmörk milli „afréttar“ og heimalanda. (3 gr.).

Hreppsnefndir skyldu gangast fyrir sveitarsamþykktum um, hvort nota skyldi heimalönd til upprekstrar fyrir geldfé eða lömb. Skyldi tekið skýrt fram, hver þau lönd væru og tala fjár, er í þau mætti reka. Heimalönd, sem heimild væri til fyrir að nota til upprekstrar, skyldi skoða sem „afrétti“, enda væru þau notuð á þann hátt af fleiri en landeigendum sjálfum (4. gr.).

Ef tveir eða fleiri menn ættu „afrétti“ saman, skiptust afréttartollar milli þeirra eftir tiltölu hvers og eins í „afrétti“, þótt einn leyfði frekar en aðrir. (9. gr.).

Fjárleitir á öræfi, sem ekki gætu talist til nokkurra „afrétta“, skyldu gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir. (29. gr.).

Ný fjallskilareglugerð var sett árið 1904.[771] Mikilvægasta breytingin var á 3. grein, en fyrri málsgrein hennar var svohljóðandi:

> Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsyn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykkt landeiganda.

Næstu fjallskilareglugerðir voru settar árin 1913 og 1920 (dálítil breyting gerð 1924).[772] Engar breytingar voru þá gerðar, sem tekur að nefna, en árið 1929 var svæðið gert að einu fjallskilafélagi eða eins og segir í 1. grein:

> Suðr-Þingeyjarsýsla, ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, sem skiftist í deildir eftir því sem landi hagar og fjöll og

[770] Skjal nr. 4 (7).
[771] Skjal nr. 4 (8).
[772] Skjöl nr. 4 (9), nr. 4 (10) og nr. 4 (11).

vatnsföll deila. Sýslunefndin ákveður takmörk deilda eftir tillögum sveitarfélaga.

Stjórn og umsjón fjallskilamála breyttist samkvæmt 3. grein:

Hver hreppsnefnd getur valið einn mann eða fleiri úr sínum flokki til að hafa á hendi stjórn og umsjón allra fjallskilamála hreppsins og nefnast þeir fjallskilastjórar.

Þar sem svo hagar til, að ein fjallskiladeild tilheyrir tveimur eða fleiri hreppum, kjósa hlutaðeigandi hreppsnefndir sameiginlega fjallskilastjórn, er hafi störf þessi á hendi í umboði hreppsnefnda.

Aðrar breytingar árið 1929 virðast ekki geta skipt máli hér.[773] Næsta fjallskilareglugerð, árið 1937, var fyrir Suður-Þingeyjarsýslu eina, sem og frá árunum 1952, 1959 og 1974, en árið 1952 var Húsavík orðin að kaupstað og því nefnd sérstaklega eftir það.[774] Breytingar, sem ástæða þykir til að nefna eru eftirtaldar:

Árið 1959 varð 4. grein svohljóðandi:

Allt land skiptist í öræfi, afréttir og heimalönd. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki hreppsnefndar komi til, enda hafi það aldrei áður í byggð verið.

Sýslunefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum hreppsnefndar, enda liggi samþykki landeigenda fyrir.[775]

Nýrri málsgrein var aukið í 4. grein í fjallskilareglugerðinni árið 1974:

Enn fremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir.[776]

Núgildandi fjallskilasamþykkt er frá árinu 1996 og er fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, þ.e. Tjörnes-, Reykja-, Aðaldæla-, Reykdæla-, Skútustaða-, Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálshreppa og Húsavík. Hljóðar 4. grein svo:

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í almenninga, afrétti og heimalönd. Héraðsnefnd getur ákveðið nýjar afréttir eftir tillögum sveitarstjórna og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta sveitarstjórnir með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Héraðsnefnd ákveður mörk á afréttum og almenningum.[777]

[773] Skjal nr. 4 (12).
[774] Skjöl nr. 4 (13) ti1 nr. 4 (16).
[775] Skjal nr. 4 (15).
[776] Skjal nr. 4 (16).
[777] Skjal nr. 4 (17).

5.38.2 Almennt

Árið 1639 beiddust prestarnir í Múla og Grenjaðarstað, Jón Gissurarson, prófastur, og Guðmundur Bjarnason, dóms á Helgastaðaþingi, hvort þeir mættu ekki eftir lögum halda rekum, afréttum og ítökum, sem kirkjumáldagar þeirra sýndu og forverar þeirra hefðu fyrir þá haft og haldið. Sýslumönnunum Þorbergi Hrólfssyni og Hrólfi Sigurðssyni virtist að biskup yrði þar við að vera, með próföstum, og vildu ekki dæma en:

> Samtt vitvm vid ei annad riettara enn þeir halldi þvi Öllu sem þeirra kirkivm til heýrir eptir maldogunum og fir þa hefir haftt & halldit verid & ad þeir meigi alltt eptir Bokarinnar ordum & hliodann Brvka og hagnýta Sier huortt þad erv afriettir eda annad og Til merkis hier vmm skrifum vid ockar Nofnn hier fir nedann A Sama stad dag og Ari sem firr seigir:[778]

Jón Sigurðsson í Yztafelli talar um „afréttardali Kinnarfjalla, Finnsstaðadal og Gönguskarð í bókinni „Suður-Þingeyjarsýsla“.[779] Í sömu bók lýsir hann dalakerfi Kinnarfjalla:

> Mikið af vatnsmagni hennar [þ.e. Skálarár] kemur úr giljum langt vestan af fjalli, en annar hluti sunnan *Seljadal*. Hér hefst hið mikla dalakerfi, sem nú skal lýst. *Seljadalur* er um 8 kílómetra langur og liggur suður bak við byggðarbrúnir. Mynni hans er eigi nema 80 m yfir sjó, en syðst er dalbotninn í 400 m hæð. Vesturhlíðar dalsins eru mjög grösugar og gróður seilist þar upp í 600 m hæðarlínu. Dalurinn er hinn bezti afréttur. Fyrir botni Seljadals er breitt flatlendi og vestur frá því gengur *Gönguskarð* allt vestur að mynni Flateyjardalsheiðar hjá Garði. Gönguskarð var mjög fjölfarinn fjallvegur sumar og vetur, greiður og glöggur, og var allur varðaður. Þar fóru skreiðarlestir þráfaldlega um á haustin. En vegurinn var einnig tíðfarinn gangandi mönnum á haustin. … Gönguskarð er mjög vel gróið, og eru engjar bæði þar og á Seljadal, og var oft heyjað þar áður fyrr. Á skarðinu er víða „sveitarlegt“; þar eru engjaflesjur og startjarnir á láglendi undir háum klettafjöllum.
>
> Þvert fyrir vesturenda Gönguskarðs liggur *Hólsdalur* frá norðri til suðurs, og er *Finnsstaðadalur* beint áframhald hans til suðausturs. Þessi dalruna er 12 kílómetra löng og botn beggja dalanna algróinn og gróður víða hátt í hlíðum. Botn Finnsstaðadals, þar sem hann er hæstur, er 600 m yfir sjó, og er það beint vestur frá Yztafelli. – Dalakerfi þetta er tengt Flateyjardalsheiði. Samfelldur er þar gróður og hvergi brekku að fara frá Syðri-Leikskálaá að Krókum. Alls er lengd dalanna, talið frá mynni Seljadals vestur Gönguskarð, suðaustur Hólsdal og Finnsstaðadal, um 30 km. Þessir afréttardalir Kinnarfjalla eru ágætir sumarhagar sauðfjár, og göngur skammar að hausti. Þar er að gróa allt sumarið…. Sunnan við Gönguskarð eru mjög víða hagar á

[778] Skjal nr. 2 (250) a-b.
[779] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 16.

> breiðum hjöllum og jafnlendi, ofar byggðarbrúnum Kinnar, og teygist gróður þar mjög hátt.
>
> Háfjöllin sunnan við Granastaðanípu eru með mjög breiðum og jafnlendum stórgrýtisauðnum. Gönguskarð og Finnsstaðadalur kljúfa þau í þrjá meginhluta, sem eigi eiga sér nein sérstök nöfn. Í Köldukinn eru þessi gróðurlausu háfjöll nefnd „Vesturfjall“ eða „Grjótin“. Grjótauðnirnar ná alveg fram á knappar brúnir Fnjóskadals og hefst þar eigi gróður fyrr en kemur niður um miðjar hlíðar, víðast hvar. Þar hafa fjöllin heldur eigi nöfn, nema þau, sem kennd eru við bæina, sem undir standa. Það er algerlega villandi, þegar fjallið sunnan Finnsstaðadals er á flestum landabréfum nefnt Fornastaðafjall. Með jafn miklum rétti mætti kenna fjallið við fjölda annarra bæja.[780]

Á héraðsþingi á Húsavík 1. maí 1775 var þingmönnun bannað gegn lagastraffi að reka sauðpening sinn úr þingsókninni á „afrétt“ fyrir vestan Skjálfandafljót eða á nokkurn hátt orsaka að pestveikur fénaður kæmi inn í hreppinn.[781]

Á manntalsþingi að Svalbarði við Eyjafjörð 1797 kærði Bjarni bóndi á Gautsstöðum íbúa þingsóknarinnar fyrir að reka ekki ótemjur sínar á „afrétt“ á sumrin. Þessi óregla orsaki göngu þeirra í búfjárhögum sem valdi átroðningi og eyðileggingu. Hann spurði því réttinn hvort eigendur væru ekki skyldugir til þess að reka ótemjur sínar úr búfjárhögum og á „afrétti“. Rétturinn tók undir það og skipaði bændum að reka trippi og ótemjur sínar á fjöll. Hreppstjórar skyldu hafa umsjón með framkvæmdinni og sekta þá sem vanræktu það.[782]

Á manntalsþingi á Hálsi 27. maí 1811 bentu hreppstjórar hreppsins á mikilvægi þess að fyrirbyggja að ekki væri ofsett í „afréttarlönd“ innan hreppsins nágrönnum og eigendum „afrétta“ til skaða. Einnig að umráðendur rækju ekki meira en ítala nemi eftir landsgæðum, sérstaklega á Flateyjardalsheiði. Sýslumaður úrskurðaði um þetta:

> ... ad so sem hreppstjórum er i Landslögunum yfirdreginn ummsjón med gjelldfjár Rekstrum á heidlendi, og á Sumar haga i hreppnum, so fylgir og þar af, ad þeir ega ad hafa Tilsjón umm, ad sum Afréttar Lönd sjeu ecki ofsett, enn önnur Látinn aud standa, þegar þaug annars Nást fyrir Snjó þýngslum á vorinn, og líka ad einginn Afréttar Egandi yfirskrýdi þá Itölu, sem hans Afréttar Plátz eptir stærd, gjædumm og sannsýnilegri Tiltölu, kann ad bera, hvad Hreppstjórum byrjar ad meta.[783]

Fyrir aukarétti á Ljósavatni 28. júlí 1813 var haldin rannsókn vegna viðurkenningar Jóns Jónssonar, búandi á hluta úr Fremstafelli, um að hafa afmarkað uppi á „afréttarfjalli“ kind sem tilheyrði Bjarna Jónssyni í Fellsseli. Við yfirheyrslur

---

[780] Jón Sigurðsson: Lýsing Þingeyjarsýslu. Suður-Þingeyjarsýsla, bls. 23-24.
[781] Skjal nr. 2 (264) a-b.
[782] Skjal nr. 2 (268) a-b.
[783] Skjal nr. 2 (269) a-b.

segist Jón í Fremstafelli hafi rekið ásamt Jóni, syni Halldórs sambýlismanns síns, fáeinar kindur, sem tilheyrðu þeim báðum, upp á fjall til „afréttargöngu“. Lömbin hafi verið orðin þreytt er komið var upp á fjallið og því hafi Jón Halldórsson gætt þeirra við Gljúfurárbotna meðan hann hafi fylgt eldri kindunum upp á Finnsstaðadal. Að því loknu hafi lömbin verið rekin út í svokallaðar Hálsgrænur. Jón Halldórsson greinir eins frá í yfirheyrslum yfir honum en minnist reyndar ekki á hvert lömbin hafi verið rekin. Sagði Jón Halldórsson föður sinn hafa legið í heiði við grasatekju þegar þetta gerðist.[784]

Á þessu þingi var einnig kannað hvort Jón Jónsson hefði afmarkað kind Kristjáns Jósefssonar á Halldórsstöðum í Reykjadal haustið 1811. Aðspurður um það svaraði Jón Halldórsson, sonur sambýlismanns Jóns í Fremstafelli, að hann hafi vitað til þess að Jón hafi komið með kind frá Halldórsstöðum haustið 1811 sem hann hafi sagt hafa farið yfir að Halldórsstöðum af „afréttinni“ Gönguskarði þar sem hann hafi haft allar sínar geldu kindur það sumar. Loks var Kristján á Halldórsstöðum spurður hvort hann hafi ekki vantað eina kind af „afrétti“ haustið 1811. Hann svaraði því játandi og sagðist hafa rekið sex kindur yfir Skjálfandafljót á Gönguskarðs„afrétt“.[785]

Í sóknarlýsingu árið 1840 segir Þóroddsstaðarprestur og minnist þá á „afréttarlönd“:

> Suðvestur á fjallið fram með Nípá bak við Granastaðafjall liggur dalverpið Nípárdalur innar. Suður á bak við Leikskála og fram á fjall til Gönguskarðs liggur Seljadalur. Að vestanverðu honum heitir fjallið Makki. Í útvestur við fremri enda Seljadals liggur Gönguskarð inn í Fnjóskadal norðanverðan. Í suður frá Gönguskarði á fjalli uppi liggur Finnsstaðadalur og fram gegnt Gljúfrá. Allt er þetta afréttarlönd.[786]

Afréttarítaka Helgastaða og Grenjaðarstaðar í Náttfaravíkum er getið í sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna um 1840, en Grenjaðarstaðarprestur kvartaði undan því að hafa hrakist þaðan:

> 24. Helgastaðir benificium. ... Undir hana liggja jarðirnar ... og afrétt í Náttfaravík.[787]
>
> 1. Grenjaðarstaður. ...Afréttur er eftir máldögunum í Náttfaravíkum fyrir hálft fjórða hundrað sauða, sem öðru hverju hafði notaður verið af formönnum mínum, þó ætíð í mótþróa Staðarpresta, þ.e. Þóroddsstaðar, er nú um mína tíð hefur rekið svo langt, að eg fyrir ofríki þeirra og burtrekstur á skepnum mínum hef mátt flýja með þær úr afréttinum og kaupa töluvert lakari afrétt á Reykjaheiði.[788]

---

[784] Skjal nr. 2 (271) a-b.
[785] Skjal nr. 2 (271) a-b.
[786] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 87.
[787] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 115.
[788] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 149.

Í sóknalýsingu sinni árið 1840 lýsir Þóroddsstaðarprestur Náttfaravíkum nokkuð nákvæmlega og endar lýsinguna á þessum orðum:

> Í Víkum eru afréttarlönd.[789]

Hálsprestur segir í lýsingu Háls-, Illugastaða og Draflastaðasókna árið 1839:

> Austurfjöll Fnjóskadals fram til Ljósavatns heita að austan Kinnarfjöll. Gegnum þann fjallgarð liggur svonefnt Gönguskarð til Köldukinnar, út úr hvörju ganga smádalir inn í fjöllin, einkum til suðurs, og er þetta afréttarland, einkum austan yfir úr Kinn og víðar að.[790]

Hálsprestur segir um Flateyjardalsheiði í lýsingu Háls-, Illugastaða og Draflastaðasókna árið 1839:

> sem er ½ þingmannaleið til sjóar og er afréttarland Fnjóskdælinga í úthluta dalsins.[791]

Í jarðamatinu 1849-1850 er að finna eftirfarandi umfjöllun um Ljósavatnshrepp:

> Landslagið í sveitinni er nokkuð ýmist; - í Kinn út er jarðvegur grösugur og ekki uppblásin, nema í fjallkúpu þeirri vestanverði [svo í frumriti] Kinnafelli, ... og í Náttfaravíkum niður með Skjálfandaflóa og þarnæst innaf við Skuggabjörg eru hlíðar fyrir ofan sjáfarhamra og hengiflug mjög niður hlaupnar með skriðum. Landkjarni er þar lítill nema í Náttfaravíknalandi, ...[792]

> Í Bárðardal ... og landkjarni víðasthvar í betralagi, ef hans mætti viðnjóta fyrir ágángssakir af afrjettar fje því, er sækjir þaðan í búfjár haga, einnig er sumarhagi fyrir gjeldfje sveitarmanna þegar mjög eyddur af sandfoki. ...[793]

Um Hálshrepp segir í jarðamati 1849-1850 en ekki er þess getið að þar séu sérstök afréttarlönd:

> Sá eginlegi Fnjótskadalur ofan að Dalsmynni og bygdin a Flateyardalsheiði, nýtur eingaungu kvikfjárræktar, og sum staðar allgódra landkosta, med skóglendi, einkum austanfram i dalnum að framan og á nokkru svidi i Ljósavatnsskardi, en aptur er mjög vida í sveitinni erfidt til heÿskapar, einkum utantúns. ... Sveit þessa má kalla sjálffæra að afrettarlandi, ...[794]

Á manntalsþingi á Hálsi 21. maí 1855 voru auglýstar reglur um „afréttartolla“ og fjallgöngur í sveitinni sem hreppstjórar höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Sveitarmenn voru áminntir um að fylgja reglunum sem einnig voru

---

[789] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 87.
[790] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 53.
[791] Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 53.
[792] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[793] Skjal nr. 2 (65) a-b.
[794] Skjal nr. 2 (67).

auglýstar á Grýtubakka og Svalbarði á Svalbarðsströnd. Ekki kemur fram hvað fólst í reglunum.[795]

Á manntalsþingi á Grýtubakka 23. maí 1855 voru auglýstar reglur um „afréttartolla“, upprekstur og fjallgöngur á Flateyjardalsheiði sem hreppstjórar í Hálshrepp höfðu samið og séra Björn Halldórsson í Laufási samþykkt. Ekki kemur fram hvað fólst í reglunum.[796] Sömu reglur voru auglýstar af hreppsstjórum í Hálshreppi á manntalsþingi á Svalbarði 24. maí 1855.[797]

Álitsgjörð hreppsbænda um hvernig haga skyldi upprekstri geldfjár á Flateyjardalsheiði var þinglesin á manntalsþingi á Hálsi 26. maí 1857 og aftur degi síðar á manntalsþingi á Svalbarði. Inntaks álitsgjörðarinnar er ekki getið.[798]

Í bókinni „Flateyjardalsheiði“ segir Páll G. Jónsson í Garði í Fnjóskadal (1869-1948), sem var í nábýli við Flateyjardalsheiði nær alla ævi:[799]

> Fyrsta fyrirkomulag á göngum á Heiðinni var þannig að ábúendur hverrar jarðar á þessum slóðum sáu um göngur í landi ábýlisjarða sinna eða fengu til þess hjálp þeirra fjáreigenda er þeir leyfðu upprekstur fyrir geldfé í sínu landi, sem alltítt var. Var það óskráður kröfuréttur sem enginn treysti sér til að víkjast undan. ... Þá voru afréttarpartar sem tilheyrðu einstökum jörðum eða bændum er höfðu afréttarstykki á leigu til upprekstrar. Munu þessi stykki eða ítök jarða hafa endur fyrir löngu verið gefin til hagsbóta fyrir þessar jarðir.
>
> ...
>
> Stundum og reyndar ævinlega munu stekkjarlömb setin heima, stundum allt að því viku, þangað til úr þeim var allur jarmur, og þau þá rekin til fjalls í Mógilsdal, Eyvindarárdal eða Stóruskriðubotna. ... Hálsmannatungur, Lambagrænur hafði Laufásprestur en ekki notaði hann þá afrétt ævinlega heldur rak fram á framdali, Timburvalladal eða Hjaltadal, en þá leigðu prestar þetta stykki. Höfðu Sigríðarstaðabændur það mörg ár, Arngrímur, Kristján, Skúli og Kristján, með þeim stundum Kambsstaða og Birningsstaðabændur. En þá er mér sagt að Sigríðarstaðabændur hafi síður viljað það heldur hafa þetta einir enda voru þeir að jafnaði fjármargir. Tryggvi Gunnarsson á Hallgilsstöðum og Jón Jónsson á Fornastöðum ráku vanalega í Grímsland. Voru þeir fjármargir en aftur voru Grímslandsbændur fjárfáir og þótti gott að fá lambatoll, upprekstrargjald, sem æði oft var goldinn í hagalambi ...
>
> Ég vissi til að Fremstafellsbændur ráku í Grímsland en sjaldan mun það hafa verið. En á tímabili höfðu Svalbarðsströndungar Grímsland á leigu til upprekstrar. Í Eyrarfjall ráku ýmsir Fnjóskdælingar, engir þó jafnstöðugt og Jón í Veisuseli. Lét hann ekki Ytri Jökulsá aftra sér frá þó erfið væri. ...

[795] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.58).
[796] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.59).
[797] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.60).
[798] Sbr. Skjal nr. 2 (A.6.63).
[799] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 6.

Frá því fyrsta sem ég man höfðu Ströndungar afrétt á Flateyjardalsheiði en ekki mun það þó hafa verið að staðaldri að Suðurströndungar hafi gjört mikið af því að reka út eftir en lengi höfðu Ströndungar lönd á leigu, eins og Grímsland, Saurbrýr og Heiðarhúsaland. Allt til þess að þeir fóru að brúka Vaðlaheiði fyrir fé sitt á sumrin.[800]

Síðar segir Páll um fjallskil:

Lengi fram eftir, eða til 1880, var sá hluti af Eyrarlandi er lá austan fjallgarðsins, Austurhvanndalur og Ófærutorfa gengið af Náttfaravíkurbændum en um þetta leyti hættu þeir því. Töldu mestu vitleysu að þeir gerðu þetta þar sem þetta stykki væri í Eyrarlandi í Hálshreppi. Ekki vildi fjallskilastjóri, Gísli á Þverá, hlíta þessum úrskurði þeirra og neitaði að skipta sér nokkuð af þessum göngum þar sem þetta væri gömul venja og auðsjáanlega mikið styttra og betra fyrir Víknabændur að sjá um þetta. Við það sat. Enginn fór í Hvanndalinn þetta haust.

[Síðan kemur lýsing á ferðum feðga frá Eyri í Austurhvanndal umrætt haust].

Eftir þetta hafa göngur á þessum Hvanndölum fylgt eftir göngum á Heiðinni, enda gjörðu fyrri eigendur á Eyri öll fjallskil á Lokastaðafjallskiladeild en nú er sú jörð komin í eyði. Getur verið mjög mikill vafi á því hvort Lokastaðafjallskiladeild ber að sjá um göngur þarna lengur.[801]

Lýsir Páll síðan hvernig göngum var háttað á Flateyjardalsheiði.[802]

Síðar í bók Páls er „skrá yfir afrétti, eins og hún var í Hálshreppi 1905“. Fylgir hér brot úr henni:

7. Að austan Eyrarfjall frá Urðargili suður að Stóru Skriðu. Eigandi Draflastaðakirkja.

8. Grímsland frá Stóru Skriðu að Ytri Jökulsá. Eigandi landsjóður, tilheyrir Norðursýslu umboði.

9. Hálsmannatungur frá Ytri Jökulsá að Syðri Jökulsá. Eigandi Hálskirkja.

10. Kambsmýrarland frá Syðri Jökulsá að Skeiðislæk. Eigandi Hálshreppur.

Þar fyrir innan er Austari Króka heimaland frá Skeiðislæk að Ytri Uxaskarðsá.[803]

Sýslumaður í Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, tók saman „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“. Um Ljósavatnshrepp er haft eftir oddvita:

Þrír dalir vestan byggðarinnar. Lítil lönd notuð með heimalöndum og liggja í sambandi við þau. Auk þess meginhluti Náttfaravíkna.

---

[800] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 47-48.
[801] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 50-51.
[802] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 57, 58. Sjá og bls. 85.
[803] Páll G. Jónsson: Flateyjardalsheiði, bls. 80.

Um Flateyjardalsheiði og Flateyjardal („afrétti“ Háls- og Flateyjarhreppa) er haft eftir oddvitum:

> Flateyjardalsheiði frá mörkum Flateyjarhrepps að Syðra Höfðagili að vestan og Árbugsá að austan.
>
> Afrjettarland Flateyinga er á Flateyjardal að gamalli venju. Afrjettin takmarkast að vestan af Sandskarði og liggur þar að afrjett Höfðhverfinga. Að sunnan af Eyvindará og Urðargili og að austan af Vestari-Hvanndal.

Eignarhald á „afréttum“ Ljósavatnshrepps var að sögn oddvita:

> Afrjettirnir eru eign allmargra einstakra jarða, nema Vestur-afrjett [inn af Bárðardal].

Um Hálshrepp er haft eftir oddvita:

> Austur-Flateyjardalsheiði: Eyrarfjall frá hreppamörkum, Hálsmannatungur og hálfir Austari-Krókar eru eign Hálshrepps. Grímsland, Kambsmýrar og hálfir Austari-Krókar eru eign einstaklinga.

Flateyjardalur var kominn í eyði, en sýslumaður sagði þar hafa verið 6 jarðir, allar í eyði, (aðeins nefndar 5 jarðir með nöfnum), allar í einkaeign.

Oddviti Ljósavatnshrepps sagði landið notað samkvæmt mjög fornri venju, án takmarkana, nema Náttfaravíkur, sem leigðar væru hin síðari ár samkvæmt gerðum samningi. Í Hálshreppi var að sögn oddvita upprekstur á „afréttir“ hreppsins að mestu háður sérstöku leyfi árlega af hálfu „afréttareigenda“ eða umráðaaðila, en í Flateyjarhreppi var rétturinn og notkunin samkvæmt gamalli venju.[804]

Að sögn Jóhanns Skaptasonar árið 1969 voru Hálsmannatungur „afréttarland“ Fnjóskdæla.[805]

Í svari Reykdælahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins árið 1989 um upprekstrarrétt og „afrétti“ í sveitarfélögum segir:

> Reykdælahreppur á ásamt Aðaldælahreppi eyðibýlið Kotamýrar í Ljósavatnshreppi, sem var notað sem afréttur, en hefur um árabil ekki verið notaður vegna sauðfjárveikivarna.[806]

Oddviti Ljósavatnshrepps svaraði fyrirspurninni árið 1989 þannig, að íbúar hreppsins ættu upprekstrarrétt á „afrétt“ Vestur-Bárðdæla/Bárðdælaafrétt. Ekki voru Kinnarfjöll og Náttfaravíkur nefnd sem „afréttur“.[807]

Svar oddvita Hálshrepps árið 1989 var þannig, að sveitin ætti upprekstrarrétt á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði (auk Framdala). Mörkin væru hin sömu og

---

[804] Skjal nr. 4 (113).
[805] Árbók Ferðafélags Íslands 1969. Jóhann Skaptason: Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsheiðar, bls. 83.
[806] Skjal nr. 4 (6).
[807] Skjal nr. 4 (4).

hreppamörk samkvæmt korti. Lengd hreppsins væru u.þ.b. 145 km og „afrétturinn“ næði norðan við byggð til sjávar, norður á Landsenda, norðvestan Flateyjar.[808]

Á svæðinu, sem til umfjöllunar eru í máli 4/2007, eru nú samkvæmt upplýsingum árið 2007 tvær fjallskiladeildir, Kinn, sem nær frá Krossi í suðri að Hágöngum syðri við vestanverðan Skjálfanda, og Fnjóskadalur norður og Flateyjardalur, þ.e. jarðir í Fnjóskadal frá og með Vatnsleysu og Fornastöðum/Fornhólum, Flateyjardalsheiði og Flateyjardalur að mörkum Grýtubakkahrepps. Nær sú síðari því einnig til máls 5/2007.

Lönd, sem gengin eru í Kinn, eru Víknaland og land vestan Bakranga og Skarðsmýrar, Seljadalur, Gönguskarð, Finnsstaðadalur og Litlutjarnaland. Fjallskilasjóður kostar göngur í Víkum með Austur- og Vesturdal, einnig á Mosum, Seljadal, Gönguskarði, Finnsstaðadal og Litlutjarnalandi.

Mörk milli sumarbeitilands á Flateyjardalsheiði og heimalanda eru að vestanverðu girðing úr Árbaugsá/Árbugsá við Þúfu til vesturs, þaðan norðvestur um land Vestarikróka og síðan vestur að fjallsbrún. Að austan hindrar Árbaugsá/Hólsá för fjár.[809]

Hjörleifur Guttormsson hefur í greinargerð sinni dregið stuttlega saman það helsta úr „Göngum og réttum“ hvernig smölunum á þessu svæði var háttað áður fyrr og vísast til þess.[810]

5.38.3 Afréttarmál einstakra jarða og landsvæða

Ekki verður séð í heimildum að nokkurs staðar sé talað um sveitarafrétt í því landi sem fellur undir mál 4/2007. Hins vegar er stundum talað um „afrétt“ við einstakar jarðir eða landsvæði og verður reynt að draga það hér saman, en nákvæmari umfjöllun um þau mál er í jarða- og landsvæðaköflunum hér að framan.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Finnsstaðadal:

> Finnstaðadalur kallast eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítil<ega> til hestagöngu á sumrin.[811]

Í fasteignamati 1916-1918 segir um jarðirnar Litlutjarnir, Kross, Landamótssel, Landamót, Halldórsstaði, Finnsstaði, Fellssel, og Yztafell, að þær eigi rétt til upprekstrar á „afrétt sveitarinnar“.[812] Þar mun væntanlega átt við land inn af Bárðardal. Um Halldórsstaði segir einnig:

---

[808] Skjal nr. 4 (5).
[809] Skjal 4 (2).
[810] Skjal nr. 47.
[811] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 126.
[812] Skjal nr. 2 (68).

Auk þess fylgir 1/6 af svo nefndum Finnstaðadal, en af honum fást engar tekjur.

Finnsstaðir eiga í sama mati með upprekstrarréttinum:

Auk þess 5/6 af svo nefndum Finnstaðadal.

Um Gvendarstaði segir:

Jörðin á nægilegt upprekstrarland fyrir sig.[813]

Hrappsstaðir fá umsögnina:

Jörðin hefir sérstak upprekstrarland, nægilegt fyrir sig.[814]

Þegar kemur út í sveitina, hjá Hólsgerði, Hóli og Garðshorni, nýtist „afrétt sveitarinnar“ ekki sökum fjarlægðar.

Jörðunum Hálsi og Torfunesi fylgdi sérstakt upprekstrarland, nægilegt fyrir þær. En um upprekstrarlandið á Hálsi segir:

Landamerki þess eigi ágreiningslaus.

Ófeigsstöðum og Syðri-Leikskálaá fylgdu upprekstrarlönd.[815]

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar, prófasts í Þingeyjarþingi, virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir um Seljadal með meiru, ársett af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Inntakið er að Seljadalur hafi verið gerður að „afrétt“, svo að selstöður yrðu ekki brúkaðar og kotungar hræddir frá að nýta sér landið og fari þar fram yfir takmörk sem ákærða eigin skjöl til vísi og gömul hefð votti.[816] Virðist hér vera átt við Illuga Helgason prest á Þóroddsstað.

Í jarðamatinu 1804 er vikið að afréttartekjum á Þóroddsstað:

Nr. 258. Stad eller Thoroddstade Beneficium 25 hndr. ... For Afret betales Præsten af Fremmede aarlig 1 rd.[817]

Jarðamatið 1849-1850 segir um Þóroddsstað:

N° 46 Þóroddsstaður áður talin 25 hndr. að dýrleika. ... Þar er landrými bæði heima og til afrjettar.[818]

Um Þóroddsstað er sagt í fasteignamatinu 1916-1918:

Jörðinni fylgir afréttur: Seljadalur vestan ár. Meira en nægur fyrir jörðina. Á afreitt [svo] þeirri má heyskap hafa, en erfitt mjög.

Einnig fylgdu Þóroddsstað ýmis ítök, þar á meðal:

Land ítak á Gönguskarði. … rekaítak í Náttfaravíkum og upprekstur.[819]

---

[813] Skjal nr. 2 (68).
[814] Skjal nr. 2 (68).
[815] Skjal nr. 2 (68).
[816] Skjal nr. 2 (249).
[817] Skjal nr. 2 (61).
[818] Skjal nr. 2 (65).

Um Geirbjarnarstaði og Syðri-Leikskálaá (Múlakirkjujarðir) segir í jarðamatinu 1804:

> Nr. 259. Geirbiarnar-Stadir KirkeJord til Muhle, 20 hndr. hermed bruges, Muhle Kirke tilhörende, Öde Jord Sydre-Leifskalaaae, som Beiteland. - ... For Afret betales hertil af Fremmede aarlig 1 rd.[820]

Granastaðir fá þessa umsögn í fasteignamatinu 1916-1918:

> Heimaland er notað til upprekstrar fyrir jörðina, eptir sveitarsamþykkt.

Um Björg segir sama fasteignamat:

> Afrétt fylgir, nægileg fyrir jörðina.[821]

Elsta heimild um afrétt í Náttfaravíkum er í skrá um landamerki Hafralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða, sem talin hefur verið frá 1263. Þar segir:

> gardz menn eiga oc torfskurd j bruar land oc gelldfiar Rextur i kalfagrufur j vikur, sem þarf[822]

Þessi réttindi Garðs í Aðaldal eru nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712, en þar segir:

> Geldfjárrekstur í Náttfaravíkur, brúkast ei.[823]

Samkvæmt uppskrift af skýrslu um eignir Þóroddsstaðarkirkju árið 1599 lá til kirkjunnar:

> vidun i Stadarholti í Gards lande, Fyrer Géldínga rekstur í Kálfagrafer í vkumm út.[824]

Um Garðsítakið fjallar séra Eiríkur Þorleifsson á Þóroddsstað í sjötta lið greinargerðar sinnar frá árinu 1840.[825] Vildi Eiríkur halda því fram, að „Garðsmáldagi“ sýndi að á þeim tíma hefði „ytra landið“ verið byggt, en

> stadirnir i Reikiadal hafi átt sína samEygnar afrétt þar fýrir framann á Náttfaravykur afréttar dölum,

Getið er um „afrétti“ Grenjaðarstaða-, Múla- og Helgastaðakirkna í Náttfaravíkum í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups, sem taldir eru frá árinu 1318.

Þessi ítök allra kirknanna eru nefnd í máldögum Péturs biskups Nikulássonar 1394[826], Grenjaðarstaðar- og Múlakirkna í máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar 1461[827]

---

[819] Skjal nr. 2 (68).
[820] Skjal nr. 2 (61).
[821] Skjal nr. 2 (68).
[822] Skjal nr. 2 (301). (Umfjöllun um skjalið er á bls. 2-3 í sama bindi).
[823] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 170.
[824] Skjal nr. 2 (76), sbr. skjal nr. 2 (90).
[825] Skjal nr. 2 (74).
[826] Skjal nr. 2 (191).
[827] Skjal nr. 2 (202).

og í Sigurðarregistri 1525.[828] Ítök Grenjaðarstaðarkirkju í Náttfaravíkur eru talin í úttekt staðarins árið 1391[829] og vísitasía Helgastaða árið 1429 er samhljóða Auðunarmáldaga.[830] Máldagi Múlakirkju árið 1563 nefnir þetta ítak einnig.[831]

Máldagi Ljósavatnskirkju er til frá árinu 1380. Þá átti kirkjan geldfjárrekstur í Náttfaravíkur um sumar eða eins og máldaginn segir:

> skaalaagierd oc skipstodu j vijkum vid svijninn gielldfiaar rekstur j naattfaaraa vijkur vmm sumaar[832]

Þóroddsstaðarprestur, Einar Hallsson bar 16. apríl 1560, að Staður í Kinn ætti Náttfaravíkur en staðirnir í Reykjadal ítölur samkvæmt máldögum, en Helgastaðaprestar virðast samkvæmt vitnisburðinum hafa verið farnir að gera þar meira tilkall.[833]

Guðbrandur biskup Þorláksson staðfesti haustið 1580 ályktun sex presta, sem kallaðir voru til þess að úrskurða í þrætu um Náttfaravíkur milli Helgastaða- og Þóroddsstaðarpresta, að Helgastaðakirkja ætti þar aðeins afrétt en Staður í Kinn Víkurnar.[834]

Ítaks Helgastaða með tilvísun til Grenjaðarstaðar og Múla er getið í máldagabók Guðbrands Þorlákssonar árið 1595, vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Gísla Þorlákssonar árið 1672, Jóns Vigfússonar árin 1686 og 1687, Einars Þorsteinssonar árið 1694, Björns Þorleifssonar árið 1702, Steins Jónssonar árið 1715, Halldórs Brynjólfssonar árið 1748 og Steingríms Jónssonar árið 1828.[835] Þorlákur Skúlason biskup vísar til máldaga Hóladómkirkju og Grenjaðarstaðar varðandi ítök í vísitasíu á Grenjaðarstað 1631 og Jón Vigfússon vísar einnig til máldaga árin 1686 og 1688.[836] Hins vegar nefna biskuparnir Einar Þorsteinsson og Björn Þorleifsson aðeins reka í Náttfaravík á árunum 1694 og 1702.[837] En Steinn Jónsson getur um „afrétt í Náttfaravík“ meðal ítaka Grenjaðarstaðar árið 1715.[838] Afréttarítak Grenjaðarstaðar í Náttfaravíkum er nefnt í eignaskrá Grenjaðarstaðarkirkju árið 1644.[839] Einnig í lýsingu prestakalla í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.[840]

Afréttarítaks Múla í Náttfaravíkum er getið í vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Einars Þorsteinssonar árið 1694 og Steins Jónssonar árið

[828] Skjöl nr. 2 (220) og 2 (221).
[829] Skjal nr. 2 (193).
[830] Skjal nr. 2 (195).
[831] Skjal nr. 2 (230).
[832] Skjal nr. 2 (190).
[833] Skjal nr. 2 (277).
[834] Skjal nr. 2 (27).
[835] Skjöl nr. 2 (131, 137, 141, 145, 152, 156, 160, 168, 170).
[836] Skjöl nr. 2 (134, 143, 146).
[837] Skjöl nr. 2 (150, 155).
[838] Skjal nr. 2 (162).
[839] Skjal nr. 2 (80).
[840] Skjöl nr. 2 (81 og 239).

1715.[841] Séra Gísli Einarsson í Múla lögfesti ítakið 6. júní 1693.[842] Geldfjárrekstrarítak Múla er nefnt í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.[843] En í lýsingu Múlaprestakalls 1. júlí 1839 er sagt að geldfjárreksturinn sé fyrirboðinn.[844]

Helgastaðaprestar lögfestu afréttarítakið í Náttfaravíkum margsinnis með Helgastaðaprestakalli, t.d. 1638, 1669, 1707, 1715, 1716, 1719, 1721, 1723, 1730, 1733, 1740, 1764, 1782, 1828 og 1867.[845] Lögfestum þeirra á árunum 1786 og 1812 var mótmælt af Þóroddsstaðarprestum.[846] Mótmælin árið 1812 beindust gegn því, að Helgastaðaprestur notaði „afréttinn“ fyrir annað geldfé en eigið eða færi fram úr ítölunni. Gerðu Þóroddsstaðar- og Helgastaðaprestar, Sæmundur Jónsson og Hannes Scheving, samning sín á milli árið 1786 um afréttarnot.[847] Þá er getið um „afrétt“ Helgastaðakirkju í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725.[848]

Granastaðir í Kinn áttu, samkvæmt vitnisburði Ólafs biskups Hjaltasonar frá árinu 1561, ítakarétt í Náttfaravíkur.[849]

Í bréfabók Jóns Gissurarsonar, prófasts í Þingeyjarþingi, virðast á einni síðu taldir upp allmargir ákæruliðir um Víkur (Náttfaravíkur) með meiru, ársett af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði um 1633. Viðkomandi hafi leyft og tollað Víkur svo að örtröð yrði og gert það „afréttarland“ að byggð og fyrirboðið þeim, sem ættu þar ítölu, að láta þangað búpening sinn.[850]

Lofaði séra Illugi Helgason árið 1640 að afslá allri byggingu í Náttfaravíkum með því skilyrði, að þeir, sem þar væru, mættu þar við hýrast til næstu fardaga. Staðfestu sýslumenn í Þingeyjarsýslu, Þorbergur Hrólfsson og Hrólfur Sigurðsson, skyldu Illuga að taka byggðina af.[851]

Halldór Einarsson sýslumaður auglýsti á manntalsþingi á Ljósavatni 25. maí 1705 bón prestanna að Grenjaðarstað, Múla og Helgastöðum um að hann gæti þess að ekki sé byggt í „afrétt“ þeirra Náttfaravíkum. Sýslumaður bannar Magnúsi, sem í nokkur ár hefur haldið sér uppi í nefndri „afrétt“, og öllum öðrum að setja niður byggð í eða beita „afréttina“ og minnir á hvernig tekið sé á því samkvæmt Jónsbók.[852] Mál þetta hafði einnig verið tekið upp á Helgastaðaþingi 16. maí s.á.[853]

---

[841] Skjöl nr. 2 (135, 151, 161).
[842] Skjal nr. 2 (93).
[843] Skjal nr. 2 (240).
[844] Skjal nr. 2 (94).
[845] Skjöl nr. 2 (115, 117, 119, 120, 121, 122, 123, 124, 125).
[846] Skjöl nr. 2 (126, 128).
[847] Skjal nr. 2 (127).
[848] Skjal nr. 2 (241).
[849] Skjal nr. 2 (228).
[850] Skjal nr. 2 (249).
[851] Skjal nr. 2 (116).
[852] Skjal nr. 2 (260) a-b.
[853] Skjal nr. 2 (259) a-b.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kallar Náttfaravíkur „afréttarland“, eign Staðar í Kinn utan það sem aðrir staðir ættu þar ítök.[854] Þar er einnig minnst á upprekstur Helgastaða:

> Upprekstur fyrir allan afrjettarpeníng staðarins í Náttfaravíkur hefur áður brúkast, nú ekki.[855]

Um Þóroddsstað segir í skýrslu um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725, að staðurinn hafir nóg land um sumar og góða haga, „afrétt“ í Náttfaravíkum og hálfan fiskatoll af þremur skipum.[856]

Í greinargerð séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað um Náttfaravíkur, frá 11. desember 1840, er þess getið að fé hafi komist úr Náttfaravíkum yfir í „afréttarfjöll“ Granastaða.[857]

Í jarðamatinu 1804 er vikið að afréttartekjum á Kotamýrum:

> For Afret betales hertil af Fremmede aarlig 1 rd.[858]

Ekkert er vikið að réttindum Grenjaðarstaðar-, Helgastaða- og Múlakirkna í Náttfaravíkur í jarðamati 1849-1850.[859] Um býlin Kotamýrar (þar er einnig minnst á Björg) og Naustavík með Vargsnesi segir um upprekstur og afréttarnot:

> N° 53 Kotamýrar kristsfjárjörð talin 10 hndr. að dýrleika. Landrými sæmilegt; gjeldfjáruppreksturr til hagræðis; allgóð málnyta ... Þræta er hjer á landshluta nokkrum milli Bjarga, um hvað seinna verður gjetið. ...
>
> N° 54 Naustavík með Vargsnesi ómetin. ... Landrými allmikið og gott bæði til þrifa og málnytu. Frían upprekstur fyrir eigin skjepnur. Vargness tún er lítið; að öðruleiti er lýsíngin á eingi og úthaga hinsama og á Naustavík …
>
> 2 Þrætulandið milli Kotamýra og Bjarga liggur vestan við sokallaðan bakránga; og álýtst nægur afrjettur handa 100 lömbum.[860]

Í fasteignamatinu 1916-1918 var eftirfarandi um jarðir í Náttfaravíkum: Kotamýrar höfðu verið í eyði síðan árið 1909, tún í órækt, hús niðurfallin og eigendur höfðu leigt nytjar landsins undanfarin ár fyrir 15-20 krónur.

Í Naustavík var heimaland notað til upprekstrar eftir sveitarsamþykkt.

Vargsnes hafði verið í eyði síðan 1904, en nytjar leigðar ábúanda Naustavíkur. Tún var komið í órækt, en þó heyjað en landið notað undanfarið fyrir afrétt.[861]

Árið 1920 vakti umboðsmaður Þóroddsstaðar, sem þá var ekki lengur prestssetur, máls á hvernig fara ætti með ítök jarðarinnar, þar á meðal upprekstrarland

---

[854] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 109-111.
[855] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 178.
[856] Skjal nr. 2 (242).
[857] Skjal nr. 2 (74) a-b.
[858] Skjal nr. 2 (61).
[859] Skjal nr. 2 (66).
[860] Skjal nr. 2 (65).
[861] Skjal nr. 2 (68).

í Náttfaravíkum. Endaði það þannig að Stjórnarráðið skrifað sýslumanni 18. janúar 1921 og tilkynnti honum að umrædd ítök skyldu framvegis fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðarprestakalls, Vatnsenda.[862]

Við sölu á 24 hndr. í Fremstafelli í Kinn 24. maí 1433 eru talin með Grímsstaðaland (Grímsland) og afrétt á Flateyjardalsheiði.[863] Hálft Fremstafell var selt 30. nóvember 1485 (10. janúar 1486) með ítölum þ.á m. „afrétt“ öllu geldfé á Flateyjardalsheiði og hálft Grímsstaðaland.[864]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er þessi umsögn um Grímslandseign Fremstafells:

> ... af því hefur ábúandi ekki gagn, með því það liggur í fjarska, en áður hafa þeir fengið eftir þetta land x eða xx álna virði.[865]

Í lýsingu Fremstafells árið 1878 sem umboðsjarðar Munkaþverárklausturs segir að því fylgi selland sem nefnist Grímsland. Þar sem landið liggi í miðri Flateyjardalsheiðarafrétt virðist alrangt að hafa þar byggð lengur heldur leigja sem „afréttarland“.[866]

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, var útbúið 16. janúar 1885.[867]

Í fasteignamatinu 1916-1918 segir m.a. um Grímsland:

> Jörðin hefir verið í eyði mjög lengi ... Tún og engi var lítið, en landrými talsvert og kjarngott, nú óhugsandi að hafa landsins önnur not, en sem upprekstrarland, sökum legu sinnar á Flateyjardalsheiði svo nefndri, ... Sem stendur mun upprekst<r>argjald gefa bruttó 15 krónur. ...[868]

Auðunarmáldagar frá 1318 segja Hálskirkju eiga afrétt á heiði út, Hálsmannatungur.[869]

Þessa ítaks Hálskirkju er getið með sömu orðum í máldögum Péturs Nikulássonar (1394), máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar (1461), eignaskrá frá árinu 1523, máldaga 21. september 1565 og máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, í vísitasíum biskupanna Þorláks Skúlasonar árið 1631, Gísla Þorlákssonar 1680 (nema þá er talað um Hálfsmannatungur), Einars Þorsteinssonar 1694, Björns Þorleifssonar 1702 og Steingríms Jónssonar 1828.[870] Hins vegar segir í vísitasíu Jóns Vigfússonar

---

[862] Skjal nr. 2 (285).
[863] Skjal nr. 2 (198).
[864] Skjal nr. 2 (213).
[865] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 125.
[866] Skjal nr. 2 (256).
[867] Skjal nr. 2 (17) a-b.
[868] Skjal nr. 2 (70).
[869] Skjal nr. 2 (185).
[870] Skjöl nr. 2 (191, 203, 98, 231, 130, 133, 139, 153, 154, 173).

biskups árið 1687 að máldagabókin (þ.e. vísitasíubók Þorláks Skúlasonar) haldi að kirkjan eigi afrétt á heiði út, Hálsmannatungur.[871]

Hins vegar virðist orðinn einhver ruglingur þegar Steinn Jónsson biskup vísiterar Hálskirkju árið 1715:

> Kirkiann á heimaland alt ... afriett á heide ut; Hals manna tungur (Þær helldur heidarlegur Senior Sr Jon Tómasson ad Sieu plátz, sem á flatEýardalssheide er nu kallad almenningur), ...[872]

Jón Tómasson hefur e.t.v. ruglað Hálsmannatungum saman við Almenning á Flateyjardalsheiði og ekki verið einn um það því að Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um ítakaeignir Hálskirkju:

> Afrjettarland á Flateyjardalsheiði, sem máldaginn kallar Hálsmannatungu*r*. Enginn veit nú hvar sá afrjettur er, og aldrei hefur staðurinn hans notið, svo menn viti.[873]

Jarðabók Árna og Páls segir Þverá í Dalsmynni eiga hálfar Lambatungur (þ.e. Hálsmannatungur)[874] og í umfjöllun um Draflastaði að kirkjan þar eigi hálfar Lambatungur.[875]

Hálsprestar lögfestu Hálsmannatungur nokkrum sinnum. Til eru tvær óársettar lögfestur sem munu vera frá því kringum 1600. Önnur virðist hafa verið lesin 1629, 1630 og 1631 þó að ekki sé getið við hvaða tækifæri.[876] Yngri lögfestur eru frá árinu 1725,[877] 1726,[878] 1744,[879] 1745[880] og 1830.[881] Sömuleiðis hafa þær verið lögfestar árið 1724.[882]

Deilur voru uppi um Hálsmannatungur milli Hálsprests og ábúanda og eiganda Þverár í Dalsmynni á árinu 1743 og væntanlega lengur. Ekki hefur fundist endanlegur úrskurður í því máli en ekki verður séð að Þverármenn hafi gert tilkall til Hálsmannatungna eða Lambatungna eftir það.[883]

Landamerkjalýsing „afréttarinnar“ Hálsmannatungna fylgir landamerkjabréfi Háls í Fnjóskadal frá 2. júní 1890.[884]

---

[871] Skjal nr. 2 (144).
[872] Skjal nr. 2 (163) a-b.
[873] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 91.
[874] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 107.
[875] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 72.
[876] Skjal nr. 2 (100) a-b.
[877] Skjal nr. 2 (110) a-b.
[878] Skjal nr. 2 (101) a-b.
[879] Skjal nr. 2 (102) a-b.
[880] Skjal nr. 2 (103) a-b.
[881] Skjal nr. 2 (107) a-b.
[882] Sbr. skjal nr. 2 (A.6. án nr.). Lögfesta þessi er í dómabók Benedikts Þorsteinssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu 1719-1724 í British Library, merkt BL. Add 11096.
[883] Skjöl nr. 2 (109) a-b, 2 (110) a-b og 2 (58). Sjá einnig skjal nr. 2 (180) a-b.
[884] Skjal nr. 2 (23).

Þórhallur Bjarnarson biskup skrifaði prófasti í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi 25. janúar 1910 og sagði Lambatungur vera hið sama og Hálsmannatungur[885]

Sala á Hálsmannatungum var til umræðu á árunum 1914-1916. Stóð Hálshreppi til boða að kaupa landið en ágreiningur varð um verð.[886] Ekkert afsal hefur fundist en víða er talað um þær sem eign Hálshrepps.

Um hjáleiguna Kambsmýrar segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712:

> Kambsmýrar. Eyðihjáleiga, bygð í afrjettarlandi út á Flateyardalsheiði hér um fyrir 50 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.[887]

Kambsmýrar hafa væntanlega verið notaðar til upprekstrar þegar þar var ekki búið því að í prófastsvísitasíu á Draflastöðum 5. október 1751 er sagt að óvíst sé hvort lambatollur af Kambsmýrum tilheyri Draflastaðakirkju eða sjálfri jörð.[888] Í jarðamati 1804 er eftirfarandi um Kambsmýrar:

> For Afret betales af Fremmede aarlig 1 rd. - [889]

Kambsmýrar voru í eyði þegar fasteignamat var gert á árunum 1916-1918. Þar segir m.a.

> Undanfarið hefur landið verið notað til upprekstrar og slægna, en tiltölulega lítið, þar eð upprekstrarlönd eru allmikil umhverfis, en erfitt um heyskap …[890]

Sama mat segir um Draflastaði:

> Búfjárhagar: Jörðin á landsítak á Gönguskarði.[891]

Jarðamat 1804 telur afréttartekjur í Garði:

> Nr. 280. Gardur Selvejer Jord ... For Afret betales af Fremmede aarlig 64 <s.>- [892]

Í fasteignamati 1916-1918 segir um jarðirnar Austarikróka og Garð, hvora fyrir sig:

> Upprekstrarland fyrir jörðina sjálfa, en lítið meira.[893]

Ytrihóll fær í sama mati umsögnina:

> Upprekstrarland fylgir, sem jörðinni nægir.[894]

Og um Syðrihól segir í sama mati:

---

[885] Skjal nr. 2 (284).
[886] Skjöl nr. 2 (282) og 2 (283).
[887] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, bls. 73.
[888] Skjal nr. 2 (248) a-b.
[889] Skjal nr. 2 (63).
[890] Skjal nr. 2 (70).
[891] Skjal nr. 2 (70).
[892] Skjal nr. 2 (63).
[893] Skjal nr. 2 (70).
[894] Skjal nr. 2 (70).

Upprekstrarland hefur jörðin fyrir sig.[895]

Samkvæmt sama fasteignamati átti Draflastaðajörð landsítak á Gönguskarði.[896]

[895] Skjal nr. 2 (70).
[896] Skjal nr. 2 (70).

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Sameiginleg atriði á svæði 6

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirliggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þessara gagna við það mál sem hér er til umfjöllunar. Í framhaldinu verður einnig sérstaklega hugað að því hvort í nýjum dómum um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afréttarsvæða megi greina áherslumun sem tilefni gefi til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.[897] Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (svæði 1), er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum nr. 1-5/2001 (svæði 2) er í kaflanum *Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar* aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki með úrskurðum í málum nr. 1-9/2003 (svæði 3), 1-6/2004 (svæði 4) og 1-5/2005 (svæði 5). Sami viðauki fylgir hér og með öðrum úrskurðum í málum nr. 1-5/2007 (svæði 6).

Sú umfjöllun um einstök landsvæði sem hér fer á eftir er í beinu samhengi og samræmi við áðurnefndar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, ásamt viðauka við þær, og vísar til þeirra, sbr. einnig kafla 6.1.2.-6.1.3. hér á eftir.

6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 31. maí 2006, nánar tiltekið kafla 6.1.1. í málum nr. 1-6/2004 (svæði 4), var þannig fjallað sérstaklega um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005. Svo sem þar segir verður sú

[897] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á skýrslu Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings, sbr. skjal nr. 47, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland.

Í þeim úrskurðum sem kveðnir voru upp 29. maí 2007, nánar tiltekið kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), tók óbyggðanefnd einnig afstöðu til þess hvort þeir dómar sem þá lágu fyrir gæfu tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki. Þá skal þess getið að í sömu málum, kafla 6.1.2., var gerð almenn grein fyrir stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi.

Frá því óbyggðanefnd kvað upp síðastnefnda úrskurði, í málum nr. 1-5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á framangreindri niðurstöðu, þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

6.1.3 Afréttir einstakra jarða og stofnana

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, sbr. kafla 6.1.1. og viðauka. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum

jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta

> og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn

til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum

nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessu toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[898] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

6.3 Knarrareyri og Eyrarfjall

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Knarrareyrar og Eyrarfjalls (Knarrareyrarlands) gera einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1., 3.2. og 3.3.

Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur fyrir ofan 500 m hæðar upp af Flateyjardal, nær austur yfir Víknafjöll og niður að sjó að austan. Svæðið er bratt og fjalllent. Að austan rís land skarpt úr sæ, með nær samfellda sjávarhamra. Nyrst liggja Hágöng ytri (645 m), brött með sjávarhamra norðan og austan til. Vestur-Hvanndalur er alldjúpur dalur sem skerst niður í fjallgarð Kinnarfjalla austan frá innan Háganga. Litlu sunnar liggur Austur-Hvanndalur sem skerst frá austri til suðvesturs í Víknafjöll.

6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið

[898] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd, og komi það m.a. fram í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi, enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé

Ekki sé fallist á lýsingar eigenda Knarrareyrar/Eyrarfjalls. Talið er að umrædd jörð geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk. Þá séu merkjalýsingar óljósar á svæðinu til fjalls, t.d. „á fjall upp“, og „í hæsta fjallshrygginn“.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Knarrareyrar, er því haldið fram að sú afstaða ríkisins að viðurkenna ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum, hefð, venju eða öðrum sögulegum heimildum. Byggt sé á þinglýstum landamerkjum sem gerð hafi verið fyrir fjórum kynslóðum og öðrum eldri gögnum um jörðina. Landamerkin hafi verið skráð og þinglesin og þar með staðfest af þar til bærum valdsmanni og hafi síðan verið virt af hinu opinbera valdi og einkaaðilum. Gögn þessi hafi síðan verið fullkomin sönnun um eignarrétt að jörðinni og um merki hennar. Þá hafi lánastofnanir hins opinbera og einkaaðila byggt traust á þessum gögnum og eigendur jarða verið skattlagðir samkvæmt þeim. Eigendur jarðanna hafi mátt treysta því að ríkið breytti ekki afstöðu sinni til landamerkjanna eftir allan þennan tíma. Á því er byggt að núverandi eigendur séu í góðri trú um eignarheimildir sínar og landamerki. Þeir hafi ekki staðið að gerð þeirra og þeim sé ekki nákvæmlega kunnugt um hvaða gögn hafi verið fyrir hendi þegar landamerkin hafi verið gerð. Góð trú gagnaðila njóti lagaverndar en því til stuðnings er vísað til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu.

Því er haldið fram að séu umræddar eignarheimildir ekki fullnægjandi sönnun um beinan eignarrétt þá verði hann talinn sannaður með eignarhefð, enda hafi verið í gildi ákvæði um eignarhefð í íslenskum lögum allt frá árinu 1281. Merki jarðanna séu skýrt afmörkuð í landamerkjabréfum og ekki sé umdeilt að eigendur hafi nýtt land jarðanna með þeim hætti sem aðstæður hafi leyft á hverjum tíma. Hafnað er því viðhorfi ríkisins að ekki hafi verið unnt að stofna til eignarréttar með *occupatio* yfir í einskis manns landi eftir lögtöku Jónsbókar 1281. Það sé fyrst með lögtöku þjóðlendulaga sem það sé óheimilt.

Því er mótmælt að ríkið geti byggt kröfulínu sína á óljósum lýsingum Landnámu en þar sé aðallega getið um hverjir námu hvað en ekki nákvæmlega fjallað um landamerki numinna jarða. Mótmælt er þeim skilningi ríkisins að þögn Landnámu um nákvæma stærð landnáms jarðanna inn til landsins sé túlkuð með þeim hætti sem ríkið geri. Þá er bent á að veður- og gróðurfar hafi verið annað og hagstæðara á

landnámstíma en síðar varð og byggð landsins og nýting verið með allt öðrum hætti. Byggðin hafi náð upp í 6-700 metra hæð, eins og nýjar rannsóknir fornleifafræðinga sanni. Loks er vísað til eignadóms aukadómþings Þingeyjarsýslu frá 20. maí 1975.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda Knarrareyrarlands, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum.

Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálabækur, metið jörðina til fasteignamats og skráð hana í landskrá fasteigna sem eiganda og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Knarrareyrar/Eyrarfjalls umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða eða hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Loks sé mótmælt þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana.

Samkvæmt. meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Knarrareyrar rakin í kafla 5.2, sjá einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.[899]

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins hefur verið vísað til eignardóms aukadómþings Þingeyjarsýslu frá 20. maí 1975 í máli bræðranna Hólmgeirs og Stefáns Árnasona gegn krefjanda eignarréttar. Í dómsorði segir svo: „Viðurkenndur er eignarréttur stefnanna (svo), Hólmgeirs Árnasonar og Stefáns Árnasonar, að jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal í Hálshreppi.“ Dómur þessi grundvallast á ákvæði 220. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála, nr. 85/1936. Samkvæmt greininni veitti eignardómur dómhafa heimild til yfirráða og ráðstafana eins og hann hefði í höndum afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal. Ljóst er þannig að dómhafi er ekki í annarri eða betri stöðu en afsalshafi, sem getur samkvæmt almennum reglum þurft að færa á það sönnur að í afsali hafi falist raunveruleg yfirfærsla á eignarréttindum. Má í því sambandi t.d. vísa í dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málinu nr. 47/2004 (Afréttur Biskupstungna norðan vatna) og 11. maí 2006 í málinu nr. 496/2005 (Breiðármörk). Af framangreindum eignardómi aukadómþings Þingeyjarsýslu leiðir því hvorki að í „jörðinni Eyri (Knarrareyri) á Flateyjardal“ felist tiltekin eignarréttindi né afmörkun hugsanlegs réttindasvæðis.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 16. apríl 1885, þinglesið 27. maí sama ár, en eldri merkjalýsingar liggja ekki fyrir. Athugun þessi tekur til þeirra merkja sem varðað geta ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Grímslands til suðurs og Naustavíkur og Vargsness til suðausturs. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Knarrareyrar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Í landamerkjabréfi Knarrareyrar segir svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá.“ Norðurmerki Grímslands miðast einnig við „Stóraskriðu, eða Stóruskriðulæk“ og austurmerki við „fjallsbrún“, samkvæmt landamerkjabréfi þess frá 1885. Bréf Grímslands og Knarrareyrar bera gagnkvæmar áritanir. Eldri heimildir um merki Grímslands liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.4.

Um austanverð suðurmerki Knarrareyrar, gagnvart Naustavík og Vargsnesi, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í

[899] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Bréfið er áritað vegna þessara landsvæða en ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þau. Samræmi er milli þessarar lýsingar landamerkjabréfsins á austanverðum suðurmerkjum Knarrareyrar og eldri heimilda um mörk Náttfaravíkna til norðurs, sbr. kafla 6.7 um Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar. Í kröfulýsingu þinglýsts eigenda „Naustavíkur-Vargsness“ í máli þessu er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Knarrareyrar.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um Knarrareyri og Grímsland er þannig notað orðalagið „á fjall upp“, og „fjallsbrún“ um austurmerkin, upp af Flateyjardal, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar fyrir þau svæði til suðuráttar sem fjallað verður um í síðari köflum. Víknafjallamegin er merkjum Knarrareyrar lýst „uppá hæsta fjallhrygginn“. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Knarrareyrar hafi verið talin ná austur yfir fjallgarðinn upp af Flateyjardal og til sjávar að austan. Í samræmi við þetta var sá hluti Knarrareyrarlands sem Hálshreppur keypti með afsali, dags. 4. júlí 1953, og nefndur Eyrarfjall, afmarkaður með „Háfjalli að austan.“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðarinnar Knarrareyrar. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf jarðarinnar Knarrareyrar var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að merkjum hennar sé þar rétt lýst, enda þótt sú lýsing sé ekki fullkomlega skýr. Landamerkjabréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið

hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Knarrareyrar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Um upprekstur og afrétt í Eyrarfjalli er fjallað í nokkrum heimildum, sbr. rit Páls G. Jónssonar um Flateyjardalsheiði og yfirlit sýslumanns frá árinu 1959. Umfjöllun þessi er almenns eðlis og óljós. Óbyggðanefnd telur að umræddar heimildir endurspegli beitarafnot á landi jarðar og geti ekki leitt til þess að land á þessu svæði, innan merkjalýsingar jarðar, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land hennar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki sýnt fram á að land innan landamerkjabréfs Knarrareyrar hafi að einhverju leyti stöðu afréttar að lögum og að umræddar heimildir endurspegli fremur beitarnot á hálendari hlutum jarðarinnar. Skal í þessu sambandi sérstaklega vísað til almennrar umfjöllunar óbyggðanefndar um hugtökin jörð og afréttur, sbr. einkum kafla 4.4. og 4.5. í viðauka með úrskurði þessum.

Verður því lagt til grundvallar að eyðijörðin Knarrareyri hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur jarðarinnar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting heiðarlands jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendishlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Knarrareyrar sé þjóðlenda. Rannsókn

óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[900] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Knarrareyrar (nú Knarrareyrar og Eyrarfjalls), svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.4 Grímsland

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstur eigandi Grímslands gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur fyrir ofan 60 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni, en rís síðan skarpt til austurs. Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Upp af Austurheiði er Skálavíkurhnjúkur 1129 m og norðan undir honum skarðið sem var aðalleiðin upp úr Stóruskriðubotnum yfir í Náttfaravíkur og liggur sú leið í yfir 800 m hæð. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjöklar í botnum og skálum undir hæstu tindum. Þannig eru talsverðar jökulfannir norðan undir Jökulfelli og Skálavíkurhnjúk.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en landnám ekki tekið til fjalla og öræfa sunnan dala á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi, enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að svokallað Grímsland hafi frá fornu fari verið afréttareign Fremstafells, en þó geti heimildir um einhverja búsetu á svæðinu á fyrri tíð en takmarkaða þó, skv. m.a. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Svæðið hafi þegar verið talið afréttarland um 1400, og

[900] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

verið það meira og minna síðan. Af því megi ætla að eingöngu hafi verið um afréttareign að ræða.

Af hálfu Þingeyjarsveitar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálabækur, metið til fasteignamats, skráð eiganda í landskrá fasteigna og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Grímslands hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki merki jarða né hreppa hafi tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum, hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi hvorki náð til heiða né fjalllendis framangreindrar jarðar, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnsýsluréttar sé ríkinu óheimilt

að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Grímslands er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.37 um sel og kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Svo sem þar kemur fram er fyrst getið um „...grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi“ í heimild frá 14. öld og það talið tilheyra Efstafelli/Fremstafelli í Köldukinn. Jörðin Efstafell/Fremstafell liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Grímslandi af fjölda annarra landsvæða. Búseta á Grímslandi hefur verið stopul, óljóst um upphaf hennar og landið lengi nýtt til sumarbeitar. Árið 1885 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir „afréttarlandið Grímsland, er fylgir jörðinni Fremstafelli“. Ljóst er að við gildistöku þjóðlendulaga hafði landsvæði þetta stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[901] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í áðurnefndu landamerkjabréfi „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, sem gert var 16. janúar 1885 og þinglesið 27. júní sama ár. Undir landamerkjabréf Grímslands frá 1885 skrifar umboðsmaður klausturjarða en Fremstafell var meðal þeirra. Eldri merkjalýsingar hafa ekki komið fram, en til er ódagsett og óundirritað bréf úr jarðaskjölum Þingeyjasýslu. Það verður ekki talið hafa þýðingu í þessu sambandi. Athugun merkja tekur til Grímslands í heild sinni, enda allt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er kröfusvæði Knarrareyrar (Eyrarfjalls) til norðurs, Naustavíkur, Vargsness og Kotamýrar til austurs og Hálsmannatungna til suðurs. Til vesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.5. og 6.6. um Heiðarhús og Eyvindará. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Grímslands með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Grímslands, gagnvart Knarrareyri, er þannig lýst í landamerkjabréfinu frá 1885 að þar ráði „Stóraskriða, eða Stóruskriðulækur“. Þessi lýsing er í samræmi við lýsingu á suðurmörkum Knarrareyrar í landamerkjabréfi frá 16. apríl 1885, þinglesið 27. maí sama ár. Þar segir svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp, og að neðan beint úr gilinu niður miðja skriðuna í Dalsá.“ Eldri heimildir um merki Knarrareyrar liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.3. Bréf Grímslands og Knarrareyrar bera gagnkvæmar áritanir.

[901] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Suðurmerki Grímslands, gagnvart Hálsmannatungum, miðast samkvæmt landamerkjabréfi hins fyrrnefnda við Ytri-Jökulsá. Norðurmerkjum Hálsmannatungna er eins lýst í landamerkjabréfi Hálskirkju frá 2. júní 1890 og fjölda eldri heimilda, sbr. kafla 6.5, og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Ytri-Jökulsá kemur úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli.

Um austurmörk Grímslands, gagnvart Naustavík og Vargsnesi auk Kotamýra, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan er fjallsbrúnin.“ Bréfið er ekki áritað vegna þessara landsvæða og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þau. Ekkert verður heldur ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. kafla 6.7 um Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar. Í kröfulýsingu þinglýsts eiganda „Naustavíkur / Vargsness“ í máli þessu er m.a. vísað til lýsingar í landamerkjabréfi Grímslands. Sama máli gegnir um kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra, en þær eru ekki til í afsals- og veðmálabókum.

Vesturmerki Grímslands, gagnvart Heiðarhúsum og Eyvindará, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, miðast við Dalsá að því er greinir í landamerkjabréfinu 1885. Bréf Grímslands er áritað vegna Heiðarhúsa og öfugt og lýsingin er í samræmi við austurmerki þeirra, sbr. landamerkjabréf Heiðarhúsa, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Í landamerkjabréfi Eyvindarár, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887, er einnig miðað við Dalsá, enda þótt gagnkvæmar áritanir skorti.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Knarrareyri, Grímsland og Hálsmannatungur, er notað orðalagið „á fjall upp“ og „fjallsbrúnin ráði“ um austurmerkin. Í tilviki Kambsmýra, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en sunnan Hálsmannatungna, segir „hæsta fjallsbrúnin“ í landamerkjabréfi frá 1885, sbr. kafla 6.6. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra, sunnan Hálsmannatungna, bendir einnig til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun til austurs, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Grímslands, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Grímslands hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Grímslands. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“ var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst. Á henni hefur verið byggt síðan, án þess að séð verði að komið hafi fram ágreiningur eða athugasemdir, yfirvalda eða annarra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fyrir liggur að Grímsland hefur legið undir jörðina Fremstafell svo lengi sem heimildir ná, og þar til það var selt Hálshreppi á árinu 2001, en landfræðilega aðskilið frá þeirri jörð og afmarkað í sérstöku landamerkjabréfi.

Elsta fyrirliggjandi heimild, þ.e. sölubréf frá árinu 1363, greinir frá því að með Efstafelli/Fremstafelli fylgi m.a. hálft „...grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi“. Af framangreindu orðalagi verður ekki ráðið að Grímsland hafi á þeim tíma haft stöðu afréttar. Samkvæmt sölubréfi fyrir Fremstafelli frá árinu 1433 fylgir „grimstada lande ok afrett aa flateyiardals heide“, sbr. ekki svipað orðalag í sölubréfi frá 1485. Óljóst er hvort og þá hvaða munur er þá gerður á þessu tvennu. Byggð í Grímslandi virðist hafa verið stopul og skammvinn a.m.k. frá því á 17. öld. Heimildir um eignir Fremstafells frá 18. og 19. öld nefna Grímsland „heimaland Fremstafells“, „kot“, „land“, „eyðibýli“, „jörð“ og „selland“, sbr. m.a. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, Jarðabók Munkaþverárklausturs frá 1760 og lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklausturs frá 1878. Ítrekað kemur fram að Grímsland sé á Flateyjardalsheiði og stundum segir að það sé í afréttarlandi, sbr. einkum lýsingu Laufássóknar frá 1840 og lýsingu á umboðsjörðum Munkaþverárklausturs frá 1878. Í nokkrum síðari tíma heimildum er fjallað um upprekstur og afrétt í Grímslandi, sbr. rit

Páls G. Jónssonar um Flateyjardalsheiði og yfirlit sýslumanns frá árinu 1959. Um eignarhaldið segir í fyrrnefndu heimildinni að eigandinn sé landssjóður og hinni síðari að um eign einstaklinga sé að ræða.

Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir benda til þess að á Grímslandi hafi verið búið í skjóli Fremstafells þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Að öðru leyti hafi landið verið nýtt sem beitiland og leigt út sem slíkt. Heimildir um forræði Fremstafells á Grímslandi ná allt aftur til 14. aldar og ráðstafanir fyrirsvarsmanna þess á svæðinu til búsetu má rekja allt aftur til 17. aldar svo öruggt sé. Á þeim landsvæðum sem næst Grímslandi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að Grímsland hafi ýmist haft stöðu kots eða afréttar Fremstafells, í þeim skilningi að jörðin hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.[902] Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar landsvæðisins á tilteknum tíma en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að eyðikotið Grímsland hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind voru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur Fremstafells og síðar Hálshreppur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Grímslands hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjalllendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

[902] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Grímslands sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[903] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Grímsland, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.5 Hálsmannatungur

6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu Þingeyjarsveitar hefur verið afmarkað sem Hálsmannatungur og gerð krafa til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.5.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 100 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni, en rís síðan skarpt til austurs í allt að 1000 metra hæð. Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardal, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjöklar í botnum og skálum undir hæstu tindum.

6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að Hálsmannatungur hafi frá fornu fari verið afréttarland Hálskirkju, en ekki er getið neina búsetu á svæðinu á fyrri tíð.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Þingeyjarsveitar, er byggt á landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið

[903] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti. Eignarheimild hreppsins finnist ekki en jörðin hafi verið talin í eignaregistri hreppsins í fullan hefðartíma, a.mk. frá 1922. Jörðinni hafi ekki verið gefið sérstakt landnúmer og hún finnist ekki í veðmálabókum. Hún hafi verið nýtt sem beitiland.

Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Hálsmannatungna hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki merki jarða né hreppa hafi tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréf Hálsmannatungna hafi verið gert. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Hálsmannatungum er rakin í kafla 5.4. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að þeirra er fyrst sérstaklega getið í heimild frá 14. öld og nefndar afréttur

Hálskirkju. Jörðin Háls liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Hálsmannatungum af fjölda landsvæða. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[904] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“, dags. 2. júní 1890 og þingl. 16. júní 1890. Í bréfinu er fyrst lýsing á merkjum kirkjustaðarins, þá undirritanir þar að lútandi og því næst yfirskriftin „Ítök Háls Beneficii“. Þar undir segir svo: „Afrétt fylgir Beneficis á Flateyjardalsheiði. Hálsmannatungur.“ Loks er lýsing á merkjum þeirra og undirritanir þar að lútandi. Einnig er til fjöldi eldri heimilda um merki Hálsmannatungna til norðurs og suðurs, vísitasíur, kirkjustólar, vitnisburðir, lögfestur o.fl., sem ná allt aftur til 16. aldar. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda allt innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Grímslands til norðurs, Kambsmýra til suðurs og Kotamýra til austurs, sbr. kafla 6.4., 6.6. og 6.7. Til vesturs eru landsvæði sem fjallað er um í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.4. um Almenning og 6.5. um Heiðarhús. Að fenginni niðurstöðu um merki Hálsmannatungna með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norður- og suðurmerkjum er þannig lýst í landamerkjabréfi Hálskirkju að þar ráði Ytri- og Syðri-Jökulsá. Sama máli gegnir um fjölda eldri heimilda, vísitasíur, kirkjustólar, vitnisburðir, lögfestur o.fl., sem ná allt aftur til 16. aldar. Hér skal þess getið að ár þessar koma báðar úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Lýsing á suðurmörkum í landamerkjabréfi „afréttarlandsins Grímslands, er fylgir jörðinni Fremstafelli“, sem gert var 16. janúar 1885 er í samræmi við framangreint og bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Sama máli gegnir um norðurmerki Kambsmýra, skv. landamerkjabréfi þeirra frá 20. apríl 1885, sem samþykkt er vegna Hálskirkju. Engar eldri merkjalýsingar eru til fyrir Grímsland en eldri heimild um merki Kambsmýra er framangreindu einnig til stuðnings, sbr. kafla 6.4. og 6.6.

Vesturmerki Hálsmannatungna, gagnvart Heiðarhúsum og Almenningi, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, miðast við Dalsá að því er greinir í landamerkjabréfinu 1890. Bréfið er áritað vegna Heiðarhúsa og merkjum er eins lýst í landamerkjabréfi Heiðarhúsa, dags. 5. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887. Austurmerki Almennings, samkvæmt landamerkjabréfi frá 6. desember 1882 sem

[904] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

þinglesið var 18. júní 1884, eru miðuð við Heiðará, sem svo er nefnd þar, en Dalsá í öðrum landamerkjabréfum á svæðinu. Bréf Almennings er ekki áritað vegna Hálsmannatungna. Eldri heimildir um þessi merki eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.4. og 6.5. í máli nr. 5/2007.

Um austurmörk Hálsmannatungna, gagnvart Kotamýrum, segir svo í landamerkjabréfinu 1890: „Að austan: Fjallsbrún.“ Bréf Hálskirkju er ekki áritað vegna Kotamýra og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þær. Ekkert verður ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. einnig kafla 6.7 um Kotamýrar, en í kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra er m.a. vísað til lysingar í landamerkjabréfi Hálsmannatungna.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Grímsland, Hálsmannatungur og Kambsmýrar er miðað við „fjallsbrún“ og „hæstu fjallsbrúnir“ um austurmerkin. Í tilviki Knarrareyrar, sem einnig liggur í austanverðum Flateyjardal en norðan Grímslands, segir „á fjall upp“ í landamerkjabréfi frá 1885, sbr. kafla 6.3. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er ítrekað miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra, sunnan Hálsmannatungna, bendir einnig til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Hálsmannatungna, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, eldri merkjalýsingar og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Hálsmannatungna hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Hálsmannatungna, svo sem þær eru afmarkaðar í landamerkjabréfi „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“ frá árinu 1890. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framan-greindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi

menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „Háls Beneficii staðar í Fnjóskadal“ var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Af heimildum er ljóst að Hálsmannatungur hafa legið undir Hálskirkju en landfræðilega aðskilið frá kirkjujörðinni og afmarkað í sérstöku landamerkjabréfi, þar sem það er nefnt „ítak“ og „afrétt“. Þess er jafnan getið í tengslum við afréttarnot, sbr. fjölda heimilda sem rekja má allt aftur til 14. aldar, máldaga, vísitasíur, vitnisburði og lögfestur, auk Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekkert bendir til að þar hafi verið byggð og engin gögn liggja fyrir um önnur not en sumarbeit. Svæðið er að mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Hálsmannatungur hafi verið afréttur Hálskirkju í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hálsmannatungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hálsmannatungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að

þar sé þjóðlenda.[905] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið í afréttareign Hálskirkju en umráðum sveitarfélagins frá því á fyrri hluta síðustu aldar, án þess þó að það geti fært fram skriflega heimild fyrir þeim. Í máli þessu liggur fyrir að í byrjun 20. aldar leitaði Hálshreppur eftir því að kaupa Hálsmannatungur af Stjórnarráðinu, með milligöngu Sýslumanns Þingeyjarsýslu. Engin gögn liggja fyrir um að samningar hafi náðst um verð en í máli þessu gera ekki aðrir kröfur til Hálsmannatungna en Þingeyjarsveit.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Hálsmannatungur, svo sem þær eru afmarkaðar hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að norðan er miðað við Ytri-Jökulsá. Að austan ræður fjallsbrún. Að sunnan er miðað við Syðri-Jökulsá. Að vestan ræður Dalsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Þingeyjarsveitar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í Dalsá samkvæmt 7. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

6.6 Kambsmýrar

6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstur eigandi Kambsmýra gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.6.

Austur og upp af flatlendi við Dalsá, í Flateyjardals, er Austurheiði. Ofan hennar rís yfir 30 km langur fjallgarður og ná einstakir hnjúkar í yfir 1200 m hæð. Norðan til heitir fjallagarðurinn Víknafjöll og tengjast þau til suðurs Kinnarfjöllum. Upp af Austurheiði er hæstur Kambsmýrarhnjúkur 1211 m. Víða í fjallgarðinum austan Flateyjardals eru jökulfannir og litlir skriðjöklar í botnum og skálum undir hæstu tindum. Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 200 m hæð upp af austanverðri Dalsá. Undirlendi er hallalítið og gróið með ánni og land rís til austurs í Austurheiði upp í 1210 metra hæð í Kambsmýrarhnjúk. Nokkrar ár renna af fjalli til vesturs í Dalsá.

6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið

[905] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Byggt sé á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Af gögnum megi ráða að Kambsmýrar hafi frá fornu fari tilheyrt Draflastaðakirkju, en verið seldar á síðari hluta 18. aldar.

Af hálfu gagnaðila, þinglýsts eiganda Kambsmýra, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti. Ríkið hafi skráð jörðina í veðmálabækur, metið jörðina til fasteignamats og skráð hana í landskrá fasteigna sem eiganda og gefið henni fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jörðin sé háð einkaeignarrétti og farið með hana sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem hafi ráðist m.a. af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Kambsmýra hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða eða hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréf Kambsmýra hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Loks er mótmælt þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og

fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar og stjórnsýsluréttar sé ríkinu óheimilt að ganga lengra í kröfugerð sinni fyrir óbyggðanefnd og dómstólum en nauðsynlegt sé til að ná settu lögmætu markmiði.

6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kambsmýra er rakin í kafla 5.5, sbr. einnig kafla 5.37 um sel og kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Svo sem þar kemur fram er fyrst um Kambsmýrar getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, sagðar byggðar í „afrjettarlandi“ og tilheyrandi kirkjunni á Draflastöðum. Á milli Draflastaða og Kambsmýra er fjöldi annarra landsvæða. Draflastaðir voru seldar einkaaðila á síðari hluta 18. aldar og fylgdu þá Kambsmýrar með en í lok sömu aldar var „jörðin“ Kambsmýrar seld sérstaklega. Búseta á Kambsmýrum hefur verið stopul, og að því er heimildir greina fyrst um miðja 17. öld en síðast á tímabilinu 1918-1929. Landið hefur lengi verið nýtt til sumarbeitar.

Núverandi þinglýstir eigendur leiða rétt sinn til Valdimars Valdemarssonar, bónda í Böðvarsnesi, sem keypti „eyðijörðina“ Kambsmýrar af Hálshreppi 1916. Af veðmálabókum verður ekki séð hvernig Hálshreppur var að slíkri heimild kominn. Valdimar andaðist á árinu 1962 og í október 2007 var þinglýst „skiptayfirlýsingu“ þriggja afkomenda hans, þess efnis að við skipti á dánarbúi hans árið 1968 hafi láðst að geta þess að eyðijörðin Kambsmýrar hafi fallið í hlut þeirra.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Kambsmýra, sem gert var 20. apríl 1885 og þinglesið 27. maí sama ár. Merkjum er einnig nokkuð lýst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Kambsmýra sem samkvæmt afmörkun gagnaðila er allt innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru kröfusvæði Hálsmannatungna til norðurs, Kotamýra til austurs og Austari-Króka til suðurs. Til vesturs eru ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 6.3. og 6.4. um Höfðagil og Almenning, auk Vestari-Króka, þar sem er óumdeilt eignarland. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Kambsmýra með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Kambsmýra, gagnvart Hálsmannatungum, er þannig lýst í landamerkjabréfinu frá 1885 að þar ráði „Syðri-Jökulsá frá því hún fellur í Dalsá og á fjall upp“. Hér skal þess getið að áin kemur úr háfjöllum með jökulfönnum í u.þ.b. 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Bréfið er áritað vegna Hálsmannatungna. Jarðabók Árna

Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 nefnir einnig Jökulsá. Þessi lýsing er í samræmi við lýsingu á suðurmörkum Hálsmannatungna í landamerkjabréfi Hálskirkju frá 1890, sbr. einnig fjölda eldri heimilda, sem ná allt aftur til 16. aldar.

Suðurmerki Kambsmýra, gagnvart Austari-Krókum, liggja samkvæmt landamerkjabréfi hins fyrrnefnda í Skeiðislækjargili ofan af fjalli og úr því bein stefna í Merkivörðu á Miðhólum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns virðist vísað til „gömlu rjetta“ til viðmiðunar um suðurmerki. Norðurmerkjum Austari-Króka er lýst með sambærilegum hætti í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 28. mars 1885 sem þinglesið var 27. maí sama ár. Sú lýsing hljóðar svo: „Austari-Krókar eiga land til norðurs að Kambsmýralandi. Merki þar á milli eru: úr vörðu á Ytri-Miðhólum austur skeið, beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp.“ Bréfin bera gagnkvæmar áritanir. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Austari-Króka, sbr. kafla 6.8.

Um austurmörk Kambsmýra, gagnvart Kotamýri, segir svo í landamerkjabréfinu 1885: „Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Bréfið er ekki áritað vegna Kotamýra og ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir þær. Ekkert verður ráðið af eldri heimildum að þessu leyti, sbr. einnig kafla 6.7 um Kotamýrar, en í kröfulýsingu Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar vegna Kotamýra er m.a. vísað til lysingar í landamerkjabréfi Kambsmýra.

Norðanverð vesturmerki Kambsmýra liggja gagnvart Almenningi og Höfðagili, sem eru á ágreiningssvæði í máli nr. 5/2007 hjá óbyggðanefnd. Að því er greinir í landamerkjabréfinu 1885 miðast þau við Dalsá. Bréfið er ekki áritað vegna þessara landsvæða en lýsingin er í samræmi við austurmerki þeirra, svo sem þeim er lýst í „Landamerki Laufásskirkjulandsins er kallað hefir verið „upprekstrarland“ milli Höfðagilja og Flateyjardalsheiði“, dags. 5. maí 1886 og þingl. 4. júní 1888, og landamerkjabréfi Almennings, dags. 6. desember 1882 og þinglýst 18. júní 1884. Eldri heimildir um þessi merki eru ekki fyrir hendi, sbr. kafla 6.3. og 6.4. í máli nr. 5/2007. Þess skal getið að Dalsá, sem svo er nefnd í bréfi Kambsmýra, er nefnd Heiðará í bréfi Almennings, en Dalsá í öðrum bréfum á þessu svæði.

Sunnanverð vesturmerki Kambsmýra liggja gagnvart landsvæði sem enginn ágreiningur er um að sé eignarland tilheyrandi jörðinni Vestari-Krókum. Samkvæmt landamerkjabréfi Kambsmýra liggja merki þar á milli frá merkivörðu á Miðhólum og norður á miðjan Almannakamb. Þessum merkjum er lýst með sambærilegum hætti í öðrum fyrirliggjandi heimildum, þ.e. eldra og yngra landamerkjabréfi Vestari-Króka, hið eldra dags. 7. maí 1886 og þingl. 11. júní 1887, og hið yngra dags. 9. desember 1922 og þingl. 1923. Bréfin bera gagnkvæmar áritanir og verða umrædd merki ekki talin þarfnast nánari umfjöllunar hér.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Hálsmannatungur, Kambsmýrar og Austari-

Króka er notað orðalagið „hæsta fjallsbrúnin“ og „fjallsbrún“ um austurmerkin. Í tilvikum Knarrareyrar og Grímslands, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en norðan Hálsmannatungna, segir „fjallsbrún“ og „á fjall upp“ í landamerkjabréfum frá 1885, sbr. kafla 6.3.-6.4. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Eldri heimild um merki Kambsmýra einnig bendir til hins sama. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Kambsmýra, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til norðurs og suðurs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Kambsmýra hafi verið talin ná þangað upp.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Kambsmýra. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Kambsmýra var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Á henni hefur verið byggt síðan, án þess að séð verði að komið hafi fram ágreiningur eða athugasemdir, yfirvalda eða annarra. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Sá galli sem á bréfinu er að því leyti að áritun vegna annarra landsvæða en Hálsmannatungna og Austari-Króka vantar verður því ekki talinn hafa efnislega þýðingu í þessu sambandi.

Fyrir liggur að Kambsmýra er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1712 og talin þar upp meðal ítaka Draflastaðakirkju. Jafnframt segir í jarðabókinni að þar sé „eyðihjáleiga, bygð í afrjettarlandi út á Flateyardalsheiði hjer um fyrir 50 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.“ Í heimildum frá 18. og 19. öld er ítrekað vísað til Kambsmýra sem „jarðar“ eða „hjáleigu“, sbr. vísistasíu Draflastaðakirkju frá 1751, sölubréf frá 1773 og 1798, lögfestu frá 1818 og jarðamötin 1804, 1849-1850 og 1916-1918. Byggð á Kambsmýrum virðist hafa verið stopul og skammvinn a.m.k. frá því á 18. öld. Óbyggðanefnd telur framangreindar heimildir benda til þess að á Kambsmýrum hafi verið búið þegar árferði og fólksfjöldi leyfði, a.m.k. frá 17. öld. Að öðru leyti hafi landið verið nýtt til slægna, selstöðu og beitar. Hér skal þess getið að á þeim landsvæðum sem næst Kambsmýrum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Með hliðsjón af framangreindu verður lýsing í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ekki talin hafa svo afgerandi þýðingu að munur verði að þessu leyti gerður á Kambsmýrum og öðrum landsvæðum sem svipað hagar til um en rekja má nokkru lengra aftur í heimildum. Ber þar einkum að nefna Grímsland og Knarrareyri. Óbyggðanefnd telur því nægilega leitt í ljós að Kambsmýrar hafi ýmist haft stöðu kots eða afréttar, í þeim skilningi að Draflastaðakirkja og síðar aðrir hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.[906] Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis á tilteknum tíma en þess að eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að Kambsmýrar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind voru 1885, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða

[906] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

athugasemda. Engar heimildir eru um að land innan marka Kambsmýra hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjalllendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Kambsmýra sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[907] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Kambsmýrar, svo sem þeim er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.7 Kotamýrar, Naustavík og Vargsnes

6.7.1 Inngangur

Umfjöllun þessa kafla tekur til landsvæðisins ofan kröfulínu íslenska ríkisins sem afmarkar þjóðlendukröfu þess í Náttfaravíkum, þ.e. norðan Kotadals og allt norður að landi Knarrareyrar. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.7. og 3.8.

Landsvæði það er hér um ræðir liggur í austanverðurm Víknafjöllum. Land rís skarpt úr sæ með sjávarhömrum að norðaustanverðu. Land er hallamikið og giljum skorið. Syðst gengur Kotadalur um 8 km til suðurs milli Bakranga og Víknafjalla og fellur þar fram Purká. Kotadalur greinist í tvo dali innan til, Austurdal og Vesturdal og er sá síðarnefndi aðaldalurinn, um 5 km á lengd. Upp af dalnum liggur hallamikið fjalllendi með nokkuð af smájöklum hið efra í allt að 1100 m hæð.

6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og síðan öræfa sunnan dalanna á svæðinu. Kröfulína ríkisins taki mið af landnámi og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk þess og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið.

[907] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Ekki er fallist á merkjalýsingar eigenda Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Byggt er á því að umræddar jarðir geti ekki átt eignarland umfram nánar tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“ og „háhryggur“.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum. Enda þótt ekki hafi fundist þinglesin landamerkjabréf fyrir jarðirnar leiki ekki vafi á merkjum þeirra. Jarðirnar liggi að hluta að sjó en að öðru leyti séu jarðirnar umluktar eignarlöndum annarra jarða þar sem til séu þinglesin landamerkjabréf.

Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrædd lönd sé undirorpið beinum eignarrétti. Ríkið hafi skráð jarðirnar í veðmálabækur, metið þær til fasteignamats og skráð í landskrá fasteigna og gefið þeim fastanúmer. Ríkisvaldið hafi þannig viðurkennt að jarðirnar séu háðar einkaeignarrétti og farið með þær sem hverja aðra eignarjörð til jafns við aðrar jarðir með þinglesnum landamerkjum, sem m.a. hafi ráðist af merkjum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Kotamýrar og Naustavíkur auk Vargness umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Hæð yfir sjávarmáli hafi aldrei haft neina réttarfarslega þýðingu í íslenskum rétti. Hvorki hafi merki jarða né hreppa tekið mið af hæð lands yfir sjávarmáli. Sú afstaða ríkisins að það viðurkenni ekki einkaeignarrétt að landi ofan 500 metra hæðarlínu eigi sér enga stoð í landslögum né hefð, venju eða sögulegum heimildum. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Þá er byggt á því að telji óbyggðanefnd að skráðar eignarheimildir sem styðjist við enn eldri heimildir séu að einhverju leyti ófullkomnar, þá liggi einfaldlega fyrir að

hinir skráðu eigendur hafi hefðað eigendalaust og óskráð land skv. Jónsbók, skv. Kaldangsrecessi, skv. norsku lögum og skv. hefðarlögum frá 1905.

Loks er byggt á góðri trú landeigenda og réttmætum væntingum þeirra um eignarhald á jörðunum í ljósi fyrri samskipta þeirra við ríkisvaldið.

6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Kotamýra er rakin í kafla 5.6 og Naustavíkur í kafla 5.7 og Vargness í kafla 5.8. Svo sem þar kemur fram greinir máldagi Auðunar rauða frá 1318 frá réttindum kirknanna á Þóroddsstað, Grenjaðarstað, Helgastöðum, Ljósavatni, Munkaþverá og Múla í Náttfaravíkum. Þá er til heimild frá ofanverðri 13 öld um réttindi Garðs þar. Þá greina tvær efnislega samhljóða skýrslur frá árinu 1599 frá því að „Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna med öllumm Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs …“. Þá er fram komið að Kotamýrar hafi verið byggðar úr landi Náttfaravíkur á 17. öld. Jörðin Þóroddsstaður er aðskilin frá Náttfaravíkum af fjölda annarra landsvæða. Naustavík lagðist í eyði árið 1941, Vargsnes árið 1906 og Kotamýrar árið 1910. Síðan byggð lagðist af hafa landsvæðin einkum verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Ekki er vefengt af hálfu íslenska ríkisins að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar hafi stöðu jarða að lögum. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu.[908] Ágreiningur málsaðila varðar afmörkun jarðanna og skeikar þá verulegu á kröfugerð íslenska ríkisins og kröfugerð eigenda þeirra.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verði af heimildum um afmörkun Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Athugun þessi tekur til heildarmerkja jarðanna en kröfusvæði Kotamýra liggur sunnan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness. Í því sambandi verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að kröfusvæðum Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra. Naustavík og Vargsnes liggja norðan Kotamýrar. Norðan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness er kröfusvæði Knarrareyrar og að vestan kröfusvæði Grímslands. Vestan kröfusvæðis Kotamýra eru kröfusvæði Grímslands, Hálsmannatungna, Kambsmýra og Austari-Króka. Sunnan og austan kröfusvæðis Kotamýra er kröfusvæði Bjarga.

Ekki var gert landamerkjabréf fyrir Naustavík, Vargsnes eða Kotamýrar í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 og 1919. Landamerkin voru hins vegar skráð árið 2007. Þá liggja fyrir eldri heimildir um takmörk jarðanna án þess að merkjum sé þar lýst á heildstæðan hátt.

Í tveimur efnislega samhljóða skýrslum frá 1599 er, sem fyrr segir, greint frá því að „Þoroddstadar heimalande fylger […] allur midhlute Náttfaravíkna med öllumm Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og

[908] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Ófeigshellirs …“ Svíná er talin vera sama á og í dag nefnist Purká og afmarkar kröfusvæði Kotamýra til suðausturs. Ófeigshellir er í Haugshorni undir Hágöngum syðri við sjóinn nyrst á kröfusvæði Naustavíkur og Vargsness. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 er land Náttfaravíkna einnig afmarkað svo að það liggi „millum Svínár og Ófeigshellis“.Í lögfestu séra Eiríks Þorleifssonar fyrir eignum og ítökum Þóroddsstaðarkirkju frá 12. maí 1828 er mörkum Náttfaravíkna lýst: „nordann frá Ófeigs hellir á Haugshorni, Sudur til Svínáróss, og þadann frá til Náttfaralækiar, sem þadann af Rædur Landa Merkium ad Sunnan og í Nefndu takmarki.“

Norðan kröfusvæðis Naustavíkur og Vargsness er kröfusvæði Knarrareyrar. Í landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 26. maí 1885, er mörkum þeirrar jarðar til suðurs lýst svo: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Þessi afmörkun á landi Knarrareyrar til suðurs kemur heim og saman við afmörkun gagnaðila ríkisins á landi Vargsness og Naustavíkur til norðurs í máli þessu svo og áður raktar heimildir um mörk Náttfaravíkna til norðurs.

Suðaustan kröfusvæðis Kotamýra er kröfusvæði Bjarga. Í landamerkjabréfi Bjarga frá 2. september 1891 er mörkum Bjarga til norðvesturs lýst svo: „[…] bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannaklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannaklauf til Jökuls […]“.Bréfið var áritað um samþykki vegna Kotamýra. Sem fyrr segir er Svíná sú á sem í dag nefnist Purká. Þessi afmörkun á landi Bjarga til norðurs kemur heim og saman við afmörkun gagnaðila ríkisins á landi Kotamýrar til suðurs í máli þessu svo og áður raktar heimildir um mörk Náttfaravíkna til suðurs.

Eftir stendur að leysa úr því hvort afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra til vesturs og inn til landsins eigi sér stoð í heimildum. Af þeirra hálfu er því haldið fram að mörk jarðanna til vesturs séu „á hæstu grjótum sem skilja að Náttfaravíkur og Flateyjardal.“ Vestan kröfusvæða Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra eru, talið frá norðri til suðurs, kröfusvæði Knarrareyrar (Eyrarfjall), Grímslands, Hálsmannatungna og Kambsmýra. Þegar er greint frá landamerkjabréfi Knarrareyrar frá 26. maí 1885 þar sem austurmörkum er lýst svo: „Að austan gegnt Vargsneslandi eru merkin í Rauðhol í Haugshorni og þaðan beint uppá hæsta fjallhrygginn.“ Í bréfinu er suðurmörkum Knarrareyrar lýst svo: „Merkin að sunnan gagnvart Grímslandi eru: Stóruskriðugil og úr því bein stefna á fjall upp […]“ Bréfið var áritað um samþykki vegna Vargsness. Í landamerkjabréfi Grímslands frá 16. janúar 1885 er austurmörkum lýst svo: „ Að austan er fjallsbrúnin.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur. Í ódagsettu og óundirrituðu skjali sem ber yfirskriftina „Landamerki fyrir Grímslandi“ er austurmörkum lýst með sambærilegum en ítarlegri hætti á þessa leið: „Að austan er: Fjallsbrúnin merki, og liggur þar að Naustavikur og Vargsnes-land.“ Í

landamerkjabréfi Háls er merkjum Hálsmannatungna til austurs lýst svo: „Að austan: Fjallsbrún.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur. Í landamerkjabréfi Kambsmýra frá 20. apríl 1885 er austurmörkum lýst svo: „ Að austan ræður hæsta fjallsbrúnin.“ Bréfið var ekki áritað vegna Vargsness eða Naustavíkur.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði í austanverðum Flateyjardal, þ.e. fyrir Knarrareyri, Grímsland og Hálsmannatungur, er notað orðalagið „á fjall upp“ og „fjallsbrúnin ráði“ um austurmerkin. Í tilviki Kambsmýra, sem einnig liggja í austanverðum Flateyjardal en sunnan Hálsmannatungna, segir „hæsta fjallsbrúnin“. Eldri merkjalýsingar á þessu svæði liggja einungis fyrir varðandi Hálsmannatungur og Kambsmýrar og er fjallað um þær í köflum 6.5. og 6.6. Í fyrrnefnda tilvikinu er miðað við tvær ár, til norðurs og suðurs, sem báðar koma úr háfjöllum með jökulfönnum. Suðurmerkjum Grímslands er lýst í samræmi við þetta í landamerkjabréfinu 1885 og eldri heimild um merki Kambsmýra bendir einnig til hins sama svo sem rakið er í kafla 6.6. Á þessu svæði er glögg landfræðileg afmörkun til austurs, þ.e. fjallshryggir sem jafnframt eru hreppamörk. Í köflum 6.3., 6.4., 6.5. og 6.6. um Knarrareyri, Grímsland, Hálsmannatungur og Kambsmýrar er komist að þeirri niðurstöðu að merki þeirra nái upp á fjallshrygginn. Þar sem ekkert annað er fram komið um afmörkun Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra sem byggjandi er á um mörk jarðanna til vesturs telur óbyggðanefnd rétt að miða við að þau nái upp á fjallshrygginn eins og landsvæðin vestan hryggjarins. Þá skýringu leiðir af túlkun ofangreindra heimilda um afmörkun aðliggjandi landsvæða og staðháttum á svæðinu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Ýmsar heimildir eru fyrirliggjandi þar sem Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar eru nefnd jarðir eða ráða má af heimildunum að umfjöllun þeirra taki til jarða. Jafnframt eru margar heimildir sem nefna Náttfaravíkur afrétt. Heimildirnar þarfnast því sérstakrar skoðunar varðandi það hvort um hafi verið að ræða jarðir eða afrétti samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem við lýði var fyrir gildistöku þjóðlendulaga.[909]

Elsta heimild um Náttfaravíkur er Landnáma þar sem greint er frá landnámi Náttfara en því þó ekki lýst hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki

[909] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Í skrá um landamerki Hafralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða í Þingeyjarsýslu sem talin er frá því um 1263 segir að Garður í Aðaldal eigi „gelldfiar Rextur i kalfagrufur j vikur sem þarf ...“. Elsta heimild um réttindi Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum er hins vegar máldagi Auðunar rauða frá 1318 þar sem fjallað er um rekaréttindi kirkjunnar í „vijk“. Máldagi Péturs Nikulássonar frá 1394, máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar frá árunum 1461–1510 og máldagabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1590–1616 greina einnig frá rekaréttindum Þóroddstaðarkirkju þar en ekki er þar fjallað um beinan eignarrétt að landsvæðinu.

Sex prestar skáru 1580 úr deilu milli Helgastaðaprests og Þóroddsstaðaprests um Náttfaravíkur. Þar er „Stad í Kinn og hanns Kyrkju“ eignaðar „Wijkurnar til fialls og fiöru, og til allra giæda, svo sem lands drottni og eignar Manni á Jördu sinni, ad undan teknumm þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ættu í greindumm vjkumm.“ Svo er að sjá sem í úrskurði prestanna sé Þóroddsstaðarkirkja þannig talin eiga beinan eignarrétt að Náttfaravíkum. Úrskurðurinn er þannig elsta samtímaheimildin um beinan eignarrétt að víkunum. Kirkjan telur einnig til beins eignarréttar í víkunum samkvæmt skýrslu um eignir Þóroddstaðarkirkju frá 1599 þar sem segir: „Þoroddstadar heimalande fylger og svo frá alldaödle allur midhlute Náttfaravíkna med öllumm Landsleigu gögnumm og giædumm til Fjalls og Fjöru mille Svínár og Ófeigshellirs …“ Samhljóða skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá árinu 1831 hefur varðveist. Neðan við hana er tilfærður póstur úr úrskurði á alþingi 1673 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum væri allt land milli fjalls og fjöru milli Svínár og Ófeigshellis.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir m.a. svo um Náttfaravíkur: „Náttfara Vijkur, kallast almennilega Vijkur, heitir eitt landspláss eður afrjettarland út frá Björgum og þeirrar jarðar landi millum Svínár og Ófeigshellirs. Eigandi þessa lands Staður í Kinn, fyrir utan það sem aðrir staðir eiga hingað ítök í þennan afrjett. Um Kotamýri segir í Jarðabókinni: „Kotamyre kallast eyðikot utantil við Svíná í áðursögðum afrjett [Náttfaravíkum]. Bygt hjer um fyrir 40 árum á fornu selstæði að forlagi Björns Magnússonar að Múkaþverá, sem vildi eigna Skriðu kirkju þennan part afrjettarins, en síðan reyndist hann eign Staðarkirkju og hinna staðanna sem hjer eiga ítök [Grenjaðarstaðar og Múla]. Bygðin varaði fáein ár, því kýtingur var um kotið.“ Þannig virðist í Jarðabókinni vera greint milli hins beina eignarréttar Þóroddsstaðar að víkunum og óbeinna eignarréttinda annarra þó rætt sé um þær sem „landpláss eður afrjettarland“.

Kotamýrar töldust tilheyra fátækum í Helgastaðahreppi, samkvæmt jarðamatinu 1804 og þar er jörðin metin 10 hundruð og sagt að þar fóðrist 6 sauðir. Við afhendingu Þóroddsstaðar árið 1809 er Náttfaravík talin upp meðal hjáleigna staðarins og landskuld tiltekin. Í vitnisburði Þorvalds Magnússonar 1822 talar hann

um Naustavík sem kirkjujörð. Kotamýrar voru nefndar kristfjárjörð í lögfestu 1828 og sagðar fátækraeign Helgastaðahrepps. Kotamýrar eru einnig nefndar fátækraeign Helgastaðahrepps í fleiri lögfestum frá 19. öld. Naustavík með Vargsnesi er meðal þeirra jarða sem tíundaðar eru í jarðamatinu 1849–1850 og þar er talað um Kotamýrar sem kristsfjárjörð, talin 10 hndr. að dýrleika. Einnig er talað um Kotamýrar sem jörð í fasteignamatinu 1916–1918 og um Naustavík sem kirkjujörð. Naustavík er einnig nefnd kirkjujörð í virðingu vegna áformaðrar sölu hennar 1918 og afsali Naustavíkur ásamt Vargsnesi 1922. Um miðja 20. öld lýsti Biskup Íslands „afréttarlandi í Náttfaravíkum“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju.

Af heimildum má ráða að byggð hafi lengi verið stopul í Náttfaravíkum. Þó mun hafa verið búið samfellt í Naustavík frá því um móðuharðindi til ársins 1938 og á Kotamýrum nær samfellt frá árinu 1787 til ársins 1910.

Frásögn Landnámabókar og staðhættir í Náttfaravíkum benda til þess að í kjölfar landnáms hafi þær fengið stöðu jarðar að lögum og beinn eignarréttur stofnast þar. Hins vegar greina heimildir allt frá miðri 13. öld til ofanverðrar 16. aldar einungis frá takmörkuðum eignarréttindum á borð við rekaréttindi og afrétt í Náttfaravíkum. Allt frá árinu 1580 greina heimildir aftur frá því að í Náttfaravíkum hafi verið jarðir háðar beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd telur að umfjöllun um landið sem „afrétt“ fyrir 1580 vísi til notkunar landsins sem beitilands á þeim tíma en feli ekki í sér að landið hafi þá einungis verið háð óbeinum eignarréttindum. Sú ályktun fær m.a. stoð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín þar sem landið virðist talið háð beinum eignarrétti þrátt fyrir að vera nefnt „landspláss eður afrjettarland“ og í úrskurði á alþingi 1673 um „afrétt“ Þóroddsstaðarkirkju í Náttfaravíkum sem sé allt land milli fjalls og fjöru. Beinn eignarréttur að Náttfaravíkum virðist snemma hafa komist á hendi Þóroddsstaðarkirkju og aðrir átt þar ítök sem fálust í beitarrétti og rétti til annarra takmarkaðra nota. Til marks um þetta er m.a. úrskurður prestanna sex frá 1580 þar sem kirkjunni eru eignuð öll réttindi í víkunum „ad undan teknumm þeim J tölum sem adrir Menn edur Kyrkjur ættu í greindumm vjkumm“ og skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju frá 1599 sem segir Þóroddsstaðarkirkju fylgja „frá alldaödle“ allur miðhluti Náttfaravíkna.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að Náttfaravíkur hafi haft stöðu jarðar að lögum, í þeim skilningi að þar hafi verið um bein eignarréttindi að ræða fremur en óbeinan eignarrétt.[910] Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 6.1.3.

Verður því lagt til grundvallar að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem lýst er hér framar, hafa eigendur jarðanna farið með umráð og hagnýtingu

[910] Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka)

og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Engar heimildir eru um að land innan marka Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Enda þótt nýting fjalllendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglendis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra marka Naustavíkur, Vargsness og Kotamýra sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[911] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Naustavík, Vargsnes og Kotamýrar, svo sem þeim er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.8 Austari-Krókar, Garður, Syðri- og Ytri-Hóll, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir og Birkihlíð

6.8.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar gera einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.9 – 3.19.

Landsvæði þau sem hér um ræðir eru aðskilin. Innan kröfusvæðis Austari-Króka og Garðs, sem er nyrst umræddra landsvæða, liggur land í yfir 200 m hæð. Hallar land upp til austurs í um 1000 m. Sameiginlegt kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls skiptist í tvo hluta. Sá nyrðri liggur í yfir 500 m hæð í austurhlíðum Hólsdals og upp á Gönguskarðsöxl. Svæðið hallar upp til austurs og er bratt í hlíðum en hallalítið þegar komið er upp á öxlina. Syðri hlutinn liggur inn af Mjóadal í norðvestanverðu Fornastaðafjalli (902 m). Kröfusvæði Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar liggur syðst umræddra kröfusvæða. Liggur það í yfir 800 m hæð á Fornastaðafjalli. Svæðið er hallalítið og gróðursnautt.

[911] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu. Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd og komi það m.a. fram í ritinu Göngur og réttir. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Á því er byggt varðandi eignarlönd jarðanna Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar að þau miðist við 500 m hæðarlínu í fjöllum en nái ekki til háfjallsins eða vatnaskila. Um þetta vísast til landamerkjabréfa jarðanna sem tilgreini með óljósum hætti mörk til fjalla. Talið er með vísan til landfræðilegra aðstæðna að öðru leyti, þ.e. mikils bratta og hálendis, og til þess að ekki njóti við samþykkis frá gagnliggjandi svæðum í fjöllum, að ekki sé um að ræða eignarlönd umfram kröfulínu. Þá er og vísað til þess að landnám í öndverðu hafi takmarkast með sama hætti og að eingöngu sé um að ræða samnotasvæði.

Af hálfu gagnaðila, þinglýstra eigenda Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir hafi fyrir eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Byggt er á því að gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarráð jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á venju. Samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er véfengi landamerkjalýsingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra

landamerkja umræddra jarða umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vísað er til þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim.

6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar er rakin í köflum 5.9. - 5.18. Af þeim heimildum sem þar er getið, er ljóst að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[912] Þær koma flestar fram á 13. og 15. öld.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað verði ráðið af eldri heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til austurmerkja jarðanna auk austanverðra suður og norðurmerkja þeirra, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Talið frá norðri til suðurs eru þetta jarðirnar Austari-Krókar, Garður, Syðri- og Ytri-Hóll, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Sólvangur, Fornhólar, Sigríðarstaðir og Birkihlíð. Þá verður litið til heimilda um landsvæðið austan kröfusvæða gagnaðila ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða með tillti til þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

[912] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Jörðin Austari-Krókar liggur nyrst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1885 og þingl. 27. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Garðs, Vestari-Króka og Kambsmýra. Til norðurs eru merki: „ ... beint í Skeiðislæk, þar, sem hann rennur ofan eftir gili á milli Skeiðishryggja og í þeim læk austur svonefndan Ytridal og þaðan sömu stefnu á fjall upp.“ Til austurs „ ... ræður merkjum hæsti fjallshryggurinn, suður að Uxaskarði. Að sunnan greinir Ytri-Uxaskarðsá, Krókaland frá Garðsselslandi, unz hún rennur í Árbaugsá.“

Sunnan við Austari-Króka liggur jörðin Garður. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. janúar 1884 og þingl. 4. júní 1886. Það er áritað um samþykki vegna Austari-Króka, Ytra-Hóls og Draflastaða. Til norðurs eru merki miðuð við Uxaskarðsá en til suðurs „ ... Hólsá, beint undan Vegarlág í Tungusporði. Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo Gönguskarðsá og Hólsá ... “

Sunnan við kröfusvæði Garðs liggur sameiginlegt kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls auk kröfusvæðis Draflastaða á Gönguskarði. Um hið síðarnefnda er fjallað í kafla 6.10. Merkjum Syðri- og Ytri-Hóls er fyrst lýst í landamerkjabréfum fyrir jarðirnar en þau eru bæði frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár. Bréfin eru árituð um samþykki vegna Draflastaða, Garðs og Finnsstaða. Á kröfusvæðinu liggur svokallaður Hólsdalur en honum er lýst sérstaklega í báðum bréfunum: „Merki hans að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum, að austan ræður fjallsbrún fram að gili, sem er gagnvart Mjóadal. Að vestan og framan ræður Mjóagilsá og fram til fjalls.“

Jörðin Veisa liggur sunnan Syðri-Hóls og vestan kröfusvæðis Syðri- og Ytri-Hóls. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 30. nóvember 1886 og þingl. 11. júní 1887. Bréfið er áritað um samþykki vegna Végeirsstaða og Veisusels. Norður og suðurmörk Veisu eru miðuð við tvo læki sem báðir heita Stórilækur. Um mörk jarðarinnar til austurs segir: „En breidd Veisulands nær frá fjallsbrún ofan að Fnjóská.“ Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veisu 3. nóvember 1944 en það er í samræmi við eldra bréfið.

Sunnan Veisu liggur jörðin Veisusel. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hallgilsstaða og Veisu. Merki til norðurs miðast við Stóralæk „ ... í fjallinu og ytri kvísl hans frá fjallsrótum til Fnjóskár.“ Til suðurs og austurs eru merki miðuð við: „Grundargil í fjallinu beint á fjall upp.“ Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veisusel 14. desember 1922 og er það í samræmi við eldra bréfið.

Sunnan Veisusels liggur jörðin Hallgilsstaðir. Elsta lýsingin á merkjum Hallgilsstaða er í vitnisburði um jarðakaup frá 1483 en þar segir: „ ... landamerki ä jordune ut at jllu kelldu fyrir sunan skollagerde ok sudur at merkigili ok ofan j iardarkross fyrir nedan ok sionhending j halgilsstadaklauf. ok sudr j þingmannalæk er gatan liggur vt j ... “ Einnig er merkjum lýst í lögfestu frá 1760 en þar eru merki til

suðurs einnig miðuð við „Merkegil.“ Merkjum virðist ekki sérstaklega lýst til austurs en til norðurs er miðað við „Illukielda er liggur firer sunnan Weisusel ... “ Í landamerkjabréfi Hallgilsstaða frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár eru merki til suðurs miðuð við „ ... Syðragil í fjallinu ... “ Til norðurs og austurs eru merkin úr miðri „ ... Fnjóská gegnt Miðrönd og Grundargili að utan til móts við Veisusel á fjall upp. “Bréfið er áritað um samþykki vegna Fornastaða og Veisusels. Annað landamerkjabréf var gert fyrir Hallgilsstaði 12. desember 1922 og þingl. 1923. Það er í samræmi við eldra bréfið. Árið 1946 var býlið Sólvangur stofnað úr Hallgilsstöðum og hluti af landi Hallgilsstaða afsalað til Sólvangs á sama ári.

Sunnan Hallgilsstaða liggur jörðin Fornastaðir. Býlið Fornhólar var stofnað árið 1948 á austurhluta Fornastaða en árið 1980 var Fornastöðum skipt milli Fornhóla og Sólvangs. Merkjum Fornastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Sigríðarstaða, Fornastaða og Hallgilsstaða. Merkjum til suðurs „ ... til móts við Sigríðarstaði ræður Merkiá af fjalli og frá fjallsrótum bein stefna eftir Merkiárfarvegnum til Þingmannalækjar.“ Til norðurs ræður „ ... Syðragil í fjallinu, þaðan bein lína eftir Markbrekkuhólum, vestur til Þingmannalækjar ... “ Merkjum til austurs er ekki sérstaklega lýst en austanverð norður- og suðurmerki ná til fjalls.

Austan við kröfusvæði Hallgilsstaða og Fornastaða/Sólvangs og Fornhóla liggur kröfusvæði vegna Finnsstaðadals, um það er fjallað í kafla 6.11. Mörkum Finnsstaðadals er sérstakelga lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Takmörkum hans, gagnvart kröfusvæði Hallgilsstaða, er lýst þannig að þau séu „ ... sunnan við ána, sem eftir honum rennur.“ Merkjum er þannig ekki nákvæmlega lýst til vesturs en umrædd á rennur eftir dalnum endilöngum.

Jörðin Sigríðarstaðir liggur suðaustan Fornastaða. Elsta lýsingin á merkjum hennar er í vitnisburði frá 1468 sem gefinn var um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna. Þar segir að Sigríðarstaðir eigi „ ... alla iord mille merkia aanna.“ Þá er merkjum lýst í landamerkjabréfi frá 15. október 1886 og þingl. 6. júní 1888. Það er áritað um samþykki vegna Háls, Birningsstaða, Kambsstaða, Litlutjarna og Fornastaða. Í því segir: „Að austan ræður: Merkigil og bein lína úr því í Litlutjarnarlæk ... “ Síðan segir: „Að vestan ræður: Merkjárgil og lína sem hugsast dregin í Svartholtsenda [...] Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall.“ Býlið Birkihlíð var stofnað árið 1934 úr landi Sigríðarstaða. Fyrir Birkihlíð var gert landamerkjabréf 4. ágúst 1935 og þingl. árið eftir. Það er áritað um samþykki vegna Sigríðarstaða, Kambsstaða og Litlutjarna. Merkjum er lýst í samræmi við lýsingar í bréfi Sigríðarstaða.

Í þeim landamerkjabréfum sem hér hafa verið rakin er merkjum til austurs almennt lýst í fjöllin, t.d. á „fjallsbrún“, „á fjall upp“ eða að „fjallið ráði.“ Um aðliggjandi kröfusvæði er fjallað í köflum 6.6. og 6.9. - 6.11. Þar kemur fram að merki þeirra miðist einnig við fjöllin eða kennileiti í þeim, t.d. „grjótin“, „fjallsegg“,

„Kinnarfjöll“ eða vatnaskil. Eldri heimildir um jarðir á svæðinu eru fáar en renni almennt frekari stoðum undir þær landamerkjalýsingar sem raktar hafa verið varðandi mörk til fjalla.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að umræddur hluti af þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan merkja jarða. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Ekkert bendir til þess að merki jarðanna hafi legið í ákveðinni hæðarlínu, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir framangreindar jarðir voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki jarðanna, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðanna hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[913] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða og Birkihlíðar gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.9 Kaldakinn, frá Landamótsseli norður fyrir Björg

6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga gera einnig kröfu til sem eignarlanda sinna, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1. og 3.20. – 3.36.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður-suður í austanverðum Kinnarfjöllum. Kinnarfjöll eru margsamsett, þar eð inn í þau skerast dalir og dalverpi suðvestur úr byggðinni og sunnan til liggja gegnum þau skörð til norðvesturs. Þegar fylgt er fjöllum upp af byggðinni að norðan er Skessuskálarfjall (891 m) vestan við Kotaskarð upp af Nípá. Vestan við það er Austurdalur sem opnast niður á Kotadal. Suður af Nípá er Granastaðafjall (815 m) með hamrabrúnum og Granastaðanípu áberandi hyrnu upp af en slétt á fjallinu hið efra. Fer land þar smáhækkandi suðvestur á Mosa (949 m), milli Austurdalsvatns og Skálarvatns en úr því síðarnefnda rennur

[913] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Skálaá niður í Kinn. Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll í um 500 m hæð þar sem það liggur hæst og hefur leguna suðaustur-norðvestur. Undirlendið er um 1 km að breidd og er flatt og víða grösugt. Til suðurs upp af Gönguskarði liggja Grænihnjúkur (949 m) og Vesturfjall (695 m). Syðst á svæðinu liggja Kinnarfjöll sem enda hér litlu sunnar í Krossöxl.

6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu.Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd og komi það m.a. fram í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknafjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“. Þá er talið, að svokallaður Finnsstaðadalur sé samnotaafréttur utan merkja jarða, sbr. t.d. merkjabréf Finnsstaða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. þinglýstra eigenda Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum, fornum og nýjum, sem þeir

hafi fyrir þessum eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Gagnaðilar hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not landsins og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim. Vísað er til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á því. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti og hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur aðilum þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Vísað er í almennar niðurstöður óbyggðanefndar og dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004, í máli nr. 48/2004, um að sönnunarbyrðin hvíli á þeim er vefengi landamerkjalýsingar og elstu heimildir um eignarhald á landsvæði. Íslenska ríkið hafi hins vegar ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja umræddra jarða í austurhlíðum Kinnarfjalla, umfram 500 metra hæðarlínu hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Vísa gagnaðilar til þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum.

Mótmælt sé þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða enda sé sá skilningur ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast sé við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til þoku fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka á Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háð leyfi gagnaðila, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema þeir.

Þá er því haldið fram að fjallskilavenjur geti ekki ráðið úrslitum þegar tekin sé afstaða til þess hvort jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem ganaðilar hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga er rakin í köflum 5.19. til 5.35. Af þeim heimildum sem þar er getið, er ljóst að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.[914]

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum umræddra jarða er lýst í landamerkjabréfum og hvað ráðið verður af eldri heimildum um sama efni. Athugun þessi tekur til vesturmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Jafnframt verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að vestanverðum Kinnafjöllum. Að fenginni niðurstöðu um landamerki umræddra jarða og landsvæða með tilliti til þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem deilt er um.

Jörðin Landamótssel liggur syðst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Jörðinni var skipt árið 1947 og fékk Borgartún helming landsins. Merkjum Landamótssels er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1901 og þingl. 20. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Landamóts, Fremstafells, Ljósavatns og Kross. Til norðurs er merkjum lýst „ ... í vörðu sem stendur við gróf í fjallsbrúninni norðan á Krossöxl.“ Að sunnan „ ... eru merkin í Krossöxl og þaðan upp á háfjall.“ Loks segir um merki til vesturs að „hágrjót“ ráði.

Norðan Landamótssels liggur jörðin Landamót. Samkvæmt landamerkjabréfi hennar, frá 12. júní 1897 og þingl. 20. maí 1901, er suðurmörkum lýst á þann hátt að þau séu „ ... í vörðu, sem stendur neðst á „Stakholti“. Að vestan er farið úr fyrrnefndri vörðu og í vörðu „ ... sem er sunnan við við þriðju lág frá Stekkjarlæk (og vörðu) norðan á Kossöxl. Að vestan ræður merkjum há (grjót) fjall.“ Merkjum til norðurs ræður „ ... Rauðilækur frá fjallsbrún til Gegnis.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Halldórsstaða, Fremstafells og Landamótssels. Merkjum Landamóts var einnig lýst í bréfi vegna sölu á jörðinni sem átti sér stað árið 1608. Þar kemur fram að fyrir sunnan ráði „ ... landamerkjum grofin fyrir utan Kross, til fjalls upp í steininn hálfrauða. So og á Landamót alla botna ofan frá ánni. [...] En að utan ræður lækjargilið í fjallinu sem næst er Halldórustöðum og so ofan í lækinn Gegnir.“ Þannig er vesturmerkjum ekki sérstaklega lýst. Getur þessi lýsing samræmst merkjum Landamóts í landamerkjabréfi fyrir jörðina, svo langt sem hún nær.

Norðan Landamóts liggur jörðin Halldórsstaðir. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 20. maí 1885 og þingl. 28. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Finnsstaða, Landamóts og Fremstafells. Að norðan eru merki „ ... í

[914] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á grjót.“ Að sunnan er merkjum einnig lýst „vestur á grjót.“ Mörk til vesturs eru að öðru leyti ekki tilgreind.

Jörðin Finnsstaðir liggur norðan Landamóts. Merkjum Finnsstaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Það er áritað um samþykki vegna Fellssels, Syðrahóls, Ytrahóls, Barnafells og Halldórsstaða. Að sunnan fylgja merkin vörðum „ ... meðfram lækjarsprænu, sem nær upp að Grásteinsmýri, og beina stefnu í vörðu, sem stendur á Grjótás og þar vestur á Grjót.“ Til norðurs fylgja merkin Bollastaðaá allt að Bræðradal en þá taka við „ ... vörður upp á grjót.“ Til vesturs „ ... ráða grjóthálsar þeir, hvaðan vötnum hallar vestur til Fnjóskadals.“ Árið 1951 var Finnsstöðum skipt í þrjár jafnar spildur, Finnsstaði I – III. Býlið Hjaltastaðir var síðan stofnað árið 1955 á helmingi Finnsstaða. Norðvestan kröfusvæðis vegna Finnsstaða liggur Finnsstaðadalur en til hans er gerð krafa af hálfu þinglýstra eigenda Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstaða. Honum er lýst sérstaklega í landamerkjabréfinu. Um Finnsstaðadal er fjallað í kafla 6.12.

Árland liggur norðan Finnsstaða. Norðan Árlands liggur síðan Selfell og þá Fellssel. Býlin Árland og Selfell voru stofnuð árið 1957 í landi Fellssels. Hér verður því litið til merkja Fellssels. Merkjum Fellssels er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 28. maí 1885 og þingl. sama dag. Bréfið er áritað um samþykki vegna Ystafells, Finnsstaða og Barnafells. Til suðurs ræður Bollastaðaá „ ... upp á Brún á vesturfjallinu, og allt þangað til hún liggur í suður þar sem heitir Bræðradalur, og taka þá við vörður uppá grjót. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.“ Til norðurs eru merki „ ... í krók einn á Heyvallagróf. Úr því ræður grófin merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða vörður upp skollhóla og vestur á háfjall.“

Jörðin Ystafell liggur norðan Fellssels. Árið 1931 var býlið Hlíð stofnað í landi Ystafells. Merkjum Ystafells er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 27. maí 1885 og þingl. degi síðar. Bréfið er áritað um samþykki vegna Hóls, Finnsstaða, Gvendarstaða og Fellssels. Að norðan er merkjum lýst „ ... uppá fjallsbrún; þar fyrir vestan ráða merkjavörður upp Guðmundarstaðahóla og uppá svonefnt Vesturfjall.“ Að sunnan er farið í „ ... Heyvallargróf; úr því ræður grófin sjálf merkjum upp á fjallsbrún; þaðan ráða merkjavörður upp Skollhóla og vestur á háfjall. Að vestan ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inná Finnsstaðadal.“ Landamerkjum Hlíðar er lýst í yfirlýsingu frá 26. ágúst 1950. Að norðan er miðað við landamerki „ ... sem gilt hafa samkvæmt landamerkjabréfi milli Yztafells og Gvendarstaða.“ Að sunnan er merkjum lýst „ ... beint vestur í grjót.“

Jörðin Gvendarstaðir liggur norðan Hlíðar og Ystafells. Merkjum hennar er fyrst lýst í landaamerkjabréfi frá 18. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár. Bréfið er áritað um samþykki vegna Ystafells, Hóls og Hrappsstaða. Samkvæmt bréfinu er merkjum til suðurs lýst „ ... uppá fjallsbrún, þar fyrir vestan ráða merkjavorður upp Guðmundarstaðahól og upp á svonefnt Vesturfjall. Að vestan ræður hábrún

Vesturfjalls.“ Til norðurs er merkjum lýst á „ ... Selás ofan við Guðmundarstaða mýrar, suður frá Hrappstaðaöxl; Fra Selás og upp á vestur fjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.“

Jörðin Hrafnsstaðir eða Hrappsstaðir, eins og hún er nefnd í landamerkjabréfi, liggur norðan Gvendarstaða. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897. Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaða, Gvendarstaða, Garðshorns og Hóls. Merki til norðurs eru í „ ... á þá er rennur af gönguskarði til norðurs og allt flata skarðið að norðanverðu, í læk þann sem rennur til austurs fyrir neðan Hálssel, síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu [...] allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði með selstöðu og Hrappsstaðadal ofan í gróf þá er aður um getur og er milli Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi.“ Merkjum er ekki nákvæmlega lýst til suðurs og suðvesturs gagnvart Gvendarstöðum og Finnsstaðadal en bréfið er áritað um samþykki vegna Gvendarstaða.

Norðan Hrafnsstaða liggja jarðirnar Kvíaból og Háls en aðeins síðarnefnda jörðin er innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Merkjum Háls er fyrst lýst í lögfestu frá 28. júní 1897 og þingl. degi síðar. Að norðan ræður „ ... garður sem liggur frá Grandakíl upp til fjalls – þaðan þvert yfir fjall beina línu eptir merkjavörðum til Skolla hnjúks.“ Til suðurs er miðað við „ ... Hrappsstaðaoxl til Gönguskarðsár, þá ræður Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur. Að vestan ræður grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.“ Ekkert landamerkjabréf er til fyrir Háls.

Norðan Háls liggur jörðin Torfunes. Fram kemur í heimildum að Torfunes hafi legið undir kirkjujörðina Þóroddsstað, sbr. t.d. máldaga Auðunar rauða frá 1381 og máldagabók Guðbrands Þorlákssonar frá 1590-1616. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Torfunes, frá 1. apríl 1908 og þingl. sama ár, ráða merkjum til norðurs „ ... gamall merkigarður ofan frá fjallsbrún og niður að Rangá ... “ Um merki til suðurs segir: „ ... landamerkjagarði, er kemur ofan úr fjallinu, vestan Rangár og skilur land á milli Hals og Torfuness upp á fjallsbrún; þá er upp á fjallsbrún kemur, ráða merkjum að utan og sunnan beinar línur úr hinum áðurnefndu merkjagörðum yfir Seljadal þveran upp á brúnir vesturfjalla.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaða, Ófeigsstaða, Háls og Hóls. Til er eldri merkjalýsing á mörkum milli Torfuness og Háls en hún er í lögfestu frá 1761 fyrir Þóroddsstað. Þar er miðað við landamerkjagarð „ ... er Kiemur ofann ur fiallenu og Skilur Lönd millum Häls og Torfuness.“ Eru þessar merkjalýsingar í samræmi.

Norðan Torfuness liggur jörðin Ófeigsstaðir. Hún tilheyrði kirkjujörðinni Þóroddsstað, sbr. máldaga Auðunar rauða frá 1381 og fleiri yngri heimildir. Samkvæmt landamerkjabréfi Ófeigsstaða, frá maí 1919 og þingl. þá um vorið, eru merki til suðurs miðuð við merkjagarð „ ... er síðan ræður merkjum á fjallsbrún.

Þaðan bein stefna yfir Grjótin og Seljadal þveran upp á há brúnir Vesturfjalla.“ Að norðan er miðað við að farið sé úr „ ... vorðu við brekkurætur Þaðan bein lína í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaðar, Torfuness og Hóls. Býlið Rangá var stofnað í landi Ófeigsstaða árið 1946.

Norðan Ófeigsstaða og austan kröfusvæðis Draflastaða á Gönguskarði liggur jörðin Þóroddsstaður. Árið 1946 var býlið Engihlíð stofnað í landi Þóroddsstaðar. Samkvæmt landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, frá 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, eru merki til norðurs miðuð við Seljadalsá „ ... alla leið vestur í Sperðlagil. Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Merki til suðurs fylgja vörðum „ ... þvert upp fjallið vestur í Seljadalsá. Á Seljadal vestan árinnar tilheyrir Þóroddsstað 2/3 af landeigninni milli merkja Torfuness að sunnan og Syðri-Leiksálaár að norðan. Bréfið er áritað um samþykki vegna Syðri-Leikskálaár, Ófeigsstaða og fleiri jarða sem liggja utan þjóðlendukröfusvæðis. Til eru nokkrar eldri heimildir sem lýsa merkjum Þóroddsstaðar. Má þar nefna skýrslu um eignir Þóroddsstaðakirkju frá 1599 en þar er merkjum lýst til „hædstu Brúnar vesturfjalla“ og, „uppá vestur Fjöll.“ Þá segir í vitnisburði um landamerki Þóroddsstaðarkirkju frá 1696 að merki miðist við merkigarða sem liggja í fjallinu. Svipuð lýsing er einnig í lögfestu frá 1761 en þar er einnig miðað við merkigarða. Í minnisgrein Eiríks Þorleifssonar um Þóroddsstað sem rituð var á árunum 1832-1834 kemur fram að heimaland staðarins nái frá mynni Seljadals og inn allt Gönguskarð. Að undanskildri síðastnefndu heimildinni geta eldri heimildir þannig ágætlega samrýmst landamerkjabréfinu svo langt sem þær ná en þó er þar ekki að finna nákvæmar lýsingar á merkjum til vesturs.

Norðan Þóroddsstaðar liggja jarðirnar Syðri- og Ytri-Leikskálaá en aðeins síðarnefnda jörðin liggur á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, frá 11. júní 1897 og þingl. 29. júní sama ár, ná mörk til norðurs úr Stakhól „ ... í fjallgarð svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls.“ Til suðurs er miðað við Skálará „ ... suðvestur að Sperðlagili og loks Sperðlagil á grjót upp.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Þóroddsstaðar og Granastaða. Einnig er til lýsing á merkjum Syðri- og Ytri-Leikskálaár í vitnisburði frá 1753 en sú lýsing getur samræmst landamerkjabréfinu.

Norðan Ytri-Leikskálaár liggur jörðin Granastaðir. Á miðri síðustu öld var henni skipt í býlin Granastaði I og II, Ártún, Árteig og Fitjar. Merkjum Granastaða er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1886 og þingl. 7. júní 1888. Það er áritað um samþykki vegna Syðri- og Ytri-Leikskálaár og Nípár. Til norðurs fylgja merkin Nípánni „ ... þar til hun fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn á Nýpá.“ Að sunnan ná merkin „ ... í fjallgarð, svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. [...] að Vestan ráða Kinnarfjöll.“

Norðan Granastaða liggur jörðin Nípá. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 21. febrúar 1901 og þingl. 20. maí 1901. Það er áritað um

samþykki vegna Granastaða og Bjarga. Um merkin segir þetta: „Að norðan ræður Kollsárgil í Gljúfrum. Úr Gljúfrum beina stefnu eftir vörðum að Nýpá þá ræður Nýpá til Fljóts. [...] Að sunnan ræður merkjum í fjallinu móts við Granastaðaland, Nýpáin þar til hún fellur fram úr Gljúfrum, sunnan við bæinn Nýpá. [...] Að vestan ræður Purká merkjum."

Norðan Nípár liggur jörðin Björg en hún er jafnframt nyrst þeirra jarða sem hér eru til umfjöllunar. Merkjum hennar er fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 2. september 1891 og þingl. 28. maí sama ár. Það er áritað um samþykki vegna Kotamýra og Nípár. Merkjum er þannig lýst: „Að sunnan ræður Kallsárgil á gljúfrum: úr gljúfrum bein stefna eptir vörðum að Nýpá; þá ræður Nýpá til Fljóts." Að norðan er farið úr „ ... Litlufjörutorfu til háeggjar; þaðan bein stefna úr fjallsegginni á Svína við ytri endann á Sjómannsklauf; að vestan ræður Svína frá Sjómannsklauf til Jökuls ... "

Samkvæmt kröfulínukorti deila þinglýstir eigendur Nípár og Bjarga um mörk milli jarða sinna. Ef landamerkjabréf jarðanna eru skoðuð virðast merki milli þeirra þó vera í samræmi. Til þessa atriðis verður að öðru leyti aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Í þeim landamerkjabréfum sem hér hafa verið rakin er merkjum til vesturs almennt lýst í Kinnarfjöll. Orðalag bréfanna er þó mismunandi, t.d. er miðað við „hágrjót" í landamerkjabréfum Landamóts, Landamótssels, Ófeigsstaða og Þórodsstaðar, eða að farið sé „vestur á grjót", sbr. landamerkjabréf Halldórsstaða. Þá er miðað við Vesturfjöll eða „hábrúnir Vesturfjalla" í landamerkjabréfum Gvendarstaða, Torfuness og Ystafells. Einnig má finna orðalag í landamerkjabréfum á þá leið að farið sé í „háfjall", „vatnaskil" og „jökul." Um aðliggjandi kröfusvæði til vesturs er fjallað í köflum 6.8., 6.10. og 6.12. Þar er merkjum til austurs almennt lýst í fjöllin, t.d. á „fjallsbrún", „á fjall upp" eða að „fjallið ráði." Eldri heimildir um jarðir á svæðinu eru fáar en renni almennt frekari stoðum undir þær landamerkjalýsingar sem raktar hafa verið varðandi mörk til fjalla.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd að heimildir og staðhættir bendi til þess að umræddur hluti af þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins í máli þessu falli allur innan þeirra merkja sem lýst hefur verið. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Ekkert bendir til þess að merki hafi legið í ákveðinni hæðarlínu, svo sem haldið hefur verið fram af hálfu íslenska ríkisins.

Verður þá næst fjallað sameiginlega um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald að landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað land-

svæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Þau landamerkjabréf sem að framan greinir voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til annars en að merkjum sé þar rétt lýst. Landamerkjabréf þessi voru þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem hér geti skipt máli. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur jarðanna Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að umræddar jarðir hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem hér er byggt á um landamerki hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Fjalllendið hefur þar ekki verið undanskilið, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Engin gögn benda til þess að land á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, innan merkja jarða, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land þeirra. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að á þessu landsvæði sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[915] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land það sem eigendur jarðanna Landamótssels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri-Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 (auk Árteigs og Ártúns), Nípár og Bjarga gera eignarlandskröfur til, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

6.10 Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði

6.10.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þinglýsts eiganda Draflastaða hefur verið afmarkað sem Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði og gerð krafa til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.37.

Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll, í stefnu frá suðaustri til norðvesturs. Þar var mjög greiður og fjölfarinn fjallvegur, sumar sem vetur, og allur varðaður. Skarðið liggur í u.þ.b. 400-500 m hæð yfir sjávarmáli en fjöllin beggja vegna ná upp í u.þ.b. 900 m hæð. Hlíðarnar eru brattar en undirlendið flatt og víða grösugt.

6.10.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu.Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd og komi það m.a. fram í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist

[915] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknafjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“.

Af hálfu þinglýsts eiganda Draflastaða, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum (viðskiptavenju). Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Draflastaðakirkjulands sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðili hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta

þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

6.10.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Draflastaðakirkjulandi á Gönguskarði er rakin í kafla 5.36. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að ítaks Draflastaðakirkju á Gönguskarði er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Þar segir að ítök kirkjunnar séu m.a. „selstaða á Gönguskarði á Þrengíngaseli.“ Að öðru leyti er landsvæðisins ekki getið fyrr en í landamerkjabréfi fyrir Draflastaðakirkjuland frá árinu 1886. Jörðin Draflastaðir liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá landsvæðinu af kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[916] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi „Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði“, frá 15. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár. Engin eldri merkjalýsing er til fyrir landsvæðið. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda allt innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins samkvæmt afmörkun gagnaðila, að undanskildum litlum hluta af vesturmörkum þess. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Finnsstaðadals, Syðri- og Ytri-Hóls og Garðs til vesturs og suðvesturs, Ytri-Leikskálaár, Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Tjarnarhverfis til norðausturs og austurs og Hrafnsstaða til suðausturs og suðurs, sbr. kafla 6.8., 6.9., 6.11. og 6.12. Að fenginni niðurstöðu um merki Draflastaðakirkjulands með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austurmerkjum Draflastaðakirkjulands er þannig lýst í landamerkjabréfi: „Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða til austurs. Merkjum er ekki lýst sérstaklega til norðausturs en kröfusvæði Ytri-Leikskálaár og Þóroddsstaðar liggja að kröfusvæði Draflastaðakirkjulands til þeirrar áttar. Verður því fyrst litið til merkja þeirra jarða en síðan til merkja Ófeigsstaða, Tjarnarhverfis og Hrafnsstaða. Vesturmerkjum Ytri-Leikskálaár er lýst í landamerkjabréfi frá 11. júní 1897 og þingl. 29. júní sama ár. Þar segir að Skálará ráði merkjum „ ... suðvestur að Sperlagili og loks Sperlagil á grjót upp.“ Samkvæmt

[916] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, frá 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, er merkjum til vesturs lýst í „ ... há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Svokallað Tjarnahverfi liggur á austanverðu Gönguskarði en til þess er gerð krafa af hálfu eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár. Fyrir landsvæðið hefur ekki verið gert landamerkjabréf en því er lýst í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831. Þar segir um afmörkun Tjarnahverfa: „skal madur fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadur þadann allt þad land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjdann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndejlinginn i Þrejngslinn Eystri ... “ Loks er merkjum Hrafnsstaða lýst í landamerkjabréfi frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897. Þar er merkjum til vesturs lýst í Hól „ ... sem stendur við eystra Tjarnar hverfi á Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Göngu skarði [...] ofan í gróf þá er aður um getur og er milli Hrappsstaða og Guðmundarstaða liggjandi.“ Framangreind landamerkjabréf eru ekki árituð vegna Draflastaðakirkjulands. Í þeim tilvikum þar sem eldri heimildir liggja fyrir um fyrrnefndar aðliggjandi jarðir og landsvæði eru þau lýsingum landamerkjabréfanna til stuðnings, svo langt sem þær lýsingar ná. Um þessi merki er nánar fjallað í köflum 6.9 og 6.11.

Samkvæmt landamerkjabréfi Draflastaðakirkjulands er merkjum til vesturs og suðurs lýst svo: „Merkin að vestan eru: a. Að norðan verðu Grjótá, svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum. b. að sunnanverðu Gönguskarðsöxlin þar sem Hólsdalur byrjar.“ Bréfið er áritað vegna Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls og Finnsstaða. Samkvæmt landamerkjabréfi Garðs er merkjum til austurs lýst svo: „Að ofan eða austan eru merkin í Grjótá, svo í Gönguskarðsá og Hólsá, fram að Ytrihólsmerkjunum, sem áður eru talin.“ Samkvæmt landamerkjabréfum Syðri- og Ytri-Hóls, sem bæði eru frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár og lýsa svokölluðum Hólsdal, er merkjum þannig lýst: „Merki hans eru að norðan Gönguskarðsá frá Hólsá og austur að Þrengingum. Að austan ræður fjallsbrún fram að Gili sem er gagnvart Mjóadal.“ Landamerkjum Finnsstaðadals er lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða, frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Þar segir að takmörk Finnsstaðadals séu „Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.“ Öll framangreind landamerkjabréf eru árituð vegna Draflastaða nema það síðastnefnda. Engar eldri heimildir eru til um merki þessara jarða og landsvæða.

Mörk Draflastaðakirkjulands til norðvesturs, vesturs og suðvesturs geta samræmst merkjum aðliggjandi kröfusvæða svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfum en bréfin bera jafnframt gagnkvæmar áritanir. Lýsingar á merkjum aðliggjandi landsvæða til austurs og suðausturs mæla merkjum Draflastaðakirkjulands ekki í mót en orðalag er þó ekki hið sama. Þá bera bréf þeirra

ekki gagnkvæmar áritanir. Ekki er lýsing á merkjum til norðausturs en merki aðliggjandi jarða til þeirrar áttar eru miðuð við „grjótin“ eða „hágrjót. Krefjandi beins eignarréttar að Draflastaðakirkjulandi, eigandi jarðarinnar Draflastaða, hefur einungis afmarkað kröfusvæði sitt að þessu leyti með línu sem dregin er á kort, án þess að merkjum sé lýst nánar en í landamerkjabréfi. Enginn ágreiningur er þó meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði og ekki verður séð að landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands mæli þeirri afmörkun í mót, svo langt sem lýsing þess nær.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði, svo sem það er afmarkað í landamerkjabréfi frá árinu 1886.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1. í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf Draflastaðakirkjulands var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 eru nefnd ítök Draflastaðakirkju, þ. á m. selstaða á „Gönguskarði á Þrengíngaseli.“ Elsta heimildin um merki Draflastaðakirkjulands er fyrrnefnt landamerkjabréf en landsvæðið er landfræðilega aðskilið frá Draflastöðum. Þess er jafnan getið í tengslum við afréttarnot en einnig sem ítaks. Þá kemur fram í vísitasíu Draflastaða 1892 að kirkjunni „ ... tilheyri landspartur á Gaunguskarði ...“ og síðar segir í fasteignamati 1916-1918 að jörðin „eigi landsítak á Gönguskarði.“ Í sóknalýsingu Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasókna frá 1839 er minnst á Gönguskarð sem sé „afréttarland.“ Sama segir í sóknalýsingu Þóroddsstaðarprests frá árinu 1840. Á Gönguskarði hefur aldrei verið búið en þarna var áður fyrr fjölfarinn fjallvegur. Þess

ber að geta að Gönguskarð liggur í 400- 500 m hæð en er umkringt fjöllum sem liggja hæst í um 900 m hæð. Svæðið er fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði hafi verið afréttur Draflastaðakirkju í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Draflastaðakirkjulandi liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Draflastaðakirkjuland sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[917] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hafi verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir lagt fram kröfur en eigandi Draflastaða og þeirri kröfu er ómótmælt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Til vesturs er að norðanverðu miðað við Grjótá og svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum og að sunnanverðu ræður Gönguskarðsöxlin þaðan sem Hólsdalur byrjar.*
>
> *Til suðausturs og austurs eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.*

[917] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Til norðausturs er miðað við hágrjót Vesturfjalla, sbr. punkt 6 í kröfulýsingu vegna Þóroddsstaðar og punkt 9 í kröfulýsingu gagnaðila ríkisins vegna Ófeigsstaða og Rangár, þar til kemur að fyrstnefndum norðvesturmerkjum.

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Draflastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.11 Tjarnahverfi á Gönguskarði

6.11.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár hefur verið afmarkað sem sameignarland jarðanna á austanverðu Gönguskarði, sbr. heimildir um Tjarnahverfi eystra og vestra, og gerð krafa til sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.31. og 3.32. Þes skal getið hér að til vestari hluta Gönguskarðs er gerð krafa af hálfu Draflastaða, sjá kafla 6.10.

Gönguskarð liggur þvert í gegnum Kinnarfjöll, í stefnu frá suðaustri til norðvesturs. Þar var mjög greiður og fjölfarinn fjallvegur, sumar sem vetur, og allur varðaður. Skarðið liggur í u.þ.b. 400-500 m hæð yfir sjávarmáli en fjöllin beggja vegna ná upp í u.þ.b. 900 m hæð. Hlíðarnar eru brattar en undirlendið flatt og víða grösugt. Tjarnhverfi liggur á miðju skarði og er þar mýrlendi.

6.11.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla og öræfa á svæðinu. Því er haldið fram að svæði utan kröfulínu séu samnotaafréttir fyrir búfé utan eignarlanda einstakra jarða, auk þess sem fjarlægð frá byggð og landhættir að öðru leyti styðji að um þjóðlendu sé að ræða.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Þóroddsstaðar, Ófeigsstaðar og Rangár, er byggt á því að torfunni hafi fylgt sameignarland á Seljadal og Gönguskarði, sem heimildir staðfesti að hafi fylgt frá fornu fari. Sameignarland á Gönguskarði sé það svæði sem í gömlum heimildum kallist Tjarnahverfi eystra og vestra. Þá er vísað til landskiptagerðar Þóroddsstaðar og Engihlíðar frá 1987, landamerkjabréfa, og annarra skráðra eignarheimild, fornra og nýrrafrá, sem þeir hafi fyrir eignum sínum ásamt landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Jarðeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðanna og er vísað til þess að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið ennfremur á viðskiptavenju. Það samrýmist ekki grundvallarreglu réttarríkisins um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri

þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið beinum rétti.

Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan landamerkja Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár hafi ekki verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu sérstaklega litið til þess í úrlausnum sínum um eignarrétt hvaða væntingar menn hafi mátt hafa um eignarhald þegar litið sé til athafna eða athafnaleysis ríkisvalds gagnvart réttindunum. Öll afnot og nytjar landsins hafi verið háð leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess.

Mótmælt er þeim skilningi íslenska ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða né fjalllendis framangreindra jarða, enda sé hann ekki reistur á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Í stað þess að leitast við að rekja eignarheimildir frá landnámi til vorra daga sé réttara að rekja heimildirnar frá skýrum upplýsingum nútímans til fortíðarinnar. Ekki sé hægt að taka Landnámu sem réttarheimild og fráleitt að líta framhjá hefð og venjurétti. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ er á við úrlausn máls.

6.11.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Tjarnahverfis eystra og vestra á austanverðu Gönguskarði er rakin í kafla 5.31.1 hér að framan, sbr. einnig kafla 5.30-5.31 um Ófeigsstaði og Þórodssstað og 5.38 um afrétti o.fl. Þar kemur fram að Tjarnahverfa er fyrst getið í máldaga frá 14. öld og sögð eign Þóroddsstaðarkirkju. Um jarðirnar Þóroddsstað og Ófeigsstaði er fjallað í kafla 6.9. Heimildir greina frá því að í Tjarnahverfi eystra og vestra hafi verið sel en land á Gönguskarði hefur lengi verið nýtt til sumarbeitar og haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[918] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Tjarnahverfa. Er þar helst að líta til skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju, líklega er frá 1599 en uppskrifuð árið 1831, skýrslu prestsins á Þóroddsstað um eignir kirkjunnar frá 1832-1834 og landamerkjabréfa á þessu svæði, frá Þóroddsstað suður að Hrafnsstöðum, auk Draflastaðakirkjulands á vestanverðu Gönguskarði. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir tekur til heildarmerkja svæðisins, enda samkvæmt

[918] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

afmörkun gagnaðila ríkisins allt innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um merki Tjarnahverfa verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831, segir svo um afmörkun Tjarnahverfa: „skal madur fyrst standa á Tiarna Hóli, vid Eystri tjarnir; á Þóroddstadur þadann allt þad land, er Sjónhending yfirgrjpur þar um hverfis, sem er Austari Partur af Gaunguskardi. Sjdann skal standa á grjóthól, vid vestari Tiarnir, liggur þar til Sjóndejlinginn i Þrejngslinn Eystri... “ Í minnisgrein um eignir kirkjunnar sem presturinn á Þóroddsstað ritaði einhvern tíma á árabilinu 1832-1834 kemur fram að „önnur skjöl“, ótilgreind, lýsi merkjum heimalands Þóroddsstaðar frá mynni Seljadals „gaungu Skarð allt milli Fialla brúna Há hriggs og Þreinginga...“. Krefjendur beins eignarréttar að Tjarnahverfum í máli þessu, eigendur jarðanna Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár, hafa einungis afmarkað kröfusvæði sitt með línu sem dregin er á kort, án merkjalýsingar í texta eða skírskotunar til einstakra heimilda. Enginn ágreiningur er þó meðal gagnaðila íslenska ríkisins um merki á þessu svæði og ekki verður séð að framangreindar lýsingar á afmörkun Tjarnahverfa, svo langt sem þær ná, mæli þeirri afmörkun í mót. Er þar að auki til merkjalýsinga aðliggjandi landsvæða að líta.

Til norðurs af sameiginlegu kröfusvæði eigenda Þóroddsstaða, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfa eru sérstök kröfusvæði sömu aðila vegna umræddra jarða. Þar er Þóroddsstaður nyrst en sunnan hans eru Ófeigsstaðir og Rangá, sameiginlega. Í landamerkjabréfi Þóroddsstaðar, dags. 10. apríl 1923 og þingl. 1. júlí 1925, segir m.a. svo: „Að vestan ráða merkjum há grjótin vestan Seljadals, uns landeign Ófeigsstaða tekur við eftir því sem vörður á merkjum vísa til.“ Um merkjalýsingu í minnisgrein sem presturinn á Þóroddsstað ritaði einhvern tíma á árabilinu 1832-1834 var áður fjallað en um aðrar eldri heimildir sem lýsa merkjum Þóroddsstaðar vísast til kafla 6.9. Svo sem þar kemur fram geta eldri heimildir ágætlega samrýmst landamerkjabréfinu svo langt sem þær ná en þó er þar ekki að finna nákvæmar lýsingar á merkjum til vesturs.

Í landamerkjabréfi Ófeigsstaða, dags. í maí 1919 og þingl. vorið 1919, er norðurmerkjum lýst beina línu „í há vestur yfir Grjótin og Seljadalsá“ og suðurmerkjum „upp á há brúnir Vesturfjalla“. Hér skal þess getið að býlið Rangá var stofnað úr hluta Ófeigsstaða um miðja 20. öld.

Samkvæmt framangreindum lýsingum, sbr. einnig afmörkun í kröfugerð gagnaðila ríkisins í máli þessu, er Gönguskarð utan við afmörkun í landamerkjabréfum Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða og ekki er heldur á Tjarnahverfi minnst sérstaklega.

Austan við kröfusvæði vegna Tjarnahverfa eru Torfunes og Háls Í landamerkjabréfi Torfuness, dags. 1. apríl 1908 og þingl. sama ár, eru vesturmerki miðuð við „brúnir vesturfjalla“, sjá nánar í kafla 6.9. Eldri merkjalýsing á mörkum milli Torfuness og Háls er í samræmi við þetta. Bréfið er áritað af umráðamanni

Þóroddsstaðaprestsseturs og hjáleigunnar Ófeigsstaða. Í lögfestu fyrir Háls landareign frá 28. júní 1897, sem þinglesin var 29. júní 1897, segir um vesturmerki að þar ráði „grjótskriða sú sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni.“ Til norðurs er miðað við Skollahnjúk og til suðurs „Gönguskarðsá inn fyrir Háls grænur“. Eldri heimildir um afmörkun Háls liggja ekki fyrir.

Sunnan við Háls og kröfusvæði Tjarnahverfa eru Hrafnsstaðir. Í landamerkjabréfi Hrappsstaða (Hrafnsstaða), dags. 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897, eru norðurmerki að því leyti sem hér skiptir máli dregin frá þeim stað fyrir neðan Hálssel þar sem lækur fellur í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) og „síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnar hverfi í Gönguskarði og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu (þar nú á öld liggur almannavegur um) allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði... “ Bréfið er áritað vegna Þóroddsstaðarkirkju.

Vestan við kröfusvæði Tjarnahverfa er land Draflastaðakirkju á Gönguskarði sem lýst er í sérstöku landamerkjabréfi frá 15. maí 1886, þingl. 4. júní sama ár. Þar segir svo um austurmerki: „Að austan eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða til austurs. Aðrar heimildir liggja ekki fyrir um afmörkun lands Draflastaðakirkju á Gönguskarði.

Samkvæmt framangreindum merkjalýsingum, sbr. einnig afmörkun gagnaðila ríkisins á kröfusvæðum sínum, ná merki Draflastaðakirkjulands, Þóroddsstaðar, Ófeigsstaðar, Rangár, Torfuness, Háls og Hrafnsstaða ekki saman á austanverðu Gönguskarði. Nánar tiltekið miðast merki Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða við brúnir Vesturfjalla en ná ekki niður í Gönguskarð, merki Draflastaðakirkjulands og Háls ná ekki saman á Gönguskarði og merki Hrafnsstaða ná ekki upp á brúnir Vesturfjalla, til móts við Ófeigsstaði. Sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar fellur því utan merkjalýsinga í landamerkjabréfum á þessu svæði, þ.e. Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða, Tofuness, Háls og Hrafnsstaða, auk lands Draflastaðakirkju á vestanverðu Gönguskarði. Kemur þá næst til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þess.

Heimildir um rétt Þóroddsstaðarkirkju til hluta Gönguskarðs eru fjölmargar og má rekja allt aftur til máldaga Auðunar rauða Þorbergssonar biskups frá 1318. Þar segir að Þóroddstaðarkirkja eigi „Tiarnahuerfe hid eystra og vestra“, sbr. einnig síðari máldaga, vísitasíur og fleiri heimildir. Í skýrslu yfir eignir Þóroddsstaðarkirkju sem líklega er frá 1599 en skrifuð upp 1831, segir svo: „Her ad auk á Kirkiann á Þóroddstad Gaunguskard allt ad austan, og Selstödu þar; ...“. Í máldaga Þóroddsstaða frá 1644 segir að umrædd Tjarnahverfi séu „Selfór á Gaunguskarde (i Háfum Fiallgarde Hier fyrer ofann bæena ligg<i>ande) og er nú þetta sú Fasteign Stadar Kyrkiu sem eg af veit Med Seliadal Hier fyrer Ofann Og Heima lande Stadar i kinn,... “ Í heimildum frá því í byrjun 17. aldar kemur fram að Þóroddsstaðarkirkja leigi Hálsi

selstöðu í Gönguskarði. Gönguskarð er nefnt meðal afréttarlanda í sóknarlýsingum Hálsprests 1839 og Þóroddsstaðaprests 1840. Í síðarnefndu lýsingunni segir einnig að mestur hluti Gönguskarðs „tilheyri Þóroddsstöðum.“ Í fasteignamati 1916-1918 segir að Þóroddsstaðir eigi „Land ítak á Gönguskarði.“ Ítak Þóroddsstaðarkirkju á Gönguskarði er einnig nefnt í bréfi umboðsmanns Þóroddsstaðar til sýslumanns frá 1920 og bréfi Stjórnarráðsins til sýslumanns frá 1921. Í hinu síðarnefnda tilkynnir Stjórnarráðið að umrædd ítök skuli fylgja hinu nýja prestssetri Þóroddsstaðaprestakalls, Vatnsenda. Í samræmi við þetta tilgreinir presturinn á Vatnsenda „afréttarland á Gönguskarði á Kinnarfjalli“, ítak Þóroddsstaðarkirkju, í svari sínu við fyrirspurn til biskupsskrifstofunnar í Reykjavík um ítök kirknanna, dags. 1. febrúar 1954. Fram kemur að hann hafi ekki notið umræddra ítaka á nokkurn hátt þau 25 ár sem hann hafi verið þar prestur. Í framhaldi af því ritar Biskup Íslands sýslumanninum í Þingeyjarsýslu bréf og lýsir „Afréttarlandi á Gönguskarði“ sem ítaki Þóroddsstaðarkirkju, sbr. lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum.

Framangreindar heimildir bera með sér að Tjarnahverfi eystra og vestra hefur legið undir Þóroddsstaðarkirkju en þó verið aðgreint frá jörðinni. Þess er jafnan getið með sérstökum hætti og í tengslum við selför, ítök og afréttarnot. Landamerkjabréf Ófeigsstaða var gert árið 1919 og bréf Þóroddsstaðar árið 1923, eftir að Vatnsendi hafði tekið við sem prestsetur Þóroddsstaðarprestakalls. Landsvæðið á austanverðu Gönguskarði er ekki til umfjöllunar í bréfum Þóroddsstaðar og Ófeigsstaða en ekkert landamerkjabréf virðist hafa verið gert fyrir Vatnsenda. Ljóst er einnig að Biskup Íslands hefur lýst rétti Þóroddsstaðakirkju á Gönguskarði sem ítaki. Svæðið er hálent, fjarri byggð og smölun sameiginleg.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Þóroddsstaðarkirkja hafi átt óbein eignarréttindi á austanverðu Gönguskarði fremur en að kirkjan hafi átt þar beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Tjarnahverfum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Tjarnahverfis eystra og vestra hafi orðið til á þann veg að þau hafi verið tekin til selfarar, sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um

afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Tjarnahverfi eystra og vestra séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[919] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið hefur verið nýtt sem afréttur og undirorpið slíkum rétti. Í því sambandi hafa ekki aðrir lagt fram kröfur en eigendur Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár og þeirri kröfu er ómótmælt.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Tjarnahverfi eystra og vestra, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Til vesturs afmarkast landsvæði þetta af merkjum Draflastaðakirkjulands á vestanverðu Gönguskarði, þar sem þau liggja í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin, sbr. hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps sem jafnframt eru norðvesturmerki kröfulínu Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfis.*
>
> *Til suðvesturs er miðað við merki Hrafnsstaða, og stefna tekin þaðan sem þau liggja frá þeim stað fyrir neðan Hálssel (punktur 8 í kröfulýsingu vegna Hrafnsstaða) þar sem lækur fellur í á þá er rennur af Gönguskarði til norðurs (Seljadalsá) og síðan réttlínis í Hól þann sem stendur við eystra Tjarnahverfi á Gönguskarði (punktur 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnsstaða) og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnan verðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði (punktur 10 í kröfugerð vegna Hrafnsstaða).*
>
> *Til austurs er farið úr áðurnefndum hól við eystra Tjarnahverfi (punkti 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnsstaða) í grjótskriðu þá sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni (punktur 4 í kröfulýsingu vegna Háls). Þaðan er dregin lína í norðaustur þar til komið er að hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) við merkjalínu Háls sem liggur úr Skollahnjúk og þangað til komið er á móts við framangreinda skriðu. Frá framangreindu hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) er miðað við merki Torfuness og Ófeigsstaða, þar sem þau liggja í há-brúnum Vesturfjalla (punktar 9 í kröfulýsingum vegna Torfuness og Ófeigsstaða), þar til kemur að*

[919] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

fyrstnefndum vesturmerkjum, sem jafnframt eru hreppamörk á milli fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Þóroddsstaðar að 2/3 og Ófeigsstaða og Rangár að 1/3, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.12 Finnsstaðadalur

6.12.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem kallast Finnsstaðadalur og þinglýstir eigendur Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstaða gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1., 3.22. og 3.23.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 400 m hæð norður af Fornastaðafjalli. Lega þess er suðaustur-norðvestur og liggur það í gegnum Kinnarfjallgarðinn og opnast til austurs gegnt Ystafelli. Dalurinn er mjór og hækkar ört austur, upp í 600 m hæð með gróður um hann allan og hátt til hlíða.

6.12.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að af lýsingu landnámsheimilda að dæma hafi eingöngu dalir og hlíðar þeirra verið numdir í öndverðu en að landnám hafi ekki tekið til fjalla eða öræfa á svæðinu.Taki kröfulína ríkisins mið af þessu og liggi ekki inn fyrir sannanleg mörk landnáms og samkvæmt lýsingum landnámsheimilda verði ekki ráðið að land innan kröfusvæðis ríkisins hafi verið numið. Heimildir greina að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Megi þar einkum nefna Flateyjardal en því afréttarsvæði sé lýst í Göngum og réttum. Meðal afréttarlanda Ljósavatnshrepps séu Kinnarfjöll, þ.e. Finnsstaðadalur, Gönguskarð, Seljadalur og Víknalönd og komi það m.a. fram í Göngum og réttum. Þó svo að talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi enda hafi svæðið innan kröfulínu fyrst og fremst verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé.

Grundvöllur að beinum eignarrétti hafi verið lagður á landnámsöld við nám. Eftir það hafi lönd undirorpin beinum eignarrétti aldrei getað aukist heldur hafi eigendalausum svæðum fjölgað með tímanum. Svæði það sem er til meðferðar í máli þessu er hluti Þingeyjarsveitar, nánar tiltekið sveit sú sem áður nefndist Flateyjarhreppur og sá hluti hreppanna sem áður nefndust Hálshreppur og Ljósavatnshreppur, sem er norðan Ljósavatnsskarðs.

Byggt er á því að landsvæði það sem kröfur fjármálaráðherra nái til sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998 og er á því byggt að krafa um þjóðlendu taki til landsvæða utan landnáms í Kinnarfjöllum og Víknafjöllum og allt að Hágöngum í norðri.

Talið er að jarðir þær sem hér séu til umfjöllunar geti ekki átt eignarland umfram tilgreind hæðarmörk, enda nái merki jarðanna almennt ekki að jörðum vestan við og séu ekki samþykkt sérstaklega í háfjöllum. Þá séu merkjalýsingar óljósar til fjalls, t.d. „hágrjót“, „á grjót upp“, „vötn hallar“. Loks er talið að Finnsstaðadalur sé samnotaafréttur utan merkja jarða, sbr. t.d. merkjabréf Finnsstaða.

Af hálfu þinglýstra eigenda Finnsstaða, Hjaltastaða og Halldórsstað, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum (viðskiptavenju). Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræðir. Ítrekað sé gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísast einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og landamerkjalýsing fari ekki í bága við eldri heimildir séu beinum eignarrétti háð. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkja Finnsstaða og Halldórsstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Gagnaðili hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Þá er talið að taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild.

6.12.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Finnsstaðadal er rakin í kafla 5.22. hér að framan, sbr. einnig kafla 5.38. um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að Finnsstaðadals er fyrst sérstaklega getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 og talinn tilheyra Finnsstöðum. Jörðin Finnsstaðir liggur að hluta einnig innan ágreiningssvæðis í máli þessu en er aðskilin frá Finnstaðadal af öðrum jörðum. Um Finnsstaði er fjallað í kafla 6.9. Engar heimildir eru um að byggð hafi

verið á Finnsstaðadal en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.[920] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Finnsstaðadals er lýst í landamerkjabréfi Finnsstaða frá 5. apríl 1886 og þingl. 13. júní 1887. Þar er annars vegar lýsing á merkjum heimalandsins og hins vegar „afréttarlandinu Finnsstaðadal“ eins og segir í bréfinu. Fram kemur í landamerkjabréfi Halldórsstaða, frá 20. maí 1885 og þingl. 28. maí sama ár, að jörðin „ ... eigi 1/6 – einn sjötta – part úr afréttarlandinu Finnsstaðadal“ en svæðinu er að öðru leyti ekki lýst. Engar eldri merkjalýsingar finnast um Finnsstaðadal. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs, austurs, norðausturs og norðurs eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Fellsels og Selfells, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða og Draflastaðakirkjulands, sbr. kafla 6.9. og 6.10. Til norðvesturs, vesturs og suðvesturs eru ágreiningssvæði vegna Syðri- og Ytri-Hóls, Hallgilsstaða, Sólvangs og Fornhóla, sbr. kafla 6.8. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Finnsstaðadals með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Um merki „afréttarlandsins Finnsstaðadals“ segir í landamerkjabréfinu: „Takmörk hans eru sunnan við ána, sem eftir honum rennur. Mjóadalsá að innan, en norðan við ána gil nokkurt sem liggur gagnvart Mjóadal.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Fellssels, Syðri- og Ytri-Hóls, Barnafells og Halldórsstaða. Merkjum Finnsstaðadals er þannig ekki lýst til norðurs og austurs. Suðurmörk eru einnig ónákvæm enda ekki tekið fram hversu langt „sunnan við ána“ þau ná. Verður því sérstaklega litið til merkja aðliggjandi landsvæða.

Norðvestan og vestan kröfusvæðis Finnsstaðadals eru kröfusvæði Syðri- og Ytri-Hóls, Hallgilsstaða, Sólvangs og Fornhóla, og Fornastaða.

Í landamerkjabréfum Syðri- og Ytri-Hóls, sem bæði eru frá 16. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár, eru merki einnig miðuð við Mjóadalsá og gil sem liggur gagnvart Mjóadal. Er sú lýsing því í samræmi við lýsingar á Finnstaðadal. Bæði bréfin eru árituð vegna Finnsstaða.

Merkjum Hallgilsstaða er lýst í landamerkjabréfi frá 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Þar er miðað við að merki jarðarinnar til austurs nái „á fjall upp“. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða.

Jarðirnar Fornhóll og Sólvangur voru stofnaðar úr landi Fornastaða á miðri síðustu öld. Verður því litið til landamerkjabréfs Fornastaða sem ritað var 28. mars 1884 og þingl. 18. júní sama ár. Það er ekki áritað vegna Finnsstaða. Í bréfinu er ekki

[920] Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

nákvæm lýsing til austurs en suðurmerki miða við Merkiá „af fjalli“ og norðurmerki fylgja „Syðragili í fjallinu“.

Til suðurs, austurs og norðausturs liggja kröfusvæði vegna Fellssels og Selfells, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnsstaða og Draflastaðakirkjulands.

Samkvæmt landamerkjabéfi Fellssels, frá 28. maí 1885 og þingl. sama dag, eru merki til vesturs miðuð við „ ... grjóthæðir hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal.“ Bréfið er áritað vegna Finnsstaða. Býlinu Selfelli var skipt úr jörðinni á miðri síðustu öld. Sömu lýsingu er að finna í landamerkjabréfi Ystafells, frá 27. maí 1885 og þingl. degi síðar. Það er áritað um samþykki vegna Finnsstaða. Býlið Hlíð var stofnað í landi Ystafells árið 1931. Ágreiningur er milli gagnaðila íslenska ríkisins varðandi mörk Finnsstaðadals til austurs gagnvart Ystafelli. Til þess atriðis verður aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.

Merkjum Gvendarstaða er lýst í landamerkjabréfi frá 18. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða. Til vesturs eru merki miðuð við „hábrún Vesturfjalls.

Samkvæmt landamerkjabréfi Hrafnsstaða, frá 15. september 1890 og þingl. 29. júní 1897, eru merki til norðurs „ ... í hóla er standa í miðju Gönguskarði og svo allt tiltekið land fyrir sunnan fram á Gönguskarði [...] ofan í gróf þá er áður um getur og er milli Hrappstaða og Guðmundarstaða liggjandi“. Bréfið er ekki áritað vegna Finnsstaða. Merkjum er þannig ekki nákvæmlega lýst til suðvesturs gagnvart Finnsstaðadal.

Samkvæmt landamerkjabréfi „Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði“, frá 15. maí 1886 og þingl. 4. júní sama ár, eru merki til suðurs, gagnvart Finnsstaðadal, miðuð við „Gönguskarðsöxlina þar sem Hólsdalur byrjar.“ Síðan segir um austurmerkin að farið sé í „ ... vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðum megin.“ Bréfið er áritað vegna Finnsstaða. Athugun á heimildum aðliggjandi landsvæða bendir til þess að sú afmörkun sem gagnaðilar ríkisins leggja til grundvallar á kröfusvæði sínu vegna Finnsstaðadals fái samræmst þeim.

Merkjum framangreindra jarða er almennt lýst í þau fjöll sem liggja að Finnsstaðadal, sbr. t.d. Gvendarstaði og Hallgilsstaði, eða í ákveðin kennileiti, sbr. Fornastaði. Merkjum Hrafnsstaða er ekki nákvæmlega lýst til suðvesturs, gagnvart Finnsstaðadal, en sú lýsing virðist þó ekki mæla afmörkun eigenda jarðarinnar í mót, svo langt sem hún nær. Um merki framangreindra jarða og landsvæða er að öðru leyti nánar fjallað í köflum 6.8. og 6.9. Þar eru einnig raktar eldri heimildir um merkin í þeim tilvikum sem þeirra nýtur við. Í köflunum er komist að þeirri niðurstöðu að merkjalýsingar séu í ágætu samræmi við afmörkun gagnaðila á þeim kröfusvæðum sem liggja að Finnsstaðadal en um þessi mörk er ekki ágreiningur milli gagnaðila íslenska ríkisins að undanskildum austurmerkjum gagnvart Ystafelli. Engar lýsingar

eru í landamerkjabréfi Finnsstaða á merkjum Finnsstaðadals til norðurs og austurs og takmarkaðar til suðurs. Ekkert annað er fram komið um afmörkun Finnsstaðadals sem byggjandi er á um mörk landsvæðisins til þessara átta en lýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og landsvæða. Athugun á þeim heimildum bendir til þess að sú afmörkun sem gagnaðilar íslenska ríkisins leggja til grundvallar á kröfusvæði sínu vegna Finnsstaðadals fái samræmst þeim.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Finnsstaðadals.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 6.1.1 í málum nr. 1-5/2005. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Finnsstaði og Finnsstaðadal var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Af heimildum má ráða að Finnsstaðadalur hafi legið undir Finnsstaði en síðan hafi 1/6 hluti svæðisins verið seldur Halldórsstöðum, líklega á 19. öld, sbr. landamerkjabréf beggja jarðanna. Finnstaðadals er jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum og stundum nefndur „afréttarland.“ Elsta heimildin um Finnsstaðadal er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns en þar segir: „eitt dalland í fjöllunum milli Fnjóskadals og hjer. Hann hefur áður verið eignaður Finnstöðum, so sem sjá má af gömlum lögfestum. Hann er nú ekki brúkaður nema lítilega til hestagöngu á sumrin.“ Um Finnsstaðadal er fjallað í sóknarlýsingu frá 1840 en þar segir Þóroddsstaðaprestur: „... Í suður frá Gönguskarði á fjalli uppi liggur Finnsstaðadalur og fram gegnt Gljúfrá. Allt er þetta afréttarlönd.“ Þá kemur fram í fasteignamati 1916-1918 um jarðirnar Halldórsstaði og Finnsstaði að auk þess að eiga rétt til upprekstrar á „afrétt sveitarinnar“ fylgi Finnsstöðum 5/6 af Finnsstaðadal og Halldórsstöðum 1/6. Loks er Finnsstaðadalur nefndur sérstaklega í landamerkjabréfum Finnsstaða og

Halldórsstaða og þar nefndur „afréttarland“ en hann liggur aðskilinn frá báðum jörðunum. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það liggur fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Finnsstaðadalur hafi verið afréttur Finnsstaða og síðar einnig Halldórsstaða og loks Hjaltastaða, þegar það býli var stofnað, í þeim skilningi að jarðirnar hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 6.1.3.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Finnsstaðadalur sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsvæðisins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[921] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Finnsstaða, Halldórsstaða og Hjaltastaða.

Svo sem að framan greinir er ágreiningur milli gagnaðila íslenska ríkisins um mörk Finnsstaðadals til austurs gagnvart Ystafelli. Engar lýsingar eru á mörkum Finnsstaðadals til austurs og takmarkaðar til suðurs og er því ekkert annað fram komið um afmörkun Finnsstaðadals sem byggjandi er á en lýsing í landamerkjabréfi Ystafells. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Ystafells hefur ítarlega verið gerð grein fyrir merkjum jarðarinnar og þau merki afmörkuð á korti. Engar röksemdir hafa hins vegar verið færðar fram af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Finnsstaðadals sem gætu skýrt afmörkun á því svæði. Telur óbyggðanefnd því ekki við annað að

[921] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

styðjast við afmörkun á þjóðlendunni en lýsingu í landamerkjabréfi Ystafells svo sem hún er afmörkuð vegna Ystafells.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Finnsstaðadalur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Úr tindi Bræðrafjalls (883 m) er kröfulínum gagnaðila ríkisins vegna Fornhóla, Sólvangs, Hallgilsstaða, Syðri- og Ytri-Hóls fylgt til norðvesturs, að gili sem liggur norðan við Mjóadalsá, gagnvart Mjóadal, en kröfulínur þessar fara saman við hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps á þessu svæði. Þaðan er hreppamörkum fylgt áfram til norðausturs, þar til kemur að þeim hluta umræddra hreppamarka, skammt norðvestan við Grænahnjúk, sem í máli þessu er jafnframt kröfulína gagnaðila ríkisins vegna suðausturmerkja Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði. Þar er hornmark. Úr hornmarkinu er hábrúnum Vesturfjalla fylgt til suðausturs, sbr. kröfulínur gagnaðila vegna Finnsstaðadals, fyrst gagnvart Hrafnsstöðum, síðan Gvendarstöðum og loks Hlíð. Þaðan, gagnvart Ystafelli, ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal, og merkjavörður upp á fyrstnefndan tind Bræðrafjalls, sbr. kröfulínu gagnaðila ríksins vegna Ystafells.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Finnsstaða, Halldórsstaða og Hjaltastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

6.13 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

7 ÚRSKURÐARORÐ [922]

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hálsmannatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Að norðan er miðað við Ytri-Jökulsá. Að austan ræður fjallsbrún. Að sunnan er miðað við Syðri-Jökulsá. Að vestan ræður Dalsá*

Sama landsvæði er í afréttareign Þingeyjarsveitar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Til vesturs er að norðanverðu miðað við Grjótá og svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmerkjum og að sunnanverðu ræður Gönguskarðsöxlin þaðan sem Hólsdalur byrjar.*
>
> *Til suðausturs og austurs eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðumegin.*
>
> *Til norðausturs er miðað við hágrjót Vesturfjalla, sbr. punkt 6 í kröfulýsingu vegna Þóroddsstaðar og punkt 9 í kröfulýsingu gagnaðila ríkisins vegna Ófeigsstaða og Rangár, þar til kemur að fyrstnefndum norðvesturmerkjum.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Draflastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Til vesturs afmarkast landsvæði þetta af merkjum Draflastaðakirkjulands á vestanverðu Gönguskarði, þar sem þau liggja í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðumegin, sbr. hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps sem jafnframt eru norðvesturmerki kröfulínu Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfis.*
>
> *Til suðvesturs er miðað við merki Hrafnsstaða, frá hól þeim sem stendur við eystra Tjarnahverfi á Gönguskarði (punktur 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnsstaða) og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í*

[922] Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

reiðgötur að sunnan verðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði (punktur 10 í kröfugerð vegna Hrafnsstaða).

Til austurs er farið úr áðurnefndum hól við eystra Tjarnahverfi (punkti 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnsstaða) í grjótskriðu þá sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálssel og Hálsgreni (punktur 4 í kröfulýsingu vegna Háls). Þaðan er dregin lína í norðaustur þar til komið er að hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) við merkjalínu Háls sem liggur úr Skollahnjúk og þangað til komið er á móts við framangreinda skriðu. Frá framangreindu hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) er miðað við merki Torfuness og Ófeigsstaða, þar sem þau liggja í há-brúnum Vesturfjalla (punktar 9 í kröfulýsingum vegna Torfuness og Ófeigsstaða), þar til kemur að fyrstnefndum vesturmerkjum, sem jafnframt eru hreppamörk á milli fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Þóroddsstaðar að 2/3 og Ófeigsstaða og Rangár að 1/3, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Finnsstaðadalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Úr tindi Bræðrafjalls (883 m) er kröfulínum gagnaðila ríkisins vegna Fornhóla, Sólvangs, Hallgilsstaða, Syðri- og Ytri-Hóls fylgt til norðvesturs, að gili sem liggur norðan við Mjóadalsá, gagnvart Mjóadal, en kröfulínur þessar fara saman við hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps á þessu svæði. Þaðan er hreppamörkum fylgt áfram til norðausturs, þar til kemur að þeim hluta umræddra hreppamarka, skammt norðvestan við Grænahnjúk, sem í máli þessu er jafnframt kröfulína gagnaðila ríkisins vegna suðausturmerkja Draflastaðakirkjulands á Gönguskarði. Þar er hornmark. Úr hornmarkinu er hábrúnum Vesturfjalla fylgt til suðausturs, sbr. kröfulínur gagnaðila vegna Finnsstaðadals, fyrst gagnvart Hrafnsstöðum, síðan Gvendarstöðum og loks Hlíð. Þaðan, gagnvart Ystafelli, ráða merkjum grjóthæðir, hvaðan vötnum hallar inn á Finnsstaðadal, og merkjavörður upp á fyrstnefndan tind Bræðrafjalls, sbr. kröfulínu gagnaðila ríksins vegna Ystafells.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Finnsstaða, Halldórsstaða og Hjaltastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Eigendur Árlands, Árteigs, Ártúns, Austari-Króka, Birkihlíðar, Borgartúns, Draflastaða, Engihlíðar, Fellssels, Finnsstaða, Fornastaða, Fornhóla, Garðs, Granastaða I og II, Grímslands, Gvendarstaða, Halldórsstaða, Hallgilsstaða, Þingeyjarsveit vegna Hálsmannatungna, eigendur Hjaltastaða, Kambsmýra, Knarrareyrar, Kross, Landamóts, Landamótssels, Litlu-Tjarna, Syðri-Hóls, Nípár, Ófeigsstaða, Rangár, Selfells, Sigríðarstaða, Sólvangs, Syðri-Leikskálaár, Torfuness, Veisu, Veisusels, Ytri-Hóls, Ytri-Leikskálaár og Þóroddstaðar kr. 2.000.000, vegna Sigurðar Jónssonar hrl.

Eigendur Ysta-Fells og Hlíðar kr. 800.000 vegna Páls A. Pálssonar hrl.

Eigendur Hrafnsstaða kr. 250.000, eigendur Háls kr. 250.000 og eigendur Kvíabóls kr. 250.000, vegna Friðbjörns Garðarssonar hdl.

Eigendur Bjarga, Knarrareyrar, Kotamýra og Naustavíkur/Vargsness kr. 1.000.000 vegna Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Benedikt Bogason

Hulda Árnadóttir

A L M E N N A R N I Đ U R S T Ö Đ U R

Ó B Y G G Đ A N E F N D A R

í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu)

og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

ÓBYGGÐANEFND

Sérprentun 3. júní 2004

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI **3**

1. INNGANGUR **4**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR **4**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA **5**

3.1. Landnám 5
3.2. Hefð 8
3.3. Lög 12

4. FLOKKUN LANDS **13**

4.1. Almennt 13
4.2. Jörð 14
4.3. Almenningar 20
4.4. Afréttir 22
4.5. Jörð eða afréttur? 29
4.6. Jöklar 30
4.7. Fjallskil 36
4.8. Ítök 39
4.9. Fjörur og rekaeign 42

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD **47**

5.1. Almennt 47
5.2. Jarðamöt og jarðabækur 47
5.3. Máldagar og vísitasíur 49
5.4. Lögfestur 52
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf 53
5.6. Afsals- og veðmálabækur 57
5.7. Aðrar heimildir 58

6. NIÐURSTAÐA **59**

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði sem tekið var til meðferðar er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og fara hér á eftir.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

---

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á

---

[2] Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

[3] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133-134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur

---

[4] *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.
[5] *Landnámabók* 1986, s. 321.
[6] *Landnámabók* 1986, s. 337.
[7] Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193-222.
[8] Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222-225, 231-233.

því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir,

---

[9] Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578-584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1-3. b. (1980-1996).

völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr, átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um

---

[10] Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.
[11] *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.
[12] Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).
[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.
[14] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

---

[15] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.
[16] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802-1873*. 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.
[17] *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.
[18] *Tíðindi frá Alþíngi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2-12.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstrs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir

---

[19] *Tíðindi frá Alþingi…1845*, s. 466.
[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.
[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.

> því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin

---

[22] *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.
[23] *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
[24] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp

nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt. [27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki

---

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

[27] *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

[28] Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka,

---

[29] Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.
[30] *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.
[31] *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar …“[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu

---

[32] *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

[33] *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188-190 (56. k. llb.).

viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

---

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).

[41] Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

[42] *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).

[43] Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

[44] Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli.*[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

---

[45] *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
[46] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).
[47] Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.
[48] Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462-463.
[49] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.
[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213-215, 226.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskjö*l. Reykjavík. S. 24.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> *a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.
>
> *b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af

---

[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.
[54] Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930*. Reykjavík. S. 78-79.

ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

[55] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
[56] Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
[57] Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við land-

---

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917-1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

[61] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s . 27-30.

eiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni …[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar all-nokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka

---

[62] Eggert Briem 1917, s. 61-62.
[63] *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[64] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).
[65] *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).
[66] Eggert Briem 1917, s. 61-62.
[67] Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands.

---

[68] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

[69] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

[70] Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

[71] Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

[72] Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

[73] Ólafur Lárusson, 1950*: Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

[74] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan

---

[75] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s. 43.
[76] Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.
[77] *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).
[78] *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).
[79] Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstrs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju

eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið

---

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.
[81] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).
[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).
[83] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).
[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýla-

---

[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

tilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur,* sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur.* Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

> Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni

---

[90] Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).
[91] Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.
[92] Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar

jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það

er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til

---

[93] Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272-273.
[94] *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“
[95] Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1-2, 15.
[96] Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14-15.
[97] Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

---

[98] *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)
[99] *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).
[100] *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16-17).
[101] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.
[102] Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.
[103] Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.
[104] Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að

---

landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

[105] Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. lögþ. A: 2598.

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510-512.

dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

---

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.
[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið

og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

---

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).
[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.
[113] *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).
[114] *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.).

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgrtt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks

---

[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.
[116] *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði

---

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.
[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.
[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147-148, 150.
[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.
[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.
[123] *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.
[124] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr.

---

[125] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

[126] Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

[127] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

[128] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

[129] Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

[130] Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð".[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli".[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umræddu máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði

---

[131] Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

[132] Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

[133] *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

[134] *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

[135] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

[136] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

[137] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli

---

[138] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[139] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[140] Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.

[141] *Jónsbók* 1904, s. 194.

[142] *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.

[143] *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

[144] *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlǫg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

[145] Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

[146] *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353-354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

> þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum l¹gm¹nnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá

---

[147] *Grágás* 1992, s. 353-354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).
[148] Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.
[149] *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.
[150] *Jónsbók* 1904, s. 196-197.
[151] Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).
[152] *Grágás* 1992, s. 354-355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

---

[153] *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201-203, 208-209.
[154] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.
[155] Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).
[156] Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).
[157] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[158] Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.
[159] *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193-194.
[160] Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.
[161] *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að

---

[162] *Jónsbók* 1904, s. 197.
[163] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
[164] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.
[165] Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.
[166] Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
[167] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
[168] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.
[169] Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

---

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram

---

[173] Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165-175.
[174] *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).
[175] Björn Lárusson 1982, s. 17.
[176] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum".[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland.* Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til upprekstur, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun

---

[177] *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.
[178] *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

---

[179] *Grágás* 1992, s. 12.
[180] Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.
[181] Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.
[182] Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.
[183] Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar.* Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“ kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía

---

[184] *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.
[185] Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.
[186] *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513-514.
[187] Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47-48.

um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun

---

[188] Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.
[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.
[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Reykjavík 1993. S. 162.
[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.
[192] Sjá *Alþingisbækur.* 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í

---

[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).
[195] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1847, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.
[196] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.
[197] Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.
[198] Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.
[199] Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði

[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var

[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[206]

---

[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.
[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
[205] *Jónsbók* 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).
[206] Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.

Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða

---

[207] Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
[208] *Alþingistíðindi* A 1977-1978, s. 1382.
[209] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.
[210] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan

landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir, afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru

undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi

ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá

II. Aðilaskrá

Þjóðlendur	Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
Austari-Krókar	Karl Björnsson f.h. afkomenda Bergþórs Björnssonar
Austari-Krókar	Þingeyjarsveit
Árland	Kristján Ingjaldur Tryggvason
Árteigur	Sigurgeir Jónsson
Ártún	Ártúnsbú ehf.
Birkihlíð	Friðrik Steingrímsson
Birkihlíð	Lára Sólveig Svavarsdóttir
Björg	Ásta Pétursdóttir
Björg	Hlöðver Pétur Hlöðversson
Björg	Sigurður Freyr Sigurðsson
Borgartún	Arnór Benediktsson
Draflastaðaland á Gönguskarði	Sigurður Arnar Jónsson
Engihlíð	Baldvin Einarsson
Fellssel	Árný Garðarsdóttir
Fellssel	Tryggvi Berg Jónsson
Finnsstaðir	Jón Hermann Hjaltason
Fornastaðir	Fornhólar ehf.
Fornastaðir	Bergsveinn Jónsson
Fornastaðir	Ingvar Jónsson
Fornastaðir	Rúnar Jóakim Jónsson
Fornastaðir	Þórunn Jónsdóttir
Fornhólar	Fornhólar ehf.
Garður	Bergsveinn Jónsson
Garður	Ingvar Jónsson
Garður	Rúnar Jóakimsson
Garður	Þórunn Jónsdóttir
Granastaðir I	Ártúnsbú ehf.
Granastaðir I	Eiður Jónsson
Granastaðir I	Margrét Jónsdóttir
Granastaðir II	Ártúnsbú ehf.
Granastaðir II	Sigurgeir Jónsson
Grímsland	Þingeyjarsveit
Gvendarstaðir	Ásgeir Harðarson
Gvendarstaðir	Helgi Gunnarsson
Gvendarstaðir	Kristín Helgadóttir
Halldórsstaðir	Hriflubú sf.
Hallgilsstaðir	Tryggvi Stefánsson
Háls	Hálsbú ehf.
Hálsmannatungur	Þingeyjarsveit
Hjaltastaðir	Jón Hermann Hjaltason
Hlíð	Ólafur Ingólfsson
Hrafnsstaðir	Flosi Gunnarsson
Hrafnsstaðir	Unnur Pétursdóttir
Kambsmýrar	Kristján Valdimarsson
Kambsmýrar	Sigríður Valdimarsdóttir

Kambsmýrar	Sigtryggur Valdimarsson
Knarrareyri	Þingeyjarsveit
Knarrareyri	Aðalgeir T. Stefánsson
Knarrareyri	Ása D. Hólmgeirsdóttir
Knarrareyri	Elfa Vilhjálmsdóttir
Knarrareyri	Elísa Jóhanna Stefánsdóttir
Knarrareyri	Elsa Heiðdís Hólmgeirsdóttir
Knarrareyri	Guðmundur A. Hólmgeirsson
Knarrareyri	Ingvar Hólmgeirsson
Knarrareyri	Kristinn Vilhjálmsson
Kotamýrar	Aðaldælahreppur
Kotamýrar	Þingeyjarsveit
Kross	Karen O. Hannesdóttir
Kross	Sigurður Birgisson
Kross	Sólrún Helga Birgisdóttir
Kvíaból	Marteinn Sigurðsson
Landamót	Kristbjörg Ingólfsdóttir
Landamót	Ólafur Ingólfsson
Landamót	Ragnhildur H. Ingólfsdóttir
Landamótssel	Benedikt Bragason
Landamótssel	Berglind Bragadóttir
Landamótssel	Klara Bragadóttir
Landamótssel	Sigurður Valdimar Bragason
Landamótssel	Þórhallur Bragason
Naustavík/Vargsnes	Ásta Pétursdóttir
Nípá	Kári Karlsson
Ófeigsstaðir	Einar Kristjánsson
Ófeigsstaðir	Svanhildur Baldursdóttir
Rangá	Baldvin Kristinn Baldvinsson
Rangá	Friðrika Baldvinsdóttir
Rangá	Jón Aðalsteinn Baldvinsson
Selfell	Árný Garðarsdóttir
Selfell	Tryggvi Berg Jónsson
Sigríðarstaðir	Edda Petrína Olsen
Sigríðarstaðir	Hermann R. Herbertsson
Sólvangur	Bergsveinn Jónsson
Sólvangur	Ingvar Jónsson
Sólvangur	Rúnar Jóakimsson
Sólvangur	Þórunn Jónsdóttir
Syðri-Hóll	Benedikt Karlsson
Syðri-Hóll	Ingvar Helgi Kristjánsson
Syðri-Hóll	Þórólfur Kristjánsson
Syðri-Leikskálaá	Ingibjörg Jónasdóttir
Syðri-Leikskálaá	Sigurrós Soffía Jónasdóttir
Syðri-Leikskálaá	Svanhvít Ingvarsdóttir
Syðri-Leikskálaá	Sveinn Valdimar Jónasson
Syðri-Leikskálaá	Þórólfur Jónasson
Torfunes	Brynhildur Þráinsdóttir
Veisa	Karl Björnsson
Veisusel	Flaumur ehf.

Ytri-Leikskálaá	Margrét Jónsdóttir
Ytri-Hóll	Benedikt Karlsson
Ytri-Hóll	Friðrika Karlsdóttir
Yztafell I	Alfreð Schiöth
Yztafell I	Helgi Birgir Schiöth
Yztafell I	Kristbjörg Gróa Sigurðardóttir
Yztafell I	Marteinn Sigurður Sigurðsson
Yztafell I	Þórir Schiöth
Yztafell II	Kolbrún Bjarnadóttir
Yztafell II	Sigurveig Erlingsdóttir
Þóroddsstaður	Átthagafélagið Eiður

III. Skjalaskrá[923]

Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 1.11.2006.

1(1) Skjalaskrá, ódags. en móttekin 7.11.2006.

1(2) Tilvísanaskrá, dags. 1.11.2006.

1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 15.6.2006. Tilkynning um meðferð á svæði VI.

1(4) Beiðni lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um frest til skila á þjóðlendukröfum á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 6.9.2006.

1(5) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 14.9.2006.

1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekari frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði VI, dags. 12.10.2006.

1(7) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 11.6.2007.

1(8) Breyting á kröfulínu íslenska ríkisins, ódags. en mótt. 9.8.2007.

1(9) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um þjóðlendukröfur á svæði VI, austanvert Norðurland, dags. 1.11.2006.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 16.11.2007.

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

2(1) a-b Almenningur á Flateyjardal, dags. 6.12.1882. *(Merkt 1),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(2) a-b Austari-Krókar á Flateyjardalsheiði, dags. 28.3.1885. *(Merkt 2 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(3) Aukaréttur Þingeyjarsýslu. Landþrætumál Bjarga og Kotamýra, dags. 23.5.1890. *(Merkt3 a-g).*

2(4) a-b Björg í Köldukinn, dags. 2.9.1891. *(Merkt 4),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(5) a-b Brettingsstaðir á Flateyjardal, dags. 14.4.1885. *(Merkt 5 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(6) a-b Böðvarsnes í Fnjóskadal, dags. 24.5.1886. *(Merkt 6 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(7) a-b Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, dags. 15.5.1886. *(Merkt 7 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(8) a-b Laufáshagi eða Eyvindarárlands á Flateyjardalsheiði, dags. 5.5.1886. *(Merkt 8 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(9) a-b Fellssel í Köldukinn, dags. 28.5.1886. *(Merkt 9 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(10) a-b Finnsstaðir í Köldukinn, dags. 5.4.1886. *(Merkt 10 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(11) Finnsstaðir í Köldukinn, dags. 18.3.1950. *(Merkt 11 a-c).*

2(12) a-b Finnsstaðir II í Köldukinn, dags. 22.12.1951. *(Merkt 12 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(13) a-b Fornastaðir í Ljósavatnsskarði, dags. 28.3.1884. *(Merkt 13),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(14) a-b Garðshorn í Köldukinn, dags. 16.6.1897. *(Merkt 14),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.

2(15) Garður í Fnjóskadal, dags. 2.1.1884. *(Merkt 15 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift

[923] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

a-b frá sýslumanninum á Húsavík.
2(16) a-b Granastaðir í Köldukinn, dags. 24.5.1886. *(Merkt 16 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(17) a-b Afréttarlandið Grímsland, dags. 16.1.1885. *(Merkt 17),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(18) a-b Guðmundarstaðir í Köldukinn, dags. 18.5.1889. *(Merkt 18),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(19) a-b Halldórsstaðir í Köldukinn, dags. 20.5.1885. *(Merkt 19 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(20) a-b Hallgilsstaðir í Fnjóskadal, dags. 28.3.1884. *(Merkt 20),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(21) a-b Hallgilsstaðir í Fnjóskadal, dags. 12.12.1922. *(Merkt 21),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(22) a-b Lögfesta fyrir Háls-landareign í Ljósavatnshreppi, dags. 28.6.1897. *(Merkt 22),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(23) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 2.6.1890, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík. *(Merkt 23 a-b).*
2(24) a-b Laufásjörðin Heiðarhús á Flateyjardalsheiði, dags. 5.5.1886. *(Merkt 24),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(25) Helgastaðir í Reykjadal vegna Náttfaravíkur, ódags. en þingl. 25.6.1927. *(Merkt 25 a-b).*
2(26) a-b Hóll í Köldukinn, dags. 6.6.1890. *(Merkt 26 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(27) a-b Hrappsstaðir í Kinn, dags. 15.9.1890. *(Merkt 27 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(28) a-b Kambsmýrar í Hálshreppi, dags. 20.4.1885. *(Merkt 28 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(29) Knarrareyri á Flateyjardal, dags. 16.4.1885. *(Merkt 29 a-b).*
2(30) a-b Kross í Ljósavatnsskarði, dags. 30.4.1884. *(Merkt 31),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(31) a-b Upprekstararland milli Höfðagilja og Flateyjardalsheiði, dags. 5.5.1886. *(Merkt 32 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(32) a-b Landamót í Köldukinn, dags. 12.6.1897. *(Merkt 33 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(33) Landamótssel í Köldukinn, dags. 18.5.1901. *(Merkt 34 a-b).*
2(34) a-b Litlu-Tjarnir í Ljósavatnsskarði, dags. 16.1883. *(Merkt 35 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(35) Múli í Aðaldal vegna Náttfaravíkur, dags. 13.5.1884. *(Merkt 36 a-b).*
2(36) a-b Nýpá í Köldukinn, ódags. en þingl. 20.5.1901. *(Merkt 37),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(37) Ófeigsstaðir í Köldukinn, dags. í maí 1919. *(Merkt 38).*
2(38) a-b Sigríðarstaðir í Ljósavatnsskarði, dags. 15.10.1886. *(Merkt 39),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(39) Syðrihóll í Fnjóskadal, dags. 16.5.1886. *(Merkt 40 a-b).*
2(40) a-b Torfunes í Köldukinn, dags. 1.4.1908. *(Merkt 41),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(41) a-b Veisa í Fnjóskadal, dags. 30.11.1886. *(Merkt 42 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(42) a-b Veisa í Fnjóskadal, dags. 3.11.1944. *(Merkt 43),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(43) a-b Veisusel í Fnjóskadal, dags. 28.3.1884. *(Merkt 44 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(44) a-b Veisusel í Fnjóskadal, dags. 14.12.1922. *(Merkt 45),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(45) Vestari–Krókar á Flateyjardalsheiði, dags. 7.5.1886. *(Merkt 46 a-b).*

2(46) a-b Vestari-Krókar á Flateyjardalsheiði, dags. 9.12.1922. *(Merkt 47),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(47) a-b Végeirsstaðir í Fnjóskadal, dags. 20.1.1923. *(Merkt 48 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(48) a-b Ytrihóll í Fnjóskadal, dags. 16.5.1886. *(Merkt 49 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(49) a-b Ytri–Leikskálaá í Ljósavatnshreppi, dags. 11.6.1897. *(Merkt 50 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(50) a-b Yztafell í Köldukinn, dags. 27.5.1885. *(Merkt 51 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(51) a-b Þóroddsstaður í Köldukinn, dags. 10.4.1923. *(Merkt 52),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(52) a-b Þóroddsstaður í Köldukinn, dags. 30.8.1947. *(Merkt 53 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(53) a-b Þúfa í Hálshreppi, dags. 4.1.1883. *(Merkt 54),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(54) a-b Þverá í Hálshreppi, dags. 4.1.1883. *(Merkt 55 a-b),* ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(206) Birkihlíð, dags. 4.8.1935. (*Merkt 57).*
2(258) a-b Draflastaðir í Hálshreppi, dags. 9.5.1887, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum á Húsavík.
2(304) Granastaðir II í Ljósavatnshreppi, dags. 5.12.1948. *(Merkt 58 a-b).*

Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):

2(55) Landamerki Grímslands, ódags. og óundirritað. *(Merkt 1).*
2(56) a-b Lögfesta Jóns Þorgrímssonar fyrir Hallgilsstöðum, dags. 6.5.1760, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b).*
2(57) a-b Samningur um beitarafnot milli Hóls og Hrafnsstaða í Kinn, dags. 28.9.1745, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*
2(58) Bréf um Lambatungur á Flateyjardalsheiði, ætlaðar eign Þverár í Dalsmynni og Draflastaðakirkju, og Hálsmannatungur, sem virðast ætlaðar sama landssvæði. Bréfið líklega skrifað um miðja 18. öld. Frumritið mikið skert. Jón Þorkelsson og Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalaverðir, hafa gert afrit, svo langt sem það nær. *(Merkt 4 a-c).*
2(59) Vitnisburður um sölu á Landamóti í Kinn, með tilteknum landamerkjum, dags. 3.10.1608. *(Merkt 5 a-b).*
2(60) Landamerkjabréf Litlutjarna í Ljósavatnsskarði, dags. 16.1.1883. *(Merkt 6 a-b).*

Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):

2(61) Jarðamat 1804 úr Ljósavatnshreppi: Litlutjarnir, Kross, Landamótssel, Landamót, Halldórsstaðir, Finnsstaðir, Fellssel, Yztafell, Guðmundarstaðir/Gvendarstaðir, Hrappsstaðir/Hrafnsstaðir, Hálsgerði/ Hólsgerði, Hóll, Garðshorn, Háls, Torfunes, Ófeigsstaðir, Naustavík, Þóroddsstaðir, Geirbjarnarstaðir með Syðri-Leikskálaá, Ytri-Laufskálaá /Leikskálaá, Granastaðir, Nípá, Björg, Kotamýrar. *(Merkt 8 a-v).*
2(62) Jarðamat 1804 úr Helgastaðahreppi: Helgastaðir, Múli og Grenjaðarstaður. *(Merkt 9 a-f).*
2(63) Jarðamat 1804 úr Hálshreppi: Þverá, Þúfa, Vestarikrókar, Heiðarhús, Eyri/Knarrareyri, Kambsmýrar, Austarikrókar, Garður, Ytrihóll, Syðrihóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgeirsstaðir/Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Háls. *(Merkt 10 a-t).*
2(64) Uppskriftir skjala 2(61)-2(63) úr jarðamati 1804.
2(65) a-b Jarðamat í Ljósavatnshreppi 1849: Litlutjarnir, Kross, Landamót með Landamótsseli, Halldórsstaðir, Finnsstaðir, Yztafell með Fellsseli, Gvendarstaðir, Hóll með Hólsgerði og Garðshorni, Háls, Torfunes, Ófeigsstaðir, Þóroddsstaður, Syðri-Leikskálaá, Ytri-Leikskálaá, Granastaðir, Nípá, Björg; Kotamýrar, Naustavík. Einnig er vikið að þrætulandi milli Kotamýra og Bjarga

og vísað til lýsingar Grímslands, sem tilheyri Fremstafelli. Verðmat á þrætulandinu fylgir, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-h).*

2(66) Jarðamat í Helgastaðahreppi 1849: Grenjaðarstaður, Múli og Helgastaðir. Allir þessir staðir áttu ítök í Náttfaravíkum en ekki er vikið að þeim í þessu mati. *(Merkt 2 a-b).*

2(67) a-b Jarðamat í Hálshreppi 1849: Þverá, Þúfa, Vestarikrókar, Heiðarhús, Eyvindará, Eyri/Knarrareyri, Grímsland, Kambsmýrar, Austarikrókar, Garður, Ytrihóll, Syðrihóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Háls, Víðivellir, Draflastaðir. Einnig er fjallað um þrætuland milli Hallgilsstaða og Veisusels. Verðmat á þrætulandinu fylgir. Háls átti afréttarlandið Hálsmannatungur, sem ekki er minnzt á í matinu. Víðivellir eru í þessu mati sagðir eiga Víðivallatungur í landi Eyrar á Flateyjardal. Draflastaðir eru á öðrum stöðum sagðir eiga land á Gönguskarði, en ekki er á það minnzt í þessu mati. Í sveitarlýsingu er Hálshreppur sagður að kalla sjálffær að afréttarlandi, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-o).*

2(68) Jarðamat í Ljósavatnshreppi 1916-1918: Litlutjarnir, Kross, Landamótssel, Landamót, Halldórsstaðir, Finnsstaðir, Fellssel, Yztafell, Gvendarstaðir, Hrappsstaðir/Hrafnsstaðir, Hólsgerði, Hóll, Garðshorn, Háls, Torfunes, Ófeigsstaðir, Þóroddsstaður, Geirbjarnarstaðir, Syðri-Leikskálaá, Granastaðir, Ytri-Leikskálaá, Nípá, Björg, Kotamýrar, Naustavík, Vargsnes. *(Merkt 4 a-z).*

2(69) Jarðamat í Helgastaðahreppi forna 1916-1918: Helgastaðir og Grenjaðarstaður. (Kirkja var þá aftekin í Múla og ekki vísað til ítaks í Náttfaravíkum í jarðarlýsingu). *(Merkt 5 a-c).*

2(70) Jarðamat í Hálshreppi 1916-1918: Þverá, Þúfa, Vestarikrókar, Heiðarhús, Eyvindará, Grímsland, Kambsmýrar, Austarikrókar, Garður, Ytrihóll, Syðrihóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Háls, Draflastaðir. Draflastaðir eru á öðrum stöðum sagðir eiga land á Gönguskarði, en ekki er á það minnzt í þessu mati. *(Merkt 6 a-r).*

2(71) Jarðamat í Flateyjarhreppi 1916-1918. Knarrareyri/Eyri. (Ekki er minnzt á afréttarland Víðivalla í Fnjóskadal, sem nefnt er í jarðamati 1849, ekki heldur í lýsingu Víðivalla). *(Merkt 7 a).*

2(306) Jarðamat í Ljósavatnshreppi 1916-1918: Öxará, Ljósavatn, Vatnsendi, Arnstapi og Stórutjarnir. *(Merkt 5 a-e, 3/2007).*

Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):

2(259) a-b Manntalsþing að Helgastöðum, dags. 16.5.1705. Beiðni til sýslumanns frá Helgastaðapresti um að hann sjái til þess að afrétt í Náttfaravíkum verði opin og liðug þeim sem þangað reka fé sitt, ásamt uppskrift. *(Merkt 1).*

2(260) a-b Manntalsþing að Ljósavatni, dags. 25.5.1705. Beiðni til sýslumanns um að hann sjái til þess að ekki sé byggt í afrétt Grenjaðarstaða-, Múla- og Helgastaðakirkna í Náttfaravíkum, ásamt uppskrift. *(Merkt 2).*

2(261) a-b Manntalsþing að Ljósavatni, dags. 8.6.1736. Lesin upp lögfesta séra Þórðar Guðmundssonar, dags. 24.5.1736, á Grenjaðarstöðum, fyrir ítökum Grenjaðarstaðakirkju úti í Náttfaravíkum., ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-b).*

2(262) a-b Manntalsþing að Ljósavatni í Bárðardal, dags. 18.6.1738. Getið um vogrek á Þóroddstaðreka í Náttfaravíkum 1737, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-b).*

2(263) a-b Manntalsþing að Ljósavatni í Bárðardal, dags. 18.6.1738. Vitnisburður hreppsmanna um góða hegðun Þórðar Jónssonar á Litlulaugum bæði í hans uppvexti í þessum hrepp og við sjó í Náttfaravíkum, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-b).*

2(264) a-b Manntalsþing að Húsavík á Tjörnesi, dags. 1.5.1775. Bannað að reka sauðfé úr þingsókninni yfir Skjálfandafljót á afrétt vegna pestveiks fénaðar, ásamt uppskrift. *(Merkt 12).*

2(265) a-b Manntalsþing að Ljósavatni, dags. 21.5.1781. Deila á milli Hálskirkju og Ljósavatnskirkju um hval- og viðarreka í Náttfaravíkum, ásamt uppskrift. *(Merkt*

13 a-h).

2(266) a-b Manntalsþing að Hálsi í Fnjóskadal, dags. 23.5.1788. Talið bráðnauðsynlegt að peningastyrkur fáist til þess að Heiðarhús leggist ekki í eyði en það er talið mikilvægt ferðamönnum að byggð haldist þar, ásamt uppskrift. *(Merkt 18 a-c).*

2(267) a-b Þann 22.7.1795, að Hrappsstöðum var ástand jarðarinnar metið vegna spjalla sem hún hafði orðið fyrir. Getið m.a. um selstöðuland vestur á Gönguskarði, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-b).*

2(268) a-b Manntalsþingsréttur að Svalbarði við Eyjafjörð, dags. 22.5.1797. Bóndinn á Gautsstöðum kvartar yfir því að íbúar þingsóknarinnar reki ekki ótemjur sínar á afrétt á sumrum, ásamt uppskrift. *(Merkt 26 a-b).*

2(269) a-b Manntalsþingsréttur á Hálsi í Fnjóskadal, dags. 27.5.1811. Úrskurður sýslumanns um að hreppstjórar eigi að hafa umsjón með rekstri á afréttir, ásamt uppskrift. *(Merkt 32 a-c).*

2(270) a-b Aukaréttur á Garði í Aðaldal, dags. 17.10.1811. Rannsókn vegna sauðaþjófnaðar en Stefán Indriðason bóndi á Sílalæk vantaði sauðkind af afrétt í Náttfaravíkum sem skilaði sér svo heim síðar afmörkuð. Í yfirheyrslunum kemur ýmislegt fram sem varðar afréttarmál, ásamt uppskrift. *(Merkt 34 a-d).*

2(271) a-b Aukaréttur á Ljósavatni, dags. 28.7.1813. Sauðaþjófnaðarmál, Jón Jónsson á Fremstafelli sakaður um að hafa afmarkað sauðkind á afréttarfjalli. Í yfirheyrslunum kemur ýmislegt fram um afréttarmál, ásamt uppskrift. *(Merkt 39 a-e).*

2(272) a-b Manntalsþingsréttur að Helgastöðum, dags. 27.5.1816. Kvörtun íbúa Grenjaðarstaðarsóknar austan Laxár yfir því að Hvammsheiði sé notuð sem lambaafrétt og ályktun réttarins þar að lútandi. Með fylgir kvörtunarskjalið. Hvammsheiði er innan sveitar og snertir því ekki óbyggðamál en þetta er tekið með til hliðsjónar, ásamt uppskrift. *(Merkt 40 a-f).*

2(273) a-b Manntalsþing að Ljósavatni, dags. 15..1819. Sýslumaður spyr fyrir hönd Kristján Jónsson umboðsmanns Munkaþverárklausturs hvað þingmenn geti upplýst sig um umsjónarmenn Munkaþverárklaustursreka, sér í lagi í Náttfaravíkum, ásamt uppskrift. *(Merkt 42 a-c).*

2(274) a-b Manntalsþingsréttur að Helgastöðum í Reykjadal, dags. 15.5.1833. Klögun vegna óreglu Mývetninga í sauðagöngum í þeim afréttum og fjalllöndum sem Helgastaðahreppsmenn eiga að ganga saman við þá, ásamt uppskrift. *(Merkt 52 a-b).*

2(302) Dómur í eignarréttarmáli varðandi Finnsstaði I í Köldukinn, dags. 20.2.1976. Þar kom fram, að Einar Kristjánsson (frá Finnsstöðum) á Ófeigsstöðum gerði tilkall til upprekstrar- og beitarréttar á Finnsstaðadal, tilheyrandi Finnsstöðum I, og var það samþykkt. *(Merkt 75 a-c).*

Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):

2(72) a-b Lögfesta Sæmundar Jónssonar fyrir Þóroddsstað, dags. 6.6.1761, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-d).*

2(73) a-b Bréf Steingríms Jónssonar biskups til Eiríks Þorleifssonar prests á Þóroddsstað vegna eignakröfu prestsins, dags. 17.10.1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b).*

2(74) a-b Greinargerð séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað varðandi Náttfaravíkur, sem samkvæmt torlæsri utanáskrift á síðustu bakhlið virðist skrifuð 11.12.1840, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-h).*

2(75) a-b Lögfesta Eiríks Þorleifssonar fyrir Þóroddsstað og Þóroddsstaðareignum, dags. 12.5. 1828, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b).*

2(76) a-b Skýrsla um eignir Þóroddsstaðarkirkju 1599 í uppskrift með athugasemdum Eiríks Þorleifssonar, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b).*

2(77) Staðfest afrit frá 1828 af ýmsum skjölum Þóroddsstaðar: 1. Máldagi frá 1399 og 1471, staðfestur 1599, 2. Kopía úr máldagabók Þorláks Skúlasonar frá 1687, 3. Dómsályktun Guðbrands Þorlákssonar biskups um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum 1580, 4. Vitnisburður séra Einars Hallssonar um eign Þóroddsstaðar í Náttfaravíkum, dags. 16.4.1560. 5. Vitnisburður Einars

Runólfssonar um lóðarfiskatekjur Staðarpresta í Náttfaravíkum 1561, 6. Vitnisburður Gunnsteins Sturlusonar um lóðarfiska 1601, 7. Vitnisburður Ólafs prests Tómassonar um sama 1604, 8. Vitnisburður fjögurra manna um sama 1665, 9. Vitnisburður séra Ólafs Tómassonar um ágreining Grenjaðarstaðar- og Þóroddsstaðapresta um lóðarfiska 1613, 10. Vitnisburður séra Odds Jónssonar um hið sama 1614, 11. Vitnisburður Jóns Þórarinssonar um sama 1613, 12 Ályktun Guðbrands Þorlákssonar um eignir Þóroddsstaðar og Grenjaðarstaðar í Víkum 1613, 13. Vitnisburður Magnúsar Þorvaldssonar um nótlög utan Svínár 1820, 14. Vitnisburðir þrír um landeign Naustavíkur 1822, 15. Eiginhandar skjöl Illuga prests Helgasonar 1644 um Þóroddsstaðarkirkju, hús þar á Stað og hjáleigum, selstöðu á Gönguskarði, ítök og fleira., 16. Umfjöllun um byggingarbréf fyrir Víkum 1638, 17. Úr klögun séra Odds Bjarnasonar á Þóroddsstað yfir forvera sínum Gunnlaugi Jónssyni 1673, ásamt uppskrift. *(Merkt a-l).*

2(78) a-b Umsögn Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað, dags. 30.1.1829, um umsögn Margrétar nokkurrar um afrétt Rauðuskriðu á Hurðarbaki, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-c).*

2(79) a-b Uppskrift af máldaga Þóroddsstaðarkirkju án ártals, staðfest af séra Eiríki Þorleifssyni og með athugasemdum hans, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-d).*

2(80) a-b Eignaskrá Grenjaðarstaðarkirkju 1644, gerð af Guðmundi Bjarnasyni presti, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-e).*

2(81) Afrit af „Specificatio Prestakallanna í Þíngeyar Þýnge Anno 1724 og 1725. *(Merkt 10).*

2(82) a-b Vitnisburður Tómasar Þorkelssonar um landamerki Syðri-Leikskálaár og Granastaða árið 1580, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-b).*

2(83) a-b Afrit af vitnisburði Oddnýjar Eyjólfsdóttur um landamerki Syðri- og Ytri-Leikskálaár, dags. 3.3.1753, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-b).*

2(84) a-b Afrit af vitnisburði Steinunnar Jónsdóttur um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár, dags. 20.6.1763, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-b).*

2(85) a-b Afrit af vitnisburði Bjarna Eiríkssonar um landamerki Ytri- og Syðri-Leikskálaár gefinn í Múla, dags. 21.6.1763, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-b).*

2(86) a-b Lögfesta Jóns prests Þorleifssonar í Múla á Syðri-Leikskálaá árið 1749, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-b).*

2(87) Lögfesta Þórarins Jónssonar prests í Múla á Syðri-Leikskálaá, dags. 2.5.1812. *(Merkt 16 a-b).*

2(88) a-b Lögfesta Skúla Tómassonar prests í Múla á Syðri-Leikskálaá, dags. 25.5. 1829, ásamt uppskrift. *(Merkt 17 a-b).*

2(89) Lögfesta Skúla Tómassonar prests í Múla á Syðri-Leikskálaá, dags. 10.5.1848. *(Merkt 18 a-b).*

2(90) Eftirrit Skúla Tómassonar prests í Múla af uppskrift, dags. 21.3.1831, af skýrslu um eignir Þóroddsstaðarprestakalls árið 1599. *(Merkt 19 a-b).*

2(91) a-b Afrit Skúla Tómassonar í Múla af bréfi hans til biskups varðandi deilu við Þóroddsstaðarprest, dags. 4.2.1842, ásamt uppskrift. *(Merkt 20 a-b).*

2(92) a-b Afrit Skúla Tómassonar í Múla af bréfi biskups til prófasts í Þingeyjarprófastsdæmi með úrskurði um landamerkjaþrætu Múla- og Þóroddsstaðapresta, dags. 12.9.1843, ásamt uppskrift. *(Merkt 21 a-b).*

2(93) a-b Lögfesta séra Gísla Einarssonar í Múla á ítaki Múlastaðar í Náttfaravíkum, dags. 6.6.1693, ásamt uppskrift. *(Merkt 22).*

2(94) Specification yfir Múla Beneficium gerð af Skúla Tómassyni, dags. 1.7.1839. *(Merkt 23 a-d).*

2(95) Vitnisburðarbréf séra Gottskálks Jónssonar og tveggja presta annarra um máldaga Hálskirkju 1506 (1312) á skinni. Afrit af bréfinu, gert meðan það var í Landsbókasafni, fylgir. Hér eru nefndar eignarjarðir Háls þ.e. Birningsstaðir, Kambsstaðir og Sandhaugar, sjöttungur í reka í Náttfaravík milli Hvanndala og Svínár og afrétt á heiði út, Hálsmannatungur. Bréf þetta er tortryggilegt, því að

engir prestar með þessum nöfnum eru þekktir í upphafi 16. aldar skv. Íslenzkum æviskrám. *(Merkt 24 a-b).*

2(96) a-b Vitnisburðarbréf Leifs Ásmundssonar og Indriða Árnasonar um Hálsmannatungur, dags. 20.4.1591. Afrit af bréfinu, gert meðan það var í Landsbókasafni, fylgir, ásamt uppskrift. *(Merkt 25 a-b).*

2(97) Vitnisburður Ísaks Brandssonar um Hálsmannatungur, dags. 20.4.1591. *(Merkt 26).*

2(98) a-b Hálskirkjubréf og máldagar í Fnjóskadal 1574 með vitnisburði Jóns Illugasonar og Odds Jónssonar að hafa séð dóm um lambseldi um allan Fnjóskadal fyrir Hálsstað frá árinu 1565, sem og dómurinn, einnig bera þeir vitni um að hafa séð vitnisburð Ólafs Hjaltasonar um máldaga Hálskirkju. Vitnisburður Ólafs er þar einnig (samhljóða máldaga Hálskirkju 1565, Ísl. fbrs. XIV; 422). Þá er upptalning á fasteignum og ítökum Hálsstaðar, væntanlega frá árinu 1523, ásamt uppskrift. *(Merkt 27 a-b).*

2(99) a-b Staðfest afskrift, dags. 12.6.1608, af dómi um lambseldi Hálsstaðar í Fnjóskadal 1565 og máldaga Ólafs Hjaltasonar 1565. Síðan er afskrift af vitnisburði séra Guðmundar Skíðasonar, dags. 25.10.1581, um máldaga Hálsstaðar. Þar er vikið að Náttfaravíkum og Hálsmannatungum, ásamt uppskrift. *(Merkt 28).*

2(100) a-b Lögfesta Ólafs Tómassonar fyrir Hálsstað 1629-1630, 1631 og lögfesta Tómasar Ólafssonar fyrir Hálsstað, án ártals. Báðar óstaðfestar. Þar er vikið að Náttfaravíkum og Hálsmannatungum, ásamt uppskrift. *(Merkt 29).*

2(101) a-b Lögfesta Þorgríms Jónssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 21.5.1726, ásamt uppskrift. *(Merkt 30 a-b).*

2(102) a-b Lögfesta Jóns Þorgrímssonar á Hálsstað, dags. 7.4.1744, ásamt uppskrift. *(Merkt 31 a-b).*

2(103) a-b Lögfesta Jóns Þorgrímssonar á Hálsstað, dags. 18.5.1745, ásamt uppskrift. *(Merkt 32 a-b).*

2(104) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 7.6.1770. Einnig hefur Sigurður Árnason prestur á Hálsi bætt við árið 1839, að samhljóða þessari séu lögfestur 1726, 1774, 1763, 1779 og 1830. *(Merkt 33 a-b).*

2(105) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 3.6.1779. *(Merkt 34 a-b).*

2(106) Lögfesta Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 4.10.1782. *(Merkt 35 a-b).*

2(107) a-b Lögfesta Sigurðar Árnasonar prests á Hálsi á Hálsstað, dags. 1.6.1830, ásamt uppskrift. *(Merkt 36).*

2(108) a-b Afrit, staðfest af Sigurði Árnasyni Hálspresti, dags. 13.5.1839, af vitnisburðum fyrir Hálsmanntungum frá 1591 og 1614 og lögfestu frá 1629, ásamt uppskrift. *(Merkt 37 a-b).*

2(109) a-b Bréf Jóns Þorgrímssonar prests á Hálsi til Odds Ólafssonar lögréttumanns, sem bjó á Þverá í Dalsmynni, vegna Hálsmannatungna, dags. 21.5.1743, ásamt uppskrift. *(Merkt 38 a-b).*

2(110) a-b Staðfest afrit Jóns Benediktssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu af þinghaldi og málsskjölum Hálstungnamáls milli séra Jóns Þorgrímssonar á Hálsi og Odds Ólafssonar á Þverá í Dalsmynni, dags. 24.5.1743, ásamt uppskrift. *(Merkt 39 a-l).*

2(111) a-b Bréf séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað til séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi, um Náttfaravíkur m.m, dags. 30.1.1836, ásamt uppskrift. *(Merkt 40 a-d).*

2(112) a-b Bréf séra Eiríks Þorleifssonar til séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi um Náttfaravíkur, dags. 11.1.1840, ásamt uppskrift. *(Merkt 41 a-b).*

2(113) a-b Bréf séra Eiríks Þorleifssonar til séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi, dags. 17.2.1840, ásamt uppskrift. *(Merkt 42).*

2(114) a-b Yfirlýsing Þóroddsstaðarprests, Jóns Kristjánssonar, um hlut Hálsprests í reka í Náttfaravíkum, dags. 1.6.1841, ásamt uppskrift. *(Merkt 43).*

2(115) Lögfesta séra Bjarna Jónssonar á Helgastaðaprestakalli, dags. 3.6.1638, ásamt

a-b uppskrift. *(Merkt 44).*

2(116) a-b Loforð Illuga Helgasonar árið 1640 að afslá allri byggingu í Náttfaravíkum. Vottorð Þorbergs Hrólfssonar og Hrólfs Sigurðssonar, dags. 13.8.1640, ásamt uppskrift.*(Merkt 45).*

2(117) Lögfesta séra Gísla Jónssonar fyrir Helgastaðaprestakalli, ódags. en þingl. 20.6.1669. *(Merkt 46).*

2(118) Lögfesta séra Gísla Jónssonar á Helgastöðum á afrétt í Náttfaravíkum, dags. 13.6.1669, ásamt uppskrift. *(Merkt 47 a-b).*

2(119) Lögfesta séra Gísla Jónssonar á Helgastaðaprestakalli, lesin á uppstigningardag 1707. Þar var m.a. lögfest:„Afriett J nättfaravÿkur,“. *(Merkt 48).*

2(120) Lögfesta séra Ólafs Jónssonar á Helgastöðum, eignum og ítökum, ódags. en þingl. 7.6.1715, 2.7.1716, 18.6.1719, 13.7.1721, 6.5.1723, 13.5.1730 og 24.6.1733. Þar er lögfest: „afriett J Natt fara Vÿkumm sem hingad til.“ *(Merkt 49 a-c).*

2(121) Lögfesta séra Ólafs Jónssonar á Helgastöðum, eignum og ítökum, dags. 19.6.1740. Þar er lögfest: „Afriett i Natt fara Vykum sem hingad til.“ *(Merkt 50 a-c).*

2(122) Lögfesta séra Jóns Jónssonar á Helgastöðum, eignum og ítökum, dags. 9.6.1764. Þar er lögfest: „afRiett J Nättfara Wÿkum, sem Hingad til.“ *(Merkt 51 a-c).*

2(123) Lögfesta séra Hannesar Lárussonar Schevings á Helgastaðaprestakalli, dags. 22.6.1782. Þar er lögfest: „item Afrett i Náttfaravíkur.“ *(Merkt 52 a-c).*

2(124) Lögfesta séra Þorsteins Erlendssonar Hjálmarsens á Helgastaðaprestakalli, dags. 17.5.1828. Þar er segir: „Lögfesti eg ogsvo á ný Afrétt Helgastada á Náttfaravíkum.“ *(Merkt 53 a-c).*

2(125) Lögfesta séra Jörgens Kröyers á Helgastöðum með eignum og ítökum, dags. 17.6.1867. *(Merkt 54 a-b).*

2(126) a-b Lögfesta séra Hannesar Schevings á Helgastöðum á Náttfaravíkum, dags. 4.5.1786 og andmæli séra Þorleifs Sæmundssonar sama dag, ásamt uppskrift. *(Merkt 55 a-b).*

2(127) a-b Samningur um Náttfaravíkur milli prestanna Sæmundar Jónssonar á Þóroddsstað og Hannesar Schevings á Helgastöðum, dags. 10.5.1786, ásamt uppskrift. *(Merkt 56).*

2(128) a-b Lögfesta séra Jóns Stefánssonar á Helgastöðum á Náttfaravíknaafrétti, dags. 2.5.1812 með mótmælum Þóroddsstaðaprests, ásamt uppskrift. *(Merkt 57 a-b).*

2(308) a-b Afrit af skilum Geirs Markússonar á tekjum Laufáskirkju, dags. 2.9.1730, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-c, 5/2007).*

2(309) a-b Greinargerð um Laufásprestakall 1782, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-b. 5/2007).*

2(310) Lögfesta Hannesar Schevings á Laufásstað, dags. 2.5.1798. Lögfestan er áþekk lögfestu Stefáns Halldórssonar. Þó segir um selförina: „Selland edur Selför á Flateiardals Heide edur Króka Fialle, ...“ *(Merkt 15 a-c, 5/2007).*

2(311) Lögfesta Gunnars Hallgrímssonar á Laufásstað, dags. 19.6.1818. Lögfestan er öðru vísi uppbyggð en hinar fyrri en innihald hið sama og í þeim síðustu, nema selstaðan á Flateyjardalsheiði er sögð í Krókalandi. *(Merkt 16 a-b, 5/2007).*

Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):

2(129) a-b Þóroddstaður (Staður í Kinn) [1590]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b).*

2(130) a-b Háls í Fnjóskadal [1595]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 2 a-b).*

2(131) a-b Helgastaðir í Reykjadal [1595]. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 3).*

2(132) a-b Munkaþveráklausturjarðir, kúgildi og landskuldir árið 1590. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1590-1616, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-d).*

2(133) a-b Háls í Fnjóskadal 16. ágúst 1631. Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-d).*

2(134) a-b Grenjaðarstaður 1631. Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. *(Merkt 6 a-d).*

2(135) a-b Múli í Aðalreykjadal 1631. Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-c).*

2(136) a-b Þóroddstaður (Staður í Kinn) 1631. Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. *(Merkt 8 a-d).*

2(137) a-b Helgastaðir 1631. Vísitasíubók Þorláks Skúlasonar 1631, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-d).*

2(138) a-b Helgastaðir [13.8.1672]. Vísitasíubók Gísla Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. *(Merkt 10 a-b).*

2(139) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 9.8.1680. Vísitasíubók Gísla Þorlákssonar 1659-1683, ásamt uppskrift. *(Merkt 11 a-c).*

2(140) a-b Þóroddstaður (Staður í Kinn), dags. 26.2.1686. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-c).*

2(141) a-b Helgastaðir, dags. 4.3.1686. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-c).*

2(142) a-b Múli í Aðalreykjadal, dags. 11.3.1686. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 14 a-d).*

2(143) a-b Grenjaðarstaður, dags. 16.3.1686. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 15 a-h).*

2(144) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 3.8.1687. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 16 a-b).*

2(145) a-b Helgastaðir, dags. 6.8.1687. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 17 a-b).*

2(146) a-b Grenjaðarstaður, 7.8.1687. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 18 a-b).*

2(147) a-b Þóroddstaðir (Staður í Kinn), dags. 11.8.1687. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 19 a-b).*

2(148) a-b Draflastaðir, 12.8.1687. Vísitasíubók Jóns Vigfússonar 1685-1687, ásamt uppskrift. *(Merkt 20).*

2(149) a-b Þóroddstaður (Staður í Kinn) á bilinu 5.-8.8.1694. Vísitasíubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. *(Merkt 21 a-b).*

2(150) a-b Grenjaðarstaður, dags. 26.8.1694. Vísitasíubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. *(Merkt 22 a-d).*

2(151) a-b Múli í Aðalreykjadal, dags. 27.8.1694. Vísitasíubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. *(Merkt 23 a-g).*

2(152) a-b Helgastaðir, 27.8.1694. Vísitasíubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. *(Merkt 24 a-c).*

2(153) a-b Háls í Fnjóskadal, 30.8.1694. Vísitasíubók Einars Þorsteinssonar 1694-1695, ásamt uppskrift. *(Merkt 25 a-e).*

2(154) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 24.8.1702. Vísitasíubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. *(Merkt 26 a-e).*

2(155) a-b Grenjaðarstaður, dags. 28.8.1702. Vísitasíubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. *(Merkt 27 a-j).*

2(156) a-b Helgastaðir í Reykjadal, dags. 19.9.1702. Vísitasíubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. *(Merkt 28 a-c).*

2(157) a-b Þóroddstaðir (Staður í Kinn), dags. 23.9.1702. Vísitasíubók Björns Þorleifssonar 1699-1710, ásamt uppskrift. *(Merkt 29 a-d).*

2(158) a-b Draflastaðir, dags. 13.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 30 a-c).*

2(159) a-b Þóroddstaðir (Staður í Kinn), 16.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 31 a-c).*

2(160) a-b Helgastaðir í Reykjadal, dags. 16.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 32 a-b).*

2(161) Múli í Aðalreykjadal, dags. 18.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-

a-b 1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 33 a-d).*

2(162) a-b Grenjaðarstaður, dags. 20.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 34 a-c).*

2(163) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 29.8.1715. Vísitasíubók Steins Jónssonar 1713-1735, ásamt uppskrift. *(Merkt 35 a-c).*

2(164) a-b Grenjaðarstaður, dags. 12.6.1742. Vísitasíubók Ludvigs Harboe 1742-1743, ásamt uppskrift. *(Merkt 36 a-d).*

2(165) a-b Draflastaðir, dags. 29.6.1748. Vísitasíubók Halldórs Brynjólfsonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 37 a-c).*

2(166) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 29.6.1748. Vísitasíubók Halldórs Brynjólfsonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 38 a-d).*

2(167) a-b Þóroddsstaður, dags. 2.7.1748. Vísitasíubók Halldórs Brynjólfsonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 39 a-c).*

2(168) a-b Helgastaðir í Reykjadal, dags. 3.7.1748. Vísitasíubók Halldórs Brynjólfsonar 1747-1750, ásamt uppskrift. *(Merkt 40 a-d).*

2(169) a-b Draflastaðir, dags. 25.8.1760. Vísitasíubók Gísla Magnússonar 1757-1769, Jóns Teitssonar 1781 og Sigurðar Stefánssonar 1790-1794, ásamt uppskrift. *(Merkt 41 a-d).*

2(170) a-b Helgastaðir, dags. 7.8.1828. Vísitasíubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. *(Merkt 42 a-c).*

2(171) a-b Þóroddstaður (Staður í Kinn) , dags. 10.8.1828. Vísitasíubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. *(Merkt 43 a-b).*

2(172) a-b Draflastaðir í Fnjóskadal, 13.8.1828. Vísitasíubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. *(Merkt 44 a-d).*

2(173) a-b Háls í Fnjóskadal, dags. 14.8.1828. Vísitasíubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. *(Merkt 45 a-b).*

2(307) a-b Ljósavatn, dags. 10.8.1828. Vísitasíubók Steingríms Jónssonar og Helga Thordersens 1828-1850, ásamt uppskrift. *(Merkt 24 a-e, 3/2007).*

Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):

2(174) a-b Þóroddsstaður. Skjöl færð inn í kirkjustól 1748: „AAlÿktun Hr. Gudbrands Biskups um Eigner Stadark(ir)kiu i Nattfaravÿkum Sub Dato MDLXXX.“.„Vitnesburdur Einars Runolfssonar um Lódar fiska tekiur Stadar Presta i Nattfaravÿkum Sub Dato 1567.“.„Annar Vitnesburdur Gunnsteins Sullasonar um sama efne Sub dato 1601.“ „Þridie Vitnesburdur Olafs Prests Thomassonar um hid sama Sub dato 1604. „Fiórde Vitnesburdur ä Pappÿr skrifadur ährærande hid sama um lódarfiska tekiu i vÿkum Sub dato 1665 L. G.“ „Umþeinking Hr. Gudbrands B(isku)ps umm Þorodd stadar og Grenjadarstadar kÿrkna eigner i Wÿkum dat. 1613. med hans eigenn underskript. Not..“ Aftan við þessa „Umþeinkingu“ er í kirkjustólnum klausa þar sem vitnað er til séra Magnúsar. „Vitnesburdur um Landamerke fÿrer sunnan stad bæde fÿrer ofann Ränga og nedann . 1696 S.“ „Nuverande Hättalag Kÿrkiunnar Eigna og Itaka epter uttekt og afhendingu sem giördest ared 1748.“ ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-f).*

2(175) a-b Minnisgrein innfærð af séra Eiríki Þorleifssyni í opnu, sem hefur orðið auð við innfærslu prófastsvísitasíu 1804 varðandi deilur kirkjustaða í Þingeyjarsýslu um Náttfaravíkur, ásamt uppskrift. *(Merkt 2).*

2(176) a-b Afhending Þóroddsstaðar 1809. Taldar hjáleigur, þar með Náttfaravík, ásamt uppskrift. *(Merkt 3 a-b).*

2(177) a-b Þóroddsstaður. Minnisgrein um staðinn og eignir hans innfærð af Eiríki Þorleifssyni presti, eftir 1832 en fyrir 1834, ásamt uppskrift. *(Merkt 4 a-b).*

2(178) a-b Þóroddsstaður. Skjöl varðandi landaþrætur. Í kirkjustól Þóroddsstaðar 1840-1905 eru innfærðar „Copiur af gömlum Máldögum Þóroddstaða Kirkju“ Sumt er prentað í Íslenzku fornbréfasafni. Sumt er einnig í uppskriftum í kirknaskjölum, ásamt uppskrift. *(Merkt 5 a-i).*

2(179) Draflastaðir. Biskupsvísitasía 1892. Kirkjan á þá Végeirsstaði, Knarrareyri og

a-b land á Gönguskarði, ásamt uppskrift. *(Merkt 6).*

2(180) a-b Hálsmannatungur. Innfærsla í kirkjustól, gerð um 1748: Þrír vitnisburðir frá 1591 og vitnisburður Þorkels Sigmundssonar gefinn 1614. Sagðir lesnir á þingi 1743 og vitnað til þinghalds 1743, ásamt uppskrift. *(Merkt 7 a-b).*

2(181) a-b Háls. Prófastsvísitasía 1781. Sagt frá frádæmdum reka í Náttfaravíkum, ásamt uppskrift. *(Merkt 8).*

2(182) a-b Háls. Frumrit landamerkjabréfs, þar með Hálsmannatungur, 1890, ásamt uppskrift. *(Merkt 9 a-b).*

2(236) a-b Úttekt Múla, dags. 23.5.1693. Afhentir vitnisburðir um landmerki Granastaða og Syðri-Leikskálaár. *(Merkt 10 a-c).*

2(237) a-b Prófastsvísitasía á Þóroddsstað, dags. 7.10.1705. Lögð fram skjöl varðandi Náttfaravíkur og varðandi staðinn. *(Merkt 11 a-c).*

2(238) a-b Prófastsvísitasía á Hálsi, dags. 14.6.1714. Vikið að ágreiningi við Þóroddsstaðarprest um Náttfaravíkur. *(Merkt 12 a-b).*

2(239) a-b Grenjaðarstaður. Skýrsla um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725. Afréttur í Náttfaravíkum, hálf lóð þar og lóðarfiskagjald. *(Merkt 13).*

2(240) a-b Múli. Skýrsla um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725. Geldfjárrekstur í Náttfaravíkur. *(Merkt 14).*

2(241) a-b Helgastaðir. Skýrsla um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725. Afrétt í Náttfaravíkum. *(Merkt 15).*

2(242) a-b Þóroddsstaður. Skýrsla um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725. Staðurinn hefur nóg land um sumar og góða haga, afrétt í Náttfaravíkum og hálfan fiskatoll af þremur skipum. *(Merkt 16).*

2(243) a-b Háls. Skýrsla um prestaköll í Þingeyjarþingi 1724 og 1725. Afréttarpartur á Flateyjardalsheiði. *(Merkt 17).*

2(244) a-b Þóroddsstaður. Reikningar kirkna í Þingeyjarprófastsdæmi febrúar 1723–febrúar 1724 gerðir að skipun biskups og amtmanns 1726. Prestur segist gera reikning fyrir lóðargjaldi af Náttfaravíkum. *(Merkt 18).*

2(245) a-b Úttekt Þóroddsstaðar, dags. 23.7.1748. Lögð fram skjöl um Náttfaravíkur o.fl. *(Merkt 19 a-b).*

2(246) a-b Prófastsvísitasía á Helgastöðum, dags. 21.7.1751. Vikið að Náttfaravíknaítaki. *(Merkt 20 a-b).*

2(247) a-b Prófastsvísitasía á Hálsi, dags. 3.10.1751. Vitnisburðir um Hálsmannatungur lagðir fram. *(Merkt 21 a-b).*

2(248) a-b Prófastsvísitasía á Draflastöðum, dags. 5.10.1751, Stefán Einarsson prófastur. Óvíst hvort lambatollur af Kambsmýrum tilheyri Draflastaðakirkju eða jörð. *(Merkt 22 a-b).*

2(249) a-b Bréfabók Jóns Gissurarsonar. Ákæruliðir varðandi Seljadal og Víkur (Náttfaravíkur), ársett af Jóni Þorkelssyni um 1633. *(Merkt 23).*

2(250) a-b Beiðni Jóns Gissurarsonar prófasts og séra Guðmundar Bjarnasonar um dóm á rekum, afréttum og ítökum kirkna 1639. *(Merkt 24).*

2(251) a-b Vitnisburður Jóns Grímssonar um landamerki Syðri-Leikskálaár, dags. 23.11.1636. *(Merkt 25 a-b).*

2(252) a-b Vitnisburður Kolbeins Sölvasonar, ódagsettur og óundirritaður um landamerki Syðri- og Ytri-Leikskálaár og selstöðu Syðri-Leikskálaár á Seljadal. *(Merkt 26 a-b).*

Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):

2(253) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna, dags. 29.12.1919, þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta. *(Merkt 1 a-c, almennt).*

2(254) Svarbréf Sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 6.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919. *(Merkt 1 b, almennt).*

2(275) Sala Syðri-Leikskálaár í Kinn. Afsal, dags. 14.5.1925 og lýsing jarðarinnar, dags. 30.6.1924. *(Merkt 1 a-e).*

2(276) Sala Naustavíkur ásamt Vargsnesi. Afsal, dags. 10.5.1922 og lýsing jarðarinnar,

dags. 3.7.1918. *(Merkt 2 a-f).* Óstaðfest uppskrift lögð fram af Ragnari Aðalsteinssyni, sjá skjal nr. 13(4).

2(277) Sala Granastaða í Ljósavatnshreppi. Afsal, dags. 14.9.1915 og lýsing jarðarinnar, dags. 3.11.1914. *(Merkt 3 a-e).*

2(278) Sala Fremstafells (með Grímslandi). Afsal, dags. 9.10.1915 og lýsing jarðarinnar, dags. 31.10.1914. *(Merkt 4 a-e).*

2(279) Sala Torfuness. Lýsing jarðarinnar, dags. 11.7.1908 ásamt eftirriti af landamerkjum jarðarinnar frá 1.4.1908. Landamerkin eru tekin með því að þau eru fyllri en þau sem eru í landamerkjabók sýslunnar en þar segir "… og niður að Rangá, í svonefndan Ófeigsstaðakíl …" en í endurritinu segir "… og niður að Rangá; þá ræður bein lína úr honum, austur yfir Rangá í svonefndan Ófeigsstaðakíl …" *(Merkt 5 a-e).*

2(280) Sala Ófeigsstaða. Afsal, dags. 30.5.1916 og lýsing jarðarinnar, dags. 20.10.1915. *(Merkt 6 a-e).*

2(281) Sala Torfuness. Afsal, dags. 30.5.1916, og lýsing jarðarinnar, dags. 21.10.1915. *(Merkt 7 a-d).*

2(282) Sala Hálsmannatungna. Uppkast að bréfi Stjórnarráðsins til sýslumanns í Þingeyjarsýslu, dags. 11.2.1915, bréf sýslumanns til Stjórnarráðsins, dags. 24.11.1914 og bréf hreppstjóra Hálshrepps til sýslumanns um Hálsmannatungur, dags. 16.11.1914. *(Merkt 8 a-f).*

2(283) Sala Hálsmannatungna. Gögn varðandi söluna, bréfsuppkast Stjórnarráðs til sýslumanns Þingeyjarsýslu, dags. 2.3.1916, bréf sýslumanns til Stjórnarráðsins, dags. 6.8.1915, bréf hreppstjóra Hálshrepps til sýslumanns, dags. 27.8.1915 og bréf hreppsnefndar til hreppstjóra Hálshrepps, dags. 6.8.1915. *(Merkt 9 a-g).*

2(284) Sala Hálsmannatungna. Bréf biskups, dags. 25.1.1910 til prófastsins í Suður-Þingeyjarsýslu um að Hálskirkjuítakið Lambatungur á Flateyjardalsheiði séu Hálsmannatungur. *(Merkt 10).*

2(285) Upprekstrarland á Gönguskarð og Náttfaravíkur. Skjöl um hvort þau ítök sem fylgt hafa Þóroddsstöðum skuli fylgja þeim áfram, leggjast til hins nýja prestsseturs eða upprekstrarlöndin seld Ljósavatnshreppi. *(Merkt 11 a-c).*

2(298) a-b Granastaðir og Öxará. Bréf amtamanns í Norður- og Austuramti til dómsmálaráðuneytis, dags. 7.10.1861, um makaskipti á Öxará fyrir Neðribæ í Flatey og Granastaði í Kaldakinn með nokkrum fylgiskjölum. Umsókn Sigurðar Guðnasonar á Ljósavatni til konungs, dags. 21.9.1861. Umsögn Jakobs Péturssonar, umboðsmanns Norðursýslujarða, um Öxará og Granastaði, dags. 24.9.1861. (Jakob átti sjálfur Granastaði í mörg ár), ásamt uppskrift. *(Merkt 13 a-f).*

2(299) a-b Sala Sigríðarstaða. Skjöl varðandi söluna en konungsúrskurður um söluna, dags. 31.3.1841. Jörðin (20 hundruð að dýrleika) var seld hæstbjóðanda á opinberu uppboði þann 19.5.1840 og varð Björn Jónsson á Lundi hlutskarpastur með boð upp á 910 ríkisdali. Hvergi er takmarka getið og aðeins þótti ástæða til að skrifa upp umsókn ábúanda Sigríðarstaða, dags. 24.7.1838, til konungs um að fá jörðina keypta fyrir 800 rd, ásamt uppskrift. *(Merkt 12 a-d).*

2(300) Sala Fremstafells ásamt Grímslandi. Skjöl varaðandi sölu Fremstafells sem sýna að Grímsland var selt með Fremstafelli. *(Merkt 14 a-d).*

2(305) Þeistareykir. Ýmis gögn varðandi sölu Þeistareykja. *(Merkt 3 a-k, 1/2007).*

Bréfabækur og bréfasöfn biskupa (skjalaflokkur A.12):

2(316) Bréf og greinargerð Hálsprests varðandi ítök Hálskirkju, dags. 12.4.1954. *(Merkt 1 a-c).*

2(317) Bréf Hálsprests varðandi ítök Hálskirkju, dags. 20.4.1954, ásamt bréfum Bjartmars Guðmundssonar, dags. 10.4.1954, og Sigurbjarnar Kristjánssonar, dags. 15.4.1954. *(Merkt 2 a-e).*

2(318) Bréf og greinargerð Grenjaðarstaðarprests vegna ítaka Grenjaðarstaðar- og Múlakirkna, dags. 31.3.1954. *(Merkt 4 a-f).*

2(319) Bréf og greinargerð prests á Vatnsenda (Þóroddstaðarprestakall) vegna ítaka

Þóroddsstaðar- og Ljósavatnskirkna, dags. 1.2.1954. *(Merkt 3 a-d).*

Klausturumboð (skjalaflokkur A.13):

2(256) Lýsing umboðsjarða Munkaþverárklaustursjarða í Ljósavatnshreppi 1878, Fremstafell með Grímslandi, Vatnsendi, Arnstapi, Litlutjarnir. *(Merkt 1 a-c).*

2(257) Jarðabók Munkaþverárklausturs 1760. Eyðibýlið Grímsland á Flateyjardalsheiði tilheyrir Fremstafelli, metið 5 hndr., sumir segja 10 hndr. Landskuld var 30 álnir, kúgildi hálft. *(Merkt 2).*

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16):

2(303) Dómur um verstöðuréttindi Grenjaðarstaðar í Náttfaravíkum móti Þóroddsstaðarkirkju árið 1597, staðfestur árið 1601 af Guðbrandi Þorlákssyni, ásamt uppskrift. *(Merkt 1 a-b).*

2(320) Bréf biskups Íslands til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu. Tiltekin ítök kirkna lýst, dags. 4.5.1954.

Jarðabréf og máldagar (skjalaflokkur B.1):

2(183) Máldagar Auðunar rauða. Grenjaðarstaðarkirkja á „afriett j nattfara vijk halfu fiorda hundrade sauda. ... þridiung j Reka firi alla nattfaravijk. oc aull fluttning fyrer ysta Bol. En fyrer midbol half. oc so vidum oc fiskuer ad helmingi. oc so fyrer skala Reka a sandi.xij. hundrud fadma med aullum fridendum.“ (1318). (Í.f. II. b., bls. 431).

2(184) Máldagar Auðunar rauða. Múlakirkja á rekstur „Gomlu fie j nattfaravijk clxxx.“ (Í.f. II. b., bls. 434).

2(185) Máldagar Auðunar rauða. Þóroddsstaðarkirkja, Helgastaðakirkja, Einarsstaðakirkja, Lundabrekkukirkja, Eyjardalsárkirkja, Ljósavatnskirkja og Hálskirkja. (1318). (Í.f. II. b., bls. 436-439).

2(186) Máldagar Auðunar rauða. Möðruvallakirkja í Eyjafirði á hest „er þorgils af Gudmundarstodum gaf i Testamentum sitt“ (1318) [Þetta er talið viðbót við Auðunarmáldaga, en þó frá því um 1300]. (Í.f. II. b., bls. 449-450).

2(187) Máldagar Auðunar rauða. Munkaþverárklaustur á Guðmundarstaði í Kinn. „so ad aullu vm Liosvetninga Reka. Vm alla nättfaravik fra Ofeygzhelle til Suijnär þridiungur hualreka oc vidreka. þeirra Trie er meire eru. enn. x. alna. fra ofeygzhelle til miosyndis .iij attunga bæde j hualreka oc vidreka oc flutningar.“ (1318). (Í.f. II. b., bls. 485-487).

2(188) Afsalsbréf fyrir Efstafelli/Fremstafelli, dags. 4.3.1363. Efstafell selt með ítölum í annarra manna land, þar með „haalfs manadar eng j halltoru stada jörd.“ „ok haalft grims stada lannd aa flatæyiar dals hæidi.“ (Í.f. III. b., bls. 186-187).

2(189) Máldagi Ljósavatnskirkju. (1380). (Í.f. III. b., bls. 355-356).

2(190) Máldagi Ljósavatnskirkju (1390). (Í.f. III. b., bls. 445-446).

2(191) Máldagar Péturs Nikulássonar. Draflastaðakirkja, Hálskirkja, Helgastaðakirkja, Þóroddsstaðakirkja, Múlakirkja og Grenjaðarstaðarkirkja. (Í.f. III. b., bls. 571-579).

2(192) Garðshorn, Hóll og Hrafnsstaðir í Fúlukinn selt í jarðaskiptum, dags. 20.7.1405. (Í.f. III. b., bls. 704-705).

2(193) Afhendingarskrá Grenjaðarstaðar, dags. 29.5.1391 (27.2.1393). (Í.f. IV. b., bls. 17-18).

2(194) Kaupmálabréf, dags. 23.4.1427 (7.1.1428). Björg með tvennum Leikskálum reiknuð 50 hundruð. (Í.f. IV. b., bls. 344-345).

2(195) Vísitasía á Helgastöðum 1429. Kirkjan á „afrett j nattfaravik. ok ær þar jtala af græniadarstadh oc mulastadh.“ (Í.f. IV. b., bls. 376).

2(196) Sölubréf fyrir Ljósavatn, dags. 2.6.1431. Ljósavatnskirkja á hálfsmánaðarteig í Krossjörð með tilteknum merkjum. (Í.f. IV. b., bls. 455-456).

2(197) Vísitasía Jóns Biskups Vilhjálmssonar 1431. Ófeigsstaðir, í eyði, eign Þóroddsstaðarkirkju. (Í.f. IV. b., bls. 464-468).

2(198) Afsalsbréf, dags. 24.5.1433, fyrir hluta í Efstafelli/Fremstafelli, 24 hundruðum, með m.m., þar með hálfsmánaðarengi í Halldórustaðajörð. Systkini tvö selja 24 hundruð í Efstafelli/Fremstafelli í Kinn „med aullum þeim gaugnum ok giædum

sem henni hefer fylkt at forno ok nyio at til reiknaudo grimstada lande ok afrett aa flateyiardals heide.“ (Í.f. IV. b., bls. 531-532).

2(199) Hóll (Ytrihóll) m.m. goldinn eiginkonu í stað málajarða, sem eiginmaður hafði selt, dags. 10.1.1445 (7.9.1446). (Í.f. IV. b., bls. 663-664).

2(200) Skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar í Hjaltadal og um eldi á jörðum staðarins. (1449). (Í.f. V. b., bls. 34-35 og 40-41).

2(201) Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar. Draflastaðakirkja, Þóroddsstaðarkirkja. (Í.f. V. b., bls. 269-273).

2(202) Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar. Grenjaðarstaðarkirkja og Múlakirkja (Í.f. V. b., bls. 280-283).

2(203) Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar. Hálskirkja. (Í.f. V. b., bls. 298).

2(204) Máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar. Munkaþverárklaustur. (Í.f. V. b., bls. 303-307).

2(205) Skrá um hálfkirkjur og bænhús í Hólabiskupsdæmi 1461 (bænhús uppi). (Í.f. V. b., bls. 357).

2(207) Vitnisburður um landamerki Hóls og Garðshorns, dags. 19.7. eða 20.12.1462, „vr ytra uallar gards horne aa holi ok riettsyni upp aa fiall suo langt sem sier heiman vr hols tuni. suo ok eigi sidr riettsyni ur uallargardinum ok ofan j klett þann er stendr j myrinne. vr honum riettsyni ofann j rangaa. suo ok heyrdu uid ockr ellre menn segia at adr greind landamerki hafi verid hofd og halldinn akærulaust. suo ok eigi sidr heyrdu udi aunguan akæra vpp aa. xl. tigi vetra og haufu uid þo verit innan sueitar.“ (Í.f. V. b., bls. 371-372).

2(208) Kaupmálabréf Hrafns Brandssonar og Margrietar Eyjólfsdóttur, dags. 12.11.1467.. Hálfur Hóll, fyrir hálfan þriðja tug hundrða og Krókar í Fnjóskadal í Draflastaðaþingum 30 hndr. (Í.f. V. b., bls. 504-506).

2(209) Vitnisburður um landamerki Sigríðarstaða og Vestritjarna (Stórutjarna), dags. 14.8.1468. (Í.f. V. b., bls. 527-528).

2(210) Vitnisburður um sölu á hálfum Granastöðum fyrir sex málnytukúgildi og fjögur geldfjárkúgildi, og 2½ hundrað í sömu jörð fyrir 2½ kúgildi í fríðum peningum, dags. 29.5.1481 og 17.4.1482. (Í.f. VI. b., bls. 366-368).

2(211) Vitnisburður um jarðakaup Brynjólfs Magnússonar, sem keypti Hallgilsstaði, dags. 19.10.1483. Sagði seljandi, Helgi Sigurðsson, „landamerki ä jordune ut at jllu kelldu fyrir sunan skollagerde ok sudur at merkigili ok ofan j iardarkross fyrir nedan ok sionhending j halgilsstadaklauf. ok sudr j þingmannalæk er gatan liggur vt j.“ (Í.f. VI. b., bls. 503-504).

2(212) Kaup- og landamerkjabréf um Hallgilsstaði í Fnjóskadal, dags. 27.10.1483. (Í.f. VI. b., bls. 503-504).

2(213) Hálft Fremstafell selt, dags. 30.11.1485 (10.1.1486) með ítölum þ.á m. „afrett ollu gelldfe a flateyiardals heidi og halft grimstada lannd.“ (Í.f. VI. b., bls. 555-556).

2(214) Skrá og reikningsskapur Björns Guðnasonar eftir Guðna Jónsson andaðan 1508. Jarðagóss fyrir norðan: „holar tvennir“. (Óvíst að hér sé átt við Hólana í Fnjóskadal). (Í.f. VIII. b., bls. 263).

2(215) Kaupbréf fyrir Hóla í Kinn, dags. 28.3.1520. Hólakirkju og biskupi seld fimm hundruð og 20 hundruð í Hóli fyrir hálfa Velli (Stóruvelli) í Bárðardal. (Í.f. VIII. b., bls. 721-722).

2(216) Testamentisbréf Gottskálks biskups Nikulássonar á Hólum, dags. 6.6.1520. Biskup arfleiðir Hóladómkirkju að hálfum Björgum, 10 hundruðum og Hrafnsstöðum, 30 hundruðum. (Í.f. VIII. b., bls. 727).

2(217) Sigurðarregistur. Eignir Hólastóls (1525). (Í.f. IX. b., bls. 293 og 300-301).

2(218) Sigurðarregistur. Kirkjureikningur Munkaþverárklausturs (1525). (Í.f. IX. b., bls. 305 og 308-309).

2(219) Sigurðarregistur. Eignir Munkaþverárklausturs (1525). (Í.f. IX. b., bls. 311-312).

2(220) Sigurðarregistur. Grenjaðarstaður á afrétt í Náttfaravík hálfu fjórða hundraði sauða og fjórðung úr hvalreka fyrir alla Náttfaravík og öll flutning fyrir Yztaból,

hálft fyrir Miðból og svo viðu og fiskver að helmingi þar og fyrir skála. (1525). (Í.f. IX. b., bls. 323).

2(221) Sigurðarregistur. Múlakirkja á rekstur gömlu fé, 200 (c og lxxx), í Náttfaravík (1525). (Í.f. IX. b., bls. 327).

2(222) Jarðakaupsbréf, dags. 6.4.1532. Veisa látin í jarðaskiptum. (Í.f. IX. b., bls. IX, 612).

2(223) Reikningsskapur nývígðrar Draflastaðakirkju, dags. 26.9.1538, 2.3.1540. Kirkjan á Eyri á Flateyjardal, reiknaða 30 hundruð. (Í.f. X. b., bls. 386).

2(224) Skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls, dags. 25.12.1550. (Í.f. XI. b., bls. 848, 864-867, 872-875 og 878-879).

2(225) Tuttugu hundruð í Böðvarsnesi seld, dags. 1.5.1546. (Í.f. XI. b., bls. 463-464).

2(226) Skýrsla og reikningar Eggerts hirðstjóra Hannessonar og Ólafs biskups Hjaltasonar um jarðeignir þær, er Jón biskup Arason hafi fargað frá Hólastól, og hverjar jarðir hann hafi fengið stólnum í stað þeirra, dags. 1.9.1552. (Í.f. XII. b., bls. 459-461).

2(227) Vitnisburður um að Náttfaravíkur hafi verið haldnar undir Þóroddsstað, dags. 16.4.1560. (Í.f. XIII. b., bls. 482-483).

2(228) Vitnisburður og staðfesting Ólafs biskups Hjaltasonar á ítakarétti Granastaða í Hólastaðarjörð, dags. 2.9.1561 og 29.7.1597. Ólafur segir að hann hafi þann 8.5.1561 séð nær 114 ára gamalt bréf með heilum og ósködduðum innsiglum. Þar sagt (m.a.) „ad jordin Granastader ætti afrett j Nat[t]faravikur aullum gelldfenadi. þar j mot skylldu Granastadamenn hallda vpp rettum gomlvm sem retta skylldi fie a haustin.“ (Í.f. XIII. b., bls. 645).

2(229) Garður í Fnjóskadal gefinn, dags. 2.5.1562. (Í.f. XIII. b., bls. 714-717).

2(230) Máldagi Múlakirkju, dags. 8.9.1563. Múlakirkja á rekstur „gomlv fie j Nattfarauikur. c. og lxxx.“ (Í.f. XIV. b., bls. 142-145).

2(231) Máldagi Hálskirkju, dags. 21.9.1565. (Í.f. XIV. b., bls. 422).

2(232) Vitnisburður um lóðarfiska til Staðar í Kinn af skipum, er gengu út Náttfaravíkum, dags. 23.11.1567. (Í.f. XV. b., bls. 43).

2(233) Jarðaskiptabréf, dags. 2.10.1558. Granastaðir með öllu því, sem þeirri jörð á með lögum að fylgja, virðast taldir 20 hundruð. (Í.f. XV. b., bls. 155-156).

2(234) Jarðaskiptabréf, dags. 26.11.1569. Hallgilsstaðir, 36 hundruð. (Í.f. XV. b., bls. 328-329).

2(235) Reikningar bændakirkna í Hólabiskupsdæmi 1569. Draflastaðakirkja á Veigastaði, 20 hundruð. (Í.f. XV. b., bls. 343).

2(255) Hálft Efstafell/Fremstafell selt, dags. 2.12.1484, (á afrétt í Flateyjardal). (Í.f. VI. b., bls. 526-527).

2(301) Skrá um landamerki Hafralækjar, Garðs, Skriðu og ýmissa fleiri jarða í Þingeyjarsýslu, sem talin er frá árinu 1263, en skjalið ritað með hendi frá 15. öld.. Þar er talað um geldfjárrekstrarrétt Garðsmanna í Aðaldal í Náttfaravíkur: „gardz menn eiga oc torfskurd j bruar land oc gelldfiar Rextur i kalfagrufur j vikur sem þarf“. (Í.f. II. b., bls. 1-5).

2(312) Máldagar Auðunar rauða. Þönglabakkakirkja, Grýtubakkakirkja, Höfðakirkja og Laufáskirkja (1318). (Í.f. II. b., bls. 443-447).

2(313) Máldagar Péturs Nikulássonar. Laufáskirkja og Höfðakirkja. (Í.f. III. b., bls. 566-569).

2(314) Máldagar Ólafs Rögnvaldssonar. Þönglabakkakirkja, Grýtubakkakirkja og Laufáskirkja (1461). (Í.f. V. b., bls. 264-269).

2(315) Sigurðarregistur. Laufáskirkja (1525). (Í.f. IX. b., bls. 329-331).

Sá hluti skjalasafna stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja sem prentaður er í Lovsamling for Island (skjalaflokkur B.6.):

2(286) Hólastólsjarðir. Skilmálar við sölu Hólastólsjarða, og listi yfir jarðirnar, dags. 13.3.1802. Þar eru taldar jarðirnar Fjöll og Hringver í máli 2, Nípá, Guðmundarstaðir/Gvendarstaðir, Finnsstaðir, Yztafell með Fellsseli í máli 4, Brettingsstaðir (hálfir), Jökulsá, Hóll í Fjörðum, Svínárnes (hálft), Miðhús og

Grímsnes í máli 5. *(Merkt almennt 1 a-e).*

2(287) Kotamýrar. Jón Benediktsson sýslumaður í Þingeyjarsýslu gefur fátækum, guðsvoluðum þurfamönnum, bornum og barnfæddum í Reykjadalshreppi hjáleigu eða heimaland Rauðuskriðu, Kotamýrar, 10 hndr að dýrleika, með landi á Hurðarbaki, að undanskildum reka, dags. 25.9.1775. *(Merkt 1 a-b).*

2(288) Granastaðir. Konunglegt leyfi til þess að hafa makaskipti á Granastöðum með Neðribæ í Flatey og Öxará, dags. 27.3.1862. Tilkynnt að makaskiptin hafi farið fram, dags. 26.8.1863. *(Merkt 2 a-b).*

Bréfabækur biskupa (skjalaflokkur B.8.):

2(289) Torfunes, Ófeigsstaðir, Háls. Guðbrandur biskup skipar Þóroddsstaðarpresti að stefna einhverjum eignarmanni Háls, vegna þess að Hálsmenn eigni sér það land, sem biskup og prestur telja Torfunes, dags. 2.3.1601. *(Merkt 1).*

2(290) Torfunes, Ófeigsstaðir, Háls. Guðbrandur biskup krefur sýslumenn í Þingeyjarsýslu að láta endanlegan dóm ganga um landið, sem Staðarprestur og Hálseigandi þræta um, apríl 1611. *(Merkt 2).*

2(291) Torfunes, Ófeigsstaðir, Háls. Guðbrandur biskup skipar Staðarpresti að taka að sér eyðijörðina Torfunes, en Björn Benediktsson hefur lagt helming hennar í vald biskupi, dags. 14.12.1611. *(Merkt 3).*

2(292) Náttfaravíkur. Hálfir lóðarfiskar og skálastaða í Náttfaravíkum dæmd Grenjaðarstaðarkirkju móts við Staðarkirkju í Kinn á prestastefnu á Helgastöðum, dags. 12.9.1660. *(Merkt 4 a-b).*

2(293) Náttfaravíkur. Gísli Þorláksson biskup skipar, dags. 15.8.1665, Grenjaðarstaðarkirkju hálfa lóðarfiska í Náttfaravíkum móts við Staðarkirkju í Kinn samkvæmt dómi Guðbrands Þorlákssonar. *(Merkt 5 a-b).*

Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):

2(294) Háls í Kinn. Ágreiningur milli Guðbrands biskups Þorlákssonar og Jóns Jónssonar lögmanns m.m. um Háls, sem gengið hafði undan Hólastól, dæmi frá árunum 1611 og 1612. *(Merkt 1 a-d).*

2(295) Kambsmýrar. Draflastaðir, 60 hundruð, með hjáleigunni Grímsgerði ásamt Kambsmýri og fylgjandi kúgildi seldir fyrir þrjú stórhundruð ríkisdali specie árið 1771. *(Merkt 2).*

2(296) Náttfaravíkur. Máli varðandi rekaréttindi Háls- og Ljósavatnskirkna í Náttfaravíkum vísað frá alþingisdómi heim í hérað árið 1782. *(Merkt 3 a-e).*

2(297) Kambsmýrar. Kambsmýri, 5 hndr., afsöluð fyrir 30 rd. árið 1796. *(Merkt 4).*

Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):

4(120) Syðri-Leikskálaá, dags. í ágúst 1940

Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):

4(23) Afsal eiganda Sigríðarstaða til ríkissjóðs Íslands á Sigríðarstaðarskógi, dags. 2.3.1927.

4(24) Björg, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(25) Björg, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b

4(26) Fellssel, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(27) Fellssel, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b

4(28) Finnsstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(29) Finnsstaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(30) Finnsstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b

4(31) Garðshorn, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(32) Garðshorn, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(33) Garðshorn, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b

4(34) Fornastaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.

4(35) Fornastaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(36) Fornastaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(37) Granastaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(38) Granastaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(39) Granastaðir I-II, spjöld úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-d
4(40) Grímsland, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(41) Grímsland, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(42) Gvendarstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(43) Gvendarstaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(44) Gvendarstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(45) Halldórsstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(46) Halldórsstaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(47) Halldórsstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(48) Hallgilsstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(49) Hallgilsstaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(50) Hallgilsstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-c
4(51) Háls í Fnjóskadal (Garður), yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(52) Háls í Fnjóskadal (Garður), spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(53) Háls í Fnjóskadal (Garður), þinglýsingarvottorð dags. 24.1.2007.
4(54) Háls í Kinn, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(55) Háls í Kinn, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(56) Háls í Kinn, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(57) Hrafnsstaðir (Hrappsstaðir), yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(58) Hrafnsstaðir (Hrappsstaðir), yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(59) Hrafnsstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-c
4(60) Kambsmýrar, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(61) Kambsmýrar, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(62) Kambsmýrar, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(63) Knarrareyri (Eyri), yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(64) Knarrareyri (Eyri), yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(65) Knarrareyri, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(66) Austari-Krókar, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(67) Austari-Krókar, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(68) Landamót, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(69) Landamót, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(70) Landamót, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(71) Landamótssel, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(72) Landamótssel, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(73) Landamótssel, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b

4(74) Leikskálaá syðri, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(75) Leikskálaá syðri, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(76) Leikskálaá syðri, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-c
4(77) Leikskálaá ytri, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(78) Leikskálaá ytri, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(79) Leikskálaá ytri, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(80) Naustavík, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(81) Naustavík, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(82) Naustavík-Vargsnes, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(83) Nípá, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(84) Nípá, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(85) Nípá, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(86) Ófeigsstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(87) Ófeigsstaðir, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(88) Ófeigsstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(89) Sigríðarstaðir, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(90) Sigríðarstaðir, yfirlitssíður úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(91) Sigríðarstaðir, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-c
4(92) Syðri-Hóll, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(93) Syðri-Hóll, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(94) Syðri-Hóll, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(95) Ytri-Hóll, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(96) Ytri-Hóll, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(97) Ytri-Hóll, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(98) Torfunes, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(99) Torfunes, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(100) Veisa, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(101) Veisa, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(102) Veisa, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(103) Veisusel, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(104) Veisusel, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(105) Veisusel, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-c
4(106) Yztafell, yfirlitssíða úr eldri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(107) Yztafell, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(108) Yztafell I-III, spjöld úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-f
4(109) Yztafell I-III, þinglýsingarvottorð dags. 30.1.2007.
a-c
4(110) Þóroddsstaður, yfirlitssíða úr yngri Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
4(111) Þóroddsstaður, spjald úr Afsals- og Veðmálabók Þingeyjarsýslna.
a-b
4(118) Afsal. Kristján Ingjaldsson, Fellsseli afsalar til Tryggva Jónssonar $^{1}/_{3}$ Fellssels, dags. 9.2.1958.

4(119) Afsal. Kristján Ingjaldsson, Fellsseli afsalar til Ingvars Kárasonar $^{1}/_{3}$ Fellssels, dags. 5.7.1956.

4(121) Afsal.Stefán Tryggvason afsalar til Jóns Geirs Lútherssonar $^{1}/_{4}$ hluta af óræktuðu landi Hallgilsstaða, dags. 21.7.1946.

Landskiptabækur (skjalaflokkur A.4):

4(112) Ystafell, dags. 7.8.1951.

Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):

4(116) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Fornleifastofnun Íslands 1996. Forsíða; Efnisyfirlit: Inngangur (bls. 4-6); Inngangur að VI. kafla „Menningarminjar á miðhálendi Íslands eftir sýslum, samantekt“ (bls. 50); „Suður-Þingeyjarsýsla“ (bls. 62-63); „Viðauki I. Friðlýstar minjar á miðhálendi Íslands“ - „Suður Þingeyjarsýsla“ (bls. 73-74); „Viðauki II. Skrá um menningarminjar á miðhálendi Íslands“- „Suður-Þingeyjarsýsla“ bls. 78-79 og 160-173; Heimildaskrá (bls. 197-207).

4(117) Svæðisskráning fornleifa í máli nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár. Fornleifastofnun 2007.

Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):

4(18) Jarðatal J. Johnsens, 1847, bls. 314-341.

4(19) Ný jarðabók 1861, bls. 121-132.

4(20) Fasteignabók 1921, bls. 153-169.

4(21) Fasteignabók 1932, bls. 83-90.

4(22) Fasteignabók 1942-1944, bls. 42-48.

Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):

4(7) Reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, nr. 64/1893, B-deild, bls. 85-90.

4(8) Reglugjörð um fjallskil í Þingeyjarsýslu, nr. 108/1904, B-deild, bls. 235-243.

4(9) Reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, nr. 82/1913, B-deild, bls. 122-132.

4(10) Reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, nr. 58/1920, B-deild, bls. 160-168.

4(11) Reglugjörð um breytingu á reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, 16.6.1920, B-deild, nr. 54/1924, bls. 92.

4(12) Fjallskilareglugjörð fyrir Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár, nr. 69/1929, B-deild, bls. 203-213.

4(13) Fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 107/1937, B-deild, bls. 195-203.

4(14) Fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ, nr. 231/1952, B-deild, bls. 446-453.

4(15) Fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurbæ, nr. 77/1959, B-deild, bls. 133-141.

4(16) Fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík, nr. 207/1974, B-deild, bls. 444-451.

4(17) Fjallskilasamþykkt fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar, nr. 169/1996, B-deild, bls. 342-349.

Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11):

4(1) Beiðni óbyggðanefndar til Þingeyjarsveitar um umsögn við leitarlista óbyggðanefndar og beiðni um gögn, dags. 19.1.2007.

4(2) Svar Þingeyjarsveitar, dags. 9.2.2007, við bréfi óbyggðanefndar, dags. 19.1.2007, ásamt yfirliti yfir fjallskil í Þingeyjarsveit, vestari hluta, dags. febr. 2007.

4(3) Beiðni félagsmálaráðuneytisins til allra sveitarstjórna um upplýsingar varðandi afrétti, dags. 20.2.1989.

4(4) Svar Ljósavatnshrepps, dags. 20.4.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(5) Svar Hálshrepps, dags. 25.2.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags.

20.2.1989.

4(6) Svar Reykdælahrepps, dags. 25.4.1989, við beiðni félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.2.1989.

4(113) „Upplýsingar um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959.“ Sýslumaður Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaftason, dags. 13.5.1959. Fylgiskjal með bréfi Sigurðar Gizurarsonar, sýslumanns, til dómsmálaráðuneytisins, dags. 14.11.1985.

4(114) „Álitsgerð um réttarstöðu afréttar á Flateyjardal og Flateyjardalsheiði.“ Sigurður Gizurarson, dags. í júní 1983. Fylgiskjal með bréfi Sigurðar Gizurarsonar, sýslumanns, til dómsmálaráðuneytisins, dags. 14.11.1985.

4(115) „Hver er réttur bænda í Grýtubakkahreppi til að reka fé sitt í lönd Hálsahrepps án samninga eða greiðslu? Álitsgerð Hrafns Bragasonar, dags. í desember 1980. Fylgiskjal með bréfi Sigurðar Gizurarsonar, sýslumanns, til dómsmálaráðuneytisins, dags. 14.11.1985.

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Háls:

5 Kröfulýsing, dags. 31.3.2007.

5(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Háls, dags. 6.2.2007.

5(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Háls, dags. 7.2.2007.

5(3) Greinargerð, ódags. en mótt. 9.8.2007.

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Hrafnsstaða:

6 Kröfulýsing, dags. 31.3.2007.

6(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hrafnsstaði, dags. 6.2.2007.

6(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hrafnsstaði, dags. 7.2.2007.

6(3) Greinargerð, ódags. en mótt. 9.8.2007.

Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hdl. vegna Kvíabóls:

7 Kröfulýsing, dags. 31.3.2007.

7(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Kvíaból, dags. 6.2.2007.

7(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Kvíaból, dags. 7.2.2007.

7(3) Greinargerð, ódags. en mótt. 9.8.2007.

Lagt fram af Páli Arnóri Pálssyni hrl. vegna Yztafells og Hlíðar:

8 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

8(1) Útprentun af færslum fyrir Yztafell I, af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 4.4.2007.

8(2) Útprentun af færslum fyrir Yztafell II, af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 4.4.2007.

8(3) Útprentun af færslum fyrir Hlíð, af heimasíðu Lánstrausts hf., dags. 4.4.2007.

8(4) Útprentun af færslum fyrir Yztafell I, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 4.4.2007.

8(5) Útprentun af færslum fyrir Yztafell II, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 4.4.2007.

8(6) Útprentun af færslum fyrir Hlíð, af heimasíðu Fasteignamats ríkisins, dags. 4.4.2007.

8(7) Yfirlýsing Jóns og Marteins Sigurðssona um að þeir hafi selt Alfreð Ásmundssyni hluta úr Yztafelli. Tiltekin eru landamerki. Dags. 26.8.1950.

8(8) Virðingargjörð fyrir Yztafell, dags. 8.4.1889.

8(9) Virðingargjörð fyrir Yztafell, dags. 29.6.1894.

8(10) Úr “Menningarminjar í Aðaldal, Kinn og Bárðardal”, ódags. en mótt. 4.4.2007.

8(11) Greinargerð, dags. 15.8.2007.

8(12) Greinargerð vegna landamerkja Ystafells í Kinnarfjalli, vörður og önnur kennileiti, ódags. en mótt. 27.8.2007.

8(13) Dagbókarfærslur Helga Jónssonar á Gvendarstöðum, dags. 9.3.1909, til mars

a-b 1919 ásamt, efnisyfirliti, ódags. en mótt. 23.9.2007.

8(14) a-d Kort sem sýna: a). Svæði sem áður var heyjað í Yztafelli og Hlíð, b). Rjúpnaveiði, c). Vatnasvæði Gljúfurár, d). Grasatöku og vatnasvæði Gljúfurár. Ódags. en mótt. 23.9.2007.

8(15) a-d Ljósmyndir sem sýna: a). Gönguskarð, b). Kinnarfjall – Gönguskarð, c). Yztafell séð úr lofti, d). Í Gönguskarði, ódags. en mótt. 23.9.2007.

8(16) a-b Úr dagbókum Jóns Helgasonar frá árunum 1924-1925, ásamt yfirliti yfir rjúpnaveiði í landi Yztafells.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Bjarga:

9 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

9(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Björg, dags. 29.12.2006.

9(2) a-b Fasteignamatsvottorð fyrir Björg, dags. 19.2.2007.

9(3) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

9(4) Gangnaseðill, dags. 5.9.1938.

9(5) Leigusamningur. Eigandi Naustavíkur-Vargsness leigir ábúendum Granastaða I-II, Átúns og Nípár upprekstur í land sitt, dags. 5.12.1954.

9(6) Fundargerð hreppsnefndar Ljósavatnshrepps, dags. 5.12.1954.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Knarrareyrar:

11 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

11(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Knarrareyri, dags. 18.12.2006.

11(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Knarrareyri, dags. 19.2.2007.

11(3) Endurrit úr dómabók Þingeyjarsýslu og Húsavíkur. Dómur í eignardómsmáli Knarrareyrar, dags. 20.5.1975.

11(4) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Kotamýrar:

12 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

12(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Kotamýri, dags. 19.2.2007.

12(2) Fundargerð eigenda og fyrrum ábúenda Naustavíkur/Vargsness, dags. 13.3.2007, ásamt uppdrætti.

12(3) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

12(4) Hornpunkta-/ örnefnaskrá, ódags. en mótt. 9.8.2007.

Lagt fram af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. vegna Naustavíkur-Vargsness:

13 Kröfulýsing, dags. 2.4.2007.

13(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Naustavík-Vargsnes, dags. 29.12.2006.

13(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Knarrareyri, dags. 19.2.2007.

13(3) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

13(4) Óstaðfest uppskrift af skjali nr. 2(276).

13(5) Afsal ráðherra Íslands á Naustavík með Vargsnesi til Sigurjóns Jósefssonar, dags. 10.5.1922.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Austari-Króka:

14 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.

14(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Austari-Króka, dags. 31.1.2007.

14(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Austari-Króka, dags. 19.2.2007.

14(3) Hornpunktaskrá fyrir Austari-Króka, ódags. en mótt. 3.4.2007.

14(4) Afsal Guðmundar Kristjánssonar á Austari-Krókum til Bergþórs Bjarnasonar, dags. 30.5.1914.

14(5) Afsal Eiðs Indriðasonar á ½ Austari-Krókum til Hálshrepps, dags. 18.1.1951.

14(6) Greinargerð, dags. 8.8.2007.

14(7) Úr smiðju Erlings Arnórssonar, Þverá Dalsmynni, ódags. en mótt. 26.9.2007. Rit

um göngur og eyðijarðir á Flateyjardals, Flateyjardalsheiði og í Hálshreppi. Bls. 1-36.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Árlands:

15 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 15(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Árland, dags. 31.3.2007.
- 15(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Árland, dags. 19.2.2007.
- 15(3) Hornpunktaskrá fyrir Árland, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 15(4) Kaupsamningur. Steingerður Alfreðsdóttir selur Kristjáni Tryggvasyni Árland, dags. 27.5.2002.
  Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ártúns, Árteigs, Granastaða I-II (Granastaðatorfu):

16 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 16(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ártún, dags. 31.1.2007.
- 16(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Árteig, dags. 31.1.2007.
- 16(3) Þinglýsingarvottorð fyrir Granastaði I, dags. 31.1.2007.
- 16(4) Þinglýsingarvottorð fyrir Granastaði II, dags. 31.1.2007.
- 16(5) Fasteignamatsvottorð fyrir Ártún, dags. 19.2.2007.
- 16(6) Fasteignamatsvottorð fyrir Árteig, dags. 19.2.2007.
- 16(7) Fasteignamatsvottorð fyrir Granastaði I, dags. 19.2.2007.
- 16(8) Fasteignamatsvottorð fyrir Granastaði II, dags. 19.2.2007.
- 16(9) Hornpunktaskrá fyrir Granastaðatorfu, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 16(10) Afsal Hólmfríðar Jónsdóttur o.fl. á Granastöðum II til Sigurgeirs Jónssonar og Klemensar Sigurgeirssonar, dags. 25.5.1991.
- 16(11) Afsal Vilhelms Pálssonar á Granastöðum I til Páls Sigurgeirssonar o.fl., dags. 3.12.1981.
- 16(12) Leyfi erfingja Páls Sigurgeirssonar til Margrétar Jónsdóttur til að sitja í óskiptu búi, dags. 22.6.1993.
- 16(13) Kaupsamningur og afsal. Jón Sigurgeirsson selur Árteig til Sigurgeirs Jónssonar, dags. 4.8.1994.
- 16(14) Afsal Klemens Sigurgeirssonar á Ártúni til Ártúns ehf., dags. 3.12.2006.
- 16(15) Afsal Klemens Sigurgeirssonar á $^{1}/_{3}$ hluta Granastaða I til Ártúns ehf., dags. 3.12.2006.
- 16(16) Afsal Klemens Sigurgeirssonar á ½ Granastaða II til Ártúns ehf., dags. 3.12.2006.
  Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Birkihlíðar:

17 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 17(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Birkihlíð, dags. 31.1.2007.
- 17(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Birkihlíð, dags. 19.2.2007.
- 17(3) Hornpunktaskrá fyrir Birkihlíð, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 17(4) Kaupsamningur og afsal. Hálshreppur selur Birkihlíð til Friðriks Steingrímssonar, dags. 31.8.1999.
  Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Engihlíðar og Þóroddsstaðar (Þóroddsstaðatorfa):

18 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 18(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Engihlíð, dags. 31.1.2007.
- 18(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Þóroddsstað, dags. 31.1.2007.
- 18(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Engihlíð, dags. 19.2.2007.
- 18(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Þóroddsstað, dags. 19.2.2007.
- 18(5) Hornpunktaskrá fyrir Þóroddsstaðatorfu, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 18(6) Landskiptagerð fyrir Engihlíð og Þóroddsstað, dags. 10.12.1987.

18(7) Afsal jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins á Engihlíð og 2/10 hlutum Þóroddsstaðar til Baldvins Einarssonar, dags. 10.6.1988.
18(8) Skiptayfirlýsing. Baldvin Einarsson erfir Engihlíð frá Einari Friðgeirssyni, dags. 13.4.1989.
18(9) Afsal Íbúðalánasjóðs á Þóroddsstað til Átthagafélagsins Eiðs, dags. 20.9.2001.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Fellssels og Selfells:

19 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
19(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Fellssel, dags. 30.3.2007.
19(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Selfell, dags. 30.3.2007.
19(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Fellssel, dags. 19.2.2007.
19(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Selfell, dags. 19.2.2007.
19(5) Hornpunktaskrá fyrir Fellssel og Selfell, ódags. en mótt. 3.4.2007.
19(6) Samningur um eignaskipti vegna lögskilnaðar, dags. 7.8.1988.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Fornhóla og 50% Fornastaða:

20 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
20(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Fornhóla, dags. 31.1.2007.
20(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Fornastaði, dags. 31.1.2007.
20(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Fornhóla, dags. 19.2.2007.
20(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Fornastaði, dags. 19.2.2007.
20(5) Hornpunktaskrá fyrir Fornhóla og 50% Fornastaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
20(6) Yfirlýsing um eigendaskipti á fasteign, Fornhólum, dags. 28.12.2006.
20(7) Vottorð þess efnis að Fornhólar sé í eigu dánarbús Sigurðar Stefánssonar, dags. 28.12.2006.
20(8) Afsal Herdísar Jónsdóttur á hluta úr Fornhólum til Sigurðar Stefánssonar, dags. 27.9.1981.
20(9) Afsal Herdísar Jónsdóttur á hluta úr Fornhólum til Jóns Geirs Lútherssonar, dags. 27.9.1981.
20(10) Landamerki milli Fornhóla og Sólvangs, dags. 17.9.1981.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Garðs:

21 Kröfulýsing, dags. 12.3.2007.
21(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Garð, dags. 31.1.2007.
21(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Garð, dags. 19.2.2007.
21(3) Hornpunktaskrá fyrir Garð, ódags. en mótt. 3.4.2007.
21(4) Kaupsamningur og afsal. Jón G. Lúthersson og Ásdís Stefánsdóttir selja Bergsveini Jónssyni o.fl. Garð, dags. 30.12.1996.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Grímslands:

22 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
22(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Grímsland, dags. 31.1.2007.
22(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Grímsland, dags. 19.2.2007.
22(3) Hornpunktaskrá fyrir Grímsland, ódags. en mótt. 3.4.2007.
22(4) Kaupsamningur og afsal. Jón Kristjánsson selur Hálshreppi 50% Grímslands, dags. 2.4.2001.
22(5) Kaupsamningur og afsal. Friðrika Kristjánsdóttir selur Hálshreppi 50% Grímslands, dags. 17.4.2001.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Gvendarstaða:

23 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
23(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Gvendarstaði, dags. 30.3.2007.
23(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Gvendarstaði, dags. 19.2.2007.
23(3) Hornpunktaskrá fyrir Gvendarstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
23(4) Erfðayfirlýsing vegna dánarbús Helga Jónasarsonar, ódags. 1973.
23(5) Afsal Jónasar og Forna Helgasona á Gvendarstöðum til Helga Gunnarssonar og Ásgeirs Harðarsonar, dags. 28.5.1980.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Halldórsstaða:
24 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
24(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Halldórsstaði, dags. 6.3.2007.
24(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Halldórsstaði, dags. 19.2.2007.
24(3) Hornpunktaskrá fyrir Halldórsstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
24(4) Afsal Sigríðar Kristjánsdóttur og erfingjar Finns Kristjánssonar á Halldórsstöðum til Sigtryggs Vagnssonar, dags. 6.9.1994.
24(5) Afsal Sigtryggs Vagnssonar á Halldórsstöðum til Hriflubús, dags. 19.12.2005.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Hallgilsstaða:
25 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
25(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hallgilsstaði, dags. 31.1.2007.
25(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Hallgilsstaði, dags. 19.2.2007.
a-b
25(3) Hornpunktaskrá fyrir Hallgilsstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
25(4) Kaupsamningur og afsal. Stefán Tryggvason selur Tryggva Stefánssyni Hallgilsstaði, dags. 22.8.1959.
25(5) Kaupsamningur og afsal. Gunnlaugur F. Lúthersson selur Tryggva Stefánssyni landspildu úr Veisuseli, dags. 15.10.2004.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Hjaltastaða og Finnsstaða:
26 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
26(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Hjaltastaði, dags. 30.3.2007.
26(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Finnsstaði, dags. 30.3.2007.
26(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Hjaltastaði, dags. 19.2.2007.
26(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Finnsstaði, dags. 19.2.2007.
26(5) Hornpunktaskrá fyrir Hjaltastaði og Finnsstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
26(6) Afsal Valtýs og Kristjáns Sigurbjarnasona á Finnsstöðum I til Jóns H. Hjaltasonar, dags. 14.8.1977.
26(7) Kaupsamningur og afsal. Hólmfríður Jónsdóttir selur Jóni H. Hjaltasyni Finnsstaði III, dags. 12.1.2000.
26(8) Kaupsamningur og afsal. Hjalti Kristjánsson selur Jóni H. Hjaltasyni Hjaltastaði, dags. 28.12.1996.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Kambsmýra:
28 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
28(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Kambsmýrar, dags. 28.11.2007.
28(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Kambsmýrar, dags. 19.2.2007.
28(3) Hornpunktaskrá fyrir Kambsmýrar, ódags. en mótt. 3.4.2007.
28(4) Afsal Hálshrepps á Kambsmýrum til Valdemars Valdemarssonar, dags. 14.5.1916.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).
28(6) Skiptayfirlýsing vegna Kambsmýra, dags. 20.10.2007.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Knarrareyrarlands:

29 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 29(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Knarrareyri, dags. 30.3.2007.
- 29(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Knarrareyri, dags. 30.3.2007.
- 29(3) Hornpunktaskrá fyrir Knarrareyrarlandi, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 29(4) Afsal Hólmgeirs Árnasonar á hluta af landi Knarrareyrar til Hálshrepps, dags. 4.7.1953.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Kross:

30 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 30(1) Fasteignamatsvottorð fyrir Kross, dags. 19.2.2007.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Landamóts:

31 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 31(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Landamót, dags. 2.4.2007.
- 31(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Landamót, dags. 19.2.2007.
- 31(3) Hornpunktaskrá fyrir Landamót, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 31(4) Skiptayfirlýsing dánarbús Kristbjargar Jónsdóttur, dags. 9.2.2004.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Landamótssels og Borgartúns:

32 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 32(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Landamótssel, dags. 30.3.2007.
- 32(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Borgartún, dags. 30.3.2007.
- 32(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Landamótssel, dags. 19.2.2007.
- 32(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Borgartún, dags. 19.2.2007.
- 32(5) Hornpunktaskrá fyrir Landamótssel og Borgartún, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 32(6) Byggingarbréf fyrir nýbýli á ½ Landamótsseli, dags. 5.12.1951.
- 32(7) Einkaskiptagerð erfingja Braga Benediktssonar og Önnu Maríu Valdimarsdóttur, dags. 9.6.1999.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Litlu-Tjarna:

33 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 33(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Litlu-Tjarnir, dags. 31.1.2007.
- 33(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Litlu-Tjarnir, dags. 16.2.2007.
- 33(3) Afsals fyrirtækja I.O.G.T. á Akureyri á Litlu-Tjörnum til Ljósavatnshrepps, ódags. 1974.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Nípár:

34 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 34(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Nípá, dags. 31.1.2007.
- 34(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Nípá, dags. 19.2.2007.
- 34(3) Hornpunktaskrá fyrir Nípá, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 34(4) Afsal Karls og Friðbjarnar Jónatanssona á Nípá til Kára Karlssonar, dags. 18.2.1988.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ófeigsstaða og Rangár:

35 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 35(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ófeigsstaði, dags. 31.1.2007.

35(2) Þinglýsingarvottorð fyrir Rangá, dags. 31.1.2007.
35(3) Fasteignamatsvottorð fyrir Ófeigsstaði, dags. 19.2.2007.
35(4) Fasteignamatsvottorð fyrir Rangá, dags. 19.2.2007.
35(5) Hornpunktaskrá fyrir Ófeigsstaði og Rangá, ódags. en mótt. 3.4.2007.
35(6) Skiptayfirlýsing á dánarbúi Baldvins Grana Baldurssonar, dags. 17.9.2004.
35(7) Afsal Hildar Baldvinsdóttur á eignarhluta sínum í Rangá og Ófeigsstöðum I til Friðriku Baldvinsdóttur o.fl., dags. 30.12.2004.
35(8) Afsal Baldurs Baldvinssonar á eignarhluta sínum í Ófeigsstöðum I til Friðriku Baldvinsdóttur o.fl., dags. 30.12.2004.
35(9) Afsal Baldurs Baldvinssonar á óræktuðu landi Ófeigsstaða til Einars Kristjánssonar, dags. 20.11.1960.
35(10) Kaupsamningur og afsal. Sigurbjörn Kr. Einarsson selur Einari Kristjánssyni og Svanhildi Baldursdóttur $^{2}/_{3}$ hluta Ófeigsstaða 2, dags. 2.7.1992.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Torfuness:
36 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
36(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Torfunes, dags. 31.1.2007.
36(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Torfunes, dags. 19.2.2007.
36(3) Hornpunktaskrá fyrir Torfunes, ódags. en mótt. 3.4.2007.
36(4) Afsal Baldvins Kr. Baldvinssonar á Torfunesi til Brynhildar Þráinsdóttur, dags. 1.2.2005.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Sigríðarstaða:
37 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
37(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sigríðarstaði, dags. 31.1.2007.
37(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sigríðarstaði, dags. 19.2.2007.
37(3) Hornpunktaskrá fyrir Sigríðarstaði, ódags. en mótt. 3.4.2007.
37(4) Beiðni Hermanns R. Herbertssonar um að eiginkona hans Edda Petrína Olsen verði þinglýstur eigandi að 50% Sigríðarstaða, dags. 24.2.2006.
37(5) Afsal Huldu Laufeyjar Davíðsdóttur á Sigríðarstöðum til Hermanns Herbertssonar, dags. 2.2.1985.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Sólvangs og 50% Fornastaða:
38 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
38(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Sólvang, dags. 30.3.2007.
38(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Sólvang, dags. 30.3.2007.
38(3) Hornpunktaskrá fyrir Sólvang, ódags. en mótt. 3.4.2007.
38(4) Afsal eigenda Sólvangs á 2/3 hlutum Sólvangs til Bergsveins og Ingvars Jónssona, dags. 7.12.1986.
38(5) Afsal Jons G. Lútherssonar og Ásdísar Stefánsdóttur á 1/3 hluta Sólvangs til Þorunnar Jónsdóttur og Rúnars Jóakimssonar, dags. 22.11.1993.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Syðri-Hóls:
39 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
39(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Syðri-Hól, dags. 31.1.2007.
39(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðri-Hól, dags. 30.3.2007.
39(3) Hornpunktaskrá fyrir Syðri-Hól, ódags. en mótt. 3.4.2007.
39(4) Afsal Hálshrepps á Syðri-Hóli til Benedikts Karlssonar og Kristjáns Valdimarssonar, dags. 8.2.1973.
39(5) Kaupsamningur og afsal. Kristján Valdimarsson og Friðrika Þórólfsdóttir selja ½ Syðri-Hól til Þorólfs og Ingvars Kristjánssona, dags. 14.12.1993.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Syðri-Leikskálaár:

40 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 40(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Syðri-Leikskálaá, dags. 30.3.2007.
- 40(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Syðri-Leikskálaá, dags. 30.3.2007.
- 40(3) Hornpunktaskrá fyrir Syðri-Leikskálaá, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 40(4) Skiptayfirlýsing vegna Syðri-Leikskálaár, dags. 4.12.2003.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Veisu:

41 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 41(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Veisu, dags. 31.1.2007.
- 41(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Veisu, dags. 19.2.2007.
- 41(3) Hornpunktaskrá fyrir Veisu, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 41(4) Kaupsamningur og afsal. Björn Bergþórsson selur karli Björnssyni Veisu, dags. 3.12.1996.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Veisusels:

42 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 42(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Veisusel, dags. 31.1.2007.
- 42(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Veisusel, dags. 19.2.2007.
- 42(3) Hornpunktaskrá fyrir Veisusel, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 42(4) Afsal Steinþórs B. Lútherssonar á Veisuseli til Gunnlaugs Fr. Lútherssonar, dags. 20.9.1987.
- 42(5) Afsal Þorgerðar Laxdal á Veisuseli til Gunnlaugs Fr. Lútherssonar, dags. 3.9.2001.
- 42(6) Kaupsamningur. Gunnlaugur F. Lúthersson selur Flaumi ehf. Veislusel, dags. 27.1.2006.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ytri-Hóls:

43 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 43(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Hól, dags. 31.1.2007.
- 43(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Hól, dags. 19.2.2007.
- 43(3) Hornpunktaskrá fyrir Ytri-Hól, ódags. en mótt. 3.4.2007.
- 43(4) Skiptayfirlýsing á dánarbúi Karls Jóhannessonar, dags. 22.11.1976.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Ytri-Leikskálaár:

44 Kröfulýsing, dags. 30.3.2007.
- 44(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Ytri-Leikskálaá, dags. 31.1.2007.
- 44(2) Fasteignamatsvottorð fyrir Ytri-Leikskálaá, dags. 19.2.2007.
- 44(3) Leyfi til handa Margrétar Jónsdóttur til að sitja í óskiptu búi, dags. 22.6.1993.

Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af óbyggðanefnd:

45
- 45(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 26.4.2007.
- 45(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 11.6.2007.
- 45(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 9.8.2007.
- 45(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 29.8.2007.
- 45(5) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 24.9.2007.
- 45(6) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.5.2008.

46 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags.

13.12.2007.

47 Greinargerð Hjörleifs Guttormssonar náttúrufr. um staðhætti og gróðurfar, dags. maí 2007.

Lagt fram af málsaðilum:

48 Yfirlitskort, mælikvarði 1:100.000 í A1. Mál nr. 4/2007. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 26.5.2008.

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Hálsmannatungna á Flateyjardalsheiði:

49 Kröfulýsing, dags. 8.8.2007.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Lagt fram af Sigurði Jónssyni hrl. vegna Draflastaðalands á Gönguskarði:

50 Kröfulýsing, dags. 8.8.2007.
50(1) Þinglýsingarvottorð fyrir Draflastöðum, dags. 13.7.2007.
50(2) Afsal. Sif Bjarklind Ólafsdóttir afsalar Draflastöðum til Sigurðar Arnars Jónssonar, dags. 4.4.2004.
Greinargerð, sjá skjal nr. 14(6).

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

Ónr. Árbók Þingeyinga 1965, Sýslumörk Þingeyjarsýslu, Jóhann Skaptason, bls. 66-71.
Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1969, Suður-Þingeyjarsýsla vestan Skjálfandafljóts og Fljótsdalsheiðar, bls. 60-73 og 110-115.
Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 2000, bls. 145, 158-159, 172, 182, 186, 202-203, 207 og 210-213.
Ónr Byggðir og bú suður-Þingeyinga 1985, bls. 97 og 159.
Ónr. Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930, Björn Teitsson, Reykjavík 1973, bls. 38-39 og 42-47.
Ónr Flateyjardalsheiði, Páll G. Jónsson frá Garði, 2000, bls. 22-24, 46-50, 54-59 og 75-84.
Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 11. b., bls. 66-69, 72-73 og 94-129.
Ónr. Landnámabók, 1. b., síðari hluti, 1968. Jakob Benediktsson gaf út, bls. 268-287 og 322-323.
Ónr Göngur og réttir 4. b., Bragi Sigurjónsson 1986. *Flateyjardalsheiði – afréttarlýsing*. Bls. 227-239. *Um göngur á Flateyjardalsheiði og Flateyjardalsheiði ein og nú er*. Bls. 246-253. *Afréttarlönd og fjallskil í Ljósavatnshreppi – afréttarlýsing*, bls. 271-276.
Ónr Ritsafn Þingeyinga II. Lýsing Þingeyjarsýslu, Sögunefnd Þingeyinga, 1954, bls. 110-119, 122-135 og 162-201.
Ónr. Uppdráttur afrétta í Þingeyjarsýslu. RALA, ódags. en mótt. 7.11.2006.
Ónr. Þingeyjarsýslur, sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844, bls. 23-25.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum 1-7/2000 og 1-5/2001.
Ónr. Hrd. 11. 12.1987, bls. 1656 í máli nr. 83/1986 um Flateyjardalsheiði.
Ónr. Skjalaskrá í Hrd. 11.12.1987, bls. 1656 nr. 83/1986 um Flateyjardalsheiði.
Ónr. Skýrslur í máli 4/2007 hjá óbyggðanefnd, (23 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Lagt fram til hliðsjónar af Ragnari Aðalsteinssyni hrl.:

Ónr. Case of J.A. Pye (Oxford) Ltd. v. The United Kingdom, dags. 15.11.2005.
Ónr. N.A. and others v. Turkey, dags. 11.10.2005.

Skjöl lögð fram til upplýsingar fyrir lögmenn:

Greinargerð Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. um gagnaöflun óbyggðanefndar, dags. 5.6.2007.
Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfr. varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007 ásamt fyrirspurnar Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðarskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.

VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 1-7/2000 (Uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (Sveitarfélagið Hornarfjörður).